Hæstaréttardómar 1956

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 248, 387, 584, 724 og 733 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

EFNISSKRÁ

til bráðabirgða um dóma Hæstaréttar 1956.

Bls.

Ábúð 327
Ábyrgð 332, 392, 777
Áfengislagabrot 50, 136, 146, 248, 284, 288, 354, 409, 657, 662
Áfrýjun 421
Ákæra 669, 678, 682
Barnsfaðernismál 421
Bifreiðamál:
1. Opinber mál 33, 50, 136, 146, 248, 284, 332, 648, 662, 742
2. Einkamál 94, 100, 294, 332, 578, 627
Bjarglaun 106, 142, 221, 789
Bókhaldslög 457
Brenna 9
Dagsektir 427
Dómarar 41, 43, 50, 133, 146, 168, 263, 387, 564, 573, 742
Dráttaraðstoð 106
Eignarupptaka 65, 89, 288, 457, 771
Embættisbrot 432
Endurgreiðslukrafa 68, 161, 784
Fasteignamál 1, 133, 209, 278, 327, 387
Fasteignasala 129, 209
Fiskveiðabrot 65, 89, 771
Fjárhættuspil 573
Fjársvik 9, 50, 718
Frávísun (sjá einnig kærumál) 46, 61, 206, 235, 300, 305, 343, 586, 637
Friðhelgi einkalífs 354
Fylgibréf um vörusendingar 570
Fyrning 255, 457
Gjaldeyrisbrot 457
Gæzluvarðhald 342, 425, 568
Hilming 354
Hótanir 354
Húsaleiga 605
Innflutningur 68, 150, 432, 457
Kaup og sala 79, 129, 209, 756, 784
Kjörskrármál 400, 403
Kærumál:
1. Ákæra 669, 678
2. Dómarar 41, 43, 564
3. Dómkvaðning matsmanna 351
4. Frávísun 46, 61, 206, 300, 343, 586
5. Frestun 739
6. Gæzluvarðhald 342, 425, 568
7. Málskostnaður 183, 186

Bls.
8. Ómerking 807
9. Staðfesting vitnaskýrslu 653
10. Varnarþing 233
11. Vitnaskylda 260
Landamerkjamál 591
Landskipti 1, 300
Líkamsáverkar 33, 73, 94, 100, 122, 153, 168, 354, 409, 640, 702, 711, 777
Lóðarréttindi 278
Lögbann 327
Löghald 318, 651
Lögtak 117, 255, 406, 752, 763
Manndráp 9, 33, 189, 742
Meiðyrði 85, 457
Námssamningur 56
Nytjastuldur 662
Ólögleg meðferð á fundnu fé 354
Ómerking 133, 235, 263, 387, 637, 807
Rangar skýrslur 150,457
Rán 354
Réttarfarssekt 235, 457
Sératkvæði 161, 235, 260, 457, 627, 669, 789
Sjóslys 189
Sjóveð 601
Skaðabætur 50, 56, 73, 94, 100, 122, 153, 157, 168, 177, 200, 209, 227, 294
332, 348, 354, 566, 570, 578, 627, 640, 702, 718, 723, 731, 756, 777
Skattalög og tolla 68, 117, 150, 161, 260, 268, 406, 427, 457, 588, 752, 763
Skattar og gjöld:
1. Til ríkissjóðs:
a) Eignakönnunarskattur 255, 588
b) Tekjuskattur 117, 268, 763
c) Tollgjöld 68, 150, 457
d) Stóreignaskattur 763
e) Söluskattur 161
2. Útsvar 406, 752
Skírlífisbrot 354, 674, 682
Skotvopn 354
Skuldamál 56, 79, 129, 252, 318, 620, 645, 651, 723
Uppboðssala 601
Valdstjórn 409
Varnarþing 233
Vátrygging 9, 305, 609
Verðlagsbrot 457
Verksamningur 252, 651
Vinnusamningur 56, 566
Vitni 146, 260, 573, 653, 682
Víxlar 27, 645
Þjófnaður 50, 157, 227, 230, 348, 354, 657, 718

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXVII. BINDI
1956

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F
MCMLVI

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1956:

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Jón Ásbjörnsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason.
Jónatan Hallvarðsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. MÁLASKRÁ.

		Dómur.	Bls.
1.	Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar, gegn Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum Víkur. Landskipti	11/1	1
2.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Ellert Jónssyni. Brenna. Manndráp af gáleysi. Vátryggingarsvik	13/1	9
3.	Útvegsbanki Íslands h/f gegn Kaupfélagi Siglfirðinga. Krafa samkvæmt 74. gr. víxillaga	16/1	27
4.	Ákæruvaldið gegn Erlingi Guðmundssyni. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt	18/1	33
5.	Þorlákur Björnsson gegn hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins og Jóni Kjartanssyni sýslumanni. Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti	18/1	41
6.	Kristján Bjarnason gegn hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins og Jóni Kjartanssyni sýslumanni. Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti	18/1	43
7.	Jón Guðmundsson gegn Kristjáni Eirikssyni. Kærumál. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi	20/1	46
8.	Ákæruvaldið gegn Guðbirni Helga Ríkarðssyni. Þjófnaður. Fjársvik. Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt ..	23/1	50
9.	Helgi Benediktsson gegn Jóni Kristjánssyni og gagnsök. Gerðardómur. Skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi	23/1	56
10.	Bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs gegn Steinþóri Pálssyni Árdal og gagnsök. Kærumál. Úrskurður fógetadóms um frávísun lögtaksmáls felldur úr gildi	23/1	61
11.	Ákæruvaldið gegn Eric Raymond Dawson. Fiskveiðabrot.	25/1	65
12.	Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Böðvari Sigurðssyni. Endurheimta aðflutningsgjalds af bókum.	25/1	68

		Dómur.	Bls.
13.	Rafmagnsveita Reykjavíkur gegn Ólafíu Sigurjónsdóttur og gagnsök. Skaðabótamál.	30/1	73
14.	Guðmundur Sigfússon gegn Kristínu Jónsdóttur f. h. Nótastöðvar Óla Konráðssonar. Mál hafið. Ómaksbætur.	31/1	78
15.	Gunnar S. Hólm gegn Davíð Sigurðssyni. Ágreiningur um efni samnings, varðandi sölu bifreiða.	3/2	79
16.	Ragnar Jónsson og Tómas Guðmundsson gegn Guðlaugi Rósinkranz og gagnsök. Meiðyrði.	3/2	85
17.	Ákæruvaldið gegn Arthur Wood Bruce. Fiskveiðabrot.	3/2	89
18.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Eiríki Eiríkssyni og gagnsök. Um ábyrgð á tjóni farþega, er hafði ókeypis far með bifreið og hlaut meiðsli vegna mistaka ökumanns.	3/2	94
19.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Helgu Jónsdóttur og gagnsök. Um ábyrgð á tjóni farþega, er hafði ókeypis far með bifreið og hlaut meiðsli vegna mistaka ökumanns.	3/2	100
20.	Leó Sigurðsson gegn Útgerðarfélagi K.E.A. h/f og gagnsök. Þóknun fyrir skipsdrátt. Bjarglaun.	7/2	106
21.	Haraldur Böðvarsson & Co. gegn bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs. Skattamál.	13/2	117
22.	Fiskveiðahlutafélagið Alliance gegn Snorra Guðlaugssyni og gagnsök. Skaðabætur.	13/2	122
23.	Guðjón Steingrímsson gegn Guðmundi Elíasi Árnasyni. Krafa um þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.	15/2	129
24.	Aðalsteinn Guðmundsson gegn Skúla Guðmundssyni. Héraðsdómur ómerktur, þar sem mál var vanreifað og samdómendur eigi skipaðir.	17/2	133
25.	Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Jóni Þorbergssyni. Bifreiðarslys. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.	17/2	136
26.	Skipaútgerð ríkisins gegn Núpi h/f, eiganda v/s Ernu, RE 15, og Síldarútvegsnefnd f. h. farmeigenda. Bjarglaun.	22/2	142
27.	Ákæruvaldið gegn Karli Ottó Pálssyni. Brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og áfengislögum.	22/2	146
28.	Ákæruvaldið gegn Ferdinand Jóhannssyni. Ákæra um brot gegn tollllögum.	27/2	150

		Dómur.	Bls.
29.	Ákæruvaldið gegn Kristmundi Guðmundssyni. Líkamsáverkar. Brot gegn 218. gr. laga nr. 19/1940.	29/2	153
30.	Ákæruvaldið gegn Árna Steindóri Guðmundssyni. Þjófnaður.	29/2	157
31.	Sigurður Örn Hjálmtýsson gegn Einar Jóhanni Jónssyni. Útivistardómur.	29/2	160
32.	Þórður H. Teitsson gegn Herði Ólafssyni. Útivistardómur.	29/2	160
33.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Arnbirni Kristinssyni f. h. Bókaútgáfunnar Setbergs og gagnsök. Endurheimta söluskatts af bókum. Sératkvæði.	2/3	161
34.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Ágústi Sverrissyni. Skaðabætur.	5/3	168
35.	Elís K. V. Meyvantsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Skaðabótamál.	5/3	177
36.	Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs gegn Bókabúð Rikku. Kærumál. Um málskostnað.	5/3	183
37.	Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs gegn Bókaverzluninni Eddu h/f. Kærumál. Um málskostnað.	5/3	186
38.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ísleifi Gíslasyni. Sjóslys. Manndráp af gáleysi. Brot gegn 261. gr. sbr. 264. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.	6/3	189
39.	Aðalsteinn Guðnason gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabætur.	12/3	200
40.	Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar gegn Ingólfi G. S. Esphólín. Kærumál. Frávísun.	12/3	206
41.	Jón Lárusson gegn Hjörleifi Jónssyni og gagnsök. Riftun kaupsamnings um fasteign.	12/3	209
42.	Skipaútgerð ríkisins gegn Núpi h/f, eiganda v/s Ernu, RE 15. Bjarglaun.	14/3	221
43.	Ákæruvaldið gegn Páli Hallgrímssyni. Þjófnaður	14/3	227
44.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni. Þjófnaður.	14/3	230
45.	Hálfdán Ólafsson gegn h/f Skutli. Kærumál. Um varnarþing.	14/3	233
46.	Ásbjörn Magnússon gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Ómerking og frávísun. Réttarfarssekt. Sératkvæði.	19/3	235

		Dómur.	Bls.
47.	Ákæruvaldið gegn Braga Marsveinssyni. Bifreiðarslys. Ákæra um brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.	19/3	248
48.	Mýrkjartan Rögnvaldsson gegn Lúther Salómonssyni og Svani Skæringssyni. Varnargögn of seint fram komin.	23/3	252
49.	Pétur Njarðvík gegn fjármálaráðherra og bæjarfógetanum á Ísafirði f. h. ríkissjóðs. Lögtaksmál. Lögtaksréttur fyrndur.	23/3	255
50.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Friðriki K. Sigfússyni. Útivistardómur.	23/3	259
51.	Halldór Sigfússon, skattstjóri í Reykjavík, gegn Guðlaugi Ásgeirssyni. Kærumál. Um vitnaskyldu skattstjóra. Sératkvæði.	16/4	260
52.	Jón Erlendsson gegn Aron Guðbrandssyni og gagnsök. Ómerking og heimvísun.	20/4	263
53.	Sameinaðir verktakar gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Sameinuðum verktökum, Árna Snævarr, Einari Gíslasyni, Guðmundi Halldórssyni, Halldóri H. Jónssyni og Tómasi Vigfússyni. Skattamál.	24/4	268
54.	Pétur Ingjaldsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Útivistardómur.	30/4	277
55.	Guðmundur H. Þórðarson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur.	30/4	278
56.	Steinunn Guðmundsdóttir gegn Helga Helgasyni. Um lóðarréttindi og umferðarrétt.	2/5	278
57.	Ákæruvaldið gegn Magnúsi Jónssyni. Ölvun við akstur bifreiðar.	4/5	284
58.	Ákæruvaldið gegn Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, Hilmari Mýrkjartanssyni og Úlfari Guðjónssyni. Áfengislagabrot.	4/5	288
59.	Ásgrímur Halldórsson gegn Norðurleið h/f og gagnsök. Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.	9/5	294
60.	Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar gegn Kristjáni Bjarnasyni. Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.	14/5	300
61.	Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja gegn Þorvaldi Guðjónssyni og Axel Magnússyni og gagnsök. Vátryggingarmál. Skylduvátrygging skips samkvæmt		

		Dómur.	Bls.
	lögum nr. 61/1947 og lögum nr. 110/1949..	16/5	305
62.	Einar Eiríksson gegn Jóni Guðmundssyni, Bergi Eydal Vilhjálmssyni, Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni og Elías Steinsson og Kristján Gíslason gegn Einari Eiríkssyni. Skuldamál. Löghald.	18/5	318
63.	Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins gegn Jóhönnu Sæmundsdóttur. Ábúðarréttur. Lögbann.	18/5	327
64.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Hallgrími Péturssyni persónulega og f. h. sonar hans, Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur og gagnsök. Skaðabótamál.	23/5	332
65.	Ákæruvaldið gegn Snorra Jónssyni. Kærumál. Gæzluvarðhald.	23/5	342
66.	Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar gegn Ingólfi G. S. Esphólín. Kærumál. Frávísun.	23/5	343
67.	Siglunes h/f gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Útivistardómur.	31/5	345
68.	Kaupfélag Stykkishólms gegn hreppsnefnd Stykkishólms. Útivistardómur.	31/5	346
69.	Málmiðjan h/f gegn Ásmundi Guðmundssyni. Útivistardómur.	31/5	346
70.	Málmiðjan h/f gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	31/5	347
71.	Ingvar Sigurðsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	31/5	347
72.	Ákæruvaldið gegn Sveinbirni Benediktssyni og Einari Garibalda Einarssyni. Þjófnaður. Refsing skilorðsbundin, og svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 því eigi dæmd, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 22/1955.	8/6	348
73.	Orkuvötn h/f gegn raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.	13/6	351
74.	Ákæruvaldið gegn Þorbirni Ástvaldi Jónssyni, Ragnari Jósef Jónssyni, Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni og Jóni Helga Jónssyni. Tilraun til nauðgunar. Líkamsáverkar. Rán. Þjófnaður. Hilming. Ólögleg meðferð á fundnu fé. Hótanir. Ólögleg meðferð skot-		

		Dómur.	Bls.
	vopna. Áfengislagabrot.	18/6	354
75.	Þórdís Halldórsdóttir gegn Páli J. Blöndal og gagnsök. Ómerking og heimvísun.	18/6	387
76.	Póst- og símamálastjórnin gegn Hlöðve Johnsen, Trausta Jónssyni, Gísla Magnússyni, Sigurði Gunnsteinssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Hrólfi Ingólfssyni, Ólafi Á. Kristjánssyni, Jóhannesi Brynjólfssyni, Sigurði Jónssyni og Jóni Í. Sigurðssyni. Um gildi og eðli ábyrgðar.	19/6	392
77.	Árni Guðmundsson gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja. Kjörskrármál.	20/6	400
78.	Ása Torfadóttir gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja. Kjörskrármál.	20/6	403
79.	Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs gegn Ólafi Baldvinssyni. Útsvarsmál.	22/6	406
80.	Ákæruvaldið gegn Arnari Guðmundssyni og Gísla Sveinbirni Magnússyni. Brot gegn 106. og 218. gr. laga nr. 19/1940, áfengislögum og lögreglusamþykkt.	22/6	409
81.	M gegn K og gagnsök. Barnsfaðernismál.	22/6	421
82.	Ákæruvaldið gegn Snorra Jónssyni. Kærumál. Gæzluvarðhald.	22/6	425
83.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Benedikt Davíðssyni. Skýring á 34. gr. skattalaga nr. 46/1954.	22/6	427
84.	Guðmundur H. Þórðarson gegn bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	22/6	432
85.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Bogasyni. Brot í opinberu starfi.	26/6	432
86.	Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni. Brot gegn löggjöf um innflutning, gjaldeyri, verðlag, bókhald, rangar skýrslur og meiðyrði. Eignarupptaka. Réttarfarssekt. Sératkvæði.	26/6	457
87.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Kr. Kristjánssyni h/f. Útivistardómur	28/9	562
88.	Ragnar Jóhannesson gegn Helga Benediktssyni og Eyjólfi Jónssyni. Útivistardómur.	28/9	562
89.	Málmiðjan h/f gegn Gunnari Lerking. Útivistardómur.	28/9	563
90.	Icelandic Marketing Company, London, gegn Ingólfi G. S. Esphólín. Útivistardómur.	28/9	563

		Dómur.	Bls.
91.	Þorvaldur Steinason gegn Finnboga Guðmundssyni og Gunnari Jónssyni setudómara. Kærumál. Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.	2/10	564
92.	Trésmiðjan Víðir h/f gegn Kristjáni Sigurjónssyni. Riftun vinnusamnings. Skaðabætur.	2/10	566
93.	Ákæruvaldið gegn Snorra Jónssyni. Kærumál. Gæzluvarðhald.	2/10	568
94.	Skipaútgerð ríkisins gegn Landsbanka Íslands. Skaðabætur. Réttur handhafa fylgibréfs um vörusendingu.	5/10	570
95.	Ákæruvaldið gegn Þorsteini Rúti Bjarnasyni. Fjárhættuspil.	5/10	573
96.	Kristján Nói Kristjánsson og Stefán E. Sigurðsson gegn Helgu Björnsdóttur f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur, og gagnsök. Skaðabótamál. Um bótaskyldu eiganda bifreiðar og ökumanns.	10/10	578
97.	Haraldur Guðmundsson gegn Guðmundi H. Jónssyni. Kærumál. Frávísun.	12/10	586
98.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Þorsteini J. Eyfirðingi. Skattamál.	12/10	588
99.	Jón Jónsson gegn Guðmundi Guðmundssyni. Landamerkjamál.	12/10	591
100.	Fiskiðjuver ríkisins gegn Ingólfshöfða h/f, Fiskveiðasjóði Íslands og Oddi Helgasyni. Um sjóveð.	15/10	601
101.	Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis gegn Friðriki Þorsteinssyni. Húsaleigusamningur.	16/10	605
102.	Almennar tryggingar h/f gegn Sigurjóni Sigurðssyni og gagnsök. Vátryggingarmál.	17/10	609
103.	Bæjarstjórinn á Ísafirði f. h. bæjarsjóðs gegn Ísfirðingi h/f. Skuldajöfnuður.	26/10	620
104.	Soffía P. Mainolfi gegn Meitlinum h/f og gagnsök. Skaðabætur. Sératkvæði.	29/10	627
105.	Magnús Thorlacius gegn Valtý Stefánssyni. Ómerking og frávísun.	31/10	637
106.	Gunnar Sæmundsson gegn Vigfúsi Kristjánssyni. Skaðabætur.	31/10	640
107.	Magnús Sigurðsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	31/10	643
108.	Björn Pétursson og Reynir h/f gegn Friðriki Sig-		

		Dómur.	Bls.
	tryggssyni. Útivistardómur.	31/10	643
109.	Björn Pétursson og Reynir h/f gegn Einari Daníelssyni. Útivistardómur.	31/10	644
110.	Ewald Berndsen gegn Ásmundi Guðmundssyni. Útivistardómur.	31/10	644
111.	Glersteypan h/f gegn uppboðshaldaranum í Reykjavík o. fl. Útivistardómur.	31/10	645
112.	Gísli Halldórsson h/f gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur og gagnsök. Skuldamál.	2/11	645
113.	Ákæruvaldið gegn James Daniel Ellis. Bifreiðalagabrot.	2/11	648
114.	Baldur Guðmundsson gegn Jens Árnasyni. Skuldamál. Löghald.	9/11	651
115.	Sigurbjörn Magnússon gegn Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga og Kristjáni Hallssyni. Kærumál. Heitfesting vitnis.	9/11	653
116.	Ákæruvaldið gegn Lúðvík Árna Knudsen Eiríkssyni. Þjófnaður. Áfengislagabrot.	12/11	657
117.	Ákæruvaldið gegn Eggert Kristjánssyni og Gunnari Kristni Hansen. Brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.	12/11	662
118.	Ákæruvaldið gegn Friðriki Alexanderssyni. Kærumál. Birting ákæruskjals. Sératkvæði.	12/11	669
119.	Ákæruvaldið gegn Benedikt Ragnari Sigurðssyni. Nauðgun.	13/11	674
120.	Ákæruvaldið gegn Einari Egilssyni og Jónasi Thoroddsen. Kærumál. Aðiljasamlag í sakamáli.	14/11	678
121.	Ákæruvaldið gegn Snorra Jónssyni. Skírlífisbrot.	16/11	682
122.	H/f Kveldúlfur gegn Sigurði Karlssyni og gagnsök. Skaðabætur.	20/11	702
123.	Ákæruvaldið gegn Stefáni Guðlaugi Runólfssyni. Líkamsáverkar.	20/11	711
124.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni. Þjófnaður og fjársvik.	23/11	718
125.	Vilhelmína Guðmundsdóttir gegn Sigurði Einarssyni. Skuldamál og skaðabóta.	23/11	723
126.	Landssími Íslands gegn Steinunni Magnúsdóttur og gagnsök. Dánarbætur.	27/11	731
127.	Þrotabú Skjaldar h/f gegn Gesti Fanndal. Kærumál.		

		Dómur.	Bls.
	Frestbeiðni synjað.	30/11	739
128.	Ákæruvaldið gegn Kristni Sophusi Pálmasyni. Ákæra um manndráp af gáleysi.	30/11	742
129.	Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál.	3/12	752
130.	Kristinn P. Friðriksson gegn Keflavíkurkaupstað. Skaðabótamál.	5/12	756
131.	Verksmiðjan Vífilfell h/f gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skattamál.	10/12	763
132.	Ákæruvaldið gegn Robert Labbeke. Fiskveiðabrot.	14/12	771
133.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Friðriki K. Sigfússyni og gagnsök. Um ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 110/1951. Slysabætur.	14/12	777
134.	Marteinn M. Skaftfells gegn Orku h/f. Krafa um endurgreiðslu.	19/12	784
135.	Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Linde og farms gegn eigendum og áhöfn v/s Hvalfells og gagnsök. Bjarglaun. Sératkvæði.	19/12	789
136.	Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað, gegn Bjólfi h/f. Kærumál. Ómerking og heimvísun.	19/12	807
137.	Keilir h/f gegn Jósep Jóhannssyni og gagnsök. Útivistardómur.	19/12	808
138.	Vigfús Einarsson gegn Sverri Aðalbjörnssyni. Útivistardómur.	19/12	808
139.	Garðar S. Gíslason gegn Sumarliða Andréssyni. Útivistardómur.	19/12	809

II. NAFNASKRÁ.

A. Einkamál.

Bls.

Aðalsteinn Guðmundsson 133
Aðalsteinn Guðnason 200
Alliance, fiskveiðahlutafélag 122
Almennar tryggingar h/f 609
Arnbjörn Kristinsson 161
Arnþrúður Guðjónsdóttir 300
Aron Guðbrandsson 263
Axel Magnússon 305
Ágúst Sverrisson 168
Árdal, Steinþór Pálsson 61
Árni Guðmundsson 400
Árni J. Hafstað 1
Árni Snævarr 268
Ása Torfadóttir 403
Ásbjörn Magnússon 235
Ásgrímur Halldórsson 294
Ásmundur Guðmundsson 346, 644
Baldur Guðmundsson 651
Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja 305
Benedikt Davíðsson 427
Bergur Eydal Vilhjálmsson 318
Berndsen, Ewald 644
Bjólfur h/f 807
Björn Pétursson 643, 644
Blöndal, Páll J. 387
Bókabúð Rikku 183
Bókaútgáfan Setberg 161
Bókaverzlunin Edda h/f 186
Böðvar Sigurðsson 68
Davíð Sigurðsson 79
Dyrhólahreppur 41, 43
Edda, bókaverzlun, h/f 186
Einar Daníelsson 644

Bls.

Einar Eiríksson 318
Einar Gíslason 268
Einar Jóhann Jónsson 160
Eiríkur Eiríksson 94
Elías Steinsson 318
Elís K. V. Meyvantsson 177
Erna, v/s, eigendur 142, 221
Esphólín, Ingólfur G. S. 206, 343, 563
Eyfirðingur, Þorsteinn J. 588
Eyjólfur Guðmundsson, dánarbú 300
Eyjólfur Jónsson 562
Ewald Berndsen 644
Fanndal, Gestur 739
Finnbogi Guðmundsson 564
Fiskiðjuver ríkisins 601
Fiskveiðahlutafélagið Alliance 122
Fiskveiðasjóður Íslands 601
Friðbjörn Friðbjarnarson 332
Friðrik K. Sigfússon 259, 777
Friðrik Sigtryggsson 643
Friðrik Þorsteinsson 605
Garðar S. Gíslason 809
Gestur Fanndal 739
Gísli Halldórsson 645
Gísli Halldórsson h/f 645
Gísli Magnússon 392
Glersteypan h/f 645
Guðjón Steingrímsson 129
Guðlaugur Ásgeirsson 260
Guðlaugur Gíslason 392
Guðlaugur Rósinkranz 85
Guðmundur Elías Árnason 129
Guðmundur Eyjólfsson 300
Guðmundur Guðmundsson 591
Guðmundur Halldórsson 268
Guðmundur H. Jónsson 586
Guðmundur Sigfússon 78
Guðmundur H. Þórðarson 278, 432, 562
Gunnar S. Hólm 79
Gunnar Jónsson setudómari 564
Gunnar Lerking 563

Bls.
Gunnar Sæmundsson ... 640
Hafstað, Árni ... 1
Hafstað, Halldór ... 1
Hafstað, Haukur ... 1
Hafstað, Sigurður ... 1
Hafþór Jónasson ... 578
Hálfdán Ólafsson ... 233
Halldór Hafstað ... 1
Halldór H. Jónsson ... 268
Halldór Sigfússon skattstjóri ... 260
Hallgrímur Pétursson ... 332
Haraldur Böðvarsson & Co. ... 117
Haraldur Guðmundsson ... 586
Haukur Hafstað ... 1
Helga Björnsdóttir ... 578
Helga Jónsdóttir ... 100
Helgi Benediktsson ... 56, 562
Helgi Helgason ... 278
Hjörleifur Jónsson ... 209
Hlöðver Johnsen ... 392
Hólm, Gunnar S. ... 79
Hrólfur Ingólfsson ... 392
Hulda Jónasdóttir ... 578
Hvalfell, v/s, eigendur og áhöfn ... 789
Hörður Ólafsson ... 160
Icelandic Marketing Company ... 563
Inga Hrönn Jónasdóttir ... 578
Ingólfshöfði h/f ... 601
Ingólfur G S. Esphólín ... 206, 343, 563
Ingvar Sigurðsson ... 347
Ísafjarðarkaupstaður ... 620
Ísfirðingur h/f ... 620
Jarðeignadeild ríkisins ... 327
Jens Árnason ... 651
Johnsen, Hlöðver ... 392
Jóhanna Sæmundsdóttir ... 327
Jóhannes Brynjólfsson ... 392
Jón Erlendsson ... 263
Jón Guðmundsson ... 46, 318
Jón Jónsson ... 591
Jón Kjartansson sýslumaður ... 41, 43

Bls.

Jón Kristjánsson 56
Jón Lárusson 209
Jón Í. Sigurðsson 392
Jósep Jóhannsson 808
Kaupfélag Austur-Skagfirðinga 653
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis 605, 752
Kaupfélag Siglfirðinga 27
Kaupfélag Stykkishólms 346
Keflavíkurkaupstaður 756
Keilir h/f 808
Kristinn P. Friðriksson 756
Kristín Jónsdóttir 78
Kr. Kristjánsson h/f 562
Kristján Bjarnason 43, 300
Kristján Eiríksson 46
Kristján Gíslason 318
Kristján Hallsson 653
Kristján Nói Kristjánsson 578
Kristján Sigurjónsson 566
Kristmundur Þorbjörn Bjarnason 318
Kveldúlfur h/f 702
Landsbanki Íslands 570
Landssími Íslands 731
Leó Sigurðsson 106
Lerking, Gunnar 563
Linde v/s, eigendur og vátryggjendur 789
Lúther Salómonsson 252
Magnús Sigurðsson 643
Magnús Thorlacius 637
Mainolfi, Soffía P. 627
Marteinn M. Skaftfells 784
Málmiðjan h/f 346, 347, 563
Meitillinn h/f 627
Mýrkjartan Rögnvaldsson 252
Njarðvík, Pétur 255
Norðurleið h/f 294
Nótastöð Óla Konráðssonar 78
Núpur h/f 142, 221
Oddur Helgason 601
Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað 807
Orka h/f 784

Bls.
Orkuvötn h/f 351
Ólafía Sigurjónsdóttir 73
Ólafur Baldvinsson 406
Ólafur Á. Kristjánsson 392
Óli Konráðsson 78
Páll J. Blöndal 387
Pétur Ingjaldsson 277
Pétur Njarðvík 255
Pétur Sævars. 332
Póst- og símamálastjórnin 392
Rafmagnsveita Reykjavíkur 73
Ragnar Jóhannesson 562
Ragnar Jónsson 85
Rannveig Sigurbjörg Pálsdóttir 332
Reykjavíkurkaupstaður 177, 347, 432, 643, 752
Reynir h/f 643, 644
Rikka, bókabúð 183
Ríkissjóður 68, 94, 100, 117, 161, 168, 183
186, 200, 235, 255, 259, 268, 277, 278, 332, 351, 427, 588, 763, 777
Rósinkranz, Guðlaugur 85
Sameinaðir verktakar 268
Setberg, bókaútgáfa 161
Siglunes h/f 345
Siglufjarðarkaupstaður 61, 406
Sigríður Einarsdóttir 645
Sigríður Kristín Jónasdóttir 578
Sigurbjörn Magnússon 653
Sigurður Einarsson 723
Sigurður Eyjólfsson 300
Sigurður Gunnsteinsson 392
Sigurður Hafstað 1
Sigurður Örn Hjálmtýsson 160
Sigurður Jónsson 392
Sigurður Karlsson 702
Sigurður Stefánsson, v/b, eigendur 206, 343
Sigurjón Sigurðsson 609
Síldarútvegsnefnd 142
Skaftfells, Marteinn M. 784
Skattstjórinn í Reykjavík 260
Skipaútgerð ríkisins 142, 221, 345, 570
Skiptaráðandinn í Reykjavík 645

Bls.
Skjöldur h/f, þrotabú ... 739
Skutull h/f ... 233
Skúli Guðmundsson ... 133
Snorri Guðlaugsson ... 122
Snævarr, Árni ... 268
Soffía P. Mainolfi ... 627
Stefán Friðriksson ... 1
Stefán E. Sigurðsson ... 578
Steinunn Guðmundsdóttir ... 278
Steinunn Magnúsdóttir ... 731
Steinþór Pálsson Árdal ... 61
Stykkishólmshreppur ... 346
Sumarliði Andrésson ... 809
Svanur Skæringsson ... 252
Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Linde og farms ... 789
Sverrir Aðalbjörnsson ... 808
Sæmundur Ólafsson ... 206, 343
Sævars, Pétur ... 332
Thorlacius, Magnús ... 637
Tómas Guðmundsson ... 85
Tómas Vigfússon ... 268
Trausti Jónsson ... 392
Trésmiðjan Viðir h/f ... 566
Uppboðshaldarinn í Reykjavík ... 645
Útgerðarfélag K.E.A. h/f ... 106
Útvegsbanki Íslands h/f ... 27
Valtýr Stefánsson ... 637
Verksmiðjan Vífilfell h/f ... 763
Vestmannaeyjakaupstaður ... 400, 403
Vigfús Einarsson ... 808
Vigfús Kristjánsson ... 640
Vilhelmína Guðmundsdóttir ... 723
Viðir, trésmiðjan, h/f ... 566
Vífilfell, verksmiðjan, h/f ... 763
Þorlákur Björnsson ... 41
Þorsteinn J. Eyfirðingur ... 588
Þorvaldur Guðjónsson ... 305
Þorvaldur Steinason ... 564
Þórdís Halldórsdóttir ... 387

Bls.
Þórður H. Teitsson 160
Þrotabú Skjaldar h/f 739

B. Opinber mál.

Aðalsteinn Jón Þorbergsson 136
Arnar Guðmundsson 409
Árni Steindór Guðmundsson 157
Arthur Wood Bruce 89
Benedikt Ragnar Sigurðsson 674
Bragi Marsveinsson 248
Bruce, Arthur Wood 89
Dawson, Eric Raymond 65
Eggert Kristjánsson 662
Einar Egilsson 678
Einar Garibaldi Einarsson 348
Ellis, James Daniel 648
Eric Raymond Dawson 65
Erlingur Guðmundsson 33
Ferdinand Jóhannsson 150
Friðrik Alexandersson 669
Gísli Sveinbjörn Magnússon 409
Guðbjörn Helgi Ríkarðsson 50
Guðmundur Ísleifur Gíslason 189
Gunnar Kristinn Hansen 662
Hansen, Gunnar Kristinn 662
Helgi Benediktsson 457
Hilmar Mýrkjartansson 288
Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson 354
James Daniel Ellis 648
Jón Helgi Jónsson 354
Jónas Thoroddsen 678
Karl Ottó Pálsson 146
Kristinn Sophus Pálmason 742
Kristmundur Guðmundsson 153
Labbeke, Robert 771
Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson 657
Magnús Jónsson 284
Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson 288
Páll Hallgrímsson 227
Ragnar Jósef Jónsson 354
Robert Labbeke 771

Bls.

Sigurður Arnbjörnsson 230, 718
Sigurður Bogason 432
Sigurður Ellert Jónsson 9
Snorri Jónsson 342, 425, 568, 682
Stefán Guðlaugur Runólfsson 711
Sveinbjörn Benediktsson 348
Thoroddsen, Jónas 678
Úlfar Guðjónsson 288
Þorbjörn Ástvaldur Jónsson 354
Þorsteinn Rútur Bjarnason 573

III. SKRÁ

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem til er vitnað í XXVII. bindi hæstaréttardóma.

1832, 15. ágúst. Tilskipun um réttargangsmátann við undirréttina á Íslandi í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og opinberum pólitísökum.
5. gr. — 236.

1855, 9. maí. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi.
11. gr. — 88.

1869, 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
V. kafli — 497.
XXVI. kafli — 285, 496, 497.
XXVII. kafli — 497.
40. gr. — 659.
55. gr. — 659.
63. gr. — 658. 659.
65. gr. — 497.
99. gr. — 497.
101. gr. — 497.
231. gr. — 658, 659.
253. gr. — 497.
255. gr. — 497
259. gr. — 497.
263. gr. — 497.
276. gr. — 497.
293. gr. — 349.
294. gr. — 349.
304. gr. — 707.

1885, nr. 29, 16. desember. Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
2. gr. — 255.

1886, 9. september. Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum.
— 71.
1905, nr. 14, 20. október. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.
3. gr. — 185, 188.
1911, nr. 53, 11. júlí. Lög um verzlunarbækur.
7. gr. — 497.
1914, nr. 56, 30. nóvember. Siglingalög.
— 144, 805.
13. gr. — 706.
225. gr. — 706, 707.
229. gr. — 115, 792, 793, 796.
236. gr. — 123, 142, 146, 796.
261. gr. — 189, 190, 199.
264. gr. — 189, 190, 199.
1917, nr. 61, 14. nóvember. Lög um framkvæmd eignarnáms.
— 352.
1919, nr. 41, 28. nóvember. Lög um landamerki o. fl.
III. kafli — 133.
8. gr. — 387.
1920, nr. 5, 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum.
1. gr. — 66, 67, 90, 773, 776.
3. gr. — 66, 67, 90, 773, 776.
1921, nr. 77, 27. júní. Lög um hlutafélög.
53. gr. — 497.
1923, nr. 15, 20. júní. Vatnalög.
3. gr. — 391.
7. gr. — 387.
54. gr. — 352, 353.
1925, nr. 52, 27. júní. Lög um verzlunaratvinnu.
— 285.
1928, nr. 24, 7. maí. Lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum.
26. gr. — 170.
1928, nr. 41, 31. marz. Lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar.
— 498.
1928, nr. 51, 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.
— 497.
6. gr. — 658, 659.
7. gr. — 658.

8. gr. — 659.
1928, nr. 64, 7. maí. Áfengislög.
16. gr. — 349.
1930, nr. 2, 7. janúar. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík. — 53.
3. gr. — 664.
7. gr. — 411, 658, 659, 661, 664.
28. gr. — 290, 743.
30. gr. — 285.
37. gr. — 664, 668.
43. gr. — 574.
46. gr. — 52, 53, 54, 290, 664, 668, 743.
61. gr. — 574.
71. gr. — 411.
96. gr. — 52, 54, 658, 659, 661, 664, 668, 743
1930, nr. 40, 19. maí. Lög um breyting á siglingalögum nr. 56, 30. nóvember 1914.
6. gr. — 190, 199.
1930, nr. 64, 19. maí. Áfengislög.
16. gr. — 349.
1933, nr. 93, 19. júní. Víxillög.
53. gr. — 28, 30.
74. gr. — 27, 28, 30, 31, 32, 647.
1935, nr. 6, 9. janúar. Lög um tekjuskatt og eignarskatt. — 770
3. gr. — 269, 272, 273, 275.
4. gr. — 269, 274, 275.
7. gr. — 764, 767, 768, 770.
8. gr. — 768, 770.
15. gr. — 269, 272, 273, 275.
16. gr. — 269, 274, 275.
34. gr. — 273, 276.
45. gr. — 276.
1935, nr. 33, 9. janúar. Áfengislög. — 52, 148, 289, 720.
17. gr. — 349, 633.
18. gr. — 52, 231, 349, 359, 411, 664, 665, 720.
37. gr. — 633.
1935, nr. 112, 18. maí. Lög um Hæstarétt.
38. gr. — 392, 406.

1935, nr. 131, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 6, 9. janúar 1935 um tekjuskatt og eignarskatt.
2. gr. — 767, 768, 770.
1936, nr. 7, 1. febrúar. Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
35. gr. — 213.
1936, nr. 69, 23. júní. Lög um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.
3. gr. — 382, 384, 385.
1936, nr. 85, 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
— 206, 236, 673.
36. gr. — 43, 45.
49. gr. — 208.
70. gr. — 206, 208.
75. gr. — 234.
80. gr. — 234.
85. gr. — 234.
86. gr. — 234.
88. gr. — 235, 236, 638.
95. gr. — 670, 673.
96. gr. — 670, 672, 673.
105. gr. — 638.
106. gr. — 303.
108. gr. — 49, 303.
110. gr. — 206, 253.
111. gr. — 206, 253.
116. gr. — 49.
125. gr. — 263.
127. gr. — 656.
174. gr. — 57.
188. gr. — 82, 236.
190. gr. — 807.
193. gr. — 264.
196. gr. — 64.
197. gr. — 422.
199. gr. — 62.
200. gr. — 253.
213. gr. — 424.
1936, nr. 95, 23. júní. Lög um heimilisfang.
— 64.

1936, nr. 105, 12. október. Reglugerð um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.
3. gr. — 358, 382, 384.
7. gr. — 358, 382, 384, 385.
1936, nr. 106, 23. júní. Lög um útsvör.
8. gr. — 408.
1937, nr. 46, 13. júní. Lög um samvinnufélög.
— 753.
1937, nr. 63, 31. desember. Lög um tollheimtu og tolleftirlit.
13. gr. — 246.
25. gr. — 496.
27. gr. — 496.
28. gr. — 496.
29. gr. — 496.
36. gr. — 151, 290.
43. gr. — 496.
1937, nr. 70, 31. desember. Lög um verðlag á vörum.
— 285.
1937, nr. 72, 24. júní. Reglugerð um gerð og notkun bifreiða.
2. gr. — 35, 40.
9. gr. — 35, 40.
1938, nr. 62, 11. júní. Lög um bókhald.
— 285.
1. gr. — 550.
2. gr. — 550.
5. gr. — 496, 551.
6. gr. — 496, 555.
7. gr. — 496, 555.
8. gr. — 496, 555.
10. gr. — 496, 555.
12. gr. — 496, 555.
18. gr. — 551.
19. gr. — 496, 556, 560.
20. gr. — 496, 497.
1938, nr. 100, 11. júní. Lög um iðnaðarnám.
19. gr. — 58.
1938, nr. 123, 25. nóvember. Reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit.
44. gr. — 496.
45. gr. — 151, 496.
46. gr. — 496.

51. gr. — 496.
52. gr. — 496.
84. gr. — 151.
93. gr. — 151, 496.
1939, nr. 62, 30. desember. Lög um tollskrá o. fl.
— 72.
45. kafli — 69, 70, 71, 72.
5. gr. — 70.
1939, nr. 168, 12. september. Reglugerð um sölu og útflutning á vörum.
— 498.
1940, nr. 11, 12. febrúar. Lög um sölu og útflutning á vörum.
— 498.
1940, nr. 19, 12. febrúar. Almenn hegningarlög.
— 35,290.
VI. kafli — 350, 351, 456, 457, 717.
XII. kafli — 557.
XXV. kafli — 231, 557, 720.
2. gr. — 558.
20. gr. — 10, 25, 287, 356, 361, 658, 660, 683, 699.
49. gr. — 577.
57. gr. — 156, 419, 420.
60. gr. — 385.
68. gr. — 10, 26, 35, 40, 52, 55, 158, 159, 228, 229, 231, 232, 348, 349, 350, 358, 385, 411, 419, 420, 435, 496, 560, 658, 661, 675, 677, 684, 719, 722, 743.
71. gr. — 147.
72. gr. — 718.
74. gr. — 155, 515.
76. gr. — 26, 384, 385, 661, 722.
77. gr. — 26, 55, 384, 385, 560, 661, 681, 701, 722.
78. gr. — 650.
106. gr. — 409, 411, 419, 420.
108. gr. — 496, 558.
110. gr. — 229.
111. gr. — 231, 720.
117. gr. — 665.
139. gr. — 434.
140. gr. — 434, 456.
141. gr. — 433, 434, 456.
146. gr. — 433, 434 456, 496.

157. gr. — 496.
158. gr. — 496, 556.
164. gr. — 10, 24, 26, 684.
183. gr. — 574, 577.
184. gr. — 574, 577.
194. gr. — 356, 361, 675, 677, 697.
200. gr. — 697, 698.
203. gr. — 683, 697, 698, 699.
209. gr. — 682, 683, 684, 700, 701.
215. gr. — 10, 26, 34, 40, 189, 190, 199, 583, 633, 743.
217. gr. — 675.
218. gr. — 33, 153, 154, 155, 356, 357, 365, 381, 409, 411, 420, 671, 711, 717.
219. gr. — 33, 34, 40, 289, 297, 664, 712.
231. gr. — 357, 381, 675, 677.
233. gr. — 358, 382.
234. gr. — 87, 88.
235. gr. — 87.
241. gr. — 87, 88, 496.
244. gr. — 50, 51, 53, 158, 159, 228, 229, 231, 232, 289, 349, 356, 357, 359, 362, 366, 369, 382, 384, 658, 660, 661, 665, 719, 720, 722.
245. gr. — 52, 54, 231, 720.
246. gr. — 357, 367.
247. gr. — 52, 55, 434, 439, 665.
248. gr. — 10, 25, 51, 53, 229, 231, 232, 719, 720, 722.
252. gr. — 357, 381.
254. gr. — 358, 382.
256. gr. — 367.
257. gr. — 664.
259. gr. — 359, 384, 664, 668.
262. gr. — 496, 556.

1940, nr. 122, 26. júlí. Reglugerð um tollmeðferð aðfluttra vara.
18. gr. — 151.
33. gr. — 151.

1940, nr. 159, 18. september. Reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.
— 498.

1941, nr. 23, 16. júní. Bifreiðalög.
— 35, 52, 53, 148, 289, 290, 583, 649.
5. gr. — 35, 40.

7. gr. — 574.
14. gr. — 148, 290.
18. gr. — 35, 40.
20. gr. — 52, 664, 668.
23. gr. — 52, 54, 137, 141, 147, 148, 249, 285, 287, 385, 633, 649, 664, 668.
26. gr. — 35, 40, 50, 52, 54, 137, 141, 290, 297, 633, 664, 668.
27. gr. — 34, 35, 36, 40, 50, 52, 53, 137, 141, 147, 249, 290, 297, 633, 664, 668, 743.
29. gr. — 664, 668.
34. gr. — 96, 97, 102, 298, 579.
35. gr. — 96, 97, 102, 579.
38. gr. — 34, 35, 36, 40, 52, 54, 137, 141, 147, 148, 149, 250, 285, 287, 633, 649, 650, 664, 668, 743.
39. gr. — 33, 35, 40, 52, 55, 137, 141, 148, 149, 250, 251, 285, 287, 649, 650, 664, 669, 744.

1941, nr. 24, 16. júní. Umferðarlög.
— 148, 289, 290, 583, 649.
2. gr. — 34, 35, 36, 40, 50, 52, 137, 141, 147, 297, 633, 664, 668, 743.
4. gr.— 35, 40, 50, 52, 147, 385, 633, 664, 668.
7. gr. — 34, 36, 285, 290.
9. gr. — 664, 668.
14. gr. — 34, 35, 36, 40, 50, 52, 137, 141, 147, 149, 664, 668, 743.

1941, nr. 46, 27. júní. Landskiptalög.
1. gr. — 303.

1941, nr. 112, 9. október. Lög um lax- og silungsveiði.
7. gr. — 387.

1941, nr. 180, 4. nóvember. Lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.
— 35.
21. gr. — 34, 36.
93. gr. — 34, 36.

1942, nr. 20, 20. maí. Lög um breyting á lögum nr. 6, 9. janúar 1935 um tekjuskatt og eignarskatt.
3. gr. — 768,770.

1942, nr. 80, 7. september. Lög um kosningar til Alþingis.
15. gr. — 401, 404.

1943, nr. 87, 16. desember. Lög um breyting á lögum nr. 1, 26. marz

1924 um brunatryggingar í Reykjavík.
— 606.
1944, nr. 33, 17. júní. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
33. gr. — 401, 403, 404, 405.
1945, nr. 66, 12. apríl. Lög um útsvör.
4. gr. — 260.
5. gr. — 260.
6. gr. — 752, 753, 754, 755.
8. gr. — 63, 407.
17. gr. — 260.
1946, nr. 95, 28. desember. Lög um að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Norður-Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.
2. gr. — 290.
1947, nr. 61, 31. maí. Lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.
— 305, 306, 314, 315.
2. gr. — 306, 314, 316.
11. gr. — 306.
13. gr. — 313, 314, 317.
17. gr. — 314.
1947, nr. 65, 31. maí. Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24, 12. febrúar 1945 um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.
2. gr. — 203.
1947, nr. 67, 5. júní. Lög um eignakönnun.
— 589.
9. gr. — 590.
17. gr. — 589, 590.
1947, nr. 70, 5. júní. Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.
— 439, 531, 538, 540.
11. gr. — 433, 434, 456, 496, 498.
13. gr. — 496.
15. gr. — 496, 519.
22. gr. — 433, 434, 456, 496, 534.
1947, nr. 71, 5. júní. Lög um breyting á lögum nr. 62, 30. desember 1939 um tollskrá o. fl.
1. gr. — 72.
1947, nr. 80, 5. júní. Framfærslulög.
14. gr. — 401.

1947, nr. 82, 31. júlí. Reglugerð um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.
— 538, 540.
17. gr. — 496.
21. gr. — 433, 435, 456, 496.
22. gr. — 496.
24. gr. — 496.
25. gr. — 496.
26. gr. — 540.
28. gr. — 496.
31. gr. — 538.
39. gr. — 433, 435, 456, 496.
1947, nr. 83, 5. júní. Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
— 255.
1947, nr. 190, 26. nóvember. Reglugerð um eignakönnun samkvæmt lögum nr. 67/1947.
— 589.
1. gr. — 590.
1948, nr. 14, 8. marz. Lög um ákvörðun fésekta.
— 560.
1948, nr. 44, 5. apríl. Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.
— 66, 90, 773.
1948, nr. 100, 29. desember. Lög um dýtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 162, 257, 258.
III. kafli — 161, 164, 166.
21. gr. — 184, 187.
22. gr. — 163, 165, 166, 184, 187.
24. gr. — 167.
26. gr. — 162, 166.
1949, nr. 12, 24. janúar. Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.
— 409.
1. gr. — 410.
3. gr. — 349, 410.
4. gr. — 410, 419.
10. gr. — 349.
99. gr. — 411.

1949, nr. 110, 30. desember. Lög um breyting á lögum nr. 61, 31. mai 1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.
— 305, 306, 314.

1949, nr. 116, 30. desember. Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 164.

1949, nr. 158, 16. september. Reglugerð um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.
— 257, 258.

1950, nr. 18, 28. febrúar. Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 164.

1950, nr. 22, 19. marz. Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.
— 766, 770.
12. gr. — 766, 768, 769, 770.

1950, nr. 24, 31. marz. Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 164.

1950, nr. 34, 27. apríl. Lög um breyting á lögum nr. 67, 5. júní 1947 um eignakönnun.
— 589.

1950, nr. 35, 27. apríl. Lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.
4. gr. — 496, 519.
19. gr. — 496, 534.

1950, nr. 59, 25. mai. Lög um breyting á lögum nr. 22, 19. marz 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.
— 764, 766, 770.
4. gr. — 764, 766, 769, 770.

1950, nr. 112, 28. desember. Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 164.

1950, nr. 117, 28. desember. Lög um breyting á lögum nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.
— 766, 770.
4. gr. — 763.

1951, nr. 5, 29. janúar. Lög um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.
— 67, 773.
1. gr. — 66, 90, 776.
1951, nr. 6, 29. janúar. Lög um breyting á bifreiðalögum nr. 23, 16. júní 1941.
— 54.
2. gr. — 52, 137, 149, 285, 664, 668.
1951, nr. 8, 5. febrúar. Ábúðarlög.
11. gr. — 331.
19. gr. — 331.
25. gr. — 331.
31. gr. — 331.
1951, nr. 27, 5. marz. Lög um meðferð opinberra mála.
20. gr. — 681.
28. gr. — 679, 680, 681.
35. gr. — 682.
67. gr. — 342, 569.
76. gr. — 672.
77. gr. — 535.
100. gr. — 9, 147.
113. gr. — 673.
114. gr. — 228.
115. gr. — 657, 670, 672, 673.
116. gr. — 670, 672, 673.
117. gr. — 670, 672, 673.
118. gr. — 697.
124. gr. — 669, 672, 678, 680.
136. gr. — 356.
151. gr. — 238, 244, 245, 246, 247.
154. gr. — 235, 238.
155. gr. — 238, 244.
160. gr. — 561.
172. gr. — 669.
1951, nr. 47, 16. marz. Lög um breyting á áfengislögum nr. 33/1935.
— 290.
1951, 5. maí. Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins (Sjá auglýsingu nr. 64, 23. maí 1951.)
— 270.

1951, 8. maí. Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra (Sjá lög nr. 110/1951).
1. gr. — 780, 781, 782.
7. gr. — 276, 781, 782.
8. gr. — 781, 782.
12. gr. — 337, 780, 781, 782.

1951, nr. 65, 24. maí. Bráðabirgðalög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.
— 270.

1951, nr. 107, 28. desember. Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.
— 164, 184, 187.
3. gr. — 165, 166.

1951, nr. 110, 19. desember. Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.
— 270, 275, 276, 337, 777, 780.
1. gr. — 781.

1952, nr. 21, 19. marz. Reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.
— 67.
1. gr. — 66, 90, 773.
5. gr. — 66.

1952, nr. 23, 1. febrúar. Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
26. gr. — 170.

1952, nr. 24, 1. febrúar. Girðingalög.
3. gr. — 135.
5. gr. — 134.
7. gr. — 134, 135 ,136.

1952, nr. 73, 25. nóvember. Lög um tilkynningar aðsetursskipta.
3. gr. — 64.

1952, nr. 81, 8. desember. Lög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.
— 66, 90, 773.
1. gr. — 66, 67, 90.

1952, nr. 82, 8. desember. Lög um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.
1. gr. — 66, 67, 90, 773, 776.

1952, nr. 212, 7. nóvember. Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerðir nr. 152/1951, nr. 202/1951 og nr. 10/1952, um stóreignaskatt samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.
1. gr. — 764.

1953, nr. 88, 24. desember. Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.
— 558.
1. gr. — 503, 509.
4. gr. — 548.
11. gr. — 503, 509, 534, 536, 538, 548.

1953, nr. 212, 28. desember. Reglugerð um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.
— 558.
15. gr. — 548.
16. gr. — 548.
27. gr.. — 536, 538, 548.

1954, nr. 46, 14. apríl. Lög um tekjuskatt og eignarskatt.
10. gr. —121.
19. gr. — 121.
21. gr. — 590.
24. gr. — 263.
34. gr. — 427, 429, 430, 431.
35. gr. — 120.
37. gr. — 261, 262, 263.
42. gr. — 120.
51. gr. — 428, 429, 430, 431.

1954, nr. 48, 20. apríl. Lög um breyting á lögum nr. 66, 12. apríl 1945 um útsvör.
2. gr. — 260, 261.

1954, nr. 54, 20. apríl. Lög um orkuver Vestfjarða.
— 353.
4. gr. — 352, 353.

1954, nr. 58, 24. apríl. Áfengislög.
— 53, 409, 411, 649, 664.
19. gr. — 243, 244, 245, 289, 293.
20. gr. — 52, 54, 229, 357, 381, 658, 659, 665.
21. gr.— 410, 419, 658, 659, 661, 664.
24. gr. — 52, 54, 55, 137, 140, 141, 147, 148, 149, 249, 250, 251, 385, 664, 668, 669.
42. gr. — 289, 293.

43. gr. — 52, 54, 357, 381, 658.
44. gr. — 411, 419, 658, 659, 661.
45. gr. — 52, 54, 137, 140, 147, 149, 250, 664, 668.

1955, nr. 22, 3. maí. Lög um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940.
— 420, 717.
4. gr. — 156, 419.
7. gr. — 385.
8. gr. — 348.

1955, nr. 147, 30. desember. Reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt.
81. gr. — 427.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXVII. árgangur. 1956.

Miðvikudaginn 11. janúar 1956.

Nr. 193/1953. **Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar** (Einar B. Guðmundsson) gegn **Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum Víkur** (Sigurður Hafstað).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson, Theodór B. Líndal prófessor og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1953 og gert þær dómkröfur, að skipti á sameiginlegu beitilandi jarðanna Víkur og Glæsibæjar í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu verði framkvæmd þannig, að jörðinni Glæsibæ verði úthlutað beitilandi vestan við gamalt garðlag, nú vírgirðingu, sem liggur frá Glæsibæjarborg norður í Tröllhöfða, svo stóru að gæðum og víðáttu, að jörðin verði eins sett og hefði henni verið úthlutað einum þriðja hluta beitilands jarðanna Víkur og Glæsibæjar vestan og austan Sæmundarár (Reynistaðaár) og svo, að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Eru kröfur áfrýjanda í samræmi við varakröfur hans í héraði.

Stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og að áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Víkurtorfan er samkvæmt Nýrri jarðabók fyrir Ísland frá 1861 talin 80 hundruð að dýrleika, þ. e. aðaljörðin Vík 40 hundruð og hjáleigurnar Glæsibær og Ögmundarstaðir hvor 20 hundruð. Hinn 20. ágúst 1910 var landi Ögmundarstaða skipt úr torfunni og þeirri jörð úthlutað landi bæði vestan og austan Sæmundarár. Hinn 18. júní 1923 var gerð landamerkjaskrá fyrir Glæsibæ og undirrituð af Jóni Jónssyni, eiganda Glæsibæjar, og bróður hans Árna J. Hafstað, eiganda Víkur. Segir í upphafi landamerkjaskrárinnar, að jörðin Glæsibær sé að fornu mati einn fjórði hluti Víkurtorfunnar og hafi úrskipt tún og engi með þeim merkjum, sem síðan greinir í skránni. Land það, sem Glæsibæ er úthlutað með landamerkjaskránni, liggur, að litlum hólma undanskildum, fram með Sæmundará að vestan og takmarkast að sunnan af Ögmundarstaðalandi. Er það auk túns Glæsibæjar 20 ha engi og ræktanlegt beitiland, svonefnd Höllin, 45 ha að stærð.

Svo sem sagt var, er Glæsibær einn fjórði af Víkurtorfunni að fornu mati og hefur samkvæmt því og öðrum gögnum málsins átt hlutdeild í landi torfunnar austan Sæmundarár, svo sem Ögmundarstaðir fengu. En nú segir svo í nefndri landamerkjaskrá: „Beitiland Glæsibæjar er sameiginlegt við Vík vestan Sæmundarár, ofan þeirra merkja, sem áður eru talin". Telja verður, að eigandi Glæsibæjar hafi með þessu ákvæði gefið upp allan rétt þeirrar jarðar til lands Víkurtorfunnar austan Sæmundarár og austur að Héraðsvötnum, enda er það viðurkennt í málinu. Hins vegar eru eigi leiddar að því nægilegar sönnur, að hann hafi gefið upp rétt til þess, að við fullnaðarskipti milli Glæsibæjar og Víkur komi svo mikið beitiland vestan Sæmundarár í hlut Glæsibæjar, að beitiland Glæsibæjar sé alls einn þriðji að dýrleika, miðað við allt beitiland Glæsibæjar og Víkur vestan Sæmundarár og beitiland Víkur austan sömu ár, og að beitiland Víkur sé alls tveir þriðju að dýrleika. Óskipt land Glæsibæjar og Víkur er svonefnd Flóagirðing, sem talin er

um 93 ha að stærð, og fjalllendi um 960 ha að stærð. Flóagirðing er austan Skagfirðingabrautar og fyrir vestan áðurnefnd Höll. Er hún ræktanlegt beitiland. Samkvæmt landskiptagerðinni frá 2. október 1948 er Glæsibæ úthlutað öllu beitilandi í Flóagirðingu. Eftir gögnum málsins verður að telja, að land Víkurtorfunnar, það er liggur milli Skagfirðingabrautar og Sæmundarár, sé einna bezt lagað til ræktunar af landi torfunnar, en af landi þessu hefur Vík eigi annað en túnið, 16 ha, og litla nýræktarspildu fyrir norðan túnið, ef miðað er við undirlandskiptagerð. Fær því úthlutun landskiptanefndar á öllu beitilandi í Flóagirðingu til Glæsibæjar eigi staðizt, og verður að fella landaskiptagerðina af þeim sökum úr gildi.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber skiptum á sameiginlegu beitilandi jarðanna Glæsibæjar og Víkur, því er liggur vestan garðlags, nú girðingar, frá Glæsibæjarborg og norður í Tröllhöfða, að haga þannig, að beitiland Glæsibæjar verði alls einn þriðji að dýrleika, þá er miðað er við allt beitiland Glæsibæjar og Víkur vestan Sæmundarár og beitiland Víkur austan sömu ár, og að beitiland Víkur verði alls tveir þriðju að dýrleika. Við ný skipti á nefndu beitilandi ber að taka tillit til þess, að í hlut Glæsibæjar hefur komið nokkurt ræktanlegt beitiland í svonefndum Höllum og í hlut Víkur beitiland austan Sæmundarár.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma hvorn aðilja til að greiða að hálfu þóknun samdómenda í héraði, Hermanns Þórarinssonar og Steingríms Davíðssonar, kr. 750.00 til hvors, en að öðru leyti skal hvor aðilja bera sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Landskiptagerð undirlandskiptanefndar frá 2. október 1948 á sameiginlegu beitilandi Glæsibæjar og Víkur er úr gildi felld.

Skiptum á sameiginlegu beitilandi jarðanna Glæsibæjar og Víkur, er liggur vestan garðlags, nú girðingar, frá Glæsibæjarborg og norður í Tröllhöfða, ber að haga

þannig, að beitiland Glæsibæjar verði alls einn þriðji að dýrleika, þá er miðað er við allt beitiland Glæsibæjar og Víkur vestan Sæmundarár og beitiland Víkur austan sömu ár, og að beitiland Víkur verði alls tveir þriðju að dýrleika.

Áfrýjandi, Stefán Friðriksson, greiði að hálfu og stefndu, Árni J. Hafstað, Sigurður Hafstað, Haukur Hafstað og Halldór Hafstað, að hálfu þóknun samdómenda í héraði, þeirra Hermanns Þórarinssonar og Steingríms Davíðssonar, kr. 750.00 til hvors, en að öðru beri hvor aðilja sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Skagafjarðarsýslu
24. september 1953.

Landamerkjamál þetta er höfðað með þingfestingu þess 9. júní þ. á. af eigendum jarðarinnar Víkur í Staðarhreppi innan Skagafjarðarsýslu gegn eiganda Glæsibæjar, Stefáni Friðrikssyni, bónda þar, en eigendur Víkur eru ábúendur þeirrar jarðar, þeir Árni J. Hafstað og sonur hans Haukur Hafstað. Eignuðust þeir jörðina Vík með afsali ráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins til þeirra, dags. 23. maí 1952, en undir rekstri málsins var því lýst yfir af Árna J. Hafstað, að synir hans Sigurður og Halldór séu einnig meðeigendur jarðarinnar frá síðustu áramótum að telja.

Við þingfestingu málsins voru málsaðiljar sjálfir mættir ásamt lögfræðingum sínum og var það samkomulag þeirra, að stefnu þyrfti ekki að leggja fram í málinu.

Hinn reglulegi dómari í Skagafjarðarsýslu, Sigurður Sigurðsson sýslumaður, Sauðárkróki, hafði færzt undan að fara með mál þetta. Var í hans stað skipaður dómstjóri í málinu Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, með skipunarbréfi, dags. 10. apríl 1951, og áréttingu þess skipunarbréfs í bréfi, dags. 6. október 1952.

Tilefni málshöfðunarinnar var ágreiningur um það, hvort Glæsibær ætti tilkall til beitilands austan Sæmundarár, en síðar undir rekstri málsins var ágreiningurinn einkum um það, í hvaða

hlutföllum bæri að skipta sameiginlegu beitilandi jarðanna Víkur og Glæsibæjar vestan Sæmundarár.

Þessar voru kröfur sækjanda málsins:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að sameiginlegt beitiland jarðanna Víkur og Glæsibæjar í Staðarhreppi sé einungis vestan Sæmundarár og að allt beitiland austan Sæmundarár tilheyri einungis jörðinni Vík.
2. Að ógilt verði með dómi landskiptagerð frá 2. október 1948 milli framangreindra jarða.
3. Að eigandi Glæsibæjar, Stefán Friðriksson, verði dæmdur til að greiða stefnanda fullan málskostnað samkvæmt reikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Kröfur verjanda málsins eru þær, að landskiptagerðin frá 2. október 1948 verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Leitað var um sættir í málinu, en árangurslaust.

Af 4 mönnum, er setudómarinn þá tilnefndi sem meðdómendur í málinu, ruddi sinn aðili hvorum manni, og urðu þá eftir sem meðdómendur þeir Hermann Þórarinsson hreppstjóri, Blönduósi, og Steingrímur Davíðsson skólastjóri, Blönduósi.

Nánari tildrög máls þessa og rök aðilja eru sem hér segir:

Þann 1. september 1948 skrifaði sýslumaður Skagafjarðarsýslu Haraldi Jónassyni hreppstjóra, Völlum, bréf og skipaði hann formann landskiptanefndar, þar sem auk hans ættu sæti úttektarmenn Staðarhrepps, til þess að „skipta beitilandi því, er Glæsibær á sameiginlegt með jörðinni Vík". Tekið er fram, að landskipti þessi fari fram samkvæmt beiðni Stefáns Friðrikssonar, eiganda og ábúanda jarðarinnar Glæsibæjar, og að fylgi landamerkjaskrá Glæsibæjar, er fylgdi beiðninni um matið.

Landamerkjaskrá sú, er hér um ræðir, er dagsett 18/6 1923, gerð af bræðrunum Jóni Jónssyni, eiganda Glæsibæjar, og Árna J. Hafstað, Vík, eiganda þeirrar jarðar. Í upphafi hennar er það tekið fram, að Glæsibær sé ¼ Víkurtorfunnar að fornu mati. Er það nánast söguleg upplýsing, því svo var ekki, er hér var komið, og Ögmundarstöðum, sem einnig var ¼ Víkurtorfunnar, hafði fyrir löngu verið skipt úr. Var Glæsibær þar á eftir ⅓ Víkurtorfunnar, þess er óskipt var af henni. Síðan eru merki tilgreind í landamerkjaskránni, og loks segir: „Beitiland Glæsibæjar er sameiginlegt við Vík vestan Sæmundarár, ofan þeirra merkja, sem áður eru talin", þ. e. ofan girðingar frá Glæsibæjarborg að Tröllhöfða.

Landskiptanefndin kom saman til starfa, en láðist að tilkveðja

eiganda Víkur, sem þá var Jarðakaupasjóður ríkisins. Í skiptagerð nefndarinnar, sem er dagsett 2. október 1948, kveðst nefndin hafa mælt lönd jarðanna Víkur og Glæsibæjar og skipt beitilandinu með tilliti til þess, að Glæsibær fengi ¼ af upprunalegu beitilandi Víkurtorfunnar allrar, einnig úr því, sem úrskipt var með landamerkjaskránni frá 18/6 1923. Þessari niðurstöðu vildu forráðamenn eiganda Víkur ekki una, töldu, að landskiptanefndin hefði farið út fyrir umboð sitt og kröfðust yfirlandskipta. Var yfirskiptanefnd skipuð af sýslumanni Skagafjarðarsýslu. Kom hún saman til starfa 27. október og 26. nóvember 1949, en þar sem ekkert samkomulag náðist við eiganda Glæsibæjar um annan skiptagrundvöll en þann, er undirlandskiptanefndin hafði byggt á, þannig að ágreiningur var um landamerki eða a. m. k. um það, í hvaða hlutföllum beitilandinu skyldi skipt, taldi nefndin sig ekki bæra að gera út um þann ágreining og vísaði málinu frá sér. Var nú ákveðið af eiganda Víkur að höfða mál til ógildingar skiptagerð landskiptanefndarinnar, en áður en til þess kæmi, var jörðin seld ábúendum Víkur, og höfðuðu þá hinir nýju eigendur málið.

Sækjendur máls þessa leggja á það megináherzlu, að með landamerkjaskránni frá 18/6 1923 hafi af réttum aðiljum verið gengið löglega frá landamerkjum milli jarðanna Víkur og Glæsibæjar og verið þá að fullu úrskipt túnum, engjum og nokkru af bithaga hvorrar jarðarinnar um sig, en eftir verið aðeins sameiginlegt, óskipt beitiland vestan Sæmundarár, ofan tilgreindra merkja, þ. e. girðingar milli Glæsibæjarborgar og Tröllhöfða. Við þau landamerki hafi að vísu allt beitiland austan Sæmundarár tilfallið Vík, en samtímis hafi ca 40—50 ha af nærtækasta og bezta beitilandi jarðanna, hin svokölluðu „Höll", tilfallið Glæsibæ. Af því beitilandi, sem eftir er óskipt, eigi ⅓ að tilfalla Glæsibæ, en ⅔ Vík, þegar skipti fari fram.

Af hendi eiganda Glæsibæjar er því hins vegar haldið fram, að Glæsibær eigi tilkall til ¼ af beitilandi Víkurtorfunnar, svo sem það að fornu hafði verið, þ. e. ⅓ þess beitilands, er eftir varð, er Ögmundarstöðum var skipt úr, alveg án tillits til landamerkjaskrárinnar frá 18/6 1923. Fallið var frá því að öðrum þræði, að Glæsibær ætti tilkall til lands austan Sæmundarár, en þá tilskilið, að Glæsibær fengi svo mikið af hinu sameiginlega, óskipta beitilandi vestan Sæmundarár, sem nægði til þess að halda réttu hlutfalli heildarbeitilands jarðanna, svo sem undirlandskiptanefndin hefði talið eiga að vera og byggt skipti sín á. Í þessu sambandi er vitnað til þess, að í afsalinu fyrir Glæsibæ til Stefáns

Friðrikssonar sé jörðin seld með öllum „gögnum og gæðum, húsum og mannvirkjum, sem jörðinni fylgja, og ég hefi eignazt hana með", en afsal seljanda er dagsett 2/8 1919. Þá er og bent á veðdeildar-veðskuldabréf frá 1908 og 1914, þar sem Jón Jónsson, Hafsteinsstöðum, veðsetur Landsbankanum jörðina Glæsibæ. Var því haldið fram, að þær veðskuldbindingar hafi verið hindrun þess, að hlutur Glæsibæjar mætti rýrna með landamerkjaskrá, þar sem hallað væri á Glæsibæ.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að landamerkjaskrá Glæsibæjar frá 18/6 1923, sem samin er af þáverandi eiganda Glæsibæjar og samþykkt af eiganda Víkur, sé löggerningur, sem taka beri fullt tillit til við frekari skipti sameiginlegs lands jarðanna, sem nú er aðeins beitiland vestan Sæmundarár. Hafi við samningu þeirrar landamerkjaskrár eitthvað verið hallað á Glæsibæ, sem telja verður alveg ósannað mál og enda ólíklegt, verður hvorki talið, að veðsetning jarðarinnar hafi verið því til fyrirstöðu, að gengið væri frá landamerkjum, né heldur, að hin venjuhelgaða formúlusetning „gögnum og gæðum ... eins og ég hefi eignazt hana" í afsali núverandi eiganda Glæsibæjar frá 1926 hafi nokkurt gildi í þá átt að ómerkja ótvíræð ákvæði löglegs, þinglesins landamerkjabréfs. „Gögn og gæði" vísa fyrst og fremst til hlunninda og ítaka. Samtímis er og í nefndu afsali Glæsibæjar frá 1926 svo greinilega, að ekki verður um villzt, vísað til landamerkjaskrárinnar frá 1923. Telur dómurinn, að hér sem annars staðar verði eldri löggerningur að víkja fyrir yngri, að því leyti sem þeim ekki ber saman, og að gerningar, varðandi landamerki Glæsibæjar, gerðir fyrir 18/6 1923, komi samkvæmt því ekki til álita.

Í upphafi landamerkjabréfsins frá 18/6 1923 segir, að Glæsibær sé ¼ Víkurtorfunnar að fornu mati. Eigi verður séð, að þessi setning hafi nokkurn annan tilgang en þann að undirstrika, að hér eftir skuli svo einnig vera, að því er tekur til þess lands, sem enn er óskipt. Þessi skiptingarhlutföll eru nú, eins og áður segir, einn á móti tveimur, eftir að Ögmundarstaðir eru úrskiptir. Telur dómurinn, að í þeim hlutföllum beri að skipta því sameiginlega beitilandi Glæsibæjar og Víkur, sem eftir er. Hefðu eigendur þessara jarða, er landamerkjaskráin var samin, ætlazt til, að hlutfallið væri annað, hefði verið nauðsynlegt að taka það fram, svo það væri einnig öðrum ljóst.

Af hér töldum ástæðum telur dómurinn, að undirlandskiptanefndin hafi farið út fyrir umboð sitt við skiptin frá 2. október 1948 og beri því að ómerkja þau. Þá er það og álit dómsins, að

viðurkenna beri landamerkjaskrána frá 18/6 1923, sem lögleg landamerki milli jarðanna Víkur og Glæsibæjar, en samkvæmt þeim landamerkjum á Glæsibær ekkert beitiland austan Sæmundarár, en vestan árinnar aðeins hluta af sameiginlegu beitilandi ofan girðingar milli Glæsibæjarborgar og Tröllhöfða.

Eftir þessum úrslitum þykir ekki verða hjá því komizt að dæma verjanda málsins, eiganda Glæsibæjar, til þess að greiða sækjanda málsins málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00. Þá ber og enn fremur að dæma hann til að greiða meðdómendunum, þeim Hermanni Þórarinssyni og Steingrími Davíðssyni, þóknun fyrir mót þeirra í málinu og dómstörf, er ákveðst kr. 750.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Víkur og Glæsibæjar skulu teljast vera þau, er í landamerkjaskrá Glæsibæjar frá 18/6 1923 greinir. Samkvæmt því á Glæsibær ekkert beitiland austan Sæmundarár, en ⅓ af óskiptu beitilandi nefndra jarða vestan árinnar ofan úrskipts lands Glæsibæjar.

Landskiptagerð undirlandskiptanefndar frá 2/10 1948 er úr gildi felld.

Eigandi Glæsibæjar, Stefán Friðriksson, greiði eigendum Víkur kr. 3000.00 í málskostnað. Svo greiði hann og meðdómendunum, Hermanni Þórarinssyni og Steingrími Davíðssyni, þóknun fyrir dómstörf þeirra, kr. 750.00 hvorum.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1956.

Nr. 72/1955. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Sigurði Ellert Jónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brenna. Manndráp af gáleysi. Vátryggingarsvik.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem við átti, sbr. 100. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 652/1955: Ákæruvaldið gegn Sigurði Ellert Jónssyni, sem tekið var til dóms hinn 18. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. október s.l., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Sigurði Ellert Jónssyni kaupmanni, Höfðaborg 52, hér í bæ, „fyrir að hafa um klukkan tvö

aðfaranótt þriðjudagsins 13. júlí s.l. kveikt í bréfarusli í herbergi inn af verzlun sinni „Vesturbæjarbúðinni“ að Framnesvegi 19, hér í bæ, í þeim tilgangi að brenna vörulager verzlunarinnar, áhöld og innréttingu og fá á þann máta greiddar vátryggingarupphæðir verðmæta þessara, samtals að upphæð kr. 400.000.00. Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir að valda almannahættu með framangreindri íkveikju, sem hann mátti sjá fram á, að gæti orðið íbúum hússins lífshættuleg, auk þess sem eldsvoði mundi hafa í för með sér yfirgripsmikið tjón á húsinu, svo og er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa með gáleysi orðið Magnúsi Ásmundssyni fisksala, sem lézt nefnda nótt í greindu húsi af kolsýringseitrun, að bana.

Brot ákærða teljast varða við 164. gr., 215. gr. og 248. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1931 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 20/3 Kærður fyrir hlutdeild í að ræna 9 krónum af smátelpu. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1940 4/4 Kærður fyrir þjófnað á 20 krónum. Samskonar afgreiðsla.

1954 19/8 Kærður fyrir ólæti og óspektir. Fellt niður.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Með samningi, dags. 19. maí f. á., seldi vitnið Stefán Guðmundsson verkamaður, Heiðabæ við Suðurlandsbraut, hér í bæ, ákærða í máli þessu, Sigurði Ellert Jónssyni, nýlenduvöruverzlunina „Vesturbæjarbúðina“ í kjallara hússins Framnesvegi 19, hér í bæ. Verzlunin sjálf var í einu herbergi, sem snýr að götunni, en bak við það voru tvö herbergi, þar sem vörubirgðir verzlunarinnar voru geymdar. Kaupverð verzlunarinnar var talið kr. 90.644.57, og þar af voru vörubirgðir áætlaðar kr. 52.165.27. Ákærði þurfti þó ekki að leggja neitt út af kaupverðinu, en hann tók að sér að greiða tilteknar viðskiptaskuldir verzlunarinnar, og námu þær sömu fjárhæð og kaupverðið. Ákærði hóf síðan rekstur verzlunarinnar, og kveður hann, að foreldrar hans hafi látið hann fá nokkurt fé í því skyni. Verzlunarreksturinn gekk illa, og skuld-

heimtumenn verzlunarinnar kröfðu ákærða um greiðslu skulda, og stóð fjárnám fyrir dyrum. Seinni hluta júnímánaðar f. á. reyndi ákærði að selja verzlunina, en af því varð þó ekki. Hinn 7. júlí f. á. lokaði ákærði svo verzluninni sakir fjárhagsörðugleika.

Svonefnd þrotabúsnefnd Félags íslenzkra stórkaupmanna, sem hefur það verkefni að fá gerðar upp vanskilaskuldir viðskiptamanna félagsmanna, fékk upplýsingar um, að ákærði væri í vanskilum við nokkra félagsmenn. Námu vanskilaskuldir hans við tvö heildsölufyrirtæki um kr. 40.000.00 auk skulda við nokkur önnur fyrirtæki. Nefndin vildi ræða við ákærða um skuldirnar, og hinn 12. júlí f. á. sendi hún honum svohljóðandi símskeyti:

„Sigurður Ellert Jónsson, Höfðaborg 52, Reykjavík. Fyrir hönd þrotabúsnefndar Félags íslenzkra stórkaupmanna bið ég yður ræða við mig á morgun, þriðjudag, einhvern tíma milli 1 og 5, út af skuldum yðar vegna Vesturbæjarbúðarinnar við félagsmenn. Stop. Hringið til mín, ef yður hentar annar tími betur. Björn Snæbjörnsson, Aðalstræti 4".

Kl. 20.50 sama dag fékk ákærði skeytið í hendur á heimili sínu, og þegar hann hafði lesið skeytið, taldi hann, að nú ætti að stöðva lánsviðskipti hans við stórkaupmenn. Þannig sá ákærði fram á gjaldþrot sitt. Hann kveðst nú hafa farið að hugsa um, hvað hann gæti tekið til bragðs. Sá hann, að það gæti verið leið út úr fjárhagsörðugleikum hans að kveikja í vörubirgðum Vesturbæjarbúðarinnar, sem voru vel vátryggðar, og fá vátryggingarfjárhæðina greidda. Ákærði ákvað að gera þetta.

II.

Ákærði fór því næst heiman frá sér vestur í verzlun sína til að athuga reikninga þar. Hann fann þá ekki og mundi þá, að þeir voru heima hjá honum. Í verzluninni hringdi hann í vitnið Snorra Jónsson kaupmann, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi, en þeir þekkjast. Hafði vitnið nokkru áður boðið honum að heimsækja sig við tækifæri, og ætlaði hann að nota nú tækifærið, heimsækja vitnið og tala við það um fjárhagsörðugleika sína og spyrja það að því, hvort það gæti hjálpað honum úr þeim. Vitnið var heima hjá sér, og varð úr, að ákærði fór þangað. Mun klukkan þá hafa verið um 22. Þrír gestir voru fyrir hjá vitninu. Áfengi var veitt, og drakk ákærði nokkur glös af sterku áfengi, sem blandað var í gosdrykk. Fann ákærði vel til áfengisáhrifa.

Ákærði hefur borið það, að við þetta tækifæri hafi hann sagt vitninu Snorra einslega frá fyrrgreindu símskeyti stórkaupmannafélagsins og fjárhagsörðugleikum sínum, og hafi hann spurt vitnið að

því, hvaða leiðir það sæi úr þeim. Hafi vitnið sagt, að eina ráðið væri fyrir hann að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Vitnið hefur borið, að þetta megi vel vera rétt hjá ákærða, þó að það muni það ekki sérstaklega. Þá kveður vitnið, að nokkrum dögum áður hafi ákærði spurt það að því, hvað væri rétt fyrir hann að gera út af fjárhagsörðugleikum hans, og hafi vitnið þá sagt honum, að um tvær leiðir væri að ræða, að leita nauðasamninga við skuldheimtumenn sína eða gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Ákærða og vitninu ber saman um, að þeir hafi aldrei rætzt við um íkveikju né tryggingar.

Ákærði fór frá vitninu Snorra um kl. 2 um nóttina. Kveður vitnið, að ákærði hafi þá sagt við það, að hann ætlaði að fara rakleitt heim til sín. Ákærði kveður, að það megi vel vera, að hann hafi sagt þetta, en man það ekki fyrir víst. Ákærði fór frá vitninu í leigubifreið vitnisins Guðmundar Óskars Jónssonar bifreiðarstjóra, Hjallavegi 27, hér í bæ. Kveðst vitnið Snorri hafa hringt í bifreiðina, og kveður ákærði, að það megi vel vera. Ákærði kveðst þá enn hafa verið undir áhrifum áfengis.

Hann var nú ákveðinn í að láta til skarar skríða með að kveikja í vörubirgðum sínum. Hann bað vitnið Guðmund Óskar um að aka vestur að Vesturbæjarbúðinni á Framnesvegi 19. Vitnið gerði það og stöðvaði bifreiðina fyrir utan dyr verzlunarinnar. Ákærði fór út úr bifreiðinni og bað vitnið að bíða á meðan. Vitnið spurði hann að því, hvort hann myndi verða lengi í burtu, og kvaðst hann þá aðeins ætla að leita að nokkrum reikningum.

Ákærði fór rakleitt inn í vörugeymslu verzlunarinnar bak við verzlunarherbergið, tók upp eldspýtustokk og kveikti í bréfi, sem var undir pappakassa við steinvegg í innra herbergi vörugeymslunnar. Hann kveikti aðeins þenna eina eld og athugaði eldinn ekkert nánar, eftir að hann sá, að hann var kveiktur. Ákærði færði heldur ekki til neinn hlut til að auðvelda íkveikjuna. Þá hreyfði hann ekkert við gluggum vörugeymslunnar eða verzlunarherbergisins, og voru þeir lokaðir. Því næst hélt hann rakleitt út úr verzluninni og læsti útidyrunum á eftir sér. Heldur hann, að hann hafi þá verið búinn að vera 5—10 mínútur inni í verzluninni. Vitnið Guðmundur Óskar bifreiðarstjóri hefur borið það, að rétt eftir að ákærði var kominn inn í verzlunina, hafi það séð einhvern ljósbjarma, en ákærði hafði ekki kveikt á rafmagnsljósi. Hefur vitnið komizt svo að orði, að bjarminn hafi ekki verið meiri en svo, að það hafi getað verið góður logi af eldspýtu, því að það hafi ekki verið bál, en það hafi einnig getað verið eitthvað annað, sérstaklega ef það hafi verið í því herbergi, sem vitnið

sá ekki inn í, því að bjarma af eldi hafi getað slegið þaðan og fram. Ákærði hafi eitthvað verið að bauka þarna inni, en hvað, var ekki unnt að sjá. Vitnið kveðst nú hafa fært bifreið sína lítið eitt aftur á bak og hafi það þá séð í gegnum verzlunina inn um opna hurð á herbergi, sem var þar fyrir innan, og út um glugga á bakhlið hússins. Ákærða hafi borið við gluggann, og virtist ákærði vera í dyrunum milli verzlunarherbergisins og innra herbergisins, en bjarminn hafi þá ekki sézt, af því að meira hafi borið á birtunni frá glugganum. Vitninu virtist ákærði taka eftir því og flýta sér þá að loka hurðinni og loka sig inni í innra herbergisinu. Ákærði hafi svo augnabliki síðar komið út úr verzluninni. Ákærði kveður þenna framburð vitnisins réttan, en kveðst þó ekki hafa veitt því athygli, að vitnið hreyfði bifreið sína eða væri að horfa á hann. Ákærði steig síðan upp í bifreiðina, sem beið hans, og settist í framsætið. Vitninu Guðmundi Óskari fannst ekkert vera óeðlilegt við ákærða fremur en áður. Ákærði bað vitnið um að aka heim til hans að Höfðaborg 52, og gerði vitnið það. Á leiðinni fór ákærði að tala um það, af hverju bifreiðarstjórar ynnu svo lengi og að þeir hlytu að hafa það gott. Vitnið svaraði honum því, að þeir hefðu það ekki betra en það, að þeir þyrftu að vinna svona lengi til að hafa eitthvað upp úr því. Þá fór ákærði að bera saman fyrirtæki sitt við bifreiðarstjóra og sagðist ekki vilja missa verzlun sína fyrir tvo aura, og sagðist hafa þrjú hundruð þúsund krónur í fyrirtækinu, í kaupum á verzluninni og vörubirgðunum. Kvaðst hann vera búinn að eiga verzlunina í fjóra mánuði og hefði það alltaf verið draumur sinn að eignast verzlun og verða sjálfstæður maður.

Ákærði fór úr bifreiðinni við Höfðaborg 52 og greiddi ökugjald hennar, kr. 51.50, með kr. 55.00. Ákærði fór síðan að sofa, en áður en hann sofnaði, kom honum í hug, að hann hefði kveikt of lítinn eld til að eyðileggja allar vörubirgðirnar.

Vitnið Svava Ársælsdóttir, afgreiðslustúlka í mjólkurbúð á Framnesvegi 21, til heimilis á Seljavegi 9, hér í bæ, hefur borið það, að laust fyrir kl. 8 næsta morgun, þ. e. þriðjudaginn 13. júlí, hafi það gengið framhjá húsinu Framnesvegi 19. Vitnið sá, að mikil móða eða gufa var á gluggum verzlunarinnar í kjallara hússins, en það grunaði ekki, að um eld gæti verið að ræða, og athugaði málið ekki frekar.

Vitnið Hreinn Hermannsson, Öldugötu 57, hér í bæ, 14 ára að aldri, hefur borið það, að um kl. 8.40 þenna morgun hafi það farið heiman að frá sér og gengið fram hjá Framnesvegi 19. Vitnið sá þá móðu á kjallaragluggunum og bleytu í gluggakistun-

um. Vildi vitnið athuga þetta nánar og fór á bak við húsið og fann þá, að brunalykt lagði frá loftræstigati í kjallaraglugganum. Fór vitnið þá aftur út á götu og bað dreng, sem var þarna á hjóli, að fara að næsta brunaboða og kalla á slökkviliðið. Drengurinn gerði það, og samkvæmt upplýsingum slökkvistöðvarinnar barst brunaboðið til hennar kl. 9.18. Fór slökkviliðið þegar á vettvang.

Vitnið Anton Eyvindsson, varðstjóri í slökkviliðinu, Sundlaugarvegi 18, og Sigurgeir Benediktsson brunavörður, Hæðargarði 36, báðir hér í bæ, komu fyrstir úr slökkviliðinu á staðinn. Þeir sáu engan eld leggja út úr húsinu, en mikinn reyk inni í verzluninni. Allir gluggar voru lokaðir. Þeir brutu rúður í báðum gluggum verzlunarinnar svo og rúðu í hurð í framhlið hennar til að komast inn og fá „gegnumtrekk" og leita að eldi. Í verzlunarherberginu var enginn eldur og heldur ekki í fremra geymsluherberginu, en hurð þar á milli var hallað aftur. Í innra geymsluherberginu sáu þeir bréfahrúgu í trékassa við dyrnar. Þar efst hafði verið eldur, en var slokknaður, og var staðurinn kaldur. Þeir leituðu að eldi þarna, en urðu ekki varir við neitt, þar til vitnið Sigurgeir sá eld innar við vegginn og nær dyrunum á innra geymsluherberginu. Þetta var dálítil glóð, en ekki mikill eldur, því að það logaði varla, en af kom mikill reykur. Þessi eldur var í smákössum, súpupökkum og saltbaukakassa, en hafði hlaupið yfir kassa með sultutaui, því að hann var ekki alveg brunninn niður, og það var dautt í honum. Eldurinn var slökktur á skammri stundu.

Vitnið Njörður Snæhólm, rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 171, Kópavogi, kom á vettvang kl. 9.45, og var þá búið að ráða niðurlögum eldsins. Hefur vitni þetta lýst aðstæðum á brunastaðnum þannig:

Við steinvegginn milli innra geymsluherbergisins og verzlunarherbergisins var bjórkassi fullur af alls konar rusli, svo sem bréfum, tómum og fullum hárolíuglösum, dósum undan sardínum í olíu og fleira rusl. Rusl þetta hafði brunnið efst og innst. Í einni sardínudós í kassanum var ein brunnin eldspýta og einn hálffullur lokaður eldspýtustokkur hálfbrunninn. Næst þarna fyrir innan voru pappakassar með haframjöli lítið brunnir, heilmikið af þvottaefni, sem lá þarna niðurtroðið. Þá var lítill trékassi með sultutauglösum, brunninn niður fyrir miðju og glösin brotin. Þá var pappakassi fullur af tómatsósuflöskum sama og ekkert brunninn og flöskurnar heilar. Þar fyrir innan voru pappaumbúðir með sólskinssápu og þar fyrir innan pappakassi með saltbaukum talsvert brunninn. Eldurinn hafði verið mestur, þar sem

sápan var, og þar var málningin á veggnum brunnin á smábletti, og einnig hafði málning á lofti soðnað. Var svo að sjá, sem eldurinn hefði byrjað í ruslinu í fyrrgreindum bjórkassa og læst sig inneftir vörunum ofanverðum, því að hvergi sást, að brunnið hefði niður við gólfið. Hinum megin í geymsluherbergi þessu, þar sem gluggar eru, voru pokavörur og pappakassar með drasli í, þar á meðal einn með vaxstyttum, en ekkert af þessu hafði brunnið. Milli drasls þessa og ruslsins við steinvegginn var um hálfs metra breiður gangur. Í fremra geymsluherberginu voru kartöflur og kassi, fullur af bréfum og rusli. Þar hafði enginn eldur verið. Varningur, sem var í verzlunarherberginu og ekki var í lokuðum dósum, var meira og minna eyðilagður af reyk.

Ákærði hefur ekkert haft að athuga við þessa lýsingu vitnisins Njarðar Snæhólms nema það, að soyaglös, en ekki sultutauglös, hafi verið í litla trékassanum í innra geymsluherberginu. Þá kveður hann, að ef brunnin eldspýta og brunninn eldspýtustokkur hafi verið í sardínudós í herberginu, sem hann rengir ekki, hafi munum þessum verið fleygt þarna fyrir íkveikjuna eins og hverju öðru rusli og ekki staðið í neinu sambandi við hana.

Útidyrnar á hæðinni fyrir ofan kjallara hússins voru læstar. Vitnið Þórdís Jónsdóttir, frú, Framnesvegi 22, hér í bæ, afhenti vitninu Nirði Snæhólm þegar lykil að dyrunum, og fór síðarnefnda vitnið þá strax ásamt slökkviliðsmönnum inn í hæð hússins. Þegar þeir komu inn í eldhúsið, sáu þeir, að gamall maður lá þar á gólfinu, og reyndist það vera Magnús Ásmundsson, sem bjó þar á hæðinni og var eigandi hússins. Samkvæmt framburði vitnisins Njarðar hafði talsvert slím runnið úr munni Magnúsar heitins og myndað poll á gólfinu, og einnig var slím á þröskuldi að svefnherberginu. Magnús heitinn var klæddur í skyrtu, buxur og sokka, en skólaus. Ekkert lífsmark var að sjá á honum, og var hann strax fluttur í lögreglubifreið á Landakotsspítalann, þar sem lífgunartilraunir voru gerðar á honum. Þær báru ekki árangur, því að hann var látinn.

Í svefnherbergi Magnúsar heitins inn af eldhúsinu var rúm hans kalt, en sængin vel volg. Allir gluggar voru lokaðir og talsvert mikil og skörp reykjar- og kolsýrustybba í íbúðinni. Innra geymsluherbergið í kjallaranum, þar sem íkveikjan var gerð, er beint fyrir neðan eldhúsið á húshæðinni. Liggur miðstöðvarofnsleiðslan frá áðurgreindum steinvegg í geymsluherberginu og upp í miðstöðvarofn í eldhúsinu. Hlýtur reykjar- og kolsýrustybban í eldhúsinu að hafa komið upp með miðstöðvarofnsleiðslunni.

Atvinnudeild Háskólans rannsakaði sýnishorn af hjartablóði

Magnúsar heitins, og var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

„Prófun á blóðinu samkv. Wetzel gaf allsterka pósitíva svörun við kolsýring (CO)".

Þá fór krufning fram á líki Magnúsar heitins í Rannsóknarstofu Háskólans, og framkvæmdi hana Ólafur Bjarnason læknir. Ályktun læknisins er á þessa leið:

„Af krufningu og blóðrannsókn virðist auðsætt, að maður þessi hafi látizt af kolsýrings(CO)-eitrun. Einkenni um aðrar sjúklegar breytingar, er gætu verið samverkandi orsök í dauða mannsins, fundust ekki".

Vitnið Magnús Aðalsteinsson lögreglumaður, Laufásvegi 65, hér í bæ, fór um kl. 9.45 heim til ákærða, sem var þá enn í rúmi sínu. Skýrði vitnið ákærða frá því, að eldur hefði komið upp í verzlun hans á Framnesvegi 19 og bað hann um að koma á staðinn. Vitnið fór síðan á brott í lögreglubifreið annarra erinda. Ákærði hirti ekki um að fara vestur á Framnesveg. Nokkru síðar heyrði vitnið í talstöð lögreglubifreiðarinnar, að ákærði væri enn ekki kominn á brunastaðinn. Fór vitnið því aftur heim til ákærða, sem enn var í rúminu, og mun klukkan hafa þá verið um 10.45. Skýrði vitnið honum nú frá því, sem því hafði verið sagt í gegnum talstöðina, að gamall maður hefði verið á hæð hússins, þegar eldsvoðinn varð, og hefði maðurinn verið fluttur í sjúkrahús. Fór ákærði þá strax á fætur og vestur á brunastaðinn. Síðan var ákærði færður í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, og á leiðinni þangað heyrði hann, að gamli maðurinn væri látinn.

III.

Ákærða var kunnugt um, að Magnús heitinn Ásmundsson bjó á hæðinni fyrir ofan verzlunarpláss hans, en ákærði kveðst hafa haldið, að hann hefði ekki verið í húsinu, þegar íkveikjan átti sér stað.

Ákærði hefur borið það, að í vikunni næst á undan hafi Magnús heitinn hringt í hann niður í verzlunina og spurt hann að því, hvers vegna verzlunin væri lokuð. Ákærði hafi svarað því, að hann ætlaði að taka sér hálfsmánaðar frí og láta á meðan breyta verzluninni. Magnús heitinn hafi þá sagt, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum eftir helgina og koma ekki aftur fyrr en eftir nokkra daga. — Þá hefur ákærði borið það, að í sama skiptið og hann hringdi úr verzluninni til vitnisins Snorra Jónssonar kvöldið fyrir íkveikjuna hafi hann einnig hringt til Magnúsar heitins í því skyni að tala við hann um húsaleiguna eftir verzlunarplássið, en ákærði var ekki búinn að greiða júlíleiguna, að

fjárhæð kr. 700.00, sem fallið hafði í gjalddaga fyrsta dag mánaðarins. Enginn hafi svarað í síma Magnúsar heitins. Kveðst ákærði því hafa búizt við því, að Magnús heitinn væri farinn úr bænum, en ákærði athugaði það ekkert frekar. — Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi engan illan hug borið til Magnúsar heitins og ekki talið sig þurfa heldur að ná sér neitt niðri á honum.

Vitnið Ástríður Magnúsdóttir heitins Ásmundssonar, skrifstofustúlka, Framnesvegi 60, hér í bæ, hefur borið það, að það muni ekki til þess, að faðir þess hafi nokkru sinni farið í sumarfrí burt úr bænum eða verið næturlangt fjarverandi úr bænum. Vitnið kveðst hafa hitt hann oft í viku hverri og hafi hann ekki haft orð á því, að hann ætlaði að fara úr bænum. — Þá hefur vitni þetta skýrt frá því, að stuttu fyrir andlát föður þess hafi það tekið eftir því, að á eldhúsborði í íbúð hans var miði, sem á stóð 10 kg þakmálning, og nokkrum dögum síðar eða rétt fyrir andlát föður þess hafi hann skýrt því frá, að hann ætlaði að mála gluggana og laga húsið. — Einnig hefur vitnið skýrt frá því, að faðir þess hafi átt von á systur sinni, Sigurbjörgu Ásmundsdóttur, frá Kaupmannahöfn, þar sem hún hafi verið búsett. Hafi faðir þess búizt við henni með næsta skipi og hafi hann ætlað að bjóða henni heim til sín í samráði við vitnið. Sigurbjörg hafi svo komið með skipi daginn eftir andlát föður þess.

Vitnið Þórdís Jónsdóttir, sem fyrr um getur og þekkti Magnús heitinn Ásmundsson um margra ára skeið, hefur borið það, að hann hafi frá því í desember 1953 borðað hádegisverð hjá því, en kvöldmat hafi hann útbúið sjálfur. Hann hafi þó oft komið á kvöldin til vitnisins og þá alltaf um kl. 19.30 og sótt þá gjarnan graut, sem hann fór með heim til sín. Þá hafði vitnið um tíma geymt aukalykil að íbúð hans. — Vitnið hefur skýrt frá því, að hann hafi aldrei minnzt á það, að hann ætlaði að skreppa úr bænum í nokkra daga, og vissi vitnið ekki til þess, að hann færi nokkurn tíma út úr bænum. Einu sinni að sumarlagi hafi vitnið spurt hann að því, hvort hann ætlaði ekki að taka sér frí, og hafi hann þá brosað og sagt það ekki vera. Þá hafi hann í seinustu viku fyrir andlát sitt haft orð á því, að hann ætlaði að láta gera lítið þvottahús undir tröppum húss síns. Kvaðst hann hafa talað við ákveðinn mann um að vinna verkið, en ekki væri byrjað á því vegna lasleika mannsins.

Vitnið Magnús Steingrímsson, verkstjóri í Fiskhöllinni, Tryggvagötu 2, hér í bæ, til heimilis á Ránargötu 46, hér í bæ, hefur borið það, að Magnús heitinn Ásmundsson, sem rak fiskverzlun einn síns liðs á horni Ægisgötu og Ránargötu, hafi keypt

fisk nær daglega í Fiskhöllinni. Magnús heitinn hafi komið og keypt fiskinn á morgnana og komið svo aftur eftir hádegi og borgað þá fiskverðið. Vitnið minnist þess, að hann kom tvisvar í Fiskhöllina, daginn áður en hann andaðist. Um morguninn keypti hann venjulegt fiskmagn, og eftir hádegi greiddi hann verð þess og keypti þá einnig lúðubita, máske 10—15 kg að þyngd. Vitnið kveður, að Magnús heitinn hafi hvorki þenna dag né í önnur skipti talað um, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum í nokkra daga, og hafi það heldur ekki vitað til þess, að hann færi úr bænum næturlangt. Vitnið kveðst hafa farið inn í fiskbúð Magnúsar heitins til að taka þar til um tveimur dögum eftir andlát hans. Lúðubitinn hafi þá ennþá verið þar lítið skemmdur, en þó ónýtur, þar sem hann hafði ekki verið lagður á ís, en það var óþarfi að gera, ef aðeins hefði átt að geyma hann yfir eina nótt. Þá hafi einnig verið þar útvatnaður saltfiskur, í kringum 10 kg og legið á ís. Líklega hafi þetta verið leifar frá laugardegi og lagðar á ís á mánudag.

Ákærði hefur borið það, að honum hafi verið kunnugt um, að Magnús heitinn hafi alltaf verið heima á kvöldin. Hafi Magnús heitinn að jafnaði komið heim í íbúð sína um kl. 22 og þá lagað kvöldverð handa sér. Kveðst ákærði hafa sjálfur flest kvöld verið að vinna í verzlun sinni og þá orðið var við hann.

Á þessum tíma bjó vitnið Guðjón Jónsson sjómaður, 72 ára að aldri, auk Magnúsar heitins, á Framnesvegi 19. Hafði vitnið síðan á árinu 1952 haft á leigu eitt herbergi á hæðinni fyrir ofan verzlunina, og sneri herbergið út að götu, en hinum megin á hæðinni, fjær götunni, var eldhús Magnúsar heitins.

Vitnið Guðjón hafði um skeið verið á m/b Hermóði frá Reykjavík, seinast á handfæraveiðum og var á þeim veiðum í Faxaflóa, þegar íkveikjan átti sér stað aðfaranótt 13. júlí f. á.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, skipstjóri á m/b Hermóði, til heimilis á Bjargarstíg 7, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að vitnið Guðjón hafi verið í veiðiferð á bátnum frá 11. júlí kl. 14 til 13. júlí kl. 17. Siglt hafi verið í þetta skipti að Reykjanesi og ferðin því tekið dálitlu lengri tíma en venjulega, þegar veitt er innan Garðskaga. Venjulega hafi veiðiferð bátsins tekið 30 klukkustundir og aðeins eina nótt, en þó stundum tvær nætur.

Vitnið Guðjón hefur ekkert haft við þenna framburð vitnisins Guðmundar að athuga, en hefur enn fremur tekið fram, að það hafi oft verið fjarverandi frá heimili sínu sólarhringum saman sakir atvinnu sinnar, og hafi það mjög farið eftir veðri. Stundum hafi það verið á sjó samfleytt allt að einni viku, en stundum að-

eins einn sólarhring. Það hafi farið á sjóinn og komið í land á ýmsum tímum sólarhrings, en þó ekki um miðja nótt.

Ákærði hefur borið það, að honum hafi verið kunnugt um, að auk Magnúsar heitins bjó gamall maður á hæðinni fyrir ofan verzlun hans á Framnesvegi 19. Hann hafi einnig vitað, að þetta var sjómaður, sem var nokkurn tíma í einu í burtu á sjónum, en hve lengi í einu hafi hann ekki vitað. Stuttu fyrir íkveikjuna hafi einhver sagt honum frá því, að sjómaðurinn væri úti á sjó, en hann man ekki, hver sagði honum það né hvenær. Máske hafi það verið Magnús heitinn og þá í sama skipti og hann sagði ákærða frá því, að hann væri að hugsa um að fara úr bænum í nokkra daga eftir helgina. Ákærði kveðst ekkert hafa athugað, hvort sjómaðurinn var í húsinu, þegar hann framdi íkveikjuna, en hann hafi haldið, að sjómaðurinn væri úti á sjó, og byggði það einvörðungu á því, sem fyrr var greint.

Ákærði og vitnið Guðjón þekktust ekkert og höfðu aldrei talazt við, en ákærði hafði séð vitnið einu sinni eða tvisvar sinnum.

IV.

Vitnið Stefán Guðmundsson tryggði vörur Vesturbæjarbúðarinnar hjá Vátryggingarfélaginu h/f fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld verzlunarinnar fyrir kr. 50.000.00. Þegar vitnið seldi ákærða verzlunina, hafði það greitt iðgjald af fyrrnefndu tryggingunni fram til nóvembermánaðar 1954 og af síðarnefndu tryggingunni til 13. febrúar 1955. Vitnið minntist aldrei á tryggingar þessar við ákærða og tilkynnti heldur ekki tryggingarfélaginu um eigendaskipti verzlunarinnar. Kveðst vitnið alveg hafa gleymt tryggingunum.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi viljað ganga úr skugga um tryggingar verzlunarinnar. Hann hafi ekki náð í vitnið Stefán til að spyrja hann um þær og því hafi hann farið í skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Þar hitti hann vitnið Guðna Þorlákssson Guðmundsson, gjaldkera í brunadeild félagsins. Spurðist ákærði fyrir um það, hvort Vesturbæjarbúðin væri í tryggingu þar. Vitnið skýrði honum frá því, að verzlunin hefði verið í 70 þúsund króna tryggingu árið 1951, en ekki síðan. Kveðst ákærði hafa nú verið sannfærður um, að verzlunin væri ekki í tryggingu annars staðar og hefði einungis verið vanrækt að framlengja tryggingunna hjá greindu félagi. Ákvað ákærði að tryggja vörur og áhöld verzlunarinnar hjá félaginu og ritaði hinn 10. júní f. á. beiðni um brunatryggingu til eins árs á verzlunar-

vörum og áhöldum Vesturbæjarbúðarinnar, að fjárhæð 200 þúsund krónur.

Ákærði kveður, að vitnið Guðni Þorlákssón hafi spurt hann að því, hvort hann vildi greiða iðgjald tryggingarinnar strax eða hvort ætti að krefja hann um það síðar. Hafi ákærði valið síðari kostinn. Ákærði hafi svo tvisvar sinnum verið krafinn um iðgjaldið, en greitt það í hvorugt skiptið sakir fjárskorts. Hann kveðst hafa verið sannfærður um, að tryggingin hjá félaginu tæki ekki gildi, fyrr en hann væri búinn að greiða iðgjald hennar, og hafi vitnið aldrei skýrt honum frá því, að tryggingin tæki gildi strax, þó að hann hefði ekki greitt iðgjald hennar.

Vitnið Guðni Þorlákssón Guðmundsson, Laugavegi 22, hér í bæ, hefur borið það, að það muni ekki fyrir víst, hvort það sagði ákærða berum orðum, að tryggingin væri í lagi, þó að ekki væri búið að greiða iðgjald af henni, en vitnið kveður það venju þess, þegar stendur líkt á og hér, að segja mönnum, sem afhenda beiðni um brunatryggingu, að hún gangi í gildi strax, þó að iðgjald af henni sé ekki greitt þá um leið, en að tryggingarbeiðandi eigi þá að greiða iðgjaldið, þegar hann er krafinn um greiðslu þess.

Litlu síðar fór ákærði heim til vitnisins Stefáns Guðmundssonar til að tala við það um viðskipti þeirra. Vitnið var ekki heima, en kona þess, vitnið Ólöf Ragnhildur Guðmundsdóttir. Ákærði kveðst þá hafa notað tækifærið og spurt vitni þetta að því, hvort það vissi nokkuð um tryggingar Vesturbæjarbúðarinnar. Vitnið hafi svarað því, að maður þess hefði tryggt verzlunina; en hvar, hafi það ekki vitað. — Vitnið minnist þess, að einhver orðaskipti fóru á milli þess og ákærða í þetta skipti, en man ekki sérstaklega, hvort hann hafði orð á því, hvort eða hvar maður þess hefði tryggt verzlunina. Vitnið man heldur ekki, hvort það sagði honum nokkuð um það mál, og telur það ekki vera líklegt, þar sem það hafi ekki vitað, hvar eða hvort maður þess hafði verzlunina tryggða.

Ákærði kveðst eftir þetta hafa ákveðið að kynna sér hjá vátryggingarfélögunum, hvernig vátryggingu verzlunarinnar væri farið. Hinn 8. júlí fór hann í skrifstofu Vátryggingarfélagsins h/f og talaði við skrifstofustjórann, vitnið Ólaf Gísla Ólafsson, Hólmgarði 16, hér í bæ.

Vitni þetta skýrði honum frá því, að vitnið Stefán Guðmundsson hefði tryggt hjá félaginu vörur verzlunarinnar fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld fyrir kr. 50.000.00. Af fyrri tryggingunni væri iðgjald greitt fram til nóvember 1954, en af hinni seinni til 13. febrúar 1955. Ákærði spurði vitnið að því, hvort tryggingarnar giltu fyrir hann, og svaraði vitnið

því, að þar sem þær væru á nafni vitnisins Stefáns, þyrfti hann að fá yfirlýsingu þess (vitnisins Stefáns) um, að þær hefðu átt að fylgja með, þegar verzlunin var seld.

Ákærði kvað vörutrygginguna ekki nógu háa og skrifaði því beiðni um, að hún yrði samdægurs hækkuð um kr. 50.000.00. Bauðst ákærði til að greiða iðgjaldið, en vitnið Ólafur Gísli sagði honum, að það myndi innheimta iðgjaldið í verzlun hans, þegar búið væri að ganga frá skírteininu, sem tæki nokkurn tíma. Vitnið sagði honum, að strangt tekið tæki tryggingin ekki gildi, fyrr en komin væri yfirlýsing frá vitninu Stefáni, en í flestum tilfellum myndi tryggingin samt vera í gildi, ef annað væri í lagi.

Ákærði hefur eindregið neitað því, að hann hafi ætlað sér að tryggja verzlunina á tveimur stöðum, því að hann hafi verið sannfærður um, að tryggingin hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefði ekki tekið gildi. Hann hafi talið óþarft að afturkalla brunatryggingarbeiðnina til þess félags, þar sem hann hafi haldið, að hún félli niður af sjálfu sér við, að iðgjald var ekki greitt.

Hér þykir rétt að minnast á tilraun ákærða til vörukaupa.

Í vikunni fyrir íkveikjuna hitti ákærði vitnið Guðmund Holberg Þórðarson sölustjóra, Spítalastíg 5, hér í bæ, að máli og skýrði því frá, að hann hefði í huga að breyta Vesturbæjarbúðinni í smávöru- og vefnaðarvöruverzlun. Í tilefni af því kvaðst hann vilja kaupa af því vörur fyrir allt að kr. 90.000.00, ef hann fengi frest á greiðslu kaupverðsins. Vitnið kvaðst ekki mundu veita honum gjaldfrest. Þegar ákærði var að fara, spurði hann vitnið að því, hvort hann gæti ekki fengið reikning fyrir kr. 200.000.00, ef hann keypti vörur fyrir kr. 90.000.00. Vitnið svaraði því engu, og fór hann við svo búið í burtu.

Ákærði hefur staðhæft, að þessi fyrirhuguðu vörukaup hafi verið alveg óviðkomandi íkveikjunni. Hann kveðst hafa ætlað að fara í söluferð með vörurnar norður í land og til að fá þær frekar hafi hann gefið vitninu í skyn, að hann væri að hugsa um að breyta verzlun sinni í smávöru- og vefnaðarvöruverzlun. Þá hafi hann farið fram á að fá reikning fyrir kr. 200.000.00 kaupum vegna verðlagseftirlitsins og til að auðvelda sölu vörunnar, en ekki til að geta sýnt hann vátryggingarfélagi.

Samkvæmt beiðni Vátryggingarfélagsins h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f framkvæmdu þeir Helgi Jónsson, skoðunarmaður tryggingarstofnunarinnar Lloyd's í Reykjavík, til heimilis á Skúlagötu 72, hér í bæ, og Ásgeir Þórarinsson sölumaður, til heimilis á Hringbraut 105, hér í bæ, vörutalningu í Vesturbæjarbúðinni dagana 14. og 22. júlí f. á. Töldu þeir, að vörurnar væru

að útsöluverði kr. 46.004.98, en að frádreginni smásöluálagningu ca 36.000.00. Brunatjón varanna mátu þeir á ca 75% af heildsöluverði, en við það verð miðast tryggingarfjárhæð þeirra. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 29. júlí f. á. var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta. Virðingarmenn skiptaréttarins, þeir Skapti Ólafsson og Sæmundur Friðjónsson, mátu vörubirgðir Vesturbæjarbúðarinnar á kr. 11.360.00 og áhöld verzlunarinnar (útvarpstæki meðtalið) á kr. 968.00. Eignir þessar voru seldar á opinberu uppboði og var brúttóútsöluverð þeirra kr. 14.505.00, en auk þess voru seldar af vörubirgðum utan uppboðs appelsínur fyrir kr. 525.00.

V

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, dags. 23. júlí f. á., var veður í Reykjavík frá kl. 23 til kl. 3 aðfaranótt 13. júlí f. á. þannig: vindur S 5, skýjað og rigning.

Samkvæmt vottorði Húsatrygginga Reykjavíkur, dags. 17. ágúst f. á., eru eftirtalin hús talin í bókum stofnunarinnar að stærð, frágangi og brunabótaverði, sem hér segir:

„1) Framnesvegur 17, steinhús m/ steinloftum, stærð 799.68 m³, brunabótaverð ..... kr. 383.800.00
2) Framnesvegur 21, steinhús m/ steinloftum, stærð 945.27 m³, brunabótaverð ..... — 453.700.00
3) Framnesvegur 19, steinhús, en ekki getið um loftin, stærð 300.86 m³, brunabótaverð — 129.400.00
4) Framnesvegur 22 A, steinhús m/ steinloftum, stærð 280.09 m³, brunabótaverð .... — 126.000.00
og stendur á móti nr. 19".

Hinn 4. ágúst f. á. voru þeir Jón Sigurðsson slökkviliðsstjóri og Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur „til að athuga og lýsa aðstæðum á brunastaðnum í málinu með tilliti til þess, hvort íkveikja ákærða hefði getað haft almannahættu í för með sér eða hvort mönnum hafi verið búinn bersýnilegur lífsháski af henni eða að hún hafi verið til þess fallin að valda augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna".

Hinir dómkvöddu menn segja í skriflegri skýrslu sinni, dags. 14. september f. á., sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, á þessa leið:

„Við höfum kynnt okkur málsskjölin og athugað aðstæður á brunastaðnum.

Húsið Framnesvegur 19 (áður Framnesvegur 15) er einlyft

steinhús á háum kjallara og með rishæð. Gólf og innveggir í húsinu eru úr timbri, nema við reykháf, þar úr steini. Húsið er með gluggum á göflum, er snúa að nágrannalóðum, Framnesvegi 17 og Framnesvegi 21, og staðsett af þeim ástæðum samkvæmt ákvæðum byggingarsamþyktar Reykjavíkur minnst 3.15 m frá lóðamörkum nágrannalóðanna. Upp í skarðið milli húsanna Framnesvegar 19 og Framnesvegar 21 á lóð Framnesvegar 19 er byggður lágur geymsluskúr úr timbri með bárujárnsklæðningu á þaki og þeim veggjum, er ekki eru byggðir að húsunum. Húsið Framnesvegur 21 er steinsteypt íbúðarhús með steinloftum og eldvarnarvegg að lóðinni Framnesvegi 19, en húsið stendur á lóðamörkum þeim megin. Húsið Framnesvegur 17 er steinsteypt íbúðarhús með steinloftum og eldvarnarvegg að Framnesvegi 19, enda þótt það sé ekki byggt alveg að lóðamörkum þeim, er vita að Framnesvegi 19.

Fjarlægð að næstu húsum öðrum frá Framnesvegi 19 er:

Hús vestan við Framnesveg eru í um 16 m fjarlægð, og eru það steinhús með steinloftum.

Húsið nr. 52 við Öldugötu er í um 16 m fjarlægð, og er það steinhús með steinloftum.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veður í Reykjavík aðfaranótt 13. júlí s.l. S og SV 4—6 með rigningu eða mest stinningskaldi.

Að þessu öllu athuguðu, þ. e. veðurfari, fjarlægð frá Framnesvegi 19 að nágrannahúsum svo og byggingarlagi þeirra, sérstaklega eldvarnarveggjum tveggja næstu húsa við það, og þegar auk þess er tekið tillit til þeirrar tækni, sem slökkvilið Reykjavíkur hefur yfir að ráða, þá er það álit okkar, að engin hætta hafi verið á útbreiðslu elds yfir í næstu hús frá bruna í Framnesvegi 19, jafnvel þótt eldurinn hefði náð að magnast mjög mikið, áður en slökkviliðið kæmi á vettvang.

Aftur á móti er það álit okkar, að fólk, sem væri í svefni í húsinu Framnesvegi 19, ef eldur kviknaði í því, væri í nokkurri lífshættu vegna hins óeldtrygga byggingarmáta hússins".

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi vitað, að trégólf var á hæðinni fyrir ofan verzlunina og geymsluna á Framnesvegi 19, enda hafi mátt heyra vel, að svo var, þegar gengið var um gólf á hæðinni.

Lögreglurannsókn hófst þegar í málinu, eftir að ákærði hafði verið færður í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar hinn 13. júlí, og neitaði hann þá að vera valdur að íkveikju á Framnesvegi 19. Hann var því næst fluttur í fangahúsið og daginn eftir úrskurð-

aður í gæzluvarðhald. Lögreglurannsóknin hélt áfram næstu daga, og hélt ákærði fast við framburð sinn. Hinn 21. júlí var málið tekið fyrir í sakadómi, og eftir nær tveggja klukkustunda yfirheyrslu ákærða þar viðurkenndi hann að hafa kveikt í vörulager Vesturbæjarbúðarinnar á Framnesvegi 19 í því skyni að fá tryggingarfjárhæð hans greidda. Rannsóknar málsins vegna sat ákærði í gæzluvarðhaldi til hins 6. ágúst.

Foreldrar ákærða eru báðir á lífi, og er faðir hans vörubifreiðarstjóri að atvinnu. Ákærði á 5 bræður og 1 systur, og er hann elztur. Að loknu barnaskólanámi var ákærði í 2 vetur í Sjómannaskólanum og vann algenga vinnu um skeið. 18 ára gamall fór hann í Hlíðardalsskóla, sem Aðventistar reka í Ölfusi, og var þar í 2 vetur. Hafði hann á þeim árum sérstakan trúfræðiáhuga. Síðan stundaði hann verkamannavinnu í Reykjavík og rak um tíma almenna upplýsingastofu, þar til hann gerðist kaupmaður á s.l. vori. Hann er ókvæntur.

VI.

Það er sannað með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, að aðfaranótt hins 13. júlí f. á. fór hann inn í vörugeymslu verzlunar sinnar í kjallaranum á Framnesvegi 19, hér í bæ, og kveikti þar í bréfi undir pappakassa í þeim tilgangi að brenna vörubirgðir verzlunarinnar. Hefur verið rakið hér að framan tjón það, sem hlauzt af verknaði þessum. Hinir dómkvöddu matsmenn álíta, að engin hætta hafi verið á útbreiðslu elds yfir í næstu hús frá bruna í nefndu húsi, en að fólk, sem væri í svefni í húsinu, ef eldur kviknaði í því, væri í nokkurri lífshættu vegna hins óeldtrygga byggingarmáta hússins. Ákærða var kunnugt um, að tveir menn bjuggu í húsinu, en dómurinn verður að telja mannhættu ávallt samfara brennu húss, sem búið er í. Hefur ákærði því með verknaði sínum gerzt brotlegur gegn 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi framið íkveikjuna í því skyni að heimta tryggingarfjárhæð vörubirgða og áhalda verzlunarinnar. Hinn 10. júní ritaði hann beiðni til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f um brunatryggingu á vörum þessum og áhöldum, að fjárhæð kr. 200.000.00. Hinn 10. júlí fekk hann vitneskju um, að fyrri eigandi verzlunarinnar hafði tryggt vörur hennar hjá Vátryggingarfélaginu h/f fyrir kr. 100.000.00 og innréttingu og áhöld hennar fyrir 50.000.00. Ákærði hækkaði þá síðastnefndu tryggginguna samdægurs í kr. 100.000.00. Hann

hirti ekki um að afturkalla brunatryggingarbeiðnina til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f og kveðst hann hafa haldið, að hún félli niður af sjálfu sér við, að hann hefði ekki greitt iðgjald af tryggingunni. Hér ber að líta á, að ákærði hafði heldur ekki greitt iðgjald af hinum tryggingunum, sem hann gekk þó út frá, að væru í gildi. Verður með tilvísun til framburða vitnanna Guðna Þorlákssonar Guðmundssonar og Ólafs Gísla Ólafssonar og framburðar ákærða sjálfs að öðru leyti um þetta efni svo og með hliðsjón af málavöxtum, sem raktir hafa verið hér að framan, að telja, að ákærði hafi hlotið að álíta, að tryggingarnar bæði hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Vátryggingarfélaginu h/f væru í gildi, þegar hann framdi íkveikjuna, og að ásetningur hans hafi verið sá að heimta fjárhæðir allra trygginganna, samanlagðar kr. 400.000.00, en það er tæplega nífalt útsöluverð hins tryggða. Ákærði hefur því með atferli sínu einnig brotið gegn 248. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Ákærða var kunnugt um, að Magnús heitinn Ásmundsson bjó á hæðinni fyrir ofan verzlunina, en hann kveðst hafa búizt við því, að hann væri farinn úr bænum íkveikjunóttina, og byggir það á tvennu. Í fyrsta lagi á því, að Magnús heitinn hafi sagt við hann, að hann væri „að hugsa um að fara úr bænum eftir helgina og koma ekki aftur fyrr en eftir nokkra daga". Ekkert hefur komið fram í málinu, sem styður þessa staðhæfingu ákærða. Á hinn bóginn sýna framburðir vitnanna Ástríðar Magnúsdóttur, Þórdísar Jónsdóttur og Magnúsar Steingrímssonar, að hún er mjög ótrúleg. Í öðru lagi byggir ákærði á því, að hann hafi hringt til Magnúsar heitins fyrr um kvöldið, sem hlýtur þá að hafa verið á tímabilinu kl. 21—22, og hafi enginn svarað í símann. En þó að hvort tveggja væri rétt hjá ákærða, að Magnús heitinn hafi sagzt vera „að hugsa um" að fara úr bænum í nokkra daga eftir helgina og að enginn hafi svarað í síma hans kl. 21—22, gaf það ákærða enga réttmæta ástæðu til að búast við því, að Magnús heitinn væri ekki í húsinu íkveikjunóttina. Ákærði athugaði ekkert frekar, hvort íbúar hússins væru þar um nóttina. Hefur hann þó viðurkennt, að hann hafi vitað, að Magnús heitinn var alltaf heima á kvöldin og kom að jafnaði heim til sín um kl. 22. Ákærða var einnig kunnugt um, að trégólf var á hæðinni fyrir ofan verzlunina. Hlaut hann því að vita, að íkveikja hans gat valdið mannsbana á hæðinni þar fyrir ofan, sem og raunin varð. Magnús heitinn lézt af kolsýringseitrun, sem lagði af eldi þeim, sem ákærði kveikti. Samkvæmt þessu hefur andlát Magnúsar heitins hlotizt

af gáleysi ákærða. Hefur ákærði því einnig gerzt brotlegur gegn 215. gr. hegningarlaganna.

Tryggingar ákærða og vörukaupatilraun hans fyrir íkveikjuna, sem að framan greinir, færa líkur að því, að tilraun hans til vátryggingarsvika með íkveikju hafi haft nokkurn aðdraganda, en gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að hann hafi tekið endanlega ákvörðun um að fremja þessi brot fyrr en að kvöldi hins 12. júlí.

Með skírskotun til þess, að ákærði vissi, að tveir aldraðir menn bjuggu á hæðinni fyrir ofan verzlun hans, að einungis trégólf var þar á milli og að íkveikjan var framin að næturlagi svo og að öðru leyti með tilvísun til málsatvika, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, hlýtur ákærði að hafa séð fram á, að mönnum mundi vera slíkur lífsháski búinn af íkveikju hans, að meta beri refsingu hans samkvæmt 164. gr., 2. mgr., auk 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár.

Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. júlí, þegar hann viðurkenndi brot sitt, til 6. ágúst að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun Páls S. Pálssonar hdl., skipaðs sækjanda í málinu, og laun Sveinbjörns Jónssonar hrl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1200.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 21. júlí 1954 til 6. ágúst sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun Páls S. Pálssonar hdl., skipaðs sækjanda í málinu, og laun Sveinbjörns Jónssonar hrl., skipaðs verjanda í málinu, kr. 1200.00 til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1956.

Nr. 14/1952. Útvegsbanki Íslands h/f (Lárus Fjeldsted)
gegn
Kaupfélagi Siglfirðinga (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa samkvæmt 74. gr. víxillaga.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1952 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vætti manna þeirra, sem voru í stjórn stefnda á árunum 1942—1945, og öðrum gögnum málsins er sannað, að greitt var úr sjóði stefnda fé síðustu mánuði ársins 1942 til mannvirkjagerðar að Gili í Fljótum, en þau mannvirki urðu eign h/f Gilslaugar, sem stofnað var til fullnaðar 7. maí 1943 og skrásett 5. júní s. á. Hinn 6. janúar 1943 var seldur víxill í Sparisjóði Siglufjarðar, að fjárhæð kr. 30.000.00, út gefinn af Sigurði Tómassyni kaupfélagsstjóra og samþykktur af stefnda, og var andvirði hans varið til greiðslu á fé því og vörum, er stefndi hafði innt af hendi vegna hins fyrirhugaða hlutafélags. H/f Gilslaug missti gróðurhús sín í fárviðri í desember 1943, og voru þau endurreist 1944. Lenti hlutafélagið m. a. af þessum sökum í fjárþröng og gat eigi greitt það fé, sem stefndi hafði lagt fram fyrir það. Var sparisjóðsvíxillinn framlengdur afborgunarlaust til 13. júlí 1944, en þá seldi Sigurður kaupfélagsstjóri Tómasson áfrýjanda víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, sem gefinn var út af stefnda, en samþykktur af h/f Gilslaugu. Þykja nægilegar sönnur að

því leiddar, að andvirði víxils þessa hafi verið varið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum. Víxill sá, sem áfrýjandi keypti, var framlengdur, lenti síðar í vanskilum og var enn framlengdur til 12. júlí 1945. Hvarf þá nafngreindur maður, sem samkvæmt dómi Hæstaréttar 13. desember 1946 eigi var til þess bær, frá afsögn hans af hendi stefnda. Batt sú ráðstöfun eigi stefnda. Leið því víxilréttur áfrýjanda á hendur stefnda undir lok samkvæmt 53. gr. laga nr. 93/1933, og var víxilmáli áfrýjanda á hendur honum vísað frá með nefndum dómi Hæstaréttar.

Með dómi bæjarþings Siglufjarðarkaupstaðar, upp kveðnum 12. febrúar 1946, var h/f Gilslaug dæmd til að greiða áfrýjanda nefndan víxil, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 og ⅓% þóknun af víxilfjárhæðinni. Hinn 22. júní 1946 gerði áfrýjandi fjárnám í eignum h/f Gilslaugar til tryggingar dómi þessum, en á uppboði hinn 31. ágúst 1946 voru hinar fjárnumdu eignir lagðar út áfrýjanda sem 1. veðréttarhafa vegna annarra skuldaskipta, og var því nefnd víxilskuld að engu greidd af andvirði þeirra. H/f Gilslaug var tekin til gjaldþrotaskipta hinn 24. ágúst 1946. Hrökk búið einungis til greiðslu á 20.282% af forgangskröfum.

Svo sem lýst var, þykja sönnur að því leiddar, að andvirði sparisjóðsvíxils þess, er í málinu greinir, hafi runnið til greiðslu á skuldum h/f Gilslaugar við stefnda og andvirði víxils þess, er áfrýjandi keypti, hafi runnið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum. H/f Gilslaug gat eigi innt af hendi skuldir þær, sem goldnar voru með víxilkaupunum, og ekkert fékkst upp í þær úr þrotabúi h/f Gilslaugar. Stefndi myndi því vinna úr hendi áfrýjanda víxilfjárhæðina, ef fjárheimta áfrýjanda félli niður. Ber því samkvæmt 74. gr. laga nr. 93/1933 að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Siglfirðinga, greiði áfrýjanda, Útvegsbanka Íslands h/f, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxt-

um frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. nóvember 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Útvegsbanki Íslands h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Siglufjarðar að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu, út gefinni 18. febrúar 1947, gegn Kaupfélagi Siglfirðinga, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 30.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þessi:

Þann 18. september 1942 samþykkti stjórn Kaupfélags Siglfirðinga (hér eftir skammstafað K.F.S.) að leggja fram kr. 18.000.00 í hlutafé til fyrirhugaðs gróðurhúss að Gili í Austur-Fljótum. Jafnframt var samþykkt, að K.F.S. skyldi leggja fram nauðsynlegar greiðslur til undirbúningsstarfs, þar til hlutafélag um gróðurhúsin væri formlega stofnað.

Hinn 24. október s. á. var haldinn undirbúningsstofnfundur hlutafélags þessa og samþykkt svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að stofna hlutafélag til að byggja og starfrækja gróðurhús að Gili í Fljótum og kýs í því skyni 3 manna bráðabirgðastjórn, er annist framkvæmdir í bili og undirbúi framhaldsstofnfund síðar.“ Kosningu í stjórn þessa hlutu Otto Jörgensen, Sigurður Tómasson og Þóroddur Guðmundsson. Samkvæmt fundargerðabók Gilslaugar h/f var enn fremur á fundi þessum undirritaður stofnsamningur í 10 liðum, er færður var inn í gerðabókina. Samningur þessi er alveg samhljóða endanlegum stofnsamningi, dags. 7. maí 1943, að öðru leyti en því, að í fyrri samningnum er eyða fyrir heiti félagsins og fyllri ákvæði skortir um hlutafé, sem þar er ákveðið nokkru lægra. Þann 7. maí 1943 mun endanlega hafa verið gengið frá stofnun h/f Gilslaugar, og var félagið skrásett 5. júní s. á.

Stefnandi skýrir svo frá, að haustið 1942 hafi K.F.S. byrjað byggingaframkvæmdir að Gili, og hafði félagið þá um áramótin lagt út allmikið fé í því skyni. Greiðslukvittanir fyrir þessum útborgunum lágu í kassa K.F.S. Hinn 6. janúar 1943 tók þáverandi kaupfélagsstjóri, Sigurður Tómasson, víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, í Sparisjóði Siglufjarðar, og var andvirði hans varið til að greiða fyrrnefnda reikninga, er lágu í kassa K.F.S., auk

úttektar, er færð var í bækur félagsins. Víxill þessi var samþykktur af K.F.S., en út gefinn af Sigurði Tómassyni.

Að sögn stefnanda hófst rekstur h/f Gilslaugar sumarið 1943. Uppskera varð engin um haustið. Í desember þ. á. fuku bæði gróðurhúsin að Gili í ofviðri, og fengust engar bætur fyrir það tjón, þar sem húsin voru ekki tryggð fyrir slíku. Vorið 1944 voru gróðurhúsin reist að nýju, og varð byggingarkostnaður þeirra þannig tvöfaldur. Af þessum sökum gat h/f Gilslaug ekki greitt K.F.S. það fé, er það hafði lagt út, og var því fyrrgreindur víxill í Sparisjóði Siglufjarðar framlengdur afborgunarlaust allt til 13. júlí 1944, en þá tókst Sigurði Tómassyni kaupfélagsstjóra að selja stefnanda víxil, að fjárhæð kr. 30.000.00, samþykktan af h/f Gilslaugu, en út gefinn af K.F.S. Þegar víxill þessi, sem stefnandi keypti, féll í gjalddaga 13. janúar 1945, var hann framlengdur án afborgunar til 13. febrúar s. á., en þá féll K.F.S. frá afsögn. Víxillinn lá síðan í vanskilum til 12. júní 1945, en þá var hann framlengdur til 12. júlí s. á. 13. júlí 1945 féll Már Einarsson, er þá gegndi kaupfélagsstjórastörfum, frá afsögn víxilsins.

Þann 19. nóvember 1945 höfðaði stefnandi víxilmál á hendur K.F.S. Með dómi Hæstaréttar 13. desember 1946 var málinu vísað frá héraðsdómi, þar sem talið var, að Már hefði ekki verið „bær að lögum til að gera þenna löggerning, þar sem honum hafði ekki verið veitt lögleg prókúra." Var ráðstöfun hans því eigi talin bindandi fyrir K.F.S. Samkvæmt þessu hafði víxilréttur stefnanda á hendur K.F.S. liðið undir lok vegna vangeymslu, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Mál þetta var síðan höfðað, eins og fyrr greinir, með stefnu, út gefinni 18. febrúar 1947, og var dómur kveðinn upp 12. ágúst s. á. í undirrétti. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 9. maí 1949, var sá dómur ómerktur svo og meðferð málsins frá þingfestingu fyrir héraðsdómi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Í máli þessu byggir stefnandi dómkröfur sínar á 74. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Hefur hann annars vegar gert grein fyrir tjóni sínu, hins vegar bent á hagnað stefnda, er auðgazt hafi um 30.000 krónur auk vaxta á kostnað stefnanda. Hefur stefnandi haldið því fram, að andvirði víxils þess, er tekinn var í Sparisjóði Siglufjarðar 6. janúar 1943, hafi runnið til stefnda, enda hafi Gilslaug h/f þá ekki verið til. Enn fremur hafi andvirði víxils þess, er seldur var í Útvegsbankanum, hér í bæ, 13. júlí 1944 runnið til greiðslu áðurnefnds sparisjóðsvíxils. Þá hefur stefnandi og bent á, að Gilslaug h/f hafi verið komin í greiðslu-

þrot um 12. júlí 1944, þar sem félagið hafi þá verið jafnilla statt fjárhagslega, eins og þegar það seinna var tekið til gjaldþrotaskipta, þ. e. hinn 24. ágúst 1946, en þá fengust aðeins greidd 20.282% upp í forgangskröfur, og varð því ekkert greitt upp í almennar kröfur. Eignir h/f Gilslaugar hafi á uppboði 31. ágúst 1946 verið lagðar út 1. veðréttarhafa (stefnanda) fyrir kr. 40.000.00. Gangverð eignanna hafi á árunum 1946—1949 verið um 40.000—50.000 krónur.

Stefnda hefur reist sýknukröfu sína aðallega á eftirfarandi atriðum: Gilslaug h/f sé raunverulega stofnuð 24. október 1942 og sé félag það hinn eiginlegi skuldari samkvæmt sparisjóðsvíxlinum. Stjórn K.F.S. hafi með áðurgreindri samþykkt 18. september 1942 einungis heimilað, að nauðsynlegar greiðslur yrðu inntar af hendi til undirbúningsstarfs vegna Gilslaugar h/f, og skyldu þær greiðslur eigi fara fram úr hlutafjárframlagi félagsins. Sigurður Tómasson kaupfélagsstjóri hafði tekið oftnefndan sparisjóðsvíxil án samþykkis kaupfélagsstjórnarinnar. Víxill þessi sé hvergi bókfærður hjá K.F.S., en hins vegar hjá Gilslaugu h/f. Ósannað sé, að andvirði hans hafi runnið til stefnda. Enn fremur sé ósannað, að andvirði síðari víxilsins, þess er seldur var í Útvegsbankanum, hafi runnið til greiðslu sparisjóðsvíxilsins. Gilslaug h/f hafi verið sæmilega statt fjárhagslega um 13. júlí 1944. Hafi félagið þá átt eignir umfram skuldir og átt greiðan aðgang að rekstrarfé.

Því er ómótmælt í máli þessu, að stefnandi hafi beðið tjón. Hins vegar kemur til álita sú staðhæfing stefnanda, að stefnda hafi hagnazt að sama skapi, þ. e. hvort stefnda vinnur fé úr hendi stefnanda, ef fjárheimta þessi fellur niður. Að vísu má orða það svo, að stefnda hafi hagnazt á því, að víxilréttur gegn því féll niður. En það sama mætti segja um alla víxilskuldara, sem víxilréttur glatast gegn. Telja verður, að 74. gr. víxillaganna eigi ekki við þessi tilvik. Víxilskuldin er formskuld. Þegar hún fellur niður fyrir vangeymslu, eins og hér hefur átt sér stað, koma til greina þau lögskipti, sem liggja bak við útgáfu víxilsins. Hér verður því að rannsaka, hver síðast átti að svara til kröfu þeirrar, sem lá til grundvallar útgáfu téðs sparisjóðsvíxils.

Umboðsmaður stefnanda hefur hreyft því í málflutningi sínum, að Gilslaug h/f geti ekki talizt skuldari að sparisjóðsvíxlinum svokallaða, þar sem það félag hafi þá ekki verið til. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, var um þetta leyti starfandi bráðabirgðastjórn, er vann að endanlegri stofnun þessa félags. Í þeirri stjórn var Sigurður Tómasson, þáverandi kaup-

félagsstjóri, og virðist undirbúningsstarfið hafa hvílt aðallega á herðum hans. Að hans sögn var margnefndur sparisjóðsvíxill tekinn vegna þarfa Gilslaugar h/f. Meðstjórnendur Sigurðar í bráðabirgðastjórninni telja einnig, að andvirði víxils þessa hafi verið varið í þágu Gilslaugar h/f og hafi því félagi borið að greiða þessa fjárhæð endanlega. Víxill þessi var bókfærður hjá Gilslaugu h/f. Hins vegar hefur hann hvergi sézt færður í bókum stefnda. Í ársskýrslu K.F.S. fyrir starfsárið 1943 segir m. a., að K.F.S. standi í 30.000 króna ábyrgð fyrir h/f Gilslaug, og mun þar átt við víxilskuld þessa. Loks er því ómótmælt af stefnanda, að stefnda hefði átt aðgangsrétt að h/f Gilslaugu, ef það hefði orðið að greiða umrædda skuld samkvæmt víxilrétti, og virðist þessi staðreynd þegjandi viðurkennd og sjálfsögð af öðrum aðiljum, sem hér koma við sögu. Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að hinn raunverulegi skuldari í kröfuréttarsambandi því, er lá til grundvallar áðurnefndum sparisjóðsvíxli, hafi verið Gilslaug h/f. Það félag bar því lokaábyrgð á greiðslu kröfunnar. Stefnda bar einungis ábyrgð á greiðslu kröfu þessarar samkvæmt víxilrétti. Kröfuréttur stefnanda á hendur því féll því niður, um leið og víxilrétturinn glataðist sökum vangeymslu, eins og áður er lýst. Að áliti dómarans skiptir það jafnvel ekki máli, þótt talið yrði, að andvirði margnefnds víxils hefði runnið til greiðslu á skuldum Gilslaugar h/f við stefnda, en það er og engan veginn sannað. Að vísu segir Sigurður Tómasson, að ábyggilega hafi nokkur hluti af andvirði téðs víxils runnið til greiðslu skulda við stefnda, en óupplýst er, hvaða skuldir þetta voru né hvað þær námu hárri fjárhæð. Önnur vitni, sem borið hafa um þetta atriði, virðast hafa vitneskju sína að meira eða minna leyti frá Sigurði. Það verður því að líta svo á, að ekki hafi tekizt að leiða nægjanlega í ljós, hvernig andvirði víxils þessa var ráðstafað. Sú staðhæfing stefnanda, að sparisjóðsvíxillinn hafi verið greiddur með Útvegsbankavíxlinum, hefur hins vegar við allsterkar líkur að styðjast, en verður þó, eins og á stendur, eigi talin fullsönnuð. Samkvæmt framanrituðu virðist ekki þörf á að kveða á um það, hvernig fjárhagur h/f Gilslaugar var sumarið 1944 né hvort stefnda hefur að öllu samanlögðu borið meira úr býtum en aðrir kröfuhafar í skiptum sínum við Gilslaugu h/f.

Með hliðsjón af framanskráðu verður eigi talið, að stefnda hafi í skilningi 74. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933 auðgazt á kostnað stefnanda í framangreindum lögskiptum. Ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Friðjón Þórðarson settur bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Útibús Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 71/1955. **Ákæruvaldið** (Vilhjálmur Jónsson)
gegn
Erlingi Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði í máli þessu, hafa framhaldspróf verið háð og vitni eiðfest.

Um meiðsli drengsins Ragnars Hafliðasonar segir svo í skýrslu Bjarna Guðmundssonar héraðslæknis, dags. 20. nóvember 1954:

„Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, var lítið meiddur. Hann var með lítið sár á enni, tognun á hægri handlegg og smámar á baki. Fór heim samdægurs".

Samkvæmt þessari skýrslu héraðslæknisins hafa meiðsli Ragnars ekki verið svo mikil sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á ákvæðum 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti er brotum ákærða rétt lýst og þau rétt færð til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Erlingur Guðmundsson, sæti varðhaldi 4 mánuði.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Vilhjálms Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 16. marz 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 16. marz, klukkan 14.30, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af hinum reglulega dómara, Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1954: Ákæruvaldið gegn Erlingi Guðmundssyni, sem dómtekið var 2. s. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans gegn Erlingi Guðmundssyni smiði, til heimilis að Aðalstræti 41, Patreksfirði, fyrir:

1. Brot á 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 21. gr. sbr. 1. mgr. 93. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180/1941.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa laugardaginn 21. nóvember 1953, um klukkan 14.40, ekið bifreiðinni B 115 niður (suður) Urðargötu á Patreksfirði án þess að sýna næga aðgæzlu við mót Aðalstrætis og stanza nægilega tímanlega fyrir umferð, er kom honum á vinstri hönd, bifreiðinni B 65, með þeim afleiðingum, að bifreiðar þessar rákust saman.

2. Brot á 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið greind lagaákvæði með því að hafa föstudaginn 2. júlí 1954, um klukkan 11 árdegis, ekið bifreiðinni B 115 ógætilega og eftir atvikum of hratt austur (upp) Aðalstræti á Patreksfirði, þar sem hann missti stjórn á bifreiðinni við mót Urðargötu og þrír drengir urðu fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að tveir þeirra, Gunnsteinn R. Friðgeirsson, fæddur 13. maí 1948, og Guðjón Magnússon, fæddur 17. ágúst 1945, báðir til heimilis á Patreksfirði, létust af völdum slyss þessa, en sá þriðji, Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, einnig til heimilis á Patreksfirði, slasaðist talsvert.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir brot á 1. og 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga svo og 2. og 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9 gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða. En þessi lagaákvæði þykir ákærði hafa brotið með því að hafa í síðar greindu tilviki hér að framan ekið bifreiðinni B 115 með vota hemla, bilaðan handhemil, slitin og því ekki nægilega traust og örugg stjórnartæki.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum og til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærði er fæddur á Patreksfirði 11. maí 1931.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1946 15/8 Barðastrandarsýsla. Áminning fyrir brot á hegningarlögum og bifreiðalögum.

1947 15/6 Barðastrandarsýsla. Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Vestur-Barðastrandarsýslu.

Málavextir eru þessir:

Í fyrsta lagi:

Laugardaginn 21. nóvember 1953, um klukkan 14.40, ók ákærði bifreiðinni B 115 niður (suður) Urðargötu í átt að vegamótum hennar við Aðalstræti og Bjarkagötu. Ætlaði hann að beygja til hægri inn á Aðalstræti, en í því kemur bifreiðin B 65 ákærða á vinstri hönd úr Aðalstræti og beygir til hægri í stefnu inn í Bjarkagötu. Rákust bifreiðarnar saman og skemmdust nokkuð. Augljóst var, að ákærði hafði hemlað bifreið sína rétt fyrir áreksturinn, en samt færðist bifreiðin B 65 ca 20 cm út á hlið til vinstri við áreksturinn, en eftir hann voru bifreiðarnar saman kræktar. Virðist augljóst, að B 115 hefur ekki verið stönzuð, er áreksturinn

varð. Bjart var af degi, skyggni gott, bifreiðarstjórarnir gátu séð hvor til annars ferða í tæka tíð. Vegurinn var blautur ófrosinn malarvegur og ekki sleipur. Ákærði átti að hafa vakandi auga á umferð frá vinstri úr Aðalstræti og vera reiðubúinn til að stöðva bifreið sína í tæka tíð í tilhliðrunarskyni við hana. Það var hann ekki, og verður því að telja, að hann eigi að því leyti sök á árekstrinum og hafi gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 21. gr. sbr. 1. mgr. 93. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180/1941.

Í öðru lagi:

Um klukkan 10 að morgni föstudaginn 2. júlí 1954 hóf ákærði akstur á bifreið sinni B 115 við húsið nr. 15 við Aðalstræti á Patreksfirði og ætlaði inn á Geirseyri. Bifreiðin er 6 manna Pontiack fólksbifreið. Einn maður var með honum í bifreiðinni. Þegar hann kom upp á gatnamótin á Aðalstræti og Urðargötu, hlupu þrjú börn fram á veginn, rétt ofan við gatnamótin, og voru þau að elta hund. Segir ákærði, að eitt barnið hafi komið frá vinstri, en tvö frá hægri. Hann kveðst þá hafa gefið hljóðmerki. Börnin hafi þá fyrst ætlað að hlaupa útaf veginum til vinstri, svo hann hafi sveigt aðeins til hægri, en rétt í því hafi þau öll snúið við og hlaupið til hægri, og telur hann, að þau hafi öll orðið fyrir bílnum á hægri kanti vegarins, rétt áður en framendi bílsins fór út af veginum, og hafi þau ýtzt á undan bílnum niður í gröfina milli vegarins og hússins nr. 10 við Aðalstræti og upp að steinstéttinni, sem liggur frá efri enda hússins yfir á götuna.

Það voru þrír drengir, sem fyrir bifreiðinni urðu, tveir þeirra biðu bana, en einn slapp með minni háttar meiðsli.

Gunnsteinn R. Friðgeirsson, fæddur 13. maí 1948, beið bana á slysstaðnum. Guðjón Magnússon, fæddur 17. ágúst 1945, andaðist af meiðslum eftir fáar klukkustundir. Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, var lítið meiddur og var sendur heim af sjúkrahúsi samdægurs.

Ákærði sótti strax eftir slysið sjálfur lækni, sem kom tafarlaust á slysstaðinn.

Ákærði telur sig hafa ekið bifreiðinni í 3. ganghraðastigi, er hann kom að gatnamótum Aðalstrætis og Urðargötu, en þar hafi hann skipt niður í 2. ganghraðastig, þar hefst brekka framundan. Hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur. Ákærði kveðst ekki hafa ekið hart, en telur, að hann hafi ekki hemlað bifreiðina, fyrr en um það bil er hann sveigði til hægri, en rétt í því sneru börnin

við, og þá sá hann, að þau mundu verða fyrir bifreiðinni. Hann segir, að bifreiðin hafi runnið hægt út af veginum.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður, er hann hóf akturinn, óþreyttur, vel sofinn og ekki undir áhrifum áfengis.

Himininn var skýjaður og sólskinslaust og skyggni gott, er slysið varð. Vegurinn var þurr malarvegur og brekka framundan.

Björn Guðmundsson smiður, sem var með ákærða í bifreiðinni, er slysið varð, hefur sem vitni borið það, að bifreiðin hafi ekki verið á mikilli ferð, er slysið vildi til, ekki mikið yfir 15 km, miðað við klukkustund, en hann kveðst þá hafa verið að skrúfa niður rúðu, og því séu sér atvik ekki svo ljós sem gera hefði mátt ráð fyrir. Hann kveðst hafa heyrt hljóðmerki bifreiðarinnar, þegar hún var rétt um gatnamótin. Leit hann þá upp og sá hund og krakka framundan. Hann kveðst hafa orðið þess var, að ákærði hemlaði, og ekki varð hann þess var, að honum fataðist í sambandi við meðferð á stjórntækjum bifreiðarinnar, en ekki geti hann gert sér frekari grein fyrir atvikum, og kveðst hann hafa farið í eins konar leiðslu út úr bílnum og telur það stafa af því, að honum hafi brugðið mjög við atvikin. Hann varð ekki fyrir neinum áverka.

Vitnið Helga Hólm Helgadóttir var stödd á Aðalstræti um það bil 15—20 metra frá bifreiðinni og gekk á móti henni, er slysið varð. Hún heyrði hljóðmerki frá bifreiðinni. Leit hún þá upp, sá bifreiðina og drengi á hlaupum rétt framan við hana, og virtist henni, að þeir væru að reyna að forða sér út af götunni, en bifreiðin kastaðist til í sömu átt sem drengirnir hlupu í og rann upp að húsinu. Hún telur sig ekki hafa skynjað ákeyrsluna, en kveðst á eftir hafa séð einn dreng liggja í grasinu og annan hálfan útundan bifreiðinni að framan. Hún gat ekkert upplýst um hraða bifreiðarinnar, en telur, að hljóðmerkið hafi verið gefið, um leið og slysið var að ske, því hún leit strax upp, er hún heyrði merkið, sá þá drengina á hlaupum og bifreiðina kastast til og renna upp að húsinu.

Vitnið Grétar Páll Guðfinnsson smiður, var að vinna að viðbyggingu hússins Aðalstræti 8, er hann heyrði hljóðmerki bifreiðarinnar B 115, sem fór upp Aðalstræti, að því er honum virtist í hraðara lagi. Hann sá eitt barn á götunni framundan bifreiðinni, og virtist honum það verða fyrir henni. Hljóp hann strax á slysstaðinn ásamt Ólafi D. Hansen smiði, sem var að vinna með honum. Er þangað kom, voru ákærði og Björn Guðmundsson komnir út úr bifreiðinni, og voru þeir að reyna að ýta henni til baka. Telur hann, að drengirnir Ragnar og Guðjón hafi þá legið

á steinstéttinni við Aðalstræti 10, rétt framan við bifreiðina, en Gunnsteinn var klemmdur í horninu milli steinstéttarinnar, hússins og bifreiðarinnar. Telur vitnið, að drengurinn hafi þá verið andaður.

Vitnið hjálpaði til við að ýta bifreiðinni til baka og losa drenginn.

Vitnið Ólafur D. Hansen, sem var að vinnu með vitninu Grétari Páli, heyrði hljóðmerkið, sá bifreiðina og einn drenginn hlaupa yfir götuna, en rétt í því hvarf bifreiðin bak við húsið Aðalstræti 10. Vitnið kveðst ímynda sér, að bifreiðin hafi alltaf verið á 20 km hraða, miðað við klukkustund. Því virtist Gunnsteinn vera andaður, er það kom á slysstaðinn.

Vitnið Kjartan Ingimundarson var að vinna í ca 100 metra fjarlægð frá slysstaðnum. Hann heyrði smellinn af því, að bifreiðin B 115 skall í húsið nr. 10 við Aðalstræti, og hljóp hann á slysstaðinn ásamt vitninu Reyni Sigurþórssyni. Þeir aðstoðuðu við að ýta bílnum til baka og flytja drengina á sjúkrahús.

Vitnið Reynir telur, að Gunnsteinn hafi andazt, rétt eftir að hann losnaði úr klemmunni.

Héraðslæknirinn gerði dómaranum aðvart um slysið, strax eftir að drengirnir höfðu verið fluttir í sjúkrahúsið. Þá var klukkan 11.10 árdegis. Dómarinn fór strax á slysstaðinn og gerði afstöðumælingar. Bifreiðinni hafði verið ýtt upp á götuna, en glöggt mátti sjá af hjólförum og beyglum á bárublikki á húsinu nr. 10 við Aðalstræti, hvar bifreiðin hafði stöðvazt. Hemlaáhrifa virtist gæta á hjólförum bifreiðarinnar 2.5—3 metra aftur frá þeim stað, sem bifreiðin stöðvaðist á, eða um það bil frá því sem förin beygðu til hægri. Vegurinn var þurr malarvegur, skyggni gott og sólskinslaust.

Dómarinn fól bifreiðaeftirlitsmanninum Árna Bæringssyni að athuga bifreiðina B 115. Gaf hann fyrir dómi skýrslu um ástand bifreiðarinnar á þessa leið:

„Segir hann, að er hann reyndi fóthemla bifreiðarinnar fyrst eftir slysið, hafi sér ekki virzt þeir verka alveg fullkomlega strax. En er hann reyndi þá aftur klukkan 17 sama dag, virtist honum þeir verka í bezta lagi. Bendir hann á, að þetta geti stafað af því, að hemlarnir hafi verið eitthvað blautir um miðjan daginn eftir fyrri notkun. Hann kveðst hafa athugað förin aftan við bifreiðina, áður en hún var tekin af slysstaðnum, og virtist honum þau gefa til kynna, að hemlum hafi verið beitt á ca 3 metra hjólförum, áður en bifreiðin stöðvaðist, svo fremi förin hafi verið eftir afturhjólin. Hann telur, að handhemill hafi verið óvirkur.

Varðandi stýrið tekur mættur fram, að ætla mætti, að bifreiðin væri hvikul á miklum ökuhraða. Byggir hann þetta álit á því, að hann varð var við slit í armi í sambandi við stýrisstangir svo og í spindilboltanum. Annað telur hann ekki athugavert við bifreiðina í sambandi við þetta mál."

Ákærði hefur bent á það, að hann teldi líklegt, að hemlar bifreiðarinnar B 115 hafi verið blautir, er slysið varð, eftir akstur á blautum vegi nóttina áður.

Umsögn bifreiðaeftirlitsmannsins Árna Bæringssonar styður þessa tilgátu.

Meðeigandi bifreiðarinnar, vitnið Richard Kristjánsson, hefur skýrt frá því, að hann hafi komið á bifreiðinni frá Bíldudal um klukkan 5 að morgni 2. júlí og hafi leiðin öll verið blaut og hann hafi ekið yfir Hólsána í Bíldudal, en vegurinn liggur tvisvar yfir ána.

Samkvæmt framanskráðu virðast atvik og aðstæður að slysinu hafa verið á þessa lund:

Ákærði er óþreyttur, vel sofinn og ekki undir áhrifum áfengis. Hann er meðeigandi að bifreiðinni B 115. Hann tekur hana heima hjá hinum eigandanum, Richard Kristjánssyni, sem hafði komið á henni yfir ár og eftir blautum vegi frá Bíldudal og skilið hana eftir heima hjá sér um klukkan 5 um morguninn. Hemlar bifreiðarinnar voru ekki orðnir fullþurrir, þegar ákærði ekur af stað, auk þess er handhemill óvirkur og nokkurt slit er í stýrisútbúnaði, sem getur valdið því, að bifreiðin verði hvikul á miklum ökuhraða. Ákærði ekur upp Aðalstræti á hraða, sem hann telur ekki mikinn og sem vitnið Björn Guðmundsson, sem var í bifreiðinni, telur, að hafi aldrei verið mikið yfir 15 km á klukkustund, en sem áhorfendur telja „í hraðara lagi" og „alltaf 20 km hraða".

Er ákærði kemur að gatnamótum Aðalstrætis og Urðargötu, sér hann 3 börn hlaupa út á veginn, eitt frá vinstri og tvö frá hægri. Gaf hann þá hljóðmerki, sveigði lítið eitt til hægri, að því er hann segir, gerandi ráð fyrir, að börnin hlaupi út af veginum til vinstri, en í því hlaupa þau til hægri. Ákærði hemlar bifreiðina, en getur ekki stöðvað hana, börnin verða fyrir henni og ýtast á undan henni, unz hún stöðvast, er hægra framhorn hennar rekst á húsið nr. 10 við Aðalstræti. Börnin slasast, svo sem að framan er lýst.

Svo virðist sem hljóðmerkið hafi verið gefið, rétt í því er slysið er að verða, og að börnin hafi ekkert svigrúm haft til að forða sér. Virðist mega draga þessa ályktun af framburðum sjónarvotta, sem allir líta upp við hljóðmerkið, en rétt í því virðast börnin verða fyrir bifreiðinni.

Dómarinn lítur svo á, að slys þetta hafi orsakazt af of hröðum akstri ákærða, eftir aðstæðum. Telja verður, að á þeim stað, sem slysið varð á, sem er mjög fjölfarinn, megi ekki aka hraðar en svo, að hægt sé að stöðva ökutækið þegar í stað. Jafnframt verður að telja, að ákærði hefði átt að draga úr ökuhraða bifreiðarinnar eftir föngum, strax er hann varð var barnanna á veginum, ekki sízt, þar sem augljóst mátti telja, að hugur barnanna væri upptekinn af eltingaleiknum við hundinn. Í þess stað gefur ákærði hljóðmerki rétt hjá börnunum, að því er virðist um leið og hann ætlar að aka fram hjá þeim. Framendi bifreiðarinnar, hægra hjól, virðist hafa verið að renna út af veginum hægra megin, þegar hemlum er beitt, bifreiðin rennur áfram ca 3 metra eftir það og skellur með allþungu höggi í húsvegginn. Við árekstur inn beyglaðist bárublikkið á húsinu mikið, og skellurinn heyrðist í 100 metra fjarlægð og vakti athygli manna, sem þar voru að vinna.

Þessi brot ákærða varða að áliti dómarans við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Það athæfi ákærða að aka bifreiðinni B 115 með vota hemla, bilaðan handhemil, slitin og því ekki nægilega traust og örugg stjórntæki þykir varða við 1. og 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga svo og við 2. og 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald.

Þá þykir og rétt með hliðsjón af 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá 2. júlí 1954 að telja.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Erlingur Guðmundsson, sæti 3 mánaða varðhaldi.

Hann er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 2. júlí 1954 að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 182/1955. **Þorlákur Björnsson**

gegn

Hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins og Jóni Kjartanssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 3. desember f. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð fógetadóms Skaftafellssýslu sama dag, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víki sæti í máli hreppsnefndar Dyrhólahrepps f. h. hreppsins gegn sóknaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og fógeta gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent kröfur né greinargerðir í málinu.

Í framangreindu fógetadómsmáli byggir sóknaraðili kröfu sína um synjun lögtaks á því, að rangt sé tilgreindur framlagningardagur útsvarsskrár Dyrhólahrepps árið 1954 og útsvarskæra hans, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, hafi því eigi borizt of seint til hreppsnefndar Dyrhólahrepps. Yfirskattanefnd Skaftafellssýslu felldi einróma úrskurð um ágreiningsatriði þetta 29. desember 1954, og var hinn reglulegi fógeti einn nefndarmanna. Að svo vöxnu máli þykir ekki rétt, að hann skipi sæti fógeta í framangreindu lögtaksmáli, þar sem sama málsástæða kemur enn til úrlausnar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðiljanum hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víkur sæti í framangreindu fógetadómsmáli.

Varnaraðili hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins greiði sóknaraðilja, Þorláki Björnssyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Skaftafellssýslu 3. desember 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. nóvember s.l., hefur gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins, krafizt lögtaks í eignum gerðarþola, Þorláks Björnssonar, Eyjarhólum í Dyrhólahreppi, til tryggingar greiðslu á eftirstöðvum útsvars til Dyrhólahrepps, álögðu á árinu 1954, að upphæð kr. 470.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi nauðungaruppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1954 var gerðarþola gert að greiða útsvar til Dyrhólahrepps, að fjárhæð kr. 600.00.

Með bréfi, dags. 1. september 1954, kærði gerðarþoli útsvarsálagningu þessa til hreppsnefndar Dyrhólahrepps og krafðist lækkunar á útsvarinu, en hún vísaði málinu frá sér á þeim forsendum, að kærufrestur væri liðinn.

Gerðarþoli lagði því næst málið fyrir yfirskattanefnd Skaftafellssýslu og krafðist þess, að yfirskattanefnd skyldaði hreppsnefndina til að taka kæru hans fyrir.

Með úrskurði yfirskattanefndar, upp kveðnum 29. desember 1954, vísaði hún málinu frá sér af sömu ástæðu og hreppsnefnd Dyrhólahrepps. Hins vegar tók yfirskattanefnd enga afstöðu til efnishliðar málsins.

Í réttarhaldi 29. nóvember s.l. krafðist gerðarþoli, að fógeti, Jón Kjartansson, viki sæti í máli þessu. Færði hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hann teldi, að fógeti gæti ekki tekið hlutlausa afstöðu í málinu, vegna þess að hann hafi þegar látið í ljós álit sitt á því, hvort útsvarsskrá Dyrhólahrepps hefði legið frammi lögákveðinn tíma, með því að taka þátt í úrskurði yfirskattanefndar 29. desember 1954, sbr. rskj. nr. 6. Enn fremur taldi hann, að fógeti ætti að víkja sæti, þar sem hann væri náinn venzlamaður fyrirsvarsmanns hreppsnefndar Dyrhólahrepps, Sigurðar B. Gunnarssonar oddvita.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir fógeta að víkja sæti.

Enda þótt fógeti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi tekið þátt í úrskurði yfirskattanefndar um frávísun á útsvarskæru gerðarþola, þá lítur rétturinn svo á, að afskipti fógeta af máli þessu hafi verið svo lítil, að engin ástæða er til að ætla hann hlutdrægan um að leggja efnisdóm á það, enda engar sönnur færðar fyrir slíkri staðhæfingu.

Fógeti er giftur systur konu oddvita Dyrhólahrepps, en slíkt samband veldur ekki vanhæfi fógeta til að fara með málið, sbr. 36. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936, enda verður að telja, að hann sé ekki svo við málið eða málsaðilja riðinn, að úrslit málsins valdi honum fjárhagslegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki.

Er því að áliti réttarins engin ástæða fyrir fógeta til að víkja sæti, og verður krafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:
Fógeti víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 183/1955. **Kristján Bjarnason**
gegn
Hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins og Jóni Kjartanssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 3. desember f. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð fógetadóms Skaftafellssýslu sama dag, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víki sæti í máli

hreppsnefndar Dyrhólahrepps f. h. hreppsins gegn sóknaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og fógeta gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent kröfur né greinargerðir í málinu.

Í framangreindu fógetadómsmáli byggir sóknaraðili kröfu sína um synjun lögtaks á því, að rangt sé tilgreindur framlagningardagur útsvarsskrár Dyrhólahrepps árið 1954 og útsvarskæra hans, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, hafi því eigi borizt of seint til hreppsnefndar Dyrhólahrepps. Yfirskattanefnd Skaftafellssýslu felldi einróma úrskurð um ágreiningsatriði þetta 29. desember 1954, og var hinn reglulegi fógeti einn nefndarmanna. Að svo vöxnu máli þykir ekki rétt, að hann skipi sæti fógeta í framangreindu lögtaksmáli, þar sem sama málsástæða kemur enn til úrlausnar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðiljanum hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víkur sæti í framangreindu fógetadómsmáli.

Varnaraðili hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins greiði sóknaraðilja, Kristjáni Bjarnasyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Skaftafellssýslu 3. desember 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. nóvember s.l., hefur gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins, krafizt lögtaks í eignum gerðarþola, Kristjáns Bjarnasonar, Hvoli II í Dyrhólahreppi, til tryggingar greiðslu á útsvari til Dyrhólahrepps, álögðu á árinu 1954, að upphæð kr. 1920.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi nauðungaruppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1954 var gerðarþola gert að greiða útsvar til Dyrhólahrepps, að fjárhæð kr. 1920.00.

Með bréfi, dags. 29/8 1954, kærði gerðarþoli útsvarsálagningu þessa til hreppsnefndar Dyrhólahrepps, og krafðist lækkunar á útsvarinu, en hún vísaði málinu frá sér á þeim forsendum, að kærufrestur væri liðinn.

Gerðarþoli lagði því næst málið fyrir yfirskattanefnd Skaftafellssýslu og krafðist þess, að yfirskattanefnd skyldaði hreppsnefndina til að taka kæru hans fyrir.

Með úrskurði yfirskattanefndar, upp kveðnum 29. desember 1954, vísaði hún málinu frá sér af sömu ástæðu og hreppsnefnd Dyrhólahrepps. Hins vegar tók yfirskattanefnd enga afstöðu til efnishliðar málsins.

Í réttarhaldi 29. nóvember s.l. krafðist umboðsmaður gerðarþola, að fógeti, Jón Kjartansson, víki sæti í máli þessu. Færði hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hann teldi, að fógeti gæti ekki tekið hlutlausa afstöðu í málinu, vegna þess að hann hafi þegar látið í ljós álit sitt á því, hvort útsvarsskrá Dyrhólahrepps hefði legið frammi lögákveðinn tíma, með því að taka þátt í úrskurði yfirskattanefndar 29/12 1954, sbr. rskj. nr. 5. Enn fremur taldi hann, að fógeti ætti að víkja sæti, þar sem hann væri náinn venzlamaður fyrirsvarsmanns hreppsnefndar Dyrhólahrepps, Sigurðar B. Gunnarssonar oddvita.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir fógeta að víkja sæti.

Enda þótt fógeti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi tekið þátt í úrskurði yfirskattanefndar um frávísun á útsvarskæru gerðarþola, þá lítur rétturinn svo á, að afskipti fógeta af máli þessu hafi verið svo lítil, að engin ástæða er til að ætla hann hlutdrægan um að leggja efnisdóm á það, enda engar sönnur færðar fyrir slíkri staðhæfingu.

Fógeti er giftur systur konu oddvita Dyrhólahrepps, en slíkt samband veldur ekki vanhæfi fógeta til að fara með málið, sbr. 36. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936, enda verður að telja, að hann sé ekki svo við málið eða málsaðilja riðinn, að úrslit málsins valdi honum fjárhagslegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki.

Er því að áliti réttarins engin ástæða fyrir fógeta til að víkja sæti, og verður krafa umboðsmanns gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Fógeti víkur ekki sæti í máli þessu.

Föstudaginn 20. janúar 1956.

Nr. 181/1955. **Jón Guðmundsson**
gegn
Kristjáni Eiríkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. nóvember 1955, sem hingað barst 9. desember sama ár, skotið til Hæstaréttar hinum kærða frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 17. nóvember 1955. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Kröfuliður sá, sem vísað var frá dómi í héraði í gagnsökinni, er mjög vanreifaður, en af gögnum málsins er ljóst, að sóknaraðilja var unnt að gera nánari grein fyrir honum. Með því að sóknaraðili varð ekki við þeim tilmælum héraðsdómara að reifa kröfulið þenna til hlítar, ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Kristjáni Eiríkssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Kristján Eiríksson hdl., Laugavegi 27, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. september 1952, gegn Jóni Guðmunds-

syni veitingamanni, Hjallavegi 21, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.000.00, með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, er lagt var á húseignina Bárugötu 15, Akranesi, hinn 27. september 1952 til tryggingar hinni umstefndu skuld.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að fyrrgreind löghaldsgerð verði felld úr gildi.

Með stefnu, út gefinni 3. október 1952, höfðaði stefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.000.00. Hefur gagnstefnandi krafizt þess, að þeirri fjárhæð verði skuldajafnað við kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Í gagnsök hefur gagnstefndi krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með makaskiptasamningi, dags. 15. apríl 1949, seldi aðalstefndi Óskari nokkrum Eggertssyni húseignina Bárugötu 15, Akranesi, og skyldi kaupverðið meðal annars greitt með því, að Óskar þessi tók að sér greiðslu á ýmsum skuldum aðalstefnda. Meðal skulda þessara var skuld samkvæmt víxli, upphaflega að fjárhæð kr. 160.000.00, en samkvæmt makaskiptasamningnum að eftirstöðvum kr. 35.000.00, og var skuld þessi tryggð með 2. veðrétti í hinni seldu húseign. Síðar kom í ljós, að eftirstöðvar víxils þessa voru kr. 45.000.00, og með framsali, dags. 26. september 1952, framseldi Óskar Eggertsson aðalstefnanda kröfu sína á hendur aðalstefnda um endurgreiðslu á mismun fjárhæða þessara, eða kr. 10.000.00, sem er stefnukrafan í aðalsök.

Aðalstefndi hefur viðurkennt, að hann hafi af misminni, er umræddur makaskiptasamningur var gerður, talið, að eftirstöðvar fyrrgreinds víxils væru kr. 10.000.00 lægri en rétt var. Hins vegar hafi hann til þess að bæta úr mistökum þessum tvisvar greitt afborganir af tveimur tilgreindum víxlum, er Óskar Eggertsson samkvæmt makaskiptasamningnum hafði tekið að sér skilvísa greiðslu á, en eigi getað innt af hendi á réttum gjalddögum vegna fjárhagsörðugleika. Fyrri afborgunin hafi verið af víxilskuld við Búnaðarbanka Íslands samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 45.000.00, með gjalddaga 20. maí 1949 (dskj. 4 og 7, 2. tl. A, d). Afborgun þessi ásamt vöxtum og kostnaði hafi numið kr. 6.013.35. Síðari afborgunin hafi verið af víxilskuld við Landsbanka Íslands samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 50.000.00, er féll í gjalddaga 18. maí 1949. Þessi afborgun ásamt vöxtum og kostnaði hafi numið kr. 6.775.20. Þannig hafi aðalstefndi greitt samtals kr. 12.788.55

fyrir aðalstefnanda, og eru kr. 10.000.00 af þeirri fjárhæð stefnukrafan í gagnsök. Aðalstefnandi hefur viðurkennt, að aðalstefndi hafi innt af hendi fyrri afborgunina fyrir Óskar Eggertsson, en telur, að aðalstefndi skuldi Óskari hins vegar ýmsar kröfur frá fyrri hluta árs 1949, og hafi það verið ætlun þeirra, Óskars og aðalstefnda, að kröfur þessar kæmu til skuldajafnaðar við fyrrgreinda víxilafborgun. Óskar Eggertsson hefur verið leiddur sem vitni í málinu. Hefur hann skýrt svo frá um þetta atriði, að hann og aðalstefndi hafi rekið hótelið á Akranesi í sameiningu frá 8. marz 1949 til 14. apríl s. á., og eigi gagnstefnandi honum skuldir að gjalda vegna þess sameiginlega rekstrar. Er honum lauk, hafi gagnstefnandi talið, að sameiginlegar skuldir af rekstri gistihússins væru kr. 1.000.00 og skyldi vitnið taka að sér greiðslu þeirra. Síðar hafi þó komið í ljós, að skuldir þessar námu mun hærri fjárhæð, eða um kr. 10.000.00. Skuldir þessar allar kveðst vitnið hafa greitt, en enga endurgreiðslu fengið frá gagnstefnanda. Þá telur vitnið, að gagnstefnandi skuldi því fyrir fæði tveggja barna fósturdóttur gagnstefnanda svo og fyrir fæði 16 ára stúlku, er gætti barna þessara, fyrir tímabilið 8. marz til 12. apríl 1949, en fólk þetta hafi borðað í gistihúsinu án endurgjalds. Telur vitnið, að gagnstefnandi eigi að greiða fæði þess a. m. k. að helmingi.

Afborgun af víxilskuld þeirri við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 50.000.00, sem fyrr getur, telur aðalstefnandi Óskari Eggertssyni óviðkomandi, þar sem þar hafi eigi verið um skuld hans að ræða heldur gagnstefnanda sjálfs. Hefur aðalstefnandi lagt fram endurrit úr veðmálabókum Akraness af umræddum makaskiptasamningi (dskj. 4). Eru skuldir þær, sem Óskar Eggertsson tók að sér að greiða samkvæmt samningi þessum, taldar upp undir tl. 2, staflið A, a—d. Segir svo orðrétt á dskj. 4 um þetta:

„A. Tekið að sér skilvísa og skaðlausa greiðslu á eftirtöldum skuldum seljanda:

a. Skuld við Sparisjóð Mýrasýslu, Borgarnesi, upphaflega að upphæð kr. 85.000.00, en nú að eftirstöðvum .... kr. 72.250.00

b. Skuld við handhafa víxils, upphaflega að upphæð kr. 160.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 35.000.00, en skuld þessi er tryggð með 2. veðrétti í hinni seldu fasteign (en skuldin undir lið a hér að ofan er tryggð með 1. veðrétti í hinni seldu fasteign) ..... kr. 35.000.00

c. Víxilskuld seljanda í Landsbanka Ís-

lands samkvæmt víxli, útg. þann 17. nóv. 1948.

d. Víxilskuld seljanda í Búnaðarbanka Íslands samkv. víxli, útg. 19/11 1948 af Magnúsi Guðmundssyni og samþykktur af Jóni Guðmundssyni til greiðslu 20. maí 1949, að fjárhæð ..... kr. 45.000.00

Samtals kr. 202.250.00".

Gagnstefnandi hefur lagt fram afrit makaskiptasamningsins (dskj. 7). Sýnist það samhljóða dskj. 4 að öðru en því, að liður 2, A, c, á dskj. 7 hljóðar svo: „Víxilskuld seljanda í Landsbanka Íslands samkvæmt víxli, útg. þann 17. nóv. 1948 af Magnúsi Guðmundssyni, með gjalddaga 18. maí 1949, að fjárhæð kr. 50.000.00". Varðandi skuld þessa hefur Óskar Eggertsson skýrt svo frá, að honum sé með öllu ókunnugt um hana, og kveðst hann aldrei hafa greitt neitt af víxli þessum. Hins vegar getur hann enga skýringu á því gefið, hvers vegna samanlögð fjárhæð skulda þeirra, sem hann samkvæmt framansögðu tók að sér greiðslu á, nemi kr. 202.250.00.

Þar sem dómarinn telur frávísunaratriði koma fram í gagnsökinni, þykir með skírskotun til 108. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Aðalstefnandi hefur, eins og fyrr getur, mótmælt því, að afborgun af víxilskuld þeirri við Landsbanka Íslands, sem að framan getur, verði skuldajafnað við kröfu hans í aðalsök, þar sem hér sé um skuld aðalstefnda sjálfs að ræða, sem Óskar Eggertsson hafi aldrei tekið að sér að greiða. Aðalstefndi hefur látið hjá líða að koma fyrir dóm til að tjá sig nánar um kröfu þessa, þrátt fyrir áskorun aðalstefnanda og ábendingar dómarans um nauðsyn þess. Með tilliti til þess og þar sem krafa þessi er vanreifuð, þykir með vísan til 116. gr. laga nr. 85/1936 bera að vísa þessum hluta gagnsakarinnar frá dómi ex officio, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu gagnstefnanda í gagnsök er vísað frá dómi ex officio. — Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 120/1955. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðbirni Helga Ríkarðssyni
(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Fjársvik. Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, en að því er varðar þau lagaboð, sem ákærði er talinn hafa brotið, ber að athuga þetta:

Taka gleraugna úr vasa annars manns með þeim atvikum, sem greinir í kafla III í héraðsdómi, varðar við 244. gr. laga nr. 19/1940. Með óhæfilega hröðum akstri bifreiðarinnar R 2275, sem greint er frá í sama kafla héraðsdóms, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941 svo og 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 24/1941 auk þeirra lagaboða, sem í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða, sem hefur áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot og fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum, þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið ódæmt þjófnaðarbrot ákærða að morgni 3. febrúar 1955, er hann stal einni whiskyflösku og 5 pökkum af vindlingum úti í v/s Helgafelli, svo sem segir í 1. lið ákæruskjals. Þá hefur héraðsdómari ekki rannsakað og látið ódæmda skaðabótakröfu Gísla Óskars Guðmundssonar á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 1100.00.

Loks hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að inna eiganda hljóðfæris þess (trompets), sem um ræðir í kafla IV í héraðsdómi, eftir skaðabótakröfu af hans hálfu á hendur ákærða út af sölu hljóðfæris þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkarðsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. maí 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 17. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1833/1955: Ákæruvaldið gegn Guðbirni Helga Ríkarðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu 11. þ. m., er Guðbjörn Helgi Ríkarðsson verkamaður, Eiríksgötu 11, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin brot:

1) Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar s.l. tekið að ófrjálsu um borð í m/s Helgafelli, sem lá hér í höfninni, 69 bandaríska dollara og 60 krónur íslenzkar svo og fyrir að hafa nefndan miðvikudag tekið að ófrjálsu í sama skipti 1 flösku af whisky og 5 vindlingapakka, en brot þessi teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) Aðfaranótt miðvikudagsins 25. febrúar s.l. tekið bifreið á leigu hér í bænum og látið aka með sig um bæinn, þótt hann hefði eigi fé fyrir ökugjaldinu, sem hann leyndi bifreiðarstjórann. Brot þetta telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

3) Aðfaranótt mánudagsins 28. febrúar s.l. neytt áfengis á dansleik í Þórscafé við Hverfisgötu hér í bæ og tekið að ófrjálsu úr jakkavasa manns nokkurs þarna sólgleraugu. Teljast brot þessi

varða við 245. gr. almennra hegningarlaga og við 1. mgr. 20. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

4) Síðastnefnda nótt ekið bifreiðinni R 2275 ölvaður, hratt og ógætilega víðs vegar hér um bæinn, m. a. eftir Langholtsvegi, þar sem hann ók á umferðarsteina. Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, þykja varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á þeim lögum svo og við 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

5) Nú á s.l. vetri selt í heimildarleysi blásturshljóðfæri, trompet, sem hann hafði að láni frá Þórði Haraldssyni messaþjóni, Hverfisgötu 108, hér í bæ, og slegið eign sinni á andvirðið. Telst þetta brot varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 11. febrúar 1935 hér í bæ, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1949 13/6 Rvík Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.
1950 14/7 Rvík Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
1950 6/10 Rvík Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
1950 17/10 Rvík Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli. Sent barnaverndarnefnd.
1952 8/5 Rvík Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt með skaðabótum.
1952 26/6 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.
1953 18/3 Rvík Kærður fyrir innbrot og þjófnað o. fl. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.
1953 13/4 Rvík Dómur: 1000 króna sekt, 6 mánaða ökuleyfissvipting fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
1953 12/5 Rvík Kærður fyrir þjófnað á áfengi. Fellt niður.
1953 5/12 Rvík Áminning fyrir ölvun á dansleik
1953 23/12 Rvík Áminning fyrir ölvun í bifreið.
1954 9/2 Rvík Sátt: 200 króna sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 8/5 Rvík Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.
1954 8/6 Rvík Áminning fyrir óspektir.
1954 7/10 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1954 30/10 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
1955 21/1 Dómur: Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.
1955 31/1 Rvík Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 22/1 Rvík Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Málavextir eru sem hér segir:

I.

Aðfaranótt 3. febrúar s.l. fór ákærði um borð í m/s Helgafell, sem lá hér í höfninni. Með ákærða var maður að nafni Unnar Ágústsson. Var hann drukkinn og sofnaði í klefa í skipinu. Eftir það fór ákærði ofan í skúffu þarna í klefanum og tók þar 69 bandaríkjadollara, er geymdir voru þar og voru eign Bergs Sólmundssonar skipverja. Var þetta einn 50 dollaraseðill, einn 10 dollara og níu 1 dollars seðlar. Einnig tók hann 60 krónur í íslenzkum peningum úr vasa á jakka, er hékk í klefanum. Ákærði seldi dollarana og notaði peningana, er hann fékk fyrir þá, til drykkjuskaparóreglu.

Hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt hins 25. febrúar s.l., um kl. 0.30, stöðvaði ákærði leigubifreið í miðbænum og fór inn í hana ásamt fólki, er með honum var. Lét hann síðan aka um bæinn stundarlangt. Um síðir rak hann samferðafólk sitt út úr bifreiðinni í Austurstræti og lét síðan aka heim til sín. Skýrði hann þá ökumanninum frá því, að hann ætti enga peninga. Nam ökugjaldið kr. 90.00. Lofaði ákærði að greiða það síðar, en efndi það ekki. Hefur bifreiðarstjórinn, Sigurður Jóhannsson, krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 90 krónur, og verður krafan tekin til greina.

Ákærði hefur með því atferli, er nú var lýst, brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Sunnudagskvöldið 27. febrúar s.l. var ákærði á dansleik í Þórscafé. Neytti hann þar áfengis. Á dansleiknum tók hann að eigin sögn dökk gleraugu úr vasa einhvers manns og stakk á sig. Af dansleiknum fór ákærði í fylgd með kunningja sínum Ingvari Diðrik Júníussyni. Fóru þeir að gömlu Mjólkurstöðinni við Snorrabraut og tóku þar í heimildarleysi bifreiðina R 2275, sem er sendiferðabifreið, eign Mjólkurstöðvarinnar. Átti ákærði allt frumkvæði að töku bifreiðarinnar og kom henni í gang og stýrði henni, en Ingvar Diðrik kom einnig með. Ók ákærði nokkuð um bæinn, en síðan sem leið lá inn á Langholtsveg. Er hann var á leið norður Langholtsveginn, ók hann að eigin sögn á miklum hraða. Missti hann vald á bifreiðinni, og lenti hún utan í steini hægra megin á veginum. Við það fór af hjólbarði á hægra afturhjóli, og drifskaft bifreiðarinnar brotnaði og lá niðri. Rann bifreiðin eftir þetta ca 100 metra, áður en hún stöðvaðist. Ingvar Diðrik telur, að ákærði hafi ekið á Langholtsvegi með ca 100 km hraða, miðað við klukkustund. Ákærði viðurkennir, að hann hafi ekið hratt, enda benda aðstæður eindregið til þess, sbr. það, er áður var lýst.

Refsikrafa var ekki gerð vegna töku bifreiðarinnar.

Ákærði hefur játað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Varðar það við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög 6/1951. Hann er sannur að því að hafa ekið með óheyrilega miklum hraða og þykir með því hafa brotið gegn 2. og 4. mgr. 26. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar nr. 2/1930. Með töku sólgleraugnanna hefur hann brotið gegn 245. gr. almennra hegningarlaga. Með áfengisneyzlu á veitingastað hefur hann brotið gegn 20. gr. sbr. 43. gr. laga nr. 58/1954. Önnur lagaboð, er greinir undir 3—4 í ákæru, þykir hann ekki hafa brotið.

Mjólkursamsalan hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða bætur, að upphæð kr. 2202.00, vegna skemmda á bifreiðinni. Hefur verið lagður fram sundurliðaður reikningur yfir viðgerðarkostnað. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

IV.

Í vetur fékk ákærði léðan trompet hjá kunningja sínum Þórði Haraldssyni. Hugðist hann reyna að æfa trompetleik. Daginn eftir var ákærði ölvaður. Seldi hann þá trompetinn í verzluninni Rín

fyrir 500 krónur, er hann eyddi. Trompetinn var síðan seldur í verzluninni, og er eigi vitað, hver keypti hann. Skaðabótakrafa hefur ekki komið fram út af þessu.

Ákærði hefur með nefndu atferli brotið gegn 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

V.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt.

Dæma ber ákærða til greiðslu bóta samkvæmt því, er að framan greinir, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkarðsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að því leyti.

Ákærði greiði Sigurði Jóhannssyni kr. 90.00 og Mjólkursamsölunni kr. 2202.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 147/1954. **Helgi Benediktsson** (Sigurður E. Ólason)
gegn
Jóni Kristjánssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gerðardómur. Skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður hefur sem setudómari kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1954. Hann krefst þess, að úr gildi verði felldur úrskurður gerðardóms, er í málinu greinir, honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið gjafsóknarleyfi 28. október 1954 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 2. nóvember 1954. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 28.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 25.000.00 frá 14. október 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun talsmanns hans í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Aðaláfrýjanda ber að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti gagnáfrýjandi þar af kr. 500.00, en ríkissjóður kr. 3000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málflutningslaun Magnúsar hæstaréttarlögmanns

Thorlacius, talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Kristjánssonar, fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti gagnáfrýjandi þar af kr. 500.00, en ríkissjóður kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. ágúst 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 31. júlí s.l., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Jóni Kristjánssyni, Kirkjubóli, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 22. september 1953, birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum. Hefur stefnandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, gert þær réttarkröfur, að gerðardómur í samnefndu máli milli sömu aðilja frá 24. marz 1953 samkvæmt lögum nr. 100 frá 1938 verði staðfestur og stefnda verði gert að greiða kr. 25.000.00 í bætur og málskostnað, kr. 3000.00, og 6% ársvexti frá 14. október 1949 til greiðsludags, allt samkvæmt áðurnefndum gerðardómi, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða 6% ársvexti af kr. 3000.00 frá 25. marz 1953 til greiðsludags og loks, að tildæmdur verði málskostnaður fyrir héraðsdómi, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða, samkvæmt framlögðum reikningi, þar af kr. 600.87, sem stefnandi sjálfur eða umboðsmaður hans hafa staðið straum af, og þóknun, kr. 4000.00, verði tildæmd ríkissjóði, sbr. 174. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi hefur látið mæta í málinu og gert þær réttarkröfur, að gerðardómurinn verði úr gildi felldur og ómerktur og hann sýknaður og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatilraun í málinu reyndist árangurslaus.

Í máli milli aðilja máls þessa út af sama ágreiningi og mál þetta snýst um, var kveðinn upp gerðardómsúrskurður 8. júní 1950 og síðan dómur á bæjarþingi Vestmannaeyja 2. desember 1950, en með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1951 var héraðsdómur ómerktur og málsmeðferð frá 29. júní 1950, og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Gekk síðan aftur dómur í málinu 16. febrúar 1952. Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar, og með dómi réttarins 21.

nóvember 1952 var úrskurður gerðardómsins frá 8. júní 1950 úr gildi felldur.

Málavextir eru í stuttu máli sem hér segir:

Hinn 1. nóvember 1946 réðst stefnandi sem nemandi í húsasmíði til stefnda í máli þessu. Stefndi hafði þá í þjónustu sinni Snæbjörn Bjarnason trésmíðameistara, er skyldi sjá um kennsluna. Námssamningurinn var undirritaður af báðum aðiljum þann 1. nóvember 1946, stefnda sem lærimeistara og stefnanda sem nemanda, og auk þess af Kristjáni Kristóferssyni föður stefnanda sem fjárhaldsmanni hans, en hann var þá ólögráða, og Snæbirni Bjarnasyni. Síðan var námssamningurinn áritaður og samþykktur af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík, og lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum ritaði á hann vottorð um, að samningurinn væri samkvæmt gildandi iðnlöggjöf. Í samningnum var tekið fram, að stefnandi skyldi hafa í kaup gildandi tímakaup verkamanna í Vestmannaeyjum, og skyldi það hækka eða lækka, ef kaup fastráðinna verkamanna hjá stefnda breyttist. Stefnandi skyldi sjálfur sjá sér fyrir fæði og húsnæði og standa straum af Iðnskólanámi sínu og prófkostnaði og leggja til handverkfæri. Önnur samningsatriði voru samhljóða venjulegum ákvæðum í námssamningum.

Stefnandi hóf námið 1. nóvember 1946, en 26. s. m. veiktist hann og var óvinnufær til 12. ágúst 1947, að undanskildum 4 dögum í janúar, þ. e. frá 23. janúar til 27. s. m. Frá 12. ágúst 1947 vann stefnandi síðan óslitið undir handleiðslu Snæbjarnar Bjarnasonar til 31. október 1947, en þá fór Snæbjörn alfarinn úr þjónustu stefnda. Eftir það vann stefnandi hjá stefnda án handleiðslu eða tilsagnar meistara í iðninni þar til um mánaðamótin júní og júlí 1949. Taldi þá stefnandi, að kennslan væri svo stórlega vanrækt, að ekki væri lengur við unandi, og fór úr þjónustu stefnda. Um sama leyti eða hinn 1. júlí 1949 var námssamningnum riftað. Til nokkurra árekstra kom milli föður stefnanda og stefnda, er námssamningnum var riftað, og eru þeir ekki sammála um, hvað skeð hafi.

Skömmu eftir að stefnandi fór úr þjónustu stefnda, hóf hann prentnám við venjuleg prentnemakjör hjá prentsmiðjunni Eyrún h/f í Vestmannaeyjum. Virðist námssamningurinn hafa verið gerður 1. ágúst 1949, en prentnámi lauk stefnandi 1. ágúst 1953.

Stefnandi taldi, að hann ætti skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanefnda hans á námssamningnum, og með bréfi, dags. 14. október 1949, fór stefnandi og faðir hans þess á leit, að gerðardómur yrði skipaður samkvæmt heimild í 19. grein laga um iðn-

aðarnám til þess að dæma um skaðabætur vegna ólöglegrar riftingar og vanefnda stefnda á námssamningnum. Var skaðabótakrafa hans upphaflega kr. 362.226.72 auk vaxta og málskostnaðar, en undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar. Úrskurður gekk í málinu 8. júní 1950. Komst gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði vanefnt námssamninginn mjög stórkostlega og bakað sér skaðabótaábyrgð. Var honum gert að greiða kr. 45.000.00 í bætur ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Gerðardóm þenna skipuðu þáverandi bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, Gunnar Þorsteinsson, sem dómsformaður, og af hálfu stefnanda fyrst í stað Jón Eiríksson skattstjóri og síðar Gunnar A. Pálsson hrl., en af hálfu stefnda Jóhannes Elíasson hdl. Áður en úrskurður gekk í gerðardóminum, hafði Jóhannes vikið úr honum og tók því ekki þátt í uppkvaðningu úrskurðarins.

Eins og áður segir, var úrskurður gerðardómsins frá 8. júní 1950 felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1952.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 1953, til lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fór stefnandi þess enn á leit, að kvaddur yrði saman gerðardómur samkvæmt lögum um iðnaðarnám til þess að úrskurða um bótakröfur sínar á hendur stefnda. Kvaðst stefnandi jafnframt mundu gera þær kröfur fyrir gerðardóminum, að sér yrðu úrskurðaðar tjónbætur, að fjárhæð kr. 35.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins.

Kom hinn nýi gerðardómur fyrst saman 17. marz 1953, og skipuðu hann þessir menn: Torfi Jóhannsson bæjarfógeti sem dómsformaður, Gunnar A. Pálsson hrl., tilnefndur af stefnanda, og Sveinbjörn Dagfinnsson cand. juris, tilnefndur af stefnda. Þann 24. marz 1953 kvað gerðardómurinn upp úrskurð í málinu, og úrskurðaði meirihluti dómsins, þeir Torfi og Gunnar, að stefndi í máli þessu skyldi greiða stefnanda kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað. Minni hlutinn, Sveinbjörn Dagfinnsson, skilaði sératkvæði á þá leið, að stefndi skyldi vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaður skyldi falla niður.

Fyrir bæjarþinginu krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða fjárhæð þá, er meirihluti gerðardómsins úrskurðaði.

Stefndi hefur aftur á móti krafizt þess, að gerðardómurinn verði felldur úr gildi og stefndi sýknaður. Hefur hann fært fram þrjár ástæður fyrir kröfum sínum, og skulu þær nú athugaðar.

Í fyrsta lagi heldur stefndi því fram, að einn gerðardómsmanna Gunnar A. Pálsson fullnægi ekki hinum sérstöku dómaraskilyrðum til meðferðar málsins, þar sem hann hafi sýnt, að hann beri kala til stefnda.

Á þetta verður ekki fallizt. Þykir ekki neitt það hafa komið fram í málinu, sem styður þá fullyrðingu, að Gunnar A. Pálsson hafi sýnt stefnda nokkra þá óvináttu, er hafi gert hann vanhæfan til þess að gegna störfum í gerðardóminum. Í hæstaréttarmálinu nr. 27/1952 frá 21. nóvember 1952, í máli milli aðilja máls þessa, sem áður er til vitnað, kom það til álita, hvort Gunnar hefði verið hæfur til setu í gerðardómi þeim, er fjallaði um sama sakarefni og hér liggur fyrir. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að skipun gerðardómsins ætti eigi að valda ógildi úrskurðar hans. Hafa ekki í máli þessu verið leidd rök að því, að Gunnar hafi síðar hegðað sér á þann hátt gagnvart stefnda, er hafi gert hann óhæfan til þess að skipa gerðardóm þann, er kvað upp úrskurðinn frá 24. marz 1953.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að gerðardómur sé ekki fær um að kveða upp úrskurð um hæfi eða vanhæfi gerðardómenda, eins og meirihluti gerðardóms þess, er hér um ræðir, hafi gert. Telur stefndi þetta atriði heyra undir almenna dómstóla.

Rétturinn lítur svo á, að gerðardómendum, eins og öðrum dómendum, beri sjálfum að úrskurða um hæfi sitt eða vanhæfi til þess að gegna dómarastörfum í hverju einstöku máli.

Í þriðja lagi telur stefndi, að gerðardómendur hafi ekki gætt réttra sjónarmiða við ákvörðun bóta úr sinni hendi, fyrst og fremst af þeirri ástæðu og með það í huga, að sýkna hefði átt af bótakröfunni, þar sem bótagrundvöllur væri eigi fyrir hendi.

Rétturinn lítur svo á, að gerðardómurinn frá 24. marz 1953 hafi í úrskurði sínum við ákvörðun fébóta til handa stefnanda gætt þeirra sjónarmiða, er um ræðir í dómi Hæstaréttar frá 21. nóvember 1952.

Úrskurður gerðardómsins verður því ekki felldur úr gildi af ofannefndum varnarástæðum stefnda.

Aðrar sýknuástæður en þær, er nú hafa verið raktar, hefur stefndi ekki haft uppi, varðandi kröfu stefnanda samkvæmt gerðardóminum. Grundvöllurinn undir kröfu stefnanda er gerðardómurinn. Eru kröfur stefnanda í samræmi við úrskurð dómsins. Verða því kröfur stefnanda samkvæmt gerðardóminum að öllu leyti teknar til greina. Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda gerðardómskröfuna, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðslu-

dags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi 24. marz 1953.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda hér fyrir dóminum, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Jóni Kristjánssyni, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, upp kveðnum 24. marz 1953.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 1/1956. **Bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs**

gegn

Steinþóri Pálssyni Árdal og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Felldur úr gildi úrskurður fógetadóms um frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús E. Guðjónsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Aðalkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. f. m. Hann krefst þess, að úrskurður fógetadómsins verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir fógeta að kveða á um efni málsins og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Gagnkærandi hefur af sinni hendi kært mál þetta með ódagsettri kæru, er barst Hæstarétti eftir lok kærufrests samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar frávísun, svo og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi aðalkæranda eftir mati Hæstaréttar.

Kröfu gagnkæranda um málskostnað í héraði ber að vísa frá Hæstarétti, þar sem kæra hans er of seint fram komin, svo sem áður greinir.

Aðalkærandi hafði fyrir fógetadómi uppi þá kröfu, að lögtak yrði framkvæmt fyrir eftirstöðvum útsvars, sem gagnkæranda var árið 1954 gert að greiða Siglufjarðarkaupstað fyrir útsvarsárið 1953. Úrskurður sakadóms Eyjafjarðarsýslu 8. desember 1954 um heimilisfang gagnkæranda í Öngulstaðahreppi á því ári sker eigi úr um skyldu hans til greiðslu nefndrar útsvarsskuldar. Fógeta var því rétt að veita efnisúrlausn um lögtakskröfuna og kveða á um það, hvort lögtak skyldi framkvæmt. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnkærandi greiði aðalkæranda kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Gagnkærandi, Steinþór Pálsson Árdal, greiði aðalkæranda, bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kærumálskostnað, kr. 700.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Keflavíkurflugvallar 14. desember 1955.

Gerðarþola, Steinþóri Pálssyni Árdal, var gert að greiða í útsvar 1954 til bæjarsjóðs Siglufjarðar kr. 8595.00. Upp í það hafði verið tekið af launum gerðarþola kr. 1715.00, og síðan lækkaði niðurjöfnunarnefnd útsvarið um kr. 595.00, og eru eftirstöðvar útsvarsins því kr. 6285.00.

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur bæjargjaldkerinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að útsvarið verði innheimt með því, að lögtak verði látið fram fara í eign gerðarþola, sem nú dvelur á Keflavíkurflugvelli, til tryggingar lögtakskröfunni, kr. 6285.00, auk 6% dráttarvaxta frá 1. september 1954, og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Er lögtaksbeiðnin var tekin fyrir í fógetaréttinum 9. þ. m. og lögtak skyldi fram fara, krafðist umboðsmaður gerðarþola þess, aðallega að málinu yrði frávísað, en til vara, að hin umbeðna lögtaksgerð næði eigi fram að ganga. Byggir umboðsmaður gerðarþola aðalkröfu sína á því, að búið sé að úrskurða í sakadómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 8. desember 1954 um heimilisfesti gerðarþola, þegar álagning útsvara fór fram á því ári, þ. e., að það sé þá að Öngulstöðum í Öngulstaðahreppi. Telur hann, að fógetaréttur Keflavíkurflugvallar, sem sé hliðsettur dómstóll sakadómi Eyjafjarðarsýslu, geti ekki breytt úrskurði hins síðarnefnda dómstóls, sem hafi kveðið upp úrskurð um heimilisfesti gerðarþola, en á því byggist útsvarsskyldan.

Varakröfu sína byggir umboðsmaður gerðarþola á því, að umbjóðandi hans hafi um langt árabil verið úr öllum tengslum við Siglufjarðarkaupstað. Hafi hann ekki talið þar fram til skatts gjaldár 1954, en tilkynnt bæjarstjóranum á Siglufirði munnlega, að hann myndi flytja lögheimili sitt þaðan um áramótin 1953—1954. Enn fremur sé það upplýst, að oddviti Öngulstaðahrepps hafi tilkynnt Hagstofunni bréflega 2. apríl 1954, að 27. marz s. á. hafi borizt tilkynning frá Halldóri bónda að Öngulstöðum um, að gerðarþoli eigi þar lögheimili frá og með 1. janúar 1954. Sé það eigi sök gerðarþola, þótt dráttur hafi orðið á, að Hagstofan tilkynnti bæjarfógetanum á Siglufirði þetta.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Kveður hann það algerlega upplýst og óumdeilanlegt, að gerðarþoli hafi átt lögheimili á Siglufirði allt árið 1953. Því hafi samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna verið lagt útsvar á gerðarþola á Siglufirði árið 1954. Hafi niðurjöfnun útsvara á Siglufirði verið lokið, löngu áður en tilkynning um aðsetursskipti gerðarþola barst Siglufjarðarkaupstað, en það var 14. september 1954 í bréfi frá Hagstofu Íslands samkvæmt ósk oddvita Öngulstaðahrepps. Upplýst sé í málinu, að gerðarþoli tilkynnti ekki oddvita Öngulstaðahrepps fyrr en 27. marz 1954, að hann teldi sig eiga lögheimili þar í hreppi, en þá voru liðnir nærri tveir mánuðir, frá því álagning útsvara hófst á Siglufirði. Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda það upplýst, að Hagstofan hafi hinn 20. júlí 1954 ekki verið búin

að fá tilkynningu um aðsetursskipti gerðarþola, sbr. rskj. nr. 6. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 73 frá 1952 um tilkynningar aðsetursskipta eigi að senda slíka tilkynningu, innan 7 daga frá því að flutningur hafi átt sér stað úr einu sveitarfélagi í annað. Upplýst sé einnig, að gerðarþoli hafi starfað á Keflavíkurflugvelli frá því í septembermánuði 1951, að hann fluttist frá Siglufirði, en hann hafi aldrei tekið sér þar fast aðsetur, og ekki hefur verið gerð nein krafa á hendur gerðarþola þaðan um útsvarsgreiðslu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því enn fremur fram, að gerðarþoli telji sig hafa átt lögheimili á Siglufirði, allt frá því hann fluttist þaðan 1951 til ársloka 1953, og hafi allan þann tíma verið lögð á hann gjöld þar og hann greitt þau. Auk þess sem gerðarþoli hafi greitt kr. 1715.00 upp í útsvar sitt til Siglufjarðar 1954, og virðist hann með því viðurkenna útsvarsskyldu sína þar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því, að umbjóðandi hans hafi á nokkurn hátt viðurkennt útsvarsskyldu sína á Siglufirði gjaldár 1954, enda þótt atvinnurekandi hans héldi eftir af kaupi og greiddi hluta af útsvari hans samkvæmt kröfu Siglufjarðarkaupstaðar.

Upplýst er, að hinn 8. október 1954 ritaði oddvitinn í Öngulstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu héraðsdómaranum bréf og óskaði úrskurðar, sbr. lög nr. 95/1936, um það, hvort heimilisfang Steinþórs P. Árdals að Öngulstöðum sé lögmætt heimili og hvort Öngulstaðahreppur hafi rétt til að leggja útsvar á gerðarþola Steinþór á því ári (1954). Er niðurlag úrskurðar sakadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 8. desember 1954 svohljóðandi: „Því úrskurðast: Heimilisfang Steinþórs Pálssonar Árdals var að Öngulstöðum í Öngulstaðahreppi, þegar álagning útsvara fór fram á þessu ári".

Með framangreindum úrskurði sakadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar er að vísu ekki kveðið á um útsvarsskyldu gerðarþola gjaldárið 1954, heldur heimilisfesti hans, er álagning útsvara fór fram á því ári. En með því að hið síðasttalda atriði skiptir máli við ákvörðun þess, hvar útsvar skuli leggja á gjaldþegn, og einnig með hliðsjón af orðun úrskurðarbeiðninnar og forsendum úrskurðarins telur rétturinn sér eigi sem hliðsettum dómstól unnt, sbr. 196. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936, að kveða á um útsvarsskyldu gerðarþola, og verður því að taka frávísunarkröfu gerðarþola til greina.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá fógetaréttinum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1956.

Nr. 153/1955. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Eric Raymond Dawson (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem varðskipið setti út, þar sem togari ákærða staðnæmdist kl. 06,25 hinn 12. júní 1955. Reyndist staður þessi vera 0,6—0,7 sm fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem þar er vitnað til. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur eigi breytzt frá uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu þessa dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Eric Raymond Dawson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. júní 1955.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Eric Raymond Dawson, skipstjóra á brezka togaranum Hekla, GY 118, frá Grimsby, með ákæruskjali, út gefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 13. júní 1955, fyrir meint brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á togara sínum sunnudaginn 12. júní 1955 út af Stokksnesi um 0,7 sjómílur innan við markalínuna samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81 frá 1952. Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952 sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, að afli og veiðarfæri togarans Hekla, GY 118, verði gerð upptæk og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Eric Raymond Dawson, er fæddur 25. júní 1922 í Englandi, og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sunnudagsmorguninn hinn 12. þ. m. var varðskipið Sæbjörg á eftirlitsferð út af Vestrahorni og var á vesturleið. Veður var gott, A 4 og súld. Kl. 06,02 var tekin radarmiðun af Stokksnesi réttvísandi 329°, fjarlægð 4.0 sjómílur. Vegmælir sýndi 75.6. Stýrt var í 244° réttvísandi. Kl. 06,09 sást skip í radar 15° á stjórnborða, fjarlægð 3.5 sjómílur, og var þá stefnt á skipið. Sýndi vegmælir þá 76.5, og gefur það stað skipsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 06,15 sást togarinn, sem hélt í austlæga stefnu. Kl. 06,20 sáust hlerar hangandi í stjórnborðsgálgum. Klukkan 06,25 sneri togarinn út, og sást þá, að hann var að toga með bakborðsvörpu. Varðskipið gaf stöðvunarmerki og skaut 3 lausum skotum. Nam þá togarinn staðar og byrjaði að hala upp botnvörpuna, og var þá samstundis sett út dufl fast við hlið togarans. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið með ratsjánni: Stokksnes réttvísandi 08°, fjarlægð 4.0 sjómílur, dýpi 65 metrar, og gefur það stað togarans 0,7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Skipstjóri togarans var nú sóttur og honum tilkynnt, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, og honum sýndur staðurinn í sjókorti. Var síðan farið að duflinu og ákærða sýnd miðunin og fjarlægðin í ratsjánni. Viðurkenndi hann, að staðurinn væri réttur, en kvaðst hafa farið óviljandi inn fyrir takmörkin. Kvaðst hann hafa verið niðri að borða, þegar varðskipið kom. Var honum boðið að bíða,

þar til birti, en hann afþakkaði það, og kvaðst hafa séð sjálfur í ratsjánni sinni, að skip hans var komið eina sjómílu inn fyrir takmörkin, þegar hann kom frá því að borða. Var ákærða síðan tilkynnt, að farið yrði með hann til Vestmannaeyja og duflið tekið inn. Var þá aftur tekin miðun og fjarlægð við duflið, og gaf það sömu raun og áður.

Mælingarnar með ratsjá voru gerðar af skipherra varðskipsins og I. stýrimanni, og er frásögnin hér að framan samkvæmt skýrslu skipherrans, og hefur hún verið staðfest fyrir dómi af honum og I. stýrimanni.

Er skýrsla skipherra var þýdd fyrir ákærða í dóminum, kvað hann hana rétta að öllu leyti. Tók hann fram, að hann hefði þó ekki verið með skip sitt innan við fiskveiðitakmörkin að vilja sínum. Lagði hann fram skýrslu, sem þýdd var af dómtúlknum, og er hún þess efnis, að hann hafi, eftir að botnvörpunni var varpað útbyrðis síðast, sagt manni þeim, er var við stýrið, að stýra A til N, en ákærði hafi síðan farið niður í skipið til þess að snæða. Þegar ákærði kom upp, tók hann strax eftir því, að stefnan var NA til N í stað A til N, og lagaði hann stefnuna, en kom í sama bili auga á varðskipið, er skipaði honum að nema staðar. Segir ákærði, að hann hafi síðan borið sig saman við loftskeytamann togarans, er hafi staðfest, að togarinn væri hér um bil 1 mílu innan við takmörkin.

Með eigin játningu ákærða, sem styðst einnig við skýrslur varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja það fullsannað, að ákærði hafi sunnudagsmorguninn 12. þ. m. verið að botnvörpuveiðum með skipi sínu Hekla, GY 118, út af Stokksnesi 0,7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur því ákærði gerzt brotlegur gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber því að láta hann sæta refsingu fyrir það samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. lög nr. 5/1951.

Togarinn Hekla er 354.26 brúttórúmlestir að stærð. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 74.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Hekla, GY 118,

skal upptækur ger og andvirði hans renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Eric Raymond Dawson, greiði 74.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Hekla, GY 118, skulu upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1956.

Nr. 34/1955. **Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Böðvari Sigurðssyni (Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurheimta aðflutningsgjalds af bókum.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm sem setudómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Böðvari Sigurðssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Böðvar Sigurðsson kaupmaður, Austurgötu 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn bæjarfógetanum í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, út gefinni 16. marz s.l. Krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða sér aðflutningsgjöld af barnabókum, alls að upphæð kr. 4949.35, auk 6% vaxta frá 18. janúar s.l. til greiðsludags og allan málskostnað samkvæmt mati réttarins að skaðlausu.

Stefndu kröfðust frávísunar málsins og til vara sýknu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Hafnarfjarðarkaupstaðar hinn 28. júní s.l., var kröfu hinna stefndu um frávísun málsins hrundið.

Úrskurði þessum skutu stefndu til Hæstaréttar með kæru, dags. 28. júní s.l. Með dómi Hæstaréttar 21. september s.l. var hinn kærði úrskurður staðfestur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi flutti inn nokkuð af barnabókum hinn 29. nóvember 1953 með m/s Vatnajökli. Samkvæmt vörureikningi, framlögðum af stefndu, rskj. nr. 24, voru bækur þessar keyptar af Pestalozzi-Verlag í Þýzkalandi. Samkvæmt tollreikningi, út gefnum af bæjarfógetanum í Hafnarfirði, rskj. nr. 6, var sumt af bókum þessum heimfært undir 45. kafla tollskrárlaga, 3. lið, og ekki reiknuð aðflutningsgjöld. Nokkuð af bókunum, bækur með íslenzkum texta og með útgáfunúmerum 1277, 1402 og 1805, rskj. nr. 18—20, var heimfært undir 1. lið 45. kafla tollskrárinnar, og aðflutningsgjöld ákveðin samkvæmt því, er samtals nema kr. 4949.35. Stefnandi greiddi stefnda bæjarfógetanum í Hafnarfirði aðflutningsgjöld þessi hinn 18. janúar

s.l., en kveðst hafa greitt fjárhæðina með fyrirvara um endurgreiðslu, og er því ekki mótmælt af stefndu.

Með bréfi, dags. 25. febrúar s.l., rskj. nr. 7, til Fjármálaráðuneytisins krefst stefnandi endurgreiðslu umræddra aðflutningsgjalda. Þessari málaleitan stefnanda var synjað með bréfi Fjármálaráðuneytisins til stefnanda, dags. 2. marz s.l. Höfðaði stefnandi þá mál þetta, svo sem nánar var rakið.

Stefnandi heldur því fram, að umræddar barnabækur séu að lögum tollfrjálsar. Hann hafi því ranglega verið krafinn um aðflutningsgjöld af þeim.

Stefndu byggja sýknukröfu sína einkum á eftirtöldum ástæðum:

1. Umræddar bækur hafi verið prentaðar fyrir íslenzkan útgefanda, og beri því að greiða af þeim aðflutningsgjöld, sbr. 1. lið 45. kafla tollskrárinnar.

2. Reglan hafi ætíð verið sú og sé enn í sambandi við tollflokkun bóka að telja bækur og rit, sem prentuð eru á íslenzka tungu erlendis, vera prentuð fyrir íslenzka útgefendur, sjá rskj. nr. 12. Í rskj. nr. 27, framhaldsgreinargerð stefndu í málinu, er þó verulega dregið úr þessari fullyrðingu. Út af vottorði Egils Bjarnasonar, rskj. nr. 15, segir, að bækur, prentaðar í Canada og Ameríku, með íslenzkum texta séu að sjálfsögðu tollaðar á sama hátt og aðrar bækur, sem hingað berast og prentaðar eru og gefnar út af erlendum aðiljum og aðallega ætlaðar til sölu í heimalandinu. Til viðbótar má geta þess, að það er viðurkennt í máli þessu, að bókin „Á Heiðarbrún", rskj. nr. 23, sem gefin er út með íslenzkum texta í Winnipeg, var tollfrjáls.

3. Í umræddum bókum sé hvorki getið útgefanda né prentstaðar. Þar eð bækurnar séu prentaðar erlendis með íslenzkum texta, sé því eðlilegt og sjálfsagt með hliðsjón af 5. gr. tollskrárlaga að telja bækur þessar prentaðar fyrir íslenzkan útgefanda og ákveða tolla af þeim samkvæmt 1. lið 45. kafla tollskrár.

Til frekari rökstuðnings því, að stefnandi sé raunverulega útgefandi hinna umdeildu bóka, er vakin athygli á því, að Pestalozzi-Verlag biður Baldvin Pálsson að snúa sér til stefnanda, sem hafi mikið úrval bóka frá útgáfufélaginu, þar á meðal einkum myndabækur með íslenzku lesmáli, sjá rskj. nr. 17.

4. Loks halda stefndu því fram, að hægur vandi sé að fara í kringum ákvæði 1. og 2. liðar 45. kafla tollskrárinnar, ef umdeildar bækur yrðu taldar tollfrjálsar.

Stefnandi hefur mótmælt þessari röksemdaleiðslu hinna stefndu og leggur einkum áherzlu á eftirtalin atriði:

Útgefandi umræddra bóka sé Pestalozzi-Verlag í Þýzkalandi, og eigi stefnandi ekki meiri þátt í útgáfu þessara bóka en annarra þeirra bóka með erlendum texta sömu tegundar, sem hann hafi keypt af Pestalozzi-Verlag. Hann beri engan kostnað af útgáfu bókanna, annist aðeins sölu þeirra sem umboðsmaður útgáfufélagsins, alveg á sama hátt og hann hafi gert um aðrar barnabækur, er hann hafi fengið áður ávallt tollfrjálsar frá nefndu Pestalozzi-Verlag. Til nánari rökstuðnings þessum staðhæfingum skírskotar stefnandi til bréfs frá útgáfufélaginu, dags. 15. marz s.l., rskj. nr. 13. Þar segir, að Pestalozzi-Verlag gefi sjálft út og enginn annar allar barnabækur, sem það prenti með íslenzkum texta og stefnandi fái, þ. e. bækur með útgáfunúmerunum 1277, 1402 og 1805, sbr. rskj. nr. 18—20. Jafnframt er upplýst, að barnabækur félagsins séu prentaðar á mörgum tungumálum, öðrum en þýzku, aðallega ensku, frönsku, spænsku, ítölsku, portúgölsku og öðrum málum. Fyrir styrjöldina hafi félagið prentað á 27 tungumálum.

Enn fremur er skírskotað til bréfs sendiráðs Sambandslýðveldisins Þýzkalands, dags. 23. október s.l., rskj. nr. 16, en bréf þetta inniheldur afrit af bréfi frá Pestalozzi-Verlag, dags. 10. ágúst s.l. Í bréfi þessu segir, að útgáfufélagið hafi gefið út og prentað myndabækur fyrir börn í meira en 100 ár. Enn segir í bréfinu, að Bókabúð Böðvars, þ. e. stefnanda, hafi verið selt verulegt magn þessara myndabóka, ýmist með þýzku eða ensku lesmáli, sumar án lesmáls.

Á síðastliðnu ári hafi svo útfgáfufélagið vakið áhuga stefnanda á því að kaupa þessar myndabækur af útgáfufélaginu með íslenzku lesmáli í stað þýzks eða ensks lesmáls. Loks er staðhæft í bréfi þessu, að sú skoðun, að Bókabúð Böðvars sé útgefandi bókanna, sé engan veginn rétt. Pestalozzi-Verlag sé útgefandi þeirra bóka, sem frá því komi, þ. e. bóka, sem það hafi látið teikna, myndprenta og prenta, einnig þeirra bóka, sem það hafi látið prenta með íslenzku lesmáli, svo sem og hinn þýzki og alþjóðlegi höfundaréttur kveði á um samkvæmt Bernarsamþykktinni.

Stefnandi heldur því fram, að skjöl þessi, sem ekki hafi verið mótmælt af stefndu, séu full sönnun þess, að hann sé ekki útgefandi bókanna.

Þá hefur stefnandi vakið athygli á því, að þó útgefandi sé ekki berum orðum tilgreindur á umræddum barnabókum, megi glöggt sjá af útgáfunúmeri hverrar bókar, borið saman við verðlista og reikninga, að Pestalozzi-Verlag sé útgefandi þeirra.

Í lögum nr. 62 30. desember 1939 um tollskrá o. fl., 1. gr. 45. kafla, 4. og 5. tl., voru ákvæði um aðflutningsgjöld af mynda-

bókum og teiknibókum handa börnum. Með lögum nr. 71 5. júní 1947 um breyting á lögum nr. 62 30. desember 1939 um tollskrá o. fl., 1. gr., 15. tl., eru 4. og 5. liðir 45. kafla tollskrárinnar felldir niður. Aðflutningsgjöld ber því eigi að greiða af innfluttum barnabókum, nema útgefandi þeirra sé íslenzkur, sbr. 45. kafla tollskrárinnar, 1. eða 2. lið.

Með tilliti til þess, að Pestalozzi-Verlag hefur gefið skýlausar yfirlýsingar um, að það sé útgefandi margnefndra barnabóka, sbr. rskj. nr. 13 og 16 svo og vörureikninginn, rskj. nr. 24, að nefnt útgáfufélag hefur árum saman gefið út barnabækur sömu tegundar með lesmáli á ýmsum tungumálum og að lesmálið er í sjálfu sér mjög óverulegur hluti bókanna, þar eð þær eru fyrst og fremst litprentaðar myndabækur, og myndirnar eru þannig aðalefni bókanna, þykir ekki varhugavert að telja hið þýzka útgáfufélag Pestalozzi-Verlag raunverulegan útgefanda þeirra.

Brast þannig lagaheimild til þess að krefjast aðflutningsgjalda af bókum þessum.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma stefndu, bæjarfógetann í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til þess að endurgreiða kr. 4949.35 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Böðvari Sigurðssyni, kr. 4949.35 með 6% ársvöxtum frá 18. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. janúar 1956.

Nr. 104/1955. **Rafmagnsveita Reyjavíkur**
(Benedikt Sigurjónsson)
gegn
Ólafíu Sigurjónsdóttur
og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1955, gerir aðallega þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn í héraði, en að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem einnig hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst fyrra árs, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Slys það, sem í málinu greinir, varð á sléttri og vel gerðri gangstétt, þegar frá er skilin hola sú eða lægð, sem slysinu olli. Átti gagnáfrýjandi að mega treysta því, að umferð um gangstétt þessa væri hættulaus vegfarendum, þar eð engin viðvörunarmerki höfðu verið sett upp. Þykir slysið því eigi verða rakið til óvarkárni gagnáfrýjanda. Með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi segir um vanrækslu starfsmanna aðaláfrýjanda og um skort á götulýsingu á þessum stað umrætt kvöld, ber því að leggja á aðaláfrýjanda alla ábyrgð á tjóni því, sem hlauzt af slysinu.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð einstakra

kröfuliða að öðru en því, að frá reikningi fyrir læknishjálp, kr. 172.32, ber að draga kr. 20.00, sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur endurgreitt fyrir töku röntgenmyndar. Nemur kostnaður gagnáfrýjanda af þessum lið því kr. 152.32.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 5712.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Rafmagnsveita Reykjavíkur, greiði gagnáfrýjanda, Ólafíu Sigurjónsdóttur, kr. 5712.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., hefur Ólafía Sigurjónsdóttir, Vatnsstíg 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 5. janúar 1954, gegn Rafmagnsveitu Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.000.00, með 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavöxtum hefur stefnandi lýst svo, að að kvöldi 1. október 1953 hafi hún gengið eftir Hverfisgötu hér í bæ ásamt eiginmanni sínum, Þórarni Gunnlaugssyni, og stúlku, Erlu Arnbjarnardóttur. Gengu þau eftir nyrðri gangstétt. Myrkur var og veður þungbúið. Er þau komu á móts við Þjóðleikhúsið, kveðst hún skyndilega hafa fallið í holu, er þarna var á gangstéttinni. Var hola þessi við ljósastaur. Höfðu hellur nokkrar verið teknar upp úr gangstéttinni, og við það myndaðist hola þessi. Var í botni hennar laus sandur. Hellunum var raðað í stafla við hlið holunnar. Við fallið kveðst stefnandi hafa fallið með brjóstið á hellustaflann og síðar

á gangstéttina, og hafi hægri hönd orðið undir í fallinu. Ekkert ljós logaði á ljóskeri staursins, og ekkert aðvörunarmerki hafi verið við umrædda holu. Kveðst hún hafa fengið við fallið talsverð meiðsl.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að ástæðan til þess, að hún hafi fallið í greinda holu, hafi verið sú, að starfsmenn Rafmagnsveitunnar, sem rifið höfðu upp hellurnar, hafi vanrækt að setja upp hættumerki við holuna vegfarendum til aðvörunar, og beri stefndi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem af þeirri vanrækslu starfsmannanna hafi hlotizt.

Stefndi reisir sýknukröfu á því, að hann beri enga ábyrgð á tjóni stefnanda. Starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafi lokið við að gera við luktarstaur og gengið frá verkinu undir hellulagningu, en það starf heyri til gatnagerð Reykjavíkurbæjar. Hér hafi því ekki verið um neina holu að ræða, heldur lítilfjörlega mishæð, er hafi numið nálægt gangstéttarhellu þykkt. Hellunum hafi verið staflað upp til viðvörunar. Þá hafi einnig verið komið ljós á ljóskerið, er starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafi yfirgefið verkið. Orsök þess, að stefnandi hafi fallið, megi því rekja til óaðgætni og e. t. v. óheppni hennar sjálfrar.

Þórarinn Gunnlaugsson og Erla Arnbjarnardóttir hafa bæði komið fyrir dóm sem vitni í málinu. Bæði hafa þau skýrt svo frá, að ekki hafi verið ljós á ljóskeri staursins. Þórarinn kveðst hafa gengið örlítið á undan og því ekki séð, er stefnandi féll, en heyrt óp frá henni og þá séð, er hann leit við, stefnandi liggja í götunni. Erla kveðst ekki hafa vitað til, fyrr en stefnandi steyptist framyfir sig í holuna.

Þórarinn Gunnlaugsson tilkynnti slysið til lögreglunnar í Reykjavík daginn eftir. Lögregluþjónn fór á staðinn, og hefur hann gefið vottorð þess efnis, að eigi hafi logað ljós á ljóskeri staursins, en athugun hans fór fram á ljósatíma.

Í málinu liggur og fyrir vottorð frá skrifstofu bæjarverkfræðings, þar sem því er lýst yfir, að 1. október 1953 og dagana þar nálægt hafi skrifstofan enga tilkynningu fengið frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um það, að gangstéttarhellur við Þjóðleikhúsið hefðu verið rifnar upp eða ættu að leggjast aftur.

Það þykir sannað, að ekki hafi verið ljós á ljóskeri staursins, er slysið skeði, og viðurkennt er, að starfsmenn Rafmagnsveitunnar, sem tóku upp hellurnar, skildu þannig við verkið, að hola var í gangstéttinni og að þeir settu ekki nein viðvörunarmerki við hana. Bar þeim þó að aðvara vegfarendur um þá hættu, sem af holunni kunni að stafa, og það því fremur, sem myrkt var orðið

og af þeim sökum erfiðara en ella að varast hana. Ber stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem af þeirri vanrækslu hlauzt. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi í umrætt sinn ekki sýnt þá varkárni, sem krefjast verður af vegfarendum, og þykir hún eiga nokkra sök á, hvernig fór. Með vísan til alls þessa þykir rétt að telja, að starfsmenn stefndu eigi ¾ hluta sakar á slysi þessu, og ber stefndi fébótaábyrgð á tjóni stefnandi að því leyti.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Fataskemmdir o. fl.	kr. 1.910.00
2.	Bætur fyrir sársauka og óþægindi	— 2.600.00
3.	Vinnutjón og læknishjálp	— 15.490.00
	Samtals	kr. 20.000.00

Um 1.

Í þessum lið kröfunnar eru bætur fyrir ýmislegt fatatjón, og er hann sundurliðaður þannig:

1.	Dragt	kr. 1.500.00
2.	Sokkar	— 50.00
3.	Hanzkar	— 75.00
4.	Taska	— 250.00
5.	Hreinsun á kápu	— 35.00
		Kr. 1.910.00

Liðunum 2, 3 og 5 hefur ekki verið mótmælt. Lið 1 er mótmælt sem allt of háum og lið 4 sem slysinu óviðkomandi. Stefnandi kveðst hafa verið í dragt, er kostaði kr. 1500.00, og hafði hún verið saumuð á hana, ári áður en slysið skeði. Hún kveður pilsið hafa rifnað svo, að ógerlegt sé að gera við það, og sé dragtin sér því ónýt. Hér var um að ræða eins árs gamla dragt, og ekki er fram komið, að jakkinn hafi skemmzt nokkuð. Þykir með tilliti til þessa hæfilegt að meta tjón stefnanda, að því er dragtina varðar, með kr. 800, 00. Stefnandi kveður lásinn á tösku, er hún var með, hafa dottið af. Hafi hún reynt að fá gert við lásinn, en það ekki tekizt, og geti hún því ekki notað töskuna. Ekki þykir óeðlilegt, að taskan hafi skemmzt við slysið, og þykir hæfilegt að meta tjón stefnandi, að því er hana varðar, með kr. 100.00.

Samkvæmt þessu verður því þessi liður lagður til grundvallar með kr. 1060.00.

Um 2.

Svo sem áður greinir, fékk stefnandi nokkur meiðsl við slysið. Í vottorði Þórarins Guðnasonar læknis, dags. 3. október 1953, segir, að „hægri hönd er mikið bólgin og marin og eymsli í hægri öxl. Skráma er á vinstri fæti um ökla og marbólga á vinstri rist. Einnig eru nokkur eymsli yfir rifjum vinstra megin að framan, en ekki stórvægileg". Í vottorði sama læknis, dags. 10. nóvember s. á., er stefnandi sögð óvinnufær, og í vottorði, dags. 2. desember s. á., segir, að stefnandi sé „nú að verða jafngóð eftir meiðslin". Þá segir í læknisvottorði, dags. 12. september 1954, „að stefnandi hafi ekki enn náð sér að fullu eftir meiðslin. Handarjaðarinn þrútnar og verður aumur viðkomu eftir meiri háttar áreynslu, þvotta o. s. frv.". Þykja með hliðsjón af framanrituðu bætur fyrir sársauka og óþægindi hæfilega metnar kr. 2000.00.

Um 3.

Stefnandi kveðst hafa verið rúmliggjandi 2—3 daga eftir slysið. Eftir það kveðst hún ekki hafa getað sinnt nema léttustu heimilisstörfum og alls ekki getað annazt matreiðslu og ræstingu. Kveður hún eiginmann sinn hafa tekið frí frá störfum til að annast heimilið. Eiginmaður stefnandi, Þórarinn Gunnlaugsson, kvaðst í vitnisburði sínum eigi hafa verið í fastri vinnu, er slysið skeði, en sér hafi staðið til boða starf sem strandleiðsögumaður hjá varnarliðinu, en þar til hann fengi það starf, gat hann strax fengið starf sem öryggisvörður hjá sömu aðiljum. Starf þetta hafi hann ekki getað tekið fyrr en 23. nóvember 1953, vegna þess að hann hafi þurft að annast heimilisstörf fyrir konu sína.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum.

Ekki hafa verið færðar sönnur á það, að eiginmaður stefnandi hafi þurft að verða fyrir svo miklu atvinnutjóni. Hins vegar þykir, er litið er til meiðsla þeirra, er stefnandi fékk við umrætt slys, að nokkur aukin heimilishjálp hafi orðið því samfara, og þykja bætur fyrir það hæfilega metnar kr. 2.500.00. Reikningar fyrir greidda læknishjálp, að fjárhæð kr. 172.32, hafa verið lagðir fram í málinu, og verður sú fjárhæð tekin til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu verður liður þessi lagður til grundvallar með kr. 2672.32.

Af því, sem nú hefur verið rakið, hefur tjón stefnandi numið kr. 1060.00, kr. 2000.00 og kr. 2672.32 eða samtals kr. 5732.32, og ber stefnda að greiða ¾ hluta þess eða kr. 4299.24 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveita Reykjavíkur, greiði stefnandi, Ólafíu Sigurjónsdóttur, kr. 4299.24 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1953 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 31. janúar 1956.

Nr. 123/1954. **Guðmundur Sigfússon**

gegn

Kristínu Jónsdóttur f. h. Nótastöðvar Óla Konráðssonar.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og ómaksbóta krafizt.

Stefndi hefur átta sinnum sótt dómþing í máli þessu, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 600.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Guðmundur Sigfússon, greiði stefnda, Kristínu Jónsdóttur f. h. Nótastöðvar Óla Konráðssonar, kr. 600.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 140/1954. **Gunnar S. Hólm** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Davíð Sigurðssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ágreiningur um efni samnings, varðandi sölu bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta í Hafnarfirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem fram er komið í gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi, hefur stefndi gert sér að atvinnu umboðssölu á notuðum bifreiðum. Í marzmánuði 1953 sneri áfrýjandi sér til stefnda og bað hann um að koma í verð fyrir sig tveimur gömlum bifreiðum, þ. e. vörubifreiðinni G 1438 og sendiferðabifreiðinni R 4910. Stefndi lýsti því, að hæfilegt söluverð á vörubifreiðinni mundi vera kr. 15.000.00, en á sendiferðabifreiðinni kr. 10.000.00. Aðilja greinir á um, hvað með þeim samdist á fundi þessum um bifreiðarnar, og verður það síðar rakið. En þeir eru sammála um, að á fundinum hafi áfrýjandi, sem er húsgagnabólstrari, lofað stefnda að smíða fyrir hann húsgagnasamstæðu, sófa og tvo stóla, er stefndi skyldi greiða með kr. 8000.00. Stefndi skyldi og leggja til áklæði á húsgögnin, og fékk áfrýjandi það í hendur skömmu síðar.

Eftir þenna fund málsaðiljanna voru bifreiðarnar til sölu á vegum stefnda. Í aprílmánuði 1953 tókst áfrýjanda að útvega kaupanda að sendiferðabifreiðinni. Var afsal til kaupandans, Páls M. Jónssonar, ritað hjá stefnda. Afsal þetta hefur ekki komið fram í málinu, en það virðist hafa verið gefið

út af áfrýjanda, enda hefur nefndur Páll lýst því, að áfrýjandi hafi þá verið talinn eigandi bifreiðarinnar. Þeir áfrýjandi og Páll kveða kaupverðið hafa verið kr. 11.000.00, en stefndi kveður það hafa verið kr. 12.000.00. Kaupverðið var ekki greitt í peningum, heldur var það jafnað í öðrum skuldaskiptum þeirra áfrýjanda og Páls.

Hinn 1. maí 1953 seldi stefnandi manni að nafni Hilmar Lúðvíksson vörubifreiðina fyrir kr. 26.000.00. Bifreið þessi var þá skráð á nafn Garðars Hólms, sonar áfrýjanda, og virðist stefndi eftir skýrslu Hilmars og vottorði bifreiðaskrárritara hafa afsalað bifreiðinni fyrir hönd Garðars, er ekki var viðstaddur, þegar salan fór fram. Kveður Hilmar stefnda hafa tjáð sér, að Garðar væri eigandi bifreiðarinnar, að salan færi fram á vegum áfrýjanda, en að hann (stefndi) hefði umboð frá eiganda til að gefa afsal. Einnig kveður Hilmar stefnda hafa lýst því, að eigandinn væri ófáanlegur til að selja bifreiðina lægra verði en kr. 26.000.00. Um greiðslu kaupverðsins var þannig samið milli Hilmars og stefnda, að Hilmar gaf út tvö veðskuldabréf, bæði dagsett 1. maí 1953. Var annað bréfið að fjárhæð kr. 18.000.00, gefið út til handa áfrýjanda, en hitt að fjárhæð kr. 8000.00, gefið út til handa stefnda. Bæði bréfin voru tryggð með 2. veðrétti í hinni seldu bifreið, en í hvorugu bréfinu var þess getið, að gefið hefði verið út annað veðbréf með samhliða veðrétti. Stefndi afhenti áfrýjanda bréf það, sem var að fjárhæð kr. 18.000.00, en hélt hinu sjálfur, og er hann talinn hafa selt það þriðja manni. Um þetta leyti greiddi stefndi vegna áfrýjanda manni að nafni Óskar Cortes kr. 3000.00.

Stefndi heldur því fram, að á fundi þeirra málsaðiljanna í marzmánuði 1953 hafi hann keypt báðar bifreiðarnar af áfrýjanda fyrir kr. 25.000.00, þ. e. vörubifreiðina fyrir kr. 15.000.00, og sendiferðabifreiðina fyrir kr. 10.000.00. Hafi áfrýjandi veitt honum gjaldfrest á andvirðinu, unz hann hefði selt bifreiðarnar. Samkvæmt þessu telur stefndi, að sá hluti af söluverði bifreiðanna, sem var fram yfir kr. 25.000.00, þ. e. kr. 13.000.00, hafi átt að renna til sín, en vera áfrýjanda óviðkomandi. Nú hafi áfrýjandi hlotið kr. 18.000.00 fyrir aðra bifreiðina og kr. 12.000.00 fyrir hina og þannig fengið kr.

5000.00 umfram umsamið söluverð til stefnda. Þegar þar við bætast þær kr. 3000.00, sem stefndi galt Óskari Cortes vegna áfrýjanda, þá hafi hann fengið að fullu greitt andvirði húsgagnanna, kr. 8000.00. Og með því að áfrýjandi hafi ekki fengizt til að afhenda húsgögnin, eigi stefndi rétt til að fá nefndar kr. 8000.00 endurgreiddar úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi lýsir því, sem gerðist á áðurnefndum fundi málsaðilja í marzmánuði 1953, þannig, að þegar stefndi hafi verið búinn að verðleggja bifreiðarnar á kr. 25.000.00, hafi hann (áfrýjandi) lýst því, að hann sætti sig við að fá samtals kr. 33.000.00 fyrir bifreiðarnar og húsgögnin, ef greiðsla kæmi fyrir 7. apríl 1953, en hann hafi þurft á þessu fé að halda fyrir þann tíma. Nú hafi stefndi ekki greitt nefnda fjárhæð á tilskildum tíma, og hafi þá þetta loforð af sinni hálfu verið úr sögunni.

Skriflegur samningur var ekki gerður með málsaðiljum. Tveir menn, sem virðast hafa verið staddir af tilviljun hjá stefnda, er áfrýjandi kom á fund hans, hafa borið, að þeir hafi hlýtt á samtal þeirra, en ekki verður séð, að þeir hafi verið kvaddir sérstaklega sem vottar að samningsgerðinni. Telja menn þessir, að samkomulag hafi orðið um, að stefndi greiddi kr. 33.000.00 fyrir bifreiðarnar og húsgögnin, en ekki kveðast þeir hafa heyrt áfrýjanda áskilja tiltekinn gjaldfrest. Annar þessara manna kvaðst þó fyrir dómi ekki hafa fylgzt nákvæmlega með samtalinu. Eins og vætti þessara manna er háttað, og þar sem aðiljum var innan handar að gera glöggan skriflegan samning, verður ekki talið sannað, að samkomulag aðilja hafi orðið með öðrum hætti en áfrýjandi hefur lýst. Atvik að sölum bifreiðanna síðar og skýrslur kaupendanna Páls M. Jónssonar og Hilmars Lúðvíkssonar benda og eindregið til þess, að stefndi hafi ekki talið sig eiganda bifreiðanna, er þær sölur fóru fram, heldur aðeins haft þær til sölu fyrir áfrýjanda. Og þar sem áfrýjandi hefur ekki fengið meiri greiðslur úr hendi stefnda en honum bar, miðað við söluverð bifreiðanna til þeirra Páls og Hilmars, þá ber að sýkna hann af endurgreiðslukröfu stefnda í málinu og jafnframt fella úr gildi löghaldsgerðina frá 17. desember 1953. Hins vegar ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms

um, að áfrýjandi skili stefnda aftur húsgagnaáklæðinu, og þykir hæfilegt að ákveða honum þriggja vikna frest frá lögbirtingu dómsins til að inna þá skyldu af hendi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða löghaldsgerð er úr gildi felld.

Áfrýjandi, Gunnar S. Hólm, skili stefnda, Davíð Sigurðssyni, húsgagnaáklæði því, sem um ræðir í máli þessu, innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa, en að öðru leyti skal hann vera sýkn af kröfum stefnda í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. júní 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. maí s.l., er höfðað fyrir aukadómþingi sýslunnar með stefnu, út gefinni 17. desember 1953, af Davíð Sigurðssyni, íþróttakennara í Reykjavík, gegn Gunnari S. Hólm húsgagnabólstrara, Þóroddsstöðum, Sandgerði, aðallega til afhendingar á húsgagnasetti, tveimur djúpum stólum og einum sófa, í rauðleitum lit með útskornum örmum, að viðlögðum dagsektum frá löglegri birtingu væntanlegs dóms, auk 6% ársvaxta af kr. 9300.00 frá 1. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst stefnandinn, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 8000.00 og að skila honum húsgagnaáklæði því, er hann afhenti honum vorið 1953. Um varakröfuna er krafizt vaxta og málskostnaðar sem í aðalkröfu.

Þá er og krafizt staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda 17. desember 1953.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu í málinu af öllum kröfum stefnandans og að honum verði dæmdur ríflegur málskostnaður. Þá krefst stefndi þess einnig, að stefnandi verði dæmdur í sekt samkvæmt 188. gr. laga 85/1936, 2. og 4. tl.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1953 tókst stefnandinn, Davíð Sigurðsson íþróttakennari, á hendur að selja fyrir stefnda, Gunnar Hólm húsgagna-

bólstrara, tvær bifreiðar, og var talað um verð, 25 þúsund krónur, fyrir báðar. Önnur bifreiðin var vöruflutningabifreið af gerðinni Studebaker, G 1438, smíðaár 1942, og var virt á kr. 15.000.00, en hin var sendiferðabifreið af gerðinni Hillmann, sama smíðaár, virt á 10 þúsund krónur, með skrásetningarmerki R 4910.

Stefndi er húsgagnabólstrari, og segir stefnandinn, að enn fremur hafi samningur tekizt með þeim á þann veg, að stefndi smíðaði fyrir hann tvo djúpa stóla og sófa, sem stefndi hefði verðlagt á kr. 8000.00, þó þannig, að stefnandanum bar að útvega á sinn kostnað áklæði á húsgögn þessi. Telur stefnandinn, að stefndi hafi lofað að afhenda húsgögnin að mánuði liðnum frá samkomulagi þessu, en áklæðið hefði stefndi fengið einhvern næsta dag. Eftir þessum samningum, segir stefnandinn, að mál þessi hefðu staðið þannig, að stefnandanum bar að standa skil á kr. 33.000.00 gegn því að fá afhentar umræddar bifreiðar og húsgögnin, og heldur stefnandinn fram, að hann hafi uppfyllt þenna samning af sinni hálfu.

Stefndi viðurkennir, að hann hafi ekki ætlazt til að fá nema kr. 33.000.00 fyrir báðar bifreiðarnar og sófasettið, enda þótt stefnandinn seldi bifreiðarnar hærra verði, svo framarlega sem salan færi fram fyrir 7. apríl, og enn fremur, að stefnandinn tæki að sér að greiða af nefndri upphæð kr. 3000.00 til Óskars Cortes. En þar sem stefnandinn hafi ekki staðið við þessi skilyrði, neitar stefndi að afhenda sófasettið, fyrr en stefnandi hafi skilað kr. 3960.00 af söluverði bílanna og auk þess boðið fram greiðslu fyrir sófasettið.

Ágreiningurinn í máli þessu snýst fyrst og fremst um það, hvort stefnandinn sé búinn að uppfylla áðurgreinda samninga af sinni hálfu eða hvort stefnandinn hafi sett skilyrði, sem séu óuppfyllt enn.

Umræddur samningur milli stefnanda og stefnda var ekki skriflegur, heldur aðeins munnlegur, en tvö vitni telja sig hafa heyrt, er stefnandinn og stefndi sömdu með sér um þessi kaup. Bæði þessi vitni bera, að þau hafi heyrt þá stefnda og stefnandann ganga frá samningunum á þá leið, sem stefnandinn hefur haldið fram, án þess að stefndi hafi sett þau skilyrði, sem hann hefur getið um. Að vísu hefur annað vitnið tekið fram, er það mætti fyrir rétti, að það sé vel mögulegt, að einhver atriði hafi farið framhjá honum, en hitt vitnið kveður sig hafa verið á skrifstofu stefnandans allan daginn og telur sig hafa fylgzt allvel með samtali þeirra stefnandans og stefnda, og aðalatriðið fyrir stefnda hafi verið að fá 32 eða 33 þúsund krónur fyrir bifreiðarnar og sófasettið, en

hitt ekkert nánar tiltekið, að greiðsla þyrfti að fara fram, fyrr en stefnandinn hefði selt bifreiðarnar. Bæði vitnin staðfestu þetta fyrir rétti, og framburðurinn tekinn jafngildur og eiðfestur væri.

Með framburði þessara vitna og öðru, sem viðurkennt er og upplýst um fyrrgreinda samninga milli aðilja og sölu bifreiðanna, verður dómurinn að fallast á, að stefnandinn hafi fært fullnægjandi sönnunargögn fyrir kröfum sínum, enda hafa ekki af hálfu stefnda verið færðar sönnur á, að hann hafi sett nein tímatakmörk eða slík skilyrði í samningnum.

Ekki verður þó talið fært að taka aðalkröfu stefnandans til greina, þar sem ekki liggja fyrir nægilega nákvæmar upplýsingar um gerð, útlit, frágang og annað, er máli skiptir, varðandi umrætt húsgagnasett.

Hins vegar má fallast á varakröfu stefnandans um greiðslu kr. 8000.00 með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá stefnudegi 17. desember s.l. til greiðsludags. Þá ber og að skylda stefnda til að skila aftur umræddu húsgagnaáklæði, er stefndi viðurkennir að hafa tekið við. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að gera stefnda að greiða stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 800.00.

Að lokum ber að staðfesta löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda 17. desember 1953, til tryggingar þessum kröfum. Ekki þykir ástæða til að taka kröfur stefnda til að sekta stefnandann að neinu leyti til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnar S. Hólm, greiði stefnandanum, Davíð Sigurðssyni, kr. 8000.00 með 6% ársvöxtum frá 17. desember 1953 til greiðsludags og skili honum ofangreindu húsgagnaáklæði, hvort tveggja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði stefndi stefnandanum innan sama frests málskostnað með 800 krónum. Svo staðfestist fyrir tildæmdum upphæðum löghaldsgerð frá 17. desember 1953.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 37/1955. **Ragnar Jónsson og Tómas Guðmundsson**
(Ragnar Jónsson)
gegn
Guðlaugi Rósinkranz
og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1955. Krefjast þeir sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 17. marz 1955. Krefst hann þess, að ummæli þau, sem stefnt er út af og greind eru í héraðsdómi, verði ómerkt, að aðaláfrýjendum verði dæmd þyngsta refsing fyrir ummælin og þeim dæmt skylt, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að skýra í tímaritinu Helgafelli frá úrslitum máls þessa svo og því af forsendum dómsins, sem dómurinn telji ástæðu til. Þá krefst gagnáfrýjandi og þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla, refsingu aðaláfrýjenda og skyldu þeirra til að birta auglýsingu um málalok að öðru leyti en því, að birtingarfrestur ákveðst tvær vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Óröskuð eru ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla, refsingu aðaláfrýjenda, Ragnars Jónssonar og

Tómasar Guðmundssonar, og um skyldu þeirra til að birta auglýsingu um málalok að öðru leyti en því, að birtingarfrestur ákveðst tvær vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda, Guðlaugi Rósinkranz, kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. febrúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 7. desember 1953, gegn Ragnari Jónssyni, Reynimel 49, og Tómasi Guðmundssyni, Bergstaðastræti 48, báðum hér í bæ, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í októberhefti tímaritsins „Helgafells" árið 1953, en stefndu eru ritstjórar þess tímarits.

Hin umstefndu ummæli, sem birtust í greinarflokknum „Á förnum vegi" í grein undir fyrirsögninni „Ég einn", sem rituð er undir dulnefni, eru þessi:

I. „Gengu þessi leiðindi svo langt, að þjóðleikhússtjóri átti sérstakt blaðaviðtal af því tilefni, að hann endursendi öðrum ritstjóra þessa tímarits bók. Var þetta þá hans met í yfirlætisfullri auglýsingastarfsemi fyrir sinni persónu, ef tilburðir slíkir sem þessir eru þá ekki einkenni sjúklegrar mikilmennsku".

II. „Allur þessi samblástur var svo augljóslega runninn undan rifjum þjóðleikhússtjóra og skrif öll í samráði við hann, að flestum er nú ljóst orðið, hverjir það voru, sem æstu til ófriðar".

III. „Í síðasta pistli sínum tókst þjóðleikhússtjóra að slá sitt fyrra met í mikilmennskubrjálæði. Bæjarbúar munu vafalaust hafa rekið upp stór augu og brosað vorkunnsamlega, ..."

IV. „Nei, Guðlaugur Rósinkranz hefur enga óperu valið, alþjóð veit, að hann veit ekkert um óperur, að hann hefur bókstaflega enga þekkingu á hljómsveitarstjórn eða leikstjórn, að hann veit yfirleitt ekki neitt um list".

Stefnandi, sem telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig og tilhæfulaus með öllu, hefur gert eftirfarandi dómkröfur:

að hin tilgreindu ummæli, sem birtust í októberhefti tímaritsins „Helgafells", og aðdróttanir þær, sem í þeim liggja, verði dæmd dauð og ómerk,

að stefndu verði dæmdir í þyngstu refsingu, er lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft ummælin og breitt þau út opinberlega,

að stefndu verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda dæmdir til þess að birta í tímariti því, „Helgafelli", er hin framangreindu meiðyrði hafa birzt í og þeir eru ritstjórar fyrir, úrslit máls þessa og það af forsendum dómsins, er dómarinn telur ástæðu til,

að stefndu verði dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hin tilgreindu ummæli séu úr aðsendri grein, en ekki úr ritstjórnargrein. Ummælin séu rifin úr samhengi og sýni ekki rétta mynd af áliti greinarhöfundar.

Um I.

Fallast má á það með stefnanda, að ummælin „Var þetta þá hans met í yfirlætisfullri auglýsingastarfsemi fyrir sinni persónu, ef tilburðir slíkir sem þessir eru þá ekki einkenni sjúklegrar mikilmennsku", séu meiðandi fyrir hann. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um II.

Fallast má á það með stefnanda, að ummæli þessi séu móðgandi fyrir hann. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um III.

Fallast má á það með stefnanda, að ummæli þessi séu meiðandi fyrir hann. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Um IV.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ummæli þessi séu dómur um listræna stjórn stefnanda á málefnum þjóðleikhússins, þ. e. listdómur, sem sé heimill og refsilaus.

Það mun að vísu alkunna, að stefnandi sé ekki sérmenntaður á sviði hljómlistarstjórnar eða leikstjórnar, en þegar hin tilgreindu ummæli eru virt, má fallast á það með stefnanda, að ummæli þessi séu í heild móðgandi fyrir hann. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og ber að refsa stefndu fyrir þau, enda hafa þau ekki verið réttlætt.

Þá þykir bera að ómerkja ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing stefnda Ragnars Jónssonar þykir hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Refsing stefnda Tómasar Guðmundssonar þykir hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá ber samkvæmt 11. gr. tilskipunar 9. maí 1855 að skylda stefndu til að birta auglýsingu í tímaritinu „Helgafelli", þar sem glöggt komi fram, hverjar dómkröfur stefnandi hefur gert í máli þessu og á hvern hátt var um þær dæmt svo og úrslit málsins. Ber stefndu að viðlögðum 30 króna dagsektum til stefnanda að birta auglýsingu þess efnis frá stefnanda í 1. eða 2. hefti tímaritsins „Helgafells", sem út kemur að liðnum aðfararfresti í máli þessu, og eftir að auglýsingin og krafa um birtingu hennar hefur komið fram frá stefnanda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi Ragnar Jónsson greiði 900 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 4 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi Tómas Guðmundsson greiði kr. 900.00 sekt í ríkissjóð, en sæti 4 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndu ber að viðlögðum 30 króna dagsektum til stefn-

anda, Guðlaugs Rósinkranz, að birta auglýsingu samkvæmt framanskráðu í 1. eða 2. hefti tímaritsins „Helgafells“, sem út kemur að liðnum aðfararfresti í máli þessu og eftir að auglýsingin og krafa um birtingu hennar hefur komið fram frá stefnanda.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 131/1955. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Arthur Wood Bruce (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt eftirtalda staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins þann 18. júlí 1955: Kl. 19,52 mældist staður togarans um 1,4 sm fyrir innan fiskveiðimörkin, kl. 20,08 um 0,8 sm fyrir innan fiskveiðimörkin og kl. 21,45 um 0,2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin við dufl það, sem varðskipið setti við hlið togarans kl. 20.54. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi. Með framangreindri athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytzt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða all-

an áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Arthur Wood Bruce, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 20. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, út gefinni af dómsmálaráðherra í dag, gegn ákærða, Arthur Wood Bruce, skipstjóra á enska togaranum Valafell, GY 383, til heimilis í Grimsby í Englandi, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara um kl. 8—9 að kvöldi mánudagsins 18. þ.m. út af Þistilfirði innan takmarkalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er hann ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Arthur Wood Bruce, er fæddur í Skotlandi 23. september 1919 og hefur ekki samkvæmt framlögðu hegningarvottorði fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot hér á landi.

Málsatvik eru sem nú skal greina:

Mánudaginn 18. þ. m. var varðskipið Óðinn statt austur af Hraunhafnartanga á S-A leið, er togari sást framundan, og hélt hann S-A-læga stefnu. Kl. 19,52 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togaranum:

○ Þverárhyrna ≠ Raufarhafnarvita
Hraunhafnartangavita $> 44° 30'$

Stefna varðskipsins er þá r/v 111° og togarinn beint framundan í 4.8 sm fjarlægð eftir radar, og sýndi það togarann 1.3 sm innan fiskveiðitakmarkanna. Var nú ferð varðskipsins aukin. Kl. 20.08 var stefna varðskipsins sú sama 111° r/v, þegar gerð var eftirfarandi staðarákvörðun:

△ Sandhaugur
Raufarhafnarviti > 41° 36′
○ Gefla > 24° 34′

og um leið var mælt:

togarinn
△ Sandhaugur > 76° 16′

og var togarinn þá svo til beint framundan í 3.6 sm fjarlægð eftir radar, og sýndi það stað hans um 1.0 sm innan fiskveiðitakmarkanna. Virtist togarinn þá halda lítið eitt til bakborða, og nálgaðist nú varðskipið hann óðum. Kl. 20.39 dró varðskipið upp stöðvunarmerki. Kl. 20,46—20,48 var þremur lausum skotum skotið, en togarinn hélt enn áfram að toga. Kl. 20,50 var kúluskoti skotið, og gaf þá togarinn frá sér hljóðmerki, en hélt þó enn áfram. Kl. 20,54 var varðskipið komið samsíða togaranum og lét þá út dufl rétt við bakborðshlið togarans. Enn var haldið áfram að toga, en kl. 20.58 var byrjað að hífa upp vörpuna á togaranum og sást fiskur í henni, en virtist lítill. Varðskipið lagði síðan að hlið togarans, og var skipstjóri hans kvaddur um borð í varðskipið og var honum skýrt frá því, að hann væri að veiðum innan fiskveiðitakmarka, og var skipstjóra boðið að taka þátt í staðarákvörðun skipanna. Kl. 21.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið, sem varðskipið hafði sett niður við hlið togarans, þ. e. innan við hann:

△ Gunnólfsvíkurfjall
△ Geirlaug > 47° 25′
○ Gefla > 46° 35′

dýpi 175 m. Fjarlægð í Melrakkanes 11.0 sm eftir radar, og er það 0.3 sjómílur innan takmarkanna. 2. stýrimaður og einn háseti voru settir um borð í togarann og lagt fyrir hann að fylgja varðskipinu eftir til Akureyrar, og var kl. þá 23,35. Til Akureyrar var komið kl. 14,25 þ. 19. þ. m. Kl. 21.00 þ. 18. þ. m. var veðrið: hægviðri, skýjað, skyggni gott. Sjór: V 2.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið nálgaðist skip hans, og hafi hann verið

að draga vörpuna inn, þegar skipið kom að honum. Samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins hafði ákærði ekkert við framangreindar staðarákvarðanir þeirra að athuga, en þegar fyrir rétt kom, vildi hann ekki viðurkenna þær. Við sjálfar athuganirnar hefur hann talið sig hafa það að athuga, að skyggni hafi ekki verið vel gott, því þokuslæðingur hafi verið og um tíma nokkur súld. Hefur hann viðurkennt, að honum hafi af varðskipsmönnum verið boðið að gera sextantmælingar á tökustaðnum, en hann hefur staðfest, að hann hafi ekki getað það, vegna þess að hann hafi ekki getað séð einn miðunarstaðinn (þann í miðið). Þá hreyfði hann andmælum út af því, að sjókort hans væri ekki eins og kort varðskipsmanna, og bar það, að eftir þeirra korti og staðsetningum hefði hann verið 0.3 sm innan línunnar, en samkvæmt sínu korti 1 sm utan línunnar. Sjókort það, sem hann var með á tökustaðnum og lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 4, er af öllu landinu og í miklu minni mælikvarða en íslenzku kortin. Gerði skipherra varðskipsins athuganir á því, hver væri stytzta vegalengd frá Melrakkanesi að friðunarlínunni eftir hvoru tveggja kortanna, og reyndist það 10 sm á korti togarans, en 10.3 sm á korti hans sjálfs. Athugað var um að setja út mælingar varðskipsmanna á kort skipstjóra, en það reyndist ekki mögulegt með neinni nákvæmni, vegna þess að mælipunktar og sum nöfn miðunarstaða vantaði á það.

Ákærði skýrði svo frá, að þetta hefði verið hans fyrsta tog, eftir að hann kom frá Englandi. Þegar hann kom á þessar slóðir, kvaðst hann hafa farið að fiskidufli, sem togarinn Cape Cleveland hafði lagt út, og hafði skipstjóri hans sagt honum, að það væri ¾ sm utan landhelgi. Kvaðst hann hafa kastað skammt frá dufli þessu og togað innan við það í ASA. Telur hann sig þá hafa verið ¼—½ sm utan friðunarlínunnar. Eftir ósk ákærða mældi varðskipið stað bauju þessarar, og setti skipherrann það út á sjókort, er lagt hefur verið fram í réttinum, og reyndist það vera 0.15 sm utan línu, en samkvæmt útsetningu á því, er skipherrann gerði í réttinum, var það 0.17—0.18 sm utan línu. Hefur ákærði leitazt við í rannsókn málsins að bera fyrir sig framangreinda staðsetningu skipstjórans á Cape Cleveland.

Þá hefur ákærði viljað bera eftirfarandi fyrir sig. Eftir að varðskipið var lagzt við hlið togarans, gerðu 1. og 2. stýrimaður varðskipsins ásamt ákærða athuganir á radar og áttavita á stað togarans, og taldist þeim til, að hann væri miðað við Melrakkanes 208° og settu það því út á korti ákærða, sbr. dskj. nr. 4, og sýndi það togarann utan línu. Þegar þeir stýrimennirnir voru búnir

að setja þetta út á kortinu, endurtóku þeir athugunina saman og fengu þá 218°. Hafa stýrimennirnir viðurkennt þetta, en þeir hafa báðir talið, að líkur væru á mislestri við fyrri mælinguna, og hér hafi ekki verið höfð sú nákvæmni við, sem nauðsynlegt sé, ef byggja eigi á radarathuguninni, en telja, að það hafi ekki verið meiningin með þessu. Ákærði hefur hins vegar viljað halda því fram, að ekkert hafi verið við þetta verk að athuga hjá þeim, enda hafi hann bæði fylgzt með áttavita og radar við athugunina.

Þegar litið er til þess, að staður togarans varð ekki settur út á sjókort ákærða, verður ekki hægt að byggja á mismun þeim, er virtist vera á sjókortunum. Ekki verður heldur neitt lagt upp úr umsögn ákærða um stað fiskiduflsins frá b/s Cape Cleveland, þar sem það reyndist rangt samkvæmt útreikningum varðskipsmanna, og þar sem sextantmælingar við góð skilyrði eru að áliti hinna sérfróðu manna dómsins miklu öruggari en radarmælingar, og þegar jafnframt eru athuguð atvik að radarathugun þeirri, er fram fór í togaranum, telur rétturinn, að hún haggi ekki við mælingum varðskipsins. Þar sem hins vegar skipherra varðskipsins og báðir stýrimennirnir hafa borið það og staðfest það með eiði sínum, að skilyrði til hornamælinga hafi verið góð og þeir hafi allir gert þær og sannprófað þær þannig, þá sé ekki unnt annað en að taka þær sem fullgilda sönnun fyrir stað togarans og að hann hafi verið innan friðunarlínunnar, og þar sem ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum á þessu svæði á tíma þeim og stað, er í ákæru greinir, er sök hans, sbr. ákæru, nægilega upplýst. Varðar brot þetta ákærða við ákvæði þau, er í ákæru greinir og tilfærð eru hér að framan.

Samkvæmt mælingabréfi togarans er brúttórúmlestastærð hans 380.02, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Valafell, GY 383, þar með taldir dragstrengir, skulu upptæk gerð, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi var kveðinn upp af Sigurði M. Helgasyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómendunum Þorsteini Stefánssyni hafnarverði og Benedikt Steingrímssyni fyrrverandi hafnarverði.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Wood Bruce, greiði kr. 74.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Valafell, GY 383, verði gerð upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 176/1954. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður E. Ólason)
gegn
Eiríki Eirikssyni
og gagnsök (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um ábyrgð á tjóni farþega, er hafði ókeypis far með bifreið og hlaut meiðsli vegna mistaka ökumanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1954, gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 99.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1954 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hafði ókeypis far í bifreið löggæzlumanna á vegum úti, R 1212, þá er slys það varð, er í málinu greinir. Flutningur á gagnáfrýjanda var eigi framkvæmd á starfa

löggæzlumanna né í svo nánu sambandi við hann, að aðaláfrýjandi verði ábyrgur til fébóta fyrir meiðsli gagnáfrýjanda, er urðu af mistökum löggæzlumannsins við akstur bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu verður að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir að dæma hvorum aðilja að bera sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eiríks Eiríkssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Eiríkur Eiríksson trésmiður, Hofteigi 26, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 14. apríl f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100.000.00, auk 6% ársvaxta frá 20. október 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi bótakröfuna niður í kr. 99.000.00 og krafðist 6% ársvaxta af henni frá 20. september þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar, eins og í stefnu greinir.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Til vara hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem allt of háum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 20. október 1945, kl. um 10 f. h., tók stefnandi og eiginkona hans, Helga Jónsdóttir, sér far með bifreið stefnda, R 1212, frá Reykjavík til Sauðárkróks, en þar voru hjónin þá búsett. Steinþór Ásgeirsson lögregluþjónn ók bifreiðinni og leyfði þeim hjónunum farið. Auk hjónanna og Steinþórs var Jóhann Ólafsson lögregluþjónn með í bifreiðinni frá Reykjavík. Á leiðinni norður var komið við í Borgarnesi og Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður tekinn í bifreiðina. Mun hann hafa verið aðalumráðamaður bifreiðarinnar í ferðinni, og samþykkti hann flutn-

ing hjónanna. Förin norður var farin af hálfu löggæzlumannsins og lögregluþjónanna til löggæzlu á vegum úti og bifreiðaeftirlits. Þau hjónin greiddu ekkert endurgjald fyrir farið. Ökumaður bifreiðarinnar, Steinþór Ásgeirsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að klukkan rúmlega 6½ e. h. laugardaginn 20. október 1945 hafi hann verið staddur á Húnvetningabraut skammt fyrir sunnan Sveinsstaði. Mikið hafi verið farið að skyggja, og hafi hann ekið með ljósum, en ekki hafi verið orðið nógu dimmt til þess, að þeirra væri nema lítil not. Hann kveðst hafa ekið nokkuð hart, enda vegurinn góður, og þeir hafi þurft að flýta sér, en allt í einu hafi hann orðið var við holu á veginum framundan. Hafi hann þá beygt til hægri til þess að losna við holuna, en við það hafi bifreiðin lent í lausamöl og runnið til að aftan. Þegar hann hafi síðan sveigt bifreiðina aftur inn á veginn, hafi hún farið út af vinstri vegbrún og oltið yfir sig. Ökumaðurinn telur sig ekki geta um það sagt, hve hraði bifreiðarinnar hafi verið mikill um það leyti, er slysið varð, þar sem hraðamælir hafi ekki verið í sambandi.

Við slys þetta hlutu hjónin nokkur meiðsl. Telur stefnandi, að rekja megi slysið til óvarlegs aksturs bifreiðarstjórans, og beri því ríkissjóður sem eigandi bifreiðarinnar ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hafi hlotizt. Styður stefnandi kröfur sínar á hendur stefnda í fyrsta lagi þeim rökum, að stefndi sé bótaskyldur samkvæmt sérreglum 1. mgr. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaganna um ábyrgð á slysi eða tjóni, er hljótist af notkun bifreiðar á mönnum eða munum. Þá telur stefnandi í öðru lagi, að stefndi beri ábyrgð á tjóninu eftir almennum reglum. Bifreiðarstjórinn, sem valdið hafi slysinu með ógætilegum akstri, hafi, er það varð, verið að skyldustörfum sínum í þágu stefnda, og beri stefndi því ábyrgð á honum sem starfsmanni sínum.

Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Örorkubætur	kr.	90.000.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og óþægindi ..	—	8.000.00
3.	Læknishjálp og fataspjöll	—	1.000.00
	Samtals	kr.	99.000.00

Stefndi hefur fyrst og fremst hreyft þeirri varnarástæðu, að stefnandi hafi vegna aðgerðaleysisverkana firrt sig rétti til bóta, þar sem ekki hafi verið hafizt handa um heimtu bótanna, fyrr en um það bil 7½ ári eftir að slysið varð. En á þessa varnarástæðu

verður ekki fallizt. Bótakrafan er ekki fyrnd, og ekki verður séð, að stefnandi hafi nokkru sinni fallið frá henni.

Þá reisir stefndi sýknukröfuna á því, að bifreiðarstjórinn hafi ekki valdið slysinu á saknæman hátt, heldur hafi það orðið af óhappatilviljun, sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Enn heldur stefndi því fram, að hin sérstæða ábyrgðar- og sönnunarregla 1. mgr. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaganna eigi hér ekki við. Stefnandi hafi fengið að „fljóta með" í bifreiðinni, án þess nokkurt endurgjald kæmi fyrir, enda hafi bifreiðin ekki verið til afnota fyrir almenning gegn borgun.

Loks reisir stefndi sýknukröfuna á því, að jafnvel þótt bifreiðarstjórinn hefði átt einhverja sök á slysinu, þá leiði það ekki til bótaskyldu ríkissjóðs, eins og hér hagar til. Bifreiðarstjórinn hafi tekið stefnanda og eiginkonu hans í bifreiðina á eigin ábyrgð og í persónulegu greiðaskyni, án samráðs við eiganda hennar og án þess að bifreiðin væri ætluð til slíkra flutninga. Hafi því bifreiðarstjórinn með því að leyfa hjónunum far með bifreiðinni farið út fyrir starfssvið sitt, en stefndi geti ekki borið ábyrgð á starfsmönnum sínum utan starfssviðs þeirra.

Frásögn bifreiðarstjórans, sem rakin hefur verið hér að framan, verður lögð til grundvallar um aðdraganda slyssins, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem hnekki því, að hann hafi skýrt rétt frá. Af frásögninni er ljóst, að bifreiðarstjórinn sá illa framundan sér á veginum svo og, að hann hefur ekið óhæfilega hart, miðað við þær aðstæður. Þykir því mega rekja orsakir slyssins til ógætilegs aksturs hans.

Svo sem áður segir, var stefnandi farþegi í bifreiðinni með samþykki umráðamanna hennar, en það er ekki óvenjulegt eða óeðlilegt, að fólki sé veitt ókeypis far í greiðaskyni, þegar líkt stendur á og hér var, og ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess, að umráðamönnum bifreiðarinnar hafi af hálfu stefnda verið meinað að gera fólki slíkan greiða. Bifreiðarstjórinn var að sinna skyldustörfum sínum við akstur bifreiðarinnar sem starfsmaður stefnda, er slysið varð vegna ógætni hans. Þykir því stefndi eiga að bera fébótaábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda.

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar:

Um 1. Stefnandi var strax eftir slysið fluttur í sjúkrahúsið á Blönduósi, og var þar gert að meiðslum hans, en síðan var hann fluttur heim til sín að Sauðárkróki. Í vottorði héraðslæknisins þar, dags. 15. febrúar 1946, segir, að hans hafi verið vitjað til stefnanda 22. október 1945 vegna meiðsla, sem hann hafi hlotið í bílslysi 20. s. m. Við skoðun hafi komið í ljós, að

stefnandi hafi verið viðbeinsbrotinn hægra megin svo og marinn á öxl og olnboga sama megin, og enn sé hann ekki orðinn jafngóður.

Samkvæmt vottorði Þórarins Sveinssonar tryggingayfirlæknis, dags. 27. marz f. á., kom stefnandi á lækningastofu hans til skoðunar 21. s. m. Framkvæmdi læknirinn þá skoðun á honum og fékk sjúkrasögu hans. Er ályktun læknisins á þessa leið: „Um er að ræða viðbeinsbrot, sem gróið hefur saman á misvíxl, og marmeiðsli um hægri olnbogalið, og lítur út fyrir, að afleiðing þess sé samdráttur umhverfis taug (n. ulnaris), er við mikla áreynslu valdi þrútnun í slíðrinu og þannig skapi þreytukennd.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	1	mánuð	fyrst	eftir	slysið	.....	100%	örorka
—	1	—	þar	á	eftir	.....	85%	—
—	1	—	—	-	—	.....	75%	—
—	1	—	—	-	—	.....	50%	—
—	1	—	—	-	—	.....	35%	—
—	1	—	—	-	—	.....	25%	—
—	1	—	—	-	—	.....	15%	—

Úr því 10% örorka í tveggja ára bil og síðan 8% varanleg örorka".

Tryggingarfræðingur hefur reiknað út áætlað vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins. Samkvæmt skýrslu hans er stefnandi talinn fæddur 20. júní 1905, og var hann því rúmlega 40 ára, er slysið varð. Þau hjónin fluttust til Reykjavíkur árið 1947 og hafa átt hér heima síðan.

Fyrir tryggingarfræðingnum lágu við útreikninginn staðfest endurrit af skattaframtölum stefnanda tekjuárin 1944, 1945 og 1947 til 1952, að báðum meðtöldum. Við áætlun vinnutekjutapsins hefur tryggingarfræðingurinn miðað við vinnutekjur á þeim stað, þar sem stefnandi hefur átt heima á hverjum tíma, síðan hann slasaðist, og áætlun fram í tímann við núverandi heimili hans, Reykjavík. Verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps reiknast tryggingarfræðingnum á slysdegi kr. 62.483.00. Við það hefur hann bætt vöxtum, 4% p. a., frá þeim degi til 20. f. m. eða kr. 26.160.00. Nemur því allt tapið, miðað við þann dag, kr. 88.643.00. Grundvöllur þessa útreiknings er 4% vextir p. a., dánarlíkur samkvæmt reynslu fyrir íslenzka karlmenn á árunum 1921 til 1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í skýrslu sinni getur tryggingarfræðingurinn þess, að hann hafi

ekki dregið neitt frá vinnutekjum fyrir opinberum gjöldum. Loks segir hann svo í niðurlagi skýrslunnar: „Af skattaframtölum Eiríks er ljóst, að hann hefur unnið talsvert í eftirvinnu við íbúð sína, eftir að hann fluttist til Reykjavíkur. Eins og sakir standa, er atvinna hjá trésmiðum svo mikil, að þeir hafa ekki aðeins fulla dagvinnu, heldur líka mikla eftirvinnu. Mér þykir þó hæpið að reikna með því ástandi um langa framtíð. Þar sem vinnutekjuáætlunin fram í tímann svarar til fullrar dagvinnu og verulegrar eftirvinnu, tel ég, að vel geti komið til greina að lækka hana vegna hugsanlegrar atvinnurýrnunar um 10% til 20%, en það svarar til ca 6% til 12% lækkunar á heildinni. Heildartapið, miðað við daginn í dag, yrði þá 78.006.00 kr. til 83.324.00 kr."

Þegar það er virt, sem hér að framan er rakið, svo og önnur atriði, er máli skipta, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 50.000.00. Er þá einnig haft í huga, að nokkur hluti vaxtanna, sem tryggingarfræðingurinn reiknar með, er fyrndur, og ársvextir af fé hér á landi eru almennt hærri en hann miðar við.

Um 2. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og afleiðingum þeirra, en hvoru tveggja hefur verið lýst nákvæmlega hér að framan, þykja bætur til stefnanda fyrir þjáningar og óþægindi hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Um 3. Um fjárhæðina undir þessum lið er enginn ágreiningur, og verður hún því tekin til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 54.500.00 (kr. 50.000.00 + kr. 3500.00 + kr. 1000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 6000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Eiríki Eiríkssyni, kr. 54.500.00 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1954 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 177/1954. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður E. Ólason)
gegn
Helgu Jónsdóttur
og gagnsök (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um ábyrgð á tjóni farþega, er hafði ókeypis far með bifreið og hlaut meiðsli vegna mistaka ökumanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1954, gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 51.183.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1954 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hafði ókeypis far í bifreið löggæzlumanna á vegum úti, R 1212, þá er slys það varð, er í málinu greinir. Flutningur á gagnáfrýjanda var eigi framkvæmd á starfa löggæzlumanna né í svo nánu sambandi við hann, að aðaláfrýjandi verði ábyrgur til fébóta fyrir meiðsli gagnáfrýjanda, er urðu af mistökum löggæzlumannsins við akstur bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu verður að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir að dæma hvorum aðilja að bera sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstrétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Helgu Jónsdóttur, í máli þessu.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Helga Jónsdóttir, Hofteigi 26, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. apríl 1953, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 76.000.00, auk 6% ársvaxta frá 20. október 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi bótakröfuna niður í kr. 51.183.00, krafðist 6% ársvaxta af henni frá 20. september þ. á. og málskostnaðar, eins og í stefnu greinir.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnandi og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hennar eftir mati dómarans. Til vara hefur hann mótmælt kröfum stefnandi sem allt of háum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 20. október 1945, kl. um 10 f. h., tók stefnandi og eiginmaður hennar, Eiríkur Eiríksson trésmiður, sér far með bifreið stefnda, R 1212, frá Reykjavík til Sauðárkróks, en þar voru hjónin þá búsett. Steinþór Ásgeirsson lögregluþjónn ók bifreiðinni og leyfði þeim hjónum farið. Auk hjónanna og Steinþórs var Jóhann Ólafsson lögregluþjónn með í bifreiðinni frá Reykjavík. Á leiðinni norður var komið við í Borgarnesi og Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður tekinn í bifreiðina. Mun hann hafa verið aðalumráðamaður bifreiðarinnar í ferðinni, og samþykkti hann flutning hjónanna. Förin norður var farin af hálfu löggæzlumannsins og lögregluþjónanna til löggæzlu á vegum úti og bifreiðaeftirlits. Þau hjónin greiddu ekkert endurgjald fyrir farið. Ökumaður bifreiðarinnar, Steinþór Ásgeirsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að klukkan rúmlega 6½ e. h. laugardaginn 20. október 1945 hafi hann verið staddur á Húnvetningabraut skammt fyrir sunnan Sveinsstaði. Mikið hafi verið farið að skyggja, og hafi hann ekið með ljósum, en ekki hafi verið orðið nógu dimmt til þess, að þeirra væri nema lítil not. Hann kveðst hafa ekið nokkuð hart, enda vegurinn góður, og þeir hafi þurft að flýta sér, en allt í einu hafi hann orðið var við holu á veginum framundan. Hafi hann þá beygt til hægri til þess að losna við holuna, en við það hafi bifreiðin lent í lausamöl og runnið til að aftan. Þegar hann hafi síðan sveigt bifreiðina aftur inn á veginn, hafi

hún farið út af vinstri vegbrún og oltið yfir sig. Ökumaðurinn telur sig ekki geta um það sagt, hve hraði bifreiðarinnar hafi verið mikill um það leyti, er slysið varð, þar sem hraðamælir hafi ekki verið í sambandi.

Við slys þetta hlutu hjónin nokkur meiðsl. Telur stefnandi, að rekja megi slysið til óvarlegs aksturs bifreiðarstjórans, og beri því ríkissjóður sem eigandi bifreiðarinnar ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hafi hlotizt. Styður stefnandi kröfur sínar á hendur stefnda í fyrsta lagi þeim rökum, að stefndi sé bótaskyldur samkvæmt sérreglum 1. mgr. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaganna um ábyrgð á slysi eða tjóni, er hljótist af notkun bifreiðar á mönnum eða munum. Þá telur stefnandi í öðru lagi, að stefndi beri ábyrgð á tjóninu eftir almennum reglum. Bifreiðarstjórinn, sem valdið hafi slysinu með ógætilegum akstri, hafi, er það varð, verið að skyldustörfum sínum í þágu stefnda, og beri stefndi því ábyrgð á honum sem starfsmanni sínum.

Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Örorkubætur	kr.	42.183.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og óþægindi ..	—	8.000.00
3.	Læknishjálp og fataspjöll	—	1.000.00
	Samtals	kr.	51.183.00

Stefndi hefur fyrst og fremst hreyft þeirri varnarástæðu, að stefnandi hafi vegna aðgerðaleysisverkana firrt sig rétti til bóta, þar sem ekki hafi verið hafizt handa um heimtu bótanna, fyrr en um það bil 7½ ári eftir að slysið varð. En á þessa varnarástæðu verður ekki fallizt. Bótakrafan er ekki fyrnd, og ekki verður séð, að stefnandi hafi nokkru sinni fallið frá henni.

Þá reisir stefndi sýknukröfuna á því, að bifreiðarstjórinn hafi ekki valdið slysinu á saknæman hátt, heldur hafi það orðið af óhappatilviljun, sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Enn heldur stefndi því fram, að hin sérstæða ábyrgðar- og sönnunarregla 1. mgr. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaganna eigi hér ekki við. Stefnandi hafi fengið að „fljóta með“ í bifreiðinni, án þess nokkurt endurgjald kæmi fyrir, enda hafi bifreiðin ekki verið til afnota fyrir almenning gegn borgun.

Loks reisir stefndi sýknukröfuna á því, að jafnvel þótt bifreiðarstjórinn hefði átt einhverja sök á slysinu, þá leiði það ekki til bótaskyldu ríkissjóðs, eins og hér hagar til. Bifreiðarstjórinn hafi tekið stefnandi og eiginmann hennar í bifreiðina á

eigin ábyrgð og í persónulegu greiðaskyni, án samráðs við eiganda hennar og án þess að bifreiðin væri ætluð til slíkra flutninga. Hafi því bifreiðarstjórinn með því að leyfa hjónunum far með bifreiðinni farið út fyrir starfssvið sitt, en stefndi geti ekki borið ábyrgð á starfsmönnum sínum utan starfssviðs þeirra.

Frásögn bifreiðarstjórans, sem rakin hefur verið hér að framan, verður lögð til grundvallar um aðdraganda slyssins, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem hnekki því, að hann hafi skýrt rétt frá. Af frásögninni er ljóst, að bifreiðarstjórinn sá illa framundan sér á veginum svo og, að hann hefur ekið óhæfilega hart, miðað við þær aðstæður. Þykir því mega rekja orsakir slyssins til ógætilegs aksturs hans.

Svo sem áður segir, var stefnandi farþegi í bifreiðinni með samþykki umráðamanna hennar, en það er ekki óvenjulegt eða óeðlilegt, að fólki sé veitt ókeypis far í greiðaskyni, þegar líkt stendur á og hér var, og ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess, að umráðamönnum bifreiðarinnar hafi af hálfu stefnda verið meinað að gera fólki slíkan greiða. Bifreiðarstjórinn var að sinna skyldustörfum sínum við akstur bifreiðarinnar sem starfsmaður stefnda, er slysið varð vegna ógætni hans. Þykir því stefndi eiga að bera fébótaábyrgð á slysinu gagnvart stefnandi.

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar:

Um 1. Stefnandi var strax eftir slysið flutt í sjúkrahúsið á Blönduósi, og var þar gert að meiðslum hennar, en síðan var hún flutt heim til sín að Sauðárkróki. Í vottorði héraðslæknisins þar, dags. 15. febrúar 1946, segir, að hans hafi verið vitjað til stefnandi 22. október 1945 vegna meiðsla, sem hún hafi hlotið í bílslysi 20. s. m. Við skoðun hafi komið í ljós, að stefnandi hafi verið talsvert marin á höfði og aum og stirð í hálsi, svo að hún hafi átt mjög erfitt með að snúa til höfðinu. Hinn 28. janúar 1950 fór stefnandi til Kristjáns Þorvarðssonar læknis til skoðunar. Samkvæmt vottorði hans er sjúkrasaga stefnandi á þá leið, að hún hafi verið hraust, þar til hún lenti í bílslysinu í október 1945. Þá kveðst hún hafa misst meðvitund augnablik, fengið glóðarauga og úr andliti hennar hafi blætt. Við slysið hafi hún og bólgnað mikið á hálsi að utan hægra megin svo og á hægri öxl. Einnig hafi hún marizt á hægra hné. Eftir slysið hafi hún haft verk og þyngsli hægra megin í höfði, verk í öxl og handlegg þeim megin, og við áreynslu hafi framhandleggur og hné bólgnað. Þá hafi hún verið taugaveikluð og hrædd, einkum við það að aka í bíl. Minnið telur hún hafa sljóvgazt, svefn hafa verið heldur lélegan og hún hafi átt erfitt með vinnu, einkum vegna höfuðverkjar og

verkjar og stirðleika í hálsi. Við taugaskoðun á stefnandi fann læknirinn bólgna vöðva og mjög auma viðkomu á hálsi hægra megin (að utan) og eymsli við viðkomu á hægri öxl og við hreyfingar. Þá segir hann hreyfingar í hálsliðum sárar og mátt hægri handar minnkaðan, sennilega vegna sársauka. Mikill sársauki sé við viðkomu á höfuðkúpuna aftan og ofan við hægra eyra og hægra hné sé aumt viðkomu og bólga yfir hnéskelinni í slímpokanum. Sársauka- og snertiskyn sé næmara á hægri handlegg og hendi og hægra læri, legg og fæti. Röntgenmynd af hálsliðum sýni ójöfnu á liðbrúnum. Ályktar læknirinn, að stefnandi hafi fengið heilahristing við bílslysið. Auk þess hafi hún marizt og tognað illa á hálsi, vöðvar tognað þeim megin á hálsi og sennilega blætt inn á þá. Þá hafi hreyfingar hægri axlarliðs takmarkazt, sennilega vegna tognunar á liðböndum og liðpoka, og slímpokabólga yfir hnéskel geri liðhreyfingar sárar. Telur læknirinn, að af sjúkrasögu stefnandi og rannsóknum sínum megi ályktа, að sjúkleiki stefnandi sé bein afleiðing bílslyssins.

Hinn 2. marz 1951 skoðaði Kristján læknir stefnandi enn. Eftir vottorði hans samdægurs hafði ástand stefnandi ekki batnað, frá því að skoðun hans fór fram 28. janúar 1950. Telur læknirinn sennilegt, að stefnandi hafi hlotið varanlegt mein af bílslysinu.

Stefndi hefur dregið í efa, að orsakasamband sé milli bílslyssins og allra þeirra meiðsla, sem stefnandi telur sig hafa hlotið við það, og bendir sérstaklega á, að í vottorði héraðslæknisins á Sauðárkróki sé ekki getið um, að stefnandi hafi meiðsl í hné. En ekki virðist ástæða til annars en leggja sjúkrasögu stefnandi og ályktun Kristjáns læknis Þorvarðssonar til grundvallar um þetta atriði.

Samkvæmt vottorði Þórarins Sveinssonar tryggingayfirlæknis, dags. 24. marz 1953, kom stefnandi til skoðunar á lækningastofu hans 21. sama mánaðar. Framkvæmdi læknirinn þá skoðun á stefnandi, og er ályktun hans á þessa leið: „Af vottorðum læknanna Torfa Bjarnasonar og Kristjáns Þorvarðssonar svo og af frásögn slösuðu má ætla, að konan hafi hlotið heilahristing. Einnig má ætla, að konan hafi hlotið allmikinn áverka á hálsinn h. megin, þótt röntgenmyndir sýni ekki brot á liðum að dómi sérfræðinganna. Gera verður ráð fyrir, að mikið hafi blætt í vöðvana á hálsinum og herðunum og sé það undirrót þeirra þrauta, er konan lýsir. Hins vegar stangast á staðreyndir: Vöðvaþróttur í h. handleggnum og eymslin, sem konan gefur til kynna við skoðunina. Er ekki hægt að ályktа annað en að konan hafi hlotið alvarlegt taugaslen við slysið. Gera má og ráð fyrir, að blóðbreyt-

ingatímabilið hafi einnig haft áhrif á tilfinningalífið. Um þetta verður erfitt að segja.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 2 mánuði fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 mánuð þar á eftir	80%	—
— 1 — — - —	65%	—
— 1 — — - —	50%	—
— 1 — — - —	35%	—
— 1 — — - —	25%	—
— 2 mánuði — - —	20%	—
— 3 — — - —	15%	—

Erfitt er að mynda sér skoðun um varanlega örorku, en með tilliti til taugaslens (traumatiskrar neurose) og ev. einhverra neuralgiae í handlegg og hálsi samfara höfuðþrautum má ætla, að 10% varanleg örorka sé hæfilegt mat".

Tryggingarfræðingur hefur reiknað áætlað vinnutekjutap stefnandi vegna slyssins. Samkvæmt skýrslu hans er stefnandi talin fædd 11. janúar 1903, og var hún því tæplega 43 ára, er slysið varð. Þau hjónin fluttust búferlum til Reykjavíkur árið 1947 og hafa átt hér heima síðan. Hefur tryggingarfræðingurinn áætlað stefnandi vinnutekjur eftir ráðskonukaupi, eins og ætla má, að það hafi verið á hverjum tíma á þeim stöðum, sem hún hefur dvalið, en jafnframt tekið tillit til þess, að stefnandi hefur unnið og haft nokkrar tekjur utan heimilis bæði fyrir og eftir slysið. Verðmæti vinnutekjutapsins á slysdegi reiknast tryggingarfræðingnum kr. 29.734.00. Við það hefur hann bætt vöxtum, 4% p. a., frá þeim degi til 20. f. m. eða kr. 12.449.00. Nemur því allt tapið, miðað við þann dag, fjárhæðinni undir þessum lið eða kr. 42.183.00. Grundvöllur útreiknings tryggingarfræðingsins er 4% vextir p. a., dánarlíkur fyrir íslenzkar konur eftir reynslu áranna 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Þegar það er virt, sem hér að framan er rakið, svo og önnur þau atriði, er máli skipta, og hliðsjón höfð af því, að tryggingayfirlæknirinn gerir ráð fyrir, að blóðbreytingatímabilið hjá stefnandi hafi haft áhrif á tilfinningalíf hennar, þykja bætur til stefnandi undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00. Er þá einnig haft í huga, að nokkur hluti vaxtanna, sem tryggingarfræðingurinn reiknar með, er fyrndur og ársvextir af fé hér á landi eru almennt hærri en hann miðar við.

Um 2. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og

afleiðingum þeirra, en hvoru tveggja hefur verið lýst nákvæmlega hér að framan, þykja bætur til stefnandi fyrir þjáningar og óþægindi hæfilega ákveðnar kr. 5000.00.

Um 3. Um fjárhæðina undir þessum lið er enginn ágreiningur, og verður hún því tekin til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnandi kr. 31.000.00 (kr. 25.000.00 + kr. 5000.00 + kr. 1000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 4000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandi, Helgu Jónsdóttur, kr. 31.000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1954 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1956.

Nr. 154/1955. **Leó Sigurðsson** (Benedikt Sigurjónsson)
gegn
Útgerðarfélagi K.E.A. h/f
og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þóknun fyrir skipsdrátt. Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa kveðið upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, og samdómsmennirnir Gísli Eyland skipstjóri og Benedikt Steingrímsson hafnarvörður.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. september s. á. Krefst hann þess *aðallega* að vera einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda þóknun fyrir skips-

drátt, kr. 6000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1954 til greiðsludags, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1955, að fegnu gagnáfrýjunarleyfi 24. nóvember s. á. Krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 322.434.42 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, þó eigi lægri en ákveðin er í héraðsdómi, auk 6% ársvaxta frá 16. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Súlunni, EA 300, til tryggingar dæmdum bjarglaunum og skaðabótum.

Fallast ber á rök héraðsdóms fyrir því, að gagnáfrýjanda beri bjarglaun fyrir hjálp þá, er áhöfn v/s Snæfells veitti v/s Súlunni 16. nóvember 1953. Þegar litið er til skyldna þeirra, er hvíldu á gagnáfrýjanda samkvæmt samningi þeim um drátt á v/s Súlunni, sem lýst er í héraðsdómi, svo og annarra þeirra atriða, sem þar eru greind, þykja bjarglaunin hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Ber aðaláfrýjanda að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um þóknun til gagnáfrýjanda fyrir drátt á v/s Súlunni. Einnig ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt gagnáfrýjanda í v/s Súlunni fyrir dæmdum fjárhæðum, að undanskilinni þóknuninni fyrir dráttinn og vöxtum af þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Leó Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Útgerðarfélagi K.E.A. h/f, kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1953 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á

gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Súlunni, EA 300, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjanda kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1953 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 15. marz 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 17. maí 1954, af Útgerðarfélagi K.E.A. h/f, Akureyri, gegn Leó Sigurðssyni útgerðarmanni, Akureyri. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum í þóknun, björgunarlaun og kostnað vegna björgunarstarfs alls kr. 322.434.42. Kröfuna sundurliðar hann þannig:

1.	Þóknun samkvæmt samkomulagi 14. nóvember 1953	kr.	12.000.00
2.	Björgunarlaun	„	302.750.00
3.	Bætur fyrir skemmdir, kostnað við mat o. fl.	„	7.684.42
		Kr.	322.434.42

Auk þess er krafizt 6% ársvaxta af upphæðinni frá 16. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi að mati dómsins. Krafizt er einnig viðurkenningar á sjóveðrétti stefnanda í m/s Súlunni, EA 300, til tryggingar þeim upphæðum, sem tildæmdar verða, að undanskilinni þóknun samkvæmt dráttarsamningnum. Til vara krefst hann þóknunar fyrir aðstoð, veitta fram yfir það, sem um var samið í samkomulaginu, eftir mati dómsins og viðurkenningar sjóveðréttar í m/s Súlunni fyrir þeim upphæðum, sem tildæmdar verða, ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og krafizt hefur verið.

Einnig hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt í máli þessu, en eingöngu til að gæta hagsmuna sinna sem vátryggjanda m/s Súlunnar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara, að stefnanda verði dæmd hæfileg þóknun að mati réttarins fyrir þann drátt, er Snæfell framkvæmdi, þó aldrei hærri en kr. 12.000.00, og málskostnaður falli niður. Í því tilfelli er mótmælt kostnaði við mat skipsins og bótum fyrir tjón, sem orðið hafi á m/s Snæfelli. Sjóveðrétti er mótmælt. Til þrauta-

vara, að ef talið verður, að um björgun hafi verið að ræða, verði stefnukrafan stórlega lækkuð að mati réttarins og rétturinn ákveði hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru sem hér segir:

Föstudaginn 13. nóvember 1953, þegar m/s Súlan, EA 300, var á ferð austur yfir Breiðafjörð á leið sinni frá Akureyri til Grundarfjarðar á herpinótaveiðar og var stödd undan Grundarfirði, bilaði aðalaflvél skipsins með þeim hætti, að húsið yfir niðurfærslugírnum hafði brotnað. Þetta gerðist um kl. 18.30 greindan dag. Skipstjóri hafði þegar samband við land í gegnum talstöð skipsins, og eftir nokkra samningagerð var ákveðið, að m/s Akraborg, sem var við síldveiðar á Grundarfirði, færi m/s Súlunni til aðstoðar og drægi hana til Grundarfjarðar. Gekk sú ferð mjög vel, og var kl. 10 að morgni laugardags 14. nóvember komið inn á skipalegu á Grundarfirði, og m/s Súlunni lagt á 10 faðma dýpi fram af bryggju. Var nú beðið frekari fyrirmæla frá vátryggingarfélagi skipsins, sem er Sjóvátryggingarfélag Íslands. Þenna dag samdi svo vátryggingarfélag m/s Súlunnar við Útgerðarfélag K.E.A. h/f, Akureyri, um, að skip þess félags, m/s Snæfell, EA 740, tæki að sér drátt á m/s Súlunni frá Grundarfirði til Reykjavíkur fyrir kr. 12.000.00. Þegar þetta gerðist, var m/s Snæfell við síldveiðar á Grundarfirði og því með útbúnað til herpinótaveiða, þ. á m. með herpinót og 2 herpinótabáta, og næstum fullfermi af bræðslusíld í lest, og var ætlunin að losa farminn í Reykjavík. Svo var samið um milli aðilja í upphafi, að aðstandendur m/s Súlunnar legðu til dráttartaug. Þegar búið var að semja um dráttinn, var farið að undirbúa til ferðarinnar, og var fengið 6 þumlunga grastóg í Grafarnesi með tilvísan umboðsmanns Sjóvátryggingarfélagsins til að hafa í dráttartaugina. Kl. 02.45 aðfaranótt sunnudags 15. nóvember hóf m/s Snæfell drátt á m/s Súlunni, og var dráttartaugin samkvæmt framlögðum útdrætti úr dagbók Súlunnar 50 faðmar grastrossa, er fengin hafði verið í Grafarnesi, tvöföld, tvöfaldir bátasleðar af m/s Súlunni úr 7 þumlunga grastógi, en ekki kemur skýrt fram um lengd þeirra. Loks voru 3 liðir af keðju. Dráttartaugin var útbúin af skipverjum Súlunnar, og efni allt lagt til af hennar hálfu. Samkvæmt dagbók m/s Snæfells var ákveðið í samráði við skipstjóra m/s Súlunnar að fara af stað, svo fljótt sem kostur væri, vegna þess að veðurspá og útlit hafi verið gott. Hefur skipstjóri m/s Snæfells skýrt svo frá, að hann hafi hlustað á veðurspá 14. nóvember, kl. 22.00 og 24.00, og sunnudagsmorguninn 15., kl. 3.30. Hafi hún í síðastgreint sinn verið: S-kaldi og

gengi í allhvassa A-átt með köflum. Stýrt var eftir vitum og landsýn út úr Grundarfirði. Kl. 03.45 sett V a N, og vegmælir settur út á Súlunni. Kl. 06.15 var komið að Grundarnesi og stýrt eftir landsýn suður með nesinu. Hafði ferðin gengið vel til þessa, það er þangað til komið var vestur fyrir nesið, hraði um 7 sm samkvæmt framburði Bj. Jóhannessonar, skipstjóra á m/s Snæfelli, en þá var veður tekið að versna, og snéru skipin við aftur og var farið inn á Ólafsvík, en þar slitnaði m/s Súlan upp í aftakaveðri 15/11 og rak út víkina, og kom m/s Snæfell henni til aðstoðar og dró hana aftur til Ólafsvíkur. Lauk drættinum þar, og var annað skip, björgunar- og gæzluskipið Sæbjörg, fengið til að draga m/s Súluna þaðan til Reykjavíkur. Vegna þessara atburða fór fram sjópróf bæði í Reykjavík og á Akureyri, og enn fremur hafa skipstjórar beggja skipanna, m/s Súlunnar og m/s Snæfells, og nokkrir fleiri verið leiddir sem vitni í máli þessu, og verður nú farið eftir gögnum þessum, sem öll liggja fyrir í málinu, við frekari lýsingu á málsatvikum.

Um kl. 9.00 (samkvæmt dagbók Snæfells kl. 9.20) á sunnudagsmorgun 14. nóvember, þegar skipin voru við Malarrif, slitnaði dráttartaugin milli þeirra, og reyndist það vera grastógið, sem slitnað hafði. Vindur var þá vaxandi ASA, 5—6 vindstig samkvæmt dagbók m/s Súlunnar. Hafizt var handa um að lagfæra dráttartaugina. Um borð í Snæfelli voru til 20 fet af 3″ vír og 40 fet af 2¼″ vír, og var 3″ vírinn notaður einfaldur, en 2¼″ tvöfaldur, og því lásað í vír frá m/s Súlunni. Kl. 11,20 var búið að stanga auga á vírinn. Nokkrir erfiðleikar voru á að láta skipin nálgast, svo hægt væri að koma enda á milli, vegna þess að bæði skipin voru með herpinótabáta í bátsuglunum, en þó tókst það í annarri tilraun. Var nú kominn ASA stormur, og var farið upp undir landið og lónað þar um stund. Síðan var haldið norður með og lagzt á Beruvík kl. 15.15, og hékk Súlan í dráttartauginni, en lagðist ekki. Kl. 17.55 var vindur orðinn svo sunnanstæður, að óverandi var á víkinni, og var þá létt aftur og haldið með hægri ferð norður fyrir nesið. Þá var komið S-rok (ofsarok, sbr. dagbók Súlunnar). Haldið var grunnt inn með landinu og inn til Ólafsvíkur og akkeri látið falla á 11 faðma dýpi, en þar sem skipin á víkinni drógu legufærin, var haldið betur upp í Ólafsvíkina og lagzt þar á 7 feta dýpi fyrir báðum akkerum. Á m/s Snæfelli voru úti 9 liðir af keðju. M/s Súlan lagðist líka, en dráttartaugin höfð milli skipanna, og Súlan lét líka akkeri falla. M/s Snæfell hafði 2 akkeri til að liggja við, 400 kg og 350 kg, en á m/s Súlunni var sett út 250 kg akkeri eða 300, enda hafði hún ekki stærra

akkeri um borð, þar sem hún hafði misst 400 kg akkeri, þar sem hún hafði lagzt við Strandir á suðurleið. Var það um miðnætti, sem skipin lögðust, og var þá S og SV ofsarok, og var keyrt á í mestu rokunum. Samkvæmt dagbók Súlunnar var eftir samtali við skipstjóra á m/s Snæfelli og með hans samþykki kallað á varðskipið Ægi og það beðið um aðstoð, en frá honum kom afsvar eftir nokkurn tíma. Jafnframt hafði skipstjórinn stöðugt samband við vátryggingarfélag skipsins. Þá leitaði skipstjóri Súlunnar í samráði við umboðsmann vátryggingarfélags síns aðstoðar forstjóra Landhelgisgæzlunnar og bað hann að senda skip til aðstoðar, og kvað hann Maríu Júlíu geta verið hjá þeim eftir 5—6 tíma, en þá er talið, að klukkan hafi verið um 18.00. Síðar um kvöldið var haft talsamband við Maríu Júlíu, og sagði hún þá veðrið þannig, að hún gæti ekki komið þeim til hjálpar. Aðfaranótt 16. nóvember, kl. 3.30, slitnaði m/s Súlan aftan úr og fór strax að reka með miklum hraða. Var nú tekið lítið akkeri (125 kg), sem til var um borð, og sett út bakborðsmegin með 3 liðum af keðju, en skipið rak jafnt fyrir því. Höfðu skipin nú talsamband, og kom þá í ljós, að Snæfell gat ekki komið strax til hjálpar, vegna þess að legufæri þess stjórnborðs- og bakborðsmegin höfðu snúizt saman. Snéri skipstjóri Súlunnar sér nú til e/s Selfoss, sem lá utar á víkinni, og bað hann um aðstoð, en skipstjóri kvaðst ekki geta komið til hjálpar í slíkum veðurofsa, enda hafa nóg með sig, og hafðist hann ekkert að. Herpinótarbátarnir á Súlunni voru nú settir á sjó, en þeir slitnuðu samstundis frá skipinu. Eftir að Súlan var laus við bátana, kom hún betur upp í vindinn og rak þá minna en áður, en rak þó ögn í hverri rokhviðu. Með morgninum gekk veðrið meira í vestrið. Strax eftir að Súlan slitnaði upp, var farið að létta á Snæfellinu til að reyna að ná henni, en það gekk mjög seint, vegna þess að legufæri höfðu snúizt saman. Komst þetta fyrst í lag, eftir að búið var að lása vír í stjórnborðsakkeri og hala það upp á þilfar. Var aðstaða til þessa mjög erfið sakir veðurs og þess, að skipið var mikið hlaðið, og tók skipstjóri það ráð að láta bregða utan um sig kaðli, og var honum síðan rennt niður, og var hann að mestu leyti í sjó, meðan hann lásaði vír utan um hausinn á akkerinu. Snæfell hafði haft samband við e/s Selfoss, og ætlaði hann að lána 50 fet af 3″ vír í dráttartaug, og var nú haldið að honum og vírinn dreginn um borð, og gekk það vel. Var nú haldið til Súlunnar, sem var um 1½ sm frá því sem Selfoss var, en þá var kl. 07.30. Sama ofsarokið og áður. Þegar snúið var upp í til að leggja að Súlunni, kom sjór og braut skjólborð á stjórnborðs-

síðu Snæfells. Var nú öðrum enda vírsins frá e/s Selfossi komið yfir í Súluna og andæft, meðan þeir settu fast og Súlan náði upp legufærum sínum, en síðan haldið af stað upp í veðrið með hálfri ferð. Vindur hafði nú heldur snúizt í VNV og frekar hægt. Var kl. þá um 9.30 (sbr. dagbók Súlunnar). Þegar skammt hafði verið farið, slitnaði taugin enn, og rak skipið nú undan veðri skammt vestur af Svaðaboðum. Þegar skipunum var lagt saman aftur, komu saman stjórnborðskinnungarnir á báðum skipunum, og laskaðist Snæfell lítils háttar og stefnisrúlla bognaði, en annars gekk vel að koma tauginni á milli. Var nú enn haldið af stað og siglt með ⅓ ferð og gekk mjög hægt, en mjakaðist þó, og var haldið inn á Ólafsvíkina og lagzt þar grunnt út af bryggjunni á 2. tímanum eftir hádegi s.d. M/b Aðalbjörg frá Reykjavík dró Súluna síðan upp að bryggju, og hafði Snæfell ekki eftir það frekari afskipti af henni en þau, að skipstjórarnir töluðust eitthvað við. Veðrið var orðið heldur vægara undir það síðasta. Súlan lá síðan við bryggju í Ólafsvík, þar til síðdegis miðvikudaginn 18. nóvember að björgunarskipið Sæbjörg dró hana til Reykjavíkur. Snæfellið fór af stað til Reykjavíkur kl. 9.40 um morguninn sama dag, enda átti það leið þangað til að losa síldina, eins og áður var að vikið.

Í málinu hefur verið lagt fram sjókort af Breiðafirði, dmskj. nr. 14, þar sem markaður hefur verið staður skipanna, þegar Súlan slitnaði upp á Ólafsvík, staður e/s Selfoss og staður m/s Súlunnar, er Snæfellið náði henni aftur, eftir að dráttartaug hafði slitnað um morguninn, og er sá staður skammt vestur af Svaðaboðum.

Verður nú vikið að höfuðröksemd aðilja fyrir kröfum sínum, og verður fyrst athuguð krafa stefnanda um fulla greiðslu á dráttarsamningnum. Varðandi dráttinn á m/s Súlunni frá Grundarfirði til Reykjavíkur, er það ágreiningslaust, að samið var um það á milli umboðsmanns Sjóvátryggingarfélags Íslands á Akureyri og útgerðarstjóra Snæfells, að Snæfell drægi Súluna til Reykjavíkur fyrir 12 þúsund króna þóknun. Hins vegar er ágreiningur um, hvenær samningurinn féll úr gildi. Stefnandi hefur haldið því fram í greinargerð sinni, að Sæbjörg hafi verið fengin til að draga skipið frá Ólafsvík til Reykjavíkur án samráðs við útgerð eða skipstjóra Snæfells og með því rofinn samningurinn um, að Snæfell drægi Súluna alla leið til Reykjavíkur. Aðalupplýsingarnar um þetta efni eru í vitnisburðum skipstjóranna. Skipstjórinn á m/s Súlunni, Björn Baldvinsson, hefur borið, að það hafi verið með samþykki skipstjórans á Snæfellinu,

að hætt var við að láta Snæfell draga Súluna til Reykjavíkur, og telur hann, að þetta hafi verið, þegar þeir lágu á Beruvík 15. nóvember. Skipstjórinn á Snæfellinu segist hins vegar ekki minnast þess, að leitað hafi verið samþykkis síns um, að annað skip væri fengið til að draga Súluna til Reykjavíkur, en hefur jafnframt borið, að þetta geti hafa verið, þótt hann ekki myndi eftir því, enda hafi getað hugsazt, að þeir væru enganvegin öruggir, þar sem þeir voru, og því öryggisráðstöfun að kalla á annað skip.

Við munnlegan flutning málsins hélt umboðsmaður stefnanda því fram, að dráttarsamningurinn hafi verið felldur niður, þegar skipin voru á Beruvík, en hélt þó fast við kröfu sína um fulla greiðslu eftir samningnum, en síðan hafi aðeins verið samið um drátt til Ólafsvíkur, og hafi verkinu verið lokið, er þeir höfðu hafnað sig þar, sem telja megi örugga höfn. Kröfu sína um fulla greiðslu eftir samningnum byggir stefnandi á því, að drættinum hafi verið hætt, vegna þess að dráttartaugin hafi verið ónýt og að unnið hafi verið að drættinum í lengri tíma en ferð í sæmilegu veðri hefði tekið til Reykjavíkur.

Það verður nú ekki fallizt á það með stefnanda, að dráttarsamningurinn hafi fallið niður á Beruvík, þótt þar væri gerð tilraun til að fá annað skip til hjálpar, þar sem dráttur hélt raunverulega áfram, og eigi verður heldur talið, að dráttarsamningurinn hafi fallið niður á Ólafsvík, fyrr en eftir að öll tengsl voru fallin niður milli skipanna, eftir að Snæfellið hafði dregið Súluna inn á Ólafsvík aftur eftir krókinn á mánudaginn 16. nóvember, og verður að telja, eftir því sem upplýst er með framburðum skipstjóranna á báðum hlutaðeigandi skipum, að það hafi verið með vilja og vitund skipstjórans á m/s Snæfelli, án þess að gerður væri fyrirvari um fulla greiðslu samkvæmt samningnum, og verður full greiðsla því eigi byggð á því, að stefndi hafi rofið samninginn.

Það atriði, hvort stefnanda beri meira fyrir dráttinn til Ólafsvíkur en hlutfallslega, miðað við vegalengd, miðað við leiðina frá Grundarfirði til Reykjavíkur, vegna erfiðleika þeirra, er reyndust vera á framkvæmd dráttarins, og tjóns í sambandi við það, verður tekið til meðferðar að lokinni athugun á því, hvort stefnandi þyki eiga rétt til björgunarlauna fyrir hjálp þá, er hann veitti m/s Súlunni þann 16. nóvember.

Kröfu sína um björgun byggir stefnandi aðallega á því, að er Snæfellið kom Súlunni til hjálpar, hafi hana rekið stjórnlaust út á Breiðafjörð undan sjó og vindi í aftakaveðri og stórsjó og að

því komin að reka upp í brotið við Svaðaboða. Með dskj. nr. 13 hefur hann lagt fram vottorð frá Veðurstofunni um veðrið í Stykkishólmi og Hellissandi sólarhringana 15. og 16. nóvember. Í Stykkishólmi var vindur yfirleitt 7 stig frá kl. 14.00 hinn 15. til kl. um 2 um nóttina þann 16., en eftir það 9—10 stig fram yfir kl. 14.00 þann dag og austlæg átt fyrri hlutann, en er um kvöldið og nóttina fyrst SA og síðan SV og loks V og slydduél eða rigning. Skyggni slæmt, talsverður sjór framanaf, síðar mikill sjór og stórsjór, en síðari hluta dags lægði sjó og veður. Á Hellissandi var vindur 6—7 stig þann 15. frá því fyrir hádegi, fyrst á A og síðan SSV, en um nóttina voru 10 stig og kl. 11.00 voru 8 stig. Snjókoma um daginn og alskýjað um nóttina. Skyggni um kvöldið og nóttina var um 6 km, allmikill sjór og kl. 11.00—23.00 þann 16. mikill sjór. Þá hefur hann lagt fram úrklippu úr dagblaði á dskj. nr. 16, 17 og 22, þar sem birtar eru fregnir af aftakaveðri, er gekk yfir, einkanlega Suður- og Suðvesturland á þessum tíma, þar sem greint er frá miklum sjósköðum og hættum, er skip og flugvélar hlutu þessi dægur, og m.a. greint frá hrakningum þeim, er Súlan og Snæfellið lentu í. Er í einni fregninni (dskj. nr. 22) sagt, að veðurhæðin hafi orðið víða 10—12 stig, en komst upp í 14, og virðist hvassast hafa verið í Vestmannaeyjum. Í einni þessari fregn (dskj. nr. 16) segir, að síldarflotinn í Grundarfirði hafi orðið fyrir miklu tjóni og að flest skipin hafi verið í yfirvofandi hættu um nóttina (16. nóvember). Þá er það alkunna og frá því skýrt í einni blaðaúrklippu (dskj. nr. 17), að vélskipið Edda fórst á Grundarfirði, að því er talið er kl. 04.00 um nóttina, og fórust 9 menn af 17 manna áhöfn, en hinir komust af eftir mikla hrakninga. Er talið, að skipið hafi farizt með þeim hætti, að það lagðist á hliðina af ógurlegri stormhviðu og hvolfdi síðan. Virðist svo sem veðrið hafi verið svipað á Ólafsvík og Grundarfirði, enda telja báðir skipstjórar Snæfells og Súlunnar, að venjuleg legufæri hafi ekki haldið skipinu þar. Þá telur stefnandi, að Súlan hafi verið í yfirvofandi hættu að reka upp í brotið við Svaðaboða, og hefði þá skipið farizt með allri áhöfn. Hann telur því, að hér hafi verið um að ræða ótvíræða björgun á Súlunni og skipshöfn hennar, og hafi skip og áhöfn verið lagt í mikla hættu. Við málflutning hélt umboðsmaður stefnanda því fram, eins og áður er að vikið, að ákveðið hafi verið á Beruvík, að Snæfell hætti við dráttinn til Reykjavíkur, og ber fyrir sig framburð skipstjóranna, en samkvæmt þeim virðast þeir hafa verið sammála um, að leitað væri til skipa Landhelgisgæzlunnar um aðstoð, sbr. hér að framan. Samkvæmt

því telur hann, að búið hafi verið að ákveða, að drátturinn yrði aðeins til Ólafsvíkur, og hafi drættinum því verið lokið, er þeir höfðu hafnað sig á Ólafsvík, sem almennt megi teljast trygg höfn. Undir öllum kringumstæðum telur hann þó, að hlé hafi orðið á drættinum, þegar m/s Súlan slitnaði upp þann 16. nóvember, þar sem bæði skipin höfðu lagzt við legufæri á löggiltri og tryggri höfn, að því er telja megi. Ástæðan fyrir því, að skipið lenti í hættu, sé hin mikla veðurhæð og það, að skipið hafi verið vanbúið að legufærum og dráttartaug hafi bilað.

Stefndi hefur eindregið haldið því fram, að dráttarsamningurinn hafi verið enn í gildi, þegar Súlan slitnaði upp á höfn í Ólafsvík, og hafi hún því verið þar á ábyrgð stefnanda, og hafi Snæfellinu því borið skylda til þess samkvæmt samningnum að koma Súlunni til hjálpar, án þess að fá björgunarlaun fyrir það, sbr. 4. mgr. 229. gr. siglingalaganna. Þá hefur hann haldið því fram, að Súlan hafi ekki verið í verulegri hættu, og hefur einkum bent á til stuðnings þeirri staðhæfingu, að Snæfellsmenn geti ekki hafa litið svo á, því ef þeir hefðu talið skipið í bráðri hættu, hefðu þeir ekki gefið sér svo langan tíma sem raun varð á til að greiða úr legufærum sínum, heldur hefðu þeir sleppt þeim heldur og farið strax til bjargar.

Þá hefur hann haldið því fram, að hættulegt hafi verið að leggjast með Súluna á Ólafsvík í stað þess að koma skipinu upp að strax, er skipin komu þangað um kvöldið. Einnig telur hann það sök hjá skipstjóra Snæfells, að lagt hafi verið af stað í ferðina í tvísýnu veðri. Varðandi dráttartaugina hefur hann bent á, að skipstjóri Snæfells hafi engar athugasemdir gert við hana, og hæpið sé, að hann geti undanþegið sig neinni ábyrgð á henni. Stefndi telur, að hann beri yfirleitt enga sök á erfiðleikum Snæfells við að inna af hendi dráttinn og hjálp þá, sem því bar að veita Súlunni. Eins og áður er að vikið, telur rétturinn, að samningur um dráttinn hafi ekki fallið niður fyrr en eftir hrakning skipanna þann 16. nóvember, og er því úrlausnarefnið fyrst, hvort hér hafi verið um að ræða raunverulega björgun, sbr. ákvæði 229. gr., 1. mgr., siglingalaganna, og í öðru lagi, ef svo verður álitið, hvort Snæfelli beri björgunarlaun fyrir það þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. sömu lagagreinar. Með tilliti til ofviðris þess, er upplýst má telja, að verið hafi á þeim slóðum, er skipin voru á, að Súlan var að því komin að lenda út í álinn, þar sem legufæri hennar hefðu misst botns, og að telja má, að yfirvofandi hætta hafi verið á því, að skipið ræki á grynningar, telur rétturinn, að Snæfell hafi bjargað Súlunni í merkingu siglingalaganna.

Hvort dæma beri Snæfelli björgunarlaun, veltur þá á því, hvort það hafi gert annað og meira en því bar skylda til eftir dráttarsamningnum. Er þá einkum á það að líta, hvort skip og skipshöfn Snæfells hafi verið lögð í verulega hættu við að koma Súlunni til hjálpar. Eftir því sem gögn málsins bera með sér og að framan er rakið, virðist greinda nótt og morgun hafa geysað eitt af mestu veðrum, sem koma hér við land. Hins vegar verður að telja, að á þessum slóðum hafi ekki verið sjór sem úti á opnu hafi og veður lengst af svo suðaustlægt, að landvar hafi verið nokkurt. Rétturinn telur því, að þrátt fyrir veðurhæðina hafi Snæfellið, sem er gott skip, með öruggri vél og vel stöðugt, þar sem það var vel lestað, ekki verið lagt í bráða hættu, en með tilliti til þeirra miklu erfiðleika, sem á því voru að koma til hjálpar, þar sem fullnægjandi dráttartaug var í hvorugu skipinu, svo að útvega þurfti dráttartaugar annars staðar frá, setja varð mannslíf í hættu, svo hægt væri að fara til hjálpar, og svo að segja ekkert mátti út af bera, svo að tjón á skipi og áhöfn hlytist af, og skipshöfn og skipstjóri hafi sýnt mikið harðfengi og dugnað við starfið, og þegar jafnframt er tekið tillit til þess, að stefndi átti að leggja til taugina til dráttarins, sem reyndist ófullnægjandi, og rétturinn telur, að skipstjóra eða skipshöfn Snæfells verði ekki gefin sök á, að Súlan lenti í neyð á Ólafsvík, þá telur rétturinn eftir atvikum rétt, að stefnda verði gert að greiða björgunarlaun.

Ber þá að athuga um upphæð björgunarlaunanna. Súlan var metin eftir björgunina, að meðtalinni smásíldarnót, olíu og vistum, á kr. 785.000.00. Farangur skipverja var tryggður fyrir kr. 80.000.00. Þessari síðastgreindu upphæð hefur verið mótmælt sem of hárri, en ekki þykja fram komin nægileg rök fyrir þeirri staðhæfingu. Segja má, að Snæfellið hafi verið að vinna að björguninni frá kl. 3.30 um nóttina til kl. 13—14 um daginn eða um 10 klukkustundir. Við björgunina laskaðist Snæfellið dálítið, búnaður þess og dráttarvír skemmdist. Hefur þetta verið metið á kr. 4600.00. Hefur stefnandi krafizt bóta fyrir þetta ásamt kostnaði við mat og sjópróf sem sjálfstæðs liðs, að upphæð kr. 7684.42. Stefndi hefur eindregið mótmælt bótum vegna skemmda á skipinu, en ekki þykja þau mótmæli á rökum byggð, en ekki verða bætur dæmdar fyrir þessar skemmdir sérstaklega, heldur verða þær teknar með björgunarlaunum. Upplýst er í málinu, að m/s Snæfell er verðmætt skip, vátryggingarupphæð samtals kr. 2 milljónir. Þegar höfð eru í huga atriði þau, sem nú voru talin, og öll atvik málsins, eins og þau eru rakin að framan, og að unnið var af mikilli atorku og dugnaði að björguninni og hún

leidd til farsælla endalykta, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 100.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, frá stefnudegi að telja. Eftir þessa niðurstöðu um atburðina 16. nóvember ber að taka afstöðu til þóknunar fyrir drátt Súlunnar, og þykir hún eftir ástæðum hæfilega ákveðin kr. 6000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Einnig er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12000.00 í málskostnað, og er þar innifalið mat og kostnaður við sjópróf. Dæma ber sjóveðrétt fyrir öllum hinum dæmdu kröfum, að undantekinni þóknuninni fyrir dráttinn.

Dómsorð:

Stefndi, Leó Sigurðsson, á að greiða stefnanda, Útgerðarfélagi K.E.A. h/f, kr. 100.000.00 í björgunarlaun og kr. 6000.00 fyrir drátt á skipi ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1954 til greiðsludags. Einnig ber stefnda að greiða stefnanda kr. 12.000.00 í málskostnað. Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Súlunni, EA 300, fyrir hinum dæmdu upphæðum, nema dráttarþóknuninni, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá birtingu hans.

Mánudaginn 13. febrúar 1956.

Nr. 84/1955. **Haraldur Böðvarsson & Co.**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs
(Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1955. Hann krefst þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að lög-

tak verði einungis framkvæmt fyrir kr. 68.120.00. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta ákvæði hans um framkvæmd lögtaks.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd lögtaks á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Haraldur Böðvarsson & Co., greiði stefnda, bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akraness 11. maí 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úskurðar 9. þ.m., hefur innheimtumaður ríkisins á Akranesi vegna ríkissjóðs krafizt þess, að lögtak verði gert hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. á Akranesi til tryggingar greiðslu á ógreiddum tekjuskatti og tekjuskattsviðauka firmans árið 1953, samtals að upphæð kr. 86.236,00, og stríðsgróðaskatti sama ár, kr. 128.864,00, auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta af áðurgeindum sköttum frá gjalddaga þeirra 31. júlí 1953 til borgunardags og alls kostnaðar við lögtaksgerð þessa, þar með talinnar hæfilegrar þóknunar fyrir málflutning, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en lögtaksúrskurður um gjöld þessi var kveðinn upp hinn 2. september 1954.

Gerðarþoli, Haraldur Böðvarsson & Co., hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Hann hefur krafizt þess, að synjað verði um framgang lögtaks þessa og að sér verði greiddur hæfilegur málskostnaður.

Til vara krefst gerðarþoli þess, að lögtak verði einungis gert

fyrir kr. 68.120,00 í stað kr. 215.100,00, sem er aðalkrafa gerðarbeiðanda.

Samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins og aðiljum kom saman um við munnlegan flutning þess, eru málsatvik þessi:

Árið 1953 er firmanu Haraldi Böðvarssyni & Co. á Akranesi gert að greiða skatta af tekjum þess árið 1952, sem samkvæmt eigin framtali námu kr. 295.813,55, en með breytingu skattstjórans á Akranesi, sem hækkaði rekstrartekjur firmans um 34.000,00, námu skattskyldar tekjur þess kr. 329.800,00.

Skattar firmans af þessum kr. 329.800,00 tekjum voru:

1. Tekjuskattur	kr.	69.506,00
2. Tekjuskattsviðauki	—	16.730,00
3. Stríðsgróðaskattur	—	128.864,00
eða alls	kr.	215.100,00

Framtal firmans er gert og undirritað af gerðarþola hinn 22. apríl 1953, og var þar byggt á áætluðu verði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á óuppgerðum útfluttum fiskafurðum, sem Sölumiðstöðin annaðist sölu á. Í nóvember 1953 skrifar Sölumiðstöðin gerðarþola bréf og tilkynnir þar, að verðfall hafi orðið á fiskafurðum þeim, framleiddum árið 1952, sem óuppgerðar voru um áramótin. Reyndist tapið á þeim kr. 436.149,95, eða hærra en rekstrarafgangur gerðarþola var á skattaframtali hans 1953.

Strax eftir að þetta bréf barst gerðarþola, skrifaði hann Ríkisskattanefnd og óskaði eftir endurskoðun á tekju- og stríðsgróðaskatti sínum árið 1953 og að tekju- og stríðsgróðaskattur hans það ár yrðu felldir niður. Ríkisskattanefndin synjaði hins vegar um endurupptöku málsins og beiðninni um skattlækkun og kvað það andstætt skattvenju að breyta skatti, er upplýsingar slíkar sem þessar bærust svo löngu eftir skattframtal og skattlagningu.

Gerðarþoli leitaði síðan til Fjármálaráðuneytisins um leiðréttingu mála sinna, en fékk þar einnig synjun.

Var síðan ákveðið að láta gjöld þessi koma til lögtaks og úrskurðar fógetadóms.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, hæstaréttarlögmaður Sigurður Ólason, hefur haldið því fram fyrir fógetadóminum, að dómstólar eigi ekki að fjalla um atriði, sem hér er um deilt, samkvæmt skattalögum, heldur sé úrskurður Ríkisskattanefndarinnar hér fullnaðarúrskurður.

Á þenna skilning gerðarbeiðanda verður ekki fallizt, enda

þótt 42. gr., 2. málsgr., laga nr. 46/1954 kveði svo á, að úrskurður Ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður. Í sömu málsgrein er og tekið fram, að ágreining um skattskyldu megi þó jafnan bera undir dómstóla.

Í framkvæmd hefur orðið „skattskylda" verið skýrt mjög rúmt, og verður því hér litið svo á, að fógetadóminum sé rétt að taka skatt gerðarþola til ríkissjóðs árið 1953 til meðferðar og úrskurðar.

Verður því næst að athuga reglur gildandi skattalöggjafar um atvik, slík sem hér er rætt um í þessu máli.

Af hálfu gerðarþola hefur hæstaréttarlögmaður Einar B. Guðmundsson, sem flutt hefur vörn í máli þessu fyrir fógetadóminum, bent á, að samkvæmt 35. gr., 2. málsgr., laga nr. 46/1954 megi skattanefndir breyta skattlagningu gjaldenda í vissum tilvikum til hækkunar, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár. Þetta ákvæði á þó aðeins við, að gjaldandi hafi ekkert framtal sent og skattanefnd komist að því, að hún hafi áætlað honum of lágar tekjur og of lágan tekju- eða eignarskatt. Þetta ákvæði tekur því ekki til þess atriðis, sem hér er um deilt. Skattframtal gerðarþola, sem dagsett er 22/4 1953, virðist vera sönnun þess, að þegar það er undirritað, hafi verðfall á hinum óseldu fiskafurðum hans, framleiddum 1952, ekki verið orðið svo stórfellt, að útborgunarverð Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafi ekki getað staðizt að áliti Sölumiðstöðvarinnar, því gera verður ráð fyrir, að Sölumiðstöðin hafi þá ekki löngu áður sent afreikning fyrir árið 1952, þar sem tilgreint var áætlunarverð fiskafurðanna, sem Sölumiðstöðin hafði til sölumeðferðar það ár.

Bréf Sölumiðstöðvarinnar, dags. 17. nóvember 1953, til gerðarþola virðist vera fyrsta bréflega vitneskjan, sem gerðarþoli fær um tapið á fiskafurðum hans frá árinu 1952. Er tapið þar áætlað kr. 550.000,00 til kr. 600.000,00, miðað við áður áætlað verð afurðanna. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að Sölumiðstöðin hafi gefið gerðarþola upp rangt verð á afreikningi til hans yfir fiskafurðir, framleiddar 1952, á þeim tíma, sem áætlunarverðið er sett. Engin sönnun er framfærð í máli þessu fyrir vítaverðri vanrækslu Sölumiðstöðvarinnar í þessu tilviki, og engin vissa er fyrir því, að gerðarþoli hefði áætlað verð fiskafurða sinna af framleiðslu ársins 1952 lægra en Sölumiðstöðin gerði á þeim tíma, sem gerðarþoli fékk afreikning þann, sem hann fór eftir við skattframtal sitt árið 1953, þótt hann hefði haft öll gögn Sölumiðstöðvarinnar, varðandi afurðasölu þessa, í sínum höndum. Mjög erfitt og vandasamt verk mun vera að

áætla endanlegt söluverð vara, sem eru slíkum verðsveiflum háðar, sem hraðfrystur fiskur oft er.

Samkvæmt 10. gr., b-lið, laga nr. 46/1954 segir um tap á útistandandi skuldum: „Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð", og samkvæmt 19. gr., c-lið, laga nr. 46/1954 ber að áætla verðlag á lausafé sem næst söluverði þess. Gerðarþoli áætlaði, að því er virðist, verðmæti fiskframleiðslu sinnar árið 1952 í árslok það ár, svo sem Sölumiðstöðin áleit, að það mundi reynast við endanlegt söluuppgjör. Árið eftir er verið að selja mikið af þessari framleiðslu, og verður verðfall á henni, svo stórfellt sem raun varð á og áður er á minnzt.

Af hálfu gerðarþola hefur verið gerð skýrsla um, hve mikið af birgðum var óselt 31. desember 1952 af þess árs fiskframleiðslu gerðarþola, dskj. nr. 16, ásamt verðfellingu og verðuppbótum 1952. Þá er einnig lögð fram skýrsla frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um heildarfiskframleiðslu, er hún hafði til sölumeðferðar frá árinu 1952, dskj. nr. 15, og hve mikið af henni er selt 31/12 1952 og hvað óselt. Lætur mjög nærri, að helmingur fiskframleiðslunnar 1952 hafi verið óseldur í árslok 1952. Varakrafa gerðarþola er miðuð við það, að helmingur tapsins sé þegar orðinn á árinu 1952, og því sé réttmætt að draga helming þess, að frádreginni verðuppbót 1952, frá rekstrarafgangi gerðarþola 1952. Er hér miðað við tap það, er varð á þeim hluta fiskframleiðslu hans, sem þegar var afskipaður í árslok 1952, en það nam kr. 436.149.95. Birgðir gerðarþola á Akranesi, sem ófarnar voru í árslok 1952, eru afreiknaðar á árinu 1953, og er tap á þeim ekki meðtalið í áðurgreindri upphæð, kr. 436.149,95.

Af framanrituðu virðist augljóst, að atvik þau, sem valda verðfellingu fiskframleiðslu gerðarþola frá árinu 1952, er áðurnefnd Sölumiðstöð hafði til sölumeðferðar, virðast ekki hafa orðið kunn og ekki komið í ljós fyrr en löngu eftir 31. desember 1952 eða ekki fyrr en eftir miðjan apríl 1953 eða jafnvel nokkru síðar.

Af þessu leiðir, að tap það, sem gerðarþoli verður fyrir af þessum ástæðum, ber að telja til frádráttar tekjum hans árið 1953, en ekki 1952, enda mun það hafa verið gert. Er því ekki unnt að taka aðalkröfu gerðarþola um synjun á framgangi lögtaksgerðarinnar til greina.

Varakrafa gerðarþola um, að helmingur tapsins verði dreginn frá tekjum hans árið 1952, er ekki nægilega rökstudd, til þess

að unnt sé að taka hana til greina, og vísast hér einnig til þess, sem áður er sagt um aðalkröfu gerðarþola.

Niðurstaða fógetadómsins verður því sú, að hin umbeðna lögtaksgerð skuli hafa framgang.

Málflytjendur beggja aðilja hafa krafizt þóknunar fyrir málflutning eftir mati dómsins. Með tilliti til málsúrslitanna, fyrirhafnarinnnar og kostnaðarins við að fara í annað hérað til að flytja málið þykir eðlilegt að úrskurða gerðarþola til að greiða málflutningsmanni gerðarbeiðanda, hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni, kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur — fyrir málflutning auk alls annars kostnaðar við gerð þessa.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli, Haraldur Böðvarsson & Co., greiði allan kostnað við gerð þessa, þar með talin málflutningslaun til hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, sem ákveðast kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur.

Mánudaginn 13. febrúar 1956.

Nr. 202/1954. **Fiskveiðahlutafélagið Alliance**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Snorra Guðlaugssyni
og gagnsök (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor, Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda, en *til vara,* að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst hann

og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1955. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 552.059.18 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ekki eru færðar á það sönnur, að gagnáfrýjandi hafi staðið öðruvísi að verki, er slys það varð, sem í málinu greinir, en hann hefur sjálfur skýrt frá. Samkvæmt gögnum málsins hefur gagnáfrýjandi jafnan og í samræmi við venju um borð í togara aðaláfrýjanda beitt slíkum handtökum við vinnu þessa, án þess að það sætti aðfinnslum skipstjórnarmanna. Þykir gagnáfrýjandi því eigi af þeim sökum verða látinn bera tjón sitt sjálfur að neinu leyti, og getur þar engu haggað, þótt tveir skipstjórnarmenn, sem umboðsmaður aðaláfrýjanda hefur kvatt til álitsgerðar, telji aðra starfsaðferð varlegri. Með skírskotun til þess, er greinir í héraðsdómi um mistök vindumanna og hversu starfið er hættulegt, ber því að leggja alla fébótaábyrgð vegna slyssins á aðaláfrýjanda. Og með því að fallast má á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð fébóta, greiðslu vaxta og málskostnað ber að staðfesta hann. Einnig ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstrétti, er ákveðst kr. 10.000.00.

Samkvæmt 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 er og viðurkenndur sjóveðréttur gagnáfrýjanda í b/v Jóni forseta, RE 108, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Alliance, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Guðlaugssyni, kr. 390.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags, kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt

í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., hefur Snorri Guðlaugsson sjómaður, Egilsgötu 28, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 15. maí 1952, gegn Fiskveiðahlutafélaginu Alliance, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 552.059.18, með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar kröfum þessum.

Stefnda hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á kröfum hans. Í báðum tilvikum hefur stefnda krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að þann 2. júní 1951 var b/v Jón forseti, RE 108, eign stefnda, að veiðum úti af Garðskaga. Er verið var að taka inn toghlerana, varð það slys, að stefnandi, sem var háseti á skipinu, festi hægri hönd sína og meiddist mjög.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi veður verið gott og sjólítið. Hann hafi haft það verk á hendi að taka í móti fremri toghleranum, er hann kom upp, og festa hann í toggálgann með svonefndri gálgakeðju. Er hlerinn hafi verið kominn hæfilega hátt upp og stöðvaður, hafi hann tekið gálgakeðjuna með vinstri hendinni og rétt hana í gegn um hlerahöldin. Hægri höndina hafi hann rétt í gegn um aftara hlerahaldið og ætlað að taka á móti keðjunni með henni. Áður en hann hafi náð keðjunni með hægri hendinni, hafi hlerinn dregizt eitthvað hærra upp, og hafi þá þumalfingur hægri handar festst á milli haldanna. Hann hafi þá kallað upp og beðið um, að hlerinn yrði látinn síga niður. Hlerinn hafi þá verið látinn síga nokkuð niður, en þó ekki það langt, að hann hafi getað losað fingurinn. Allt í einu hafi hleranum verið lyft aftur og nú það hátt, að hlerahöldin hafi farið upp í gálgarúlluna, svo langt sem þau hafi komizt. Við þetta hafi höndin klemmzt á milli haldanna og gálgarúllunnar og stórmeiðzt. Hlerinn hafi síðan verið látinn síga aftur, og höndin þá losnað.

Skipstjórinn á b/v Jóni forseta hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann staðið á stjórnpalli skipsins og fylgzt með hreyfingum stefnanda, er slysið varð. Er hlerinn hafi komið í gálgann, hafi verið „nokkurt span á trollinu" og hlerinn vísað frá borðstokknum, en þar sem logn hafi verið, hafi hlerinn lagzt að gálganum, þegar pokinn kom upp úr sjó. Stefnandi hafi notað báðar hendur við að smeygja gálgakeðjunni í gegnum hlerahöldin, og er hlerinn seig að borðstokknum, hafi hægri hönd hans festst á milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar, utanvert við rúlluna. Orsök þessa muni hafa verið sú, að stefnandi muni hafa notað röng handtök, þar sem hann hafi farið með hægri höndina á milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar til þess að hjálpa vinstri hendinni við að koma gálgakeðjunni á. Bilið þar á milli hafi minnkað, er hlerinn seig að skipshliðinni, og höndin því festst. Skipstjórinn kveðst þegar hafa kallað til manns þess, er var við togvinduna, að láta hlerann síga niður. Til þess að það væri hægt, hafi þurft að skipta gangi vindunnar þannig, að hún sneri ofan af sér. Áður en það yrði gert, hafi vindan tekið lítið eitt í og hlerinn dregizt enn meira upp, þannig að hönd stefnanda muni hafa klemmzt ennþá meira. Síðan hafi hlerinn verið látinn síga niður, og þá hafi hönd stefnanda losnað.

Annar stýrimaður skipsins stjórnaði togvindu þess í umrætt sinn. Kveðst hann ekki hafa fylgzt með hreyfingum stefnanda og ekki hafa séð, er hann festi hönd sína, og ekkert um það vitað, fyrr en maður, er stóð skammt frá stefnanda, hafi kallað upp og skipstjórinn gefið skipun um að láta hlerann síga niður. Vindan hafi verið hemluð, en lítils háttar gufuþrýstingur hafður á til að halda við. Til þess að hægt væri að láta hlerann síga niður, hafi þurft að skipta gangi vindunnar þannig, að hún yndi ofan af sér, en skiptistöngin hafi verið fest með öryggisfestingu. Meðan hann hafi verið að losa öryggisfestinguna af skiptistönginni, hafi átakið á togvírnum eitthvað minnkað og vindan unnið örlítið áfram, og hlerinn því dregizt upp. Síðan kveðst stýrimaðurinn hafa skipt gangi vindunnar og látið hlerann síga niður, og þá hafi stefnandi losnað. Stýrimaðurinn kveður þetta hafa verið fyrstu veiðiferð sína með skipinu, og hann hafi verið óvanur vindunni.

Háseti, er var til aðstoðar öðrum stýrimanni skipsins við togvinduna, kveðst hafa verið við annan hemil vindunnar. Hann hafi ekki orðið var við, er stefnandi festist, og ekkert um það vitað, fyrr en stefnandi hafi kallað upp, að hlerinn væri látinn síga niður. Hann hafi ekki séð glöggt, hvernig stefnandi var

fastur, en virzt bak hægri handar snúa upp, stefnandi halda um aftara hlerahaldið, og höndin eða hluti hennar hafi verið klemmdur milli hlerahaldsins og gálgarúllunnar. Maður þessi kveðst þegar hafa losað um hemilinn, en vindan þá unnið örlítið áfram og hlerinn dregizt upp, áður en tími ynnizt til að skipta um gang vindunnar. Síðan hafi hlerinn verið látinn síga niður, og stefnandi þá losnað.

Maður, er stóð við hlið stefnanda í umrætt sinn, kveðst ekki vita betur en hlerinn hafi verið kyrr, er stefnandi ætlaði að draga gálgakeðjuna í gegnum hlerahöldin. Allt í einu hafi hlerinn dregizt eitthvað upp og stefnandi festst. Kveðst maður þessi þá hafa hrópað upp yfir sig. Í því hafi hlerinn enn dregizt eitthvað upp, en síðan verið látinn síga niður, og stefnandi þá losnað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að skipstjórnarmenn stefnda eigi alla sök á slysi þessu. Menn þeir, er vindunni stjórnuðu, hafi ekki gætt starfa sinna, svo sem þeim bar, þar sem þeir hafi dregið hlerann upp, meðan hann var að koma gálgakeðjunni fyrir, en það hafi verið frumorsök slyss þessa. Hann hafi reyndar meiðzt lítið þá í upphafi. Aðalmeiðslin hafi hann hlotið, er hlerinn var dreginn upp í síðara sinnið, í stað þess að láta hann síga niður. Orsök þess hafi einungis verið mistök vindumanna. Stefnda beri bótaábyrgð á tjóni því, sem af þessu hafi hlotizt.

Stefnda byggir kröfur sínar á því, að slys þetta hafi orsakazt af ógætni stefnanda sjálfs. Stefnandi sé vanur sjómaður á togurum og þaulvanur því verki, er hann hafi haft með höndum í umrætt sinn. Ástæðan til þess, að stefnandi hafi festst í upphafi, hafi verið sú, að hann hafi ekki beitt réttum handtökum við verk sitt, þar sem hann hafi farið með hægri höndina milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar til að hjálpa vinstri hendinni með að koma gálgakeðjunni í gegnum hlerahöldin. Þetta hafi verið algerlega óforsvaranlegt, eins og á stóð. Hvernig sem á málið verði litið að öðru leyti, þá verði að telja stefnanda sjálfan að minnsta kosti eiga meginsök á slysinu.

Engin sjópróf hafa farið fram vegna slyss þessa, og ekki voru teknar skýrslur af sjónarvottum fyrr en nú í máli þessu.

Af skýrslum þeim, sem fram hafa komið í málinu, verður ekki ráðið, svo öruggt sé, á hvern hátt stefnandi hafi festst í upphafi. Hins vegar er ljóst, að mistök vindumanna hafa valdið því, að hlerinn dróst upp og stefnandi með, er þeir skyldu láta hlerann síga niður, vitandi, að stefnandi hafði fest hönd sína. Það er

samróma álit meðdómsmannanna, sem eru vanir sjómenn og kunnir vinnuaðferðum á togurum, að starf það, er stefnandi hafði á hendi í umrætt sinn, sé verulega hættulegt, en ekki verði séð, að stefnandi hafi sýnt vangæzlu við framkvæmd þess. Með vísan til þessa og þar sem sannað er, að verulegur hluti meiðsla stefnanda a. m. k. verður rakinn til mistaka manna þeirra, er vindunni stjórnuðu, þá þykir eðlilegt að leggja á stefnda alla fébótaábyrgð vegna slyssins.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	Kr.	559.653.00
2. Þjáninga- og lýtabætur	„	60.000.00
	Kr.	619.653.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi síðan kr. 67.593.00, sem eru bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og kaup, og kemur þannig fram dómkrafa hans, kr. 552.059.18.

Um 1. Gert var að meiðslum stefnanda til bráðabirgða á skipsfjöl.

Var síðan haldið til lands og komið hingað til bæjarins að kvöldi sama dags. Var stefnandi þegar fluttur á sjúkrahús. Við rannsókn á sjúkrahúsinu kom í ljós, að stórt gapandi sár var yfir þveran hægri handar lófann ofanverðan og náði yfir á handarbak ölnarmegin. Önnur rifa lá frá þessari rifu milli þumals og litla fingursvöðva upp á úlnlið. Þumalfingur var rifinn af, svo hann hékk aðeins á stilk lófamegin. Öll miðhandarbein voru brotin. Höndin var öll mjög kramin, og voru vöðvar og taugar rifnar. Höndin var löguð, svo sem hægt var, og sár saumuð saman, ef tækist að bjarga henni. Það tókst ekki, og þann 3. júlí 1951 var höndin tekin af ofan úlnliðs. Var síðan grætt fyrir stúfinn, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu 2. ágúst 1951. Við skoðun þann 20. janúar 1952 mældist stúfurinn 23 cm frá ölnbogakrumma. Örið var vel gróið og bólgulaust.

Þann 8. janúar 1952 var stefnandi skoðaður af Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni og örorka hans metin. Segir svo í vottorði tryggingayfirlæknisins, sem dagsett er 17. marz 1952: „Hægri hönd vantar. Hefur hún verið numin burt nokkuð ofan við úlnliðinn. Borið saman við vinstri handlim, virðist vanta um 6 cm á framhandlegginn. Það er vel gróið fyrir stúfinn, allmikið er dregið úr vöðvum á framhandleggnum. Mælist gildleiki stúfsins 10 cm, en tilsvarandi staður á vinstra framhandlegg mælist 20 cm.

Örorka vegna slyssins 2. júní 1952 telst hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá 2. júní til 2. ágúst 1951 100%.

Frá 3. ágúst til 31. desember 1951 80%.

Frá 1. janúar 1952 varanleg örorka 60%".

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, sem stefnandi hafi beðið af örorku þessari. Hinn sérfróði maður hefur talið, að miðað við atvinnutekjur stefnanda árin fyrir slysið og fyrrgreint örorkumat, þá nemi heildarverðmæti örorkutjónsins kr. 559.653.00, og er þá reiknað með 4% ársvöxtum. Er krafa stefnanda á þessu byggð. Þá hefur sami maður reiknað út, að heildarverðmæti örorkulífeyris þess, er stefnandi fær frá Tryggingastofnun ríkisins, nemi kr. 53.280.00 og verðmæti lífeyris til barns hans alls kr. 7.745.00. Auk þess hafi stefnandi fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 5.630.00.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Stefnandi var 31 árs að aldri, er slysið varð. Hann virðist hafa verið kvæntur og átt eitt barn. Stefnandi mun yfirleitt hafa stundað sjómennsku á togurum og verið heilsuhraustur. Atvinnutekjur hans árið 1948 eru taldar hafa numið kr. 45.999.00, árið 1949 kr. 37.005.00, árið 1950 kr. 35.974.00 og árið 1951 til slysdags kr. 29,449.00.

Þegar þetta allt er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 350.000,00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir hér á landi eru almennt hærri en 4% p.a., en við það hefur tryggingafræðingurinn miðað útreikning sinn. Hefur þá einnig verið dregið frá verðmæti þess lífeyris, er hann hefur fengið og mun fá frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og laun þau, er stefnda greiddi honum fyrst eftir slysið og nema kr. 938.82.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnda verið lýst svo og afleiðingum þeirra. Þegar þetta er virt svo annað það, er hér skiptir máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000,00.

Samkvæmt þessu verða málalok þau, að stefnda verður dæmt til að greiða stefnanda alls kr. 390.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt eftir þessum málalokum að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000,00.

Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóni Ármannssyni sjómanni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Fiskveiðahlutafélagið Alliance, greiði stefnanda, Snorra Guðlaugssyni, kr. 390.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar þessum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. febrúar 1956.

Nr. 188/1955. **Guðjón Steingrímsson** (sjálfur)

gegn

Guðmundi Elíasi Árnasyni

(Benedikt Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3800.00, en til vara aðra lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst aðallega stað-

festingar hins áfrýjaða dóms og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og að hvorum aðilja verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Svo sem segir í héraðsdómi, hefur áfrýjandi ekki sannað, að stefndi hafi falið honum sölu hússins nr. 8 við Brekkugötu í Hafnarfirði. Eigi er heldur leitt í ljós, að áfrýjandi hafi með tilraunum sínum til að koma á kaupum um húsið milli stefnda og Finnboga Jónssonar átt þátt í því, að þau kaup tókust síðar fyrir atbeina annars málflutningsmanns með þeim atvikum, sem greinir í héraðsdómi. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðjón Steingrímsson, greiði stefnda, Guðmundi Elíasi Árnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 27. september 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 27. september, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni upp kveðinn dómur á ofangreindu máli, sem dómtekið var 19. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 1. október 1954, af Guðjóni Steingrímssyni héraðsdómslögmanni, hér í bæ, gegn Guðmundi Árnasyni bæjargjaldkera, Sunnuvegi 1, Hafnarfirði, til greiðslu fasteignasöluþóknunar vegna sölu hússins nr. 8 við Brekkugötu í Hafnarfirði. Heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi falið sér að útvega kaupanda að fyrrgreindri fasteign sinni, og hafi stefnandinn gert það, þannig að Finnbogi Jónsson póstmeistari, sem keypti eignina, hafi gert það fyrir milligöngu stefnandans vorið 1953 fyrir kaupverð kr. 190.000.00. Þar sem stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða stefnandanum sölulaunin, hafi hann neyðzt til að höfða mál þetta og gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2% af söluverði hússins eða kr. 3800.00 með 6% ársvöxtum frá birt-

ingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu í málinu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandinn rekur atvik að því, hvernig kaupin hafi komizt á fyrir hans milligöngu, eins og hér skal nánar að vikið.

Seint á árinu 1952 hafi stefndi, Guðmundur Árnason, komið að máli við stefnandann og tjáð sig hafa hug á að selja íbúðarhús sitt nr. 8 við Brekkugötu, hér, og jafnframt spurt, hvort stefnandi hefði líklegan kaupanda. Stefnandi hafði samband við nokkra menn, sem hann vissi, að höfðu hug á að eignast hús í Hafnarfirði. Meðal þeirra var Sveinn Björnsson póstfulltrúi, Reykjavík, sem nokkru áður hafði komið til stefnanda ásamt Finnboga Jónssyni, nýskipuðum póstmeistara í Hafnarfirði, og var að leita eftir húsi handa síðarnefnda. Finnbogi var farinn til Akureyrar, er þetta var, en Sveinn kom suður í Hafnarfjörð og skoðaði húsið. Hafði kona stefnda sýnt honum húsið og tekið fram, að því er Sveinn tjáir, að þau hjónin ætluðu sér að selja húsið, þegar fjárfestingarleyfi fengist og þau væru búin að byggja yfir sig. Segir stefnandi, að stefndi hafi skýrt sér frá þessari skoðun sama dag eða daginn eftir, en hvorugur málsaðilja var viðstaddur þar, og stefndi hafi getið þess, að hann væri enn ekki búinn að fá fjárfestingarleyfi fyrir nýju húsi, og því ekki öruggt, hvenær sala gæti farið fram. Vorið 1953 segir stefnandinn, að stefndi hafi hringt og sagt honum, að fjárfestingarleyfi væri nú fengið, og jafnframt beðið hann að tjá Finnboga, að stefndi væri nú reiðubúinn að selja. Næsta dag hefði stefnandinn haft samband við Finnboga og skýrt honum frá þessu. En örfáum dögum síðar hefði stefnandinn frétt, að Finnbogi væri búinn að kaupa húsið og búið að ganga frá samningum, án þess að stefnandinn væri þar til kvaddur. Sendi hann stefnda þá reikning fyrir söluþóknun samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands, en hann neitaði að greiða, og höfðaði stefnandinn því mál þetta.

Maður sá, er keypti umrætt hús, Brekkugötu 8, í aprílmánuði 1953, Finnbogi Jónsson póstmeistari, hefur borið vitni í máli þessu og heldur þar fram, að það hafi eingöngu verið fyrir milligöngu Árna Gunnlaugssonar hdl., að hann keypti umrædda fasteign. Um nýár 1952—53 fluttist Finnbogi til Hafnarfjarðar og vantaði húsnæði. Leitaði hann þá fyrst til stefnanda máls þessa, en hann hafði þá ekkert hús til sölu, sem kom til greina.

Í aprílmánuði sama ár opnaði Árni Gunnlaugsson lögfræðingsskrifstofu hér í bæ, og kom þá Finnbogi að máli við hann um húsakaup. Árni hafði þá ekkert hús, en bauðst til að auglýsa eftir

húsi, og varð það að samkomulagi, að hann gerði það. Var auglýsing sett í sunnudagsblað eins dagblaðanna, en á mánudagsmorgun hefði Árni Gunnlaugsson tilkynnt Finnboga, að nú hefði hann hús á hendinni. Skoðaði Finnbogi húsið samdægurs, og var þetta Brekkugata 8, og strax á þriðjudag ákvað hann að kaupa húsið. Árni gekk síðan frá öllum samningum. Á miðvikudag segir Finnbogi, að stefnandinn hefði hringt til hans og kvaðst nú hafa hús til sölu, og við nánari eftirgrennslan hefði það reynzt vera Brekkugata 8. Heldur Finnbogi fram, að það hefði verið eingöngu fyrir milligöngu Árna Gunnlaugssonar hdl., að þessi kaup tókust.

Eins og ljóst má vera af því, sem að framan er rakið, var það fyrir atbeina Árna Gunnlaugssonar, að það samband komst á, sem leiddi til kaupa Finnboga á Brekkugötu 8, og Árni sá um þau kaup að öllu leyti. Enn fremur verður heldur ekki talið sannað í málinu, að stefndi hafi falið stefnandanum að reyna sölu á húsinu.

Með vísan til þessa hvors tveggja ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að gera stefnandanum að greiða kostnað málsins, er þykir hæfilega metinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Guðjóns Steingrímssonar, í máli þessu.

Þá greiði stefnandinn stefnda málskostnað með 300 krónum innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1956.

Nr. 100/1955. **Aðalsteinn Guðmundsson**
(Hermann Jónasson)
gegn
Skúla Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur, þar sem mál var vanreifað og samdómendur eigi skipaðir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 15. júlí 1955 og áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áður dómur gengi í máli þessu, þurfti að afla skýrslna um, hversu tún, engjar og bithagi Nýjabæjar eru nú nýtt, hversu mikinn heyfeng tún og engjar gefa og hversu þær og svo bithagi liggja við nýtingu frá Staðarbakka. Einnig þurfti að leiða í ljós, hversu nýting á túni, engjum og bithaga Einhamars liggur við frá Flögu. Gera þurfti uppdrátt, er sýni í höfuðatriðum afstöðu jarða þeirra, sem um er að tefla, hverrar til annarrar.

Athugun vettvangs, lýsing og mat á staðháttum skiptir máli við úrlausn máls þessa. Átti héraðsdómari því að dæma málið ásamt samdómendum samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast

málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Stefndi, Skúli Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Aðalsteini Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. nóvember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 5. þ. m., hefur stefnandi, Skúli Guðmundsson, Staðarbakka í Skriðuhreppi, höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 24. maí s.l., á hendur Aðalsteini Guðmundssyni, Flögu, sama hreppi, og eru dómkröfur hans í málinu þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3590.05 auk 7% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og að stefnda verði sem eiganda Einhamars dæmt skylt að kosta viðhald síðargreindrar girðingar framvegis að hálfu móti stefnanda sem eiganda Nýjabæjar. Mál þetta hefur með samkomulagi verið flutt fyrir bæjarþing Akureyrar og er nú dæmt í þeim dómi.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfu um dómsviðurkenningu um skyldu stefnda til þess að annast viðhald girðingarinnar framvegis.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að hann kveðst hafa farið fram á það við stefnda vorið 1952 bæði munnlega og skriflega, að hann setti upp girðingu ásamt stefnanda á landamerkjum milli jarða málsaðilja, Einhamars og Nýjabæjar, til þess að afstýra ágangi búfjár, sem ágreiningur hafði verið út af þá undanfarin ár. Til þess að tryggja það, að girðing kæmist upp, krafði hann stefnda skriflega með ársfyrirvara um þátttöku í kostnaðinum samkvæmt 5. gr. girðingalaga nr. 24/1952. Þessu svaraði stefndi ekki, og lét stefnandi þá reisa girðinguna einn saman að ársfrestinum liðnum. Úttektarmenn mátu girðingarkostnaðinn kr. 6775.00. Stefnandi kveðst hafa krafið stefnda um greiðslu á helmingi girðingarkostnaðarins, en hann sinnti því ekki. Lét stefnandi því úttektarmenn meta, hvern hluta stefnda bæri að greiða samkvæmt 7. gr. girðingalaganna, og mátu þeir svo, að stefndi skyldi greiða 45% af kostnaðinum og annast viðhald girðingarinnar að sama hluta. Áður var girðing á neðsta hluta landamerkjanna, og mátu úttektarmenn, að kostnaður af viðhaldi hennar 1953, til þess að hún yrði í nothæfu ástandi, væri kr. 300.00.

Stefnandi kveðst hafa áður verið búinn að kosta viðhald á nokkrum hluta þessarar girðingar, og síðan hafi hann einnig annazt viðhald það, er úttektarmenn töldu nauðsynlegt og mátu á 300.00 kr. Telur hann, að stefnda beri að greiða upphæð þessa að fullu, en stefnandi hafi áður lagt í viðhaldskostnað að sínum hluta. Samkvæmt þessu sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

Stofnkostnaður nýrrar girðingar, 45% af 6775.00	kr.	3048.75
Viðgerð eldri girðingar	—	300.00
Greiðsla fyrir mat á girðingu	—	134.72
½ árs vextir (7% af kr. 3048.75)	—	106.58
Samtals	kr.	3590.05

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og að sér verði aðeins gert að greiða 25% kostnaðar við nýju girðinguna, en málskostnaður verði felldur niður. Sýknukröfuna byggir hann á því, að hér sé um að ræða girðingu milli tveggja eyðijarða. Í 3. gr. girðingalaga nr. 24/1952 sé gert ráð fyrir, að jarðeigandi losni við viðhaldsskyldu slíkrar girðingar, og heimilt sé að taka hana upp, nema önnur jörð hafi not hennar. Skuli sá jarðeigandi þá taka að sér viðhaldsskylduna og kaupa hluta eyðijarðarinnar í henni, ef hann óskar. Af þessu sé ljóst, að eiganda eyðijarðar sé ekki skylt að taka þátt í kostnaði við girðingu á merkjum hennar. Varakröfuna byggir hann á því, að ef svo kynni að verða litið á, að 3. gr. girðingalaganna ætti hér ekki við, þá hafi hann fremur óhag en hag af hinni nýju girðingu og sé matsgerð úttektarmanna röng að þessu leyti, og geti því ekki verið um hærri greiðslu að ræða en lágmarksgreiðslu, sem er 25% af kostnaði samkvæmt 7. gr. girðingalaganna. Þá kveðst hann hafa neitað að taka þátt í girðingarkostnaðinum, sökum þess að girðingin sé ekki á réttum merkjum, og hefur hann áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál út af því, sem á Einhamarsland er gengið með því að girða, eins og gert var.

Í málinu er upplýst og viðurkennt, að stefndi nytjar Einhamar ásamt með ábýlisjörð sinni Flögu, enda liggja þær saman, en Hörgá skilur á milli. Er Einhamar því ekki eyðijörð í merkingu 3. gr. girðingalaganna, enda hafa úttektarmenn metið samkvæmt 7. gr. sömu laga, að stefndi hafi girðingarinnar not. Mati þessu hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar. Ber stefnda samkvæmt því að greiða 45% af stofnkostnaðinum, kr. 3048.75, eins og stefnandi krefst. Ekki hefur verið leitt í ljós,

að stefnandi hafi borið fram kröfu á hendur stefnda um þátttöku í kostnaði fyrir viðhald á eldri girðingunni fyrr en í máli þessu, og ekki liggja fyrir reikningar um slíkan kostnað, nema þær 300.00 kr., sem stefnandi krefst nú og úttektarmenn hafa metið. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða 45% af þeirri upphæð samkvæmt niðurlagi 7. gr. girðingalaganna, eða kr. 135.00. Þá verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða matskostnað í sama hlutfalli, þ. e. 45% af kr. 134.72 eða kr. 60.62. Síðasta lið kröfunnar, kr. 106.58, þykir mega taka til greina að fullu, enda hefur sú krafa ekki sætt mótmælum, hvað upphæð snertir.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3350.95 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Aðalsteinn Guðmundsson, greiði stefnanda, Skúla Guðmundssyni, kr. 3350.95 auk 7% ársvaxta frá 15. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1956.

Nr. 163/1955. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Aðalsteini Jóni Þorbergssyni
(Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðarslys. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn þeim lagaboðum, sem þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar,

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að svipta ákærða ökuleyfi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Jón Þorbergsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. september 1955.

Ár 1955, föstudaginn 9. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4072/1955: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Jóni Þorbergssyni, sem dómtekið var 26. ágúst s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 2. júlí s.l., gegn Aðalsteini Jóni Þorbergssyni, Spítalastíg 1A, hér í bæ, fyrir brot gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að taka stjórn bifreiðarinnar R 2736 hinn 27. marz 1955 á Reykjanesbraut og aka henni áleiðis til Hafnarfjarðar, þótt hann væri með áfengisáhrifum, aka bifreiðinni með of miklum hraða og ógætilega, þannig að hún fór út af veginum, stórskemmdist og farþegi í henni hlaut meiðsli.

Er nefndur Aðalsteinn Jón ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. lög nr. 6/1951, 2. gr., og 14. gr. umferðarlaga, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1935 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

Ár 1952 22/11 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 27. marz s.l., milli kl. 16,30 og 17,00, varð umferðarslys það, sem mál þetta er risið af, á Reykjanesbraut nokkru fyrir sunnan Hafnarfjörð. Menn þeir, er við slysið voru riðnir, höfðu ekki hirt um að tilkynna lögreglu um það og voru farnir á brott, er hún kom á vettvang. Tildrög slyssins höfðu verið þau, að bifreiðinni R 2736 hafði verið ekið út af veginum og hún síðan oltið. Var bifreiðin á hvolfi, er lögreglan kom að, og mjög skemmd. Bifreiðin, sem hafði verið ekið í átt til Hafnarfjarðar, hafði farið út af hægra megin vegarins. Samkvæmt frásögn Sveins Björnssonar, lögregluþjóns í Hafnarfirði, hafði bifreiðinni, að því er virtist, verið ekið með geysihraða eftir vegarbrúninni ofan í gjótu, þar á grjót, upp á vegarbrúnina aftur, og síðan hafði henni hvolft. Framendi bifreiðarinnar var aðeins inni á hægri brún vegarins. Bifreiðin hafði farið út af veginum um 25 metra frá þeim stað, er hún var á, er lögreglumenn komu að henni. Menn, er komu á slysstaðinn, rétt í því að slysið varð, skýrðu lögreglunni frá því, að 3 menn hefðu verið í bifreiðinni R 2736. Hefði einn verið slasaður og blóð fossað úr enni hans og hnakka. Ekki var hægt að sjá, að hinir mennirnir væru meiddir. Er slysið varð, var veður heiðskírt og færi þurrt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malborið, laust og óslétt. Bifreiðin R 2736 er 6 manna fólksbifreið af Chevrolet gerð.

Við nánari rannsókn kom í ljós, að í bifreiðinni höfðu verið þeir Aðalsteinn Jón Þorbergsson, ákærði í máli þessu, Guðmundur Viggó Ólafsson, eigandi bifreiðarinnar R 2736, Shellvegi 2, hér í bæ, og Gísli Víglundsson, Hverfisgötu 70, hér í bæ. Höfðu ákærði í máli þessu og Guðmundur Viggó verið að neyta áfengis umræddan dag og höfðu fengið Gísla til að aka sér til Keflavíkur á bifreiðinni. Kveður Gísli þá hafa komið heim til sín kl. 14—15 um daginn og beðið sig að aka bifreiðinni. Varð hann við bón þeirra. Ók hann þeim fyrst nokkuð um Reykjavík, en síðan áleiðis suður eftir. Ekki er komið fram neitt um það, að Gísli hafi neytt áfengis umræddan dag, en þeir ákærði og Guðmundur Viggó voru báðir með áfengisáhrifum. Höfðu þeir keypt hálfa flösku af áfengi af bifreiðarstjóra, sem ekki hefur tekizt að upplýsa, hver var, og neyttu af henni á leiðinni. Ákærði og Guðmundur Viggó sátu báðir í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni suður eftir. Allt gekk með felldu í fyrstu á ferðalagi þeirra félaga. Kveðst Gísli hafa

verið fremur óvanur að aka bifreið og ekki ekið hratt, enda þótt þeir ákærði og Guðmundur Viggó hvettu hann til þess. Er komið var nokkuð suður fyrir Hafnarfjörð, var beygja á veginum. Var þar lausamöl, og tók bifreiðin að kastast til, snerist og lenti með afturendann út af veginum þannig, að er hún stöðvaðist, var hún þversum á veginum. Gísli áætlar, að bifreiðin hafi verið á um 50 km hraða, er þetta varð. Við slysið kastaðist eigandi bifreiðarinnar, Guðmundur Viggó, með höfuðið á afturrúðu hægra megin, svo að hún brotnaði. Við það hlaut hann áverka á framanverðu höfði og enni, og blæddi úr þeim. Bifreiðin R 2736 skemmdist ekkert. Ákærði kveður Gísla hafa misst stjórn á bifreiðinni, og hafi afturhluti hennar lent út af veginum. Um leið kveður hann Guðmund Viggó hafa henzt hálfgert yfir sig og skollið með höfuðið á afturrúðu hægra megin. Guðmundur Viggó kveðst ekki vita, með hverjum hætti bifreiðin snerist á veginum, en hann kastaðist til í bifreiðinni og lenti á rúðu, eins og að framan greinir. Eftir það kveðst Guðmundur Viggó ekki muna eftir sér fyrr en á sjúkrahúsi í Hafnarfirði.

Er slysið var orðið, færði Gísli sig í aftursætið til Guðmundar Viggós og tók að hlúa að honum. Kveðst hann hafa haldið vasaklút að enni hans til að stöðva blóðrennslið. Á meðan á þessu stóð, fór ákærði undir stýri bifreiðarinnar og ók af stað. Gísli kveðst hafa kallað til ákærða og beðið hann að aka ekki vegna ástands hans, en ákærði hafi svarað því til, að hann treysti honum ekki til að aka, fyrst þetta hefði komið fyrir. Gísli kveður ákærða hafa verið talsvert drukkinn, er hann hóf aksturinn, enda hafi þeir Guðmundur Viggó og hann verið að drekka á leiðinni suður eftir.

Ákærði hefur skýrt nokkuð öðruvísi frá þessu heldur en Gísli. Kveður hann Gísla hafa sagzt ekki geta ekið bifreiðinni meira. Guðmundur Viggó, er hafði hlotið skurð á enni, er hann rakst með höfuðið á rúðuna, hafi verið hálfvælandi aftur í bifreiðinni. Hafi hann þess vegna setzt undir stýri bifreiðarinnar og ekið áleiðis til Hafnarfjarðar til að koma Guðmundi Viggó til læknis í flýti. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið með áhrifum áfengis við aksturinn. Við samprófun náðist ekki samræmi í framburðum Gísla og ákærða. Hélt hvor þeirra fast við framburð sinn, varðandi þetta atriði. Gísli kveður ákærða hafa ekið hratt af stað. Er hann hafði ekið 3 til 4 mínútur, kom hann að smábeygju á veginum, er hallaði frekar ofan í móti. Kveðst Gísli þá ekki hafa vitað fyrr til en bifreiðin snerist á veginum og valt síðan út af honum til hægri. Heldur Gísli, að bifreiðin hafi farið

eina til tvær veltur og staðnæmzt síðan utan við veginn á þakinu. Gísli kveður ákærða hafa sagt sér, að hann hafi verið kominn á 100 km hraða, er slysið varð. Því hefur ákærði neitað og ekki náðst samræmi á milli þeirra, varðandi þetta atriði. Kveðst ákærði ekki geta tilgreint, á hvaða hraða hann ók, er slysið varð, en kveðst ekki hafa ekið á þeim hraða, sem Gísli tilgreinir eftir honum. Ákærði kveður slysið hafa orðið með þeim hætti, að er hann hafði ekið 7—8 km, hafi verið beygja á veginum, þar sem fyrst varð að aka upp í móti, en síðan niður brekku. Í beygjunni missti ákærði vald á bifreiðinni, og rann hún út af veginum. Ákærði kveðst ekki vita, hve margar veltur bifreiðin fór, en hún staðnæmdist á þakinu. Þeir Guðmundur Viggó og Gísli hlutu ekki meiðsli í slysinu, að því er fram hefur komið, en ákærði meiddist sjálfur eitthvað í baki. Ákærði og Gísli komust í bifreið til Reykjavíkur, en Guðmundi Viggó var ekið í sjúkrahús í Hafnarfirði.

Samkvæmt vottorði Ólafs Einarssonar læknis, dagsettu 26. ágúst s.l., hlaut Guðmundur Viggó þessi meiðsli:

„27. marz s.l. var komið með Guðmund V. Ólafsson, Shellvegi 2, Reykjavík, á Sct. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Hafði Guðmundur lent í bílslysi suður í Hraunum fyrir stundu síðan. Hafði hann fengið þungt höfuðhögg, á framanverðu höfði og enni var skurðsár, 7—8 cm á lengd. Guðmundur var nokkuð viðutan og minnissljór við komuna, og bendir það á heilahristing. Hann fór af spítalanum 5/4 1955, þá algróinn og albata, að því er virtist".

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða, að um neyðarúrræði hafi verið að ræða hjá honum, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti með áhrifum áfengis. Hafi hann gert það í því skyni að koma Guðmundi Viggó til læknis í skyndi, þar sem hann hafi haldið, að meiðsli hans væru hættuleg. Á þetta verður ekki fallizt. Gísli Víglundsson, er var í bifreið ákærða, var allsgáður og hefði átt að vera fullfær um að aka bifreiðinni, eins og fram hafði komið, þar til slysið varð. Ekki kemur fram í málinu, að ákærði hafi lagt að Gísla að aka bifreiðinni. Þá er þess að gæta, að mikil umferð er um veginn frá Keflavík til Reykjavíkur, og um það hlýtur ákærða að hafa verið kunnugt. Það þykir sannað með játningu ákærða svo og af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi ekið með allt of miklum hraða, miðað við aðstæður, og ekki haft nægilegt vald á bifreiðinni. Þykir hann með akstri sínum hafa sýnt verulegt gáleysi í akstri, er leiddi til þess, að bifreiðin fór út af veginum, valt og skemmdist verulega.

Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 1. mgr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr.

23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og 2. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Jón Þorbergsson, greiði 1000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1956.

Nr. 133/1954. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson)
gegn
Núpi h/f, eiganda v/s Ernu, RE 15, og Síldarútvegsnefnd f. h. farmeigenda
(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 28. júlí 1954 og skotið máli þessu til Hæstaréttar 9. ágúst s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 150.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1951 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/s Ernu, RE 15, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir atvikum máls þessa, sem lýst er í héraðsdómi, þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 65.000.00, og ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Samkvæmt 1. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 á áfrýjandi sjóveðrétt í v/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Stefndu, Núpur h/f og Síldarútvegsnefnd f. h. farmeigenda, greiði in solidum áfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 65.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvem-

ber 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Skipaútgerð ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 20. nóvember 1952, gegn eigendum m/s Ernu, RE 15, Núpi h/f, hér í bæ, og Síldarútvegsnefnd f. h. eigenda farms skipsins til greiðslu björgunarlauna in solidum, að fjárhæð kr. 150.000.00, með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Stefndi, Núpur h/f, hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda.

Stefnda, Síldarútvegsnefnd, hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins. Til vara hefur hún krafizt lækkunar á kröfum stefnanda.

Almennum Tryggingum h/f, hér í bænum, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en m/s Erna var vátryggð hjá því félagi svo og farmur hennar. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að þann 27. nóvember 1951 lá m/s Erna, RE 15, eign stefnda, Núps h/f, á Djúpavík. Skipið var fermt 673 tunnum af saltsíld, er það skyldi flytja til Siglufjarðar og síðan, að því er virðist, til Kaupmannahafnar, eftir að hafa tekið viðbótarfarm á Siglufirði. Samkvæmt skjölum skipsins skyldi stefnda, Síldarútvegsnefnd, taka við farminum.

Samkvæmt skipsdagbók m/s Ernu var þann 27. nóvember 1951 kl. 8 á Djúpavík vindur norðvestan 7 stig og svartahríð. Kl. 10.45 lagði skipið af stað frá Djúpavík áleiðis til Siglufjarðar. Veður var vont, og kl. 21.05 kom sjór á skipið, og brotnaði þá ein síldartunna á þilfari. Kl. 21.40 var skipinu snúið upp í vindinn, meðan farmur á þilfari var lagfærður. Kl. 21.45 tilkynnti vélstjóri skipsins, að stöðva þyrfti vélarnar til þess að athuga þær. Var það gert, og taldi skipstjórinn, að skipið væri þá statt 12 til 15 sm NA a A frá Skagatá. Kl. 22 tilkynnti vélstjórinn, að „smurhringur" í aft-

ara hreyfli skipsins væri brotinn og málmur hefði dregizt til í sveifaráslegu. Var þá reynt að fá aðstoð, og kl. 22.13 náðist talsamband við Siglufjarðarradíó og beðið um aðstoð. Var vindur þá talinn NNV 8, sjór 5, snjókoma og skyggni 100 til 200 metrar. Skipstjórinn á m/s Ernu hefur getið þess, að klukka hans hafi ekki verið alveg rétt og geti því skakkað nokkru um tímaákvarðanir.

Þenna dag lá v/s Þór í vari við Hrísey á Eyjafirði. Kl. 22.30 barst beiðni frá Slysavarnarfélaginu á Siglufirði um, að skipið færi m/s Ernu til hjálpar. Skipstjórinn á v/s Þór hefur skýrt svo frá, að maður sá, sem kom fram með hjálparbeiðni þessa, hafi tekið fram, að skipstjórinn á Ernu bæði um skjóta hjálp, því hann ræki hratt að landi og vissi ekki nákvæmlega, hve langt hann væri undan landi, en þar væri versta veður NNA og mjög mikil snjókoma. V/s Þór hélt þegar af stað. Er komið var úr landvari var vindur NNA 9 stig og snjókoma. Komið var að m/s Ernu þann 28. nóvember kl. 2.20, og var hún þá á reki 11 sjómílur í réttvísandi 44° frá Skagatá. Síðan var komið dráttartaugum milli skipanna, og gekk það vel eftir atvikum. Kl. 3.30 var haldið af stað til Siglufjarðar, en veður var þá heldur betra. Skipin komu til Siglufjarðar kl. 8.50. Var Erna þá tekin að hlið Þórs, en við það rak hún stefnið á stjórnborðshlið Þórs og dældaði hana nokkuð. Þór flutti síðan Ernu að bryggju, en við það urðu smáskemmdir á bakborðshlið Ernu. Búið var að binda Ernu við bryggju kl. 9.56.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að hér hafi verið um björgun að ræða í merkingu siglingalaganna. M/s Erna hafi verið í yfirvofandi hættu, þar sem hún hafi verið á reki í miklum stormi og stórhríð og nálægt landi. Vindstaða hafi verið slík, að skipið hafi hlotið að bera að landi, enda engin von til, að skipsmenn gætu gert við vél skipsins, eins og á stóð. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að b/v Hafliði hafi legið á Siglufirði í umrætt sinn, en skipstjórnarmenn hans hafi ekki treyst sér á vettvang vegna veðurofsans.

Stefnda, Síldarútvegsnefnd, hefur fært fram þá sýknuástæðu, að hún sé ekki aðili að máli þessu, þar sem hún hafi ekki verið eigandi farmsins í skipinu í umrætt sinn.

Í málinu er fram komið, að Síldarútvegsnefnd kom fram fyrir farmeiganda og var talin móttakandi farmsins á skipsfjöl. Með vísan til þessa og þar sem Síldarútvegsnefnd er aðeins stefnt fyrir hönd farmeigenda, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Af hálfu stefndu hefur því verið mótmælt, að hér hafi verið

um björgun að ræða, heldur aðstoð. M/s Erna hafi ekki verið í neinni yfirvofandi hættu. Skipið hafi verið alllangt frá landi og getað bjargað sér eitthvað á seglum, ef á hefði þurft að halda, en án efa hefði verið unnt að gera við vél skipsins á 4 til 5 klukkustundum, en engin ástæða hafi verið til að óttast, að skipið ræki á land á þeim tíma.

Vélstjóri á m/s Ernu hefur skýrt svo frá, að hann telji, að hægt hafi verið að gera við vél skipsins á 4 til 5 klukkustundum, þannig að hægt væri að nota hana til að halda skipinu frá landi. Vélamenn skipsins hafi, þegar eftir að bilunin kom í ljós, hafið undirbúning að því að framkvæma slíka viðgerð, en hætt við það, þegar þeir fengu vitneskju um, að v/s Þór væri á leiðinni til hjálpar.

Eins og að framan er rakið, var m/s Erna á reki með ógangfæra vél í náttmyrkri, stórhríð og stormi eigi langt frá landi, en landtaka slæm. Þótt tekizt hefði að gera við vél skipsins, verður að telja, að viðgerð hefði tekið svo langan tíma, að skipið myndi hafa rekið að landi, áður en viðgerð væri lokið. Þá verður að telja, að seglaútbúnaður skipsins hafi eigi verið slíkur, að unnt hafi verið að treysta því, að hægt væri að halda skipinu frá landi með honum, eins og veðri var háttað. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að m/s Erna hafi verið stödd í neyð í umrætt sinn, og sé því um björgun að ræða í merkingu ákvæða X. kafla siglingalaganna.

Fjárhæð björgunarlaunakröfu sinnar, kr. 150.000.00, byggir stefnandi á því, að m/s Erna hafi verið vátryggð fyrir kr. 350.000.00, en farmur hennar muni hafa verið kr. 249.676.94 virði. Hið bjargaða verðmæti hafi því ekki verið minna en um 600.000.00 króna virði. V/s Þór sé um 14 milljóna króna virði og rekstrarkostnaður hans um kr. 12.600.00 á sólarhring. Viðgerð á skemmdum þeim, sem v/s Þór hafi hlotið af starfi þessu, hafi kostað kr. 2455.20, auk þess hafi vírar og strengir, er notaðir voru við drátt skipsins, teygzt.

Stefndu, sem ekki hafa véfengt áætlun stefnanda um verðmæti hins bjargaða, hafa mótmælt kröfu þessari sem allt of hárri.

Þegar litið er til tíma þess, sem björgunin tók, hættu þeirrar, sem m/s Erna var í, verðmætis hins bjargaða svo og annars þess, sem hér skiptir máli, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 50.000.00, og er þar meðtalinn kostnaður af viðgerð á v/s Þór og bætur fyrir skemmdir á dráttartaugum.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmd til að greiða stefnanda in solidum kr. 50.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4500.00.

Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 236. gr. siglingalaganna ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar kröfum þessum.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndu, Núpur h/f og Síldarútvegsnefnd f. h. farmeigenda, greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 50.000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 4500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1956.

Nr. 79/1955. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Karli Ottó Pálssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús E. Guðjónsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Framhaldspróf voru háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá fyrir dóm Jón Pétursson trésmiður, er ók bifreiðinni A 319 umrætt skipti. Kveðst Jón hafa séð ákærða eftir áreksturinn og „ekkert fundizt athugavert við útlit hans eða hegðun". En samkvæmt því, sem leitt er í ljós um áfengisneyzlu ákærða og áfengismagn í blóði hans svo og með hlið-

sjón af skýrslum lögreglumanna, sem raktar eru í héraðsdómi, þykir sannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni VL 2396 að kvöldi hins 12. júlí 1954. Fram er komið í málinu, að varðhaldsrefsingu samkvæmt dómi þeim yfir ákærða frá 5. ágúst 1947, er í héraðsdómi getur, var með náðun breytt í sekt hinn 29. nóvember 1949. Hefur sá dómur því ítrekunaráhrif á framangreint brot ákærða, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Vitni í máli þessu hafa eigi verið heitfest, eftir því sem við átti, sbr. 100. gr. laga nr. 27/1951. Er þetta mjög aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Karl Ottó Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 26. október 1954.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 6. september s.l., höfðað gegn Karli Ottó Pálssyni, bifreiðarstjóra á Keflavíkurflugvelli, en til lögheimilis að Strandgötu 29 á Akureyri, fyrir að hafa mánudagskvöldið 12. júlí s.l. ekið strætisvagninum VL 2396 með áfengisáhrifum innan Keflavíkurflugvallar og milli hans, Njarðvíkur og Keflavíkur og eigi sýnt næga aðgæzlu nálægt húsinu Felli í Ytri-Njarðvík með þeim afleiðingum, að strætisvagninn rakst aftan á bifreiðina A 319. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. mgr. 4 gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Að því er framangreindan ölvunarakstur varðar, er málið til

vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa neytt áfengis við bifreiðarakstur, en það brot telst varða við 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri. Er hann fæddur 17. september 1915 að Hvanneyri í Borgarfjarðarsýslu. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

Á Akureyri:

1945 25/7 Sátt, 25 króna sekt fyrir brot gegn 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.

1947 5/8 Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og áfengislögum.

1949 16/3 Sátt, 100 króna sekt fyrir verðlagsbrot.

Í Hafnarfirði:

1953 6/11 Sátt, 75 króna sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20.12 mánudaginn 12. júlí s.l. var hringt til lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli og tilkynnt, að árekstur hefði orðið á Suðurnesjavegi við húsið „Fell" í Ytri-Njarðvíkum. Fór lögreglan á vettvang. Hafði orðið árekstur milli bifreiðanna A 319 og VL 2396, en ákærði var stjórnandi síðarnefndu bifreiðarinnar í umrætt sinn, en sú bifreið var stór fólksflutningabifreið á vegum amerísku byggingarfélaganna á Keflavíkurflugvelli. Áreksturinn hafði orðið með þeim hætti, að bifreiðinni A 319 hafði verið sveigt til hægri af þjóðveginum inn á vegarafleggjara, í því að stjórnandi VL 2396 ætlaði að aka fram úr henni. Rakst vinstra framvarahorn VL-bifreiðarinnar í bifreiðina A 319 hægra megin aftan til. Nokkrar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum.

Lögregluþjónar þeir, er fóru á vettvang, veittu athygli ölvunareinkennum í fari ákærða. Færðu þeir hann því til læknavarðstofu amerísku byggingarfélaganna á Keflavíkurflugvelli, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Við rannsókn fundust í blóðsýnishorninu „reducerandi" efni, er samsvara 2.41‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið bifreiðinni VL 2396. Var hann að koma úr Keflavík á leið upp á flugvöll, en hann hafði byrjað að vinna við akstur bifreiðarinnar um kl. 18 umræddan dag. Ákærði hefur viðurkennt,

að á tímabilinu frá kl. 06.00 til 10.30 oftnefndan dag hafi hann drukkið úr einni flösku af „Aquavitae" við 3ja mann, en þó drukkið mest sjálfur. Hafi hann fundið til töluverðra áfengisáhrifa að drykkjunni lokinni. Ákærði kveðst hafa lagzt til svefns um kl. 10.30 og sofið til kl. um 17 sama dag. Hefur hann eindregið neitað að hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann vaknaði síðari hluta dagsins.

Þrír lögregluþjónar, er afskipti höfðu af ákærða umrætt sinn, hafa komið fyrir dóm og borið vitni um útlit hans. Vitnið Albert Albertsson lögregluþjónn hefur borið, að vínlykt hafi lagt af vitum ákærða og augu hans hafi verið blóðhlaupin. Vitnið Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að greinilega vínlykt hafi lagt af vitum ákærða og augu hans hafi verið blóðhlaupin og glansandi. Vitnið Unnsteinn Jóhannsson lögregluþjónn hefur borið, að það hafi fundið daufa vínlykt af vitum ákærða, og hann hafi verið rauðeygður og þrútinn.

Með játningu ákærða um að hafa ekið bifreiðinni VL 2396 eftir götum á Keflavíkurflugvelli og nágrenni hans á tímabilinu frá kl. 18 til 20 mánudaginn 12. júlí s.l., eftir að hafa neytt áfengis á tímabilinu frá kl. 06.00 til 10.30 sama dag og fundið til áfengisáhrifa að drykkju lokinni, svo og með framangreindum framburði 3ja lögregluþjóna, studdri niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, er að framan getur, þykir mega telja sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið strætisvagninum VL 2396 með áfengisáhrifum þá leið, er í ákæruskjali greinir.

Þá má telja sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi eigi sýnt næga aðgæzlu, með því að hann ætlaði að aka fram úr bifreið á vegamótum og tókst ekki að stöðva bifreið þá, er hann stjórnaði, í tæka tíð til að forða árekstri, er fyrrnefnda bifreiðin beygði til hægri inn á hliðarveg.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, er í ákæruskjali greinir. Þykir refsing hans samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954 og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6 frá 1951 og 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga, með því að um ítrekað brot er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Ottó Pálsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1956.

Nr. 184/1955. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Ferdinand Jóhannssyni (Jón N. Sigurðsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Ákæra um tollagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er ríkissjóði dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 23. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5505/1955: Ákæruvaldið gegn Ferdinand Jóhannssyni, sem dómtekið var þann 19. nóvember s.l.

Málið er höfðað gegn Ferdinand Jóhannssyni umboðssala, til heimilis á Holtsgötu 20, hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 12. september s.l., ákærður fyrir „að hafa flutt hingað inn til landsins hinn 12. desember 1954 frá Þýzkalandi með flugvélinni Gullfaxa 64 stykki af úrarmböndum fram yfir það, sem getið var um á tollinnflutningsskýrslu, svo og fyrir að hafa að þessu leyti gefið tollyfirvöldum ranga skýrslu hinn 17. desember 1954. Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit, 45. gr. og 84. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um sama efni svo og við 2. mgr. 18. gr. og 33. gr. reglugerðar nr. 122/1940 um tollmeðferð aðfluttra vara.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að framangreindar vörur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit og samkvæmt 2. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um sama efni."

Ákærði er fæddur 17. október 1893 á Völlum í Svarfaðardal. Hefur hann, svo kunnugt sé, hvorki sætt kæru né refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 29. október 1954, pantaði ákærði frá fyrirtækinu Artur Fischer í Þýzkalandi úrarmbönd fyrir upphæð, sem nam £ 109-6-0. Hafði hann fengið innflutningsleyfi. Í sama bréfi pantaði hann og úrarmbönd fyrir upphæð, sem nam £ 29-12-3, sem var söluþóknun (commission), sem hann átti hjá fyrrnefndu fyrirtæki. Stærri pöntunin skyldi merkt nr. 8088 og sú minni nr. 8089. Bað ákærði um, að tveir reikningar fylgdu og þess getið á reikningnum yfir minni pöntunina, að sá reikningur væri greiddur með söluþóknun ákærða.

Varningur þessi kom til landsins með flugvélinni Gullfaxa þann 12. desember 1954 og var í einni sendingu. Um miðjan þenna mánuð fékk ákærði frá fyrirtækinu tvo reikninga, varðandi þessar pantanir hans. Fyrirtækið sendi hins vegar aðeins hærri reikninginn í Landsbankann til innheimtu, þ. e. reikninginn yfir pöntun nr. 8088. Ákærði greiddi reikning þenna þann 17. desember 1954 og útbjó síðan tollinnflutningsskýrslu í samræmi við hann, en á reikningi þessum stóð, að hann væri yfir pöntun ákærða nr.

8088, að hann væri í samræmi við innihald sendingarinnar til ákærða og að reikningurinn væri að upphæð £ 109-6-0.

Ákærði taldi, að úrarmböndin fyrir lægri upphæðina hefðu verið send sérstaklega. Hann lagði nú fram hjá tollyfirvöldunum innflutningsskýrsluna og reikninginn yfir stærri pöntunina. Sendingin til ákærða var tollskoðuð, og kom þá í ljós, að 64 úrarmbönd voru umfram það, sem tilgreint var á vörureikningnum.

Tollyfirvöldin áætluðu verðmæti armbandanna, sem umfram voru, kr. 1350.00, en öll úrarmböndin voru úr málmi með gullþynnum.

Ákærði lagði fram afrit bréfs, er hann reit til þýzka fyrirtækisins, eftir að honum varð kunnugt um, að innihald sendingarinnar var ekki í samræmi við vörureikninginn. Í bréfi þessu skýrði hann frá mistökunum og baðst skýringar og leiðréttingar. Ákærði fékk svo bréf frá þýzka fyrirtækinu og lagði það fram í málinu. Í bréfi þessu upplýsir þýzka fyrirtækið, að það hafi misskilið pöntunarbréf ákærða og steypt pöntununum saman í eina sendingu.

Ákærði hefur haldið fast við það, að ekki hafi vakað fyrir honum að fara á bak við tollyfirvöldin með tollinnflutningsskýrslu sinni og að hann hafi verið grandlaus, er hann útbjó hana og lagði fram. Hann treysti því, að upplýsingar hærri vörureikningsins væru réttar.

Ef til vill má segja, að ákærði hefði haft nokkra möguleika á því að átta sig á því, að hugsanlegt hefði verið, að sendandi hefði steypt báðum pöntununum saman í eina sendingu. Sýnist að því nokkurt hagræði fyrir sendanda, þar eð ekki var um stærri sendingu að ræða, auk þess sem ákærði fékk báða vörureikningana í hendur samtímis, en aðeins annar var sendur í Landsbankann til innheimtu, enda var minni pöntunin þegar greidd, og því óþarft að senda reikninginn yfir hana í Landsbankann til innheimtu. En sem fyrr segir, hefur ákærði haldið fast við, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að reyna að skjóta nokkrum hluta sendingarinnar undan tollgreiðslu. Má segja, að þessi framburður hans fái nokkra stoð bæði í fyrrnefndu bréfi þýzka fyrirtækisins og í því, að þess var getið á vörureikningnum yfir stærri pöntunina, að hann væri í samræmi við sendinguna, og því eðlilegt, að ákærði treysti því. Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, og gegn neitun ákærða verður eigi talið nægilega sannað, að fyrir liggi þau huglægu skilyrði, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að unnt sé að draga ákærða til refsiábyrgðar fyrir hina röngu

tollinnflutningsskýrslu, sem mál þetta reis af. Ber því að sýkna ákærða af öllum liðum ákærunnar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður því eigi krafan um upptöku varningsins tekin til greina.

Ákveða ber, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns N. Sigurðssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ferdinand Jóhannsson, á að vera sýkn saka í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns N. Sigurðssonar hrl., að upphæð kr. 1000.00.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 170/1955. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Kristmundi Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Líkamsáverkar. Brot gegn 218. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristmundur Guðmundsson, greiði allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4966/1955: Ákæruvaldið gegn Kristmundi Guðmundssyni, en mál þetta var að loknum munnlegum málflutningi tekið til dóms hinn 21. september s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 27. júní s.l., er Kristmundur Guðmundsson iðnnemi, til heimilis að Baldursgötu 20, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að slá Hafþór Svavarsson hinn 16. febrúar 1954, þar sem þeir voru staddir á Lækjartorgi í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að Hafþór hlaut skurð á efri vör, framtönn brotnaði úr efri gómi og önnur framtönn losnaði.

Ákærist því nefndur Kristmundur Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 23. ágúst 1933. Hann hefur aldrei sætt kæru eða refsingu, svo vitað sé.

Málsatvik eru sem hér segir:

Þriðjudaginn 16. nóvember 1954 nokkru fyrir klukkan 8 um kvöldið var ákærði að koma úr skóla. Hann kom við í pylsubarnum í Austurstræti gegnt Lækjartorgi. Fyrir utan pylsubarinn var Hafþór Svavarsson, Langholtsvegi 19. Hann var drukkinn. Hafþór slagaði til Hákonar Svans Magnússonar, sem þar var einnig á tali við kunningja sinn. Hafði Hákon reiðhjól með hjálparvél meðferðis. Hafþór bað Hákon leyfa sér að hjóla. Hákon þvertók fyrir það. Reiddist Hafþór og gekk til Hákonar og sló hann krepptum hnefa undir eyrað. Hákon hopaði þegar. Hafþór elti Hákon, sem þá sleppti hjólinu. Ætlaði Hafþór þá að slá Hákon í síðuna, en hann vék sér undan högginu. Þessi skipti sá ákærði. Hann gekk þegar út úr pylsubarnum til Hafþórs. Spurði hann Hafþór, hvort hann hefði ekki stærri menn til þess að slást við. Átti hann við Hákon, sem þá var 15 ára að aldri, (Hafþór mun

fæddur 5. marz 1936). Hafþór bað ákærða skipta sér ekki af því. Runólf Runólfsson, iðnnema og félaga ákærða, bar þarna að. Hvatti hann ákærða og bað hann að standa sig. Hafþór sneri sér þá að Runólfi og sló til hans. Höggið missti marks, straukst aðeins við höku Runólfs.

Ákærði kveðst þá hafa gengið að Hafþóri, tekið fyrir brjóst honum og ýtt honum upp að vegg. Tók Hafþór á móti, og tuskuðust þeir nokkuð. Að lokum kveðst ákærði hafa sleppt Hafþóri og hörfað frá honum. Þá hafi Hafþór gengið að honum og leitað færis á að slá hann. Hann kom þó engu höggi á ákærða. Kom þar þá að maður, sem bað ákærða að vera ekki að æsa menn upp þarna. Ákærði ýtti manninum frá. Mun nú Hafþór hafa ögrað ákærða og þeir um stund leitað færis hvor á öðrum, unz ákærða tókst að koma vinstri handar höggi á höku Hafþórs og strax á eftir hægri handar höggi, sem kom á kjálka og munn Hafþórs. Hafþór lá af síðara högginu, rotaðist og brotnuðu í honum tvær tennur. Sakir ölvunar man Hafþór skipti þeirra mjög ógreinilega.

Lögregluþjónar komu þarna að, enda munu þeir hafa verið á næsta leiti. Fluttu þeir Hafþór á lögreglustöðina og tóku ákærða, sem virtist ætla að koma sér undan.

Verjandi ákærða hefur krafizt sýknu fyrir skjólstæðing sinn og talið, að um nauðvarnar- eða nauðréttarverknað af hans hendi hafi verið að ræða. Á það verður ekki fallizt. Í fyrsta lagi var ekki um að ræða yfirvofandi eða byrjaða árás af hendi Hafþórs, er honum var veittur áverkinn. Árás hans á Hákon var lokið. Hákon var kominn á brott. Í öðru lagi hafði það sýnt sig, að ákærði átti í fullu tré við Hafþór, sem var ölvaður, og hafði hann getað haldið honum upp við vegg. Lögregluþjónar voru á næsta leiti, og lögreglustöðin skammt frá. Ef ákærði vildi koma í veg fyrir frekari átök við Hafþór, gat hann, hvort sem var, farið frá honum eða haldið, þar til lögreglan, sem var á leiðinni og sá, er ákærði sló Hafþór, væri komin.

Brot ákærða þykir réttilega heimfært undir 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Við ákvörðun refsingar samkvæmt áðurnefndu lagafyrirmæli þykir mega samkvæmt 4. tl. 74. gr. hegningarlaganna hafa hliðsjón af því, að Hafþór hefur, áður en ákærði veitti honum áverkann, ögrað honum í orði og æði til þess að slá sig, svo og því, að ákærði hefur aldrei sætt neinum kærum eða refsingum áður. Þykir refsing hans samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu

dómsins, verði skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Hafþór Svavarsson hefur gert þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur, sem hann sundurliðar þannig:

1.	Læknishjálp í læknavarðstofu	kr.	40.00
2.	Eyðilögð föt	—	1000.00
3.	Hreinsun á frakka	—	30.00
4.	Kostnaður við viðgerð á tönnum	—	1600.00
5.	Atvinnutjón vegna veiðiferðar á b/v Akurey, sem Hafþór missti af	—	2000.00
6.	Fyrir missi tveggja tanna og fyrir þjáningar og lýti	—	10.000.00
	Samtals kr.		14.670.00

Liður 1, 3 og 4 hafa verið samþykktir af verjanda ákærða. Hinum hefur verið mótmælt. Ekki þykir sannað, að föt ákærða hafi goldið slíkt afhroð í viðureigninni, að tjón þess vegna verði metið á 1000 krónur. Ekki hefur verið nægilega upplýst atvinnutjón samkvæmt 5. lið, enda þótt kostur væri á því veittur. Ber því að vísa þessum tveimur liðum kröfunnar frá (liður 2 og liður 5). Að öðru leyti þykir rétt að dæma ákærða til þess að greiða Hafþóri Svavarssyni skaðabætur, sem eftir atvikum þykja hæfilega ákveðnar kr. 5000.00.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, þeirra Björns Sveinbjörnssonar hdl. og Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af annríki og veikindum dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Kristmundur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum, verði skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði greiði Hafþóri Svavarssyni kr. 5000.00.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, þeirra Björns Sveinbjörnssonar hdl. og Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 180/1955. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Árna Steindóri Guðmundssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Líndal prófessor.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Árni Steindór Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 15. september 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 15. september, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 51/1955: Ákæruvaldið gegn Árna Steindóri Guðmundssyni. Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. sama mánaðar, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Árna Steindóri Guðmundssyni verkamanni, sem talinn er í ákæruskjali eiga heimili á Túngötu 10, Siglufirði,

og er hann ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 15. maí 1955 tekið að ófrjálsu úr kápuvasa að Vesturbraut 10 í Hafnarfirði kr. 200.00, sem hann sló eign sinni á og eyddi í óreglu, en brot þetta er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafizt í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1898 að Háagerði í Hofshreppi, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1951 21/10 Rvík. Kærður fyrir ökugjaldssvik. Afturkallað.

1953 13/5 Rvík. Dómur: 60 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1953 18/12 Rvík. Dómur: Fangelsi, 2 mánuðir, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1954 13/4 Rvík. Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, sem fyrir liggja í máli þessu, eru málavextir þessir:

Á vertíðinni síðastliðinn vetur var ákærði í Hafnarfirði og bjó á Hverfisgötu 19 B þar í bæ.

Í kringum 11. maí lenti hann í óreglu og kveðst eftir það hafa verið ölvaður af og til í 4—5 daga.

Eftir hádegi sunnudaginn 15. maí kom hann í húsið nr. 10 við Vesturbraut, og kveðst hann hafa ætlað að hitta þar Ólaf Gíslason, sem þar býr, og krefja hann um kr. 20.00, sem hann hafi átt hjá honum. Var Ólafur þá ekki heima. Kveðst ákærði hafa gengið inn í stofu og verið þar einn litla stund. Sá hann þar kvenkápu, sem hékk á þili, og veitti því athygli, að peningaveski stóð upp úr kápuvasanum. Tók ákærði veskið, opnaði það, tók úr því 2 hundraðkrónaseðla og stakk þeim í vasa sinn. Síðan lét hann veskið í kápuvasann aftur. Peningana kveðst ákærði hafa tekið til þess að slá eign sinni á þá. Eftir þetta kveðst ákærði hafa farið út úr húsinu og eytt síðan peningunum í áfengi og bifreiðar. Þegar þetta gerðist, kveðst ákærði hafa verið talsvert ölvaður, og segir hann ástæðuna fyrir því, að hann tók peningana, hafa verið þá, að hann hafi verið peningalaus og hafi vantað fé fyrir áfengi.

Peninga þá, sem ákærði tók þannig að ófrjálsu, átti Sigrún Margrét Jóhanna Sigmarsdóttir, ráðskona hjá fyrrnefndum Ólafi

Gíslasyni. Var hún í húsinu, þegar ákærði framdi stuldinn, en þó í öðru herbergi. Varð hún þess fljótlega vör, eftir að ákærði fór út úr húsinu, að peningarnir voru horfnir, en náði samt ekki í hann, þótt hún reyndi það. Tilkynnti hún lögreglunni á staðnum þá þjófnaðinn, og var ákærði handtekinn um miðnætti aðfaranótt þess 16. maí s.l.

Eigandi peninganna, fyrrnefnd Sigrún Margrét Jóhanna Sigmarsdóttir, hefur krafizt þess, að ákærði greiddi sér þær 200 krónur, sem hann tók frá henni, og hefur ákærði tjáð sig fúsan til þess, jafnskjótt sem hann gæti.

Með játningu ákærða og öðru því, sem upplýst er í máli þessu, telst sannað, að hann hafi slegið eign sinni á umræddar 200 krónur, og telst hann með því athæfi sínu hafa gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein og með tilliti til fortíðar ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þá ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hinna almennu hegningarlaga að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða Sigrúnu Margréti Jóhönnu Sigmarsdóttur, Vesturbraut 10 í Hafnarfirði, kr. 200.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar hdl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Steindór Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Sigrúnu Margréti Jóhönnu Sigmarsdóttur kr. 200.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði einnig allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar hdl., kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 31/1955. **Sigurður Örn Hjálmtýsson**
gegn
Einari Jóhanni Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Örn Hjálmtýsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 187/1955. **Þórður H. Teitsson**
gegn
Herði Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórður H. Teitsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. marz 1956.

Nr. 106/1955. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hermann Jónsson)
gegn
Arnbirni Kristinssyni f. h. Bókaútgáfunnar Setbergs og gagnsök (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Endurheimta söluskatts af bókum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1955. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar af honum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 9. ágúst 1955. Gerir hann þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 4348.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2135.00 frá 15. janúar 1952 til greiðsludags og af kr. 2213.00 frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Ákvæði um söluskatt í III. kafla laga nr. 100/1948 ber að skýra, svo sem gert er í héraðsdómi, á þá leið, að af bókasölu gagnáfrýjanda árin 1950, 1951 og 1952 hafi borið að greiða 2% söluskatt, eins og sölunni var þá háttað. Eftir setningu nefndra laga, þar á meðal á árunum 1950—1952, höfðu skattyfirvöld hins vegar skýrt skattákvæði laganna þannig, að greiða bæri 3% söluskatt af söluverði bóka, sem útgefendur létu selja með þeim hætti, er gagnáfrýjandi gerði. Gagnáfrýjandi var, svo sem aðrir bókaútgefendur, sem eins stóð á um, krafinn um 3% söluskatt af söluverði bóka árin 1950 og 1951, og greiddi hann þann skatt á árunum 1951 og 1952 án nokkurs fyrirvara. Samkvæmt því, sem nú var rakið,

þykir hann ekki eiga rétt til endurgreiðslu á neinum hluta af skattgjaldi þeirra ára.

Þá var gagnáfrýjanda gert að greiða 3% söluskatt af söluverði bóka á árinu 1952, samtals kr. 2213.00. Hafði hann ekki greitt neitt af þeim skatti fyrir árslok 1952. Hinn 2. desember 1952 gekk dómur í Hæstarétti í máli ríkissjóðs á hendur tiltekinni bókaútgáfu, þar sem söluskattsákvæði laga nr. 100/1948 voru skýrð þannig, að einungis bæri að greiða 2% söluskatt af sams konar bókasölu og gagnáfrýjandi rak á þessum árum. Taldi gagnáfrýjandi sér því ekki skylt að greiða hærri söluskatt en 2% af sölu ársins 1952. Skattheimtuyfirvöld vildu þó ekki fallast á þenna skilning, og leiddi það til þess, að gagnáfrýjandi galt nefnda fjárhæð, kr. 2213.00, hinn 3. febrúar 1954 með fyrirvara um endurgreiðslu á því fé, sem ofkrafið kynni að reynast. Í máli þessu telur gagnáfrýjandi ofgreiddan söluskatt fyrir árið 1952 nema kr. 724.00, sem er minna en 1% af skattskyldri sölu, og er það fjárhæð sú, sem honum er dæmd með héraðsdómi.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að gagnáfrýjandi hafi við verðlagningu bóka árið 1952 miðað við, að söluskattur næmi 3%, eins og hann hafði áður verið látinn gjalda, enda sé tekið fram í 26. gr. laga nr. 100/1948, að verð vöru og þjónustu megi hækka sem söluskatti nemur. Og þar sem gagnáfrýjanda hafi borið að innheimta söluskatt ríkissjóði til handa og muni hafa tekið sem svarar 3% í söluskatt af kaupendum bóka sinna, þá beri honum að greiða samsvarandi fjárhæð í ríkissjóð.

Hin tilvitnuðu ákvæði í 26. gr. laga nr. 100/1948 og önnur álagningarákvæði, sem þar er að finna, skipta aðeins máli um vöru og þjónustu, sem háð er opinberum verðlagsákvæðum. Á árinu 1952 var bókaútgáfa ekki háð neinum slíkum fyrirmælum um hámarksverð eða hámarksálagningu. Gagnáfrýjanda var skylt að greiða í ríkissjóð söluskatt af söluverði seldra bóka, eftir því sem lög mæltu fyrir um, en um verðlagningu bókanna hafði hann frjálsar hendur. Kemur því ekki til greina, að kaupendur bóka eigi endurgreiðslurétt á hendur honum vegna verðlagningarinnar. Í málssókn á hendur gagnáfrýjanda mundi aðaláfrýjandi ekki hafa fengið dóm

fyrir hærra söluskatti en lög ákveða, þ. e. 2%. Og þar sem gagnáfrýjandi galt söluskatt ársins 1952 með fyrirvara um endurgreiðslu á þeim hluta skattsins, sem fór fram úr 2%, þá á hlutur hans að verða hinn sami og orðið hefði, ef hann hefði synjað um gjaldið og dómur gengið um greiðsluskyldu-una. Samkvæmt því ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjanda til að endurgreiða gagnáfrýjanda nefndar kr. 724.00 með vöxtum, eins og í dóminum segir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Arnbirni Kristinssyni f. h. Bókaútgáfunnar Setbergs, kr. 724.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags og samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Skattyfirvöldin lögðu þann skilning í 22. gr. laga nr. 100/1948, að bókaforlag skyldi greiða 3% söluskatt af bókum, er það fékk bóksölum til umsýslusölu, og var 3% söluskattur heimtur af slíkri sölu fram til þess, að dómur Hæstaréttar gekk um söluskattinn hinn 2. desember 1952. Ákvæði 22. gr. laga nr. 100/1948 eru eigi fullskýr, og lék vafi á því, hvernig skilja bæri þau, unz hæstaréttardómur gekk. Verður því, að öðru ósönnuðu, að ætla, að bókaforlög hafi m. a. miðað verðlagningu bóka við þann skatt, sem yfirvöld kröfðust, unz dómstólar höfðu kveðið á um aðra lögskýringu en yfirvöld lögðu til grundvallar. Gagnáfrýjandi hefur og á rekstrarreikningum sínum árin 1950, 1951 og 1952 talið 3% söluskatt til frádráttar. Samkvæmt því, sem nú var rakið, brestur öll skilyrði til, að gagnáfrýjandi geti endurheimt úr ríkissjóði neinn hluta af söluskatti áranna 1950 og 1951, en þann skatt greiddi hann án fyrirvara.

Hinn 3. febrúar 1954 var heimtur af gagnáfrýjanda 3% söluskattur fyrir allt árið 1952, þ. e. vegna sölu fyrir og eftir 2. desember 1952 ósundurgreint, þótt hæstaréttardómur gengi hinn 2. desember það ár, þar sem bókaforlagi var einungis dæmt að greiða 2% söluskatt. Þar sem svo stóð á og gagnáfrýjandi greiddi söluskatt fyrir 1952 með fyrirvara, þykir mega fallast á, að hann hljóti endurgreiðslu á þeim hluta hans, sem fór fram úr 2%, að því leyti, sem hann krefst þess, þ. e. kr. 724.00.

Samkvæmt framangreindu er ég samþykkur niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Arnbjörn Kristinsson f. h. Bókaútgáfunnar Setbergs, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. febrúar 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu ofgreidds söluskatts, að fjárhæð kr. 4348.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2135.00 frá 15. janúar 1952 til greiðsludags og 6% ársvöxtum af kr. 2213.00 frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum III. kafla laga nr. 100 frá 1948 var atvinnufyrirtækjum gert að greiða svonefndan söluskatt af andvirði seldra vara og þjónustu. Lagaákvæði þessi voru síðan framlengd með nokkrum breytingum með ákvæðum laga nr. 116 frá 1949, laga nr. 18 frá 1950, laga nr. 24 frá 1950, laga nr. 112 frá 1950 og laga nr. 107 frá 1951.

Stefnandi, Arnbjörn, er einkaeigandi Bókaútgáfunnar Setbergs, sem rekur útgáfustarfsemi. Stefnandi, sem ekki hefur smásöluleyfi, mun fá bækur þær, er hann gefur út, bóksölum til umsýslusölu.Stefnandi taldi, að bóksala hans á árinu 1950 hefði numið kr. 127.049.00, og var honum gert að greiða 3% af þeirri fjárhæð í söluskatt eða kr. 3811.00, og greiddi hann það fé 29. marz 1951. Stefnandi virðist ekki hafa skilað söluskattsskýrslum á árinu 1951, en skattayfirvöldin áætluðu sölu hans á árinu kr. 150.000.00 og gerðu honum að greiða 3% söluskatt af þeirri fjárhæð eða kr. 4500.00, og greiddi stefnandi það fé þann 28. febrúar 1952. Skattayfirvöldin töldu, að af skattaframtali stefnanda fyrir árið 1951 kæmi í ljós, að bóksala hans á árinu 1951 hefði numið alls kr

235.350.00, og gerðu honum því að greiða söluskatt til viðbótar 3% af kr. 85.350.00 eða kr. 2560.00, og greiddi stefnandi það fé þann 15. nóvember 1952. Stefnandi virðist ekki hafa skilað neinum söluskattsskýrslum á árinu 1952, en af skattaframtali hans fyrir það ár töldu skattayfirvöldin koma í ljós, að bóksala hans á því ári hefði numið kr. 75.992.90, og gerðu honum að greiða 3% í söluskatt af því fé eða kr. 2213.00, og greiddi stefnandi það fé þann 3. febrúar 1954 með fyrirvara um endurgreiðslu.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 hafi honum aðeins borið að greiða 2% í söluskatt af andvirði bóka þeirra, sem hann hafi gefið út og selt. Eigi þetta einnig við um andvirði bóka þeirra, er hann hafi selt á árinu 1952, þar sem ekki hafi að þessu leyti verið gerð nein breyting á ákvæðum 22. gr. með ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1951. Af viðskiptamönnum sínum hafi hann ekki krafið söluskatt. Stefndi hafi hins vegar krafið um 3% söluskatt af allri bóksölunni, og hafi hann neyðzt til að greiða hann vegna þvingunarráðstafana þeirra, er stefndi hafði látið beita við innheimtu skatta þessara, og af þeim ástæðum hafi hann ekki gert sérstakan fyrirvara. Telur stefnandi, að hann hafi greitt kr. 3811.00 í söluskatt af bókum ársins 1950, en honum hafi aðeins borið að greiða kr. 2540.00, og hafi þannig ofgreitt kr. 1271.00, sem hann krefur nú um endurgreiðslu á. Af bóksölu ársins 1951 hafi hann greitt kr. 7060.00 í söluskatt, en hafi hins vegar aðeins borið að greiða kr. 4.707.00. Hafi hann þannig ofgreitt kr. 2353.00, sem hann krefur nú um endurgreiðslu á. Af bóksölu ársins 1952 hafi hann greitt kr. 2213.00 í söluskatt, en hafi aðeins borið að greiða kr. 1489.00. Hann hafi þannig ofgreitt kr. 724.00, sem hann krefur nú um endurgreiðslu á. Alls hafi hann þannig ofgreitt kr. 4348.00, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að stefnanda hafi borið að greiða 3% í söluskatt af bóksölu sinni. Hann hafi enga verzlun með höndum, enda ekki verzlunarleyfi, og sala hans á bókum geti því alls ekki talizt smásala í merkingu a-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, heldur hljóti hún að teljast til sölu þeirrar, er um ræðir í b-lið sömu greinar, og því skuli greiðast 3% í söluskatt af þeirri sölu. Að því er varðar söluskatt af sölu ársins 1952, hefur stefndi sérstaklega bent á, að með ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1951 hafi ákvæðum a-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 verið breytt þannig, að ljóst sé, að sala bókaútgefanda á bókum þeim, er hann gefur út, skuli ekki

teljast smásala í skilningi greinarinnar, heldur teljast til annarrar sölu, og því greiðast 3% söluskattur af henni.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi ekki aðild að fjárheimtu þessari, þótt svo yrði litið á, að ekki hafi borið að greiða nema 2% söluskatt af bóksölu þeirri, er hér ræðir um. Það sé ekki stefnandi, sem sé greiðandi skattsins, heldur viðskiptamenn hans, þeir er bækur kaupi af honum. Af ákvæðum III. kafla laga nr. 100 frá 1948 sé ljóst, að seljendur vöru eða þjónustu komi aðeins fram sem skattheimtumenn, að því er söluskattinn varðar, enda sé tekið fram í 26. gr. laganna, að hækka megi vöru og þjónustu, sem söluskattinum nemi. Stefnandi hafi engin rök að því leitt, að hann hafi ekki tekið 3% söluskatt af kaupendum bókanna, en sönnunarbyrðin um slíkt hljóti að hvíla á honum.

Þá hefur stefndi byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi greitt söluskattinn án nokkurrar þvingunar og án fyrirvara, nema að því er varðar söluskattinn af sölu ársins 1951. Hafi hann með þeirri framkomu sinni firrt sig öllum rétti til endurgreiðslu, enda þótt svo yrði litið á, að skatturinn hafi verið of hátt reiknaður í upphafi.

Í a-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 segir, að af smásölu skuli greiða 2% í söluskatt, og í b-lið sömu greinar segir, að af annarri sölu skuli greiða 3% í söluskatt. Í málinu er fram komið, að stefnandi seldi bækur þær, er hann gaf út, í umsýslusölu hjá bóksölum, en hann hefur ekki smásöluleyfi. Þessi sala stefnanda verður að teljast smásala í skilningi a-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, enda verður það ekki talið skipta máli í þessu sambandi, þótt hann hafi eigi aflað sér smásöluleyfis. Með 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107 frá 1951, sem gekk í gildi 1. janúar 1952, var bætt við a-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 svohljóðandi ákvæði: „Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans". Ekki verður séð, að ákvæði þetta snerti á nokkurn hátt skatt þann, er bókaútgefandi skal greiða af þeim bókum, sem hann fær bóksalanum til umsýslusölu, og skiptir það því ekki máli hér. Með vísun til þessa verður að telja, að stefnda hafi aðeins borið 2% í söluskatt af þeirri sölu stefnanda, sem hér um ræðir.

Eins og þegar hefur verið rakið, er söluskattur sá, sem hér um ræðir, lagður á samkvæmt heimild í ákvæðum III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Í 22. gr. laganna segir, að skattur þessi skuli greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja. Í 26. gr. laganna segir, að verð vöru og þjónustu

megi hækka sem nemi söluskatti, en hins vegar megi ekki hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Þá er svo ákveðið í 24. gr., að þeir, sem söluskatt eigi að greiða, skuli senda skattstjóra eða skattanefndum skýrslu um sölu sína. Þegar virt eru ákvæðin um söluskatt, er ljóst, að hér er um að ræða gjald, sem atvinnufyrirtækjum er falið að taka af viðskiptamönnum sínum og greiða í ríkissjóð.

Af gögnum málsins verður ekkert um það ráðið, hvort stefndi hefur krafið söluskatt af viðskiptamönnum sínum eða ekki, og ef hann hefur krafið söluskatt af þeim, þá hve háan. Telja verður, að það sé stefnanda að sanna þá staðhæfingu sína, að hann hafi ekki krafið söluskattinn af viðskiptamönnum sínum, en það hefur hann ekki gert. Þegar þetta er virt og annað það, sem hér skiptir máli, þykir verða að leggja það til grundvallar, að stefnandi hafi heimt 3% söluskatt af kaupendum þeirra bóka, er hann seldi, enda var hann krafinn um þann skatt af stefnda. Sá bókarkaupandi, sem kann að hafa keypt bók af stefnanda og greitt meira en 2% söluskatt, á rétt til að fá endurgreitt það fé, er hann hefur ofgreitt af þessum sökum. Ekki verður séð, að hann geti beint þeirri endurheimtukröfu sinni að öðrum en stefnanda, sem þá myndi vera endurgreiðsluskyldur gagnvart honum. Þegar þetta er virt, þykir verða að telja, að stefnandi eigi aðild til að krefja úr hendi stefnda það fé, er kann að hafa verið ofgreitt af þessum sökum, og verður sýknukrafa stefnda því eigi á aðildarskorti byggð.

Eins og þegar hefur verið rakið, greiddi stefnandi þann söluskatt, er honum var gert að greiða af sölu áranna 1950 og 1951, á árunum 1951 og 1952, og verður ekki séð, að hann hafi gert nokkurn fyrirvara um endurgreiðslu, ef skatturinn kynni að vera of hátt reiknaður. Ekki verður séð, að neinum þeim þvingunarráðstöfunum hafi verið beitt við innheimtuna, sem hafi gert honum ófært að koma fram með slíkan fyrirvara. Þegar þetta allt er virt, þykir stefnandi hafa firrt sig rétti til að endurheimta nú það er hann kann að hafa ofgreitt af söluskatti þessum. Að því er varðar söluskatt þann, er stefnanda var gert að greiða af sölu ársins 1952 og stefnandi greiddi með fyrirvara þann 3. febrúar 1954, þá þykir hann eiga rétt á að fá endurgreitt það, er hann kann að hafa ofgreitt í það sinn. Eins og að framan hefur verið rakið verður að telja, að stefnanda hafi aðeins borið að greiða 2% í söluskatt af sölu ársins 1952 eða kr. 1489.00. Hann greiddi hins vegar kr. 2213.00, og þykir hann því eiga rétt á að fá endurgreiddar kr. 724.00, sem hann hefur ofgreitt.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 724.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Arnbirni Kristinssyni f. h. Bókaútgáfunnar Þetbergs, kr. 724.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1956.

Nr. 44/1955. **Fjármálaráðherra h. f. ríkissjóðs** (Vilhjálmur Jónsson) gegn **Ágústi Sverrissyni** (Lárus Jóhannesson).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. marz 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m., gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, dags. 2. maí 1955, krefst

þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Telja verður nægjanlega leitt í ljós, að eigi hafi nema annaðhvort borð á verkpalli þeim, sem unnið var á, þegar slys það varð, er í málinu greinir, verið neglt niður og þó lauslega. Hin voru einungis lögð á pallinn og höfðu því engan stuðning nema af hinum negldu borðum. Verður að telja þenna umbúnað hættulegan öryggi þeirra manna, sem þar störfuðu. Þá var og hált á palli þessum, er slysið bar að höndum, og höfðu engar ráðstafanir verið gerðar til að hindra, að það kæmi að sök. Eigi er fullkomlega ljóst af gögnum málsins, hvort orsök slyssins var sú, að laust borð rann til undir stefnda eða honum skrikaði fótur á hálkunni. En hvort sem var, bakar það áfrýjanda bótaábyrgð. Eigi er í ljós leitt, að ógætni af hálfu stefnda hafi verið samorsök slyssins. Verður áfrýjandi því að bera óskoraða bótaábyrgð á afleiðingum þess.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá mótmælum sínum gegn fjárhæð 3., 4. og 5. liðar í héraðsdómi. Stendur hann því óhaggaður, að því er varðar þessa liði. Er því aðeins þörf að athuga 1. og 2. lið, örorkubætur og atvinnutjón, svo og 6. lið, bætur fyrir þjáningar, lýti o. fl., sem áfrýjandi hefur til vara krafizt lækkunar á.

Um 1. og 2. lið.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir tjón stefnda sökum örorku eigi of hátt metið kr. 200.000.00. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um bætur fyrir atvinnutjón, kr. 9.654.00.

Um 6. lið.

Þegar litið er til þrauta þeirra, sem stefndi varð að þola, svo og til lýta þeirra, sem hann hefur orðið fyrir sökum slyssins, þykir kröfu hans um bætur af þessum sökum mjög í hóf stillt. Ber því einnig að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti. Þá ber og að fallast á, að bætur þær, sem stefnda hafa verið greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, beri að draga frá tjóni hans samkvæmt framanskráðu.

Svo sem nú hefur verið rakið, stendur héraðsdómur órask-

aður, að því er varðar bætur til stefnda. Þá ber og að staðfesta ákvæði hans um vexti af dæmdri fjárhæð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00, og renni þar af kr. 18.000.00 til skipaðs málflutningsmanns hans, en kr. 2000.00 til stefnda sjálfs til greiðslu ýmiss kostnaðar hans af málinu.

Það athugast, að yfirmenn við brúarsmíð þá, sem um ræðir, hlutuðust ekki til um, að lögregluannsókn færi fram út af slysi stefnda, svo sem rétt hefði verið, sbr. 26. gr. laga nr. 24/1928, sbr. nú 26. gr. laga nr. 23/1952. Þá er það athugavert við meðferð málsins í héraði, að sérfróðir samdómsmenn voru ekki kvaddir til að dæma í málinu, svo sem gera bar, en eigi þykir þó næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm af þeim sökum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Ágústi Sverrissyni, kr. 196.274.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. september 1949 til greiðsludags og samtals kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af renni kr. 18.000.00 til skipaðs málflutningsmanns stefnda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, en kr. 2.000.00 til stefnda sjálfs.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, f. h. Ágústs Sverrissonar á Seyðisfirði, að fengnu gjafsóknarleyfi, út gefnu 3. marz 1953, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. s. m., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 331.942.00, auk 6% ársvaxta frá 9. september 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að honum yrðu dæmdar kr. 299.161.00 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem í stefnu greinir.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Til vara hefur

hann krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hefur stefndi mótmælt, að vextir verði reiknaðir nema frá stefnudegi.

Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, eru málavextir þessir:

Í septembermánuði 1949 var unnið að því af hálfu Vegagerðar ríkisins að byggja brú yfir Múlaá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu undir verkstjórn Bóasar S. Eydals, en yfirverkstjóri verksins, Jónas Snæbjörnsson, var ekki viðstaddur, er atburður sá gerðist, sem síðar verður greint frá. Á þessum tíma var vinnan í því fólgin að reka niður með fallhamri staura, sem standa skyldu undir brúarstöplunum. Byggð hafði verið úti á ánni undirstaða undir fallhamarsgrind og verkpallar úr þvertrjám og langtrjám, er hvíldu á stoðum í árbotninum. Fallhamarsgrindin var færanleg á undirstöðunni, eftir því sem niðurrekstri stauranna miðaði áfram, en milli þeirra var um metra bil. Fallhamarinn var 900 kg að þyngd og rann í rauf í fallhamarsásnum. Þegar hamarinn var í gangi, var honum lyft með vír frá vindu og vél í landi og hann síðan látinn falla með því að taka hemla af vindunni. Dró hann þá vírinn og vinduásinn með sér í fallinu. Enginn öryggislás eða krókur var á fallhamarsásnum, er héldi hamrinum uppi, er hann var ekki í notkun. Nokkur fjarlægð var frá fallhamarsásnum að vindunni og vélinni í landi, og hafa menn, er komið hafa fyrir dóm, gizkað á, að fjarlægðin hafi verið allt frá 12 til 25 metra. Bakhlið fallhamarsgrindarinnar sneri að vindunni í landi, og gat vindu- og vélamaðurinn ekki séð, hvað fram fór framan við hann, þegar staurar voru reknir niður. Niðurrekstri staura var hagað þannig, að verkstjórinn gaf vindumanninum merki um það í hvert sinn, hvenær ætti að draga hamarinn upp eða láta hann falla, þegar byrjað var að reka niður staur, en er staurinn hafði náð góðri festu, var rekið viðstöðulaust, þar til gefið var merki um að hætta.

Fyrir framan fallhamarsgrindina og fast upp við stauraröð þá, er verið var að reka niður, var verkpallur úr ¾″—1″×5″ borðum, er lögð voru hlið við hlið. Hafa tvö vitni borið það, að borðin hafi verið 5 eða 6 og annaðhvort borð í röðinni hafi verið neglt fast, en hin borðin ónegld niður. Þykir verða að leggja framburð þenna til grundvallar um gerð og frágang verkpalls þessa, þrátt fyrir það að stefnandi hefur haldið því fram, að borðin hafi aðeins verið 3, nema á stuttum kafla framundan fallhamarsásnum, og þrátt fyrir staðhæfingar verkstjórans í þá átt, að öll borðin hafi verið negld niður.

Um hádegisbilið hinn 9. september 1949 var stefnandi að vinnu

úti á ánni við niðurrekstur staura ásamt verkstjóranum Bóasi og tveimur verkamönnum, Ástráði Magnússyni og Stefáni Björgvinssyni. Þá starfaði og vindumaður í landi. Unnið var að því að reka niður staur, sem hafði náð þeirri festu, að fallhamarinn var í gangi viðstöðulaust. Mun efri endi staursins hafa staðið um 1 metra upp fyrir fyrrgreindan verkpall. Þeir Ástráður og Stefán stóðu á fallhamarsgrindinni sitt hvorum megin við staurinn og munu hafa stutt hann með böndum. Bóas verkstjóri var aftan við fallhamarsásinn og starfaði að því með borði eða planka að koma í veg fyrir, að vírinn festist þar á ró. Stefnandi sat eða stóð einhvers staðar á verkpallinum framan við fallhamarsgrindina og hafðist ekki að, þar til verkstjórinn kallaði til hans og bað hann að rétta sér járnkarl, er mun hafa legið þarna á verkpallinum. Tók stefnandi járnkarlinn og hugðist færa hann verkstjóranum, en til þess mun hann hafa þurft að ganga framan við staurinn, sem verið var að reka niður, eða a. m. k. fara mjög nálægt honum. Þegar stefnandi var í þann veginn að rétta verkstjóranum járnkarlinn, skrikaði honum fótur á verkpallinum, sem var sleipur, eða laus fjöl í verkpallinum rann til undir honum. Við þetta missti stefnandi jafnvægið og greip, til þess að verjast falli, hægri hendi um enda staursins, sem verið var að reka niður. Fallhamarinn var þá á niðurleið og lenti höndin milli hamarsins og staursins með þeim afleiðingum, að af tók alla fingur hægri handar, nema litla fingur, og allt upp í miðhandarbein.

Sáraumbúðir voru engar til á vinnustaðnum né heldur deyfilyf, en búið mun hafa verið um höndina eftir föngum. Stefnanda var þegar í stað ekið í jeppabifreið til Egilsstaða og farið hart, því að blóðrennsli var mikið úr hendinni og beinin að molna og detta úr henni á leiðinni. Stóð þessi ökuferð um eina klukkustund.

Þegar að Egilsstöðum var komið, batt héraðslæknirinn þar um sárið til bráðabirgða. Síðan var ekið með stefnanda til Seyðisfjarðar og hann lagður á sjúkrahúsið þar. Á þessu sjúkrahúsi dvaldist stefnandi um nokkurn tíma, en þar sem hann hafði stöðugt mjög mikinn verk í hendinni, sigldi hann til Kaupmannahafnar til þess að reyna að fá þar bata. Á Ortopædisk Hospital var gerð á stefnanda meiri háttar skurðaðgerð, og varð það til þess, að verkurinn í hendinni smá minnkaði.

Stefnandi hélt áleiðis til Kaupmannahafnar 14. febrúar 1950, eftir að hafa áður farið til Reykjavíkur til þess að fá þar skipsfar. Hann kom aftur frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur í síðari

hluta aprílmánaðar 1950 og beið þar eftir fari til Seyðisfjarðar í nokkra daga, en þangað kom hann aftur 17. maí 1950.

Vegna sársauka í hendinni var stefnandi óvinnufær þar til eftir miðjan ágúst 1950.

Hinn 27. apríl 1950 skoðaði tryggingayfirlæknir stefnanda. Í vottorði hans, dags. 6. október s. á., segir svo: „Hægri hönd: Á höndina vantar þumalfingur, vísifingur og löngutöng. Eftir er af baugfingri efstakjúka og miðkjúka. Litli fingur er að mestu heill. Gerð hefur verið rauf upp í bilið milli I. og II. miðhandarbeins, og I. miðhandarbein þannig losað frá, og á þann hátt myndaður eins konar vísir að þumalfingri. Liðurinn milli miðkjúku og efstukjúku (yztukjúku vantar) baugfingurs hefur verið gerður stífur (ankylosis), beygður í ca 90° horn.

Slasaði getur beygt leifarnar af baugfingri í liðnum milli þeirra og IV. miðhandarbeins, sem svarar 90°, og á þann hátt geta I. miðhandarbein, sem losað hefur verið, og leifar baugfingurs mætzt. Hefur slasaði af þessu lítils háttar not. Annars má segja, að höndin sé lítils nýt".

Enn skoðaði tryggingayfirlæknirinn stefnanda 26. september 1950. Hafði þá engin breyting orðið, frá því hin fyrri skoðun var gerð. Telur læknirinn varanlega örorku stefnanda vegna umrædds slyss hæfilega metna 47%.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að orsakir slyssins hafi verið óforsvaranlegur útbúnaður á vinnustað af hálfu verkstjóra Vegagerðar ríkisins og slælegt eftirlit verkstjórans til öryggis. Hljóti því ríkissjóður að bera ábyrgð á tjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna slyssins.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína svo:

1.	Örorkubætur	kr.	293.537.00
2.	Bætur fyrir atvinnutjón 1. árið eftir slysið ..	—	9.654.00
3.	Ferðakostnaður milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur (fram og til baka)	—	1.200.00
4.	Ferðakostnaður milli Íslands og Kaupmannahafnar (fram og til baka)	—	3.600.00
5.	Kostnaður við dvöl á sjúkrahúsi í Danmörku og vera þar í landi á d. kr. 2.900.00, ísl. kr. 136/00	—	3.949.00
6.	Bætur fyrir þjáningar, lýti o. fl.	—	20.000.00
	Alls	kr.	331.940.00

og kemur hér fram tveggja króna samlagningarskekkja hjá stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að umbúnaður allur á vinnustað hafi verið í fullu samræmi við það, sem áratuga reynsla af brúarsmíði hafi sýnt beztan og heppilegastan. Þá hafi verkstjórar við brúarsmíðina verið þaulvanir starfi sínu og gætt fyllstu varkárni við vinnutilhögun og öryggiseftirlit. Þeir hafi margsinnis áminnt verkamenn sína um það að sýna aðgæzlu og varúð við starfið. Telur stefndi, að orsakir slyssins megi rekja til þess eins, að stefnanda hafi vegna óvarkárni sinnar orðið fótaskortur á verkpallinum, og tjón, sem hlotizt hafi af þeirri óvarkárni, sé sér ekki skylt að bæta.

Varakröfu sína reisir stefndi að nokkru á því, að skipta beri sökinni.

Það verður að teljast óforsvaranlegur útbúnaður á áðurnefndum verkpalli, að ekki skyldu öll borðin í honum vera negld niður. Þá var það óvarkárni af verkstjóranum að leggja fyrir stefnanda að flytja honum járnkarlinn að fallhamarsásnum, meðan fallhamarinn var í gangi. Það kemur ekki fram, að stefnandi hafi farið óvarlega, er hann var að færa verkstjóranum járnkarlinn, enda telur verkstjórinn, að stefnandi hafi yfirleitt farið gætilega, og segist hann hafa treyst stefnanda einna bezt sinna manna. Má því telja hrösun stefnanda með járnkarlinn óhappatilviljun. Á það ber loks að líta, að hér var um hættulegt starf að ræða, en réttarþróunin gengur í þá átt að leggja, er svo stendur á, síaukna ábyrgð á atvinnurekandann.

Að öllu þessu athuguðu þykir stefndi eiga að bera óskoraða bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann hefur beðið vegna umrædds slyss.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar, en stefndi hefur mótmælt þeim hverjum fyrir sig sem of háum.

Um 1. Stefnandi kveðst hafa ætlað að læra járnsmíðaiðn og hafa haft loforð frá vélsmiðju um að verða tekinn til iðnaðarnáms haustið, sem hann varð fyrir slysinu. Af þessu hafi ekki getað orðið vegna slyssins.

Stefnandi er talinn fæddur 13. ágúst 1931 og var því 18 ára, þegar hann slasaðist.

Tryggingarfræðingur hefur reiknað út vinnutekjutap stefnanda, miðað við 47% varanlega örorku og slysdag. Hefur hann bæði reiknað út vinnutekjutap stefnanda sem verkamanns og sem járnsmiðs, er hefði hafið nám í járnsmíði haustið 1949. Reiknast tryggingarfræðingnum svo til, að vinnutekjutap stefnanda

sem verkamanns nemi kr. 260.756.00 og sem járnsmiðs kr. 293.537.00, og miðar þessar niðurstöður við, að stefnandi sé búsettur utan Reykjavíkur. Reikningsgrundvöllurinn er 4% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Það er álit tryggingarfræðingsins, að til greina komi einhver lækkun á framangreindum tölum vegna atvinnuleysis, og telur ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir 5% til 10% lækkun vegna þess.

Í málinu hefur komið fram, að stefnandi hefur lokið prófi frá Verzlunarskóla Íslands.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, svo og önnur atriði, er máli skipta, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir af fé hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a.

Um 2. Það kemur fram hjá tryggingarfræðingnum, að hann hefur ekki tekið með í útreikningum sínum, er greint er frá hér næst á undan, annað en vinnutekjutap stefnanda vegna varanlegrar örorku hans. Svo sem áður er sagt, var stefnandi algerlega óvinnufær um eins árs skeið eftir slysið. Telur tryggingarfræðingurinn hæfilegt að áætla honum auk vinnutekjutaps vegna örorku kr. 9654.00 í bætur fyrir atvinnutjón á þessu tímabili, miðað við verkamannskaup. Þykir því rétt að taka þenna kröfulið stefnanda til greina að fullu.

Um 3, 4 og 5. Auk þess að mótmæla fjárhæðunum undir þessum liðum sem of háum hefur stefndi andmælt þeim á þeim grundvelli, að það hafi verið óþarft hjá stefnanda að leita til Kaupmannahafnar til lækninga.

Telja verður, eins og á stóð, að það hafi verið eðlilegt og sjálfsagt hjá stefnanda að leita sér lækninga erlendis við meiðslum sínum, enda verður ekki annað séð af skoðunargerð tryggingayfirlæknisins frá 27. apríl 1950 en að aðgerð sú, sem gerð var á hendi stefnanda á Ortopædisk Hospital, hafi borið nokkurn árangur.

Að þessu athuguðu og þar sem umræddum kostnaðarliðum virðist í hóf stillt, verða þeir teknir til greina að fullu.

Um 6. Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir bótakrafa stefnanda undir þessum lið ekki of há, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnanda vegna umræddsa

slyss kr. 238.403.00 (kr. 200.000.00 + kr. 9654.00 + kr. 1200.00 + kr. 3600.00 + kr. 3949.00 + kr. 20.000.00).

Stefnandi hefur fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins samtals kr. 42.128.81 í dagpeninga og örorkubætur. Krefst stefndi þess, að sú fjárhæð komi til frádráttar stefnukröfunni. Á þann frádrátt hefur stefnandi ekki viljað fallast, þar sem hann telur sig samkvæmt skuldbindingum sínum við Tryggingastofnunina og eftir kröfu hennar skyldan til að endurgreiða henni af væntanlegum tjónbótum það, sem hann þegar hefur fengið frá henni greitt.

Stefnandi hefur ekki fengið framseldan frá Tryggingastofnuninni hugsanlegan endurgreiðslurétt hennar á hendur stefnda. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka frádráttarkröfu stefnda til greina. Á það má og líta, að stefnda verður ekki talið hugrænt til sakar ófullnægjandi útbúnaður og óvarkárni verkstjóra á vinnustað við brúarsmíðina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 238.403.00 að frádregnum kr. 42.128.81 eða kr. 196.274.19 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar sem dæmt vinnutekjutap stefnanda er miðað við slysdag.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00, er renni til skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ágústi Sverrissyni, kr. 196.274.19 með 6% ársvöxtum frá 9. september 1949 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað, og renni málskostnaður til skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1956.

Nr. 120/1951. **Elís K. V. Meyvantsson**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Líndal prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1951. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi 5. maí 1952. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 150.000.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1948 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hans í héraði og fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst sýknu og að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað af málinu.

Af hendi áfrýjanda hefur þess verið krafizt, að mál þetta verði af nýju lagt fyrir Læknaráð, en til þess eru eigi efni.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Hvor aðilja skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti, en dæma ber skipuðum málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti málssóknarlaun úr ríkissjóði, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda

fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Elís K. V. Meyvantsson innheimtumaður, Sólvallagötu 45, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. september 1949, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 150.000.00, með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Málsatvik eru þau, að þann 6. október 1944 hóf stefnandi störf sem ökumaður hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, en það fyrirtæki er eign stefnda. Þann 10. janúar 1945 tók stefnandi að aka bifreiðinni R 1008, sem mun vera með svonefndum „diesel" hreyfli. Kveðst stefnandi þá hafa farið að finna til sjúkleika, er hafi lýst sér sem höfuðverkur, magnleysi og svimi. Þá kveðst stefnandi um nokkurn tíma hafa ekið bifreiðinni R 1003, sem hefur benzínhreyfil. Báðar þessar bifreiðar hafi verið mjög óþéttar og komið gasloft inn í þær. Þann 6. febrúar 1945 var bifreiðin R 1008 skoðuð af bifreiðaeftirlitinu, sem taldi hana vera í mjög slæmu ásigkomulagi. Sérstaklega væri áberandi, að gasloft frá hreyflinum bærist inn í bifreiðarhúsið um gólfið, sem væri óþétt, og einnig vegna þess, að útblásturspípa hreyfilsins næði ekki nægilega langt aftur. Forstöðumanni Strætisvagna Reykjavíkur var þegar tilkynnt um þessa ágalla. Þann 7. marz 1945 var R 1003 tekin úr umferð af bifreiðaeftirlitinu vegna slæms ásigkomulags. Þann 10. marz s. á. var R 1008 skoðuð aftur og var þá talin nothæf. Þann 5. apríl 1945 var stefnandi lagður inn á sjúkrahús hér í bænum vegna nárakviðslits. Var gert við það með skurði, og fór hann af sjúkrahúsinu þann 20. s. m. Ekki er fram komið, að stefnandi hafi í það sinn bent læknum á fyrrgreindan sjúkleika í höfði. Stefnandi hóf síðan störf sín aftur, en kveðst hafa verið þjáður, og þann 13. september 1945 hafi hann hætt störfum hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, þar sem hann hafi eigi verið fær um að sinna þeim störfum áfram, þannig hafi hann eitt sinn sofnað við stýri bifreiðarinnar. Laun voru stefnanda greidd til 31. desember 1945, en af hálfu Strætisvagna Reykjavíkur er talið, að hann hafi hætt störfum 10. október s. á. Stefnandi virðist síðan hafa

stundað ýmsa vinnu næstu ár, en lítið getað starfað að staðaldri. Í aprílmánuði 1947 var hann lagður á sjúkrahús til rannsóknar, en sú rannsókn virðist lítinn árangur hafa borið. Um vorið 1947 sneri hann sér til stefnda og krafðist bóta fyrir vinnutjón sitt, þar sem hann þá taldi vanheilsu sína stafa af ólofti í bifreiðum þeim, er hann hafði ekið. Þessari málaleitan synjaði stefndi með bréfi, dags. 25. apríl 1947. Þann 11. febrúar 1948 gaf læknir stefnanda, sem er sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, vottorð um heilsu hans. Segir svo í vottorði þessu:

„En kvartanir hans eru þessar: Höfuðverkur, eins og höfuðið ætli að springa. Svimatilfinning, nánast sem þoka fyrir augum, þegar verkur er verstur. Svefndrungi eða óeðlilega mikil svefnþörf. Minnisleysi (vegna lélegri einbeitingar hugans). Óeðlileg viðkvæmni, sem brýst út í ástæðulausum grátköstum. Aukin vanstilling á skapsmunum. Höfuðverkurinn er misjafn, eykst við hristing og alla áreynslu.

Ég hef fylgzt með heilsufari hans, síðan hann veiktist. Margendurtekin klinisk skoðun hefur ávallt reynzt neikvæð að öðru en því, að blóðþrýstingur hefur reynzt frekar lágur (mældist 100/60 h. 7. þ. m.). Sérstaklega skal fram tekið, að neurologisk skoðun er neikvæð. Mænuvökvi reyndist eðlilegur. Augnskoðun eðlileg. Blóðstatus eðlilegur. Þvag inniheldur ekki eggjahvítu, gröft né sykur.

Psykiskt er hann eðlilegur í framkomu, hægur og rólegur; hann ber kvartanir sínar fram öfgalaust og án sérstakrar tilfinningasemi, og þær eru ávallt þær sömu. Hann hefur ekki leitað læknis tiltakanlega þétt.

Ég fékk strax grun um, að hér væri um að ræða kroniska kolsýrings (CO)-eitrun, og hef síðan sannfærzt betur um það. Styðst og þar að sjálfsögðu við forsögu (anamnesis), subjektiv einkenni, svo og að endurtekin objektiv athugun, bæði psykisk og somatisk, ekki hefur gefið tilefni til annarrar sjúkdómsgreiningar frekar".

Staðgöngumaður tryggingayfirlæknis, Þórarinn Sveinsson læknir, rannsakaði stefnanda um þessar mundir í því skyni að meta örorku hans. Í vottorði hans, sem dagsett er 18. febrúar s. á., segir, að stefnandi þjáist af höfuðþrautum, sem komi í köstum, einkum við áreynslu, og séu þrautir þessar taldar stafa af kolsýringseitrun. Ekki taldi læknirinn unnt að meta örorku stefnanda og taldi nauðsyn bera til, að hann færi á sjúkrahús til rannsóknar. Með tilliti til þessa taldi læknirinn rétt, að stefnandi yrði talinn 50% öryrki, en 100%, meðan rannsókn færi fram á sjúkra-

húsinu. Frá 20. júní til 1. júlí 1948 dvaldi stefnandi síðan á sjúkrahúsi til rannsóknar. Var þá meðal annars dælt lofti inn í heilahólfin, en án árangurs. Stefnandi sneri sér síðan aftur til stefnda þann 25. september 1948 og krafðist bóta fyrir atvinnutjón sitt, þar sem hann taldi sjúkdóm sinn stafa af kolsýringseitrun, er hann hefði orðið fyrir í þjónustu Strætisvagna Reykjavíkur. Þessari málaleitan synjaði stefndi með bréfi, dags. 6. nóvember s. á.

Þann 10. nóvember s. á. var stefnandi enn rannsakaður af öðrum sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum. Taldi sá læknir, að sennilegt væri, að stefnandi liði af afleiðingum kolsýringseitrunar.

Í marzmánuði 1949 rannsakaði sérfræðingur í lyflækningum stefnanda. Segir svo í vottorði læknis þessa, sem dagsett er 25. marz s. á.:

„Við endurteknar skoðanir í marzmánuði 1949 er sjúklingurinn rólegur og eðlilegur í framkomu. Hann ber kvartanir sínar fram blátt áfram og ástríðulaust. Frásögn hans er yfirleitt skilmerkileg, en stundum verður maður þess þó var, að minni hans er nokkuð glompótt. Objectivt var ekkert að finna, nema að blóðþrýstingur var 90/60 og 95/65 og að ef til vill var vottur um jafnvægistruflun, þegar hann stendur með lokuð augu.

Alfreð Gíslason læknir telur, að sjúklingurinn þjáist af afleiðingum eftir kroniska CO-eitrun. Mörg einkenni sjúklingsins haga sér þannig, að þau gætu verið afleiðing eftir CO-eitrun. Hins vegar er þó ekki hægt að segja, að heildarmyndin sé typisk. Einkennin virðast ágerast, eftir að sjúklingurinn hætti að aka hinum grunsamlega vagni, en líkindi væru hins vegar til, að einkennin bötnuðu nokkuð með tímanum, einkum þegar þess er gætt, að hann hafði aldrei misst meðvitund í vagninum, og vagn sá, sem sjúklingurinn ók síðar, var að hans eigin dómi í forsvaranlegu ásigkomulagi. Margir geðveikralæknar telja auk þess, að geðbreytingar eftir kolsýringseitrun séu að jafnaði nokkuð á annan veg en þann, sem sjúklingurinn kvartar um".

Þá segir svo í vottorði þessu:

„Það, sem einkum torveldar sjúkdómsgreiningu á þessu stigi málsins, er, að engin rannsókn fór fram á blóði sjúklingsins að afloknu dagsverki, meðan hann ók hinum grunsamlega vagni, og að loftið í vagninum var ekki rannsakað, meðan hann var í notkun. Ef vitað er um magn kolsýrings á vinnustað og daglegan vinnutíma manns á staðnum, má segja allnákvæmlega fyrir um það, hvort hætta sé á eitrun, en taka verður með í reikninginn, að menn eru misjafnlega næmir fyrir kolsýringi.

Sjúkrasaga sjúklingsins virðist benda til þess, að hann hafi

orðið fyrir kolsýringseitrun. Rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið, sanna hins vegar ekki til hlítar, að flest eða öll sjúkdómseinkenni hans séu bein afleiðing kolsýringseitrunar".

Þann 19. maí 1949 mat Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir örorku stefnanda. Taldi hann sterkar líkur fyrir því, að stefnandi hefði orðið fyrir „kroniskri" kolsýringseitrun fyrri hluta ársins 1945, og mat örorku hans 75—80%. Um sumarið 1949 fór stefnandi til Danmerkur að læknisráði. Var hann þar skoðaður af sérfræðingi í taugasjúkdómum, sem taldi, að stefnandi gæti þjáðst af afleiðingum kroniskrar kolsýringseitrunar. Um haustið 1949 hóf stefnandi störf sem innheimtumaður hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hefur starfað þar síðan, en mun hafa verið alloft fjarvistum vegna sjúkdóms síns. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir endurmat örorku stefnanda 5. júní 1950. Taldi hann ástand hans óbreytt, örorkuna 75—80%.

Með úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar s.l., var mál þetta lagt fyrir Læknaráð til umsagnar. Var óskað umsagnar ráðsins um, hvort vanheilsa stefnanda, er mál þetta fjallar um, verði talin sennileg afleiðing af starfi hans sem ökumanns hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Réttarmáladeild Læknaráðs lagði til þann 16. febrúar, að þessu yrði svarað með svohljóðandi ályktun:

„Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, verður ekki séð, að stefnandi hafi nokkurn tíma orðið fyrir kolsýringseitrun. Engar rannsóknir liggja fyrir frá þeim tíma, er stefnandi ók strætisvagninum, eða skömmu eftir. Ef stefnandi hefur kennt alvarlegrar vanheilsu við vinnu sína, hefði hann átt að gangast undir rannsókn þá þegar sjálfs sín og annarra vegna, en ekki er að sjá, að hann hafi leitað læknis á þeim tíma. Þau einkenni, sem stefnandi kvartar yfir löngu seinna, eru almenns eðlis og ekki sérkennileg fyrir kolsýringseitrun. Spurningunni um það, hvort vanheilsa stefnanda sé „sennileg afleiðing af starfi hans sem ökumanns hjá Strætisvögnum Reykjavíkur", svarar Læknaráð því neitandi".

Tillaga þessi var staðfest sem álitsgerð Læknaráðs þann 20. s. m.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að vanheilsa hans stafi af kolsýringseitrun, sem hann hafi orðið fyrir við akstur vagna Strætisvagna Reykjavíkur. Ástæðan til þess, að lofttegund þessi hafi borizt inn í bifreiðarnar, hafi verið hið lélega viðhald þeirra, sem hafi verið algerlega óforsvaranlegt. Stefndi, sem beri fjárhagsábyrgð á rekstri Strætisvagna Reykjavíkur,

sé því fébótaskyldur fyrir öllu því tjóni, sem hann hafi af þessu hlotið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir kolsýringseitrun við akstur vagnanna eða sjúkleiki hans sé á annan hátt afleiðing ökumannsstarfa hans hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.

Hér að framan hafa verið rakin gögn, sem fram hafa komið um vanheilsu stefnanda og orsakir hennar. Stefnandi lét ekki rannsaka heilsu sína, meðan hann var í þjónustu Strætisvagna Reykjavíkur, en ók áfram vögnum þeim, sem hann telur hafa verið óforsvaranlega búna. Engin rannsókn fór fram á heilsufari stefnanda fyrr en löngu síðar. Þegar þetta er virt og höfð í huga ályktun Læknaráðs, þykja hin framkomnu gögn ekki veita sönnun fyrir því, að sjúkleiki stefnanda stafi af kolsýringseitrun, er hann hafi hlotið, meðan hann ók nefndum vögnum. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu og sér skipaðan málflytjanda, Gústaf A. Sveinsson hrl. Gjafsóknarlaun til hans ákveðast kr. 1600.00, sem greiðast úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Elísar K. V. Meyvantssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarlaun Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 1600.00, greiðast úr ríkissjóði.

Mánudaginn 5. marz 1956.

Nr. 19/1956. **Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs**
gegn
Bókabúð Rikku.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Kærumál. Um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. febrúar þ. á., er barst Hæstarétti 20. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, sem upp var kveðinn 7. febrúar þ. á. í bæjarþingsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða hæfilegan málskostnað í héraði svo og kostnað af kærumáli þessu.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Eftir málsatvikum þykir bera að staðfesta þá ákvörðun héraðsdóms, að hvor aðilja beri kostnað sinn af bæjarþingsmálinu.

Þar sem varnaraðili hefur eigi krafizt kærumálskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Kæra máls þessa er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Óraskað er málskostnaðarákvæði í framangreindu bæjarþingsmáli.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur bæjarfógetinn á Akureyri sem innheimtumaður ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 9. september 1955, gegn Ásgeiri Jakobssyni f. h. Bókabúðar Rikku, hér í bænum, til greiðslu á vangoldnum söluskatti, álögðum á gjaldtímabilum söluskatts á tímabilinu 1. janúar 1948 til 31. desember 1951, að fjárhæð kr.

3780.00, auk dráttarvaxta, 1% á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfunni.

Með úrskurði, upp kveðnum 26. september s.l., vék hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, sæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því með bréfi, dagsettu 25. nóvember s.l., Björn Hermannsson, lögfræðing á Akureyri, til þess að fara með og dæma mál þetta.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1948 gaf stefndi skattyfirvöldunum hér í bænum skýrslu um viðskipti sín, sem skattlögð voru til söluskatts það ár. Eftir það mun hann ekki hafa gefið slíka skýrslu, og er því álagður söluskattur fyrir hin tímabilin áætlunarupphæðir. Söluskattskyldar tekjur bóksala af bókum, sem þeir höfðu í umboðssölu, voru fram á árið 1951 reiknaðar af fullu söluverði bókanna. Með hæstaréttardómi, upp kveðnum 1. júní 1951, voru ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 100/1948 skýrð á þá lund, að söluskattur af bókum, er bóksali hefur í umboðssölu, skuli aðeins greiddur af umboðsþóknun bóksalans. Í samræmi við þessa lögskýringu Hæstaréttar var áðurnefndum lögum breytt með lögum nr. 107/1951.

Í samræmi við þessar breyttu aðstæður leiðrétti skattstjórinn á Akureyri hinn álagða söluskatt stefnda með bréfi til innheimtumanns ríkissjóðs hér, dagsettu 4. nóvember 1953, þannig að áætlað var, að söluskatturinn lækkaði um kr. 6.900.00. Með sama bréfi gerði skattstjórinn stefnda að greiða kr. 800.00 í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951. Alls hafði á þessu tímabili tilfallinn söluskattur stefnda numið kr. 16.595.00 (þar innifaldar kr. 800.00, sem er viðbótarsöluskattur fyrir árið 1951), en af því hafði stefndi greitt kr. 5915.00. Eftirstöðvarnar, kr. 3780.00, er sú upphæð, sem dóms er krafizt um í máli þessu.

Á árinu 1948 hafði stefndi greitt álagðan söluskatt að fullu svo og fyrir I. gjaldtímabil ársins 1949 og II., III. og IV. gjaldtímabil ársins 1951. Hinn vangreiddi söluskattur er því tilfallinn á II. og III. gjaldtímabili ársins 1949, I.—III. gjaldtímabili ársins 1950 og I. gjaldtímabili ársins 1951 auk hækkunar fyrir árið 1951, sem gerð var með bréfi skattstjóra 4. nóvember 1953.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvarnar, kr. 3780.00, að fullu. Byggir hann þá kröfu sína á því, að skoða megi stefnda sem umboðsmann hins opinbera við innheimtu skattsins. Skatturinn sé ekki lagður á stefnda eða fyrirtæki hans

persónulega, eins og aðrir skattar, heldur sé skattur þessi lagður á neytendurna, og sé stefndi því nokkurs konar umboðsmaður innheimtumannsins við skattheimtuna.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, og er sýknukrafan byggð á því, að krafa sú, sem dóms er leitað um, eða a. m. k. mikill meiri hluti hennar, sé fyrnd, og hefur hann því til stuðnings vitnað til 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Stefnandi hefur mótmælt því, að kröfur þessar fyrnist samkvæmt þessari grein, heldur falli þær undir undantekningarákvæði 4. gr. sömu laga, þar sem talað er um ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá röksemd stefnanda, að stefndi sé opinber gjaldheimtumaður eða að honum verði jafnað til opinbers innheimtumanns á nokkurn hátt. Að áliti réttarins fyrnast kröfur þær, sem hér um ræðir, samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, það er á 4 árum. Samkvæmt því verður að telja söluskatt þann, sem á stefnda var lagður fyrir II. og III. gjaldtímabil ársins 1949, I.—III. gjaldtímabil ársins 1950 og I. tímabil 1951, fyrndan.

Kemur þá til álita upphæð sú, sem stefnda var gert að greiða í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951 með bréfi skattstjóra, dagsettu 4. nóvember 1953. Stefndi hefur haldið fram, að hluti af þeirri upphæð eigi að teljast fyrndur, þar sem upphæðin eigi að jafnast niður á allt árið 1951, eða ef það verði ekki tekið til greina, að stefnda verði heimilað að skuldajafna þeim kr. 6900.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með sama bréfi skattstjóra, gegn þessum kr. 800.00.

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að hluti af þessum viðbótarsöluskatti sé fyrndur, enda gat upphæð þessi ekki orðið gjaldkræf, fyrr en eftir að hún var álögð, það er eftir 4. nóvember 1953. Ekki verður heldur fallizt á, að þessar kr. 6900.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með margnefndu bréfi skattstjóra, séu þess eðlis, að stefnda sé eftirá heimilt að nota þær til skuldajafnaðar gegn viðbótargreiðslu fyrir árið 1951, og verður því að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 800.00 auk dráttarvaxta, eins og krafizt er.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ásgeir Jakobsson, greiði f. h. Bókabúðar Rikku stefnanda, bæjarfógetanum á Akureyri sem innheimtumanni

ríkissjóðs, kr. 800.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1956.

Nr. 20/1956. **Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs**

gegn

Bókaverzluninni Eddu h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Kærumál. Um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. febrúar þ. á., er barst Hæstarétti 20. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, sem upp var kveðinn 13. febrúar þ. á. í bæjarþingsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða hæfilegan málskostnað í héraði svo og kostnað af kærumáli þessu.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Eftir málsatvikum þykir bera að staðfesta þá ákvörðun héraðsdóms, að hvor aðilja beri kostnað sinn af bæjarþingsmálinu.

Þar sem varnaraðili hefur eigi krafizt kærumálskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Kæra máls þessa er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Óraskað er málskostnaðarákvæði í framangreindu bæjarþingsmáli.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur bæjarfógetinn á Akureyri sem innheimtumaður ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 9. september 1955, gegn Bókaverzluninni Eddu h/f, hér í bænum, til greiðslu á vangoldnum söluskatti, álögðum á gjaldtímabilum söluskatts á tímabilinu 1. janúar 1948 til 31. desember 1951, að fjárhæð kr. 3355.00, auk dráttarvaxta, 1% á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Við munnlegan flutning málsins var gerð sú varakrafa, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1000.00 auk dráttarvaxta og hæfilegs málskostnaðar.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfunni.

Með úrskurði, upp kveðnum 26. september s.l., vék hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, sæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því með bréfi, dagsettu 25. nóvember s.l., Björn Hermannsson, lögfræðing á Akureyri, til þess að fara með og dæma mál þetta.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1948 gaf stefndi skattyfirvöldunum hér í bænum skýrslu um viðskipti sín, sem skattlögð voru til söluskatts það ár. Eftir það mun hann ekki hafa gefið slíka skýrslu, og er því álagður söluskattur fyrir hin tímabilin áætlunarupphæðir. Söluskattskyldar tekjur bóksala af bókum, sem þeir höfðu í umboðssölu, voru fram á árið 1951 reiknaðar af fullu söluverði bókanna. Með hæstaréttardómi, upp kveðnum 1. júní 1951, voru ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 100/1948 skýrð á þá lund, að söluskattur af bókum, er bóksali hefur í umboðssölu, skuli aðeins greiddur af umboðsþóknun bóksalans. Í samræmi við þessa lögskýringu Hæstaréttar var áðurnefndum lögum breytt með lögum nr. 107/1951.

Í samræmi við þessar breyttu aðstæður leiðrétti skattstjórinn á Akureyri hinn álagða söluskatt stefnda með bréfi til innheimtumanns ríkissjóðs hér, dagsettu 4. nóvember 1953, þannig að áætlað var, að söluskatturinn lækkaði um kr. 7800.00. Með sama bréfi gerði skattstjórinn stefnda að greiða kr. 1000.00 í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951. Alls hafði á þessu tímabili tilfallinn söluskattur stefnda numið kr. 19.653.00 (þar innifaldar kr. 1000.00, sem er viðbótarsöluskattur fyrir árið 1951), en af þeirri upphæð höfðu kr. 9135.00 verið felldar niður og kr. 7163.00 greiddar. Eftirstöðvarnar, kr. 3355.00, er sú upphæð, sem dóms er krafizt um í máli þessu.

Á árinu 1948 hafði stefndi greitt álagðan söluskatt að fullu. Einnig hafði hann greitt söluskatt á árinu 1951 að fullu. Hinn vangreiddi söluskattur er því tilfallinn á árinu 1949 og 1950 auk hækkunar fyrir árið 1951, sem gerð var með bréfi skattstjóra 4. nóvember 1953.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvarnar, kr. 3355.00, að fullu. Byggir hann þá kröfu sína á því, að skoða megi stefnda sem umboðsmann hins opinbera við innheimtu skattsins. Skatturinn sé ekki lagður á stefnda persónulega, eins og aðrir skattar, heldur sé skattur þessi lagður á neytendurna, og sé stefndi því nokkurs konar umboðsmaður innheimtumannsins við skattheimtuna.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, og er sýknukrafan byggð á því, að krafa sú, sem dóms er leitað um, eða a. m. k. mikill meiri hluti hennar, sé fyrnd, og hefur hann því til stuðnings vitnað til 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Stefnandi hefur mótmælt því, að kröfur þessar fyrnist samkvæmt þessari grein, heldur falli þær undir undantekningarákvæði 4. gr. sömu laga, þar sem talað er um ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá röksemd stefnanda, að stefndi sé opinber gjaldheimtumaður eða að honum verði jafnað til opinbers innheimtumanns á nokkurn hátt. Að áliti réttarins fyrnast kröfur þær, sem hér um ræðir, samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, það er á 4 árum. Samkvæmt því verður að telja söluskatt þann, sem á stefnda var lagður árin 1949 og 1950, fyrndan.

Kemur þá til álita upphæð sú, sem stefnda var gert að greiða í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951 með bréfi skattstjóra, dagsettu 4. nóvember 1953. Stefndi hefur haldið fram, að hluti af þeirri upphæð eigi að teljast fyrndur, þar sem upphæðin eigi að jafnast niður á allt árið 1951, eða ef það verði ekki tekið til greina, að stefnda verði heimilað að skuldajafna þeim kr. 7800.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með sama bréfi skattstjóra, gegn þessum kr. 1000.00.

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að hluti af þessum viðbótarsöluskatti sé fyrndur, enda gat upphæð þessi ekki orðið gjaldkræf, fyrr en eftir að hún var álögð, það er eftir 4. nóvember 1953. Ekki verður heldur fallizt á, að þessar kr. 7800.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með margnefndu bréfi skattstjóra, eða sá hluti, sem þegar var greiddur, þ. e. lækkun fyrir árið 1948, séu þess eðlis, að stefnda sé eftirá heimilt að nota þær til skuldajafnaðar gegn viðbótargreiðslu fyrir árið 1951, og

verður því að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 1000.00 auk dráttarvaxta, eins og krafizt er.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Bókaverzlunin Edda h/f, greiði stefnanda, bæjarfógetanum á Akureyri sem innheimtumanni ríkissjóðs, kr. 1000.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. marz 1956.

Nr. 139/1955. **Ákæruvaldið** (Jóhannes Elíasson hdl.)

gegn

Guðmundi Ísleifi Gíslasyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi. Brot gegn 261. gr. sbr. 264. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að ákærði verður ekki sviptur stýrimannsréttindum, þar sem þess er eigi krafizt í ákæruskjali.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu skipstjóraréttinda ákærða og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Elíassonar héraðsdómslögmanns og Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 28. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldinu gegn Guðmundi Ísleifi Gíslasyni skipstjóra, Neskaupstað. Er hann með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu 4. f. m., ákærður fyrir brot gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærði talinn hafa gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði „með því að láta Berg Nielsen, skipverja á b/v Agli rauða, NK 104, sem er útlendingur og hefur ekki íslenzk skipstjórnarréttindi, fara með stjórn togarans Egils rauða frá kl. 15.30 26. janúar s.l. og þar til togarinn strandaði um kl. 18.30 sama dag innarlega undir Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp og koma aðeins þrisvar upp á stjórnpall á fyrrnefndu tímabili til að líta eftir siglingu skipsins, þó að togarinn væri nálægt landi, farið væri að dimma og skyggni væri lélegt, svo og að gefa óglögg fyrirmæli um siglingu skipsins á þessu tímabili í stað þess að vera sjálfur við stjórn skipsins eða hafa annan hvorn stýrimanninn við stjórn þess og hafa í gangi öðru hvoru bæði dýptarmæli og radartæki. Urðu afleiðingar framangreindrar vanrækslu ákærða þær, að togarinn fórst og 5 skipverjar drukknuðu".

Þess er krafizt í ákæruskjalinu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt 264. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júní 1924 á Borg í Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 26. janúar 1955, um kl. 18.30, strandaði togarinn Egill rauði frá Neskaupstað innarlega undir Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp. Gereyðilagðist skipið á skömmum tíma, en fimm menn af 34 manna áhöfn, sem á skipinu var, fórust. B/v Egill

rauði hafði verið að veiðum á Halamiðum, en sunnudaginn 23. janúar var siglt í landvar inn á Ísafjarðardjúp og ýmist látið reka þar eða lónað utan við skip, sem lágu í vari undir Grænuhlíð. Á miðvikudag var siglt út fyrir Rit til að athuga veðiveður, en kl. 13.30 sama dag var snúið til lands og skipið stöðvað kl. 14.30 tæpa sjómílu innan við Rit, réttar tvær sjómílur frá landi. Þann tíma, sem skipið var í landvari og lónaði í Djúpinu, skiptu yfirmenn þannig með sér vöktum, að 2. stýrimaður var á verði frá kl. 0.30 til 6.30, 1. stýrimaður frá kl. 6.30 til 12.30 og aftur frá kl. 18.30 til 0.30, en skipstjóri sá um vaktina frá kl. 12.30 til 18.30. Þannig var og tilhögun vakta miðvikudaginn 26. janúar. Af áhöfn togarans voru allmargir Færeyingar, en í þeirra hópi voru a. m. k. þrír, er hafa dönsk réttindi til skipstjórnar á togurum á stærð við Egil rauða. Að ráði ákærða var svo ákveðið, að menn þessir skyldu vera „vaktformenn" á stjórnpalli í fjarveru ákærða og stýrimanna þaðan. Einn þessara manna, Kristján Niels Peter Berg Nielsen, var vaktformaður á stjórnpalli miðvikudaginn 26. janúar frá kl. 15.30 og allt til þess, að skipið strandaði. Með honum á stjórnpalli allan þenna tíma voru tveir samlandar hans, báðir hásetar, og stóð annar þeirra við stýrið. Frá kl. 14.30 til kl. 18.00 var ákærði, sem eins og áður getur, átti vakt á þessum tíma, í íbúð sinni, sem var undir stjórnpalli. Á þeim tíma kom hann tvívegis upp á stjórnpall. Samkvæmt vottorði frá Veðurstofunni var veður á Galtarvita umræddan dag kl. 17.00 og 18.00 þannig: NE 8, snjókoma, skyggni 07—08 km og mikill sjór. Um kl. 18.00, er ákærði var á leið til kvöldverðar, kom hann við á stjórnpalli og kveðst þá hafa gefið vaktformanni fyrirmæli um siglingu skipsins. Er ákærði hafði matazt, fór hann enn upp á stjórnpall, opnaði glugga og leit út, en þar eð hann sá ekkert ljós frá nærliggjandi skipi, hringdi hann á „stopp" og setti ratsjána í gang. Rétt í þann mund tók skipið niðri fyrra sinni. Kveðst ákærði þá hafa hringt á fulla ferð aftur á bak og sett stýrið hart í stjórnborða. Kallaði ákærði til loftskeytamanns að ná sambandi við b/v Austfirðing og tilkynna strandið, en þá losnaði skipið af grunni. Skömmu síðar kastaðist skipið til og sneri nú inn með landi. Ákærði kveðst þá ekki hafa þorað að „bakka" lengur, en hugðist „taka fullt áfram". Er ákærði var að hringja í því skyni, tók skipið svo hastarlega niðri, að hann kastaðist frá bb-vélsíma yfir að dyrunum stjórnborðsmegin, og var nú hringt úr vél á stöðvun. Litlu seinna kom 1. vélstjóri upp á stjórnpall og tilkynnti, að skipið væri rifið í botninn í vélarrúmi. Strax og skipið tók niðri í

síðara skiptið, hallaðist það svo mjög á stjórnborðshlið, að ekki var stætt á stjórnpallsgólfinu án þess að halda sér, og gekk sjór yfir skipið allt í ólögunum. Nokkru síðar brotnaði skipið í tvennt um „hálfdekkið". Rambaði framhluti þess í fyrstu til og frá, en var sokkinn á föstudagsmorgun. Er skipið tók niðri í fyrra skiptið, munu flestir skipverjar hafa verið í borðsal, en í seinna skiptið á bátapalli eða á leið þangað. Allir komust skipverjar á stjórnpall, að undanskildum þeim fjórum Íslendingum, sem fórust, en þeir voru Magnús Guðmundsson háseti, Hjörleifur Þór Helgason kyndari, Atli Stefánsson kyndari og faðir hans, Stefán Einarsson 3. vélstjóri. Er það álit ákærða, að menn þessir hafa farizt, er þeir voru að reyna að komast upp á stjórnpall. Vitnið Einar B. H. Friðbjörnsson kveðst hafa séð Magnús Guðmundsson, eftir að það kom upp á bátapall. Að sögn vitnisins aðstoðaði Magnús vitnið við að koma á sig bjargbelti, en eftir það sá vitnið Magnús ekki. Þá hefur vitnið Jóhan Vitus Sacharíasson, er sat að snæðingi í borðsal, er skipið strandaði, skýrt svo frá, að Magnús Guðmundsson hafi þá verið staddur þar ásamt mörgum skipverjum. Hins vegar minnist vitni þetta þess ekki að hafa séð þarna hina Íslendingana, sem fórust, og Magnús sá vitnið ekki eftir þetta. Vitnið Guðmundur I. Bjarnason kveðst hafa séð þá feðga Atla og Stefán á ganginum fyrir framan niðurgang í káetu, er vitnið fór upp á stjórnpall skömmu eftir strandið til að tilkynna ákærða, að mikill leki væri í vélarrúmi. Vitnið kveðst hafa sagt þeim feðgum að ná sér í hlífðarföt og fara síðan upp. Eftir þetta kveðst vitnið ekki hafa séð þá feðga. Aðrir þeir af áhöfn togarans, sem vætti báru við sjóferðapróf út af strandinu, urðu engir varir við Íslendingana fjóra, sem fórust, eftir að skipið strandaði. Skipverjar þeir, sem af komust, höfðust við í kortaklefanum og ganginum, er lá niður að íbúð ákærða, og voru þar í vari fyrir ólögunum, er sífellt gengu yfir skipið. Eftir að olía úr skipinu rann í sjóinn, urðu þó ólögin óreglulegri en áður og ekki eins skörp. Flestir voru skipverjar gegnblautir og lítt klæddir margir, en ekki viðlit að fara niður í skipið til að ná í fatnað. Tilraun var gerð til að setja stjórnborðsbjörgunarbátinn á flot, en báturinn brotnaði, áður en það tækist. Hins vegar var ógerningur að setja bakborðsbjörgunarbátinn út vegna brims. Skotið var eldflaugum og reynt að kynda bál, en hvort tveggja tókst illa. Milli kl. 9.00 og 10.00 næsta morgun hófst björgun skipverja frá sjó. Var henni hagað þannig, að taug frá m/b Andvara var fest í ratsjármastur b/v Egils rauða. Eftir taug þessari var björgunarstóll dreginn milli skipanna, og var hann í sjó alla leiðina, en niður úr honum var poki svo djúpur, að hann

náði manni í mitti. Á björgunarstólnum voru belgir, svo að hann flaut vel. Ekki gafst tími til þess milli ólaganna að binda skipverja í björgunarstólinn, og Færeyingur sá, er fórst, Sofus Dalberg Skorðahlíð, féll útbyrðis og drukknaði, er verið var að koma honum í stólinn. Að öðru leyti gekk björgun frá sjó vel, og var 13 mönnum bjargað þannig. Um kl. 14.00 þenna sama dag hófst björgun úr landi. Var 16 mönnum bjargað þannig, þ. á m. ákærða, er síðastur yfirgaf skipið. Er það samróma álit allra vitna, að björgunin, bæði frá sjó og úr landi, hafi gengið vel.

Guðmundur Ísleifur Gíslason, ákærði í máli þessu, skýrir svo frá, að í þau tvö skipti, er hann hafi komið upp á stjórnpall, meðan látið var reka inn með Grænuhlíð, hafi hann séð, að skipið rak utan við skip þau, er lágu við akkeri inn með allri hlíðinni. Segir ákærði, að vel hafi sézt til skipa þessara í bæði skiptin. Um kl. 18.00, er ákærði kom upp á stjórnpall þriðja sinni á leið til kvöldverðar, kveðst hann hafa séð ljósin á innsta skipinu, er ákærði veit eigi nafn á, en telur hafa verið enskan togara. Kveðst ákærði hafa miðað skip þetta á áttavita, og reyndist það vera í stefnu NA. Ákærði kveðst hafa sagt „vaktformanni", Berg Nielsen, að kippa Agli rauða að skipi þessu, en sjálfur hafi hann hringt á hæga ferð áfram og litið á vélsímann, er svarað hafi sömu ferð og beðið var um. Ákærði kveðst þó hafa ástæðu til að ætla, að ferð skipsins hafi verið meiri en um var beðið. Er ákærði mælti svo fyrir, að kippa skyldi Agli rauða að greindu skipi, kveðst hann hafa staðið við hlið Bergs Nielsens, en man eigi, hvort hann nafngreindi hann, er hann gaf þessi fyrirmæli, en hafi hins vegar talið sjálfsagt, að Berg Nielsen sem „vaktformaður" hlustaði eftir fyrirmælum hans. Ákærði kveðst hafa áætlað, að skip það, er kippa átti Agli rauða að, væri í um einnar sjómílu fjarlægð um þetta leyti. Eigi minnist ákærði þess, að á þessum tíma hafi verið snjókoma, og landsýn athugaði hann ekki sérstaklega. Ákærði kveður Egil rauða hafa verið að snúast í stefnu NA og að ljósum margnefnds skips, er hann fór niður að matast. Telur hann víst, að Berg Nielsen hafi séð ljósin á skipi þessu og að jafnframt muni honum hafa verið ljós afstaða Egils rauða til lands. Telur ákærði, að Berg Nielsen hafi átt að skilja fyrirmæli sín svo, að eigi ætti að sigla Agli rauða lengra en að innsta skipinu. Ákærði kveðst álíta, að Berg Nielsen hafi eigi látið stýra skipinu í NA, eins og hann hafi fyrirskipað, en eigi athugaði hann, er hann kom upp á stjórnpall frá mat, hver stefna skipsins þá var. Ákærði telur, að Berg Nielsen hafi skilið fyrirmæli þau, er hann hafi gefið honum um siglingu skipsins. Hafi Berg Nielsen oft áður, er hann var eigi

ánægður með skipanir hans, látið það í ljós við hann, en eigi man ákærði, að Nielsen endurtæki fyrirskipun hans í umrætt skipti. Telur ákærði, að Nielsen hafi skilið íslenzku sæmilega, enda hafi auðveldlega verið hægt að halda uppi samræðum við hann á íslenzku um algeng málefni. Eigi kveðst ákærði hafa orðið þess var, að Agli rauða væri siglt á tímabilinu frá 15.30 til 18.00 umræddan dag, eins og fram kemur í framburði Bergs Nielsens, er rakinn verður hér á eftir. Segir ákærði, að það hafi verið venja, að hann eða 1. stýrimaður væru látnir vita, ef skipinu var kippt upp undir skipin, er lágu undir Grænuhlíð. Telur ákærði, að hann hefði átt að verða þess var, hefði skipinu verið siglt á þessum tíma, þar sem hann hafi verið vakandi allan tímann. Hins vegar fullyrðir ákærði ekki, að skipinu hafi eigi verið siglt á þessum tíma, en hefði honum verið um það kunnugt, kveðst hann mundu hafa athugað betur aðstæður heldur en hann gerði, áður en hann gaf fyrirmæli um að sigla í stefnu NA. Eigi kveðst ákærði hafa séð ástæðu til að setja ratsjá skipsins í gang þau tvö skipti, sem hann kom upp á stjórnpall á greindu tímabili, þar sem skip hans hafi verið utan við skip þau, er lágu fyrir akkerum undir hlíðinni, og hann hafi vitað, hvar þau lágu. Ákærði kveður ratsjá skipsins hafa verið í lagi svo og legufæri þess, akkeri og keðjur og spil. Tveir dýptarmælar voru í skipinu, annar sjálfritari, og var hann í lagi. Eigi kveðst ákærði hafa sett dýptarmælinn í gang í umrætt skipti né heldur sagt Nielsen að gera það. Kveður hann Nielsen eigi hafa kunnað að fara með ratsjána, en hins vegar hafi hann nokkrum sinnum sýnt honum, hvernig setja ætti dýptarmælinn í gang. Kveður ákærði loftskeytamanninn hafa verið mjög hjálplegan þeim, er á stjórnpalli voru, við að setja ratsjá og dýptarmæli í gang, og hafi hann oftast haldið sig í klefa sínum, nema þegar hann mataðist.

Kristján Niels Peter Berg Nielsen háseti hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið upp á stjórnpall kl. 15.30 umræddan dag. Hafi skipið þá verið látið reka inn með Grænuhlíð. Hvorki skipstjóri né stýrimenn voru á stjórnpalli, er vitnið kom þangað. Hins vegar voru þar þrír Færeyingar, er vitnið man eigi nöfn á. Vitnið kveður 2. stýrimann hafa komið upp á stjórnpall, rétt eftir að vitnið kom þangað. Hafi hann mælt svo fyrir, að skipinu skyldi siglt í áttina til skipa, er nær landi lágu. Síðan hafi 2. stýrimaður farið af stjórnpalli. Vitnið kveðst hafa byrjað að láta sigla skipinu í átt til skipa þessara kl. 16.55, og hafi verið siglt í um það bil hálfa klukkustund með hægri ferð og í stefnu austur. Eftir þessa siglingu hafi Egill rauði verið kominn í grennd við greind skip.

Kveðst vitnið þá hafa látið stöðva vélina og skipið reka, en gengið hafi á með snjóéljum um þetta leyti. Vitnið kveður ákærða hafa komið á stjórnpall kl. um 18.00. Hafi hann hringt í vélsímann á hæga ferð áfram og sagt, að skipinu skyldi siglt í NA, en eigi hafi hann snúið sér til neins sérstaks á stjórnpalli með fyrirmæli þessi, en þá hafi verið þar auk ákærða og vitnisins Olavur Joensen, er var við stýrið, svo og annar Færeyingur, er vitnið man eigi, hvað hét. Eigi kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja í umrætt skipti, að kippa ætti Agli rauða að skipi eða skipsljósum, er væru í þessari stefnu. Kveðst vitnið ekkert ljós hafa séð í stefnu þessari eða nálægt henni, hvorki er ákærði gaf skipun um að sigla í þá stefnu né meðan á þeirri siglingu stóð. Vitnið kveðst hafa litið eftir því, að siglt væri í stefnu þá, er ákærði gaf upp, en ákærði hafi brugðið sér frá. Fullyrðir vitnið, að skipið hafi eigi farið hraðar en með hægri ferð. Eigi var vitninu ljóst, hvernig afstaða stefnunnar NA, er siglt var í, var, miðað við land, og eigi kveðst vitnið hafa gert sér grein fyrir því, hve lengi skipinu yrði siglt í stefnu þessa. Hafi það gert ráð fyrir, að ákærði kæmi fljótlega upp á stjórnpall aftur. Vitnið kveðst eigi hafa veitt því athygli, í hvaða átt skipið sneri, áður en byrjað var að sigla því í NA, og eigi hafi það gert sér grein fyrir því, að skipið væri nálægt landi, er sigling þessi hófst. Eigi lét vitnið þess getið við ákærða, að skipinu hefði verið siglt kl. 16.55, en er ákærði kom upp á stjórnpall kl. 18.00, kveðst vitnið hafa bent honum á skip þau, er legið hafi undir Grænuhlíð og sézt frá Agli rauða. Hafi skip þessi verið fyrir aftan Egil rauða þvert á bakborða. Eigi hefur ákærði viljað kannast við, að vitnið hafi vakið athygli hans á skipum þessum. Vitnið kveður skip þessi hafa verið þrjú, og hafi það fyrst veitt þeim athygli, áður en farið var að sigla Agli rauða í fyrra skiptið, og hafi sézt til þeirra fyrst framan af, eftir að byrjað var að sigla aftur rétt eftir kl. 18.00, en eigi treystir vitnið sér til að ákveða afstöðu þeirra þá til Egils rauða. Vitnið kveður framglugga á stjórnpalli hafa verið lokaða, en ein rúðan í þeim hafi snúizt. Hafi því eigi fest snjó á henni, og var horft út um hana. Þá hafi gluggi verið opinn stjórnborðsmegin á stjórnpalli. Vitnið gizkar á, að 20—25 mínútur hafi liðið, frá því að ákærði fór af stjórnpalli kl. 18.00 og til þess, er hann kom aftur. Hafi ákærði þá þegar hringt „stop" í vélsímann. Augnabliki eftir að ákærði kom upp á stjórnpall í umrætt skipti, kveðst vitnið hafa gengið út á brúarvænginn, og í þeim svifum hafi skipið tekið niðri. Telur vitnið, að nokkrar mínútur hafi liðið, frá því er skipið kenndi fyrst grunns og þar til það var alveg strandað, en getur eigi ákvarðað þann tíma ná-

kvæmlega. Vitnið kveðst hafa réttindi til að stjórna skipum af öllum stærðum, er fiskveiðar stunda, þó eigi fyrir sunnan 35. breiddarbaug. Kveður vitnið það oft hafa komið fyrir, að ákærði og stýrimenn fælu honum eftirlit á stjórnpalli í fjarveru þeirra. Vitnið kveðst eigi hafa kunnað að setja sjálfritandi dýptarmælinn í gang, en mælir þessi hafi venjulega verið notaður, og eigi hafi ákærði kennt honum það. Hins vegar hafi ákærði einu sinni sýnt vitninu, hvernig lesa ætti á dýptarmæli þenna, en þá hafi hann verið í gangi. Hinn dýptarmælinn kveðst vitnið hafa kunnað að fara með og sett hann í gang, er hann hóf að sigla skipinu í fyrra sinnið, en mælirinn hafi þá eigi sýnt neitt. Eigi kunni vitnið heldur að setja ratsjána í gang og veit eigi til þess, að hún hafi verið í gangi, er skipinu var siglt á tímabilinu frá kl. um 15.30 til 18.20 umræddan dag. Þá kveðst vitnið eigi þekkja vel ströndina á þessum slóðum.

Vitnið Olavur Joensen Skopen háseti kveðst hafa komið á stjórnpall kl. 15.30 umræddan dag ásamt Berg Nielsen. Eigi man vitnið, hverjir voru á stjórnpalli, er það kom þangað. Hafi skipið þá legið kyrrt, þó eigi við legufæri. Vitnið kveðst síðan hafa verið á stjórnpalli allt til þess, er skipið strandaði. Nokkru eftir að vitnið kom upp á stjórnpall, kveðst það hafa séð ljós frá þremur skipum á bakborða. Vitnið minnist þess, að 2. stýrimaður kæmi einu sinni upp á stjórnpall, en tók ekki eftir, að hann gæfi neinar sérstakar fyrirskipanir. Þá man vitnið, að þann tíma, er það var á stjórnpalli í umrætt skipti, var skipinu siglt tvisvar, og var vitnið við stýrið í bæði skiptin. Í fyrra skiptið hafi skipinu verið siglt í austur á hægri ferð (slow), en eigi getur vitnið um það sagt, hve lengi þá var siglt, en er siglingunni var hætt í þetta skipti, hafi ljósin á skipunum þremur verið nálægt og á bakborða. Vitnið kveðst eigi vita, hver gefið hafi fyrirmæli um þessa siglingu, en heldur, að það hafi verið ákærði. Vitnið man, að ákærði kom á stjórnpall um kl. 18.00. Hafi hann þá hringt í vélsímann á hæga ferð áfram og mælt svo fyrir, að skipinu skyldi siglt í NA, og nefnt í því sambandi ljós framundan í þeirri stefnu.

Eigi rekur vitnið minni til, að ákærði kvæði á um, að siglingunni skyldi hætt, er komið væri að ljósi þessu. Vitnið kveðst eigi hafa séð ljós þetta fyrst, er siglingin hófst, það hafi séð ljós dálitla stund, meðan siglt var, en misst fljótlega sjónar af því aftur. Hafi ljós þetta eigi sézt beint framundan, en vitnið minnir, að það hafi verið heldur á bakborða. Er vitni þetta kom fyrir dóm aftur nokkrum dögum síðar, breytti það fyrri framburði sínum um þetta atriði. Kvaðst vitnið þá eigi muna, hvort ákærði minnt-

ist á skipsljós í stefnu NA, er hann gaf þá stefnu, en vitnið telur öruggt, að það hafi siglt í stefnu þessa. Vitnið man ekki eftir því, að ákærði sneri sér til neins sérstaks á stjórnpalli, er hann gaf fyrirmæli um siglingu skipsins í umrætt skipti. Hann hafi einungis gefið upp stefnuna, er siglt skyldi í. Er skipinu var siglt í síðara skiptið, kveðst vitnið hafa séð skipsljós til bakborða, er siglingin hófst, en áður en skipinu hafði verið snúið í stefnuna NA. Eftir það hafi það engin ljós séð.

Vitnið Jens Evald Viderö háseti kveðst hafa komið á stjórnpall ásamt þeim B. Nielsen og O. Joensen um kl. 15.30 umræddan dag og verið þar stöðugt, til þess er skipið strandaði. Vitnið kveðst muna, að skipinu hafi tvisvar verið siglt á þessum tíma. Telur vitnið, að í fyrra skiptið hafi því verið siglt í um það bil hálfa klukkustund í stefnu austur og að einhverju leyti í áttina til tveggja skipa, er vitnið hafi tekið eftir á bakborða, en eigi treystist vitnið til að segja um afstöðu skipa þessara til Egils rauða, er þessari fyrri siglingu var hætt. Eigi man vitni þetta, hvort ákærði eða stýrimenn hafi komið á stjórnpall á tímabilinu, frá því að vitnið kom þangað og þar til umræddri siglingu lauk, og það kveðst eigi vita, hver gefið hafi fyrirmæli um hana, né veitt því athygli, hver gaf merki í vélsímann um siglinguna. Vitnið kveðst eigi muna, hvað klukkan var, er ákærði kom upp á stjórnpall, en hann hafi þá gefið þau fyrirmæli, að sigla skyldi upp að skipunum. Framburð sinn um þetta atriði leiðrétti vitnið þegar og kvað nú ákærða hafa gefið fyrirmæli um að sigla í stefnu NA. Vitnið kveðst eigi minnast þess, að ákærði segði, að siglt skyldi að skipsljósum eða ljósi í stefnu þessari. Kveðst vitnið ekkert ljós hafa séð í stefnu þessari, en skipsljós hafi það hins vegar séð allt að því þvert á bakborða, að það telur. Vitnið kveður ákærða hafa gefið merki í vélsímann, er sigling þessi hófst, en eigi hafi það heyrt hann hafa orð á því, hve lengi skyldi siglt í NA. Telur vitnið, að siglt hafi verið á hægri ferð (slow). Vitnið kveður ákærða hafa yfirgefið stjórnpall, er hann hafði stillt vélsímann og gefið fyrirmæli þessi. Eigi man vitnið, hve lengi hann var burtu, en hann hafi komið fljótlega aftur. Minnir vitnið, að strax og ákærði kom á stjórnpall aftur, hafi hann hringt í vélsímann á „stopp" og farið inn í kortaklefann að því loknu. Vitnið kveður skipið hafa tekið niðri, svo að segja þegar eftir að ákærði kom á stjórnpall. Vitnið kveðst þegar hafa farið af stjórnpalli, er skipið kenndi grunns, en man eigi, hvort þeir Nielsen og Joensen fóru þá einnig þaðan.

Vitnið Pétur Hafsteinn Sigurðsson 2. stýrimaður hefur skýrt

svo frá, að er eigi var verið að veiðum, en skipið úti í sjó, hafi það átt að vera á verði sex tíma á sólarhring, oftast frá kl. 0.30 til 6.30. Öðrum vöktum sólarhringsins hafi verið skipt á milli þriggja Færeyinga, er verið hafi „vaktformenn", hver á sinni vakt. Svo hafi og verið umræddan dag. Vitnið segir, að ávallt, er skipið var að veiðum, hafi ýmist ákærði eða 1. stýrimaður verið á stjórnpalli, og oft hafi 1. stýrimaður verið á verði á stjórnpalli, enda þótt skipið væri eigi að veiðum. Vitnið kveðst minnast þess, að það hafi einu sinni komið á stjórnpall, eftir að Nielsen tók við vaktformennsku umræddan dag. Kveðst vitnið hafa farið inn í loftskeytaklefann, og hafi Nielsen komið þangað og sagt í spurnartón: „Förum við ekki að skipunum?" Hafi hann þar átt við skip, er verið hafi landmegin við Egil rauða undir Grænuhlíð. Minnir vitnið, að það hafi jánkað þessu. Kveðst það skömmu síðar hafa farið aftur í skipið og eigi veitt því athygli, hvort skipinu hafi verið siglt eftir þetta. Vitnið segir, að er það kom úr káetu sinni, eftir að skipið hafði tekið niðri, hafi ekki verið snjókoma, en vitnið minnir, að skyggni hafi verið lélegt.

Vitnið Einar Baldvin Hólm Friðbjarnarson 2. vélstjóri kveðst hafa verið á verði í vélarrúmi frá kl. 12.30 til 18.30 umræddan dag. Vitnið minnist þess, að það hafi að minnsta kosti einu sinni skroppið upp í matsal fyrir kl. 18.00, en verið geti, að það hafi skroppið oftar upp, en man eigi nánar, á hvaða tíma það hafi verið. Vitnið kveður skipinu eigi hafa verið siglt á tímabilinu frá því um kl. 15.30 til kl. um 18.00, meðan það var niðri, en vel geti verið, að því hafi verið siglt á hægri ferð, meðan vitnið var uppi. Eigi sé auðvelt að veita því athygli, þar eð aftari ljósavél hafi verið í gangi. Þá sé hugsanlegt, að hurð í borðsal hafi verið lokuð, en vitnið kveðst hafa veitt því athygli áður, að ekki heyrðist í borðsalnum, þótt vélin væri látin ganga með hægri ferð, ef hurðin var lokuð. Vitnið kveðst vera visst um það, að vélin hafi verið sett á hæga ferð, er hringt var frá stjórnpalli kl. 18.00 á hæga ferð áfram, og enn fremur, að vélin hafi verið stillt á hæga ferð allan tímann, sem siglt var í umrætt skipti. Sé stillt á hæga ferð, meðan vélin er köld, geti hún aukið eitthvað við sig, er hún hitnar. Í umrætt skipti hafi vélinni verið haldið nokkuð heitri, svo að hún hafi ekki getað aukið nema óverulega við sig. Í skýrslu, er lögð var fram við sjóferðapróf út af strandinu, undirritaðri af vitninu og Guðmundi I. Bjarnasyni 1. vélstjóra, er var á verði í vélarrúmi kl. 6.30—12.30 umræddan dag, segir svo orðrétt m. a.: „Haldið við þrýstingi á katli, dælt frá austurrúmum, vélin stöðvuð kl. 14.35. Látið reka og vélinni haldið heitri til kl.

18.00. Þá hringt á hæga ferð. Stöðvuð kl. 18.20. Litlu síðar tók skipið niðri, og þá hringt á fulla ferð aftur á bak, stóð á því ca 2 mínútur. Tók þá skipið hart niðri og hallaðist þá mikið á stb. Því næst var hringt á fulla ferð áfram ..."

Vitnið Guðjón Marteinsson 1. stýrimaður hefur skýrt svo frá, að það hafi eigi orðið þess vart, að skipinu væri siglt á tímabilinu frá kl. 15.30 til 18.00 umræddan dag, en eigi man vitnið, hvar það hélt sig í skipinu á þeim tíma.

Er sjóslys það varð, er í máli þessu greinir, átti ákærði varðstöðu á stjórnpalli, eða nánar tilgreint frá kl. 12.30 til 18.30. Allan þenna tíma kom ákærði einungis þrisvar á stjórnpall og sýnist hafa átt þar skamma viðdvöl hverju sinni. Hins vegar fól hann einum hásetanum, færeyskum manni, stjórn skipsins í fjarveru sinni af stjórnpalli, enda þótt honum bæri að sjá um, að annar þeirra tveggja stýrimanna, er skráðir voru á skipið, væru ávallt á stjórnpalli, er hann var þar eigi sjálfur. Maður sá, er hér um ræðir, hafði að vísu erlend réttindi til stjórnar skipum á stærð við Egil rauða, en að sjálfs hans sögn var hann lítt kunnugur á þessum slóðum og kunni hvorki að fara með ratsjá skipsins né dýptarmæli þann, sem í lagi var. Var því hvorugt þessara tækja notað í umrætt skipti, enda þótt notkun þeirra væri sjálfsögð og nauðsynleg öryggisráðstöfun, eins og á stóð, þar sem skipið var nálægt landi, myrkur á og skyggni eigi gott, en ströndin grýtt og víða hættuleg á þessum slóðum. Ákærða bar að kynna sér rækilega, hver hafði verið sigling skipsins og hver fararstaður þess, er hann gaf fyrirmæli um siglinguna kl. 18.00. Hins vegar er ósannað, hver nánari fyrirmæli ákærði kann að hafa gefið um þá siglingu önnur en þau, að siglt skyldi í stefnu NA, en mikils ósamræmis gætir í framburði ákærða og Færeyinga þeirra, er á stjórnpalli voru, um það atriði.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að mjög hefur á það skort, að ákærði rækti á viðhlítandi hátt skyldur þær, sem á honum hvíldu sem skipstjóra, en með vanrækslu þessari varð ákærði valdur að fyrrnefndu strandi. Hefur ákærði vegna þeirra afleiðinga, sem af þessari vanrækslu hans urðu, brotið gegn ákvæðum 261. gr. laga nr. 56/1914 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber samkvæmt 264. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, að svipta ákærða skipstjóra- og stýrimannsréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar,

þar með talinna málssóknarlauna skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hrl., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2500.00 til hvors.

Dóm þenna kvað upp Einar Arnalds, formaður dómsins, ásamt samdómendunum Hafsteini Bergþórssyni útgerðarstjóra, Pétri Björnssyni skipstjóra og sjómönnunum Jóni Ármannssyni og Jóni Ó. Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 8/1954. **Aðalsteinn Guðnason** (Ragnar Jónsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður E. Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1954 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aðalsteinn Guðnason, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Aðalsteinn Guðnason, fyrrverandi flugumferðarstjóri, Bólstaðahlíð 8, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. júní 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar, að fjárhæð kr. 500.000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega málflutningi breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 120.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að stefnandi starfaði um alllangt skeið sem flugumferðarstjóri á Reykjavíkurflugvelli. Svo virðist sem ráðning hans hafi framan af verið munnleg og nokkuð óákveðin. Á árinu 1947 virðast hafa hafizt umræður milli yfirmanna flugmálaþjónustunnar og stefnanda og annarra flugumferðarstjóra um kaup þeirra og kjör í framtíðinni. Með bréfi, dags. 16. október 1947, sem stílað er til flugmálastjóra, lýsa flugumferðarstjórarnir kröfum sínum, og er einn þáttur þeirra sá, að þeir fái skipunarbréf til starfans. Eftir þetta hófust samningaumleitanir milli yfirmanna flugmálaþjónustunnar og flugumferðarstjóranna um kaup

og kjör hinna síðargreindu. Af hendi flugmálaþjónustunnar virðast þeir aðallega hafa tekið þátt í samningum þáverandi flugmálastjóri og formaður Flugráðs. Svo virðist sem samkomulag hafi náðst með aðiljum. Þann 26. febrúar 1948 gaf samgöngumálaráðherra, en undir hann heyra flugmál, út ráðningarbréf til stefnanda og nokkurra annarra flugumferðarstjóra. Í upphafi bréfs stefnanda segir svo: „Hér með eruð þér, herra flugumferðarstjóri, skipaður til þess að vera flugumferðarstjóri við flugumferðarmiðstöðina á Reykjavíkurflugvelli frá 1. marz þ. á. að telja". Síðar í bréfi þessu segir: „Uppsagnarfrestur skal vera 6 mánuðir af beggja hálfu". Stefnandi hreyfði engum athugasemdum við þessum ákvæðum og hélt síðan áfram störfum sínum um nokkurra ára skeið. Þann 24. nóvember 1951 ritaði þáverandi samgöngumálaráðherra stefnanda bréf. Í bréfi þessu er stefnanda sagt upp starfi frá 1. desember 1951 að telja. Jafnframt var honum tilkynnt, að honum yrðu greidd fyrirfram 6 mánaða laun. Hætti stefnandi því störfum þann 1. desember 1951, og voru honum þá greidd laun fyrir næstu sex mánuði.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að uppsögn þessi hafi verið ólögmæt. Heldur hann því fram, að í ársbyrjun 1948 hafi ekki verið vitað, hvernig myndi verða með fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni til að standa straum af rekstri flugumferðarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Ljóst hafi verið, að íslenzka ríkið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að reka flugumferðarmiðstöð þessa, nema mjög verulegur styrkur kæmi frá öðrum aðiljum. Við samningsumræðurnar hafi formaður Flugráðs skýrt frá því, að nauðsynlegt myndi verða að fækka mjög verulega starfsmönnum við flugumferðarstjórnina, ef fjárframlag frá Alþjóðaflugmálastjórninni yrði fellt niður eða skert verulega. Af þeim ástæðum hafi flugumferðarstjórarnir fallizt á, að um uppsögn gæti verið að ræða og að uppsagnarfrestur yrði sex mánuðir. Það hafi hins vegar verið fastákveðið, að uppsögn kæmi ekki til, nema af fyrrgreindum ástæðum. Með hliðsjón af þessu hafi þeir verið skipaðir til starfans. Hefur stefnandi haldið því fram, að með því að kalla þá flugumferðarstjórana skipaða hafi forráðamenn ríkisins skuldbundið sig til að segja þeim ekki upp starfanum, meðan þeir brytu ekki af sér í starfi og meðan fjárframlögin frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrðu ekki skert eða felld niður. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að sumarið 1948 hafi verið ráðnir nokkrir aðstoðarflugumferðarstjórar. Þeir hafi verið ráðnir til starfans með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, og hafi ráðningarbréf þeirra verið undirritað af flug-

málastjóra. Það hljóti að vera ljóst, að einhver munur eigi að vera á réttarstöðu þessara tveggja starfsmannahópa, flugumferðarstjóranna með skipunarbréfi og aðstoðarflugumferðarstjóranna, sem séu ráðnir. Sá ríkisstarfsmaður, sem skipaður sé til starfa, megi treysta því, að hann haldi starfi sínu, á meðan hann hafi heilsu til, meðan hann er undir aldurshámarki opinberra starfsmanna og meðan hann brýtur ekki af sér. Þeir flugumferðarstjórarnir hafi hins vegar skuldbundið sig til að hlýta uppsögn, ef fyrrgreind fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrðu skert eða felld niður. Ekkert af þessu hafi komið fram, að því er stefnanda varðar. Hann hafi fulla heilsu til að gegna starfi sínu, hafi enn ekki náð aldurshámarki opinberra starfsmanna, ómótmælt sé, að hann hafi gegnt starfi sínu óaðfinnanlega, og fjárframlögin frá Alþjóðaflugmálastofnuninni hafi frekar hækkað heldur en hitt frá þeim tíma, að samningar þessir áttu sér stað. Nú hafi honum verið sagt upp, án þess að nokkur ástæða hafi verið tilgreind. Slíkt hafi verið óheimilt, og beri stefnda því að bæta allt það tjón, sem af þessu hafi hlotizt fyrir hann.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt samningum þeim, sem gerðir hafa verið við stefnanda og að framan hefur verið lýst, hafi svo verið um samið, að honum mætti segja upp með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það hafi verið gert, stefnandi hafi fengið þann 6 mánaða uppsagnarfrest, sem tilskilinn hafi verið, og frekari kröfur geti hann ekki gert í þessu sambandi. Hefur stefndi mótmælt því, að það hafi verið ákveðið við samningana, að uppsagnarákvæðinu skyldi aðeins beitt, ef fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni félli niður eða yrði lækkað að mun. Ástæðan til þess, að sumir flugumferðarstjórarnir hafi verið taldir ráðnir, en aðrir skipaðir, hafi aðeins verið sú, að hinir síðargreindu hafi átt að fá hærri laun. Réttaraðstaða beggja hafi hins vegar átt að vera hin sama. Stefnandi geti engan rétt byggt á þessu orðalagi, sem að vísu megi segja, að sé ónákvæmt, en almennt sé viðurkennt, að þeir einir séu taldir skipaðir til starfa, sem ráðnir séu, án þess að um nokkurn uppsagnarfrest sé að ræða. Hefur stefndi í þessu sambandi bent á, að uppsagnarákvæðið sé gagnkvæmt. Þá hefur stefndi bent á, að ekki skipti máli, hvað hafi verið rætt um við samkomulagsumleitanirnar, þar sem endanleg ákvörðun þessara mála lúti ráðherra samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 65 frá 1947 og hann einn geti bundið ríkissjóð að þessu leyti.

Flugumferðarstjórar þeir, sem ráðnir voru til starfa um leið og stefnandi og með sömu kjörum, hafa lýst yfir því fyrir dómi, að

svo hafi verið um talað og gert ráð fyrir, að uppsagnarákvæðið í samningunum kæmi aðeins til framkvæmda, ef fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni yrði skert að mun. Um þetta hafi verið talað í samningsumleitununum við formann Flugráðs, og hafi hann ekkert haft við þenna skilning að athuga. Yfirflugumferðarstjórinn, sem virðist aðallega hafa komið fram fyrir hönd samstarfsmanna sinna, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í umræðunum við formann Flugráðs hafi formaðurinn beint tekið fram, að uppsagnarákvæðinu myndi því aðeins beitt, ef fækka þyrfti flugumferðarstjórum vegna ónógs fjárframlags frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það hafi því alltaf verið við það miðað í samningsumleitununum. Formaður Flugráðs hefur skýrt svo frá, að það hafi verið ósk flugumferðarstjóranna, að uppsögn yrði bundin því, að fjárframlag félli niður frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, en á þessum tíma hafi verið nokkur vafi á, hvernig færi um framlög þessi í framtíðinni. Þá hefur formaðurinn borið, að hann hafi verið á fundi með þáverandi samgöngumálaráðherra, sem hafi haft flugmál með höndum. Á fundi þessum hafi einnig verið einhverjir forsvarsmenn flugumferðarstjóranna, og hafi þá komið fram ósk um það, að uppsagnarákvæðið yrði skilyrt, eins og að framan getur. Á þetta hafi hins vegar ekki verið fallizt. Hins vegar hefur formaðurinn lýst því yfir, að það hafi verið hans persónulega skoðun, að uppsagnarákvæðinu yrði því aðeins beitt, að fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni féllu niður eða rýrnuðu að mun. Fyrrverandi flugmálastjóri kveðst hafa tekið þátt í samningsumleitunum þessum. Hann kveðst hafa gert uppköst bæði að skipunarbréfunum og ráðningarsamningunum, og muni uppköst þessi hafa verið lögð til grundvallar óbreytt. Hafi hann talið, að uppsagnarákvæðið tæki aðeins til þess, ef fækka þyrfti mönnum verulega vegna ónógra fjárframlaga frá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Fram hefur komið í málinu, að það voru formaður og ritari Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem mættu af hálfu flugumferðarstjóranna á fundi þeim hjá ráðherra þeim, sem með flugmál fór, sem áður hefur verið rætt um. Í gerðabók stjórnar bandalagsins er talið, að þetta hafi verið þann 31. janúar 1948, og tekið fram, að samkomulag hafi náðst um kaup og kjör flugumferðarstjóranna. Er þar tekið fram, að fimm flugumferðarstjórar skuli fá skipun fyrir starfi sínu með sex mánaða uppsagnarfresti. Þá er þess getið, að fulltrúar flugvallarstarfsmanna hafi lýst sig samþykka þessu. Fyrrgreindur yfirflugumferðarstjóri hefur lýst því yfir, að hann hafi verið á fundi með stjórn

Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, eftir að rætt hafi verið við ráðherrann. Hafi stjórnin þá skýrt frá því samkomulagi, sem náðst hafi. Kveðst yfirflugumferðarstjórinn þá hafa spurt að því, hvort uppsagnarákvæði það, sem um var talað, myndi rýra gildi skipunarbréfsins sem venjulegs skipunarbréfs. Formaður bandalagsins hafi þá talið, að svo myndi ekki vera. Hafi því ekki verið meira um þetta rætt. Ráðherra sá, sem hafði flugmál með höndum á þessum tíma, hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki til, að nokkur fyrirvari væri gerður um það, að uppsagnarákvæðinu mætti ekki beita, nema Alþjóðaflugmálastofnunin kippti að sér hendinni um greiðslur vegna flugumferðarstjórnarinnar á Norður-Atlantshafi. Þá hefur ráðherrann talið ólíklegt, að slíkt skilyrði myndi hafa verið samþykkt.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið í máli þessu um samningana við flugumferðarstjórana. Telja verður ljóst, að flugumferðarstjórarnir, þar á meðal stefnandi, hafi álitið, að uppsagnarákvæðinu yrði ekki beitt, nema fjárframlagið frá Alþjóðaflugmálastofnuninni minnkaði að mun eða félli alveg niður. Af öllu er ljóst, að endanleg ákvörðun um kaup og kjör flugumferðarstjóranna hefur verið tekin fyrir á fundi þeim hjá ráðherra, sem áður getur, enda kemur fram, að þar hafa verið rædd ýmis atriði, sem eigi hafði náðst samkomulag um áður. Ósannað er, að á fundi þessum hafi ráðherrann samþykkt, að margnefnt uppsagnarákvæði skyldi vera skilyrt, enda bendir bókun stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til hins gagnstæða. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi tók athugasemdalaust við ráðningarsamningi sínum, þar sem óskilyrt var uppsagnarákvæðið, þá verður eigi talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að svo hafi verið um samið, að uppsagnarákvæðinu skyldi því aðeins beitt, ef fjárframlög frá Alþjóðaflugmálastofnuninni lækkuðu eða féllu niður, enda breytir það ekki uppsagnarákvæðinu, þótt ráðningarbréf stefnanda sé svo orðað, að hann sé skipaður. Þar sem uppsagnarfrestur samkvæmt framansögðu var af hálfu beggja aðilja ákveðinn sex mánuðir, var hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp samningnum með þeim fyrirvara og án þess að greina ástæður.

Með vísan til þessa þykir verða að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Aðalsteins Guðnasonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 30/1956. **Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar**

gegn

Ingólfi G. S. Esphólín.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. f. m., er barst Hæstarétti 27. s. m. Hann krefst þess, að gagnsök í aðalmálinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Er varnaraðili höfðaði gagnsök í héraði, hafði aðalmálið velkzt fyrir héraðsdómi nærfellt tvö ár. Samkvæmt meginreglum laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð og ákvæðum þeirra laga um fresti, sbr. 2. mgr. 70. gr., 110. gr. og 111. gr., þykir varnaraðili að svo vöxnu máli eigi mega koma gagnsökinni fram. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Gagnsök í héraði í máli sóknaraðilja, Sæmundar Ólafssonar f. h. eigenda b/v Sigurðar Stefánssonar, gegn varnaraðilja, Ingólfi G. S. Espóhlín, er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 23. f. m., hefur Sæmundur útgerðarmaður Ólafsson á Bíldudal f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar s. st. höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Esphólín forstjóra, Héðinshöfða, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 72.916.35, með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Með stefnu, út gefinni 19. september 1955, hefur hann höfðað gagnsök og gert þær kröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 72.916.35 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1953 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Krefst gagnstefnandi þess, að gagnkröfunni verði skuldajafnað við kröfur aðalsakar, að því leyti sem þær síðarnefndu kunna að teljast réttar, en sjálfstæðs dóms krefst hann um mismuninn.

Gagnstefndi hefur aðallega krafizt þess, að gagnsökinni verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann algerrar sýknu. Málskostnaðar að mati dómsins krefst hann, hvernig sem málið fer.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á yfirlitsreikningi frá Frystihúsinu á Bíldudal um viðskipti m/b Sigurðar Stefánssonar til 9. júní 1953, en reikningur þessi sýnir inneign bátsins, að fjárhæð kr. 122.916.35. Áður en mál þetta var höfðað, greiddi aðalstefndi kr. 50.000.00, en málið er höfðað til heimtu á mismuninum.

Krafa aðalstefnda um sýknu var byggð á gagnkröfum, er hann taldi sig eiga á hendur eigendum m/b Sigurðar Stefánssonar og Sæmundi Ólafssyni. Allar sömu kröfurnar hefur hann uppi í gagnsökinni, ýmist til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms. Kröfurnar eru þessar:

1.	Fyrir geymslu á beitu, loðnu og síld árið 1953	kr.	4.842.00
2.	Fyrir geymslu á beitu árið 1952	—	4.500.00
3.	Fyrir frystingu á kolkrabba til 19/10 1953 ..	—	892.00
4.	Helmingur tveggja fjárhæða, greiddra vegna Sæmundar Ólafssonar	—	32.074.58
5.	Helmingur af skuld Sæmundar Ólafssonar vegna gjaldeyrisfríðinda	—	24.801.00
6.	Hluti af skuld Sæmundar Ólafssonar fyrir hráefni í fiskimjöl	—	5.806.77
		Alls kr.	72.916.35

Málið var flutt, að því er varðar frávísunarkröfu gagnstefnda, og tekið til dóms eða úrskurðar 23. f. m.

Gagnstefndi byggir kröfu sína um frávísun gagnsakar á því, að hún sé höfðuð of löngum tíma eftir þingfestingu aðalsakar. Telur hann, að ákvæði 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85 frá 1936 leiði til frávísunar gagnsakar, þar eð drátturinn á höfðun hennar stafi eingöngu af vanrækslu gagnstefnanda að þessu leyti.

Gagnstefnandi hefur eindregið mótmælt frávísunarkröfunni. Bendir hann á það, að í 49. gr. laga nr. 85 frá 1936 séu engir frestir settir um höfðun gagnsakar, á meðan aðalsök er rekin fyrir dómi, og telur, að fyrrnefnd ákvæði 70. gr. sömu laga eigi aðeins við um höfðun framhaldssakar (eða framhaldsgagnsakar).

Einkamálalögin geyma engin almenn ákvæði um það, hversu fljótt eftir þingfestingu aðalsakar beri að höfða gagnsök, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu. Framangreind rök gagnstefnda leiða því ekki til frávísunar gagnsakar, og þar eð ekki eru í ljós leidd önnur rök, er styðja frávísunarkröfu hans, verður hún ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður látin bíða efnisdóms í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa um vísun gagnsakar frá dómi verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 112/1955. **Jón Lárusson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Hjörleifi Jónssyni og gagnsök
(Jón Bjarnason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Theódór B. Líndal.

Riftun kaupsamnings um fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1955 og gert þær dómkröfur: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, að kaupum samkvæmt kaupsamningi aðilja 6. febrúar 1954 verði riftað, aðallega án frekari endurgreiðslu, en til vara gegn endurgreiðslu eftir mati Hæstaréttar, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 28. nóvember 1955 áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. og gert þessar dómkröfur:

I. Að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda.

II. 1. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að gefa honum afsal fyrir efri hæð og risi hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, Reykjavík, og taki afsalið yfir afnot af þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara, lóðarréttindi, umgangsrétt um kjallaraganga og ytri ganga hússins, allt í réttu hlutfalli við aðra eigendur þess. Gegn afsalinu afhendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda:

a) handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 19.000.00, er ber 7% ársvexti og tryggt með 3. veðrétti í húsinu nr. 39 við Skipasund, Reykjavík, en bréf þetta gaf Óskar Ólafsson út hinn 1. marz 1954, og var það upphaflega að fjárhæð kr. 21.133.28 og skyldi greitt með jöfnum

árlegum afborgunum á 10 árum með gjalddaga 1. marz ár hvert, í fyrsta sinn hinn 1. marz 1955.

b) Handhafaskuldabréf, er sé út gefið af gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 15.000.00, beri 7% ársvexti og sé tryggt með 3. veðrétti í framangreindum eignarhluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð. Bréfið greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum með gjalddögum 15. október ár hvert, þannig að fyrsti gjalddagi sé talinn 15. október 1955.

2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að viðlögðum 100 króna dagsektum til gagnáfrýjanda að láta afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 79.000.00, en með bréfi þessu, dags. 4. júní 1953, er framangreindur eignarhluti hússins nr. 14 við Mjóuhlíð veðsettur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1. veðrétti.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda samningsbætur, kr. 5900.00, með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1954 til greiðsludags.

4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með kaupsamningi 6. febrúar 1954 seldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda efri hæð og ris hússins nr. 14 við Mjóuhlíð í Reykjavík ásamt afnotum hússins, sem nánar eru greind í kaupsamningnum. Gagnáfrýjandi skyldi inna kaupverðið þannig af hendi:

1.	Greiða við undirskrift samnings	kr.	55.000.00
2.	Greiða hinn 1. marz 1954	—	25.000.00
3.	Taka að sér greiðslu skuldar samkvæmt handhafaskuldabréfi, út gefnu 11. júlí 1952, en skuld þessi, sem tryggð er með 2. veðrétti í framangreindum hluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, var að eftirstöðvum	—	64.166.67
4.	Greiða hinn 4. júní 1954	—	6.179.93
5.	Greiða, þá er hann hefði selt bifreið sína, en þó eigi síðar en 15. júní 1954	—	25.000.00
6.	Afhenda aðaláfrýjanda handhafaskuldabréf, er beri 7% ársvexti og sé tryggt		

með 3. veðrétti í hluta húseignarinnar nr. 39 við Skipasund í Reykjavík, að fjárhæð ..... — 19.000.00

7. Gefa út handhafaskuldabréf, að nafnverði kr. 15.000.00, er bera skyldi 7% ársvexti og vera tryggt með 3. veðrétti í hinum selda húshluta, en bréfið skyldi aðaláfrýjandi fá á gengi 80 ..... — 12.000.00

8. Greiða við útgáfu afsals ..... — 29.653.40

Alls kr. 236.000.00

Gagnáfrýjandi skyldi fá hinn selda húshluta til afnota hinn 1. marz 1954, og mun hann hafa flutzt í húsið einhvern hinna fyrstu daga þess mánaðar. En afsal skyldi gefið út eigi síðar en hinn 15. október 1954, og átti aðaláfrýjandi þá að hafa aflýst veðskuld, að fjárhæð kr. 79.000.00, sem hvíldi á húseigninni með 1. veðrétti. Loks var svo kveðið á í kaupsamningnum, að hvor samningsaðilja gæti vegna vanefnda gagnaðilja rift samningnum eða krafizt bóta, eitt hundrað króna á dag, unz úr yrði bætt, og yrði samningnum riftað, skyldi sá, er vanefndi, greiða gagnaðiljanum kr. 15.000.00 bætur.

Aðaláfrýjandi reisir dómkröfur sínar um riftun og skaðabætur á vanefndum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi greiddi við undirskrift kaupsamningsins kr. 55.000.00. Hinn 6. marz 1954 greiddi hann kr. 25.000.00 og fékk fyrirvaralausa kvittun fyrir þeirri greiðslu.

Greiðsluna samkvæmt 4. tl. kaupsamningsins, kr. 6.179.93, átti hann að nota til greiðslu afborgunar og vaxta á láni aðaláfrýjanda hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og var gjalddagi þeirra hinn 4. júní 1954. Gagnáfrýjandi innti eigi þá greiðslu af hendi á þeim degi, og stóð aðaláfrýjandi því sjálfur Lífeyrissjóðnum skil á greiðslunni. Gagnáfrýjandi telur, að aðaláfrýjandi hafi fallizt á, að dragast mætti, að gagnáfrýjandi innti greiðslu þessa af hendi, unz afsal fyrir hinum selda húshluta væri gefið út, en aðaláfrýjandi skýrir svo frá, að gagnáfrýjandi hafi hinn 7. júní 1954 tjáð sér, að hann gæti eigi greitt, og hafi hann, þ. e. aðaláfrýjandi, þá

samþykkt, „að þessi greiðsla mætti bíða fyrst um sinn", en hann viðurkennir eigi, að hann hafi veitt svo langan greiðslufrest sem gagnáfrýjandi telur, og er það því ósannað.

Gagnáfrýjandi hafði eigi hinn 15. júní 1954 innt af hendi greiðslu samkvæmt 5. tl. kaupsamningsins, kr. 25.000.00. Hafði hann þá eigi enn selt bifreið sína, og heldur hann því fram, að aðaláfrýjandi hafi veitt honum frest á þessari greiðslu, unz viðgerð á bifreiðinni hefði fram farið og hún verið seld. Aðaláfrýjandi neitar því, að hann hafi veitt slíkan gjaldfrest. Hann segist að vísu hafa veitt nokkurn gjaldfrest, en hins vegar krafið gagnáfrýjanda bæði 13. júlí og 20. ágúst 1954. Gagnáfrýjandi bauð þessa greiðslu eigi fram fyrr en 20. september það ár. Samkvæmt kaupsamningnum var gjalddagi þessarar greiðslu 15. júní 1954. Hefur gagnáfrýjanda eigi tekizt að sanna, að aðaláfrýjandi hafi veitt lengri gjaldfrest en hann viðurkennir.

Samkvæmt 3. tl. kaupsamnings aðilja tók gagnáfrýjandi að sér greiðslu á handhafaskuldabréfi, að eftirstöðvum kr. 64.166.67, og var gjalddagi afborgana og vaxta ákveðinn 11. júlí ár hvert. Í bréfinu segir, að öll skuldin sé fallin í gjalddaga án fyrirvara, ef eigi er staðið í skilum um greiðslu afborgana og vaxta á nákvæmlega tilteknum gjalddögum, og er skuldareiganda þá rétt að ganga að veðinu. Gegn neitun gagnáfrýjanda er eigi sannað, að hann hafi fengið vitneskju um handhafa bréfsins fyrr en um mánaðamótin ágúst-september 1954, og verður honum því eigi kennt um greiðsludrátt á afborgunum og vöxtum 1954 fram til þess tíma. Gagnáfrýjandi innti þessar greiðslur af hendi 1. október 1954. Telur hann, að handhafi bréfsins hafi veitt honum greiðslufrest til þess dags, en gegn neitun handhafans er þessi staðhæfing gagnáfrýjanda ósönnuð.

Með bréfi, dags. 2. september 1954, riftaði aðaláfrýjandi kaupsamningi aðilja um nefnd húsakaup, og eru eigi að því leiddar sönnur, að aðaláfrýjandi hafi horfið síðar frá riftun samningsins.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, varð mikilvægur dráttur á því, að gagnáfrýjandi stæði í skilum um greiðslur þær, er greinir í 3.—5. tl. kaupsamnings aðilja, og er ósannað,

að sá greiðsludráttur hafi verið samþykktur af þeim, er í hlut áttu. Þessi vanskil veittu aðaláfrýjanda heimild til að rifta samningi aðilja, og verður því að taka kröfu aðaláfrýjanda um riftun til greina gegn því, að hann endurgreiði fjárhæðir þær, sem gagnáfrýjandi hefur innt af hendi vegna viðskiptanna, þ. e. greiðslur samkvæmt 1. og 2. tl. kaupsamningsins ..... kr. 80.000.00
og greiðslur samkvæmt 3. tl. árin 1954 og 1955 ..... — 11.666.68

Alls kr. 91.666.68

En frá þeirri fjárhæð dragast samningsbætur, sem færðar eru niður samkvæmt 35. gr. laga nr. 7/1936, þar sem aðaláfrýjandi hagnast á riftun samningsins vegna verðhækkunar á fasteignum ..... — 5.000.00

Mismunur kr. 86.666.68

Aðaláfrýjandi hefur enn krafizt skaðabóta vegna setu gagnáfrýjanda í húsnæði því, sem kaupsamningur aðilja tók til, en eigi þykir efni vera til að taka þessa kröfu til greina auk samningsbóta.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Tekin er til greina krafa aðaláfrýjanda, Jóns Lárussonar, um riftun á kaupsamningi hans og gagnáfrýjanda, Hjörleifs Jónssonar, dags. 6. febrúar 1954, um framangreindan hluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, Reykjavík, gegn því, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 86.666.68.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Hjörleifur Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður, Mjóuhlíð 14, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. desember 1954, á hendur Jóni Lárussyni loftskeytamanni, Eskihlíð 14, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur í aðalsök:

1. Að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að gefa stefnanda afsal fyrir efri hæð og risi hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, hér í bænum, svo og fyrir hlutfallslegum afnotum við aðra eigendur hússins af þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara og lóðarréttindum og enn fremur nauðsynlegum umgangsrétti um kjallaraganga og ytri ganga hússins, allt gegn því, að stefnandi afhendi stefnda handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 19.000.00, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í hluta hússins nr. 39 við Skipasund, hér í bæ, svo og handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 15.000.00, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í framangreindum eignarhluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð. Fyrra bréfið er út gefið 1. marz 1954 af Óskari Ólafssyni, upphaflega að fjárhæð kr. 21.133.28, til greiðslu með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum, með gjalddaga hinn 1. marz 1955. Eftirstöðvar þessa bréfs eru nú kr. 19.000.00. Síðara bréfið verður út gefið af stefnanda, að fjárhæð kr. 15.000.00, er greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, miðað við 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. október 1955. Bréf þetta mun stefnandi gefa út, strax og hann öðlast formlega heimild til þess að veðsetja eignarhlutann í húsinu nr. 14 við Mjóuhlíð, þ. e. a. s. um leið og stefndi fullnægir væntanlegum dómi í máli þessu um útgáfu afsals til stefnanda.

2. Að stefndi verði með dómi skyldaður til, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, að láta afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 79.000.00, þar sem framangreindur eignarhluti var veðsettur með 1. veðrétti til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með veðbréfi, dags. 4. júní 1953.

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda bætur samkvæmt kaupsamningi, dags. 6. febrúar 1954, fyrir tímabilið 15. október 1954 til 13. desember s. á., kr. 5900.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

4. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu í aðalsök og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómarans.

Með gagnstefnu, út gefinni 25. janúar 1955, gerir gagnstefnandi

þær dómkröfur, að kaupum samkvæmt kaupsamningi aðilja frá 6. febrúar 1954 um íbúð í húsinu nr. 14 við Mjóuhlíð verði riftað, aðallega án frekari endurgreiðslu, en til vara gegn endurgreiðslu eftir mati dómarans, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum frekari skaðabætur, að fjárhæð kr. 16.500.00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags svo og að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda eftir mati dómarans.

Eins og málið horfir við, þykir rétt að taka aðalsök og gagnsök í einu lagi.

Málavextir eru þeir, að hinn 6. febrúar 1954 gerðu aðiljar með sér kaupsamning um hluta húseignarinnar Mjóuhlíð 14. Var aðalstefnandi kaupandi, en aðalstefndi seljandi. Samkvæmt samningnum átti kaupandi að taka við eigninni hinn 1. marz 1954, og flutti hann í eignina nokkrum dögum fyrir þann tíma. Kaupverðið átti samkvæmt samningnum að greiðast þannig:

1.	Við undirskrift samningsins	kr.	55.000.00
2.	Hinn 1. marz 1954	—	25.000.00
3.	Kaupandi tekur að sér greiðslu handhafaskuldabréfs á öðrum veðrétti, að eftirstöðvum	—	64.166.67
4.	Greiðist hinn 4. júní 1954	—	6.179.93
5.	Þegar kaupandi hefur selt bifreið sína, en þó eigi síðar en 15. júní 1954	—	25.000.00
6.	Kaupandi afhendir seljanda 7% handhafaskuldabréf, tryggt með 3. veðrétti í hluta húseignarinnar Skipasund 39	—	19.000.00
7.	Kaupandi gefur út handhafaskuldabréf, að nafnverði kr. 15.000.00, tryggt með 3. veðrétti í hinum selda eignarhluta og afhendir seljanda á gengi 80.00	—	12.000.00
8.	Við afsal greiðist	—	29.653.40
		Samtals kr.	236.000.00

Afsal skyldi gefa út í síðasta lagi hinn 15. október 1954, enda hafi þá kaupandi fullnægt framanskráðum skuldbindingum samningsins, en seljandi hafi þá látið afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur skuld, að fjárhæð kr. 79.000.00, sem þá hvíldi á fyrsta veðrétti, samkvæmt skuldabréfi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 4. júní 1953. Þá voru og ákvæði í samningnum um bætur,

ef annar hvor aðilja vanefndi samninginn, og heimild til riftunar af sömu ástæðu.

Það er ekki véfengt, að aðalstefnandi hafi greitt kr. 55.000.00 við undirskrift kaupsamningsins.

Hinn 6. marz 1954 greiddi aðalstefnandi þær kr. 25.000.00, sem um getur í 2. tölulið kaupsamningsins, og fékk fyrirvaralausa kvittun hjá aðalstefnda.

Handhafaskuldabréfið, sem um getur í 3. tölulið samningsins, var gefið út af aðalstefnda hinn 11. júlí 1952, upphaflega að fjárhæð kr. 70.000.00, tryggt með 2. veðrétti í eignarhluta aðalstefnda í Mjóuhlíð 14. Gjalddagi afborgana var 11. júlí ár hvert, og hafði ein afborgun farið fram 1953. Samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningi frá 6. febrúar 1954 skyldi aðalstefnandi taka að sér greiðslu á bréfi þessu. Gjalddagi fyrstu afborgunar hans var því 11. júlí 1954. Þá afborgun innti hann af hendi hinn 1. október 1954 í Útvegsbanka Íslands, hér í bæ, og var kvittun fyrir greiðslunni rituð á bréfið.

Hinn 4. júní 1954 átti aðalstefnandi að greiða aðalstefnda kr. 6179.93, sbr. 4. lið samningsins. Samkomulag varð með aðiljum, að greiðsla þessi mætti bíða. Hinn 2. október 1954 greiddi aðalstefnandi fjárhæðina inn á sparisjóðsbók hjá Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnda ásamt vöxtum frá 4. júní 1954, 6% p. a. Tilkynnti hann aðalstefnda þá ráðstöfun með bréfi, dags. sama dag.

Samkvæmt 4. lið kaupsamningsins frá 6. febrúar 1954 átti aðalstefnandi að greiða kr. 25.000.00, er hann hefði selt bifreið sína, en þó eigi síðar en 15. júní 1954. Dráttur varð á því, að hann seldi bifreiðina, en með bréfi, dags. 20. september 1954, sendi hann aðalstefnda fjárhæðina, kr. 25.000.00, ásamt vöxtum frá 15. júní 1954, 6% p. a., kr. 396.48. Aðalstefndi neitaði að taka við fjárhæðinni, og lagði aðalstefnandi því fjárhæðina í Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnda hinn 25. september s. á. og tilkynnti honum þá ráðstöfun.

Með bréfi, dags. 30. september 1954, tilkynnir aðalstefndi aðalstefnanda, að hann hafi þann dag lagt inn í bók hjá Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnanda kr. 65.000.00, sem endurgreiðslu á þeim fjárhæðum, sem aðalstefnandi hafði greitt til aðalstefnda, að frádregnum bótum, kr. 15.000.00, samkvæmt samningnum frá 6. febrúar 1954.

Sama dag og stefna í máli þessu var út gefin, lagði aðalstefnandi inn í bók hjá Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnda þær kr. 29.653.40, sem greiðast áttu við útgáfu afsals hinn 15. október 1954, og tilkynnti aðalstefnda þá ráðstöfun með bréfi, dags. sama

dag, svo og að aðalstefnandi myndi höfða mál til að fá aðalstefnda skyldaðan til að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt kaupsamningnum.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi fullnægt og verið reiðubúinn að fullnægja öllum skuldbindingum sínum samkvæmt kaupsamningnum frá 6. febrúar 1954 fyrir 15. október 1954, er afsal skyldi í síðasta lagi gefa út. Þrátt fyrir það hafi aðalstefndi ekki fengizt til að gefa út afsalið. Skaðabótakröfu sína byggir aðalstefnandi á ákvæðum margnefnds kaupsamnings, en í honum eru ákvæði um bætur, ef annar hvor aðilja vanefnir samninginn, kr. 100.00 á dag. Miðar aðalstefnandi fjárhæðina frá þeim degi, er afsal átti að fara fram, og til þess tíma, er hafizt var handa um málshöfðun þessa.

Aðalstefndi byggir kröfur sínar á því, að aðalstefnandi hafi vanefnt kaupsamninginn svo verulega, að hann eigi ekki rétt til dvalar í hinu umdeilda húsnæði. Kveðst aðalstefndi hafa komizt að því, að handhafaskuldabréfið, sem um getur í lið 3 í kaupsamningnum frá 6. febrúar 1954, hafi verið í vanskilum í Útvegsbankanum, hér í bæ, en hann var skuldari samkvæmt bréfinu. Hafi hann því verið í mikilli hættu vegna þessa dráttar aðalstefnanda á greiðslu afborgunarinnar. Greiðslan, sem fram átti að fara í síðasta lagi hinn 15. júní 1954, að fjárhæð kr. 25.000.00, hafi aldrei farið fram. Hafi hann því ritað aðalstefnanda bréf hinn 2. september 1954 og tjáð honum, að hann myndi rifta samningnum frá 6. febrúar 1954, og sagt aðalstefnanda að rýma húsnæðið fyrir 1. október 1954. Bótakröfu sína miðar aðalstefndi við húsaleigu fyrir hið umdeilda húsnæði frá 1. marz 1954 til 1. febrúar 1955, kr. 1500.00 á mánuði, svo og kr. 15.000.00 í bætur samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins, ef um riftun yrði að ræða.

Fram er komið í málinu, að samkomulag varð með aðiljum, að greiðslan samkvæmt 4. lið kaupsamningsins, kr. 6179.93, er greiðast átti hinn 4. júní 1954, mætti dragast, og var frestur ekki bundinn við ákveðinn tíma.

Aðalstefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi ekki vitað fyrr en um mánaðamótin ágúst og september 1954, hver var eigandi veðskuldabréfsins, sem um getur í lið 3 í kaupsamningnum. Kveðst hann tvisvar eftir það hafa átt tal við eiganda bréfsins, sem var Þorsteinn Jóhannesson, sameigandi að húseigninni Mjóuhlíð 14, og farið fram á frest á greiðslu afborgunarinnar, og hafi Þorsteinn þá tjáð honum, að hann hafi ekki krafið hann greiðslu, en þyrfti að fá afborgunina 1. október 1954.

Vitnið Þorsteinn Jóhannesson, sem komið hefur fyrir dóm og

unnið eið að framburði sínum, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki krafið aðalstefnanda um greiðslu afborgunar af bréfinu. Bréfið hafi verið í Útvegsbankanum, hér í bæ, að handveði. Kveðst vitnið einhvern tíma á tímabilinu frá 11. júlí til 1. október 1954 hafa átt tal við bankann og spurzt fyrir um það, hvort afborgun hefði farið fram. Vitnið kveðst ekki hafa óskað eftir því, að bankinn gerði neinar sérstakar ráðstafanir í því sambandi. Vitnið kveður aðalstefnanda tvívegis hafa átt tal við það, um það leyti er afborgun var greidd, og hafi aðalstefnandi þá óskað eftir skriflegu vottorði vitnisins þess efnis, að samkomulag hafi orðið með því og aðalstefnanda, að afborgun hafi mátt dragast. Kveðst vitnið ekki hafa gefið slíkt vottorð, en kveðst í hvorugt skiptið hafa krafið aðalstefnanda um greiðslu.

Afborgun samkvæmt bréfinu fór fram, eins og áður greinir, hinn 1. október 1954 í Útvegsbankanum, og var kvittun rituð á bréfið án fyrirvara.

Samkvæmt 5. lið kaupsamningsins skyldi aðalstefnandi greiða kr. 25.000.00, er sala á bifreið hans hefði farið fram, en þó eigi síðar en 15. júní 1954. Aðalstefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að erfitt hafi verið um þetta leyti að selja gamlar bifreiðar. Hafi hann komið bifreiðinni til viðgerðar á verkstæði til að auka sölumöguleika hennar, og var hún á verkstæðinu um mánaðartíma. Að því loknu hafi hann sjálfur ýmislegt gert henni til góða. Kveðst hann hafa selt bifreiðina hinn 18. september 1954.

Aðalstefnandi kveður erfiðleika hafa verið á því um sumarið 1954 að koma bifreiðinni til viðgerðar á verkstæði. Hafi hann átt tal við aðalstefnda og tjáð honum þá erfiðleika, og aðalstefndi þá samþykkt, að umrædd greiðsla mætti bíða, þar til viðgerð hefði farið fram á bifreiðinni. Hafi hann svo ekki verið krafinn um greiðsluna, en með bréfi, dags. 2. september 1954, hafi aðalstefndi tilkynnt honum, að hann, aðalstefndi, neyddist til að rifta kaupsamningnum vegna vanefnda á honum. Kveðst aðalstefnandi hafa þá nokkrum dögum síðar átt tal við aðalstefnda út af bréfi þessu, og aðalstefndi þá samþykkt, að greiðslan mætti enn bíða. Sendi hann síðan aðalstefnda fjárhæðina með bréfi, dags. 20. september 1954, ásamt vöxtum frá 15. júní, en aðalstefndi neitaði móttöku fjárhæðarinnar. Hafi hann því lagt fjárhæðina inn í sparisjóðsbók í Landsbankanum á nafn aðalstefnda.

Aðalstefndi hefur neitað því að hafa samþykkt frest á nýgreindri greiðslu. Hefur hann fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið fjarverandi úr bænum frá 17. júní til 9. júlí 1954. Kveðst hann áður hafa tjáð aðalstefnanda, að hann myndi krefja hann um

25.000.00 kr. greiðsluna, er hann kæmi til baka. Kveður hann í þessu ekki hafa falizt neinn gjaldfrestur.

Aðalstefndi kveðst tvisvar eftir 9. júlí 1954 hafa krafið aðalstefnanda um greiðslu á þessum kr. 25.000.00, en án árangurs. Hafi hann því ritað aðalstefnanda bréfið, dags. 2. september 1954, og tilkynnt honum, að hann myndi rifta samningnum. Út af því bréfi hafi aðalstefnandi átt símtal við hann og farið fram á það, að hann (aðalstefndi) riftaði ekki samningnum. Hafi hann svarað því á þann veg, að hann þyrfti að tala við lögfræðing sinn um það, hvort hann ætti að falla frá riftunarkröfunni. Hafi hann því aldrei samþykkt að falla frá þeirri kröfu.

Við munnlegan flutning málsins kvað umboðsmaður aðalstefnda, að depositionir aðalstefnanda væru ólöglegar, þar sem hann hefði ekki afhent aðalstefnda kvittanir bankans fyrir móttöku fjárhæðanna, þar eð bankinn afhenti þær ekki nema gegn framvísun þeirra kvittana.

Eins og skýrt hefur verið frá, hefur dráttur orðið af hálfu aðalstefnanda á greiðslum samkvæmt 4. og 5. lið kaupsamningsins, og afborgun af handhafaskuldabréfi, er aðalstefnandi tók að sér að greiða samkvæmt 3. lið hans, dróst og allnokkurn tíma. Dráttur samkvæmt 4. lið var þó með samþykki aðalstefnda.

Það ákvæði kaupsamningsins frá 6. febrúar 1954, að aðiljum væri heimil riftun hans, ef vanefndir yrðu, þykir verða að skýra svo, að um verulegar vanefndir yrði að ræða.

Dráttur á greiðslu afborgunar samkvæmt handhafaskuldabréfinu, sem um getur í 3. lið kaupsamningsins, varð aðalstefnda ekki til tjóns. Aðalstefnandi var ekki krafinn greiðslu, og hann fékk fyrirvaralausa kvittun fyrir greiðslunni. Enn fremur varð dráttur á greiðslu samkvæmt 5. lið kaupsamningsins að nokkru með samþykki aðalstefnda, og sannanlega var aðalstefnandi ekki krafinn um greiðsluna fyrr en hinn 2. september 1954.

Aðalstefnandi hafði fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt kaupsamningnum, að svo miklu leyti sem honum var unnt, fyrir 15. október 1954, er afsal skyldi fara fram. Verður í því sambandi ekki fallizt á þá fullyrðingu umboðsmanns aðalstefnda, að depositionir aðalstefnanda hafi verið ólöglegar, þar sem kvittun bankans er eingöngu kvittun fyrir greiðslu á geymslugjaldi og geymir ekki ákvæði um skilyrði fyrir afhendingu fjárhæðarinnar, að þeirri kvittun sé framvísað.

Verður samkvæmt þessu ekki talið, að aðalstefnandi hafi vanefnt kaupsamninginn frá 6. febrúar 1954 svo verulega, að aðalstefndi eigi rétt til riftunar honum.

Þykir því verða talið rétt að taka kröfur aðalstefnanda til greina um að skylda aðalstefnda til útgáfu afsals fyrir hinni umdeildu eign og skylda hann til að aflýsa úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréfinu til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 4. júní 1953, gegn 100.00 kr. dagsektum til aðalstefnanda. Kröfu aðalstefnanda um bætur vegna vanefnda aðalstefnda á kaupsamningnum þykir ekki ástæða að taka til greina, þar sem honum verður að nokkru um þær kennt.

Samkvæmt þessu verður aðalstefndi dæmdur til að gefa út afsal til aðalstefnanda fyrir efri hæð og risi hússins Mjóuhlíð 14, hér í bænum, svo og fyrir hlutfallslegum afnotum við aðra eigendur hússins af þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara og lóðarréttindum og enn fremur nauðsynlegum umgangsrétti um kjallaraganga og ytri ganga hússins svo og að aflýsa úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréfi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 4. júní 1953, tryggðu með 1. veðrétti í framangreindum eignarhluta, að fjárhæð kr. 79.000.00, að viðlögðum 100.00 kr. dagsektum til aðalstefnanda, enda afhendi aðalstefnandi aðalstefnda handhafaskuldabréf, út gefið 1. marz 1954 af Óskari Ólafssyni, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í hluta hússins nr. 39 við Skipasund, hér í bæ, upphaflega að fjárhæð kr. 21.133.28, en nú að eftirstöðvum kr. 19.000.00, svo og handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 15.000.00, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í framangreindum eignarhluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, en rétt þykir að málskostnaður falli niður í aðalsök.

Með vísan til framangreinds ber að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli þar einnig niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Jón Lárusson, að viðlögðum 100.00 kr. dagsektum til aðalstefnanda, Hjörleifs Jónssonar, gefa út afsal til aðalstefnanda fyrir efri hæð og risi hússins Mjóuhlíð 14, hér í bænum, svo og fyrir hlutfallslegum afnotum við aðra eigendur hússins af þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara og lóðarréttindum og enn fremur nauðsynlegum umgangsrétti um kjallaraganga og ytri ganga hússins svo og aflýsa úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréfi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, dags. 4. júní 1953, tryggðu með 1. veðrétti í framangreindum eignarhluta, að

fjárhæð kr. 79.000.00, enda afhendi aðalstefnandi aðalstefnda handhafaskuldabréf, út gefið 1. marz 1954 af Óskari Ólafssyni, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í hluta hússins nr. 39 við Skipasund, hér í bæ, upphaflega að fjárhæð kr. 21.133.28, en nú að eftirstöðvum kr. 19.000.00, svo og handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 15.000.00, er beri 7% ársvexti, tryggt með 3. veðrétti í framangreindum eignarhluta hússins nr. 14 við Mjóuhlíð, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

No. 134/1954. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson)

gegn

Núpi h/f, eiganda v/s Ernu, RE 15

(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júlí 1954, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst s. á. og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 250.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1950 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn matskostnað, kr. 2250.00. Loks krefst hann, að ákveðinn verði sjóveðréttur í v/s Ernu til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi eru að því leiddar sönnur, að bilun sú á v/s Sæbjörgu, sem í héraðsdómi er lýst, stafi aðallega af drætti v/s Ernu, en ætla má, að v/s Sæbjörg hafi reynzt nokkuð við drátt þenna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykja björgunarlaunin ásamt kostnaði hæfilega ákveðin kr. 75.000.00. Ber að dæma stefnda til greiðslu þessarar fjárhæðar með vöxtum, svo sem í héraðsdómi segir, og svo málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00. Á áfrýjandi sjóveðrétt í v/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Núpur, greiði áfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1950 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á áfrýjandi sjóveðrétt í v/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjáhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Skipaútgerð ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 20. nóvember 1951, gegn eiganda m/s Ernu, RE 15, Núpi h/f, hér í bænum, til greiðslu björgunarlauna og skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 250.000.00, auk 6% ársvaxta frá 2. desember 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins matskostnaðar. Enn hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í áðurnefndu skipi til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Þá hefur stefnandi stefnt vátryggjanda skipsins, Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur félaginu, og það hefur ekki haft uppi neinar kröfur á stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda sem allt of háum og krafizt þess, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða stefnanda þóknun fyrir smávægilega aðstoð. Þá krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 30. nóvember 1950 var m/s Erna, RE 15, stödd

fyrir sunnan land á leið til Reykjavíkur. Klukkan rúmlega 8 um morguninn stöðvaðist vél skipsins skyndilega og svo snöggt, að naumast gafst tími til þess að taka hana úr tengslum. I. vélstjóri skipsins, sem var í vélarrúmi á þessum tíma, hóf þegar í stað athugun á því, af hverju vélbilunin stafaði. Meðal annars voru sótopalokin tekin af, og varð þá vart við reyk, svo og að fremri stimpillinn og strokkurinn var hvort tveggja mjög heitur. Tilkynnti vélstjórinn skipstjóra skipsins þetta, og var þá ákveðið að biðja um hjálp. Þegar vélin bilaði, hafði m/s Erna fokku og skutsegl uppi, og kveðst skipstjórinn hafa ætlað að snúa skipinu upp undir Reykjanes á þessum seglum, en þar sem vindur hafi verið hægur og mikill sjór, hafi þetta ekki tekizt. Hann hafi því tekið það ráð að lóna í norðvestur, en „afdrift" hafi verið mikil. Á skipinu var stórsegl, en það hafði ekki verið sett undir.

Kl. 9.20 á fimmtudagsmorguninn barst skipstjóra björgunarskipsins Sæbjargar, sem stödd var í Reykjavík, beiðni frá Slysavarnafélagi Íslands um það að fara til hjálpar m/s Ernu, er var á reki með bilaða vél suður af Reykjanesi. Kl. 10.00 voru landfestar Sæbjargar leystar og haldið af stað. Þar sem móttakari m/s Ernu var bilaður, annaðist Reykjavíkurradio allar orðsendingar milli skipanna. Sæbjörg kom að Ernu kl. 15.20 um daginn ca 7.5 sjómílur suðvestur af Reykjanesi. Hafði Erna þá ekki segl uppi, en skipstjóri hennar kveðst hafa látið fella þau, er til ferða Sæbjargar sást, þar sem vindur hafi verið á móti á siglingaleið norður með Reykjanesinu. Greiðlega tókst að koma dráttartaug milli skipanna, og hélt Sæbjörg áleiðis til Reykjavíkur með Ernu í eftirdragi kl. 15.35. Veður var þá NA 3 vindstig, sjór NV 5 og loft skýjað. Um kl. 19.00, er komið var móts við Kirkjuvog, slitnaði dráttartaugin milli skipanna. Þegar var hafizt handa um að koma nýrri dráttartaug á milli, en um þetta leyti versnaði veðrið mjög, jókst vindhraðinn á nokkrum mínútum upp í 12 vindstig af NA með slyddu, særoki og brotsjóum. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tókst von bráðar að koma á aftur dráttarsambandi milli skipanna, en dráttartaugin slitnaði innan skamms. Enn var dráttartaug komið yfir í m/s Ernu, en skipverjar á henni misstu af dráttartauginni í sjóinn. Meðan þessu fór fram, slógust skipin saman, og við það rifnaði hlífðarjárn upp á nokkru svæði á stjórnborðsbóg varðskipsins. Hefur kostnaður við viðgerð á þessum skemmdum verið metinn á kr. 250.00 af dómkvöddum mönnum. Sæbjörgu var nú enn siglt að m/s Ernu, og tókst þá að koma dráttartaug milli skipanna og festa hana. Er þessu var lokið, var kl. um 22.00, og hélt Sæbjörg þá með Ernu í eftirdragi á mjög

hægri ferð upp undir Reykjanes; siglt var eftir ratsjá. Eftir kl. 22 tók veðrinu heldur að slota, og kl. 24.00 var vindur NA 10, sjór NA 6 og særok. Föstudaginn 1. desember, kl. 1.23, var komið í var suður fyrir Reykjanes, og haldið austur með landinu og lagzt fyrir akkerum vestan til við Grindavík kl. 9.40. Síðan var dráttartaugin frá Sæbjörgu dregin inn, og kom þá í ljós, að hún var að verða ónýt. Lágu nú skipin þarna um hríð. Var á Sæbjörgu hafizt handa um að útbúa dráttartaugar og víra til þess að draga m/s Ernu á til Reykjavíkur.

Meðan skipin lágu í vari við Reykjanes, hóf I. vélstjóri á Ernu athugun á vél hennar að nýju. Tók hann stimpilinn upp, og kom þá í ljós, að í honum var brestur um 4″ að lengd um þumlungi fyrir neðan neðsta þéttihringinn, og tveir þéttihringir voru brotnir. Þá virtist vélstjóranum, að tvö aftari afgasopin á strokknum væru stífluð af sóti. Varaþéttihringir voru í skipinu, og var því hægt að endurnýja hina brotnu hringi. Segist vélstjórinn mundu hafa reynt að gera við vélina, ef engin hjálp hefði borizt, en telur óvíst, að viðgerð hefði tekizt.

Laugardaginn 2. desember 1950, kl. 6.05, var akkerum létt við Reykjanes, og hélt Sæbjörg af stað áleiðis til Reykjavíkur með m/s Ernu í togi. Er ferðin hófst, voru engir menn ofan þilja á Ernu og stýri hennar í bakborða, svo að hún leitaði til þeirrar hliðar, en eftir rúmlega ½ klukkustund var maður settur við stýrið. Ferðin til Reykjavíkur gekk vel, og var Ernu skilað að Grófarbryggju kl. 14.00. Meðan á hjálpinni við m/s Ernu stóð fimmtudaginn 30. nóvember, slitnuðu og eyðilögðust frá Sæbjörgu 3 nýjar 9″ dráttartrossur úr grasi, hver að lengd 30 faðmar. Þá telur stefnandi, að vírar, er Sæbjörg lagði til við dráttinn, hafi skemmzt við tognun.

Í óveðrinu að kvöldi hins 30. nóvember erfiðaði Sæbjörg mikið. Varð þá vart við mikinn leka í vélarrúmi og íbúðum skipstjóra og II. vélstjóra, og jókst lekinn, er á kvöldið leið. Þurfti af þessum sökum að stöðva aðra ljósavélina, og eldur drapst í miðstöðinni. Þá virtist yfirbygging skipsins hreyfast til undan sjóum, er á hana komu, og nokkurs leka varð vart við kappa miðskips og dyraumbúnað á klefa I. stýrimanns.

Þegar Sæbjörg lagði upp í hjálparleiðangur sinn, var hún í vélarhreinsun, og þegar hún hafði skilað m/s Ernu, var vélarhreinsuninni haldið áfram. Henni var lokið 9. desember, og hélt Sæbjörg þá til gæzlustarfa, en lítið reyndi á vél skipsins, þar til Sæbjörg lagði af stað áleiðis til Vestfjarða hinn 28. desember. Varð þá vart titrings í stefnisröri og krykkju, sem stefnisflans

er skrúfaður í. Bilun þessi var talin svo alvarleg, að skipinu var snúið við til Reykjavíkur til viðgerðar, og var því lagt við Ægisgarð 30. desember 1950, kl. 15.38. Fór síðan fram viðgerð á vél og skipi, og var henni lokið 4. marz 1951.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða í merkingu siglingalaganna, og eigi hann því rétt til björgunarlauna. Við ákvörðun þeirra beri að taka tillit til þess, að björgunin hafi tekið langan tíma, verið erfið og Sæbjörg hafi lagt sig og áhöfn sína í töluverða hættu við björgunina. Þá eigi hann rétt til bóta fyrir skemmdir á dráttartækjum þeim, er Sæbjörg hafi lagt til við björgunina, svo og fyrir skemmdir á stjórnborðsbógi hennar, er skipin rákust saman. Loks telur stefnandi, að bilun sú, er viðgerðin á Sæbjörgu frá 30. desember 1950 til 4. marz 1951 tók til, hafi orsakazt af mikilli áreynslu á skipið við björgunarstarfið. Beri stefnda því að greiða kostnað við þá viðgerð svo og kaup áhafnar Sæbjargar, meðan á viðgerðinni stóð. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Kostnaður við viðgerð Sæbjargar	kr.	50.286.33
2.	Laun skipshafnar Sæbjargar, meðan á viðgerð stóð	—	82.731.07
3.	Bætur fyrir 90 faðma 9″ grastóg	—	4.755.00
4.	Fyrir skemmdir á vírum	—	1.000.00
5.	Viðgerð á stjórnborðsbóg Sæbjargar	—	250.00
6.	Björgunarlaun	—	110.977.60
		Samtals kr.	250.000.00

Stefndi heldur því fram og reisir á því kröfur sínar í fyrsta lagi, að hér hafi aðeins verið um smávægilega aðstoð að ræða. Telur hann, að m/s Erna hefði af eigin rammleik getað komizt í höfn á seglum, svo muni og hafa verið unnt að gera við vélarbilunina á hafi úti.

Í öðru lagi telur stefndi sér algerlega óviðkomandi 1. og 2. kröfulið stefnanda hér að framan. Hefur hann mótmælt því ákveðið, að bilunin á Sæbjörgu, sem fyrrgreind viðgerð tók til, hafi orsakazt af áreynslu á Sæbjörgu við hjálp hennar við m/s Ernu. Við munnlegan flutning málsins samþykkti stefndi, að honum bæri að greiða stefnanda fjárhæðirnar undir 3. og 5. lið, en mótmælti hins vegar fjárhæðinni undir 4. lið sem of hárri. En þar sem fjárhæðin, sem stefnandi krefst, virðist ekki ósanngjörn, verður hún tekin til greina.

Til stuðnings því, að bilunin á Sæbjörgu hafi orsakazt af hjálp hennar við m/s Ernu, hefur stefnandi meðal annars lagt fram skýrslu vélaeftirlitsmanns með viðgerðinni. Segir í skýrslu þessari, að skekkja á stefnisröri Sæbjargar geti og hljóti að stafa af óvenjulegri áreynslu á skipið. Þá hefur stefnandi fengið tvo menn dómkvadda til þess að segja álit sitt um, hvort skemmdir, er fram komu á Sæbjörgu og vél á leið hennar til Vestfjarða 30. desember 1950, hafi stafað af áreynslu, er Sæbjörg varð fyrir við hjálp hennar við m/s Ernu dagana 30. nóvember til 2. desember 1950. Í niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 9. júlí 1952, segja þeir, að skemmdirnar muni hafa stafað af óvenju mikilli áreynslu á skipið, „og gæti það hafa átt sér stað, þegar m/s Erna var dregin í höfn um mánaðamótin nóvember—desember 1950". Hins vegar segir orðrétt í 2. tölulið matsgerðarinnar: „Samkvæmt upplýsingum yfirmanna skipsins opnuðust samskeyti þilfarsplanka og yfirbyggingar að aftan, þegar reyndi á skipið í drætti. Til þess að koma í veg fyrir þetta voru á síðastliðnum vetri sett styrktarjárn ofan á þilfar aftan við dráttarpolla og fram eftir þilfari beggja vegna yfirbyggingar. Járn þessi eru boltuð í þverbita undir þilfari".

Af þessu kemur fram, að bilunar, sams konar og þessarar, er viðgerðin á Sæbjörgu frá 30. desember 1950 til 4. marz 1951 tók til, hefur orðið vart á skipinu, áður en umrædd hjálp þess við m/s Ernu átti sér stað. Þá verður ljóst af hinum tilvitnaða lið matsgerðarinnar, að búnaður Sæbjargar sem björgunarskips var ekki fyllilega til þess gerður að þola átök af völdum dráttar á öðru skipi á þeim stað, þar sem dráttartaugin var fest í Sæbjörgu. Má því ætla, að skemmdir á Sæbjörgu hafi getað orðið vegna þessa vanbúnaðar skipsins, en á honum ber stefndi ekki ábyrgð. Þykir að þessu athuguðu eiga að sýkna stefnda af 1. og 2. kröfulið stefnanda.

Svo sem áður hefur verið sagt, lét m/s Erna ekki að stjórn eða var sjálfráð ferða sinna fyrir þeim seglum, er uppi voru og hún hafði undir slegin, er beðið var um hjálp Sæbjargar henni til handa, heldur barst skipið til hafs undan vindi og sjó. Það er allsendis óvíst, að tekizt hefði að gera við vélarbilun skipsins á hafi úti, og alkunnugt er, að allra veðra er von hér við land um hávetur. Verður því að telja, að m/s Erna hafi verið stödd í neyð, er Sæbjörg kom skipinu til hjálpar, og var hjálpin því björgun í merkingu siglingalaganna.

Samkvæmt skoðunargerð dómkvaddra manna, dags. 14. desember 1950, hefur verðmæti hins bjargaða skips verið metið á kr.

394.700.00. Björgunarstarf Sæbjargar tók 52 klukkustundir, og var það sérstaklega erfitt að kvöldi hins 30. nóvember 1950. Verður að fallast á það hjá stefnanda, að Sæbjörg og áhöfn hennar hafi verið lögð í nokkra hættu þá um kvöldið, meðan verið var að endurnýja dráttarsambandið milli skipanna. Vátryggingarverð Sæbjargar var kr. 1000.000.00, og rekstrarkostnaður hennar er talinn hafa verið kr. 270.00 á starfsklukkustund árið 1950.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og annað það, er máli skiptir, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 66.000.00, og eru þar með taldar fjárhæðirnar í 3.—5. kröfulið stefnanda. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 7.500.00, og er þar með talinn matskostnaður, kr. 2000.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Hjálmari R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Núpur, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1950 til greiðsludags og kr. 7500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 21/1956. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Páli Hallgrímssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Hallgrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 322/1956: Ákæruvaldið gegn Páli Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu í dag, er Páll Hallgrímsson sjómaður, Sogabletti 38, nú refsifangi, ákærður fyrir að hafa aðfaranótt 22. eða 23. f. m. brotizt inn í skrifstofu Vélaverzlunar G. J. Fossbergs h/f, Vesturgötu 3, hér í bæ, og tekið þar eina flösku af whisky og eina flösku af spænsku brennivíni og haft á brott með sér. Þykir hann með þessu hafa gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað).

Ákærði ákærist til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákæruskjal þetta er gefið út með heimild í 114. gr. laga nr. 27/1951.

Ákærði, sem fæddur er 22. janúar 1932, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1947 1/11 Uppvís að þjófnaði, sendur á upptökuheimili til rannsóknar. Dr. Símon Jóh. Ágústsson gaf skýrslu.

1949 20/11 Uppvís að þjófnaði. Málssókn felld niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 13/12 1949.

1951 26/1 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi

fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur í sama máli kr. 888.00.

— 28/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1952 12/1 Rvík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 110. og 244. gr. hegningarlaganna.

1953 6/3 Rvík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1954 12/1 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

— 29/2 Ve. Kærður fyrir spellvirki. Samþ. að greiða 440 kr. skaðabætur. Saksókn felld niður.

— 15/6 Rvík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.

1955 3/9 Rvík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaganna.

— 12/10 Rvík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að aðfaranótt 22. f. m. brauzt ákærði inn í skrifstofu Vélaverzlunar G. J. Fossbergs, Vesturgötu 3, hér í bæ. Braut hann rúðu á bakhlið hússins og skreið þar inn. Úr ólæstum skáp í skrifstofunni tók ákærði eina flösku af whisky og eina flösku af spænsku brandy. Annað tók ákærði ekki. Hann fór síðan út sömu leið. Er ákærði var handtekinn hinn 24. janúar, var hann búinn að drekka whiskyið og helminginn af brennivíninu.

Samkvæmt þessu hefur ákærði framið verknað þann, er hann er ákærður fyrir og varðar við 244. gr. hegningarlaga. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Hann hefur samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Bjarni Jónsson, forstjóri nefndrar verzlunar, krefst bóta, að upphæð 390 kr., þ. e. andvirðis áfengisins, 340 kr., og 50 kr. fyrir rúðu í stað þeirrar, er brotin var. Þessa kröfu ber að taka til greina. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Hallgrímsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Bjarna Jónssyni kr. 390.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 22/1956. **Ákæruvaldið**
(Ragnar Jónsson)
gegn
Sigurði Arnbjörnssyni
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutninslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1956.

Ár 1956, þriðjudaginn 7. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 321/1956: Ákæruvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 23. þ. m., er Sigurður Arnbjörnsson, nú refsifangi í hegningarhúsinu hér, ákærður fyrir að hafa þriðjudaginn 27. nóvember f. á. tekið að ófrjálsu og slegið eign sinni á myndavél í húsinu nr. 22 við Suðurgötu, en brot þetta telst varða við 244. gr. laga nr. 19/1940. Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 7. marz 1929. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1945 18/10 Húnavatnss. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölæði.

1947 3/6 Húnavatnss. Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 100 kr. sekt fyrir brot gegn XXV. kafla hegningarlaganna og 18. gr. laga nr. 33/1935.

1948 6/4 Húnavatnss. Dómur sama réttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. með hliðsjón af 245. gr. hegningarlaganna.

1948 30/7 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 28/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.

— 20/9 Rvík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

1949 2/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1950 28/1 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.

— 1/9 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur, kr. 1079.50, í sama máli.

1952 15/3 Rvík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.

— 12/5 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaganna.

— 29/11 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi svo og rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna, áfengislögum og bifreiðalögum.

1953 22/5 Rvík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.

1954 4/6 Rvík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.

1955 8/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að hinn 27. september f. á. kom ákærði í húsið nr. 22 við Suðurgötu og hitti þar fyrir Björn Þorsteinsson sagnfræðing, sem býr þar. Ekki voru þeir kunnugir. Ákærði bauðst til að útvega Birni alls konar smyglaðar vörur, er hann þó ekki hafði yfir neinum að ráða. Ekki fýsti Björn að eiga kaup við hann. Ákærða hafði verið vísað inn í skrifstofu Björns, og fór viðræða þeirra þar fram. Björn brá sér nú frá. Tók ákærði þá myndavél, er var inni í skrifstofunni, og fór burt með hana. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi selt myndavél þessa fyrir 200 kr., en vill eigi nafngreina kaupandann. Eftir að ákærði hafði verið kallaður fyrir rannsóknarlögregluna út af kæru Björns, hafði hann upp á myndavélinni og skilaði Birni og baðst afsökunar á atferli sínu. Björn kveðst hafa keypt umrædda myndavél fyrir nokkrum árum notaða fyrir 700 kr. Hann gerir engar bótakröfur.

Ákærði hefur samkvæmt þessu framið brot það, sem hann er ákærður fyrir og varðar við 244. gr. hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Ákærði nýtur eigi kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, þar eð hann hefur með fyrri dómum verið sviptur þessum réttindum, en hann hefur nú enn samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga unnið til slíkrar réttindasviptingar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 33/1956. **Hálfdan Ólafsson**
gegn
h/f Skutli.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Um varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. febrúar þ. á., sem barst Hæstarétti 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm, sem upp var kveðinn 25. febrúar þ. á. í héraðsdómsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar, verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. febrúar 1956.

Ár 1956, laugardaginn 25. febrúar, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni, og meðdómendum, Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 14. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, út gefinni 15. apríl s.l., af Hálfdani Ólafssyni, Rauðarárstíg 22, Reykjavík, gegn útgerðarfélaginu Skutli h/f, Ísafirði, til greiðslu eftirstöðva inneignar vegna vinnu á m/b Ásólfi á vetrarvertíðinni 1954. Fyrir dóminum hefur stefnandi gert þær kröfur, að hinu stefnda hlutafélagi verði gert að greiða stefnanda kr. 6200.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1954 til greiðsludags

og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Jafnframt er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Ásólfi, ÍS 202, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda er krafizt aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum stefnukröfum og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Til ýtrustu vara er þess krafizt, að stefnukröfurnar verði færðar niður til mjög verulegra muna.

Frávísunarkrafa stefnda var síðan flutt og að loknum munnlegum flutningi hennar tekin sérstaklega til úrskurðar eða dóms.

Málavextir eru þessir:

Þann 26. febrúar 1954 leitaði m/b Ásólfur hafnar hér í Hafnarfirði vegna veðurs. Matsveinn, sem þá var á bátnum, varð eftir í landi, en í stað hans réðst á skipið stefnandinn í máli þessu, Hálfdan Ólafsson.

Var hann síðan matsveinn á skipinu til 1. apríl s.l., að hann gengur af því aftur, er það var statt í Hafnarfirði, og kom þar annar matsveinn í hans stað.

Telur stefnandi sér bera í kaup kr. 9700.00, en af því séu greiddar kr. 3500.00, en mismuninn, kr. 6200.00, telur hann sig eiga inni, og er það stefnukrafa hans í máli þessu.

Af hálfu stefnda er á það bent til stuðnings frávísunarkröfunni, að h/f Skutull eigi lögheimili og varnarþing á Ísafirði og skip félagsins, m/b Ásólfur, sé skrásett þar. Skipið hefði verið gert út frá Ísafirði, og á vertíðinni 1954 hafi aflinn ýmist verið lagður upp í Hafnarfirði eða Ísafirði. Þetta mál hefði því átt að höfða á heimili skipsins eða félagsins, Ísafirði, og hvorki 75. gr. eða niðurlagsákvæði 85. gr. laga nr. 85/1936 né önnur lög heimili stefnanda að víkja þannig frá hinum viðurkenndu varnarþingsreglum.

Stefnandi heldur aftur á móti fram, að þar sem ráðningartíminn hófst í Hafnarfirði og lauk þar og skipið lagði þar upp afla sinn, hafi verið heimilt að höfða mál þetta fyrir sjó- og verzlunardómi kaupstaðarins samkvæmt 85. gr., fyrri málslið, sbr. 86. gr. laga nr. 85/1936.

Dómurinn getur ekki fallizt á þá skoðun stefnanda, að mál þetta hafi mátt höfða fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, heimild til þess sé ekki að finna í lögum nr. 85/1936, 85. sbr. 80. gr. né öðrum greinum þeirra laga, né öðrum lögum.

Ber því að taka kröfu stefnda um frávísun máls þessa til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að gera stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðjón Steingrímsson f. h. Hálfdanar Ólafssonar, greiði stefnda, Skutli h/f, kr. 500.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Mánudaginn 19. marz 1956.

Nr. 16/1956. **Ásbjörn Magnússon** (Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun. Réttarfarssekt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. febrúar 1956, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar s. á. Hefur hann fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 14. janúar 1956. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmdar bætur úr hendi stefnda að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1954 til greiðsludags og svo málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í héraðsstefnu 9. október 1954 tjáist áfrýjandi þurfa að höfða mál samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 gegn ríkissjóði „til greiðslu miskabóta að mati dómara". Telur hann, að heimild til að gera kröfu, án þess nokkur fjárhæð sé tiltekin, sé í ákvæði 88. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að greina skuli í stefnu „kröfur þær, sem gerðar eru, svo skýrt sem unnt er, svo sem upphæð í krónutali, skaðabætur ótiltekið eða eftir mati". Bendir áfrýjandi sérstaklega á orðið

„ótiltekið" í ákvæði þessu til stuðnings því að leggja megi dóm á mál hans, þótt hann hafi eigi krafizt tiltekinnar fjárhæðar. Áður en lög nr. 85/1936 voru sett, hafði það um langan aldur verið meginregla íslenzks dómskaparéttar, að dómhæf er sú fjárkrafa ein, er fjárhæð hennar er tiltekin. Í 15. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, er gilti fram til þess að lög nr. 85/1936 tóku gildi, var þessi regla orðuð svo: „þannig á, ef það", þ. e. málið, „viðvíkur skuldakröfu, hennar upphæð að ákveðast". Meginregla þessi hefur um mjög langan tíma gilt í löndum, sem hafa líka lögskipan og Ísland. Í athugasemdum við 88. gr. frumvarps áðurnefndra laga frá 1936 segir: „Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við gildandi reglur og eðli málsins, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 5. gr.". Skýra verður 88. gr. laga nr. 85/1936 til samræmingar við nefnda meginreglu þannig, að orðið „ótiltekið" eigi einungis við, er stefna verður, áður en unnt er að tiltaka kröfuhæð, svo sem þá er málshöfðunarfrestur er að lokum kominn, enda sé krafa um ákveðna fjárhæð höfð uppi í málinu, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en fyrir munnlegan málflutning eða fyrir lok skriflegs málflutnings. Í máli því, er hér liggur fyrir, mátti áfrýjandi þegar í stefnu gera kröfu um tiltekna fjárhæð. Þar sem hann hefur eigi gert það, eru kröfur hans ódómhæfar, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði, að öðru en varðar málskostnað, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfengisflutningur sá, sem í máli þessu greinir, var þess eðlis, að lögreglumönnum og dómara var rétt og skylt að rannsaka hann ýtarlega. Við rannsóknina var eigi beitt neinum harðræðum né hún framkvæmd á særandi eða móðgandi hátt, og áfenginu var ekki haldið lengur í vörzlum lögreglunnar en nauðsyn bar til vegna rannsóknar málsins. Krafa áfrýjanda um bætur úr ríkissjóði var því algerlega að ófyrirsynju, og þykir rétt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr.

85/1936 að sekta hann fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 600.00, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur og svo málsmeðferð í héraði að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Ásbjörn Magnússon, greiði stefnda, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi greiði kr. 600.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Árna Tryggvasonar.

Vínflutningur sá, er í málinu greinir, var þess eðlis, að full ástæða var til þeirra aðgerða lögreglumanna og dómara, sem lýst er í héraðsdómi. Aðgerðir þessar voru heldur ekki framkvæmdar á óviðurkvæmilegan hátt. Höfðun skaðabótamáls þessa af hálfu áfrýjanda verður því að teljast svo bersýnilega tilefnislaus, að átöluvert er, en hins vegar þykir ekki ástæða til að beita fésekt.

Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. ágúst 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júlí s.l., hefur Ásbjörn Magnússon bifreiðarstjóri, Aðalstræti 17, Akureyri, samkvæmt heimild í

3. tl. 154. gr. laga nr. 27/1951 höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 9. október 1954, gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu miskabóta að mati dómara auk 6% vaxta af þeirri upphæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

Bótakröfu sína reisir stefnandi á 151. gr. sbr. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 27/1951, en hann telur sig hafa orðið að þola handtöku, hald á munum og leit að tilefnislausu og án þess að heimild til slíkra aðgerða væri fyrir hendi í sambandi við réttarrannsókn, sem beindist gegn honum og nokkrum öðrum mönnum, út af flutningi áfengis með m/b Drífu frá Siglufirði til Akureyrar hinn 1. júní 1954. Kveður stefnandi sig hafa orðið fyrir hneisu, álitsspjöllum og óþægindum að ósekju vegna þessara aðgerða.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómara, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum hefur samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. ágúst 1954, verið veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi. Hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, vék sæti í málinu með úrskurði, upp kveðnum 8. nóvember 1954. Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. desember 1954, var svo Ari Kristinsson fulltrúi skipaður til þess að fara með málið og dæma það.

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómara.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið, þessir:

Mánudaginn 31. maí 1954, klukkan 6 e. h., fór stefnandi ásamt félögum sínum, þeim Höskuldi Helgasyni, Garðari Svanlaugssyni, Vernharði Sigursteinssyni og Sigurbjarna Zakaríassyni, sem allir eru atvinnubifreiðarstjórar á Bifreiðastöð Oddeyrar á Akureyri, á m/b Drífu, sem er 4 smálesta bátur og hefur ganghraða rúmar 8 mílur, frá Akureyri áleiðis til Héðinsfjarðar. Bátinn Drífu keypti stefnandi og ofangreindir bifreiðastjórar ásamt Sverri Jónssyni, bifreiðastjóra á B.S.O., af Útgerðarfélagi K.E.A. h/f, Akureyri, hinn 25. febrúar 1954 fyrir kr. 35.000.00.

Stefnandi og bifreiðastjórarnir Sigurbjarni Zakaríasson, Stefán Helgason og Ólafur Þorbergsson áttu trillubát í nokkur ár, en seldu hann, skömmu áður en m/b Drífa var keyptur.

Til Héðinsfjarðar kom stefnandi og félagar hans um klukkan 10 um kvöldið. Höfðu þeir árabát aftan í m/b Drífu. Í Héðinsfirði lágu þeir við um nóttina og fram á næsta dag og stunduðu silungsveiði.

Félagar stefnanda segja, að hann, stefnandi, hafi séð um veiðileyfi fyrir þá félaga í Héðinsfirði.

Stefnandi segir, að það hafi ekki náðst í neinn á Siglufirði, sem veiðina gat leyft, en tengdafaðir sinn hafi talað við konu eins veiðiréttareigandans, og hafi hún hvorki leyft eða bannað þeim veiðina, en talið víst, að hún myndi þeim heimil og að allir veiddu í Héðinsfirði átölulaust. Leyfði kona þessi, að sögn stefnanda, þeim afnot af skipbrotsmannaskýlinu í Héðinsfirði, en hún er formaður slysavarnardeildarinnar. Stefnandi segir, að tengdafaðir sinn hafi ekki beinlínis borið þeim félögum þau orð, að þeim væri heimil veiðin endurgjaldslaust. Ekki munu þeir hafa verið krafðir um greiðslu fyrir veiðina.

Samkvæmt vottorði Eiríksínu Ásgrímsdóttur, Siglufirði, hefur hún ekki leyft neinum að veiða í Héðinsfirði, enda kveðst hún ekkert leyfi hafa til þess. Ásgrímur Sigurðsson, Siglufirði, vottar, að hann hafi ekki leyft neinum frá Akureyri að veiða silung eða annan fisk í Héðinsfirði og enginn fái veiðileyfi hjá sér, nema skriflegt, og fyrir það sé greitt um leið. Árni Jónsson, Ólafsfirði, vottar f. h. þeirra, sem tekið hafa ½ jörðina Vík í Héðinsfirði á leigu, að enginn þeirra hafi leyft nokkrum manni frá Akureyri eða Eyjafirði rétt til veiði fyrir landi nefndrar jarðar.

Verður því að telja, að stefnandi hafi ekki haft leyfi til að veiða í Héðinsfirði.

Um kl. 2 e. h. þriðjudaginn 1. júní fór Höskuldur Helgason, félagi stefnanda, einn á m/b Drífu til Siglufjarðar til áfengiskaupa fyrir þá bátsfélaga, að undanskildum Sigurbjarna Zakaríassyni. Til Siglufjarðar kom Höskuldur um kl. 3 e. h. Keypti hann í áfengisverzluninni þar, að eigin sögn, áfengi fyrir kr. 19.080.00, og var því ekið um borð í Drífu. Hélt Höskuldur síðan til Héðinsfjarðar og hafði þar skamma viðdvöl. Til Akureyrar komu þeir félagar klukkan að ganga 11 um kvöldið og lögðu bátnum utan á þrjú skip, sem lágu í skipakvínni. Höfðu þeir rétt lokið við að binda bátinn og kastað veiðinni og dóti sínu upp í næsta skip, þegar Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi kom til þeirra ásamt þremur lögregluþjónum. Kvaðst fulltrúinn ætla að láta leita í bátnum. Voru honum þá fengnir lyklarnir, og leit strax hafin. Fannst áfengið þegar, enda var það ekki falið, og tilkynnti fulltrúinn þeim, að lögreglan myndi taka það í sínar vörzlur. Segir Höskuldur Helgason, að einn þeirra félaga hafi haft orð á því, hvort ekki væri betra að fara niður á Tangabryggju og skipa vininu þar upp, því það væri þægilegra þar og minna áberandi. Hafi fulltrúinn fallizt á þetta, og fóru þeir félagar, að undanskild-

um Sigurbjarna Zakaríassyni, sem fékk að vera eftir og sjá um veiði þeirra félaga og dót, með bátnum ásamt tveimur lögregluþjónum niður að Tangabryggju. Fulltrúinn og þriðji lögregluþjónninn komu þangað í lögreglubifreiðinni. Við Tangabryggju var víninu síðan skipað upp úr m/b Drífu og það sett í lögreglubifreiðina og þeim félögum sagt að fylgja öllum með upp á lögregluvarðstofu.

Stefnandi segir, að þeir félagar hafi ætlað að fá sér sendlabifreið til að keyra áfengið úr bátnum og ekki ætlað sér að nota eigin bifreiðar til þess. Hins vegar hafi ekki verið farið að tala um það, hvernig áfengið skyldi flutt í land eða hvenær.

Höskuldur Helgason segir, að það hafi ekki verið ætlunin að skipa áfenginu strax upp úr bátnum, heldur hafi átt að gera það síðar í kyrrþey og þannig, að sem minnst á því bæri. Ekki hafi verið ráðið, hvar áfenginu skyldi skipað upp. Margt manna hafi verið á bryggju, þegar Drífa kom til Akureyrar.

Vernharður Sigursteinsson segir, að það hafi ekki staðið til að taka áfengið strax upp úr bátnum við komu hans til Akureyrar, og gerir ráð fyrir, að það hafi þótt of áberandi að gera það í skipakvínni, en kveðst þó ekki muna, að um það hafi verið talað eða það áður ákveðið, hvenær áfengið skyldi tekið upp úr bátnum. Þá kveðst hann ekki vita, hvort ætlunin hafi verið að geyma áfengið í bátnum um nóttina og taka það þaðan síðar. Álítur hann, að þeir myndu hafa notað sendlabifreiðar við flutninginn.

Garðar Svanlaugsson segir, að þeir félagar hafi ekkert um það talað, hvenær áfengið skyldi tekið úr bátnum. Heldur hann, að það hafi verið meiningin að láta eigendurna sjálfa ná í áfengið um borð í m/b Drífu. Um það hafi ekkert verið talað, að áfenginu yrði uppskipað þannig, að sem minnst á því bæri. Kvaðst hann ekkert um það hafa hugsað og taldi áfengið „alveg frjálst".

Höskuldur Helgason segir í skýrslu sinni, dskj. nr. 4, að þeir félagar hafi verið látnir bíða í um hálfa klukkustund á lögregluvarðstofunni, á meðan lögreglan taldi vínflöskurnar, en þeir ekki látnir fylgjast með talningunni. Á þessum tíma hafi þeir félagar óskað þess að fá að hringja heim til sín, en því verið neitað af lögreglumanni, en leyft síðan af rannsóknardómaranum.

Sigurður M. Helgason fulltrúi hóf rannsókn þá, sem beint var gegn stefnanda og félögum hans 1. júní 1954. Er sakadómur Akureyrar settur á lögregluvarðstofunni á Akureyri og fyrir tekið: „Rannsókn vegna gruns um brot á áfengislögum". Getur rannsóknardómarinn þess, að þann sama dag hafi fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði hringt í bæjarfógetann á Akureyri og tjáð hon-

um, að báturinn Drífa hafi farið frá Siglufirði um daginn með nálægt 20 kassa af áfengi. Fylgdist rannsóknardómarinn síðan með bátnum og var viðstaddur með þremur lögregluþjónum, þegar báturinn lagðist að bryggju, og hóf þá leit í bátnum að áfengi, með því, eins og bókað er, „að flutningar þessir þóttu tortryggilegir og ekki vissa fyrir, hvaðan áfengið væri fengið". Við leit fundust 210 flöskur af áfengi, og reyndist það allt með merki áfengisverzlunarinnar, en áfengið var flutt til rannsóknar á lögregluvarðstofuna. Í rétti upplýstist, að flöskurnar, sem í bátnum voru, voru 212, með því að tvær flöskur voru í tösku Höskuldar Helgasonar, en þær hafði lögreglan ekki tekið.

Klukkan 23.10 mætir Höskuldur Helgason í réttinum, en hann er fyrstur yfirheyrður af þeim félögum. Eigi verður af rannsóknninni séð, hvað klukkan var, þegar rannsóknardómarinn kom niður að m/b Drífu við bryggjuna, en samkvæmt skýrslu Höskuldar Helgasonar var klukkan að ganga 11 um kvöldið, þegar þeir félagar komu til Akureyrar.

Stefnandi mætir í réttinum klukkan 23.55 og víkur þaðan klukkan 00.15 þann 2. júní. Rannsóknin gagnvart stefnanda sjálfum hefur því tekið í mesta lagi 2¼ klukkustund.

Fyrir réttinum (sakadómi) gerir Höskuldur Helgason þannig grein fyrir áfengiskaupunum, að fyrir stefnanda, Garðar og Vernharð hafi hann keypt 128 flöskur, og hefur því sjálfur haft með 84 flöskur að gera. Nafngreinir Höskuldur í réttinum fimm bifreiðastjóra, sem hann kveðst hafa keypt áfengi fyrir, samtals 46 flöskur. Fyrir sjálfan sig og hina aðra kveðst hann hafa keypt hitt, samtals 38 flöskur.

Stefnandi segir í réttinum, að hann hafi sjálfur með 50 flöskur að gera. Af því hafi hann keypt fyrir sjálfan sig 24 flöskur, en 26 flöskur hafi hann keypt fyrir hina og aðra, þar af 10 flöskur fyrir föður sinn. Þá nafngreinir hann mann, sem hann kveðst hafa keypt fyrir 6 flöskur af áfengi, svo og segist stefnandi hafa keypt 6 flöskur fyrir mann, sem hann neitar að gefa upp. Síðar segir stefnandi í réttinum, að hann hafi átt 2 flöskur auk hinna 24 flaskna, sem áður getur, eða samtals 26 flöskur. Samkvæmt þessu vantar 2 flöskur, sem ekki er gerð grein fyrir, og virðist því stefnandi hafa átt sjálfur 28 flöskur. Stefnandi neitar því að hafa ætlað að leggja á áfengið, sem hann keypti fyrir aðra, en segir, að hann hafi ætlað að leggja flutningsgjaldið, kr. 5.00, á flöskuna. Neitar stefnandi því að hafa ætlað að selja áfengið, sem hann keypti fyrir sjálfan sig, og segist hafa ætlað að eiga það til eigin notkunar, en

ekki selja það. Síðan segir stefnandi, að flutningsgjaldið hafi átt að ganga til félagsins, sem á bátinn.

Undir flutningi málsins er það upplýst, að stefnandi og félagar hans kröfðust þess, að lögreglan skilaði áfenginu um borð í m/b Drífu, og neituðu að taka það sjálfir á lögregluvarðstofunni.

Um kl. 15 hinn 4. júní 1954 tilkynnir rannsóknardómarinn til Bifreiðastöðvar Oddeyrar, að áfenginu yrði skilað, og var það gert skömmu síðar. Var stefnandi staddur á bifreiðastöðinni, þegar boðin komu um það, hvenær skila ætti áfenginu.

Vitnið Kristján Hallgrímsson, ljósmyndari á Akureyri, tók myndir af þeim atburði, þegar lögreglan afhenti áfengið um borð í Drífu, og birtist sú mynd í Tímanum 9. júní 1954 að tilhlutan ljósmyndarans, að hans sögn, sem einnig kveðst hafa skrifað fréttatextann, sem fylgir myndinni. Aðra mynd tók hann af afhendingu áfengisins, og mun hún tekin við lögregluvarðstofuna. Þriðju myndina tók ljósmyndarinn af stefnanda og félögum hans um borð í m/b Drífu skömmu eftir afhendingu áfengisins.

Segir ljósmyndarinn, að Vernharður Sigursteinsson, Höskuldur Helgason og Garðar Svanlaugsson hafi keypt af sér myndir af atburðum þessum. Viðurkennir Vernharður að hafa keypt þessar myndir af Kristjáni, en minnist þess ekki, að Höskuldur eða Garðar hafi verið með honum, þegar hann keypti þær.

Þrjár myndir, sem ljósmyndarinn tók, voru festar upp í herbergi bifreiðastjóranna á B.S.O., sbr. dskj. nr. 24 og 25. Myndirnar sjást úr aðalafgreiðslunni, ef hurð bifreiðastjóraherbergisins er opin. Fyrir neðan myndirnar var prentuð áletrun, „Komið og skemmtið ykkur", og þar fyrir neðan var skrifaður miði „Um borð í Drífu". Áletrunin „Komið og skemmtið ykkur" hafði verið rifin niður, skömmu áður en myndirnar á dskj. nr. 24 og 25 voru teknar. Ekki er vitað, hver það gerði, né heldur, hver hengdi myndirnar upp.

Ljósmyndarinn kveðst hafa tekið myndirnar fyrir sjálfan sig. Kveðst hann, áður en myndirnar voru teknar, hafa beðið bátsverjana á m/b Drífu að láta sig vita, hvenær afhending áfengisins færi fram, og þeir verið fúsir til þess. Segir ljósmyndarinn, að á sig hafi verið hringt frá B.S.O., rétt áður en áfenginu var skilað, og honum sagt, hvenær afhendingin færi fram. Kveðst hann hafa fengið sér bifreið og heldur, að það hafi verið bifreiðin A 600, eign Vernharðs Sigursteinssonar. Neitar Vernharður því að hafa ekið honum í þetta sinn, en segir ekki útilokað, að honum hafi verið ekið í sinni bifreið. Stefnandi og félagar hans neita því að hafa tilkynnt Kristjáni, hvenær afhenda ætti áfengið, og

því neitar og afgreiðslumaðurinn á B.S.O. Er því eigi vitað, hver það gerði.

Upplýst er, að m/b Drífa fór til Siglufjarðar í maí 1954. Stefnandi var eigi með í þeirri för. Höskuldur Helgason segir, en hann var með í þeirri för, að þá hafi þeir, sem með voru, keypt um helmingi minna áfengi en í förinni 1. júní.

Þá er það upplýst og viðurkennt af stefnanda, að m/b Drífa hafi komið til Dalvíkur í marz 1954, og var stefnandi með í þeirri för Drífu. Samkvæmt vottorði tveggja tollvarða, sem með Reykjafossi voru í eftirlitsferð í marz 1954, var Reykjafoss á Dalvík 11. marz 1954. Í þessari ferð Reykjafoss til landsins fannst töluvert af smygluðu áfengi, sbr. dskj. nr. 23.

Bæjarfógetinn á Akureyri vottar á dskj. nr. 3, að rannsókn sú, sem hafin var samkvæmt heimild í 19. gr. áfengislaganna þann 1. júní 1954 og beindist gegn stefnanda og félögum hans vegna gruns um ólöglega meðferð áfengis í sambandi við flutning á allmiklu áfengismagni frá Siglufirði til Akureyrar með m/b Drífu, hafi verið niður felld að svo stöddu, þar sem ekki þótti leitt í ljós, að ólöglegt athæfi hefði átt sér stað í sambandi við nefnt áfengi.

Atburðir þessir leiddu til nokkurra blaðafregna og blaðaskrifa, eins og skjöl málsins sýna. Hvergi er þó getið um nöfn þeirra Drífufélaga.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að rannsóknin gegn honum og félögum hans hafi leitt, svo sem ljóst sé, fyrst í stað til ýmissa villandi og ófrægjandi blaðafregna, sem líklega eigi rót sína að rekja að einhverju leyti til lögreglunnar á Akureyri, sem veitt hafi fregnriturum blaðanna upplýsingar.

Þessu er algerlega mótmælt af hálfu stefndu.

Vitnið Jón Benediktsson yfirlögregluþjónn, sem bókaði það, sem gerðist í réttarhöldunum á lögregluvarðstofunni 1. júní, minnist þess ekki, að þar hafi þá verið neinn óviðkomandi. Minnist hann þess, að umtal varð á milli lögregluþjónanna strax eftir réttarhöldin að hafa ekkert orð á viðburðum næturinnar, enda gerðu þeir ráð fyrir meiri og ýtarlegri réttarhöldum. Morguninn eftir vakti það strax athygli hans, að hann var stanzaður hvað eftir annað af óviðkomandi mönnum, sem vissu meira og minna um, hvað gerzt hafði, og taldi hann víst, að þessar upplýsingar hefðu þeir fengið frá skipverjum á m/b Drífu eða heimilum þeirra. Hinar villandi frásagnir blaðanna segir yfirlögregluþjónninn hafi einnig styrkt sig í þeirri trú, að upplýsingarnar gætu ekki verið frá lögreglunni. Segir hann, að þegar frá hafi liðið, megi vera,

að hann hafi verið spurður af einhverju af blöðunum, hvað rétt væri í máli þessu, og telur þá ekki útilokað, að hann hafi svarað því rétta, þótt hann reki ekki minni til sérstakra samtala.

Eins og áður er sagt, reisir stefnandi bótakröfu sína á 151. gr. sbr. 1. mgr. 155. gr. laga nr. 27/1951. Telur hann sig hafa orðið að þola handtöku, leit og hald á munum að tilefnislausu og án þess, að heimild til slíkra aðgerða væri fyrir hendi í sambandi við áður um getna réttarrannsókn. Telur stefnandi sig hafa orðið fyrir hneisu, álitsspjöllum og óþægindum að ósekju vegna þessara aðgerða. Stefnandi heldur því fram, að rannsóknin hafi verið tilefnislaus og öll lögmælt skilyrði til hennar brostið. Áfengið hafi allt verið löglegt, og lögreglan hafi vitað það, áður en rannsóknin hófst, að það var frá áfengisverzluninni á Siglufirði. Áfengi þaðan sé aldrei ólöglegt. Í 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 sé engin heimild til þessarar rannsóknar. Grunur um brot á áfengislögum hafi ekki verið fyrir hendi. Telur stefnandi því, að skilyrði 1. tl. 151. gr. laga nr. 27/1951 til bóta séu samkvæmt framanrituðu fyrir hendi, þ. e. að lögmælt skilyrði til aðgerðanna hafi brostið. Þá er því af hálfu stefnanda haldið fram, að ekki hafi verið nægilegt tilefni til rannsóknarinnar og ekkert tilefni til að halda áfenginu í 2 sólarhringa. Það sé ekki af lögreglunnar hálfu hafin rannsókn út af flutningi áfengis með flugvélum eða í pósti, þótt vitað sé, að um mikið magn sé að ræða.

Það er hins vegar viðurkennt af umboðsmanni stefnanda, að aðgerðirnar (rannsóknin) hafi verið framkvæmdar á hógværan og kurteisan hátt og þær því ekki í sjálfu sér framkvæmdar þannig, að hættulegt, særandi eða móðgandi mætti teljast. Rannsóknin hafi hins vegar vakið athygli og verið til leiðinda og óþæginda fyrir stefnanda.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að lögmælt skilyrði til aðgerðanna hafi verið fyrir hendi og þær framkvæmdar af fyllstu kurteisi og tillitssemi til þeirra, sem þeim var beint gegn. Heimild til aðgerðanna sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954. Það hafi verið vitað, að bátur stefnanda og félaga hans hafi verið með allmiklar áfengisbirgðir. Kaup og sala áfengis sé að lögum miklum hömlum háð. Löggæzlumönnum beri að lögum rík skylda til að fylgjast með og rannsaka það, sem í þessu sambandi virðist grunsamlegt. Þar sem þetta hafi verið önnur ferð bátsins með allmikið áfengismagn, hafi verið mun meiri ástæða til rannsóknarinnar. Þá mótmæla stefndu því sem röngu, að villandi eða ófrægjandi blaðafregnir hafi af völdum lögreglunnar komizt á kreik um málið eða að lögreglan beri ábyrgð á slíkum fréttaflutningi.

Því er eindregið mótmælt af stefndu, að gerðir lögreglunnar og rannsóknardómara hafi leitt til umtals, ámælis eða leiðinda fyrir stefnanda, sem skylt sé að bæta honum sem miska. Þar eð fyllsta heimild hafi verið til aðgerðanna og þær framkvæmdar á löglegan og viðeigandi hátt, geti ekki verið að ræða um skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði vegna slíks miska. Áfengisflutningar inn á héraðsbannsvæði séu mjög í flimtingum hafðir og um þá skrifað í blöðum, jafnvel þótt neytendur láti senda sér áfengið í pósti, sbr. dskj. nr. 18 og 19. Þá halda stefndu því fram, að flutningur áfengisins með Drífu myndi hafa komizt í hámæli og leitt til ámælis og leiðinda fyrir hlutaðeigendur, eins fyrir því þótt lögreglan hefði ekki látið málið til sín taka. Rannsóknin gegn stefnanda hafi verið niður felld að svo stöddu, þar sem ekki þótti leitt í ljós með henni, að ólöglegt athæfi hefði átt sér stað. Það, að sök sannast ekki við rannsókn, nægi út af fyrir sig ekki til þess að skapa ríkissjóði skaðabótaskyldu, ef heimild sé til rannsóknarinnar og hún framkvæmd á löglegan og viðeigandi hátt, svo sem verið hafi í þessu tilfelli.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á 151. gr. laga nr. 27/1951, eins og áður er sagt. Samkvæmt þeirri grein má dæma bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmælt skilyrði hafa brostið til slíkra aðgerða.

2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Leit var gerð í bát stefnanda og félaga hans og hald lagt á 210 flöskur af áfengi, sem þar fannst, og það flutt á lögregluvarðstofuna til rannsóknar. Var áfengið í vörzlum lögreglunnar og rannsóknardómara í um 64 klukkustundir. Rannsóknin, hvað stefnanda sjálfan snertir, tók 2¼ klukkustund í mesta lagi.

Er þá að athuga, hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til rannsóknarinnar og aðgerða lögreglunnar.

Bæjarfógetinn á Akureyri segir, að rannsóknin hafi verið hafin samkvæmt heimild í 19. gr. áfengislaganna.

Í 2. mgr. 19. gr. laga þessara segir m. a., að menn með lögregluvaldi hafi vald til að hefja lögregluransókn gegn þeim, sem staðnir eru að broti á áfengislögunum eða grunaðir eru um brot. Þeir hafa vald til að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv. og stöðva þau, meðan á rannsókn stendur.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63/1937 segir m. a., að skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skuli, ef tolleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, og skulu þá tolleftirlitsmenn, þegar þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

Þá athugast það, að rannsóknardómarinn var viðstaddur leitina í bát stefnanda og félaga hans og stjórnaði henni og stefnandi eða félagar hans mótmæltu því ekki, að leitin væri gerð, og var því ekki þörf dómsúrskurðar. Verður því með tilvísun til nefndra lagagreina og samkvæmt ofanrituðu að álíta, að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi til aðgerðanna.

Er þá næst að athuga skilyrði 2. tl. 151. gr. og þá fyrst, hvort ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til aðgerðanna.

Bæjarfógetinn á Akureyri vottar, að rannsókn hafi verið hafin vegna gruns um ólöglega meðferð áfengis í sambandi við flutning á allmiklu áfengismagni frá Siglufirði til Akureyrar með m/b Drífu. Rannsóknardómarinn tekur fram, að flutningar þessir hafi þótt tortryggilegir og ekki vissa fyrir, hvaðan áfengið væri fengið.

Áfengisflutningarnir með Drífu í maí og 1. júní 1954 vöktu athygli lögreglunnar á Siglufirði, sbr. dskj. nr. 16 og 17. Lögregluþjónn, Ólafur Jóhannsson, Siglufirði, veitir því sérstaka eftirtekt, að um borð í bátnum Drífu í maíferðinni voru tómir pappakassar af sömu gerð og þeir, sem áfengisverzlunin notar undir áfengi, sem sent er úr bænum. Þá voru tómir pappakassar undan áfengi einnig með í 1. júní ferð Drífu.

Fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði lætur þess getið í símtali sínu við bæjarfógetann á Akureyri, að sami bátur, þ. e. Drífa, hefði þá fyrir skömmu farið aðra slíka ferð með sams konar farm.

Það verður að teljast upplýst, að m/b Drífa hafi komið á Dalvík 11. marz 1954, þegar Reykjafoss var þar, en í þeirri ferð Reykjafoss fannst töluvert af smygluðu áfengi.

Höskuldur Helgason telur, að í fyrri ferð m/b Drífu í maímánuði hafi verið keypt um helmingi minna magn en í síðari ferðinni. Stefnandi var að vísu ekki með í hinni fyrri ferð, en eigendur m/b Drífu hafa á stuttum tíma keypt yfir 300 flöskur af áfengi. Slík áfengiskaup fárra manna á svo stuttum tíma og að það skuli flutt á þenna hátt virðast vera grunsamleg, þegar þess er og gætt, að þeir, sem kaupin gerðu, eru atvinnubílstjórar í bæ, þar sem engin áfengisútsala er.

Samkvæmt framanrituðu verður því að telja, að nægilegt tilefni hafi verið til aðgerðanna, eins og á stóð.

Skilyrði 2. tl. 151. gr. til að dæma megi bætur eru þau, að aðgerðirnar hafi verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Það er viðurkennt af umboðsmanni stefnanda undir flutningi málsins, að rannsóknin hafi verið framkvæmd af fyllstu kurteisi og prúðmennsku þeirra, sem að henni stóðu.

Rannsókninni virðist hafa verið flýtt, svo sem föng voru á, og stefnanda ekki haldið lengur en nauðsynlegt var.

Áfenginu hefur, ef til vill, verið haldið lengur en brýna nauðsyn bar til.

Stefnandi hefur ekki haldið því fram, að hann hafi orðið fyrir beinu fjártjóni, en krafizt miskabóta að mati dómara.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að áliti dómarans, að skilyrði til að dæma stefnanda bætur samkvæmt 151. gr. laga nr. 27/1951 séu eigi fyrir hendi. Ber því að sýkna stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1600.00.

Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af annríki dómarans vegna þingaferða og lögreglumála í Þingeyjarsýslu, allt frá því að málið var dómtekið. Að öðru leyti verður rekstur málsins að teljast vítalaus.

Ari Kristinsson setudómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Ásbjörns Magnússonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað, kr. 1600.00.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. marz 1956.

Nr. 121/1955. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Braga Marsveinssyni (Lárus Jóhannesson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Bifreiðarslys. Ákæra um brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Guðfinnur Einarsson verið spurður af nýju fyrir dómi og staðfest vætti sitt með eiði. Hjónin Haukur Marsveinsson, bróðir ákærða, og kona hans, Heiðrún Hulda Valdimarsdóttir, hafa gefið skýrslu og unnið eið að.

Samkvæmt skýrslum ákærða og nefndra vitna voru þeir ákærði og Guðfinnur staddir á heimili hjónanna Hauks og Heiðrúnar Huldu, Strandgötu 43, Hafnarfirði, síðla kvölds hinn 6. júní 1954. Var ákærði ölvaður. Segir Guðfinnur, að þeir ákærði hafi farið þaðan og sótt bifreiðina G 984, sem ákærði hafði umráð yfir, og kveðst Guðfinnur hafa ekið ákærða heim til Hauks Marsveinssonar, en hann rekið þá út. Hjónin Haukur og Heiðrún Hulda skýra hins vegar svo frá, að ákærði hafi dvalizt á heimili þeirra, meðan Guðfinnur sótti nefnda bifreið. Segjast þau hjón hafa leitt ákærða út í bifreiðina, enda hafi hann þá verið orðinn svo ofurölvi, að hann hafi eigi getað gengið óstuddur. Kveðst Haukur hafa beðið Guðfinn að aka ákærða heim til hans og hafi Guðfinnur lofað því. Akstri þeim, er nú hófst, lauk þannig, að bifreiðinni var ekið á raflínustaur gegnt húsinu nr. 4 við Öldugötu í Hafnarfirði. Guðfinnur skýrir svo frá, að hann hafi eftir nokkurn akstur fengið ákærða stjórn bifreiðarinnar að skipan hans og hafi ákærði síðan ekið á staurinn. Ákærði kveðst muna það eitt, að hann hafi verið í nefndri bifreið þetta kvöld, en eigi minnast þess, að hann hafi tekið við stjórn bifreiðar-

innar né að árekstur yrði. Tveir lögreglumenn, sem kvaddir voru á vettvang eftir árekstrinn, segja, að þeir ákærði og Guðfinnur hafi staðið rétt hjá bifreiðinni og hafi ákærði „ekki verið viðmælandi sakir ölvunar", og annar lögreglumaðurinn segir einnig, að ákærði hafi verið „allt að því dauðadrukkinn". Guðfinnur Einarsson, sem var eigi við vín og hafði tekizt á hendur að aka bifreiðinni og sjá ákærða farborða, er einn til frásagnar um það, að hann hafi fengið ákærða, sem var ofurölvi, stjórn bifreiðarinnar og árekstrinn síðar orðið. Vætti Guðfinns, sem á hendur sínar að verja, verður eigi talið nægileg sönnun þess, að ákærði hafi valdið árekstrinum, og verður því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Bragi Marsveinsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 17. maí 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 17. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem háður var á skrifstofu dómsins af Birni Sveinbjörnssyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 308/1955: Ákæruvaldið gegn Braga Marsveinssyni, sem dómtekið var hinn 27. f. m.

Í máli þessu, sem höfðað er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, ákærist Bragi Marsveinsson bílstjóri, til heimilis Álfaskeiði 28 í Hafnarfirði, fyrir að hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að aka bifreiðinni G 984 að-

faranótt 7. júní 1954 um götur Hafnarfjarðarkaupstaðar með áfengisáhrifum og óvarlega með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á rafmagnsstaur við Lækjarhvamm, Hverfisgötu 62 í Hafnarfirði.

Ákærist því nefndur Bragi Marsveinsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur í Hafnarfirði 11. febrúar 1929. Hann hefur einu sinni verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir:

Mánudaginn 7. júní 1954 kl. 03.40 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt, að ekið hefði verið á raflínustaur við Hverfisgötu 62. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang. Vörubifreiðin G 984 stóð þá á götunni fyrir framan húsið, og voru afturhjólin öll skökk undir henni. Tveir menn, ákærði og Guðfinnur Einarsson, Linnetsstíg 12, stóðu þarna skammt frá. Ákærði var allt að því dauðadrukkinn. Guðfinnur tjáði lögregluþjónunum, að ákærði hefði ekið bílnum á rafmagnsstaurinn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kvöldið fyrir atburð þenna hafi hann setið að drykkju og gerzt mjög ölvaður. Guðfinnur var með honum, en drakk ei. Hann minntist þess, að hann hefði einhvern tíma eftir miðnættið stungið upp á því að ná í bifreiðina G 984, sem ákærði hafði umráð yfir. Síðan kveðst hann minnast þess, að þeir voru eitthvað að ferðast í bifreiðinni, en kveðst alls ekki minnast þess, að hann hafi ekið henni, og ekki kveðst hann muna eftir neinum árekstri.

Guðfinnur Einarsson, sem fyrr er nefndur, kveðst hafa farið með ákærða og náð í bifreiðina G 984. Kveðst hann fyrst hafa ekið henni nokkuð um bæinn. Er þeir voru staddir í Bröttukinn, vildi ákærði endilega taka við stjórninni og skipaði vitninu út. Vitnið reyndi að aftra því, en tókst ekki. Ákærði vildi ekki taka neinum sönsum. Settist hann því næst undir stýri og ók síðan upp á Öldugötu og niður hana. Vitnið kveðst alltaf hafa verið að segja honum að stanza, en hann sinnti því engu. Á móts við Öldugötu 4 segir vitnið, að ákærði hafi ekið utan í raflínustaur, en síðan hafi bíllinn runnið áfram yfir brúna á læknum, yfir á Hverfisgötu, þar sem hann stanzaði. Vitnið segir, að árekstur inn hafi ekki verið mjög harður. Skemmdir á bílnum taldi vitnið þær, að afturfjöður hefði brotnað.

Vitnið Sveinbjörn Þórður Sveinsson, sem heima á á Öldugötu 4, vaknaði við hávaða umrædda nótt. Hann leit út um glugga út

á götuna og sá, að raflínustaur við húsið titraði mikið. Einnig sá hann vörubifreið, sem var að fara yfir lækjarbrúna. Hann sá bifreiðina stanza og að út úr henni komu tveir menn, sem hann bar ekki kennsl á vegna fjarlægðar, og ekki sá hann, hvor þeirra mundi hafa ekið.

Lögregluþjónar þeir, er komu á vettvang, hafa báðir borið það, að ákærði hafi verið mjög ölvaður, en ekki viðurkenndi hann fyrir þeim, að hann hefði ekið bifreiðinni. Hins vegar tjáði Guðfinnur þeim strax, að svo hefði verið.

Þótt vitnið Guðfinnur Einarsson sé að vísu einn til frásagnar um akstur ákærða, þykir þó verða að telja sannað, að hann hafi ekið og valdið fyrrgreindum árekstri með ógætilegum akstri, enda veita önnur málsatvik einnig líkur fyrir því. Sannað er, að ákærði var ölvaður. Með þessari háttsemi hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði, er í ákæru greinir, og þykir refsing hans samkvæmt þar greindum ákvæðum hæfilega ákveðin 1100 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist varðhaldi í 11 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið um tíma, er þykir hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Bragi Marsveinsson, greiði 1100 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 11 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. marz 1956.

Nr. 43/1951. **Mýrkjartan Rögnvaldsson**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Lúther Salómonssyni og
Svani Skæringssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Varnargögn of seint fram komin.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Varakrafa: að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í málinu og að þeim verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr höndum stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í héraði 6. desember 1949. Stefndu lögðu þá fram stefnu og fengu með samþykki áfrýjanda frest til framlagningar á greinargerð og síðar framhaldsfrest í sama skyni til 24. janúar 1950. Málflutningsmaður sá, sem flutti málið í héraði af hendi stefndu, lagði þá fram þrjá reikninga ásamt svonefndri greinargerð, þar sem þess eins er getið um málavexti, að stefnukrafan stafi af vinnu stefndu við hús áfrýjanda, Sundlaugaveg 17, á árinu 1947. Áfrýjanda voru síðan veittir frestir til 7. marz 1950, er greinargerð kom fram af hans hálfu. Í greinargerðinni kannast áfrýjandi við, að stefndu hafi lagt pípur og rör í hús hans, en telur sig hafa þegar greitt hærri fjárhæð fyrir verk þetta en

sanngjarnt sé, og krefst hann af þeim sökum sýknu af kröfum stefndu. Kveðst hann munu láta meta verkið og laga kröfur sínar síðar til samræmis við niðurstöður matsmanna. Eftir þetta fengu aðiljar sameiginlega fresti til öflunar gagna til 20. júní 1950, en þá sótti áfrýjandi ekki dómþing og enginn af hans hálfu. Höfðu þá ekki komið fram önnur gögn eða andmæli frá hans hendi en þau, sem að framan greinir. Tók héraðsdómari síðan málið til dóms eftir kröfu stefndu og kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að héraðsdómari hefði átt að kveðja sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 1. málsgr. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þegar þess er gætt, að engin önnur gögn en fyrrnefnd greinargerð höfðu komið fram af hendi áfrýjanda og að dómþing var ekki sótt af hans hálfu, þegar málið var dómtekið, þá er ekki ástæða til að sinna ómerkingarkröfunni.

Áfrýjandi hefur til stuðnings sýknukröfu sinni lagt fram hér fyrir dómi ýmis ný gögn, þar á meðal matsgerð dómkvaddra manna. Stefndu hafa samþykkt framlagningu skjala þessara, þó að nóvaleyfis hafi ekki verið aflað, en hins vegar mótmælt því, að önnur gögn en þau, sem lágu fyrir héraðsdómara, verði hér fyrir dómi til greina tekin. Samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936 skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli koma fram, jafnskjótt og tilefni verður til, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Málsástæður þær og gögn, er áfrýjandi flytur fram í Hæstarétti, var honum, að því er sýnt þykir, í lófa lagið að bera fram í héraði, og verða þau því ekki tekin til greina gegn andmælum stefndu. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ámælisverður dráttur hefur orðið á máli þessu fyrir Hæstarétti í höndum hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Ólafs Þorgrímssonar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Mýrkjartan Rögnvaldsson, greiði stefndu, Lúther Salómonssyni og Svani Skæringssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1950.

Mál þetta, er dómtekið var 20. f. m., hafa þeir Lúther Salómonsson og Svanur Skæringsson pípulagningameistarar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 2. desember 1949, gegn Mýrkjartani Rögnvaldssyni, Laugavegi 11, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3129.77, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Krafa stefnenda er risin vegna vinnu við hitalögn í hús stefnda nr. 12 við Sundlaugaveg.

Stefndi hefur engum rökstuddum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnenda, og verða þær því teknar til greina, þó þannig, að vextir, sem teljast frá stefnudegi, reiknast ekki af orlofsfé, kr. 82.19.

Málskostnaður ákveðst kr. 600.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Mýrkjartan Rögnvaldsson, greiði stefnendum, Lúther Salómonssyni og Svani Skæringssyni, kr. 3047.58 með 6% ársvöxtum frá 2. desember 1949 til greiðsludags, kr. 82.19 í orlofsfé og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. marz 1956.

Nr. 110/1954. **Pétur Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Fjármálaráðherra og bæjarfógetanum á Ísafirði f. h. ríkissjóðs (Hermann Jónasson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Lögtaksréttur fyrndur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1954. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld og stefndu dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að úrskurður fógeta og lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hinn 9. nóvember 1949 kvað fógeti upp almennan úrskurð um, að lögtak yrði gert fyrir eignakönnunarskatti, álögðum árið 1949, og þann 26. október 1950 kvað fógeti upp sams konar úrskurð, er tók til aukins eignakönnunarskatts, sem á hafði verið lagður árið 1950. Áfrýjanda máls þessa hafði á árinu 1949 verið gert að greiða eignakönnunarskatt, kr. 11.250.00, og árið eftir skattauka, kr. 4750.00. Verður við það að miða, að þessir skattar áfrýjanda hafi verið gjaldkræfir, er framangreindir lögtaksúrskurðir voru kveðnir upp. Hinn 23. desember 1952 var fyrst settur fógetadómur til framkvæmdar lögtaki hjá áfrýjanda fyrir skattkröfum þessum. Var málið síðan sótt og varið fyrir fógetadómi, og hinn 31. maí 1954 kvað fógeti upp úrskurð þann, sem áfrýjað hefur verið.

Eins og ljóst er af framanskráðu, hefur lögtaks að vísu verið beiðzt nægilega snemma samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885, sbr. lög nr. 83/1947, en hins vegar er ekki fullnægt því skilyrði nefndrar greinar, að lögtaksbeiðandi fylgi lögtakinu fram með hæfilegum hraða. Lögtaksrétturinn gagnvart áfrýj-

anda var því fyrndur, er hin áfrýjaða lögtaksgerð fór fram, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð úr gildi.

Áfrýjandi krafðist ekki málskostnaðar fyrir fógetadómi, og verður honum því eigi dæmdur málskostnaður í héraði, en hins vegar verður stefndu samkvæmt úrslitum málsins dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eru úr gildi felld.

Stefndu, fjármálaráðherra og bæjarfógetinn á Ísafirði f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Pétri Njarðvík, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetadóms Ísafjarðar 31. maí 1954.

Ár 1954, mánudaginn 31. maí, var í fógetarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Hermanni G. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í ofangreindu máli, sem tekið var til úrskurðar 24. maí s.l.

Mál þetta var þingfest 23. desember 1952.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1949 var gerðarþola, Pétri Njarðvík netjagerðarmeistara, Grænagarði, Ísafirði, gert að greiða til ríkissjóðs eignakönnunarskatt, að fjárhæð kr. 11.250.00, og á árinu 1950 var skattur þessi hækkaður um kr. 4750.00, samtals kr. 16.000.00.

Þar sem gerðarþoli hefur ekki fengizt til að greiða skatt þenna, hefur bæjarfógetinn á Ísafirði krafizt þess, að hann yrði innheimtur með lögtaki. Gerðarþoli hefur mótmælt lögtakskröfunum og krafizt þess, að lögtakið fari ekki fram, og lagt málið undir úrskurð réttarins.

Gerðarþoli byggir réttarkröfur sínar á því, að eignakönnunarskatturinn hafi á sínum tíma verið lagður á inneignir, er hann átti hjá ýmsum viðskiptamönnum sínum. Innstæður þessar voru einkum hjá útgerðarmönnum, er síðar leituðu skuldaskila. Við skuldaskilin voru inneignir gerðarþola hjá útgerðarmönnum að mestu strikaðar út og að því leyti eignir þær, er eignakönnunarskatturinn var lagður á, gerðar einskis virði.

Telur gerðarþoli, að með skuldaskilunum hafi eignarrétturinn verið fyrir borð borinn og um hreint stjórnarskrárbrot að ræða, eins og hann kemst að orði í greinargerð sinni. Það sé því ólöglegt að innheimta skattinn nú, og beri að fella hann niður.

Gerðarþoli hefur einnig haldið því fram, að eignakönnunarskatturinn sé ólöglega á lagður. Hann hefur lagt fram í réttinum afrit af bréfi sínu til Fjármálaráðuneytisins, dags. 28. febrúar 1953. Þar segir, að gerðarþoli hafi sjálfur í eignakönnunarframtali sínu talið fram inneignir hjá skuldunautum sínum, samtals kr. 234.043.12, en framtalið hafi af skattyfirvöldum verið hækkað um kr. 111.500.00. En síðar hafi komið í ljós, að hann hafi engar eignir átt 1948, er skattskyldar voru.

Því til sönnunar hefur gerðarþoli lagt fram lista yfir tapaðar inneignir sínar hjá útgerðarmönnum, bæði vegna skuldaskilanna og að öðru leyti ófáanlegar. Samkvæmt því yfirliti eru tapaðar inneignir gerðarþola bæði vegna skuldaskila og getuleysis viðskiptamanna kr. 220.576.62, þar af vegna skuldaskila kr. 173.136.64. Gerðarþoli hefur lagt fram vottorð löggilts endurskoðanda Jóns Grímssonar um, að tölur þessar séu réttar samkvæmt viðskiptamannabók Netjagerðarinnar Grænagarðs, sem er eign gerðarþola.

Auk þess telur gerðarþoli, að hann hafi tapað kr. 18.000.00 hjá ýmsum viðskiptamönnum sínum, er hann hafi lánað án þess að færa það í bókhald sitt.

Gerðarþoli hefur eigi fært sönnur á, að eignakönnunarskattur hans, er hann nú er krafinn um, hafi verið ólöglega á lagður, og verður sú varnarástæða því ekki tekin til greina.

Með lögum nr. 100 29. desember 1948 og reglugerð nr. 158 16. september 1949 eru sett ákvæði um skuldaskil útvegsmanna. Samkvæmt þeim skyldi ákveðinn hundraðshluti af skuldum útvegsmanna falla niður, ef samningar næðust um það við lánadrottna þeirra.

Það hefur komið fram í máli þessu, að gerðarþoli hefur átt þess kost að fá 2% greiðslu upp í þær kröfur sínar á hendur útgerðarmönnum, kr. 173.136.64, er hann telur hafa fallið niður við skuldaskilin, og 5% af nokkrum hluta þeirra, en hann neitaði að taka við þeim greiðslum. Aðrar kröfur gerðarþola virðast ekki hafa verið greiddar sökum getuleysis viðskiptamanna hans.

Megintilgangur löggjafans með lagaákvæðum um skuldaskil útvegsmanna var að tryggja rekstur útgerðarinnar á fjárhagslega tryggðum grundvelli. Ákvæði þeirra laga náðu ekki til annarra útvegsmanna en þeirra, sem ekki gátu lengur staðið við

skuldbindingar sínar án aðstoðar að áliti skilanefndar. Verður því að telja, að inneignir gerðarþola hjá þeim útgerðarmönnum, er skuldaskil fengu, hafi verið mjög ótryggar eignir. Gerðarþoli átti og kost á því, að fá greiddan nokkurn hluta krafna sinna.

Þegar gætt er þeirra atriða, er að framan greinir, verður ekki talið, að ákvæði laga nr. 100 29. desember 1948, sbr. reglugerð nr. 158 16. september 1949, varðandi skuldaskil útvegsmanna, brjóti í bága við þau ákvæði stjórnarskrárinnar, sem fjalla um friðhelgi eignarréttarins.

Verður því krafa gerðarþola um, að lögtakið fari ekki fram og skattur hans verði felldur niður, ekki á þessu atriði byggð.

Samkvæmt þessu verður krafa gerðarþola um, að lögtakið fari ekki fram, ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara.

Lögtaksgerð fógetadóms Ísafjarðar 31. maí 1954.

Af hálfu gerðarþola er mættur Jón Grímsson málflutningsmaður.

Fógeti skoraði á hann að greiða lögtakskröfuna, en hann kveðst ekki gera það.

Fógeti bað hann þá að benda á einhverjar eignir gerðarþola, er gera mætti lögtak í til tryggingar lögtakskröfunum.

Hann gaf svofelldar upplýsingar um eignir gerðarþola: Íbúðarhús úr timbri ásamt eignarlóð á Grænagarði á Ísafirði.

Geymsluhús úr steinsteypu, svokallað verksmiðjuhús, ásamt viðbyggðum geymsluskúr úr timbri svo og eignarlóðir, er hús þessi standa á, niður við sjóinn á Grænagarði.

Netjaþurrkhús úr timbri á Grænagarði ásamt eignarlóð.

Í húsum þessum eru ýmsar vélar, litunarvél, rafmagnsmótor og gufuketill svo og ýmis verkfæri og áhöld, varðandi netjagerð. Eitthvað mun gerðarþoli eiga af nótum í húsum sínum á Grænagarði, svokölluðum Hvalfjarðarnótum, sem munu vera settar Útvegsbankanum að handveði. Þá á gerðarþoli bifreið, gamla fólksbifreið, stationjeppa, og mun hún veðsett Útvegsbankanum fyrir kr. 35.000.00. Jón Grímsson lýsir því yfir, að allar framangreindar eignir gerðarþola séu veðsettar Útvegsbanka Íslands h/f, útibúinu á Ísafirði, fyrir skuldum við bankann, allt að kr. 700.000.00, en þó sé ekki áhvílandi veð á þessum eignum nú nema um kr. 500.000.00 auk einhverra ógreiddra vaxta.

Aðrar eignir gerðarþola kveðst mættur ekki vita um. Fógeti

lýsti því þá yfir, að lögtak sé gert í ofangreindum húseignum gerðarþola ásamt eignarlóðum og öllum þeim mannvirkjum, sem á þeim eru, svo og öllum þeim vélum og verkfærum, sem í húsunum eru, einnig nótum og öðru lausafé, er í húsunum eru.

Þá er lögtak gert í bifreið gerðarþola.

Lögtakið er gert til tryggingar lögtakskröfunni, að geymdum betri rétti þriðja aðilja. Fógeti brýndi fyrir mættum, að gerðarþoli mætti ekki ráðstafa hinum lögteknu munum, svo að í bága komi við lögtakið, að viðlagðri lagaábyrgð.

Mættur tekur fram, að áhöld og verkfæri, tilheyrandi netjagerð gerðarþola á Grænagarði, séu veðsett Útvegsbankanum á Ísafirði með fasteignunum.

Föstudaginn 23. marz 1956.

Nr. 29/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Friðrik K. Sigfússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 16. apríl 1956.

Nr. 46/1956. **Halldór Sigfússon, skattstjóri í Reykjavík,**
gegn
Guðlaugi Ásgeirssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Um vitnaskyldu skattstjóra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 9. marz s.l. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur frá 7. s. m. í vitnamálinu: Guðlaugur Ásgeirsson gegn Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Barst kæran til Hæstaréttar hinn 15. marz s.l. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður bæjarþingsins verði felldur úr gildi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Í vitnamáli þessu krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili, sem er skattstjóri í Reykjavík, komi fyrir dóm sem vitni og gefi skýrslu um áætlun sína á tekjum varnaraðilja útsvarsárið 1954 til afnota í fógetaréttarmáli, þar sem borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krefst lögtaks í eignum varnaraðilja til tryggingar útsvari því, er á hann var lagt í Reykjavík árið 1955.

Samkvæmt 17. gr. útsvarslaga nr. 66/1945 skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður útsvörum í kaupstöðum, og samkvæmt 4. gr. sömu laga skal niðurjöfnunarnefndin ákveða fjárhæð útsvarsins eftir efnum og ástæðum, sbr. og 5. gr. sömu laga, þar sem nefndinni er heimilað að áætla gjaldanda eignir og tekjur, ef hún telur framtal hans ekki fullnægjandi. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 48/1954 er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.

Þar sem niðurjöfnunarnefnd á samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum að ákveða sjálfstætt fjárhæð útsvara, bar varnaraðilja að leita til hennar samkvæmt nefndri 2. gr. laga nr. 48/1954, ef hann vildi afla sér vitneskju um álagningu útsvarsins, en telja verður skattstjóra óskylt að svara spurningum um grundvöll slíkrar álagningar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og synja um hina umkröfðu vitnaleiðslu. Þá ber og að dæma varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði sóknaraðilja, Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jónatans Hallvarðssonar.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1954 getur skattþegn krafið skattstjóra munnlegra skýrslna um það, eftir hverju hafi farið verið við ákvörðun tekna hans og eigna. Þetta hefur varnaraðili eigi gert, svo séð verði, um tekjuáætlun skattstjóra, þá er í máli þessu greinir. Að svo vöxnu máli verður skattstjóri eigi krafinn vættis um nefnda áætlun.

Samkvæmt þessu erum við samþykkir niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 7. marz 1956.

Vitnamál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. f. m., hefur Guðlaugur Ásgeirsson, Sauðagerði C, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. f. m., gegn skattstjóranum í Reykjavík, Halldóri Sigfússyni, Grettisgötu 46, hér í bænum, til vitnisburðar í máli þessu, sem rekið er í sambandi við hæstaréttarmálið nr. 189/1955: Guðlaugur Ásgeirsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur. Þá hefur vitnastefnandi einnig stefnt borgarstjóranum í Reykjavík, Gunnari

Thoroddsen, Oddagötu 8, hér í bænum, til réttargæzlu í máli þessu.

Vitnastefnandi hefur krafizt þess, að vitnastefndi gefi munnlega eða skriflega skýrslu fyrir dómi um áætlun sína á tekjum vitnastefnanda árið 1954, sem lögð er til grundvallar útsvarsálagningu á hann árið 1955.

Vitnastefndi hefur andmælt því, að sér beri skylda til að láta umrædda skýrslu í té fyrir dómi.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og engar kröfur eru gerðar af hans hálfu.

Vitnastefnandi kveður tildrög máls þessa þau, að hann hafi áfrýjað til Hæstaréttar lögtaksúrskurði borgarfógetans í Reykjavík frá 1. nóvember 1955 til tryggingar útsvari, sem á hann var lagt árið 1955. Með bréfi, dags. 18. febrúar 1956, kveðst vitnastefnandi hafa farið þess á leit við vitnastefnda, að hann gerði skriflega grein fyrir áætlun sinni á tekjum vitnastefnanda árið 1954, sem lögð er til grundvallar útsvarsálagningunni árið 1955. Með bréfi, dags. 21. febrúar 1956, neitaði vitnastefndi með vísun til 37. gr. laga um tekju- og eignarskatt að láta í té hina umbeðnu greinargerð. Vitnastefnandi telur óhjákvæmilegt að afla umræddrar greinargerðar vitnastefnda og hefur því höfðað mál þetta.

Vitnastefndi kveðst hafa skorazt undan því að láta vitnastefnanda í té hina umbeðnu skriflegu greinargerð með vísan til 37. gr. laga nr. 46/1954, og með vísan til sama lagaákvæðis óskar vitnastefndi eftir því, að úrskurður gangi um það, hvort honum beri skylda til að láta í té greinargerð fyrir dómi. Vitnastefndi telur ákvæði síðustu mgr. 37. gr. laga nr. 46/1954 hafa verið efnislega óbreytt í tekjuskattslögum frá upphafi. Kveðst hann ekki hafa talið sér skylt samkvæmt ákvæðum skattalaganna, og reyndar ekki heimilt heldur, að láta í té slíkar greinargerðir, sem óskað er eftir í máli þessu, enda hafi aldrei verið til þess ætlazt, að skattayfirvöld inntu slík störf af hendi. Þá sé og á það að líta, að hverjum skattgreiðanda sé frjálst að leita úrskurðar dómstólanna um réttmæti álagningar, og geri viðkomandi innheimtumaður eigi fullnægjandi grein fyrir álagningu skattsins í málflutningi sínum, þá bitni það á honum, en ekki skattgreiðandanum.

Mál þetta var þingfest hinn 27. f. m. Af hálfu vitnastefnanda komu þá fram gögn um framangreind bréfaskipti hans við vitnastefnda svo og greinargerð. Vitnastefndi sótti eigi sjálfur þing, en af hans hálfu var lögð fram greinargerð í málinu, þar sem hann krefst úrskurðar um það, hvort sér beri skylda til að láta

hina umbeðnu greinargerð í té fyrir dómi. Af hálfu vitnastefnanda var þess krafizt, að atriðið yrði tekið til úrskurðar. Í þinghaldi þessu var einnig sótt þing af hálfu réttargæzlustefnda.

Telja verður, að ákvæði síðustu málsgreinar 37. gr. laga nr. 46/1954 sé því ekki til fyrirstöðu, að sérhver skattþegn geti fyrir dómi krafið skattanefnd, í þessu tilviki skattstjórann í Reykjavík, sbr. 24. gr. sömu laga, upplýsinga um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna. Vitnastefndi hefur ekki notfært sér heimild 4. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 til þess að upplýsa með vottorði, eftir því sem unnt er, atriði þau, sem hér skipta máli. Þykir því bera að skylda vitnastefnda til að koma fyrir dóm og gefa upplýsingar um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna og eigna vitnastefnanda árið 1954.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitnastefnda, skattstjóranum í Reykjavík, Halldóri Sigfússyni, er skylt að koma fyrir dóm og veita upplýsingar um það, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna og eigna vitnastefnanda, Guðlaugs Ásgeirssonar, árið 1954.

Föstudaginn 20. apríl 1956.

Nr. 145/1955. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni og gagnsök (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. september 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember 1955 áfrýjað málinu með stefnu s. d.

Héraðsdómari átti að leiðbeina gagnáfrýjanda, sem er ólöglærður, um kröfugerð, öflun gagna og rökstuðning, eftir því sem þörf var. Síðan átti dómari í dómi að lýsa málsatvikum og málsástæðum, meta þær hverja fyrir sig og rökstyðja niðurstöðu sína. Dómara bar m. a. að taka til meðferðar deilu aðilja um umferð um hlið það, er í málinu greinir, frá því héraðsdómur gekk á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 24. júní 1950 í máli aðilja.

Þar sem héraðsdómari hefur vanrækt gersamlega að lýsa atvikum málsins um rétt til umferðar um hliðið og rökstyðja dóm sinn um þann rétt og því eigi gætt ákvæða 193. gr. laga nr. 85/1936, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Erlendssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 5. apríl 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 5. apríl, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 16. marz s.l.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, út gefinni 9. júní 1954, af Aron Guðbrandssyni forstjóra, Grenimel 32, Reykjavík, gegn Jóni Erlendssyni, bónda að Mógilsá, Kjalarnesi, og eru dómkröfur stefnandans þessar: að stefnda verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda yfir veg hans við þjóðveginn og

að stefndi verði dæmdur til að greiða bætur fyrir miska, óþægindi og tjón, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af báðum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans.

Sáttaumleitun fyrir sáttanefnd varð árangurslaus.

Mál þetta var með samkomulagi aðilja flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar og rekið og dæmt þar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, fékk stefnandi máls þessa, Aron Guðbrandsson, á leigu hjá þáverandi bónda að Mógilsá í Kjalarneshreppi blett úr landi jarðarinnar til 50 ára.

Árið eftir hóf hann framkvæmdir á landinu með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi, og síðan reisti hann þar vandaðan sumarbústað.

Þar sem vegurinn frá sumarbústaðnum kemur á þjóðveginn, setti Aron vandað hlið og læsti með lás, en lét ábúandanum, stefnda í máli þessu, í té lykil að lásnum. Ágreiningur reis milli aðilja máls þessa um heimild stefnandans til þess að læsa umræddu hliði með lás, og gekk dómur um þann ágreining í undirrétti hér 24. júní 1950, þar sem Aron Guðbrandssyni var veitt heimild til að læsa lásnum gegn því, að stefndi, Jón Erlendsson, fengi afhentan til afnota lykil að lás þessum. Máli þessu var síðan vísað til Hæstaréttar og undirréttardómurinn staðfestur þar með dómi Hæstaréttar 29. janúar 1954.

Mikill ágreiningur kom upp milli aðilja máls þessa út af fyrrgreindum vegi heim að sumarbústaðnum, afnotum hans af hálfu stefnda og ýmsum viðskiptum þeirra í því sambandi.

Stefnandinn hóf því mál á hendur eigendum Mógilsár, þar sem hann krafðist, að umræddur vegur væri viðurkenndur einkavegur hans og honum dæmt heimilt að girða veginn af með gaddavír, enda setji hann hlið á girðinguna, þar sem ábúandi Mógilsár hafi sett brýr yfir vegarskurðina.

Dómur í því máli var kveðinn upp í undirrétti þann 28. júlí 1953, en síðan áfrýjað til Hæstaréttar og dæmt þar 10. apríl 1954 með þeirri niðurstöðu, að viðurkennt er, að Aron Guðbrandsson sé einkaeigandi að vegarmannvirki því, sem liggur af þjóðvegi og að leigulandi hans og sumarbústað í landi jarðarinnar Mógilsár, og honum heimilað að afgirða veginn með sléttum vír, enda setji hann fjögur hlið á girðinguna á nánar tilteknum stöðum.

Enda þótt fengizt hafi úrlausn á ýmsum deilumálum þeirra stefnda og stefnandans með fyrrgreindum undirréttar- og hæsta-

réttardómum, telur stefnandinn, Aron Guðbrandsson, að hann hafi orðið fyrir ýmsum öðrum búsifjum af hendi stefnda, Jóns Erlendssonar, og hefur því talið sig tilneyddan að höfða mál þetta til þess að ná rétti sínum í viðskiptum þeirra.

Skal nú nánar vikið að þeim kröfum stefnandans og rökstuðningi þeirra.

I.

Eins og þegar er fram tekið, var stefnda með hæstaréttardómi frá 26. janúar 1954 áskilinn réttur til að hafa til afnota lykil að lás, sem framangreindu hliði hafði verið læst með. Nú heldur stefnandinn fram, að stefndi hafi fyrirgert þeim rétti sínum að hafa lykil til afnota að lásnum, því bæði hefði hann tekið lásinn burt og glatað honum svo, en vanrækt að loka hliðinu með þeim afleiðingum, að það brotnaði í tvennt í stormi. Margt fleira hefur stefnandinn tilnefnt í sambandi við afnot stefnda af hliðinu og umgengni um það, sem hann telur hiklaust leiða til þess, að stefndi sé sviptur fyrrgreindum rétti til að hafa lykil að lásnum.

Stefnandinn kannast að vísu við, að flest af því sé eldra en hæstaréttardómurinn frá 26. janúar 1954, en hann hefði ekki gætt þess sem ólöglærður maður að gagnáfrýja umræddum undirréttardómi til að fá þenna rétt niðurfelldan. Síðan hafi reyndar tilkomið ærnar sakir til að svipta stefnda þessum rétti, þar sem hann hafi í öllu haldið eftir sem áður uppteknum hætti í umgengni í sambandi við hliðið og notkun þess.

Dómarinn verður að fallast á, að framkoma stefnda, Jóns Erlendssonar, í sambandi við notkun umræddrs hliðs og meðferð hans á lás og lykli sé með þeim hætti, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að hafa lykil að lásnum, enda ekki upplýst um neina breytingu á afstöðu hans í þessu efni, eftir að téður hæstaréttardómur féll í málinu. Ber því að taka þessa kröfu stefnandans til greina.

II.

Stefnandinn sundurliðar bótakröfu sína, eins og hér segir:

1. Stefnandinn telur, að hann hafi vegna ágangs stefnda og fólks hans orðið að minnka notkun sumarhússins og eigna sinna þar um 37,5% á ári s.l. 6 ár, og nemi það kr. 10.162.50 af árlegum tilkostnaði af eignunum eða samtals í sex ár kr. 60.975.00.

2. Árið 1949 hafi stefndi eyðilagt slægju á túnblettinum við sumarhúsið með hrossabeit og skaðað stefnandann með því um kr. 1500.00.

3. Þá sé stefnanda um það að kenna, að grindin í hliðinu brotn-

aði í tvennt, en smíðuð og uppsett myndi hún ekki kosta minna en kr. 500.00.

4. Þá telur stefnandinn, að stefndi ætti að greiða fyrir afnot af einkavegi stefnandans að þjóðveginum ekki minna en helming viðhalds, sem stefnandinn reiknar á kr. 12.000.00 í 6 ár.

5. Enn fremur hafi stefndi týnt lás og lykli að hliðinu, en lásinn hafi kostað kr. 24.00.

6. Þá reiknar stefnandinn, að stefnda beri að greiða honum fyrir að opna hlið, sem verið hafi á ólöglegri girðingu yfir veginn að sumarhúsinu, og metur það kr. 3780.00.

Samtals nema þessar kröfur stefnandans á hendur stefnda samkvæmt framanrituðu kr. 78.779.00, en stefnandinn hefur lækkað bótakröfur þessar í kr. 25.000.00, sem er sú fjárhæð, sem gerð er krafa um í síðari lið stefnunnar.

Af hálfu stefnda hefur þessum sundurliðuðu kröfum stefnandans, 1—6, öllum verið mótmælt sérstaklega sem órökstuddum og tilefnislausum.

Dómarinn verður að fallast á, að stefnandinn hafi ekki fært fram fullnægjandi rökstuðning og gögn fyrir kröfum sínum, og auk þess verður að telja, að enginn grundvöllur sé fyrir kröfunum undir lið 1 og 6. Kröfurnar undir liðunum nr. 2, 3, 4 og 5 eru ekki studdar nægum sönnunargögnum gegn mótmælum stefnda, að því viðbættu, að eigi verður séð, að stefnandinn hafi haft þær kröfur uppi við stefnda fyrr en seint í þessum málaferlum, að gerð er grein fyrir þeim í dómskj. 32, sem lagt var fram 16. marz s.l., og eru þá kröfur þessar gamlar, sumpart raktar til ársins 1949, og verður því að telja þær of seint fram komnar og niður fallnar.

Með vísun til þess, sem hér er fram tekið, ber því að sýkna stefnda af bótakröfum stefnandans í máli þessu.

Þar sem kröfur stefnandans hafa að nokkru leyti verið teknar til greina, þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Erlendsson, skal sviptur rétti til að hafa lykil að læsingu á umræddu hliði stefnandans, Arons Guðbrandssonar, yfir veg hans við þjóðveginn.

Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnandans í máli þessu.

Þá greiði stefndi, Jón Erlendsson, stefnandanum, Aron

Guðbrandssyni, málskostnað með 500 krónum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. apríl 1956.

Nr. 68/1955. **Sameinaðir verktakar**
(Geir Hallgrímsson hdl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Kjartan Ragnars hdl.)
og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Kjartan Ragnars hdl.)
gegn
Sameinuðum verktökum og Árna Snævarr, Einari Gíslasyni, Guðmundi Halldórssyni, Halldóri H. Jónssyni og Tómasi Vigfússyni
(Geir Hallgrímsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1955. Hann krefst sýknu eða til vara sýknu að svo stöddu og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 4. janúar 1956, áfrýjað málinu með stefnu 6. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda, Sameinuðum verktökum, verði dæmt að greiða honum kr. 99.915.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá

þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að felldur verði niður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti í máli hans og stefndu, Árna Snævars, Einars Gíslasonar, Guðmundar Halldórssonar, Halldórs H. Jónssonar og Tómasar Vigfússonar.

Stefndu, Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon, krefjast þess, að ákvæði héraðsdóms um þá verði staðfest og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 6. gr. hinna upphaflegu samþykkta Sameinaðra verktaka segir, að samtökin komi að öllu leyti fram sem sérstök og sjálfstæð stofnun, og svo er kveðið á í niðurlagi 7. gr. samþykktanna, að þátttakendur ábyrgist sín á milli og gagnvart þriðja manni allar skuldbindingar samtakanna í þeim hlutföllum, sem framlagsfé þátttakenda segir til um. Samkvæmt gögnum málsins reka Sameinaðir verktakar sem sjálfstæður aðili stórfellda atvinnu, og taka allir þátttakendur á sig ábyrgð með framangreindum hætti á verkum, sem einstakir verktakar inna af hendi. Verða samtök þessi því að teljast félag í skilningi 1. málsgr. 3. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 6/1935, enda taka ákvæði 4. gr. og 16. gr. laganna ekki til samtaka þessara. Þar sem ákvæði 2. málsgr. 3. gr. sömu laga eiga hér ekki við, eru Sameinaðir verktakar því skattskyldir til ríkissjóðs sem félag, og getur það engu breytt að lögum, þótt ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir stofnun samtakanna.

Enn hafa eigi verið efni til, að Ríkisskattanefnd kveði á um fjárhæð skattgjalda þessara, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda, Sameinaða verktaka, að svo stöddu af dómkröfum gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor þessara málsaðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms, að því er varðar stefndu, og dæma þeim málskostnað úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sameinaðir verktakar, á að vera sýkn að svo stöddu af dómkröfum gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og ber hvor þessara málsaðilja kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms, að því er varðar stefndu, Árna Snævarr, Einar Gíslason, Guðmund Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon, og greiði gagnáfrýjanði þeim kr. 4000.00, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. september 1953, gegn Sameinuðum verktökum, hér í bæ, til viðurkenningar á skattskyldu stefnda samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 svo og til greiðslu skattskulda, að fjárhæð kr. 99.915.00, auk lögmæltra dráttarvaxta frá 1. september 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stjórnarmenn stefnda, þeir Halldór H. Jónsson arkitekt, Ægissíðu 88, Árni Snævarr verkfræðingur, Laufásvegi 46, Tómas Vigfússon húsasmíðameistari, Víðimel 57, Guðmundur Halldórsson húsasmíðameistari, Bergstaðastræti 9, og Einar Gíslason málarameistari, Bergstaðastræti 12, allir hér í bænum, verði persónulega sameiginlega dæmdir til greiðslu framangreindra skattskulda auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var greint.

Bæði aðalstefndu og varastefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með samningi, dagsettum 5. maí 1951, milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku tóku Bandaríkin að sér hervernd hér á landi. Með bráðabirgðalögum nr. 65 frá 1951 var samningi þessum veitt lagagildi hér á landi, og var það fyrirkomulag síðan staðfest með lögum frá Alþingi nr. 110 frá 1951. Brátt varð ljóst, að varnarlið Bandaríkjanna hér á landi myndi þurfa að reisa hér ýmis mannvirki í sambandi við dvöl sína, og var gert ráð fyrir, að íslenzkir aðiljar hefðu þær framkvæmdir á hendi að nokkru. Þeir, sem um mál þessi fjölluðu af hendi ríkisstjórn-

anna, munu hafa talið heppilegra, að aðeins einn aðili kæmi fram af hendi Íslendinga sem verktaki í sambandi við verk þessi. Mun íslenzka ríkisstjórnin hafa stuðlað að því, að ýmsir verktakar hér í bænum og nágrenni komu saman til að ræða þessi mál. Í ágústmánuði 1951 varð það að samkomulagi með verktökum þessum, að þeir stofnuðu samtök, er þeir nefndu Sameinaða verktaka (Associated Icelandic Contractors). Ekki voru samtök þessi tilkynnt til firmaskrár. Í samþykktum samtaka þessara, sem gerðar eru í ágústmánuði 1951, segir svo í upphafi:

„Samtök þessi eru stofnuð í samráði við ríkisstjórn Íslands með það fyrir augum að tryggja, að Íslendingar sjái um byggingaframkvæmdir varnarliðsins á Íslandi, og að þeir, sem áhuga hafa og tök á því að taka slíkar framkvæmdir að sér, hafi jafna aðstöðu til þess að gerast þátttakendur í samtökunum.

Eftir ástæðum geta samtökin einnig tekið að sér aðrar framkvæmdir, sem unnar eru að mestu leyti fyrir erlenda aðstoð eða erlent lánsfé.

Þátttakendur eru verktakar, múrarameistarar og trésmíðameistarar, sem hafa byggingarleyfi, þar sem þeir eru búsettir.

Enn fremur eru þátttakendur, sem sjálfstæðir verktakar, deildir meistara í hinum ýmsu iðngreinum, öðrum en trésmíði og múrverki, samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í samningi þessum".

Þá segir svo í 1. gr.:

„Til samtaka þessara er eigi stofnað í hagnaðarskyni sem sérstaks fyrirtækis, enda reka þau ekki atvinnu og er ekki ætlað að hafa neinar tekjur, og getur aldrei um eignasöfnun orðið að ræða. Samtökin veita móttöku greiðslum fyrir verk þau, er þau hafa með höndum, og skila þeim, að frádregnum sameiginlegum kostnaði í hendur þátttakenda í hlutfalli við hlutdeild þeirra í samtökunum".

Þá eru í samþykktum þessum ákvæði um framkvæmdastjórn og framlag þátttakenda. Í 6. gr. samþykkta þessara segir svo:

„Gagnvart þriðja manni koma samtökin að öllu leyti fram sem sérstök og sjálfstæð stofnun. Hefur hún heimili og varnarþing sem slík í Reykjavík. Á öllum skuldbindingum hennar bera þátttakendur ábyrgð í þeim hlutföllum og með þeim nánari takmörkunum, sem í samningi þessum greinir".

Þá segir svo í niðurlagi 7. gr.:

„Allar skuldbindingar samtakanna ábyrgjast þátttakendur innbyrðis og gagnvart þriðja manni eftir þeim hlutföllum, sem framlagsfé þeirra segir til um".

Framangreindar samþykktir virðast hafa gilt óbreyttar þar til 30. nóvember 1952, er þeim var breytt að nokkru.

Aðalstefndu hófu síðan mikla starfsemi, en munu aðeins hafa tekið að sér verk í sambandi við varnarliðsframkvæmdir. Í janúarmánuði 1952 tilkynntu aðalstefndu skattstjóranum í Reykjavík, að þeir hefðu greitt kr. 4.848.903.71 í vinnulaun á árinu 1951, væru þó stjórnarlaun, nefndalaun og þóknun fyrir endurskoðun eigi þar með talin. Aðalstefndu töldu eigi fram til skatts í byrjun árs 1952. Skattstjórinn í Reykjavík áætlaði þeim því kr. 200.000.00 í tekjur á árinu 1951 og að hrein eign þann 31. desember 1951 hefði numið kr. 200.000.00. Samkvæmt því gerði hann aðalstefndu að greiða kr. 40.950.00 í tekjuskatt, kr. 1635.00 í eignarskatt, kr. 16.730.00 í tekjuskattsviðauka og kr. 40.600.00 í stríðsgróðaskatt. Samtals nema þessir skattar kr. 99.915.00. Skattaálagningu þessa kærðu aðalstefndu til skattstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 7. júlí 1952, án þess að færa fram nokkur rök eða gögn önnur en samþykktir samtakanna. Kæru þessari var hrundið. Aðalstefndu skutu þá máli sínu til yfirskattanefndar Reykjavíkur með bréfi, dags. 9. ágúst 1952, en færðu eigi fram frekari gögn eða rök. Var úrskurður skattstjórans staðfestur af yfirskattanefnd. Aðalstefndu skutu þá máli sínu til Ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 14. nóvember 1952. Ríkisskattanefnd felldi hins vegar alla skatta aðalstefndu niður, og segir svo í úrskurði nefndarinnar, sem dagsettur er 1. maí 1953:

„Ekki verður séð, að „Sameinaðir verktakar" séu félag eða stofnun í skilningi 3. gr. laga nr. 6 frá 1935. Samtök þessi eru stofnuð í þeim tilgangi að vinna ákveðið verkefni fyrir varnarliðið á Íslandi. Þessum heildarsamtökum er ekki ætlaður hagnaður, sem kynni að verða á verkinu, né að safna eignum, heldur virðist hlutverk þeirra að miðla verkefnum til meðlima. Þá hafa allir meðlimir samtakanna gefið skriflega yfirlýsingu um, að þeir telji fram allan arð af verki þessu, hver á sínu framtali, það ár, sem hann reikningslega fellur til, enda er sá arður skattskyldur hjá meðlimunum".

Stefnandi vildi ekki una úrskurði þessum og höfðaði því mál þetta og gerði í því þær kröfur, sem að framan hefur verið getið.

Kröfur sínar á hendur aðalstefndu reisir stefnandi á því, að samtök þessi séu félag í merkingu ákvæða 3. gr. og 15. gr. laga þeirra, er þá giltu um tekju- og eignarskatt, nr. 6 frá 1935. Af samþykktum félagsins sé ljóst, að hér sé um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð gagnvart þriðja manni, því ákvæði niðurlags 7. gr. samþykktanna, er gangi í aðra átt, geti ekki haft neitt

gildi nema innbyrðis milli félagsmanna. Ekki komi til mála að heimila félaginu að skipta arði og eignum niður á félagsmenn og skattleggja þá eina, en sleppa félaginu, þar sem félagar séu fleiri en þrír. Engin beiðni hafi heldur komið fram um það atriði, eins og gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6 frá 1935. Aðalstefndu hafi ekki fengizt til að leggja fram nein gögn, er sýni eignir félagsins þann 31. desember 1951 né tekjur þess á árinu 1951. Hins vegar hafi komið fram efnahagsreikningur félagsins, miðaður við 30. júní 1952, og rekstrarreikningur yfir tímabilið frá stofnun félagsins til sama dags. Á efnahagsreikningnum komi fram ýmiss konar eignir, svo sem áhöld og vörubirgðir, sem séu afskrifaðar verulega á þessu tímabili. Þá komi einnig fram, að óráðstafað fé í sjóði nemi rúmlega kr. 105.000.00. Ekki sé ljóst, hvað af eignum þessum hafi myndazt á árinu 1951. Á það hefur verið bent, að greidd vinnulaun á árinu 1951 hafi verið talin kr. 4.848.903.71, en greidd vinnulaun fyrir tímabilið frá stofnun félagsins til 30. júní 1952 nemi alls kr. 6.049.626.75. Sé því full ástæða til að ætla, að meginhluti eignanna muni hafa verið myndaður fyrir 31. desember 1951, en það sé hið eina tímamark, er hér skipti máli. Hinir einstöku félagar muni hafa talið stofnframlög sín fram til skatts í ársbyrjun 1952, en engan arð af eign sinni í félaginu né neinn annan eignarhluta í því, og rekstrar félagsins hafi ekki verið getið í skattframtölum þeirra. Hafi því ekki komið til, að þeim væri gert að greiða skatt af því efni. Og þar sem aðalstefndu hafi ekki talið fram til skatts í ársbyrjun 1952 og enga grein gert fyrir eignum sínum og tekjum, hafi skattstjórinn í Reykjavík orðið að beita heimild 2. mgr. 34. gr. laga nr. 6 frá 1935 og áætla aðalstefndu eignir og tekjur og leggja skatt á félagið samkvæmt því. Þær ráðstafanir, sem aðalstefndu hafi gert síðar, séu máli þessu óviðkomandi.

Kröfur sínar á hendur varastefndu rökstyður stefndi með því í hinum munnlega málflutningi, að ástæða hafi verið til að ætla, að félagið myndi verða leyst upp, eftir að mál þetta var höfðað. Hafi því verið nauðsynlegt að stefna stjórnarmönnum félagsins til greiðslu skattanna persónulega, en enginn vafi sé á, að þeir séu persónulega ábyrgir fyrir greiðslu þeirra.

Aðalstefndu byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að samtökin séu ekki félag, er skatt beri að greiða í merkingu ákvæða 3. og 15. gr. skattalaganna nr. 6 frá 1935. Samtökin séu stofnuð fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og beinlínis að hennar ósk. Öllum hafi í upphafi verið ljóst, að ef til þess kæmi, að samtök þessi væru skattskyld, kæmi ekki til mála að stofna þau. Hins vegar

hafi aðiljar samtakanna skilið nauðsyn þess, að þau væru stofnuð, og því hafi málið haft framgang, enda allir þess fullvissir, að ekki kæmi til, að þau yrðu skattskyld. Samtökunum hafi strax við stofnun þeirra verið lagðar ýmsar opinberar skyldur á herðar. Þannig hafi þeim verið falin nokkur miðlun vinnuafls í landinu til að tryggja það, að óhæfilega mikið vinnuafl leitaði ekki frá framleiðslustörfum til varnarliðsframkvæmda, en hins vegar að notað væri vinnuafl frá þeim stöðum, þar sem atvinna var lítil. Með tilliti til þessa meðal annars hafi svo verið um samið, að samtök þessi ein fengju framkvæmd svonefndra undirverksamninga vegna byggingaframkvæmda varnarliðsins, en ekki aðrir án samráðs við ríkisstjórnina.

Samtök þessi séu og hafi verið opin öllum aðiljum, sem fullnægðu ákveðnum fyrirfram settum skilyrðum, og félagatal og stofnframlög séu því breytileg á hverjum tíma. Samtökin séu því í raun og veru ekkert annað en umboðsaðili þeirra, er myndi þau á hverjum tíma, en hafi sjálf engan rekstur með höndum. Þeim hafi aldrei verið ætlað að safna fé eða eignum eða hafa sjálf tekjur, aðrar en þær, sem nauðsynlegar væru til að standa straum af þeim kostnaði, sem beint stafaði af starfsemi þeirra. Ef hagnaður verði, beri að skipta honum á milli þátttakenda í samræmi við stofnfjárframlög þeirra, og sé þetta skýrt fram tekið í 1. gr. samþyktanna frá árinu 1951. Af þessu og með vísan til ákvæða 4. gr. og 16. gr. laga nr. 6 frá 1935 sé ljóst, að samtökin séu ekki skattskyld.

Þá telja aðalstefndu, að ekki sé um neinar tekjur eða eignir að ræða, sem skattur verði á lagður. Um áramótin 1951 og 1952 hafi ekki verið neitt fé fyrir hendi til að skipta á milli aðilja samtakanna. Þann 30. júní 1952 hafi að vísu verið talið, að hjá samtökunum lægju óráðstafaðar kr. 105.108.08. Eftir þann tíma hafi hins vegar komið fram reikningar, sem tilheyrðu tímabilinu frá stofnun samtakanna til 30. júní 1952, að fjárhæð kr. 51.665.43. Þannig hafi það fé, er legið hafi óráðstafað í vörzlum samtakanna, aðeins numið kr. 53.442.65. Þetta fé hafi verið látið renna inn í þann arð, er félögum samtakanna hafi verið úthlutað þann 30. desember 1952, samtals að fjárhæð kr. 710.043.36, og hafi það verið allur hagnaður frá stofnun samtakanna til þess tíma. Þenna hagnað hafi hinir einstöku félagar talið fram til skatts, svo sem skylt hafi verið, og greitt skatt af honum.

Þá hefur af hendi aðalstefndu verið á það bent, að samkvæmt varnarsamningi þeim, er gerður var 8. maí 1951 milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og veitt var

lagagildi með lögum nr. 110 frá 1951, sé gert ráð fyrir, að framkvæmdir varnarliðsins hér á landi skuli vera skattfrjálsar. Þetta hafi verið enn frekar staðfest með samkomulagi ríkisstjórnanna í marz 1952. Samkvæmt þessu hafi aldrei verið gert ráð fyrir neinum sköttum, er tilboð hafi verið gerð í verk fyrir varnarliðið, enda hafi samtökin skuldbundið sig til þess, að engir slíkir kostnaðarliðir væru innifaldir í tilboðum þeirra, er þau buðust til að taka að sér ákveðin verk.

Aðalstefndu hafa að lokum haldið því fram, að þar sem arður af hlutdeild í samtökunum hafi verið skattlagður hjá einstökum félagsmönnum, þá hafi stefnandi þar með firrt sig öllum rétti til að krefja samtökin sjálf um skatt.

Varastefndu byggja sýknukröfu sína á því, að ekki komi til mála að dæma þá persónulega til að greiða skatt þenna. Verði svo litið á, að aðalstefndu séu skattskyldir, þá beri þeim að greiða skattinn, en ekki einstökum félagsmönnum. Þá hafa varastefndu sérstaklega mótmælt því, að nokkurn tíma hafi komið til mála að leysa samtökin upp til þess að losna þannig við skattgreiðslur.

Eins og þegar hefur verið rakið, munu hin stefndu samtök hafa verið stofnuð að undirlagi ríkisstjórnarinnar, en slíkt veitir þeim ekki út af fyrir sig skattfrelsi. Af samþykktum aðalstefndu kemur fram, að tilgangur samtakanna er að afla félögum sínum hagnaðar með starfsemi sinni. Í 1. gr. samþyktanna, sem fyrr hefur verið rakin, segir að vísu, að samtökin reki enga atvinnu, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið, en að þau sjálf reki atvinnu í stórum stíl og hafi í þjónustu sinni fjölda starfsmanna. Falla þau því ekki undir þau félög, sem um ræðir í 4. gr. og 16. gr. laga nr. 6 frá 1935 og enga atvinnu reka og því njóta skattfrelsis. Með vísan til þessa verður að telja, að aðalstefndu séu í þeim flokki félaga, sem skattskyld verði að telja, enda fullnægja þau að engu leyti skilyrðum 2. mgr. 3. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 6 frá 1935 fyrir því, að heimilt sé að sleppa samtökunum sjálfum við skatt, en skattleggja hins vegar einstaka félagsmenn vegna rekstrarins. Þess er og að gæta, að engin beiðni um slíkt fyrirkomulag né gögn, varðandi það, voru send skattayfirvöldunum, að því er varðar tekjur ársins 1951 og eignir aðalstefndu þann 31. desember 1951, en það er það tímabil, sem hér er við miðað og mál þetta fjallar um.

Af hálfu aðalstefndu hafa engin gögn komið fram um það, hvernig högum félagsins var háttað um áramótin 1951 og 1952, og verður því ekki sagt um það með neinni vissu. Hins vegar er ljóst

af gögnum málsins, að verulegur rekstur hefur átt sér stað á árinu 1951.

Það verður ekki talið, að ákvæði 7. gr. viðbótarsamnings milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110 frá 1951, skipti hér nokkru máli, þar sem þau eiga alls ekki við aðra en erlenda þegna eða félög. Sama máli gegnir og um samkomulag það, er gert var 5. og 18. marz 1952 (dskj. 36 og 37), enda var það samkomulag gert eftir þann tíma, sem hér um ræðir, og hefur ekki verið veitt lagagildi. Þá er það og skattskyldunni óviðkomandi, þótt verið geti, að aðalstefndi hafi í rekstri sínum ekki gert ráð fyrir skattgreiðslum af sinni hendi.

Því er haldið fram, að aðalstefndu hafi úthlutað arði til félaga sinna í árslok 1952, og þar með hafi verið talinn arður, er hafi myndazt á árinu 1951, og að fé þetta hafi verið skattlagt með öðrum tekjum félagsmanna árið 1952. Ekki verður talið, að sú skattlagning geti á nokkurn hátt firrt stefnanda rétti til að krefja aðalstefndu um skatt af tekjum ársins 1951 og eignum þeirra í árslok það ár.

Með vísan til alls þessa verður að telja, að aðalstefndu hafi borið að greiða skatt af tekjum þeim, er þeir höfðu á árinu 1951, og eignum, miðað við lok þess árs. Þar sem aðalstefndu töldu ekki fram til skatts, svo sem þeim bar, í ársbyrjun 1952, var skattstjóranum í Reykjavík heimilt að beita ákvæðum 2. mgr. 34. gr. laga nr. 6 frá 1935 og áætla bæði tekjur og eignir. Eins og áður getur, hafa aðalstefndu enga grein gert fyrir hag félagsins um áramótin 1951 og 1952 eða tekjum þeirra árið 1951, og verður því að leggja áætlun þessa til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins að þessu leyti þau, að aðalstefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda samtals kr. 99.915.00 í skatta, en reikningslegri fjárhæð þeirra hefur ekki verið mótmælt. Þá verður með vísan til ákvæða 45. gr. laga nr. 6 frá 1935 að dæma aðalstefndu til að greiða vexti af fé þessu, 6% ársvexti frá 1. september 1952 til 31. desember s. á. og 12% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er aðalstefndu varðar.

Samkvæmt þessum úrslitum aðalsakar ber að sýkna alla hina varastefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Þykir rétt, að stefnandi greiði þeim málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna,

en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna óvenjulegra anna við borgardómaraembættið.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Sameinaðir verktakar, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 99.915.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til 31. desember s. á. og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Varastefndu, Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu, en stefnandi greiði þeim kr. 4000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1956.

Nr. 101/1955. **Pétur Ingjaldsson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Ingjaldsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. apríl 1956.

Nr. 11/1956. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju. Einnig greiði hann stefnda, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1956.

Nr. 122/1954. **Steinunn Guðmundsdóttir**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Helga Helgasyni (Jón Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðarréttindi og umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1954 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda í málinu og að gild verði metin gagnvart stefnda leiguréttindi hennar yfir lóð hússins nr. 20 A við Þórsgötu og gangréttur að norðvestanverðu yfir lóð hússins nr. 20 við Þórsgötu út á götuna, svo sem réttindi þessi eru ákveðin í leigugerningi Ágústs Ármanns, dags. 11. júlí 1924. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjaf-

sóknarmál, og að talsmanni hennar fyrir Hæstarétti verði ákveðin málssóknarlaun.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Hús áfrýjanda er í gögnum máls þessa ýmist talið nr. 20 A eða nr. 20 B við Þórsgötu. Á uppdrætti frá lóðarskrárritaranum í Reykjavík er húsið talið nr. 20 A, og verður því fylgt hér.

Með yfirlýsingu Ágústs Ármanns, dags. 11. júlí 1924, sem tekin er í heild upp í héraðsdóm, var Bjarna Guðnasyni veittur leiguréttur að baklóð hússins nr. 20 við Þórsgötu og gangréttur yfir lóð þess húss út á Þórsgötu, eins og nánar greinir í gerningi þessum. Á baklóðinni var reist íbúðarhúsið nr. 20 A með leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur. Hafa lóðarréttindi samkvæmt yfirlýsingu Ágústs Ármanns verið framseld með húsinu nr. 20 A við eigendaskipti, þar á meðal til áfrýjanda samkvæmt afsali, dags. 20. apríl 1937, en af hendi eigenda hússins var þess ekki gætt að þinglýsa gerningi Ágústs Ármanns, fyrr en áfrýjandi lét gera það hinn 2. október 1952.

Ágúst Ármann afsalaði Sæmundi Oddssyni húsinu nr. 20 við Þórsgötu hinn 28. október 1926. Í afsalinu segir Ágúst m. a.: „Loforð mitt um leigu á lóðinni, sem er undir bakhúsinu, skal hafa sitt fulla gildi gegn síðari eigendum þessa húss". Í afsali Sæmundar Oddssonar fyrir sama húsi til stefnda, dags. 20. apríl 1940, er lóðarréttinda hússins nr. 20 A hins vegar ekki getið, en Pétur Jakobsson, löggiltur fasteignasali, sem annaðist sölu hússins fyrir Sæmund, hefur fyrir dómi talið sig minna, að hann hafi sagt stefnda frá gerningi Ágústs Ármanns um baklóðina Þórsgötu 20 A, en að hann hafi jafnframt látið þess getið, að hann teldi gerninginn þýðingarlítinn. Af hálfu stefnda hefur þessi skýrsla Péturs Jakobssonar ekki verið véfengd hér fyrir dómi.

Húsið nr. 20 A við Þórsgötu er íbúðarhús, sem jafnan hefur verið í búið. Þegar stefndi keypti húsið nr. 20 við Þórsgötu, var honum þetta ljóst. Með því að húsið nr. 20 A stóð á hinni upphaflegu lóð hússins nr. 20, sem stefndi hugðist kaupa, hafði hann fyllstu ástæðu til að kynna sér rækilega, þar á

meðal með fyrirspurn til áfrýjanda, hvernig lóðarréttindum hússins nr. 20 A væri háttað. Frásögn Péturs Jakobssonar, sem að framan greinir, veitti honum og ríkt tilefni til að athuga þetta nákvæmlega, áður en hann festi kaupin. Eins og málum var háttað samkvæmt framansögðu, verður ekki talið, að stefndi hafi verið eða mátt vera grandlaus um tilvist lóðarréttinda áfrýjanda, enda þótt þeim væri ekki þinglýst. Þykir því verða að taka til greina kröfur áfrýjanda um sýknu af kröfum stefnda og að gild verði metin ákvæði gernings Ágústs Ármanns frá 11. júlí 1924 um lóðarréttindi og umferðarrétt áfrýjanda sem eiganda húseignarinnar nr. 20 A við Þórsgötu.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, en að laun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Steinunn Guðmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Helga Helgasonar, í máli þessu. Gild eru metin gagnvart stefnda lóðarréttindi og umferðarréttur áfrýjanda samkvæmt gerningi Ágústs Ármanns, dags. 11. júlí 1924, er þinglýst var 2. október 1952.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Laun skipaðs málflytjanda áfrýjanda hér fyrir dómi, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 26. júní 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. þ. m., hefur Helgi trésmíðameistari Helgason, Þórsgötu 20, hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, út gefinni 18. marz 1953, gegn Steinunni Guðmundsdóttur, Þórsgötu 20A, hér í bænum, og haft uppi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að láta afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur skjal, er hún lét þinglýsa hinn 2. október 1952 um kvaðir á lóðinni nr. 20 við Þórsgötu, svo og til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur

hún höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 24. september 1953, og krafizt þess, að viðurkennd verði með dómi leiguréttindi hennar yfir lóð þeirri, er fylgir húsi hennar nr. 20A við Þórsgötu, eins og þau eru ákveðin í fyrrgreindu skjali, er hún lét þinglýsa 2. október 1952. Enn fremur krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að mati dómsins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1920 seldi bæjarstjórn Reykjavíkur á leigu lóðina nr. 20 við Þórsgötu, 328 m² að stærð, og mun húsið nr. 20 hafa verið byggt á henni sama ár. Hinn 11. júlí 1924 er dagsettur „leigusamningur" svohljóðandi:

„Ég undirritaður Ágúst Ármann, Klapparstíg 39, Reykjavík, geri kunnugt, að ég með þessu bréfi mínu eftirlæt herra Bjarna Guðnasyni snikkara, Reykjavík, til byggingar bakpart leigulóðar minnar Þórsgötu 20, að stærð: 8.25 mtr. innfrá götu og 16 metra samkv. teikningu samhliða götunni.

Heimill er honum og þeim, er síðar kann að eignast lóð þessa, gangréttur að neðanverðu fram yfir lóðina út á Þórsgötu.

Allan kostnað, er leiðir af húsi þessu og byggingu brandgafls á Þórsgötu 20, ef krafizt verður, ber Bjarna Guðnasyni að greiða og sjá um að öllu leyti. Enn fremur er hann skyldur að sjá Þórsgötu 20 fyrir þvottahúsi.

Lóðargjald er ákveðið kr. 50.00 á ári og greiðist fyrst fyrir árið 1923 og síðan 1. apríl ár hvert.

Að öðru leyti skal hann (B. G.) sæta sömu kjörum, sem tekin eru fram í leigusamningi þeim, sem hr. borgarstjóri K. Zimsen og Ásmundur Magnússon hafa gert 5. ágúst 1920 um leigu á lóðinni nr. 20 við Þórsgötu.

Af leigusamningi þessum eru gerð tvö samrit, sitt handa hvorum aðilja.

Til staðfestu nöfn okkar beggja, undirrituð í viðurvist tveggja votta."

Ágúst Ármann, sem þá var eigandi hússins nr. 20 og handhafi leiguréttarins að lóðinni, undirritaði skjal þetta einn. Eigi lét Bjarni Guðnason þinglýsa skjali þessu, en hann virðist hafa komið upp húsi á þessum hluta lóðarinnar, því að með afsali, dagsettu 2. febrúar 1925, seldi hann Jóni kaupmanni Stefánssyni húseign sína nr. 20B við Þórsgötu „með tilheyrandi leigulóðarréttindum samkv. leigusamningi við herra Ágúst Ármann . . ." Jón Stefánsson lét eigi heldur þinglýsa afsali þessu né „leigusamningnum", en með afsali, dagsettu 9. maí 1925, seldi hann Eiríki Einarssyni hús-

eign þessa „með tilheyrandi leigulóðarréttindum". Eiríkur lét eigi þinglýsa afsalinu til sín. Hann lézt árið 1930, og mun ekkja hans, gagnstefnandi máls þessa, hafa setið í óskiptu búi eftir hann síðan. Árið 1936 seldi gagnstefnandi húseignina Katli Jónassyni, og segir í afsalinu m. a. „með leiguréttindum að meðfylgjandi leigulóð, að stærð 8,25 metrar frá götu og 16 metrar samhliða götu samkvæmt lóðarbréfi, út gefnu 11. júní (sic) 1924 af hr. Ágúst Ármann ..." Afsali þessu og afsali Jóns Stefánssonar til Eiríks Einarssonar var þinglýst samtímis í marz 1937, en með afsali, dags. 20. apríl s. á., seldi Ketill gagnstefnandi húseignina aftur, og var afsalinu þinglýst í maí 1937, og hefur gagnstefnandi átt húseignina síðan.

Með afsali, dags. 28. október 1926, seldi Ágúst Ármann Sæmundi Oddssyni húseignina nr. 20 við Þórsgötu ásamt réttindum til meðfylgjandi leigulóðar. Í afsali þessu segir m. a.: „Loforð mitt um leigu á lóðinni, sem er undir bakhúsinu, skal hafa sitt fulla gildi gegn síðari eigendum þessa húss". Með afsali, dags. 20. apríl 1940, seldi Sæmundur Oddsson aðalstefnanda húsið „ásamt leigulóðarréttindum, óátalið af öllum", og var afsalinu þinglýst í júní 1940.

Gagnstefnandi lét þinglýsa framangreindu skjali, dagsettu 11. júlí 1924, undirrituðu af Ágúst Ármann, og var það samkvæmt vottorði borgarfógeta fært í veðmálaskrá 2. október 1952. Á vottorðinu er þessi viðbót: „Sést ekki, að núverandi skráðum eiganda að Þórsgötu 20, Helga Helgasyni, sé kunnugt um efni skjals þessa". Eftir að aðalstefnanda varð kunnugt um þessa ráðstöfun gagnstefnandi, ritaði hann henni bréf, dags. 14. febrúar 1953, og segir í því m. a.: „Út af þessu vil ég tjá yður, að ég hefi aldrei séð plagg þetta né vitað um tilvist þess, og mótmæli ég því sem röngu, óstaðfestu, þýðingarlausu og mér algerlega óviðkomandi.

Tel ég yður enga heimild hafa, hvorki samkvæmt þessu plaggi né öðru, til þess að láta þinglýsa einu eða neinu á framangreindri fasteign minni eða leigulóð, og krefst ég þess því, að þér tafarlaust látið afmá þetta úr veðmálabókum Reykjavíkur." Höfðaði hann síðan mál þetta.

Gagnstefnandi styður kröfur sínar við það, að leigu- og umferðarréttur hennar, sá er upphaflega var stofnaður með yfirlýsingu Ágústs Ármanns frá 11/7 1924, hafi verið nægjanlega innfærður í veðmálabækur Reykjavíkur svo og í bækur lóðaskrárritarans í Reykjavík til þess að hljóta fulla vernd gagnvart eigendum Þórsgötu 20, og hafi þinglýsing yfirlýsingarinnar 2. október 1952 einungis verið til samræmis og fyllri upplýsinga því, sem þegar lá fyrir þinglýst og skrásett. Þá heldur hún því og fram, að

aðalstefnanda hafi verið kunnugt um þessi réttindi hennar, þegar hann keypti nr. 20 eða að minnsta kosti þegar á eftir, enda hafi hann látið hana greiða helming leigugjalds eftir lóðina í heild, frá því að hann eignaðist nr. 20 og til ársins 1952. Telur hún aðalstefnanda því bundinn við að viðurkenna þessi réttindi hennar.

Aðalstefnandi hefur komið fyrir dóm í máli þessu og lýst yfir því, að hann hafi eigi séð yfirlýsingu Ágústs Ármanns né þekkt efni hennar, fyrr en eftir að henni var þinglýst. Eigi heldur kveðst hann hafa séð afsal Ágústs til Sæmundar Oddssonar né þekkt efni þess fyrr en í þessu máli. Meðal gagna málsins er veðbókarvottorð, dags. 19. apríl 1940, þar sem eigi getur annarra hafta eða kvaða á Þórsgötu 20 „með tilheyrandi leigulóð" en veðskulda við Söfnunarsjóð Íslands. Hefur aðalstefnandi lýst yfir því, að hann hafi eigi skoðað önnur skjöl en þetta veðbókarvottorð, þegar hann keypti eignina, og kveðst hafa talið sig kaupa eignina hafta- og veðbandalausa, að öðru leyti en þar segir. Ekkert hefur komið fram, er hnekki þessum staðhæfingum aðalstefnanda, enda þykir sú staðreynd, að hann lét gagnstefnandi taka þátt í greiðslu lóðarleigunnar, ekki jafngilda viðurkenningu hans á sjálfstæðum leiguréttindi hennar. Eigi verður talið, að aðalstefnanda hafi verið skylt að kanna veðmálabækurnar, frekar en fyrrgreint veðbókarvottorð gaf efni til, og eins og fyrr var lýst, verður ekki séð, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til annars en að treysta vottorðinu. Samkvæmt þessu verður eigi talið, að aðalstefnandi sé bundinn við margnefnda yfirlýsingu Ágústs Ármanns, og verður krafa hans því tekin til greina í aðalsök, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Með vísan til framanritaðs ber að taka til greina sýknukröfu gagnstefnda í gagnsökinni, og þykir einnig þar rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn skipuðu Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir dr. Ólafur prófessor Lárusson og Árni Snævarr verkfræðingur.

Dómsorð:

Í aðalsök er aðalstefndu, Steinunni Guðmundsdóttur, skylt að láta afmá framangreint skjal úr veðmálabókum Reykjavíkur, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Helgi Helgason, vera sýkn af kröfum gagnstefnandi, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. maí 1956.

Nr. 10/1956. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Magnúsi Jónssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, verður að telja nægjanlega leitt í ljós, að ákærði hafi aðfaranótt 13. marz 1955 gert tilraun til að aka bifreiðinni R 608, enda þótt hann væri þá mikið ölvaður. Varðar verknaður þessi við þau lagaboð, sem í héraðsdómi greinir, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1955.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dags. 15. júlí s.l., gegn ákærða, Magnúsi Jónssyni heildsala, Bústaðavegi 97, hér í bæ,

fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. marz s.l., um klukkan 03.00, ölvaður gert tilraun til þess að aka bifreið sinni R 608, þar sem hún stóð utan vegar skammt fyrir vestan Elliðaár, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, fæddur 15. september 1911 að Fljótsbakka í Fljótshlíð.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1939 13/6 Undir rannsókn fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur. Fellt niður.

1940 13/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir meint brot gegn 26. kap. hegningarlaganna. 800 króna sekt og ólögmætur ágóði, kr. 1046.62, gerður upptækur fyrir brot á lögum nr. 70/1937, lögum nr. 52/1925 og lögum nr. 62/1938.

1942 29/5 Sátt, 25 króna sekt fyrir að sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1950 15/3 Kærður fyrir árás. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 21/9 1950.

1954 29/3 Sátt, 50 króna sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar og 7. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 13. marz s.l., kl. 03.15, voru lögregluþjónarnir Gunnar Einarsson og Jóhannes Björgvinsson á leið um Suðurlandsbraut. Skammt fyrir vestan Elliðaár sáu þeir bifreiðina R 608 utan vegar. Var hún í gangi, og sat ákærði undir stýri, áberandi ölvaður að sögn lögreglumannanna. Ákærði var nú fluttur á lögreglustöðina. Neitaði hann að hafa ekið, en kvað konu sína hafa gert það. Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn hringdi heim til konu ákærða, og kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni frá Krossamýri 14 og að Elliðaánum, en orðið þar sundurorða við mann sinn, og hafi bifreiðin staðið á vegkantinum, þegar hún fór af staðnum. Ákærði neitaði að láta taka úr sér blóðsýnishorn og var geymdur í fangaklefa í lögreglustöðinni til morguns.

Fyrir dómi játaði ákærði að hafa verið drukkinn, en kveðst ekki hafa ekið bifreið sinni sjálfur, heldur kona sín. Hafi hún lent þarna út af veginum, en ekki vissi hann orsakir þess. Reyndi hún að ná bílnum upp, en tókst ekki og fór burt til þess að ná í hjálp,

að því er ákærði hélt. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann reyndi að ná bifreiðinni upp á veginn, og ekki mundi hann heldur, hvort bifreiðin var í gangi, þegar kona hans fór, en taldi líklegt, að bifreiðin hafi verið í gangi, er lögreglan kom að henni, þótt hann vissi það ekki með vissu. Vitnið Hrefna Þórðardóttir, kona ákærða, ber, að hún hafi ekið R 608 frá Krossamýrarvegi 14, þar sem hún var gestkomandi ásamt manni sínum umrætt kvöld. Er komið var nokkurn spöl vestur fyrir Elliðaárbrýrnar, þurfti maður hennar að skreppa út, en er hann kom inn í bílinn aftur, fór hann að tala um, að hún æki ekki lengur. Varð úr þessu orðasenna milli þeirra, og skildi hún bílinn eftir og fór gangandi heimleiðis. Til þess að ákærði tæki síður bílinn, kvaðst hún hafa ekið honum út af veginum. Drap hún á bifreiðinni, áður en hún fór, og tók kveikjuláslykilinn með sér, en ákærði hafði annan lykil. Vitnið kveður það ekki rétt í frásögn ákærða, að hún hafi reynt að ná bifreiðinni upp á veginn aftur. Út af frásögn sinni í símtalinu við Jóhannes Björgvinsson, sem áður getur, sagðist vitnið þá ekki hafa verið komið lengra í frásögn sinni en er hún stanzaði á vegkantinum og kveðst ekki hafa verið spurð nákvæmlega út í þetta í símanum. Vitnið Jóhannes ber hins vegar, að kona ákærða hafi sagzt hafa skilið bílinn eftir á vegkantinum, og er vitnið sagði henni, að bifreiðin væri þar ekki, virtist það koma flatt upp á hana. Vitnið Hrefna gaf skýrslu sína strax um morguninn, áður en hún gat haft samband við ákærða, og þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu hennar fyrir dómi um þetta. Er ákærða var gerður kunnur framburður konu sinnar, kvað hann framburð hennar hljóta að vera réttan, enda hafi hún verið ódrukkin, en hann muni ógerla eftir atvikum sökum ölvunar. Hélt ákærði fast við það, að hann hefði ekkert ekið bifreiðinni.

Lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Gunnar Einarsson hafa báðir borið, að bifreið ákærða hafi verið í gangi, er þeir komu að, og var ákærði undir stýri í bifreiðinni og einn í henni. Þá bera vitnin, að sýnilegt hafi verið af hjólförum, að reynt hafi verið að aka bifreiðinni burt, en ekki tekizt, sökum þess að hjólin höfðu sokkið í aurmel þann, sem bifreiðin stóð á sunnan Suðurlandsbrautar.

Verður með framburði lögregluþjónanna og öðru því, sem fram er komið í málinu, að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gert tilraunir til að aka bifreiðinni R 608 umrætt sinn, og er með eigin játningu hans sannað, að hann var þá mikið ölvaður.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur bent á það, að enda þótt talið yrði sannað, að ákærði hefði gert tilraunir til að aka bifreið

sinni í umrætt skipti, þá hafi verið um ónothæfa tilraun að ræða, og beri að láta refsingu hans eftir atvikum niður falla samkvæmt 3. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu þykir ákærði hafa orðið sannur að því að gera tilraun til að aka bifreið ölvaður. Í 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga er slíkur tilraunaakstur mæltur refsiverður. Dómurinn lítur svo á, að eins og atvikum er háttað í máli þessu, beri ekki að beita ákvæði 3. mgr. 20. gr. hegningarlaganna um ónothæfa tilraun, enda þótt talið yrði sannað, að ekki hefði verið unnt að aka bifreið ákærða með eigin vélarafli burt af þeim stað, þar sem hún sat föst í umrætt skipti, enda verður að telja, að honum hafi verið önnur ráð tiltækileg til að ná upp bifreiðinni, hefði honum gefizt ráðrúm til.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið þau lagaákvæði, sem í ákæruskjali greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 10 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna bera að svipta ákærða ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd ökuleyfissviptingarinnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. maí 1956.

Nr. 23/1956. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, Hilmari Mýrkjartanssyni og Úlfari Guðjónssyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar hvers hinna ákærðu verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Hinum ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar hvers hinna ákærðu er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson, Hilmar Mýrkjartansson og Úlfar Guðjónsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. janúar 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 18. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 13—15/1956: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, Hilmari Mýrkjartanssyni og Úlfari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 13. sama mánaðar.

Ákærðir eru Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson bifreiðarstjóri, Laugavegi 43, hér í bæ, Hilmar Mýrkjartansson bifreiðarstjóri, Eskihlíð 9, hér í bæ, og Úlfar Guðjónsson bifreiðarstjóri, Hraunteig 24, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekir um áfengislagabrot samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954 með því að flytja hinn 23. apríl 1955 í bifreiðinni G 486 108 flöskur af ákavíti frá Suðurnesjum, Keflavík og Vogum, áleiðis til Reykjavíkur og geta ekki gert grein fyrir, að áfengið væri ekki ætlað til sölu.

Eru menn þessir ákærðir til refsingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, til að sæta upptöku áfengisins og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. maí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1938 8/3 Kærður fyrir meint hnupl á dúfum. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1938 5/8 Kærður fyrir að hræða skepnur með hvellbyssu. Sams konar afgreiðsla.

1939 10/7 Kærður fyrir brot á umferðarreglum (hjólreiðar í Bankastræti). Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1939 16/10 Kærður fyrir þjófnað og spellvirki. Sams konar afgreiðsla.

1944 28/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir grot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1944 6/12 Sátt, 100 kr. sekt, 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og árás.

1945 24/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

1947 6/2 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1947 27/2 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi. Greiði kröfuna, kr. 19.00.

1947 17/4 Rvík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum (1100/1947). Dómur Hæstaréttar í sama máli 11/11 1947, 15 daga varðhald og sviptur ökuskírteini ævilangt.

1947 4/9 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.

1947 18/1 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

1947 18/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 17/2 Rvík. Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytisins 21/7 1950.
1951 9/2 Rvík. Veitt ökuleyfi á ný með stjórnarráðsúrskurði.
1951 8/6 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1951 21/6 Rvík. Felld niður málssókn samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins fyrir líkamsárás.
1951 4/12 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1952 6/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1952 9/5 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 95/1946, sbr. 36. gr. tolllaga.
1954 12/1 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.
1954 8/4 Rvík. Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Hilmar Mýrkjartansson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. ágúst 1928 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1948 26/2 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir of hraðan og ógætilegan akstur.
1949 18/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1950 3/8 Rvík. Dómur: 1200 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og hegningarlögum.
1951 10/10 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1951 5/11 Rvík. Áminning fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
1953 11/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaga.
1953 27/11 Rvík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1951. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 26/1 1954.

Ákærði Úlfar Guðjónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. september 1924 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1955 5/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1955 28/5 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Laugardaginn 23. apríl síðastliðinn var Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn við almennt lögregluefirlit á þjóðveginum skammt sunnan Hafnarfjarðar. Stöðvaði hann þar, eftir því sem tök voru

á og án sérstaks fyrirfram gefins tilefnis bifreiðar, sem um veginn fóru, í því skyni að athuga, hvort haldin væru lög, einkum bifreiðalögin og áfengislöggjöfin, bæði um bann við áfengisneyzlu bifreiðarstjóra, um ólöglegan áfengisflutning o. fl.

Í þessu starfi stöðvaði lögregluþjónninn bifreiðina G 468, sem kom að sunnan. Henni stjórnaði Pétur Valdimarsson, Hraunsholti í Garðahreppi, en hinir ákærðu voru farþegar í henni. Lögregluþjónninn hafði ekki fyrirfram grun um, að í bifreið þessari væri flutt áfengi, en um leið og hann leit inn í hana, sá hann áfengiskassa í henni. Þegar hann innti farþegana eftir þessu áfengi, sögðu þeir, að meira áfengi væri í farangursgeymslunni, og reyndist svo vera. Í bifreiðinni voru alls 9 kassar, alls 108 heilflöskur, af ákavíti frá Áfengisverzlun ríkisins.

Hinir ákærðu, farþegar í bifreiðinni, sögðust eiga áfengið og ætla það til eigin nota, og höfðu þeir opnað eina flöskuna og voru farnir að drekka úr henni. Bifreiðarstjórinn var ekki sagður eiga neitt af áfenginu, og hefur ekkert komið síðar fram um, að svo hafi verið.

Þar sem lögregluþjónninn taldi ákærðu eigi veita viðhlítandi skýringar um áfengið, færði hann þá fyrir dómara og skýrði frá málavöxtum um töku áfengisins.

Þegar þetta gerðist, var verkfall hér í bænum og áfengisútsölurnar hér lokaðar, en senda mátti áfengisverzlunin áfengi í póstkröfu til annarra staða.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að ákærði Magnús hafi fyrir þá alla sameiginlega pantað áfengið, sem þeir höfðu meðferðis í bifreiðinni, í áfengisverzluninni hér í bænum, og var það ráðagerð þeirra, að hver keypti þriðjung þess.

Ákærði Magnús skýrir svo frá, að hann hafi um þremur dögum fyrir 23. apríl pantað 48 flöskur af ákavíti á nafn Ástvalds Gunnlaugssonar vélstjóra, Hofi í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, og hinn 22. apríl 60 flöskur sama áfengis á nafn Jóns Björnssonar, Suðurgötu 79 í Keflavík. Þessa menn sagði ákærði Magnús upphaflega vera kunningja sína, en síðar í sama þinghaldi skýrir hann þó frá því, að hann sé ókunnugur Jóni Björnssyni. Kom það og síðar í ljós, að Suðurgata 79 í Keflavík er ekki til og að hæsta húsnúmer við þá götu er 31. Ákærði Magnús, sem annars kveðst engin deili vita á Jóni þessum, segist hafa hitt hann á götu hér í bænum og þá hafa farið fram á það við hann að mega panta áfengi á hans nafn, og hafi maðurinn samþykkt það og sagt heimilisfang sitt, og megi vera, að ákærði hafi tekið skakkt eftir því. Eigi minnist ákærði þess að hafa sagt Jóni þess-

um, hve mikið áfengi hann hugsaði sér að kaupa út á nafn hans, og eigi áskildi Jón sér nein fríðindi fyrir að leggja nafn sitt til á áfengispöntun þessa.

Um Ástvald Gunnlaugsson vélstjóra er það að segja, að hann er kvæntur frænku ákærða Magnúsar, og þekkjast þeir því hin síðari ár, en eigi vissi þó ákærði rétt föðurnafn Ástvalds í upphafi rannsóknar málsins, þar sem hann nefndi hann Guðlaugsson. Þeir ákærðu Magnús og Ástvaldur eru sammála um, að meðan á verkfallinu stóð, hafi hinn fyrrnefndi farið fram á það við hinn síðarnefnda að fá að panta áfengi á nafn hans og láta senda það í póstkröfu í póstafgreiðsluna í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi. Ástvaldur tók þessu í fyrstunni ekki vel, en lét þó til leiðast að leyfa þetta, og átti hann engin afskipti að hafa af áfengispöntuninni, önnur en að leggja til nafn sitt. Ókunnugt var Ástvaldi, hve ákærði ætlaði að panta mikið áfengi á nafn hans eða hvað hann ætlaði að gera við það.

Að morgni 23. apríl fóru svo hinir ákærðu saman að sækja áfengispantanirnar og fengu til fararinnar leigubifreið þá, sem áður er nefnd. Fyrst fóru þeir til Keflavíkur, og fékk ákærði Magnús þar í póstafgreiðslunni afhenta áfengispöntunina án þess að gera nokkra tilraun til að finna Jón Björnsson. Síðan fóru þeir í Voga, og fékk ákærði Magnús þar Ástvald Gunnlaugsson með þeim í póstafgreiðsluna þar. Ástvaldur gaf sig þar fram sem pantanda áfengissendingarinnar, og var hún afhent, en greidd af ákærðu hálfu, og höfðu þeir hana á burt með sér. Nokkuð misjafnt greiddu ákærðu fyrir áfengið, Magnús mest, Úlfar næstmest, en Hilmar minnst, en sammála eru þeir um, að þeir hafi átt áfengið að þriðjungi hver og ætlað brátt að gera viðskiptin upp.

Um ákærða Úlfar skal þess getið, að hann skýrði í upphafi rangt frá ýmsum málsatvikum, en leiðrétti þær missagnir við samprófun.

Allir hafa hinir ákærðu neitað að hafa ætlað áfengið til sölu, en haldið því fram, að þeir hafi ætlað það til eigin neyzlu án þess þó að hafa gert grein fyrir neinu sérstöku tilefni til öflunar svo mikils áfengis sem þessa.

Ákærði Magnús hefur í þessu sambandi tekið fram, að hann neyti áfengis annað veifið, stundum allt að tíu sinnum á mánuði, og fyrir komi, að hann fari á túra, en þó ekki heilu mánuðina.

Ákærði Úlfar skýrir svo frá í þessu sambandi, að hann sé drukkinn aðra hverja viku.

Allir voru ákærðu leigubifreiðastjórar, þegar þetta gerðist, en

tveir þeirra, Magnús og Hilmar, hafa skýrt svo frá, að þeir hafi ekki stundað leigubifreiðaakstur, meðan á verkfallinu stóð.

Alkunna er, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðastjórar stundi áfengissölu, og styðst sá grunur ekki hvað sízt við þá staðreynd, að ýmsum mönnum úr þeirri stétt hefur á undanförnum árum verið refsað fyrir áfengissölu. Með þetta í huga hlaut það að koma lögregluþjóninum mjög grunsamlega fyrir sjónir, að ákærðu höfðu meðferðis 107 óáteknar ákavítisflöskur í umrætt sinn, og var honum bæði rétt og skylt að gera dómara aðvart um þetta atvik.

Mjög verður að teljast ólíklegt, að ákærðu hafi ætlað að nota áfengið sjálfir til eigin neyzlu eða veitinga, enda hafa þeir eigi nefnt nein sérstök tilvik, sem gefið hefðu getað eðlileg tilefni til ákavítiskaupa þessara. Tveir þeirra hafa að vísu rökstutt áfengiskaup þessi með því, að þeir væru miklir drykkjumenn, en þær staðhæfingar, þó sannar væru, geta ekki veitt nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Niðurstaðan verður því sú, að eigi er talið, að ákærðu hafi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hafa þeir því gerzt brotlegir gegn 19. gr., 3. og 4. mgr., áfengislaganna nr. 58/1954, og ber að ákveða þeim refsingu samkvæmt 42. gr., 2. mgr., sömu laga.

Áfengið áttu þeir að þriðjungi hver, þ. e. a. s. 107 flöskur: 3 = 35⅔ flöskur hver. Á þessum tíma var verð hverrar ákavítisflösku kr. 90.00. Samkvæmt þessu ber að ákveða refsingu hvers hinna ákærðu kr. 16050.00 til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 75 daga í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 42. gr., 2. mgr., áfengislaganna ber að gera áfengið, 107 ákavítisflöskur, upptækt til handa ríkissjóði.

Ákærðu Magnús og Úlfar ber að dæma in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 800.00. Allan annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða in solidum.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærðu, Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson, Hilmar Mýrkjartansson og Úlfar Guðjónsson, greiði kr. 16050.00 hver í sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 107 ákavítisflöskur eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson og Úlfar Guðjónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 800.00, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1956.

Nr. 144/1955. **Ásgrímur Halldórsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Norðurleið h/f og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 26. september 1955 og skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á. Krefst hann þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að dæmd fjárhæð verði færð niður. Hann krefst þess enn, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað af málinu í héraði, en honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. október 1955 og gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. október s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 58.875.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi krafðist þess í héraði, að krafa gagnáfrýj-

anda yrði færð niður, og verður að leggja þann skilning í málflutning hans þar, að hann hafi viljað sætta sig við að bera einn þriðja sakar, svo sem síðar var ákveðið í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og þar sem eigi eru efni til að dæma gagnáfrýjanda hærri fébætur né annan málskostnað en í héraðsdómi greinir, þykir rétt að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ásgrímur Halldórsson, greiði gagnáfrýjanda, Norðurleið h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Norðurleið h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. janúar 1954, gegn Ásgrími Halldórssyni bónda, Hálsi, Öxnadal, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaárekstrar, að fjárhæð kr. 79.958.29, með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda, að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður verði látinn niður falla.

Almennum Tryggingum h/f, hér í bænum, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, A 331, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu, og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að hinn 16. nóvember 1951 varð árekstur milli bifreiðanna R 4715, eignar stefnanda, og bifreiðarinnar A 331, eignar stefnda, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar skemmdust og farþegar í R 4715 hlutu nokkur meiðsl.

Ökumaður R 4715 hefur skýrt svo frá atvikum, að þann 16. desember 1951 hafi hann ekið bifreiðinni sem leið liggur frá Siglufirði áleiðis til Akureyrar. Bifreiðin R 4715 flytur 26 farþega, og voru í henni allmargir farþegar í umrætt sinn. Ökumaðurinn skýrir svo frá, að í Siglufjarðarskarði hafi verið nokkur snjór,

og hafi hann því haft þá snjókeðjur á hjólum bifreiðarinnar. Er komið var inn í Skagafjörð, hafi verið alautt, og hann því tekið snjókeðjurnar af í Hofsósi. Eftir það hafi hann ekki sett snjókeðjur á hjól bifreiðarinnar, enda vegurinn verið að mestu auður og hvergi hálka, sem komið hafi að sök. Um kl. 21 var hann kominn yzt í Öxnadalshóla undan bænum Hrauni, en þar hafi verið dálítil ísing á veginum. Ökumaðurinn hefur skýrt svo frá, að á þessum kafla liggi vegurinn um hólana. Hann hafi ekið sem leið liggur upp úr djúpri lægð og upp á hól einn. Er þangað hafi verið komið, hafi hann séð bifreiðina A 331 nokkuð undan, en þar sem hann hafi verið kominn framhjá útskoti á háhólnum, hafi hann haldið áfram. Hafi bifreið þessi staðið á hægri vegarbrún frá honum séð og verið með fullum ljósum. Kveðst ökumaðurinn þá hafa ekið með um 30 km hraða, miðað við klukkustund, en strax skipt hreyfli bifreiðarinnar úr 4. í 3. ganghraðastig. Hreyfillinn hefur 4 ganghraðastig áfram. Þá hafi hann hemlað nokkuð, en ekki mikið af ótta við, að bifreiðin snérist til á veginum vegna hálkunnar, en hraði hennar hafi þá verið kominn niður í 15—18 km, miðað við klukkustund. Ljósin á A 331 hafi verið svo sterk, að hann hafi verið töluvert blindaður frá þeim tíma, er hann sá A 331, og þar til áreksturinn varð. Þó hafi hann séð nokkuð til, en hvorki séð útlínur bifreiðarinnar né vegarins, en ekki treystst til að fullhemla vegna hálkunnar á veginum. Er bifreiðarnar mættust, hafi þær rekizt saman. Vinstri hjól R 4715 hafi farið út af veginum. Bifreiðin runnið áfram nokkurn spöl og síðan oltið um. Við þetta skemmdist bifreiðin verulega, og nokkrir farþegar hlutu meiðsl.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn verið á ferð í bifreið sinni A 331, sem er vöruflutningabifreið. Hann hafi séð bjarma af ljósum R 4715, er hún hafi verið á öðrum hól fyrir sunnan slysstaðinn, en sjálfur hafi hann þá verið nokkurn spöl fyrir norðan hann. Kveðst stefndi hafa hugsað sér að komast upp á hæðina fyrir sunnan slysstaðinn, áður en hann mætti R 4715, og aka þar út af veginum. Er hann hafi átt skammt eftir að hæðinni, hafi hann séð, að R 4715 nálgaðist það hratt, að hann myndi ekki ná upp á hæðina, áður en bifreiðarnar mættust. Hafi hann því tekið það ráð að aka alveg út á vinstri vegarbrún og stöðva bifreið sína þar. Hann hafi skipt ljósum bifreiðar sinnar á lægri ljósgeislann og beðið þannig. Er bifreiðarnar mættust, hafi þær hins vegar rekizt á með þeim afleiðingum, sem áður greinir. Litlar skemmdir urðu á A 331.

Farþegi í R 4715, sem sat í næsta sæti fyrir aftan ökumanninn,

hefur skýrt svo frá, að á umræddum stað hafi verið þunnur klaki á veginum og hálka. Hann hafi ekki orðið var við A 331, fyrr en R 4715 var komin upp á umræddan hól. Hafi A 331 þá verið stöðvuð, og hafi honum virzt afturhjól hennar vera um eitt fet frá vegarbrúninni. Bifreiðinni R 4715 hafi verið ekið með litlum hraða, ábyggilega undir 30 km, miðað við klukkustund, og á hæðinni hafi ökumaður hennar skipt um ganghraðastig og hægt á bifreiðinni niður brekkuna. A 331 hafi verið með fullum ljósum, og hafi þau villt vitni þessu sýn, þannig að það sá ekki veginn, fyrr en bifreiðarnar voru komnar mjög nálægt hvor annarri. Það hafi búizt við, að árekstur yrði, nokkru áður en bifreiðarnar mættust, vegna þess að vegurinn var svo mjór þarna.

Aðrir farþegar virðast ekki hafa gert sér glögga grein fyrir atvikum fyrir árekstrinn, en eru yfirleitt sammála um, að R 4715 hafi verið ekið hægt og gætilega.

Lögreglumenn komu á slysstaðinn skömmu eftir slysið. Vegurinn reyndist vera 4,15 m á breidd og klaki á honum öllum. Á hólnum sunnan við slysstaðinn í um 60—70 m fjarlægð eru útskot á veginum fyrir bifreiðar til að mætast. Hægt var að aka út af veginum á slysstaðnum þeim megin, sem A 331 stóð, og svo virtist sem ytri hjól þeirrar bifreiðar hefðu verið um eitt fet frá vegarbrúninni, er sú bifreið var stöðvuð. Athugun á ljósum A 331 leiddi í ljós, að hvor tveggja hærri og lægri ljósin voru rangstæð, þannig að hærri ljósin vísuðu of mikið til vinstri, en lægri ljósin of mikið til hægri.

Af ákæruvaldsins hálfu var mál höfðað gegn ökumanni R 4715 vegna slyss þessa. Með dómi sakadóms Sauðárkrókskaupstaðar, upp kveðnum 11. marz 1953, var hann talinn með framferði sínu í umrætt sinn hafa brotið gegn ákvæðum 219. gr. hegningarlaganna, 1. mgr., og 5. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 og 2. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941 og refsað fyrir þau brot sín.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið mjög ógætilega í umrætt sinn og stöðvað bifreið sína á þjóðvegi, þar sem útilokað hafi verið að komast fram hjá henni, enda þótt hann þá væri búinn að sjá til ferða R 4715. Þetta hafi hann gert, enda þótt auðvelt væri að aka út af veginum á þessum stað. Þá hafi útbúnaður bifreiðar hans verið í ólagi, þar sem ljós hennar hafi verið óleyfilega sett og til þess fallin að trufla þá, sem á móti komu.

Stefndi byggir kröfur sínar hins vegar á því, að ökumaður

R 4715 eigi meginsök á slysi þessu. Hann hafi ekið allhratt og án þess, að keðjur væru á bifreiðinni, enda þótt glerhált væri á veginum. Hann hafi séð bifreið stefnda, þar sem hún stóð á veginum í verulegri fjarlægð, en samt ekki gert neinar ráðstafanir til að forða árekstri, en honum hljóti þó að hafa verið ljóst, að vegurinn þarna var það mjór, að bifreiðarnar gætu ekki mætzt þarna. Ef ökumaður R 4715 hafi blindazt af ljósum A 331, hafi verið enn ríkari ástæða fyrir hann að stöðva bifreið sína eða draga mjög verulega úr hraða hennar.

Eins og áður getur, stöðvaði stefndi bifreið sína á veginum, er hann hafði séð til ferða R 4715, enda þótt vegurinn þarna væri það mjór, að bifreiðarnar gætu ekki mætzt þarna. Þá virðist hann ekki hafa hirt um að aka út af veginum, sem þó virðist hafa verið vel hægt. Þetta verður að meta stefnda til ógætni, þegar þess er gætt, að hann gerði enga tilraun til að gefa ökumanni R 4715 til kynna, að ekki væri hægt að mætast þarna. Þá hafði stefndi ljós tendruð á bifreið sinni, en þar sem ljósin voru gölluð, má ætla, að þau hafi truflað ökumann R 4715 nokkuð. Þegar þetta allt er virt, verður að telja, að stefndi eigi nokkra sök á árekstrinum.

Ökumaður R 4715 hafði ekki keðjur á hjólum bifreiðar sinnar, en vegurinn var svellaður. Hafði þetta það í för með sér, að hann treystist ekki að beita hemlum bifreiðarinnar. Svo virðist sem um 60 m hafi verið á milli bifreiðanna, er ökumaður R 4715 sá A 331 standa kyrra á veginum. Hafði hann því nægilegt svigrúm til að stöðva sína bifreið, áður en árekstur varð, ef þess hefði verið kostur vegna hálkunnar og keðjuleysisins. Þá bar honum að sýna sérstaka gætni, þar sem ljós A 331 blinduðu hann. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að ökumaður R 4715 eigi meginsök á, hvernig fór.

Með vísan til þessa þykir rétt að skipta sök á árekstri þessum þannig, að telja stefnda eiga ⅓ hluta sakar, en ökumann R 4715 ⅔ hluta sakar.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skiptist tjónið af árekstri þessum milli málsaðilja í því hlutfalli, og ber stefnda að bæta stefnanda ⅓ hluta þess tjóns, sem hann hefur af þessu beðið.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr.	48.458.29
2. Bætur fyrir afnotamissi	—	31.500.00
	Kr.	79.958.29

Um 1. Af hálfu stefnda hefur aðeins verið hreyft athugasemdum við einum þætti viðgerðarkostnaðarins, en það er málning á bifreiðinni R 4715, kr. 4749.45. Kveður stefndi, að hér sé um að ræða málun á allri bifreiðinni, en slíkt verði ekki talið hafa verið nauðsynlegt vegna skemmda þeirra, sem urðu á bifreiðinni í umræddum árekstri. Telur stefndi, að ekki komi til að telja hér meira með en ⅔ hluta þessa kostnaðar eða kr. 3166.30.

Stefnandi hefur viðurkennt, að öll bifreiðin hafi verið máluð, en slíkt hafi verið nauðsynlegt vegna skemmda þeirra, sem á henni hafi orðið.

Er bifreiðin valt við árekstur inn, urðu miklar skemmdir á farþegahúsi hennar. Þykir eftir atvikum hæfilegt að taka hér til greina ⅔ hluta málningarkostnaðarins, eins og stefndi hefur gert, enda er hér haft í huga, að ný málning kom í stað gamallar.

Samkvæmt þessu verður þessi liður tekinn til greina með alls kr. 46.875.14.

Um 2. Stefnandi telur, að bifreiðin hafi verið ónothæf í 63 daga vegna skemmda þeirra, er hún varð fyrir í umræddum árekstri sínum, en telur tjón sitt af því að hafa verið án bifreiðarinnar hafa verið kr. 500.00 á dag.

Stefndi hefur bæði talið, að viðgerðartíminn sé of langur talinn hjá stefnanda og að tjón hans af afnotamissi bifreiðarinnar sé allt of hátt talið.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda af afnotamissi bifreiðarinnar alls kr. 12.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda af árekstri þessum alls kr. 58.875.14 (46.875.14 + 12.000.00), og eins og áður getur, ber stefnda að bæta ⅓ hluta þess eða kr. 19.625.05.

Af hendi stefnda hefur komið fram í málinu reikningur, að fjárhæð kr. 1830.60, sem er viðgerðarkostnaður á skemmdum þeim, sem urðu á A 331 í árekstri þessum. Hefur stefndi krafizt þess, að reikningur þessi eða hluti hans komi til frádráttar þeim fjárhæðum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar í máli þessu.

Stefnandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við fjárhæð reiknings þessa, og verður hún því lögð til grundvallar. Eins og að framan er rakið, ber stefnandi fébótaábyrgð að ⅔ hlutum af tjóni þessu. Ber honum því að greiða ⅔ hluta reiknings þessa eða kr. 1220.40, sem koma eiga til frádráttar kröfum hans.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda alls kr. 18.404.65 (19.625.05 − 1220.40) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2100.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ásgrímur Halldórsson, greiði stefnanda, Norðurleið h/f, kr. 18.404.65 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 2100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1956.

Nr. 59/1956. **Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hafa upp kveðið Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Rögnvaldur Guðjónsson búfræðingur.

Með kæru 5. apríl 1956, sem hingað barst 23. s. m., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómþings Skaftafellssýslu, upp kveðinn 3. apríl 1956, og gert þær dómkröfur, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber

að staðfesta hann. Kröfur um málskostnað verða eigi teknar til greina, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kröfur um málskostnað eru eigi til greina teknar, en málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður aukadómþings Skaftafellssýslu 3. apríl 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 16. f. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu af Kristjáni Bjarnasyni, bónda að Hvoli II í Dyrhólahreppi, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I í sama hreppi, og Arnþrúði Guðjónsdóttur, sama stað, f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar, eiganda Hvols I, með stefnu, út gefinni 6. maí 1955. Stefnandi hefur með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 19. apríl 1955, fengið gjafsókn í málinu, og stefndu hafa með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. júní 1955, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að hrundið verði með dómi yfirlandskiptagerð milli jarðanna Hvols I og Hvols II frá 10. maí 1952 og að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara hefur hann krafizt þess, að landskiptunum verði riftað að nokkru leyti, þannig að bætt verði við landsúthlutun hans.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málavextir eru þeir, að í september 1951 fóru fram skipti á

landi Hvols í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem var óskipt sameign stefnanda og Eyjólfs heitins Guðmundssonar. Landskiptum þessum var skotið til yfirlandskiptamanna, sem framkvæmdu yfirlandskipti með yfirlandskiptagerð, dagsettri 10. maí 1952. Stefnandi, sem ekki vildi una yfirlandskiptunum, byggir riftunarkröfu sína á því, að skipti þessi séu, jafnvel þótt þau kynnu að vera lögleg að ytra formi, að efni til svo misheppnuð og í sumum atriðum jafnvel fráleit, að ekki verði við unað, þar eð þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti. Ætla megi, að yfirlandskiptin hafi að nokkru verið byggð á röngum forsendum og án nægilega undirbyggðs grundvallar. Þessu til staðfestingar hefur stefnandi m. a. bent á álitsgerð tveggja dómkvaddra manna, sem hann telur sanna, að yfirlandskiptin séu ranglát og sér mjög óhagkvæm að efni til.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að niðurstaða löglega framkvæmdra yfirlandskipta sé bindandi fyrir alla aðilja. Þau halda því fram, að þar sem engar athugasemdir hafi komið fram um ytra form landskiptanna, kvaðningu skiptamanna, hæfileika þeirra eða neitt annað en að landskiptin séu röng að efni til, þá séu þau bindandi, og verði úrlausn yfirlandskiptamanna ekki haggað af dómstólum, enda sé hvergi gert ráð fyrir því í lögum, að yfirlandskiptum verði skotið undir úrlausn dómstóla eða hrundið með því móti. Halda þau því fram, að ef yfirlandskiptagerð, sem sé löglega til stofnað og löglega framkvæmd, halli verulega á einhvern aðilja að efni til, þá geti dómstólar einungis dæmt skaðabætur, en ekki ógilt sjálf yfirlandskiptin. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi í orði og með framkvæmdum sínum í samræmi við yfirlandskiptin samþykkt þau. Með vísan til þessa alls sé ljóst, að mál þetta heyri ekki undir dómstólana, og beri því að vísa því frá dómi.

Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfu verði hrundið. Kröfu sína byggir hann í fyrsta lagi á því, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin. Þá hefur hann og talið, að hún styðjist ekki við lagarök, heimilt sé að skjóta yfirlandskiptum til dómstólanna og fá úrlausn þeirra um þessi efni. Það væri sýknuástæða, en ekki frávísunar, ef ekki þætti í þessu máli grundvöllur til riftunar yfirlandskiptanna. Þá er á það bent af stefnanda, að yfirlandskiptin séu ekki tæmandi, í þeim séu eyður, sem fylla þurfi út í, og að yfirlandskiptamennirnir hafi ekki farið rétt að eða gætt réttra sjónarmiða við skiptin. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi í orði eða verki samþykkt yfirlandskiptin.

Mál þetta er þingfest 25. maí s.l. Fékk umboðsmaður stefndu

þá frest til 18. júní til samningar greinargerðar. Var málið þá tekið fyrir, en umboðsmaður stefndu óskaði eftir einnar viku framhaldsfresti í sama skyni, og var sá frestur veittur með samþykki umboðsmanns stefnanda. Í þinghaldi 25. júní lögðu stefndu fram greinargerð, og var frávísunarkrafan þar fram borin. Frávísunarkröfuna verður því að telja á réttum tíma fram komna, sbr. 1. mgr. 108. gr. sbr. 1. mgr. 106. gr. laga 85/1936.

Í aukadómþingi 9. júlí f. á. var máli þessu vísað frá dómi, en frávísunardóminum var skotið til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 26. september 1955, var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Frávísun héraðsdóms var byggð á því, að rétt hefði verið að leita endurskipta samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laga 46/1941, en í greindum dómi Hæstaréttar er þeirri niðurstöðu hrundið. Í forsendum sama hæstaréttardóms er því slegið föstu, að þeim, sem mishaldinn þykist vera við landskipti, sé rétt að leita úrlausnar dómstóla um það, hvort löglega hafi verið að þeim farið.

Fyrir þessum dómi liggur því einungis á þessu stigi að skera úr um, hvort skurðgröftur og aðrar framkvæmdir stefnanda á landi því, sem honum var úthlutað við yfirlandskiptin, firri hann rétti til að bera lögmæti skiptanna undir dómstóla.

Með bréfi, dagsettu 26. maí 1952, eða rúmlega 2 vikum eftir yfirlandskiptin lýsti stefnandi því yfir við stefndu, að hann áskildi sér rétt til að véfengja yfirlandskiptin með sérhverju löglegu móti, en mundi hins vegar haga búskap og búrekstri í samræmi við þau.

Stefnandi hafði haustið 1951 pantað skurðgröfu til vinnu hjá sér á árinu 1952. Hann hefur lýst því yfir, að hann hafi þá átt kost á að fá skurðgröfuna leigða til vinnu hjá sér, er hún var á ferð um hverfið, en kveðst hins vegar ekki hafa vitað, hve mörg ár kynnu að líða, þar til hann kynni aftur að eiga kost á skurðgröfu. Hafi honum því verið nauðsynlegt að taka skurðgröfuna, er hann átti hennar kost, þótt hann vildi ekki una yfirlandskiptunum. Samkvæmt dskj. 22, 25, 58 og 59 hefur stefnandi alls látið grafa skurði að lengd 8191 metra (39.773 m^3). Af þessum skurðum eru um 1.5 km markaskurðir á milli jarðarhlutanna kostaðir í sameiningu af báðum málsaðiljum. Samkvæmt framangreindum dómskjölum hafa auk þess verið gerðar eftirtaldar jarðabætur á árunum 1952—1955, að báðum árum meðtöldum:

	Suður-Hvoll Hvoll I	Norður-Hvoll Hvoll II
Túnasléttur	1.980 m²	3.500 m²
Nýrækt	52.940 m²	75.310 m²
Girðingar	3.009 m	2.772 m
Matjurtagarðar	0	15.080 m²

Þá hafa ábúendur Hvols I girt samtals 4.124 metra, sbr. dskj. 23, og er hér aðallega um girðingar að ræða, sem settar voru í mörkum þeim, er yfirlandskiptin ákváðu (eftir Heimrikvísl o. fl.).

Til athugunar á þessum framkvæmdum og aðstæðum öllum fór dómurinn á vettvang 29. október 1955. Við athugun dómenda á vettvangi kom eftirfarandi í ljós:

1. Skurðir þeir, sem grafnir hafa verið í mörkum þeim, sem yfirlandskiptin ákváðu milli jarðarhlutanna, eru að mestu leyti liðir í eðlilegu framræslukerfi landsins.

2. Stefnandi hefur auk markaskurðanna látið þurrka mestan sinn hluta (samkvæmt yfirlandskiptagerð) af svokallaðri heimamýri norðaustan við tún hans og látið grafa 4 framræsluskurði í sínum hluta (samkvæmt yfirlandskiptagerð) svokallaðra Miðeyja.

3. Stefndu hafa eigi látið grafa aðra skurði en markaskurði samkvæmt framangreindu, tvo skurði þvert yfir þeirra hluta heimamýri og markaskurði á landamerkjum jarðarhlutans (samkvæmt yfirlandskiptagerð) og annarra jarða.

4. Nýrækt stefnanda er mestmegnis í svokallaðri heimamýri, sem mestur hluti skurða hans er í.

Enda þótt ljóst sé, að allar þessar framkvæmdir torveldi endurskipti, þar sem hafa yrði hliðsjón af þeim við framkvæmd endurskipta, ef til þeirra kynni að koma, verður þó eigi talið, að nefndar framkvæmdir séu þess eðlis eða svo víðtækar, að þær skjóti loku fyrir ný landskipti, ef grundvöllur væri annars til riftunar yfirlandskiptanna. Þykir því bera að synja frávísunadkröfu stefndu.

Kröfur um málskostnað verða því eigi teknar til greina nú.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 16. maí 1956.

Nr. 171/1954. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Þorvaldi Guðjónssyni og Axel Magnússyni og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátryggingarmál. Skylduvátrygging skips samkvæmt lögum nr. 61/1947 og lögum nr. 110/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendunum Þorsteini Jónssyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 19. október 1954 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 21. sama mánaðar. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og þeim dæmt in solidum að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Varakrafa: Að ákveðið verði með dómi Hæstaréttar, að fébótaábyrgð aðaláfrýjanda verði bundin við tjón það, er varð á v/b Leó II., VE 94, hinn 5. janúar 1954, og lækkuð úr hámarki vátryggingarfjárhæðar samkvæmt vátryggingarskírteini nefnds skips eftir mati Hæstaréttar og greiðslutími ákveðinn við lok viðgerðar á skipinu. Verði þá hvorum aðilja gert að bera kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi, en gagnáfrýjendur dæmdir in solidum til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 5. nóvember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Krefjast þeir þess, aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að aðaláfrýjanda

verði dæmt að greiða þeim kr. 393.975.00 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur voru stefnendur málsins fyrir héraðsdómi. Aðalkrafa þeirra þar var í þremur liðum, sem hér segir:

a. Að aðaláfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, verði dæmdur greiðsluskyldur á öllum kostnaði af viðgerð, sem þarf að fara fram á v/b Leó II.

b. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur greiðsluskyldur á öllum kostnaði í sambandi við björgun nefnds skips.

c. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur greiðsluskyldur á öllum kostnaði af vörzlu skipsins í dráttarbraut Slippfélagsins í Reykjavík eða öðrum stað, sem það kynni að verða flutt á.

Kröfu þá, sem í a-lið greinir, þykir mega skilja á þá leið, að ákveðið verði með dómi, að gild sé vátryggingarábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni því, sem v/b Leó II. varð fyrir hinn 5. janúar 1954. Á þá kröfu verður efnisdómur lagður í máli þessu. Hins vegar eru kröfur þær, sem greinir í b- og c-liðum, svo óákveðnar, að telja verður þær ódómhæfar. Ber því að vísa þeim sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt undirmatsgerð, sem þar er frá greint og ekki er hnekkt með yfirmatsgerð, er fram fór, eftir að málinu var áfrýjað, verður ekki talið, að v/b Leó II. hafi verið óbætandi, eftir að honum hafði verið bjargað af strandstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1947 var gagnáfrýjendum skylt að vátryggja Leó II. hjá aðaláfrýjanda, og samkvæmt lögum nr. 110/1949 var aðaláfrýjanda skylt að taka skipið í tryggingu. Þar sem um slíka skylduvátryggingu var að tefla, verður að líta svo á, að aðaláfrýjanda hafi borið að hafa skipið í þeirri tryggingu, sem ákveðin er í nefndum lögum nr. 61/1947, þar á meðal fyrir tjóni af strandi, þó að ekki hafi verið um algeran skipstapa að ræða. Frá þessu var óheimilt að víkja með ákvæði í vátryggingarskírteini. Í héraðsdómi er ákveðið, að 15% af virðingarverði v/b Leós II. skyldu teljast í sjálfstryggingu gagnáfrýjenda, sbr. ákvæði 9. gr. samþykkta aðaláfrýjanda um vátryggingu báta í b-flokki. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 61/1947 um, að

skylduvátrygging skuli taka til 9/10 hluta virðingarverðs hvers skips, ber að leggja framangreinda niðurstöðu héraðsdóms til grundvallar gagnvart gagnáfrýjendum, þar sem þeir hafa krafizt staðfestingar héraðsdóms. Fallast má á það með héraðsdómi, að vanskil gagnáfrýjenda á greiðslu iðgjalda hafi ekki fellt niður rétt þeirra til vátryggingarfjár og að þeir hafi ekki heldur firrt sig þeim rétti með hirðuleysi um gæzlu skipsins.

Samkvæmt framansögðu ber að telja aðaláfrýjanda bera ábyrgð vátryggjanda á tjóni því, er varð á v/b Leó II. hinn 5. janúar 1954 samkvæmt reglum aðaláfrýjanda um tryggingu báta í b-flokki.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði ber að staðfesta. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 12.000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum er vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, ber gagnvart gagnáfrýjendum, Þorvaldi Guðjónssyni og Axel Magnússyni, ábyrgð vátryggjanda á tjóni því, er varð á v/s Leó II., VE 94, hinn 5. janúar 1954, samkvæmt reglum aðaláfrýjanda um tryggingu báta í b-flokki.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 19. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Þorvaldi Guðjónssyni skipstjóra, Vitastíg 8, Reykjavík, og Axel Magnússyni, Oddsparti, Þykkvabæ, eigendum m/b Leós II., VE 94, með stefnu, út gefinni 30. marz 1954, birtri s. d., á hendur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja f. h. félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 68, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni,

Urðaveg 16, Jóhanni Sigfússyni útgerðarmanni, Sólhlíð 8, Jóni Í. Sigurðssyni hafnsögumanni, Vestmannabraut 44, og Karli Guðmundssyni útgerðarmanni, Urðaveg 11, öllum í Vestmannaeyjum, til viðurkenningar á greiðsluskyldu eða til greiðslu á bótum vegna skemmda, er m/b Leó II., VE 94, varð fyrir hinn 5. janúar s.l.

Fyrir réttinum hafa stefnendur gert þær réttarkröfur aðallega, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja verði dæmt greiðsluskylt á öllum kostnaði við viðgerð, sem þarf að fara fram á m/b Leó II., einnig á öllum kostnaði í sambandi við björgun skipsins og öllum kostnaði við vörzlu skipsins í dráttarbraut Slippfélagsins í Reykjavík eða öðrum stað, sem það kynni að verða flutt á, svo verði það og dæmt til að greiða málskostnað í máli þessu að skaðlausu, þar með talinn matskostnaður, kr. 8425.00, til vara, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja verði dæmt til að greiða bætur fyrir Leó II., sem um algert tjón væri að ræða, þ. e. a. s. á þeim grundvelli, að hann verði dæmdur óbætandi, eða kr. 393.975.00, auk 6% ársvaxta frá 6. janúar 1954 til greiðsludags. Einnig verði það dæmt greiðsluskylt á geymslukostnaði skipsins eftir strandið, eins og aðalkrafa fjallar um, og enn fremur verði það dæmt til að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilfellunum áskilja stefnendur sér fullan rétt til þess að gera síðar skaðabótakröfur á hendur hinu stefnda félagi fyrir missi hagnaðar við rekstur skipsins á þeim grundvelli, að forráðamenn félagsins hafi með framkomu sinni og afstöðu komið í veg fyrir, að viðgerðir gætu hafizt á skipinu eða eigendur þess gætu leitað eftir nýju skipi í staðinn.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur aðallega, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum stefnukröfum og tildæmdur verði málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins stefnda til handa, til vara, að honum verði aðeins gert að greiða sem svarar veðskuldum við banka, en þó ekki yfir ⅗ hluta af tryggingarfjárhæðinni, að geymdum rétti til þess að endurheimta þá fjárhæð úr höndum stefnenda, svo yrði og stefnendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar, eins og segir í aðalkröfu.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru málsatvik eftirfarandi:

Á árinu 1952 festi stefnandi Þorvaldur Guðjónsson kaup á mótorbátnum Víkingi. Þetta er járnskip, byggt í Kristiansand 1902 og endurbyggt að miklu leyti á árunum 1945—1946. Stærð þess er 80.34 brúttórúmlestir og 42.61 nettórúmlestir. Hinn 25. júlí 1952 fékk Þorvaldur afsal fyrir bátnum og óskaði nokkru síðar, að báturinn yrði skráður í Vestmannaeyjum. Var báturinn skráð-

ur þar hinn 27. október 1952 undir nafninu Leó II. með umdæmisstöfunum VE 94. Með afsali, dags. 5. febrúar 1953, varð stefnandinn Axel Magnússon, Oddsparti í Þykkvabæ, meðeigandi að bátnum ásamt Þorvaldi, en samkvæmt frásögn þeirra höfðu þeir í upphafi keypt bátinn í sameiningu, þótt afsalið hljóðaði einungis á nafn Þorvalds. Stefnendur létu svo framkvæma viðgerð á skipinu haustið 1952 og fram yfir áramót, og telja þeir, að kostnaðurinn við viðgerðina hafi numið um 500 þúsundum króna.

Með bréfi, dags. 14. nóvember 1952, fór Þorvaldur Guðjónsson fram á, að báturinn yrði tryggður hjá hinu stefnda félagi fyrir kr. 500.000.00 frá 1. desember 1952 að telja. Að sögn formanns hins stefnda félags var beiðninni synjað, þar eð félagið taldi áhættuna það mikla við tryggingu bátsins, sem væri gamalt járnskip, að varhugavert væri að taka skipið í tryggingu, nema þá gegn mjög háu iðgjaldi, allt að 20% af virðingarverði. Síðar hafi stjórnin komizt að því, að Þorvaldur Guðjónsson ætti heimilisfang í Vestmannaeyjum, og taldi sér því skylt að tryggja bátinn. Var báturinn þá undir viðgerð í Reykjavík. Lauk viðgerðinni í janúar, og hinn 24. þess mánaðar sigldi báturinn til Vestmannaeyja. Áður en báturinn lét úr höfn, hafði Bátaábyrgðarfélagið gengizt undir að taka bátinn í tryggingu og staðfesti þetta með símskeyti, áður en báturinn lagði af stað. Hafði Bátaábyrgðarfélagið þá aflað sér upplýsinga hjá Skipaskoðun ríkisins um ástand bátsins og hvað gert hafði verið við hann.

Á stjórnarfundi í Bátaábyrgðarfélaginu, sem haldinn var hinn 26. febrúar 1953, var samþykkt að taka bátinn í tryggingu með þeim skilmálum, að hann væri aðeins tryggður fyrir algeru tapi og björgun, enda næmi þá iðgjaldið aðeins 5% af matsverði eða sama og á öðrum bátum. Hinn 16. marz 1953 framkvæmdu svo virðingarmenn Bátaábyrgðarfélagsins virðingu á bátnum og komust að þeirri niðurstöðu, að heildarverð hans næmi kr. 463.500.00. Verð bátsins sjálfs næmi kr. 240.000.00, verð vélarinnar kr. 130.000.00, þar með talin ljósavél, verð dýptarmælis kr. 30.000.00, verð línu- og togspils kr. 30.000.00, og ýmislegt, akkeri, keðjur, talstöð, útvarpstæki, segl, forgögn o. fl., kr. 33.500.00. Sama dag og virðingin fór fram var Þorvaldi Guðjónssyni tilkynnt með ábyrgðarbréfi um tryggingarskilmálana, sem stjórnarfundur hafði ákveðið hinn 28. febrúar 1953. Þrátt fyrir dvöl sína á staðnum veitti Þorvaldur bréfinu ekki viðtöku fyrr en 15. júlí um sumarið, en svaraði því ekki, enda kveðst hann halda, að hann hafi ekki lesið það. Stefnanda Axel Magnússyni var hins vegar ekki tilkynnt formlega um tryggingarskilmálana. Varð honum þó brátt

kunnugt um þá, enda hafði hann með höndum fjárreiður fyrir bátinn, m. a. bar honum að annast um greiðslu á tryggingariðgjaldinu. Í marz eða apríl kvaðst hann hafa átt tal við gjaldkera Bátaábyrgðarfélagsins og fékk þá að vita um samþykkt stjórnarinnar. Kvaðst hann hafa sagt, að þetta væri engin trygging, og gæti hann ekki samþykkt svona skilmála. Stefnendur áttu síðan tal sín á milli um tryggingarskilmálana og voru á einu máli um, að því er þeir telja, að tryggingin væri algerlega ófullnægjandi. Hvorugur þeirra ræddi þó nánar um þetta við stjórn Bátaábyrgðarfélagsins, og hvorugur aðhafðist neitt í því skyni að fá ákvörðun stjórnarinnar breytt.

Á þessum tíma hvíldu á bátnum nokkur þinglesin veð, sem enn hvíla á bátnum. Á fyrsta veðrétti kr. 200.000.00 til Fiskveiðasjóðs Íslands, á öðrum veðrétti kr. 72.000.00 til Skuldaskilasjóðs útvegsmanna og á þriðja veðrétti kr. 95.000.00 til handhafa. Auk þess átti Þorvaldur Guðjónsson veð í eignarhluta Axels Magnússonar fyrir kr. 125.000.00. Ekki hafði Bátaábyrgðarfélagið samráð við veðhafana um tryggingarkjör bátsins og ekki var þeim heldur tilkynnt um tryggingarskilmálana fyrst um sinn. En á stjórnarfundi, sem haldinn var hinn 30. desember 1953, var samþykkt að skrifa Fiskveiðasjóði og tilkynna honum, hvernig tryggingu bátsins væri háttað. Skýrir formaður stjórnarinnar svo frá, að stjórnin hafi jafnvel búizt við, að þar eð stefnendur létu algerlega undir höfuð leggjast að ræða við hana um trygginguna, þá myndu þeir ekki heldur láta veðhafana vita um tryggingarskilmálana. Hafi því verið ákveðið að skrifa Fiskveiðasjóði, svo hann gæti hlutazt til um, ef honum sýndist svo, að báturinn yrði tryggður frekar. Fiskveiðasjóði var síðan skrifað, og mun hann hafa móttekið bréfið rétt eftir áramótin.

Báturinn var gerður út frá Vestmannaeyjum um veturinn 1953. Báðir eigendurnir dvöldu þá einnig í Vestmannaeyjum, enda var Þorvaldur skipstjóri bátsins. Að því er virðist, mun handbært fé þeirra hafa verið af skornum skammti, og ekkert iðgjald eða ábyrgðargjald greiddu þeir til hins stefnda félags. Samkvæmt lögum Bátaábyrgðarfélagsins (8. gr.) er hvert ábyrgðartímabil eitt ár, og skal ábyrgðargjaldið greiðast fyrirfram. En í framkvæmd hefur innheimtunni verið hagað þannig, að fyrsta árið greiða vátryggðir ábyrgðargjaldið ársfjórðungslega, en þeir, sem lengur höfðu skipt við félagið, gátu óátalið látið greiðslu dragast um eitt ár. Eins og fyrr getur, ákvað stjórnin, að ábyrgðargjaldið skyldi nema 5% af virðingarverði bátsins, og er það í samræmi við 10. gr. félagslaganna. Ákveðið var einnig, að báturinn skyldi

teljast til b-flokks, þannig að 85% af virðingarverði bátsins skyldu vera í tryggingu félagsins, en 15% í eigin ábyrgð vátryggðra. Samkvæmt þessu nam ábyrgðargjaldið 393.975×5/100 eða kr. 19.698.75. Að sögn gjaldkera Bátaábyrgðarfélagsins hafði Axel Magnússon fullan hug á að standa í skilum. Hins vegar hafi hann átt erfitt um greiðslu, enda kvaðst gjaldkerinn ekki hafa gengið hart eftir ábyrgðargjaldinu. Leið svo fram á vor, án þess nein greiðsla væri innt af hendi. Um sumarið fór báturinn á síldveiðar fyrir Norðurlandi. Báðir eigendurnir fóru þá burt frá Vestmannaeyjum. Um sumarið hitti gjaldkeri Bátaábyrgðarfélagsins Axel Magnússon í Reykjavík. Barst þá ábyrgðargjaldið í tal. Axel hafði ekki handbæra peninga, en hins vegar átti báturinn inni lifraruppbætur hjá Lifrarsamlagi Vestmannaeyja, er væntanlega mundu greiðast um haustið. Varð úr, að gjaldkerinn tók við ávísun á lifraruppbæturnar til greiðslu upp í ábyrgðargjaldið. Í desember um haustið var farið að greiða lifraruppbæturnar út að nokkru leyti, og í janúar veitti gjaldkerinn móttöku kr. 11.000.00 upp í ávísunina. Var þetta fyrsta og eina peningagreiðslan, sem stefndi fékk greidda upp í ábyrgðargjaldið, áður en mál þetta fór af stað.

Að síldveiðum loknum kom báturinn ekki aftur til Vestmannaeyja, heldur var honum siglt til Reykjavíkur, og þar var hann um haustið. Eigendurnir komu ekki heldur aftur til Vestmannaeyja. Tók Þorvaldur á leigu íbúðarherbergi í Reykjavík um haustið og hefur það enn til umráða. Þó kveðst hann hafa skrifað sig til heimilis í Vestmannaeyjum hjá systur sinni og mági á Hásteinsvegi 42. Bæjarstjóraskrifstofan í Vestmannaeyjum segir hins vegar, að Þorvaldur hafi verið þar síðast á manntali hinn 16. október 1952.

Um áramótin síðustu lá m/b Leó II. í Reykjavíkurhöfn og beið eftir slippplássi vegna væntanlegrar viðgerðar, að því er upplýst var við hinn munnlega málflutning. Hinn 4. janúar, að því er virðist, lá báturinn vestan við Ægisgarð utan á öðrum bátum. Að því er talið er, voru þá 3 bátaraðir vestan garðsins, og var m/b Leó II. í miðröðinni. Var hann fjórði bátur frá bryggju og lá utan á járnskipi, sem lá utan á m/b Straumey, er var annar bátur frá bryggju. Utan á Leó II. lá m/b Hvítá eða m/b Marz. Í innstu bátaröðinni lágu m. a. skipin Erna og Rifsnes. Um kvöldið þenna dag gerði stórviðri að vestan, og stóð vindáttin um skeið þvert á bátana, sem lágu vestan við Ægisgarð. M/b Leó II. var mannlaus. Báðir eigendurnir fóru um borð seint um kvöldið til þess að athuga og treysta festingar skipsins. Yfirgáfu þeir skipið

kl. 1 um nóttina og álitu, að skipinu væri óhætt, þótt veðurhæð væri mikil. Var m/b Leó II. þá bundinn við skipin, sem innar lágu, bæði að aftan og framan. Festingarnar voru þessar: Að framan: 3ja tommu vír, festur á trommuna og kastað yfir polla, lá yfir í m/b Straumey, og 2—3 tommu vírmannilla (springur) lá upp í járnskipið. Að aftan: 3ja tommu vírmanilla, fest á polla, lá yfir í m/b Straumey, og tvær manillatrossur lágu upp í járnskipið. Um nóttina jókst veðurhæðin, og slitnuðu 16 skip upp á höfninni. Meðal þeirra var m/b Leó II. Er talið, að það hafi atvikazt þannig, að skipin Erna og Rifsnes losnuðu og ýttu um leið á skipin, sem utar lágu. Biluðu þá böndin, sem héldu Leó II. Bandið að framan raknaði um borð í bátnum, en springurinn og bindingin að aftan slitnuðu. Barst skipið síðan út úr höfninni. Um sjöleytið um morguninn frétti Þorvaldur Guðjónsson, að skipið hefði losnað og væri horfið. Brá hann þegar við og fékk sér bifreið og fór að leita að skipinu. Veður var þá mjög vont. Sá hann von bráðar til bátsins, og var hann þá strandaður á Skarfakletti. Hringdi hann þá strax í samábyrgðina, en hún gat engan bát útvegað til þess að koma til bjargar. Á sömu leið fór, er hann hringdi á hafnarskrifstofuna. Hún gat engan bát léð eða útvegað. Öll björgunarskip, sem til taks voru, voru þá önnum kafin við að koma öðrum skipum til hjálpar og afstýra frekara tjóni en orðið var. Meðal annars fór mikill tími í að flytja Hæring til að festa honum, en hann hafði einnig slitnað upp um nóttina. Að lokum fékk Þorvaldur loforð fyrir mótorbátnum Jóni Þorlákssyni, en þegar til kom, treystust umráðamenn bátsins ekki til að leggja bátinn í þetta. Er liðið var á daginn, fékk hann loforð um, að Sæbjörg mundi koma til hjálpar. Á sjötta tímanum flutti svo hafnarbáturinn Þorvald út að Leó. Komst hann um borð og gekk þar frá böndum. Um átta leytið kom svo m/b Sæbjörg að bátnum. Dró hún bátinn út af klettinum og síðan inn á höfn í Reykjavík, og gekk það vel. Lítill sem enginn leki virðist hafa komið að skipinu.

Engin sjópróf voru látin fara fram út af þessum atburðum. En það, sem hér að ofan er tekið fram, er í samræmi við skýrslur stefnenda, er ekki hafa verið sérstaklega véfengdar af stefnda.

M/b Leó II. skemmdist allmikið í umrætt sinn. Botn skipsins laskaðist mikið, einkanlega stjórnborðshliðin. Kjölurinn lagðist yfir til bakborða á löngu svæði, hællinn beygðist og brotnaði, stýri og skrúfublöð beygluðust. Nokkrar skemmdir urðu á aðalvél og miklar á ljósavél. Dýptarmælirinn skemmdist og léttabátur laskaðist lítið eitt. Ýmislegt fleira skemmdist eða gekk úr skorð-

um. Bátaábyrgðarfélagið lét enga skoðunar- eða matsgerð fara fram, en að tilhlutan stefnenda voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta tjónið, er skipið hafði orðið fyrir. Framkvæmdu þeir mat sitt hinn 21.—26. janúar s.l., og varð niðurstaða þeirra á þá leið, að heildarkostnaðurinn við viðgerð á skemmdunum myndi nema kr. 425.000.00.

Strax á eftir, er sjóslysið hafði átt sér stað, sneri Þorvaldur Guðjónsson sér til hins stefnda félags og fór fram á, að það tæki þegar að sér að sjá um, að fullnægjandi viðgerðir yrðu framkvæmdar á skipinu. Stefndi svaraði þessu ákveðið neitandi og kvað skemmdir skipsins sér algerlega óviðkomandi, þar eð skipið væri aðeins tryggt fyrir algeru tapi og björgun. Nokkrar orðsendingar fóru svo milli þeirra í símskeytum og á annan hátt, án þess samkomulag næðist. Höfðuðu stefnendur svo mál þetta og gerðu þær kröfur, sem fyrr segir.

Eftir áfallið var skipinu komið fyrir á dráttarbraut Slippfélagsins í Reykjavík. Kveðast stefnendur ekki hafa haft fjármagn til að láta hefja viðgerðir á skemmdunum og ekki aðstöðu til þess heldur vegna afstöðu stefnda. Viðgerðir hafa því ekki hafizt enn, og liggur skipið í dráttarbrautinni, í sama ástandi og það var eftir slysið. Hefur hlaðizt á það geymslukostnaður, um 900 krónur á dag, eftir því sem gögn málsins benda til.

Sýknukrafa stefnda er fyrst og fremst byggð á þeirri ástæðu, sem þegar hefur verið greind, að báturinn hafi aðeins verið tryggður fyrir algeru tapi og björgun. Þessi tryggingarkjör hafi stefnendur samþykkt ótvírætt með framkomu sinni og aðgerðarleysi, og verði þeir því að hlíta þeim, enda sé vátryggingarfélögum heimilt að takmarka ábyrgð sína á þenna hátt bæði samkvæmt 8. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins og einnig samkvæmt 13. gr. laga nr. 61/1947. Ljóst sé, að skipið verði ekki dæmt óbætandi, og auk þess hefur þeirri skoðun verið haldið fram af hálfu stefnda, að um algert tap geti því aðeins verið að ræða, að skip farist í hafi eða gereyðileggist á annan hátt. Í öðru lagi telur stefndi, að stefnendur hafi glatað rétti til tryggingarinnar vegna vanskila á ábyrgðargjaldi. Varakrafa stefnda er byggð á síðustu málsgrein 13. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins, sem mælir svo fyrir, að félagið taki engan þátt í skaða, er orsakast kann af sérstöku hirðuleysi. Telur stefndi, að stefnendur hafi með sérstöku hirðuleysi átt sök á, hvernig fór, þar sem þeim hafi borið að hafa vörð um borð í skipinu óveðursnóttina og látið það hjá líða.

Að tilhlutan réttarins var mat látið fara fram til þess að ganga úr skugga um, hvort skipið yrði dæmt óbætandi. Að sögn stefn-

enda neitaði hið stefnda félag algerlega að hlutast til um, að matið yrði framkvæmt, og taldi sér það óskylt og óviðkomandi. Stefnendur óskuðu þá eftir, að matsmenn yrðu dómkvaddir í þessu skyni. Dómkvaddir voru sömu matsmenn og áður höfðu metið skemmdir skipsins. Mat sitt framkvæmdu þeir 25. maí s.l., og varð niðurstaðan á þá leið, að verð skipsins óviðgerðs með því, sem í því var, næmi kr. 44.000.00, viðgerðarkostnaður á skemmdunum hinn sami og áður eða kr. 425.000.00 og verð skipsins að lokinni viðgerð með öllu tilheyrandi kr. 509.000.00. Báðir aðiljar vildu una matinu, og umboðsmenn beggja aðilja lýstu því yfir sérstaklega, að þeir álitu, að láta myndi nærri, að verðmæti skipsins óviðgerðs með vélum, dýptarmæli, spilum og öðru tilheyrandi næmi um kr. 44.000.00. Að svo vöxnu máli virðist ekki ástæða til að taka matið sérstaklega til athugunar, og verður það lagt til grundvallar, eins og það er. Matið leiðir til þess, að skipið verður ekki dæmt óbætandi samkvæmt 12. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins eða 17. gr. laga nr. 61/1947.

Með lögum nr. 110 frá 30. desember 1949 var Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja veitt undanþága frá ákvæðum laga nr. 61/1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. En um leið var Bátaábyrgðarfélagið skyldað til að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laga nr. 61/1947. Önnur grein nefndra laga ræðir um báta, að stærð allt að 100 rúmlestir brúttó, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland. Er í greininni ákveðið, að vélbátaeigendur séu skyldir til að vátryggja fiskibáta sína af þessari stærð hjá því vátryggingarfélagi, sem nær yfir skrásetningarumdæmi bátsins. Jafnframt er vátryggingarfélögum, sem lúta ákvæðum laganna, gert að skyldu að tryggja báta af þessari stærð, og er skyldan það rík, að þótt svo kunni að fara, að einhver skipseigandi neiti að vátryggja skip sitt, þá skal viðkomandi vátryggingarfélag allt að einu láta skoða og meta skipið og vátryggja það, sem önnur vátryggingarskyld skip, og innheimta síðan iðgjaldið með lögtaki, ef með þarf. Tryggingin er víðtæk, og segir í 13. grein, að félögin bæti það tjón, sem verður af sérhverri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu, nema annað sé ákveðið í lögunum, reglugerðum eða vátryggingarskírteinum.

Um sama leyti og lög nr. 110/1949 tóku gildi, var lögum Bátaábyrgðarfélagsins breytt til samræmingar við lög nr. 61/1947. Voru ný lög fyrir félagið samþykkt á lögmætum fundi hinn 20. desember 1949 og staðfest af ráðuneytinu 13. febrúar 1950. Í lög-

um þessum er fram tekið, að tilgangur félagsins sé að tryggja báta félagsmanna og félagsmenn geti þeir allir verið, sem eiga báta, skrásetta innan félagssvæðisins, opna eða með þilfari, sem eru allt að 100 rúmlestir að stærð og ætlaðir til fiskveiða hér við land. Ábyrgð félagsins nær til tjóns og skaða, sem bátar verða fyrir af völdum elds, storms, sjávargangs, ásiglingar og árekstrar á fasta hluti eða fljótandi, eins og nánar er framtekið í 13. gr. félagslaganna. Ábyrgðin er takmörkuð á þann hátt, að félagið ábyrgist aðeins vissan hluta af virðingarverði hvers báts, og er hinum tryggðu bátum skipt í tvo flokka, a og b, eftir því hve víðtæk ábyrgðin er. Af virðingarverði báta í a-flokki ábyrgist félagið aldrei meira en 90%, en 85% virðingarverðs báta, sem eru í b-flokki. Samkvæmt 10. gr. er hvert ábyrgðartímabil eitt ár, og ábyrgðargjaldið 5% af ábyrgðarupphæðinni og á að greiðast fyrirfram, eins og áður hefur verið fram tekið.

Hvergi í lögum Bátaábyrgðarfélagsins né í lögum nr. 61/1947 er gert ráð fyrir, að ábyrgð vátryggingarfélaga á trygginarskyldum þilfarsbátum verði takmörkuð á þann veg, sem stefndi takmarkaði ábyrgð sína á bát stefnenda. Í framkvæmd hefur slík takmörkun ekki heldur þekkzt. Upplýst er þó, að einu sinni hefur komið fyrir, að vátryggingarfélag, sem laut ákvæðum laga nr. 61/1947, takmarkaði ábyrgð sína við algeran skipstapa, ásiglingu og björgun og áskildi sér jafnframt lægra iðgjald en venjulega eða 3½% í stað 7%, að því er virðist. En eftir stuttan tíma var þó horfið frá þessari tryggingu vegna mótmæla frá hálfu veðhafa. Stefndi hefur talið, að sér hefði verið heimilt að takmarka ábyrgð sína, eins og hann gerði, samkvæmt 8. gr. félagslaganna. Þar er félaginu heimilað að neita um ábyrgð á bát, ef stjórn eða virðingarmönnum virðist ábyrgðin sérlega ísjárverð, hvort heldur sem það er vegna bátsins sjálfs, vélar hans eða skipshafnar. Telur stefndi, að þegar stjórninni er heimilt að neita um tryggingu, geti hún í þess stað veitt takmarkaðri tryggingu en venjulegt er, ef hún á annað borð kýs að fara þá leið. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að ábyrgð félagsins hafi verið mjög ísjárverð, vegna þess að skip stefnenda sé gamalt járnskip og reynsla annarra vátryggingarfélaga hafi leitt í ljós, að tryggingar járnskipa hafi orðið félögunum dýrar og óhagstæðar. Þetta hefur ekki verið rökstutt frekar, og ekki hefur verið bent á neitt annað, er sérstaklega væri athugavert við skipið eða vél þess. Þetta atriði eitt út af fyrir sig, án þess fleira komi til, gaf hinu stefnda félagi ekki heimild til að víkja frá hinum venjulegu tryggingarskilmálum, þótt það hins vegar réttlæti nægjan-

lega, að skipið var heimfært undir b-flokk og einungis tekin ábyrgð á 85% af virðingarverði þess.

Eins og hér að framan er rakið, sýndu stefnendur meira skeytingarleysi en eðlilegt var um tryggingu bátsins og hófust ekki handa til andmæla gegn tryggingarskilmálunum, er hið stefnda félag setti, er tilefni var gefið. En með tilliti til þess, að samþykki veðhafa var hvorki fengið né þess leitað og þar sem 2. gr. laga nr. 61/1947 mælir svo fyrir, að vátryggingarfélögum sé skylt að tryggja tryggingarskylda báta gegn vilja eigenda þeirra, þá verður ekki talið, að framkoma stefnenda eða aðgerðarleysi þeirra hafi leyst hið stefnda félag frá þeirri skyldu að tryggja bátinn með venjulegum hætti.

Eins og m. a. kemur fram í 2. gr. laga nr. 61/1947, falla tryggingarskyldur hlutaðeigandi vátryggingarfélags ekki niður, þótt vanskil verði á greiðslu iðgjalda. Dráttur stefnenda á greiðslu ábyrgðargjaldsins, sem auk þess var látinn óátalinn af gjaldkera hins stefnda félags, leiðir því ekki til, að félagið leysist frá greiðsluskyldu sinni.

Ekki verður unnt að fallast á, að stefnendur hafi gert sig seka um sérstakt hirðuleysi, þótt þeir hafi látið hjá líða að hafa vörð um borð í skipinu nóttina, sem það barst út úr Reykjavíkurhöfn og varð fyrir áfallinu. Reykjavíkurhöfn verður að teljast sæmilega öruggt skipalægi, og algengt er, að skip liggi þar mannlaus, án þess viðkomandi vátryggingarfélög hafi séð ástæðu til að hreyfa athugasemdum, svo kunnugt sé. Ekki liggur annað fyrir en gengið hafi verið viðunanlega frá skipinu og festingar sæmilega traustar, þótt þær hins vegar kæmu ekki að haldi vegna veðurofsans og sérstaklega vegna þess, að önnur skip fóru á hreyfingu og losnuðu. Miðað við aðstæður, verður því ekki fallizt á, að slysið hafi orsakazt af sérstöku hirðuleysi af hálfu stefnenda. Síðustu málsgrein 13. greinar laga Bátaábyrgðarfélagsins verður því ekki beitt hér, og leiðir það til þess, að varakrafa hins stefnda félags verður eigi tekin til greina.

Önnur rök gegn fyrsta lið í aðalkröfu stefnenda hafa ekki verið færð fram. Niðurstaðan verður því sú með tilvísun til ofanritaðs, að þar sem bátur stefnenda var skrásettur í Vestmannaeyjum og ekki liggur annað fyrir en hinu stefnda félagi hafi verið skylt að tryggja bátinn með venjulegum hætti, og ekki er upplýst, að atvikum sé svo háttað, að tryggingarskyldur stefnda hafi breytzt eða fallið niður, þá verður hinu stefnda félagi talið skylt að greiða kostnað við viðgerð á skemmdunum, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af því, að báturinn var tryggður eftir b-flokki, en fé-

laginu er aðeins skylt að bæta skaðann í réttu hlutfalli við ábyrgðina, sem það tekst á hendur, eins og segir í 12. gr. félagslaganna. Samkvæmt sömu grein, sbr. 13. gr. laga nr. 61/1947, miðast bæturnar við matsverð, nema upplýst sé, að viðgerð kosti minna. Matsverð nam kr. 425.000.00, eins og fyrr er getið, og myndi því í hæsta lagi bera að miða bæturnar við þá upphæð.

Annar liður í aðalkröfu stefnenda ræðir um greiðsluskyldu stefnda á kostnaði við björgun skipsins. Stefndi hefur viðurkennt, að sér væri skylt að greiða þann kostnað. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina.

Þriðji liður í aðalkröfu stefnenda ræðir um greiðsluskyldu stefnda á kostnaði við vörzlu skipsins eftir strandið í dráttarbraut Slippfélagsins eða á öðrum stað, er það kynni að verða flutt á. Þessi liður ræðir ekki um kostnað við geymslu skipsins, meðan viðgerð fer fram, því hann er innifalinn í fyrsta lið. Í 12. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins segir, að bátseigendur annist sjálfir aðgerð báta sinna, og jafnframt er tekið fram, að félaginu sé óskylt að bæta skaðann, fyrr en að lokinni viðgerð. Samkvæmt þessu ákvæði er félaginu óviðkomandi kostnaður við vörzlu eða geymslu skipsins, þar til viðgerð hefst. Verður hið stefnda félag því sýknað af þessum kröfulið.

Niðurstaða málsins verður því sú, að hið stefnda félag verður dæmt skylt, að viðgerð lokinni, að greiða kostnað við viðgerð á m/b Leó II., VE 94, vegna skemmda, er skipið varð fyrir hinn 5. janúar s.l., en samkvæmt þeim reglum, er gilda að lögum félagsins um tryggingu báta í b-flokki. Jafnframt skal stefnda skylt að greiða kostnað við björgun bátsins í umrætt sinn. Hins vegar verður félagið sýknað af kröfu stefnenda um greiðsluskyldu á kostnaði við geymslu skipsins, frá því að það strandaði og þar til viðgerð hefst.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00, og er þar innifalinn matskostnaður.

Dómsorð:

Stefnda, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, er skylt, að viðgerð lokinni, að greiða stefnendunum, Þorvaldi Guðjónssyni og Axel Magnússyni, kostnað við viðgerð á m/b Leó II., VE 94, vegna skemmda, er skipið varð fyrir hinn 5. janúar s.l. og samkvæmt þeim reglum, er gilda að lögum félagsins um tryggingu báta í b-flokki. Einnig er hinu stefnda félagi skylt að greiða kostnað við björgun bátsins hinn 5. janúar s.l.

Kostnað við geymslu skipsins, frá því það strandaði og þar til viðgerð hefst, er félaginu óskylt að greiða.

Stefndi greiði stefnendum kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1956.

Nr. 27/1953. **Einar Eiríksson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jóni Guðmundssyni (Gunnar Þorsteinsson),
Bergi Eydal Vilhjálmssyni og
Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni
(Magnús Thorlacius),
Elíasi Steinssyni og
Kristjáni Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson)
og
Elías Steinsson og
Kristján Gíslason (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Einari Eiríkssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1953 og gert þessar dómkröfur:

Að gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, verði dæmt að greiða honum kr. 423.31 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags og að gagnáfrýjendum og stefndu, Bergi Eydal Vilhjálmssyni, Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni og Jóni Guðmundssyni, verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 23.301.89 með 6% ársvöxtum af

kr. 17.803.47 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 23.301.89 frá þeim degi til greiðsludags,
að stefndu og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði,
að staðfest verði kyrrsetning, sem fram fór í eignum stefndu hinn 17. janúar 1951 til tryggingar kr. 17.803.47 af kröfum aðaláfrýjanda með vöxtum og kostnaði, og
að stefndu og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón Guðmundsson krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er til hans tekur, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er til þeirra tekur, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1953 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi telur, að eigi sé rétt með farið í hinum áfrýjaða dómi, þar sem segir, að hann, þ. e. aðaláfrýjandi, hafi tekið athugasemdalaust við lyklum að húsnæði veitingastofu þeirrar, er í málinu greinir, er stefndu, Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason, létu af rekstri hennar um mánaðamótin nóvember-desember 1949. Hæstaréttarlögmenn þeir, sem fluttu málið fyrir stefndu og gagnáfrýjendur í héraði, staðhæfa hins vegar, að rétt sé frá skýrt í héraðsdómi um þetta atriði. Að svo vöxnu máli verður að leggja frásögn héraðsdómara, sem í engu hefur verið hnekkt, til grundvallar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, stefnda Jóni Guðmundssyni kr. 1500.00, stefndu Bergi Eydal Vilhjálmssyni og Kristmundi

Þorbirni Bjarnasyni kr. 1500.00 og gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Einar Eiríksson, greiði stefnda Jóni Guðmundssyni kr. 1500.00, stefndu Bergi Eydal Vilhjálmssyni og Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni kr. 1500.00 og gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, kr. 1500.00, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hefur Einar Eiríksson, Marargötu 2, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. janúar 1951, gegn Bergi Eydal Vilhjálmssyni, Kleppsvegi 102, og Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni, Vífilsgötu 15, báðum hér í bænum, og Jóni Guðmundssyni, Brúsastöðum í Þingvallasveit. Gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu yrðu dæmdir til greiðslu in solidum á kr. 20.481.80 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði löghald, sem lagt var á ýmsa innanstokksmuni o. fl. í húsnæði Kaffi- og matstofunnar Hvols, Hafnarstræti 15, hinn 17. janúar 1951 til tryggingar dómkröfunum.

Jóni Guðmundssyni var ekki löglega birt stefna málsins, og höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur honum svo og þeim Elíasi Steinssyni kaupmanni, Njálsgötu 4 B, hér í bæ, og Kristjáni Gíslasyni veitingamanni, Edinborg í Keflavík, með stefnu, út gefinni 9. apríl f. á. Með sömu stefnu höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefndu Bergi og Kristmundi. Gerði stefnandi nú þær dómkröfur, að varnaraðiljar allir yrðu dæmdir til að greiða in solidum kr. 26.530.06 með 6% ársvöxtum af kr. 20.481.80 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 26.530.06 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krafðist hann staðfestingar fyrrgreindrar löghaldsgerðar.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð dómkröfu sinnar í kr. 23.725.20 með 6% ársvöxtum af kr. 18.194.05 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 23.725.20 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Bergur, Jón og Kristmundur hafa krafizt þess, að framangreint löghald verði fellt úr gildi og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Elías og Kristján hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var eigandi Kaffi- og matstofunnar Hvols við Hafnarstræti hér í bænum og starfrækti hana. Síðan seldi hann stefndu Elíasi og Kristjáni mestan hluta hennar, þannig að eignarhluti þeirra mun hafa verið talinn kr. 65.000.00, en eignarhluti stefnanda kr. 5000.00. Var í ráði að stofna hlutafélag um reksturinn, og var gerður stofnsamningur þar að lútandi. Samkvæmt honum skyldu stefndu Elías og Kristján eiga 4/11 af hlutafénu hvor, eiginkonur þeirra 1/11 hvor og stefnandi 1/11 hluta, en samtals átti hlutaféð að vera kr. 55.000.00. Hlutafélagið var hins vegar aldrei skrásett.

Eftir að stefndu Elías og Kristján gerðust aðaleigendur veitingastofunnar, mun rekstur hennar hafa verið að mestu leyti í þeirra höndum. Þó kveða þeir sameigendurna hafa skipzt á um reksturinn, þannig að fyrst hafi stefndu Elías og Kristján rekið veitingastofuna í félagi, síðan hafi stefnandi rekið hana einn um skeið, og loks hafi stefndi Kristján rekið hana einn í um það bil eitt ár, unz stefndu Elías og Kristján hafi selt eignarhluta sinn, eins og síðar verður að vikið. Hafi sá aðili, sem rak veitingastofuna hverju sinni, greitt einn allan rekstrarkostnað. Veitingastofan var rekin í húsnæði, sem stefnandi hafði persónulega á leigu hjá húseigendunum, og á veitingaleyfi hans. Greiddu stefndu Elías og Kristján húsaleiguna til stefnanda.

Með samningi 13. október 1949 seldu stefndu Elías og Kristján stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni eignarhluta sinn í veitingastofunni ásamt húsgögnum og áhöldum veitingastofunnar. Sagði m. a. svo í afsalinu: „... Kaupendur vita um, að Einar Eiríksson hefur leigurétt húsnæðisins á sínu nafni og að húsaleigan er nú kr. 1208.00 á mánuði og sömuleiðis, að Einar Eiríksson er talinn eiga 5000.00 króna hlut í veitingastofunni".

Stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hófu rekstur veitingastofunnar frá 14. október að telja. Þó mun stefndi Jón hafa haft lítil afskipti af daglegum rekstri. Húsaleigu fyrir hálfan októbermánuð og fyrir nóvembermánuð greiddu kaupendurnir beint til stefnanda, og var það sama grunnleiga og stefndu Elías og Kristján höfðu greitt. Mjög skömmu eftir að

kaupin gerðust, kom upp ágreiningur út af kaupunum með kaupendum og seljendum. Þannig ritaði stefndi Jón „Athugasemdir við samningana um Hvol" hinn 23. október og afhenti það bréf í skrifstofu lögfræðings, er verið hafði með seljendum við samningsgerðina. Síðar báru stefndu Bergur Eydal og Kristmundur Þorbjörn fram munnlegar kvartanir við seljendur. Kvörtunum þessum sinntu seljendur ekki og töldu sér það óskylt. Rétt fyrir mánaðamótin nóvember-desember hættu stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn rekstri veitingastofunnar. Jafnframt afhentu þeir stefnanda lyklana að húsnæðinu, og hefur það staðið ónotað síðan.

Með stefnu, út gefinni 6. desember 1949, höfðuðu stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn mál á hendur stefndu Elíasi og Kristjáni til riftingar kaupunum frá 13. október og til endurheimtu kaupverðsins. Voru kröfur þeirra reistar m. a. á því, að seljendur hefðu ábyrgzt, að reka mætti veitingastofuna framvegis í leiguhúsnæði stefnanda máls þessa og á hans veitingaleyfi, en þenna rétt þeirra hefði hann ekki viljað viðurkenna. Var stefnanda þessa máls stefnt til réttargæzlu í málinu. Málalyktir urðu þær í héraði, að varnaraðiljar voru sýknaðir af kröfum stefnanda. Var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 4. nóvember s.l.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi á því, að stefndu skuldi honum húsaleigu fyrir húsnæði veitingastofunnar, fyrir upphitun og lýsingu húsnæðisins og afnotagjald af talsíma í veitingastofunni auk nokkurrar fjárhæðar fyrir aukasímtöl og landssímasamtöl. Voru kröfur stefnanda í frumsök miðaðar við tímabilið frá desember 1949 til desember 1950, að báðum mánuðum meðtöldum, þó að því er varðaði hita og rafmagn, frá októberbyrjun 1949 til septemberloka 1950. Taldi stefnandi húsaleigugreiðslurnar og greiðslur fyrir hita og ljós hafa numið kr. 18.716.80 og símagjöld kr. 1765.00 eða samtals kr. 20.481.00. Hækkun stefnanda á kröfunum með framhalds- og sakaukastefnunni er byggð á því, að þar eru tekin með framangreind gjöld til loka marzmánaðar 1951. Hefðu húsaleigugreiðslur og gjöld fyrir hita og rafmagn numið á tímabilinu kr. 5678.26 og símagjöld kr. 370.00 eða alls kr. 6048.26, og nemi skuld stefndu stefnukröfunni. Lækkun stefnanda á dómkröfum sínum við munnlegan flutning málsins var reist á því, að hann taldi, að honum bæri sjálfum að greiða 1/11 hluta framangreindra gjalda, þar eð hlutdeild hans í sameigninni hafi verið þessi samkvæmt því, sem ráðgert hafi verið milli hans og stefndu Elíasar og Kristjáns í sambandi við hina fyrirhuguðu stofnun hlutafélags. Auk þess féll stefnandi frá einum kröfulið, varðandi

greiðslu fyrir hita og ljós, að fjárhæð kr. 393.04. Hefur fjárhæð dómkröfu stefnanda út af fyrir sig ekki verið andmælt.

Húsaleiga, hiti og rafmagn.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar, varðandi þenna lið, með því, að er stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hættu starfrækslu veitingastofunnar í nóvemberlok 1949, hafi þeir ekki sagt upp húsnæðinu við stefnanda og eigi hafi þeir heldur gert það síðan, og beri þeim því að greiða að sínum hluta kostnað við húsnæðið síðan. Stefndu Elías og Kristján ábyrgist þá skuld in solidum með hinum meðstefndu, þar eð stefndu Kristján og Elías hafi ekki leitað samþykkis stefnanda, er þeir seldu eignarhluta sinn, enda hafi stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur greitt húsaleiguna þann tíma, sem þeir ráku veitingastofuna undir nafni stefndu Elíasar og Kristjáns. Loks var því hreyft af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins til stuðnings kröfum hans á hendur stefndu Elíasi og Kristjáni, að samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu af stefnda Kristjáni 11. des. 1948, þar sem stefndi Kristján hefði veðsett stefnanda húsgögn og áhöld í veitingastofunni til tryggingar víxli nokkrum, út gefnum af stefnanda, hefði hann ábyrgzt, að stefnandi biði engan halla af leigugreiðslu fyrir húsnæði veitingastofunnar né öðrum viðskiptum, sem hann kynni að eiga við stefnda Kristján.

Stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn reisa sýknukröfu sína af þessum lið á því, að er þeir afhentu stefnanda lykla húsnæðisins í nóvemberlok 1949, hafi sú afhending haft að geyma uppsögn þeirra á húsnæðinu frá þeim tíma. Stefnandi hafi ekki mótmælt þeirri uppsögn, sem í afhendingu lyklanna fólst. Hafi þeir því þegar greitt stefnanda að fullu húsaleigu og annan kostnað við húsnæðið fyrir þann tíma, sem þeir ráku veitingastofuna.

Stefndu Kristján og Elías reisa sýknukröfu sína á því, að þeim séu óviðkomandi leigugreiðslur og hita- og rafmagnskostnaður eftir 13. október 1949, er þeir seldu meðstefndu eignarhluta sinn, enda hafi stefnanda verið fullkunnugt um eigendaskiptin. Þá hafa þeir og talið, að ef svo yrði litið á, að endurkröfuréttur stefnanda hefði ekki fallið niður þegar við söluna, hafi hann þó fallið niður við það, að stefnandi hafi athugasemdalaust tekið við leigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar, enda mótmæla stefndu Elías og Kristján, að síðast nefndar leigugreiðslur hafi verið greiddar undir þeirra nafni. Þá geti stefnandi heldur ekki krafizt neinnar greiðslu eftir þann tíma, að hann

veitti viðtöku lyklum húsnæðisins. Loks hafa stefndu Elías og Kristján mótmælt, að stefnandi geti reist nokkurn rétt sér til handa í þessu máli á framangreindu tryggingarbréfi. Bréf þetta sé stefnda Elíasi óviðkomandi og hafi enn fremur verið gefið út vegna láns, er stefndi Kristján hafi tekið til kaupa á húsgögnum í veitingastofuna, en stefnandi ábyrgzt. Séu þau viðskipti að fullu uppgerð.

Stefnandi hefur viðurkennt, að áður en stefndu Elías og Kristján seldu eignarhluta sinn, hafi stefndi Elías skýrt honum frá, að sala væri fyrirhuguð, og kveðst stefnandi hafa gengið út frá því, að kaupendur nytu þá sama leiguréttar og stefndu Elías og Kristján höfðu haft. Stefnandi veitti athugasemdalaust viðtöku leigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar og kveðst enn fremur hafa tjáð þeim, að hann mundi eigi reka þá úr húsnæðinu. Verður að telja samkvæmt framansögðu, að stefnandi hafi fallizt á, að stefndu Elíasi og Kristjáni væri óviðkomandi rekstur veitingastofunnar, eftir að þeir seldu eignarhluta sinn.

Að því er varðar fyrrgreint tryggingarbréf, þá segir þar, að það sé sett „... Enn fremur til tryggingar því, að Einar Eiríksson beri engan skaða af greiðslu húsaleigu í Hafnarstræti 15 eða öðrum viðskiptum", sem stefnandi og stefndi Kristján kunni að eiga saman. Tryggingarbréf þetta er stefnda Elíasi óviðkomandi, og ekki verður það skýrt svo, að það leggi neina ábyrgð á stefnda Kristján um leigugreiðslur eða greiðslur annars kostnaðar vegna veitingastofunnar, eftir að hann seldi eignarhluta sinn.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Elías og Kristján af kröfu stefnanda um greiðslu húsaleigu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hafi afhent honum lykla að húsnæði veitingastofunnar, er þeir hættu rekstri hennar um mánaðamótin nóvember-desember 1949, og að hann hafi tekið athugasemdalaust við lyklunum. Mátti stefnanda vera ljóst, að um fyrirvaralausa uppsögn á húsnæðinu væri að ræða, og þar eð hann hreyfði engum andmælum og hefur, svo að séð verði, engar kröfur gert á hendur stefndu um greiðslur húsaleigu fyrr en með beiðni sinni um lögbald 5. janúar 1951, þykir mega líta svo á, að stefnandi hafi samþykkt uppsögnina. Loks er viðurkennt, að eftir að rekstri veitingastofunnar var hætt, hafi stefnandi unnið að einhverju leyti að lagfæringum á húsnæðinu. Þegar allt þetta er virt, þykir ekki efni til að taka kröfur stefnanda um húsaleigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar til greina.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið um húsaleigu, ber að sýkna alla hina stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu fyrir upphitun og rafmagn eftir 1. desember 1949. Einn þeirra reikninga, sem stefnandi hefur greitt fyrir hita og rafmagn og kröfur eru gerðar út af í máli þessu, er hins vegar fyrir tímabilið október-desember 1949. Reikningur þessi er að fjárhæð kr. 219.63. Ekkert er upplýst, hvernig notkunin skiptist á einstaka mánuði á tímabilinu, og þykir því verða að ætla, að hún hafi verið jöfn. Stefndu Elías og Kristján voru sameigendur stefnanda 1/6 þessa tímabils (1.—14. október), en stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn helming tímans (14. október—31. nóvember). Ber hinum stefndu að greiða nefndan reikning að tiltölu við það, þannig að stefndu Elías og Kristján greiði in solidum 1/6 hluta hans, að frádregnum þeim 1/11 hluta, sem stefnandi hefur viðurkennt, að sér bæri að greiða af öllum kostnaði, eða kr. 33.28 (kr. 36.61÷3.33). Á sama hátt ber stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni að greiða stefnanda in solidum helming reikningsfjárhæðarinnar, að frádregnum 1/11 hluta, eða kr. 99.84 (kr. 109.82÷9.98).

Símgjöld.

Stefnandi telur, að hann hafi greitt samtals kr. 2135.00 vegna talsíma veitingastofunnar, og beri honum að fá tiltölulega endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi hinna stefndu. Taka greiðslur stefnanda á símgjöldum bæði til afnotagjalds, aukasímtala, landssímasamtala og skásetningar aukaleturs í símaskrá.

Stefndu hafa andmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi, svo sem öðrum kröfum stefnanda. Þá hafa þeir og sérstaklega andmælt þessum lið á þeim grundvelli, að síminn hafi verið skráður á nafn stefnanda sjálfs, en samkvæmt reglum Landssímans sé óheimilt að leigja talsímatæki án leyfis.

Símareikningarnir hljóða á nafn Einars Eiríkssonar, kaffi- og matsala. Hefur stefnandi ekki hnekkt því, að hann persónulega hafi verið rétthafi símans. Að því er afnotagjaldið varðar, þá er það fyrir tímabilið janúar 1950 til marz 1950. Stefndu höfðu þá hætt rekstri veitingastofunnar og sagt upp húsnæði hennar, og verður að telja, að þeim beri ekki að greiða fyrir afnot af símanum eftir þann tíma. Verða þeir því sýknaðir af kröfu stefnanda um greiðslu afnotagjaldanna. Þá verða stefndu og sýknaðir af kröfu stefnanda vegna greiðslu aukaleturs í símaskrá, enda er sú greiðsla frá því í janúar 1951.

Á símareikningi fyrir 1. ársfjórðung 1950 er gjald fyrir auka-

samtöl talið kr. 332.50, ef með er talin 10% gjaldskrárhækkun. Á reikningi 2. ársfjórðungs nemur gjaldið fyrir aukasamtölin kr. 398.10. Á síðari reikningnum er ekki um aukasímtöl að ræða. Dómaranum er kunnugt um, að gjald fyrir aukasamtöl er innheimt á öðrum ársfjórðungi, eftir að samtölin fóru fram. Er hér því um að ræða greiðslur fyrir aukasamtöl á tveimur síðari fjórðungum ársins 1950. Mánuðina júlí til september voru stefndu Elías og Kristján sameigendur stefnanda að veitingastofunni. Því er ekki mótmælt, að þeir, sem veitingastofuna ráku hverju sinni, hafi haft afnot talsímans. Ekki er heldur efni til að líta svo á, að bann Landssímans við framleigu símtækja firri stefnanda endurkröfurétti vegna aukasímtala. Ber stefndu Elíasi og Kristjáni því að greiða stefnanda in solidum aukasamtalagjöldin fyrir júlí-september 1950, að frádregnum 1/11 hluta stefnanda sjálfs, eða kr. 299.55 (kr. 332.50÷32.95).

Að því er varðar aukasamtöl á síðasta ársfjórðungi 1950, þykir mega ætla, að ekki sé um að ræða aukasímtöl í desembermánuði, eftir að rekstri veitingastofunnar var hætt. Verður því að ætla, að aukasímtölin skiptist jafnt á mánuðina október og nóvember. Stefndu Elías og Kristján voru sameigendur stefnanda 1/4 hluta þess tíma, en stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn ¾ hluta. Ber þeim að greiða stefnanda reikningsfjárhæðina fyrir aukasímtölin að þeirri tiltölu, þó svo, að frá fjárhæð þeirri, er hvorir um sig greiði, sé dreginn 1/11 hluti. Ber stefndu Elíasi og Kristjáni samkvæmt því að greiða stefnanda kr. 90.48 (kr. 99.53÷9.05). Á sama hátt ber stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni að greiða stefnanda kr. 271.36 (kr. 298.58 ÷27.22).

Greiðslur stefnanda vegna landssímasamtala nema samtals kr. 34.50. Samtöl þessi fóru öll fram á þeim tíma, er stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn voru meðeigendur stefnanda. Þykir rétt að dæma þá til að endurgreiða stefnanda fjárhæðina in solidum að frádregnum 1/11 hluta eða kr. 31.36 (kr. 34.50 ÷3.14). Hins vegar verða stefndu Elías og Kristján ekki dæmdir til að greiða framangreinda fjárhæð.

Úrslit málsins verða því þau, samkvæmt því, sem að framan er rakið, að stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 402.25 (kr. 99.84+271.36+31.36) með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags. Stefndu Kristján og Elías verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 423.31 (kr. 33.28+299.55+90.48) með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags.

Staðfesta ber framangreint löghald fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal, Jón og Kristmund Þorbjörn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af önnum.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu Bergur Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason greiði stefnanda, Einari Eiríkssyni, in solidum kr. 402.56 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags.

Stefndu Elías Steinsson og Kristján Gíslason greiði stefnanda in solidum kr. 423.31 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags.

Framangreind löghaldsgerð er staðfest fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmund Þorbjörn Bjarnason.

Málskostnaður á að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1956.

Nr. 180/1954. **Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins** (Hermann Jónasson)

gegn

Jóhönnu Sæmundsdóttur

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ábúðarréttur. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar, gerir þær dómkröfur, að lögbannsgerð sú, er í hér-

aðsdómi greinir, verði staðfest og að viðurkennt verði lögmæti útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Svo sem í héraðsdómi greinir, fluttust þau hjónin stefnda og eiginmaður hennar, Þorsteinn heitinn Einarsson, frá leigujörð sinni Holti að Nikhóli árið 1942, og má af gögnum málsins ráða, að ástæðan til búferlaflutnings þeirra hafi m. a. verið sú, að eftir að vegamálastjórnin hafði gert fyrirhleðslu í Hafursá og veitt henni í ána Klifandi, hafði Hafursá gengið á land Holts, og var jafnvel óttazt um, að hún mundi inniloka bæinn. Þá er og í ljós leitt, að jarðarhús í Holti voru lítilfjörleg, er hér var komið. Hefur þáverandi umboðsmaður þjóðjarða í Dyrhólahreppi staðfest fyrir dómi, að umboðsstjórn þjóðjarða hafi leyft Þorsteini heitnum og síðan ekkju hans, stefndu í máli þessu, að halda byggingu á Holti þrátt fyrir brottflutninginn. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, greiði stefndu, Jóhönnu Sæmundsdóttur, kr. 2500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 22. júlí f. á., gegn Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhóli í Mýrdal.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dagsettu 27. maí 1936, seldi Þorsteinn Einarsson ríkissjóði eignar- og ábúðarjörð sína Holt í Dyrhólahreppi.

Jörð þessa hafði Þorsteinn keypt af foreldrum sínum árið 1907,

en áður höfðu foreldrar hans átt jörðina og búið á henni í áratugi. Höfðu þeir feðgar gert allmiklar jarðabætur á jörðinni. Ástæðan til þess, að Þorsteinn seldi ríkissjóði jörðina, var sú, að vegamálastjórnin hafði ákveðið að veita Hafursá í ána Klifandi og brúa síðan báðar árnar í einu lagi, en Pálmi Einarsson landnámsstjóri og fleiri sérfróðir menn töldu, að af breytingu á farvegi Hafursár mundu stafa slík landspjöll á jörðinni Holti, að hún myndi lítt eða ekki byggileg. Þegar Þorsteinn seldi, voru íveruhús jarðarinnar farin að ganga úr sér, og hafði hann viðað að sér nokkru byggingarefni (sandi og möl) og ráðið smið til að vinna við byggingu íbúðarhúss á jörðinni, en af framkvæmdum varð ekki vegna áætlaðra landspjalla.

Með byggingarbréfi, dagsettu 10. september 1936, byggði ríkissjóður Þorsteini jörðina til ævilangrar ábúðar frá fardögum 1936 að telja og að honum látnum ekkju hans, stefndu í máli þessu, þar til hún giftist að nýju. Þau hjónin bjuggu síðan á jörðinni sem leiguliðar þar til árið 1942, en það ár fluttust þau að Nikhóli, vegna þess að íveruhús í Holti voru komin að falli og ekki lengur íbúðarhæf. Þetta ár lézt Þorsteinn Einarsson, en stefnda hélt áfram að nytja jörðina Holt, svo sem þau hjón höfðu áður gert, greiddi af henni landsskuld og leigur og hélt uppi lögskilum af jörðinni.

Hefur eitt vitni, Eyjólfur Guðmundsson, bóndi á Hvoli, sem er málavöxtum kunnugur, borið það, að umboðsstjórn þjóðjarða hafi leyft Þorsteini og síðar ekkju hans ábúð jarðarinnar Holts áfram, eftir að þau höfðu flutzt af jörðinni. Hinn 20. október 1947 voru öll jarðarhús á Holti virt til niðurrifs á kr. 1127.00 af úttektarmönnum hreppsins og seld stefndu. Var greiðsla andvirðisins send Dómsmálaráðuneytinu með bréfi sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dagsettu 13. júní 1949, ásamt endurriti af virðingargerðinni. Verður ekki séð, að ráðuneytið hafi hreyft neinum athugasemdum við þessari ráðstöfun á jarðarhúsunum.

Með símskeyti, dagsettu 12. desember 1952, fól Dómsmálaráðuneytið hreppstjóra Dyrhólahrepps að birta stefndu útbyggingu af ríkisjörðinni Holti í tæka tíð, og útbyggingarsök talin vera, að stefnda hefði ekki fullnægt ákvæðum ábúðarlaga um búsetu á jörðinni og notkun hennar. Með símskeyti, dagsettu næsta dag, 13. desember 1952, til hreppstjórans ányjar Dómsmálaráðuneytið beiðni sína í hinu fyrra skeyti og segir, að útbyggingin eigi að gilda frá næstu fardögum að telja. Í bréfi, dagsettu 17. desember 1952, til hreppstjórans í Dyrhólahreppi mótmælti stefnda útbyggingunni sem ólögmætri og fól hreppstjóranum að koma þessum

mótmælum áleiðis til réttra aðilja, og gerði hann það. Það verður ekki séð, að Dómsmálaráðuneytið hafi svarað mótmælum stefndu. Vorið 1953 lét stefnda hefja venjuleg vorverk á Holti, svo sem bera á tún, lagfæra girðingar og vinna nokkuð að túnrækt og áveitum. Og í júlí sama ár lét hún hefja slátt á túni jarðarinnar, en daginn eftir að slátturinn var byrjaður, hóf maður að nafni Jóhann Eiríksson á Felli einnig slátt á túninu. Stefnda kærði yfir þessu til hreppstjórans í Dyrhólahreppi með bréfi, dagsettu 20. júlí 1953, og átti hreppstjórinn sama dag tal við Jóhann, og tjáði Jóhann honum þá, að hann hefði byggingu fyrir jörðinni frá fardögum 1953. Í vottorði hreppstjórans, sem fyrir liggur í málinu, segir, að ekki sé vitað, að Jóhann þessi hafi unnið nokkurt handtak í Holti, fyrr en hann byrjaði sláttinn, og ekki hafi farið fram úttekt á jörðinni eða afhending kúgilda, svo sem venja sé, þegar ábúendaskipti verða.

Hinn 22. júlí 1953 var í fógetarétti Skaftafellssýslu að kröfu landbúnaðarráðherra lagt lögbann við því, að stefnda eða fólk á hennar vegum nytjaði jörðina Holt, sérstaklega í þá átt að afla heyja á landi jarðarinnar eða flytja á brott það hey, sem þegar hafði verið aflað.

Höfðaði stefnandi síðan mál þetta og hefur gert þær dómkröfur, að framangreind lögbannsgerð verði staðfest og viðurkennt verði lögmæti framangreindrar útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu, þar með talins kostnaðar við lögbannsgerðina.

Stefnda hefur krafizt þess, að lögbannsgerðin verði felld úr gildi og útbygging stefnanda dæmd ólögmæt. Þá hefur stefnda krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Stefnandi reisir í fyrsta lagi dómkröfur sínar á því, að réttur stefndu og eiginmanns hennar, Þorsteins, til ábúðar á jörðinni Holti hafi fallið niður, um leið og þau fluttust af jörðinni. Telur hann, að vernd sú, er ábúðarlögin og byggingarbréfið veiti að þessu leyti, sé tvímælalaust bundin við búsetu á jörðinni. Hafi honum því, hvenær sem var, eftir að flutt hafi verið af jörðinni, verið heimilt að segja upp ábúðinni með löglegum fyrirvara. Þá heldur stefnandi því fram, að jörðin hafi ekki verið nytjuð að öðru leyti en því, að heimatún hennar hafi verið slegið. Jörðin hafi því níðzt niður og komizt í órækt, á sama tíma og stórfelldar jarðabætur hafi átt sér stað um land allt. Af þessum ástæðum hafi og verið sjálfsagt að segja stefndu upp afnotum jarðarinnar.

Hefur stefnandi einkum vísað til 19. og 25. gr. ábúðarlaganna máli sínu til stuðnings.

Stefnda reisir hins vegar sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að búseta á leigujörð sé ekki nauðsynlegt skilyrði til þess að njóta ábúðar á henni og vísar í því efni til ákvæða 11. og 31. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951. Þau hjónin hafi neyðzt til að flytjast af jörðinni, þar eð íveruhús hennar hafi ekki verið íbúðarhæf og stefnandi hafi ekki viljað endurbyggja þau, enda hafi hann og samþykkt brottflutninginn.

Þá hefur stefnda mótmælt því, að jörðin hafi níðzt niður í ábúð hennar. Kveðst hún árlega hafa borið á tún jarðarinnar, annazt áveitur á slægjulönd hennar og viðhald girðinga. Töðufall hafi verið um hundrað hestburðir, er þau hjónin fluttust af jörðinni, en síðast, er túnið hafi verið nytjað, hafi töðufallið verið nokkuð á annað hundrað hestburðir. Á veturna hafi hún haft sauðfé á jörðinni, stundum allt að 150 fjár. Jörðin hafi þannig verið nytjuð að mestu með venjulegum hætti að öðru en búsetu.

Gegn mótmælum stefndu er ósannað, að landsnytjar umræddrar jarðar hafi rýrnað við afnot hennar af jörðinni.

Eftir málsatvikum, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir sýnt, að stefnda og eiginmaður hennar hættu búsetu á oftnefndri jörð árið 1942 af þeim sökum, að íveruhús jarðarinnar voru þá orðin svo úr sér gengin, að þau voru ekki íbúðarhæf. Eitt vitni hefur, svo sem áður segir, borið það, að Þorsteinn, eiginmaður stefndu, hafi flutzt frá Holti 1942, en haft ábúð jarðarinnar áfram með samþykki umboðsstjórnar þjóðjarða. Og ljóst er, að stefnanda hlaut að vera kunnugt um það, hvernig málum var háttað að þessu leyti, er hús jarðarinnar voru virt og seld stefndu til niðurrifs árið 1947.

Að þessu athuguðu þykir stefndu ekki verða gefið að sök, að hún hefur ekki haft búsetu á jörðinni, en hún hefur tjáð sig fúsa til að flytjast á jörðina aftur, verði byggt upp á henni að nýju. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að stefnda hafi fyrirgert rétti sínum til ábúðar jarðarinnar, og verða því úrslit málsins þau, að framangreind lögbannsgerð verður felld úr gildi og stefnda sýknuð af kröfu stefnanda um viðurkenningu lögmætis útbyggingar stefndu af jörðinni.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er felld úr gildi.

Stefnda, Jóhanna Sæmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, um viðurkenningu lögmætis útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 5/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson)
gegn
Hallgrími Péturssyni persónulega
og f. h. sonar hans,
Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni
f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur
og gagnsök (Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1956. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjenda, að hver aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 13. janúar 1956. Krefst gagnáfrýjandinn Hallgrímur þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum persónulega kr. 50.302.00 og kr. 54.384.00 f. h. sonar hans, Péturs Sævars. Gagnáfrýjandinn Friðbjörn krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 46.967.00. Þá krefjast gagnáfrýjendur

og 6% ársvaxta af nefndum fjárhæðum frá 3. október 1953 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjendum, Hallgrími Péturssyni persónulega og f. h. sonar hans, Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 8000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Hallgrímur Pétursson, Grænukinn 8 í Hafnarfirði, og Friðbjörn Friðbjarnarson, Hnífsdal, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. maí 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, er síðar verður frá greint. Þá hafa stefnendur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bænum, til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur félaginu, og það hefur engar kröfur gert gegn stefnendum.

Málsatvik eru þau, að hinn 3. október 1953 var bifreiðinni VL 655 ekið á konu stefnandans Hallgríms, Júlíönu Ólöfu Árnadóttur, þar sem hún var ásamt móður sinni á gangi á veginum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og urðu afleiðingar þær, að hún beið bana. Þegar eftir slysið var hafin réttarrannsókn út af því í sakadómi Hafnarfjarðar, og eftir því, sem þar kom fram, verða nú rakin nánari atvik að slysinu.

Móðir Júlíönu heitinnar skýrir svo frá sem vitni, að laugardagskvöldið 3. október 1953 hafi hún ætlað ásamt dóttur sinni í heimsókn til kunningjafólks þeirra í Silfurtúni. Fóru þær mæðgur frá Hafnarfirði með strætisvagni þeim, er lagði af stað þaðan kl. 20.30. Af ókunnugleika og þar sem dimmt var, fóru þær úr strætisvagninum við Lyngholtsbiðstöðina, sem er rétt sunnan við Hraunholtslæk. Þegar vagninn var lagður af stað, sáu þær, að þær mundu hafa farið úr vagninum einni biðstöð of snemma, en

ákváðu þá að ganga til Silfurtúns, sem er nokkuð austan við Hraunholtslækinn. Héldu þær síðan af stað og gengu hægt samhliða vinstra megin á veginum, alveg út við vegbrún, að því er vitnið telur. Júlíana gekk innar á veginum hægra megin við vitnið. Þegar þær höfðu gengið stuttan spöl, sá vitnið bifreið með ljósum koma frá Reykjavík, og í sama mund varð vitnið vart við glampa frá ljósum bifreiðar, er kom á eftir þeim. Telur vitnið, að Júlíana hafi einnig orðið vör ljósanna frá þeirri bifreið, og heldur, að þær hafi fært sig eins utarlega á veginn og hægt var. Síðan hafi það engum togum skipt, að bifreiðin, sem frá Reykjavík kom, hafi farið fram hjá þeim, en rétt í sömu svifum kveðst vitnið hafa fengið mikið högg eða þrýsting í bakið og hentst við það út fyrir vegbrúnina, sem vitninu fannst há, misst jafnvægið, er það kom niður, og fallið á jörðina. Þegar vitnið fékk höggið eða þrýstinginn í bakið, missti það sjónar á Júlíönu, en heyrði eitthvert óp frá henni. Vitnið kveðst hafa flýtt sér upp á veginn aftur, er það komst á fætur, og sá þá, að Júlíana lá hreyfingarlaus á veginum nokkuð langt þaðan, sem vitnið kom upp á veginn. Sá vitnið mann í gráum fötum standa þar yfir henni og heldur, að það hafi verið útlendingur. Er vitnið kom til þeirra, segir vitnið, að Júlíana hafi legið alblóðug og hreyfingarlaus á veginum. Í umrætt skipti kveðst vitnið hafa verið í brúnni kápu, en kápa Júlíönu hafi verið eitthvað ljósari.

Vitnið Þuríður Hvannberg hefur skýrt svo frá, að umrætt laugardagskvöld nokkru fyrir kl. 21.00 hafi hún verið á leið til Hafnarfjarðar í bifreiðinni G 1235, sem vitnið ók, og var móðir þess, Vigdís Thorarensen, með vitninu í bifreiðinni og sat í framsæti. Nokkru eftir að bifreiðin var komin framhjá Silfurtúni, veitti vitnið athygli tveimur konum, sem gengu í áttina þangað, hægra megin á veginum frá vitninu séð. Minnir vitnið, að sú konan, sem innar gekk á veginum, væri í grænni kápu, og heldur það, að hún hafi gengið á malbikuðu brautinni, en hin konan annaðhvort utan við malbikuðu brautina eða á mörkum hennar. Kveðst vitnið hafa séð konurnar rétt í svip, því að í sömu svifum hafi bifreið komið úr áttinni frá Hafnarfirði og ekið aftan á konurnar. Sá vitnið, að konan í grænu kápunni tókst á loft og kastaðist langt frá bifreiðinni. Vitnið sá ekki, hvað varð af hinni konunni. Því virtist, að bifreiðinni, sem ekið var á konurnar, væri ekki ekið mjög hratt, og sjálft kveðst vitnið hafa ekið mjög rólega og vera alveg öruggt um, að það hafi ekið með lægri ljósunum. Örskammt frá slysstaðnum kveðst vitnið hafa numið staðar og farið út úr bifreið sinni. Þá hafi það séð konu liggja á veginum og að bif-

reiðin, sem hafði ekið á hana, hafði numið staðar Reykjavíkurmegin við konuna á hægra vegarhelmingi utarlega.

Vitnið Vigdís Thorarensen hefur skýrt sjálfstætt á sama hátt frá atvikum og vitnið Þuríður Hvannberg.

Harry Lennord Bestland, starfsmaður hjá Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, skýrir svo frá, að laust fyrir kl. 20 laugardaginn 3. október 1953 hafi hann lagt af stað frá Keflavíkurflugvelli í bifreiðinni VL 655, sem hann ók, og var með honum í bifreiðinni maður, er hann var málkunnugur, og sátu þeir báðir í framsæti. Þegar komið var í gegnum Hafnarfjörð, kveðst Bestland hafa veitt eftirtekt umferðarmerki, sem á stóð 40 km, en ekki vitað, hve margar mílur það voru, en eftir það ekið á 30—35 mílna hraða og talið, að það myndi vera löglegur hraði. Þegar hann hafi verið rétt kominn að brú, sem er á veginum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hafi hann mætt bifreið. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort sú bifreið hafi verið með sterkum ljósum, en telur þó, að ljós hennar muni eitthvað hafa glapið útsýn fyrir sér, því að rétt í sömu svifum og hann mætti bifreið þessari, hafi hann séð tvær konur framan við bifreið sína, varla meira en 4—5 fet framundan. Hann kveðst þegar hafa hemlað bifreiðina með fullu átaki, og ekkert fum eða fát hafi komið á sig. Engum togum hafi þó skipt, að bifreiðin hafi rekizt á þá konuna, sem innar gekk á veginum, og hafi hún kastazt við árekstur inn fram á veginn, ein 15—20 fet að hann gizkar á. Þar hafi konan fallið á götuna og legið hreyfingarlaus. Bestland kveðst hafa getað stanzað bifreið sína um það bil á miðri brúnni, og gat hann þaðan séð konuna, þar sem hún lá á veginum framundan. Hann telur, að konan muni hafa séð bifreiðina, örfáum sekúndum áður en hún rakst á hana, þar eð honum sýndist hún reyna að hlaupa undan. Ekki kveðst hann geta gert sér grein fyrir, hvort bifreiðin hafi komið við hina konuna, en telur þó ekki útilokað, að svo hafi verið. Eftir að hafa stanzað augnablik á brúnni, kveðst Bestland hafa ekið bifreiðinni áfram, þar sem hún var þarna til trafala umferðinni, og stöðvað hana yfir á hægri vegarbrún Reykjavíkurmegin við konuna. Síðan hafi hann farið út úr bifreiðinni og farið þangað, sem konan lá, að honum virtist í andarslitrunum, og breitt yfir hana frakka sinn. Fólk hafi síðan borið þarna að, og kveðst Bestland hafa reynt að gera því skiljanlegt að sækja þyrfti sjúkrabifreið, og hafi hann og félagi hans í bifreiðinni beðið þarna, þar til lögreglumaður hafi komið á staðinn. Bestland kveðst hafa verið vel fyrir kallaður í umrætt skipti, og hefur ekkert komið fram í mál-

inu, er hnekki því. Hann kveðst hafa verið vanur að aka bæði fólksbifreiðum og vöruflutningabifreiðum, en VL 655 var lítil vöruflutningabifreið. Telur Bestland, að er hann rakst á konuna, hafi hraði bifreiðarinnar verið um 25 mílur, en er hann sá konurnar fyrst, hafi hraði bifreiðarinnar verið milli 30 og 35 mílur, miðað við klukkustund, alls ekki yfir 35 mílur. Maður sá, sem var í bifreiðinni með Bestland, hefur borið það sem vitni, að Bestland hafi ekið vel og örugglega á leiðinni. Hann kveðst ekki hafa gert sér ljósa grein fyrir því, hvernig áreksturinn varð, því hann hafi orðið í mjög skjótri svipan. Allt í einu hafi hann séð tvær konur fast framan við bifreiðina, og í sama bili hafi hann fundið, að Bestland hemlaði bifreið sína og stanzaði. Síðan hafi Bestland ekið yfir á hægri vegarbrún og stöðvað þar, og þeir þá báðir farið út úr bifreiðinni og Bestland farið til konunnar, sem hafi legið hreyfingarlaus á veginum. Vitni þetta kveðst ekki geta sagt um hraða VL 655, áður en árekstrinn varð, en telur, að hún hafi verið á „skikkanlegum (normal) hraða".

Við réttarrannsóknina kemur fram, að bifreiðinni VL 655 var ekið fram úr bifreiðinni G 02091, rétt eftir að bifreiðarnar höfðu farið gegnum Hafnarfjörð. Margir farþegar voru í bifreiðinni G 02091, og kom hún á slysstaðinn, rétt eftir að slys var orðið, en enginn þeirra, sem í þeirri bifreið voru, sá, hvernig það hafði að höndum borið.

Þegar eftir að slysið var orðið, var hringt til lögreglunnar í Hafnarfirði og henni tilkynnt, að umferðarslys hefði átt sér stað við Hraunholtslæk. Lögregluþjónn sá, sem á verði var, Gísli Sigurðsson, náði þegar í stað í sjúkrabifreið og sendi hana á vettvang, en fór samstundis í annarri bifreið á slysstaðinn. Varð lögregluþjónninn fyrri á vettvang, og þegar hann kom að konunni, virtist honum hún vera með lífsmarki, en blóðpollur var við höfuð hennar, sem sneri inn á veginn. Stuttu síðar kom sjúkrabifreiðin á staðinn, og var konan þá lögð á sjúkrabörur og síðan ekið til St. Jósepsspítala í Hafnarfirði, en er þangað kom, var hún örend.

Uppdráttur hefur verið gerður af slysstaðnum, er talinn er sýna alla afstöðu við slysið, og liggur hann fyrir í málinu. Vegurinn þeim megin brúarinnar, er slysið varð, er 5.70 m breiður (malbikið). Uppdrátturinn sýnir árekstrarstaðinn 4.50 m frá vestari brúarstöpli Hraunholtslækjar út við vegarbrún og að VL 655 hafi stanzað með hægra framhjól 2.80 m frá handriði á brú yfir Hraunholtslæk og með vinstra afturhjól 0.60 m frá brúarhandriði vinstra megin. Eftir uppdrættinum lá Júlíana 5.20 m Reykjavíkurmegin

við brúarhandriðið, 1.60 m inn á veginum frá vinstri vegarbrún, en á vegarbrúninni var blóðpollur. Frá árekstrarstað og þangað, sem konan lá, voru 13.70 m. Uppdráttur þessi hefur verið borinn undir mann þann, sem ók VL 655. Telur hann, að bifreið sín hafi verið nær miðju vegarins og komin öllu lengra en þar er sýnt, þegar hann fyrst stanzaði, en uppdrátturinn virðist í samræmi við þann framburð hans, sem rakinn er hér að framan.

Stefnendur telja, að ökumaður bifreiðarinnar VL 655 hafi átt alla sök á umræddu slysi, og beri því ríkissjóður Íslands á því fébótaábyrgð samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals við lög nr. 110 frá 1951.

Hefur stefnandinn Hallgrímur krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum persónulega kr. 50.302.00 vegna missis eiginkonu sinnar og vegna sonar þeirra hjóna, Péturs Sævars, kr. 54.384.00. Þá hefur stefnandinn Friðbjörn vegna dóttur Júlíönu heitinnar, Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur, krafizt greiðslu á kr. 46.967.00. Báðir stefnendur hafa krafizt 6% ársvaxta af umkröfðum fjárhæðum frá slysdegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar eftir mati dómarans, og beri þá hver aðilja sinn kostnað af málinu.

Stefndi hefur ekki véfengt, að málinu sé réttilega beint að honum. Styður hann sýknukröfuna fyrst og fremst þeim rökum, að hin andaða kona hafi sjálf átt sökina á því, hvernig fór, þar sem hún hafi gengið dökkklædd í myrkri inni á akbraut fjölfarins vegar. Þá telur stefndi í öðru lagi, að bætur frá Almannatryggingum vegi upp það tjón, sem hlotizt hafi af andláti umræddrar konu.

Varakröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að hin látna kona hafi verið meðvöld að slysinu. Í öðru lagi hefur hann mótmælt hverjum einstökum kröfulið stefnenda, sem nánar verða raktir hér á eftir, sem of háum.

Fimmtudaginn 27. október s.l. fór dómarinn ásamt lögmönnum aðilja á slysstaðinn og athugaði aðstæður. Þykir sýnt, að athuguðum aðstæðum þar og skýrslum þeim um málsatvik, er raktar hafa verið hér að framan, að ökumaður VL 655 hafi átt alla sök á umræddu banaslysi. Þá verður ekki talið, að það leysi stefnda undan skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum, þótt þeir kunni að eiga rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins (Almannatryggingum) vegna umrædds slyss, en leitt er í ljós, að stefnendur hafa engar slíkar kröfur gert, enda mun Trygginga-

stofnunin ekki telja sig bótaskylda, þegar svo stendur á sem hér. Ber stefndi því samkvæmt framansögðu fulla fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á öllu því tjóni, sem af greindu banaslysi hlauzt.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnenda teknir til athugunar hver fyrir sig, en um þá gildir það sameiginlega, að þegar síðar verður rætt um útreikninga tryggingafræðings, þá er grundvöllur þeirra 4% vextir p.a., dánarlíkur eftir íslenzkri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Hins vegar verður höfð hliðsjón af því, að vextir almennt hér á landi eru hærri en 4% p.a., og ekki virðist vera reiknað með greiðslu opinberra gjalda.

I. Krafa Hallgríms Péturssonar vegna missis eiginkonu.

Júlíana Ólöf Árnadóttir var gift stefnandanum Hallgrími, er hún lézt. Hún er talin fædd 7. júní 1930 og var því rúmlega 23 ára, er hún andaðist. Hefur eiginmaður hennar sundurliðað kröfu sína svo:

1. Fjártjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðings	kr.	25.302.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	20.000.00
3. Jarðarfararkostnaður	—	5.000.00
Samtals	kr.	50.302.00

Þá hefur stefnandi krafizt, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kr. 400.00, er hann hafi orðið að greiða tryggingafræðingi vegna útreiknings í sambandi við mál þetta.

Svo sem að framan er greint, hefur stefndi andmælt öllum framangreindum kröfuliðum sem of háum, nema kostnaðinum við útreikning tryggingafræðingsins.

Það þykir sýnt, að missir eiginkonu hafi valdið stefnanda röskun á stöðu og högum, og eigi hann því rétt til bóta fyrir það. Þykja þær bætur eftir öllum atvikum, m. a. er litið er til aldurs eiginkonunnar, hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00. Þá á stefnandi og rétt til endurgreiðslu jarðarfararkostnaðar. Fjárhæð þá, sem stefnandi hefur gert kröfu til í því sambandi, hefur hann ekki sundurliðað. Þykir hún hæfilega ákveðin kr. 4000.00. Að því er varðar útreikning tryggingafræðingsins á fjárhagstjóni stefnanda, gerir hann ráð fyrir, að meðan börnin væru í ómegð, hefði konan tæplega gert meira en vinna fyrir sér og börnunum að sínum hluta. Ef hún héldi starfskröftum sínum, eftir að börnin kæmust úr ómegð, megi hins vegar ætla, að hún hefði gert meira en vinna

fyrir sér, og þess afgangs, sem þannig hefði orðið, myndu hjónin væntanlega hafa notið að jöfnu. Verðmæti þessa fyrir manninn megi finna með því að margfalda þá árlegu upphæð, sem um hefði getað orðið að ræða fyrir hann, með frestaðri lífrentu, reiknaðri fyrir líf hjónanna beggja, og með eftirlifendatöflu starfhæfra fyrir konuna. Þessi lífrenta reiknast tryggingafræðingnum 7.742, sé fresturinn reiknaður þar til eldra barnið verður 16 ára, en 5.623, sé fresturinn reiknaður, þar til yngra barnið verður 16 ára. Reiknar tryggingafræðingurinn síðan með, að konan hefði árlega unnið fyrir kr. 7.584.00 umfram sitt eigið framfæri, og verður þá verðmæti þess, sem maðurinn hefði persónulega getað vænt sér af starfi konunnar, kr. 25.302.00 eða fjárhæð sú, sem stefnandi miðar fjárhagstjón sitt við.

Það þykir ekki fært að leggja framangreindan útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótakröfu stefnanda, en hins vegar mega hafa hliðsjón af honum. Sýnt er, að fráfall eiginkonunnar veldur stefnanda fjárhagslegu tjóni. Hann mun hafa tekið sér ráðskonu og búa með henni. Það kaup, sem hann þarf að greiða ráðskonunni, er útgjöld, sem orsakast af fráfalli konunnar. Auk þess munu störf ráðskvenna yfirleitt ekki vera heimilum eins notadrjúg og störf eiginkvenna, og er eiginmaðurinn þá einnig að því leyti verr settur en áður.

Þegar virt eru þau atriði, er máli verða talin skipta, þykja bætur til stefnanda undir 1. kröfulið hans hér að framan hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, enda er gerð í málinu sjálfstæð bótakrafa af hálfu barns hjónanna.

II. Krafa Hallgríms Péturssonar vegna Péturs Sævars.

Hjónin áttu saman eitt barn, Pétur Sævar, er konan lézt. Hefur faðirinn vegna drengsins gert kröfu til kr. 39.384.00 vegna missis móðurinnar sem framfæranda og kr. 15.000.00 vegna röskunar á stöðu og högum drengsins.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út tjón drengsins vegna missis móður sinnar sem framfæranda. Gerir hann ráð fyrir, að drengurinn hefði getað vænzt ákveðinnar fjárhæðar árlega til framfærslu sinnar frá móðurinni, þar til hann yrði 16 ára. Margfaldar hann þá fjárhæð með tímabundinni lífrentu, sem lýkur, þegar drengurinn nær 16 ára aldri, og er reiknuð fyrir tvö líf, drengsins og móður hans, og með eftirlifendatöflu starfhæfra fyrir móðurina. Pétur Sævar er talinn fæddur 2. janúar 1953. Hann hefur því verið 274 daga og vantað 15 ár og 91 dag í 16 ára aldur, þegar móðir hans lézt. Reiknast tryggingafræðingnum

áðurgreind lífrenta fyrir móðurina og drenginn 10.386. Reiknar hann síðan með lögákveðnu meðlagi föður með óskilgetnu barni sínu, er var í marz 1954, þegar útreikningurinn var gerður, kr. 3792.00 á ári, sem árlegri fjárhæð frá móðurinni til drengsins og fær þá út kr. 39.384.00 sem kröfu drengsins til bóta vegna móðurmissins.

Að athuguðum þeim athugasemdum, sem áður hefur verið drepið á í sambandi við útreikningsgrundvöll tryggingafræðingsins, og þegar virt eru önnur þau atriði, er máli kunna að skipta, þykir umræddur kröfuliður stefnanda vegna Péturs Sævars hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Það er sýnt, að móðurmissirinn hefur raskað stöðu og högum drengsins. Hann fer á mis við þá umönnun og ástúð, sem ætla má, að hann hefði notið hjá móður sinni. Þá ber að hafa það í huga, að enda þótt börn séu ekki talin í ómegð eftir 16 ára aldur, mun það mjög algengt, að þau njóti eftir það einhvers fjárhagslegs stuðnings, t. d. til skólagöngu frá foreldrum sínum, ef þeir eru á lífi.

Þegar virtar eru allar aðstæður þykja bætur til Péturs Sævars vegna röskunar á stöðu hans og högum hæfilega áætlaðar kr. 12.000.00.

III. Krafa Friðbjarnar Friðbjarnarsonar vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur.

Auk Péturs Sævars átti hin látna kona annað barn, Rannveigu Sigurbjörgu Pálsdóttur. Fljótlega eftir fæðingu mun hún hafa farið til móðursystur sinnar og manns hennar Friðbjarnar Friðbjarnarsonar í Hnífsdal, sem er föðurbróðir hennar og hefur verið skipaður lögráðamaður hennar í sambandi við mál þetta. Hjá þessum hjónum hefur Rannveig Sigurbjörg dvalizt síðan. Áttu þau hjónin ekkert barn, þegar hún kom til þeirra, en nú eiga þau hjónin þrjú börn. Hefur stefnandinn Friðbjörn vegna stúlkubarnsins gert kröfu til kr. 31.967.00 vegna missis móðurinnar sem framfæranda og kr. 15.000.00 vegna röskunar á stöðu hennar og högum.

Tryggingafræðingur hefur með sama hætti og lýst er undir II reiknað út tjón Rannveigar Sigurbjargar vegna missis móður sinnar sem framfæranda. Hún er talin fædd 24. ágúst 1948 og hefur því verið 5 ára og 40 daga og vantað 10 ár og 325 daga í 16 ára aldur, þegar móðir hennar lézt. Í samræmi við þetta hefur tryggingafræðingnum reiknazt áðurgreind lífrenta fyrir móðurina og stúlkubarnið 8.430 og fær síðan út kr. 31.967.00 sem kröfu stúlkubarnsins til bóta vegna missis móðurinnar.

Með vísun til þeirra raka, sem greind eru undir II hér að framan um samkynja bætur til Péturs Sævars og hér er rætt um, þykja bætur til Rannveigar Sigurbjargar vegna missis móður sinnar sem framfæranda hæfilega ákveðnar kr. 24.000.00.

Að því er varðar bætur til Rannveigar Sigurbjargar fyrir röskun á stöðu hennar og högum athugast, að hún hefur dvalizt fjarri móður sinni hjá áðurgreindum hjónum næstum frá fæðingu. Stefnandinn Hallgrímur skýrir svo frá, að eftir að stúlkubarnið kom til hjónanna, hafi móðir þess og faðir ekkert ákveðið samband haft við barnið. Hins vegar segir hann, að hann og eiginkona hans, Júlíana Ólöf, hafi rætt um að taka stúlkubarnið til sín.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til þess, sem segir hér að framan um samkynja kröfu Péturs Sævars, þykja bætur til Rannveigar Sigurbjargar vegna röskunar á stöðu hennar og högum hæfilega ákveðnar kr. 9500.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandanum Hallgrími persónulega kr. 29.000.00 (kr. 15.000.00 + 4000.00 + 10.000.00) svo og honum vegna sonar hans, Péturs Sævars, kr. 42.000.00 (kr. 30.000.00 + 12.000.00). Þá ber stefnda að greiða stefnandanum Friðbirni vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 33.500.00 (kr. 24.000.00 + 9500.00). Af öllum dæmdum fjárhæðum ber stefnda að greiða 6% ársvexti frá 3. október 1953 til greiðsludags. Loks ber eftir þessum úrslitum að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 9000.00.

Dóm þenna hefur kveðið upp Einar Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Hallgrími Péturssyni persónulega kr. 29.000.00 svo og honum vegna sonar hans, Péturs Sævars, kr. 42.000.00. Þá greiði hann stefnandanum Friðbirni Friðbjarnarsyni vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 33.500.00. Af öllum dæmdum fjárhæðum greiðist 6% ársvextir frá 3. október 1953 til greiðsludags. Loks greiði stefndi stefnendum kr. 9000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 74/1956. **Ákæruvaldið**
gegn
Snorra Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. maí 1956, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur kærði, Snorri Jónsson, skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, aðallega að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæzluvarðhaldstími hans verði styttur frá því, sem ákveðið er í úrskurðinum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 16. maí 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 16. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta.

Snorri Jónsson kaupmaður, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, fæddur 10. júlí 1911, var með úrskurði sakadóms Kópavogs hinn 2. þ. m. úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 14 daga vegna rannsóknar máls út af grun um, að hann hafi haft kynferðismök við unga drengi. Mál þetta hefur verið í rannsókn síðan, og er henni ekki lokið enn. Kærði hefur ekki viljað kannast við að hafa framið brot þessi, en 5 vitni hafa nú þegar borið um fullkomin kynvillumök kærða við þau og önnur vitni um minni háttar mök og áleitni kærða við þau.

Telja verður sömu hættu nú og var hinn 2. þ. m. á, að kærði torveldi rannsókn máls þessa, ef hann heldur frelsi sínu. Þykir því samkvæmt 1. tölulið 67. gr. laga nr. 27 frá 1951 um meðferð opinberra mála nauðsyn, að gæzluvarðhald Snorra Jónssonar standi áfram, og þykir, með hliðsjón af hve víðtæk rannsókn máls-

ins er, gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að einum mánuði.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar framlengist um allt að einum mánuði.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 68/1956. **Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar**

gegn

Ingólfi G. S. Esphólín.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1956, er barst dóminum hinn 7. maí s. á. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði ómerktur, lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa kröfur eða greinargerð eigi borizt Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar hinn 12. marz 1956 var gagnsök varnaraðilja í máli sóknaraðilja gegn honum vísað frá héraðsdómi samkvæmt kröfu sóknaraðilja. Hafði sóknaraðili þá eigi uppi fyrir Hæstarétti kröfu um málskostnað í héraði í gagnsökinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 15. marz s.l., hefur Sæmundur Ólafsson, útgerðarmaður á Bíldudal, f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar, s. st., höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Esphólin forstjóra, Héðinshöfða, hér í bænum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 72.916.35, með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Með stefnu, út gefinni 19. september 1955, höfðaði hann gagnsök og gerði þær dómkröfur, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 72.916.35 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1953 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Krafðist gagnstefnandi þess, að gagnkröfunum yrði skuldajafnað við kröfu aðalsakar, að því leyti sem þær síðarnefndu kynnu að teljast réttar, en sjálfstæðs dóms krafðist hann um mismuninn.

Gagnstefndi krafðist þess aðallega, að gagnsökinni yrði vísað frá dómi, en til vara algerrar sýknu. Þá krafðist hann málskostnaðar að mati dómarans, hvernig sem málið færi.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á yfirlitsreikningi frá Frystihúsinu á Bíldudal um viðskipti m/b Sigurðar Stefánssonar til 9. júní 1953, en reikningur þessi sýnir inneign bátsins, að fjárhæð kr. 122.916.35. Áður en mál þetta var höfðað, greiddi aðalstefndi kr. 50.000.00, en málið er höfðað til heimtu mismunarins.

Krafa aðalstefnda um sýknu er byggð á gagnkröfum, er hann telur sig eiga á hendur eigendum m/b Sigurðar Stefánssonar og Sæmundi Ólafssyni. Allar sömu kröfurnar hafði hann uppi í gagnsökinni, ýmist til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms.

Með úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. febrúar s.l., var krafa aðalstefnanda um frávísun gagnsakar ekki tekin til greina, en ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms í málinu.

Aðalstefnandi skaut málinu til Hæstaréttar og krafðist þess, að gagnsökinni yrði vísað frá héraðsdómi og gagnstefnandi dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Gagnstefnandi krafðist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi aðalstefnanda eftir mati Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar var gagnsök málsins vísað frá héraðsdómi og gagnstefnandi dæmdur til að greiða aðalstefnanda kærumálskostnað, kr. 500.00.

Er málið kom næst fyrir á bæjarþinginu hinn 15. marz s.l.,

krafðist stefnandi þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum málskostnað í gagnsökinni að mati dómarans.

Málskostnaðarkröfu þessari var mótmælt af hálfu stefnda. Var málið síðan að kröfu umboðsmanns stefnanda tekið til dóms eða úrskurðar um hina fram komnu málskostnaðarkröfu í gagnsök.

Eins og að framan er rakið, hefur Hæstiréttur þegar vísað gagnsök máls þessa frá dómi, og er hún því eigi lengur til meðferðar á bæjarþinginu.

Með vísan til þessa þykir bera að vísa frá dómi ex officio kröfu aðalstefnanda um málskostnað í gagnsök.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda um málskostnað í gagnsök er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 31. maí 1956.

Nr. 147/1953. **Siglunes h/f**
gegn
Skipaútgerð ríkisins og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Siglunes h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 31. maí 1956.

Nr. 9/1954. **Kaupfélag Stykkishólms**
gegn
Hreppsnefnd Stykkishólms.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Stykkishólms, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 31. maí 1956.

Nr. 40/1956. **Málmiðjan h/f**
gegn
Ásmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Málmiðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 31. maí 1956.

Nr. 41/1956. **Málmiðjan h/f**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Málmiðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 31. maí 1956.

Nr. 54/1956. **Ingvar Sigurðsson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingvar Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 8. júní 1956.

Nr. 43/1956. **Ákæruvaldið**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sveinbirni Benediktssyni og
Einari Garibalda Einarssyni
(Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Refsing skilorðsbundin, og svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 því eigi dæmd, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur Hæstaréttar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda á hendur ákærðu er niður fellt samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dæma ber á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Niður er fellt ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda á hendur ákærðu, Sveinbirni Benediktssyni og Einari Garibalda Einarssyni.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanna, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. desember 1955.

Ár 1955, mánudaginn 5. desember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóh.

Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 3. desember s.l.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn þeim Sveinbirni Benediktssyni skipstjóra, Silfurgötu 8, Ísafirði, og Einari Garibalda Einarssyni sjómanni, Austurvegi 12, Ísafirði, fyrir brot gegn 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kröfur ákæruvaldsins eru þær, að ákærðu verði látnir sæta refsingu samkvæmt hegningarlagaákvæði þessu, réttindasviptingu samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, greiða skaðabætur og allan sakarkostnað.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson, sem er fæddur 24. desember 1906 í Bolungavík, hefur sætt þessum refsingum:

1. 1928, 14. nóvember , 50 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. laga nr. 64/1928.
2. 1930, 17. september, 60 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. laga nr. 64/1930 samkvæmt sætt.
3. 1931, 7. apríl, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 293. og 294. gr. hegningarlaga og 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.
4. 1937, 24. desember, 25 kr. sekt samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 33/ 1935 samkvæmt sætt.

Ákærði Einar Garibaldi Einarsson, sem er fæddur 13. janúar 1919 á Ísafirði, hefur sætt þessum refsingum:

1. 1938, 3. október, 35 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935 og 10. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
2. 1939, 7. nóvember, 25 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 3. sbr. 10. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
3. 1941, 25. febrúar, 50 kr. sekt samkvæmt sætt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 10. desember 1954, um kl. 4.30, fór ákærði Sveinbjörn Benediktsson niður í bátahöfn, því að hann ætlaði á sjó. Stundaði hann um þær mundir rækjuveiðar á vélbát sínum Mumma, og var Einar Garibaldi Einarsson háseti hjá honum. Á eftir ákærða kom maður með sleða í drætti. Þegar ákærði kom niður að rækjuverksmiðjunni í Mjósundum, sá hann kassa upp við verksmiðjuvegginn. Stanzaði ákærði við kassann og beið eftir manninum, sem var með sleðann. Reyndist það vera Kjartan Pétursson, en ekki vissi ákærði önnur deili á honum en þau, að hann fékkst við reykingar á fiski í rækjuverksmiðjunni í Neðstakaupstað. Kjartan sagði ákærða að láta kassann vera og sagði um leið, að hann hefði verið að taka áfengi frá Jóni Ísak Magnús-

syni. Sá nú ákærði, að Kjartan var með áfengiskassa á sleðanum, og að það var áfengiskassi, sem var við verksmiðjuna. Kjartan spurði ákærða, hvort hann vildi ekki fá eitthvað af víninu, en hann neitaði því. Hélt ákærði síðan niður í Bátahöfn og í bát sinn. Skömmu síðar kom Einar Garibaldi Einarsson til skips. Sagði Sveinbjörn honum frá því, sem fyrir hann hafði komið. Kom þeim nú saman um að fara niður í rækjuverksmiðjuna í Neðstakaupstað og athuga þetta nánar. Þegar þangað kom, var Kjartan inni í vinnusalnum, en fór fljótlega burtu. Gerðu ákærðu honum ekki aðvart um návist sína. Þegar hann var farinn, gengu þeir inn í húsið, sem var ólæst, og tóku þar allmargar áfengisflöskur og létu í poka og höfðu á brott með sér um borð í bátinn. Ekki töldu þeir áfengisflöskurnar, sem þeir tóku. Um kl. 5.30 héldu þeir síðan í veiðiferð inn í Djúp. Töldu þeir, að áfengisflöskurnar hefðu verið rúmlega 20, aðallega ákavíti, en eitthvað af sherry. Um kl. 18 komu þeir aftur af sjó. Hvarf Sveinbjörn þá í land, en Einar Garibaldi tók vínið og flutti það um borð í m/s Ásúlf, sem einnig lá í bátahöfninni. Dómarinn lét leita að áfenginu í vélbát ákærða Sveinbjarnar, en þegar ekkert fannst þar, var leitað í m/s Ásúlfi, og fundust þar 23 flöskur með áfengi, þar af tvær sherryflöskur, en 21 ákavítisflaska. Í vélbát Sveinbjarnar fundust hins vegar 1 tóm ákavítisflaska og 2 tómar sherryflöskur. Var áfengi þetta undir hurðinni á beitingarskýlinu í Ásúlfi og nokkrar flöskur í strigapoka þar hjá. Á leiðinni í land úr veiðiferðinni drakk Sveinbjörn úr tveimur flöskum af sherry. Ákærðu höfðu í hyggju að slá eign sinni á vín það, er þeir tóku.

Samkvæmt játningu ákærðu og öðru, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja sannað, að þeir hafi framið afbrot það, er í ákæruskjali greinir. Ákærði Sveinbjörn Benediktsson neytti víns úr tveimur sherryflöskum, samtals kr. 110.00 að verðmæti.

Ákærðu hafa með þessu atferli sínu gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Samkv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærðu frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson greiði Jóni Ísak Magnússyni andvirði tveggja flaskna af sherry, kr. 110.00.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu in solidum á öllum sakarkostnaði.

Dómsorð:

Ákærðu, Sveinbjörn Benediktsson og Einar Garibaldi Einarsson, sæti hvor um sig 45 daga fangelsi. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson greiði Jóni Ísak Magnússyni kr. 110.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1956.

Nr. 81/1956. **Orkuvötn h/f**

gegn

Raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 30. f. m., sem hingað barst 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómþings Ísafjarðarsýslu, upp kveðinn 24. f. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um dómkvaðningu þá, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati dómsins.

I máli þessu hefur varnaraðili, raforkumálaráðherra, krafizt þess, að dómkvaddir verði tveir menn samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917 til að meta til fjár öll vatnsréttindi í svonefndum Mjólkám í landareign jarðanna Borgar og Dynjandi í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu svo og í Hófsá í landareign Rauðsstaða í sama hreppi. Enn fremur verði þeim falið að meta réttindi til sand- og malartöku og til umferðar og afnota af landi greindra jarða vegna fyrirhugaðra vatnsvirkjunarframkvæmda af hálfu ríkisins. Réttindi þessi öll eru talin eign sóknaraðilja, og hyggst ríkisstjórnin taka þau eignarnámi. Styður hún kröfu sína við 54. gr. laga nr. 15/1923. Sóknaraðili hefur andmælt því, að dómkvaðning fari fram, með þeim rökum, að eignarnám téðra réttinda sé óheimilt. Vísar hann því til stuðnings til 4. gr. laga nr. 54/1954, er hann telur óheimila notkun greinds lagaákvæðis, að því er varðar umrædd vatnsréttindi.

Hina tilvitnuðu 4. gr. laga nr. 54/1954 verður að skilja á þá leið, að hún heimili ríkisstjórninni að festa kaup á framangreindum vatnsréttindum með samningi við rétta aðilja, ef viðunandi kjör fást, en svipti ráðherra hins vegar ekki þeim rétti, sem honum er veittur í 54. gr. laga nr. 15/1923, til að taka vatnsréttindi þessi lögnámi, ef slík kjör fást ekki að dómi ríkisstjórnarinnar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 600.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Orkuvötn h/f, greiði varnaraðilja, raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Ísafjarðarsýslu 24. maí 1956.

Málavextir eru þeir, að Sveinbjörn Dagfinnsson hdl. hefur með bréfi, dags. 17. maí s.l., óskað þess, að dómkvaddir verði 2 menn til þess að meta vatnsréttindi í landi jarðanna Borgar og Dynjandi og vatnsréttindi Hófsár í landi Rauðsstaða í Auðkúluhreppi

svo og sand- og malartöku og rétt til afnota af landi, allt eign Orkuvatna h/f. Hann hefur vitnað til 54. gr. vatnalaga sem heimildar fyrir eignarnáminu.

Gústaf A. Sveinsson hrl., sem mætti í málinu vegna Orkuvatna h/f, hefur mótmælt, að dómkvaðningin verði framkvæmd. Hefur hann haldið því fram, að vatnalögin giltu ekki um þetta efni, heldur lög nr. 54/1954 um orkuver Vestfjarða. Í 4. gr. þeirra laga væri ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást. Hann hefur haldið því fram, að ekki fælist í þessu nein heimild til eignarnáms, enda ekki á það minnzt í lögunum, og yrði þetta ljósara af niðurlagi greinarinnar. Með þessum lagaákvæðum væri ríkisstjórninni aðeins heimilað að kaupa vatnsréttindi með samkomulagi við eigendur, og hefði hún enga heimild til kaupa eða eignarnáms, ef ekki næðust með samningum kjör, sem teldust viðunandi. Þá hefur hann haldið því fram, að ekki hefðu farið fram fullnægjandi samkomulagstilraunir.

Þessum skilningi hefur Sveinbjörn Dagfinnsson mótmælt.

Á dómsskjali nr. 2 er hins vegar upplýst, að samningsumleitanir hafa orðið árangurslausar.

Dómarinn getur ekki fallizt á röksemdafærslu hæstaréttarlögmannsins. Ef ætlunin hefði verið að banna ríkisstjórninni að ná eignarhaldi á umræddum vatnsréttindum með eignarnámi, ef ekki semdist um viðunandi kjör, hefði mátt vænta þess, að það hefði verið tekið fram í lögunum.

Hins vegar þurfti ekki að veita ríkisstjórninni heimild til eignarnáms í þessum sérlögum, sökum þess að hin almenna heimild 54. gr. vatnalaganna var fyrir hendi.

Niðurstaða dómarans verður því sú, að hin umbeðna dómkvaðning skal fram fara. Á hinn bóginn tekur dómarinn ekki ákvörðun um matskostnaðinn.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna dómkvaðning skal fram fara.

Mánudaginn 18. júní 1956.

Nr. 45/1956. **Ákæruvaldið**
(Páll S. Pálsson hdl.)
gegn
Þorbirni Ástvaldi Jónssyni
(Jón Þorsteinsson hdl.),
Ragnari Jósef Jónssyni
(Ragnar Ólafsson),
Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni
(Jóhann Steinason hdl.)
og
Jóni Helga Jónssyni
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Nauðgunartilraun. Líkamsáverkar. Rán. Þjófnaður. Hilming. Ólögleg meðferð á fundnu fé. Hótanir. Ólögleg meðferð skotvopna. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt vottorði dr. med. Halldórs Hansens, dags. 28. maí 1956, hefur Theodór Siemsen eigi enn náð fullri heilsu eftir áverka þá, sem í málinu greinir.

Atvikum málsins er réttilega lýst í héraðsdómi og brot ákærðu rétt færð til lagaboða.

Refsing ákærða Þorbjörns Ástvalds Jónssonar ákveðst fangelsi sex ár og sex mánuði.

Refsing ákærða Ragnars Jósefs Jónssonar ákveðst fangelsi fimm ár og sex mánuði.

Refsing ákærða Ingólfs Kristófers Sigurgeirssonar ákveðst fangelsi þrjú ár.

Með þessum breytingum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur Jónsson og Jón Helgi Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, kr. 5000.00. Ákærði Ragnar Jósef Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00. Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur Jónsson sæti fangelsi sex ár og sex mánuði.

Ákærði Ragnar Jósef Jónsson sæti fangelsi fimm ár og sex mánuði.

Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson sæti fangelsi þrjú ár.

Að öðru leyti eru ákvæði hins áfrýjaða dóms staðfest.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur Jónsson og Jón Helgi Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5000.00.

Ákærði Ragnar Jósef Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns, kr. 4000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði allir hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í bæjarþingsalnum, Skólavörðustíg 9, af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 398—401/1956: Ákæruvaldið gegn Þorbirni Ástvaldi Jónssyni, Ragnari Jósef Jónssyni, Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni og Jóni Helga Jónssyni, en mál þetta var að afloknum munnlegum málflutningi 1. þ. m. tekið til dóms þann dag, en eftir dómtöku þess fór fram framhaldsrannsókn samkvæmt 136. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, en málið síðan tekið til dóms 8. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. janúar s.l., er mál þetta höfðað gegn ákærðu, Þorbirni Ástvaldi Jónssyni verkamanni, til heimilis að Hringbraut 39, hér í bæ, Ragnari Jósef Jónssyni sjómanni, Höfðaborg 52, hér í bæ, Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni sjómanni, heimilislausum, gæzluföngum í hegningarhúsinu, og Jóni Helga Jónssyni verkamanni, Bragagötu 31, hér í bæ.

I. Gegn ákærða Ingólfi Kristófer er málið höfðað fyrir að hafa:

1) Haustið 1952, fyrir 22. nóvember það ár, farið inn í ólæstan bíl, er stóð við Borgarbílastöðina við Hafnarstræti hér í bænum, og tekið þaðan af ófrjálsu þrjár þriggjapelaflöskur af áfengi, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) Að kvöldi laugardagsins 22. nóvember 1952 farið inn í ólæstan bíl við bifreiðastöðina Hreyfil við Kalkofnsveg hér í bænum og tekið þaðan af ófrjálsu hálfa flösku af áfengi. Telst brot þetta og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3) Aðfaranótt sunnudagsins 23. nóvember 1952 með ofbeldi og frelsisskerðingu og með því að beita hótunum gert tilraun til þess að húsabaki við Laugaveg 28 hér í bænum að þröngva konunni X, þá 30 ára að aldri, til holdlegs samræðis við sig, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 194. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

4) Um miðnætti laugardagskvöldið 2. október 1954 ráðizt að Leifi Ingólfssyni iðnnema, Grenimel 2, hér í bæ, í KR-heimilinu við Kaplaskjólsveg hér í bænum og barið hann eitt högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Leifur kjálkabrotnaði. Brot þetta telst varða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

II. Gegn ákærða Þorbirni Ástvaldi er málið höfðað fyrir að hafa:

1) Í aprílmánuði s.l., sennilega aðfaranótt fimmtudagsins 7. þess mánaðar, tekið af ófrjálsu í Borgarþvottahúsinu, Borgartúni

3, hér í bæ, ýmsan karlmannafatnað, svo sem tvenn föt, rykfrakka og kuldaúlpu, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2) S.l. haust, sennilega í septembermánuði, slegið eign sinni á kassa, sem hann fann inn við Elliðaár, með ónotuðum frímerkjum í, að verðmæti um kr. 350.00. Brot þetta telst varða við 246. gr. margnefndra laga.

3) Aðfaranótt laugardagsins 8. október s.l. brotizt inn í greint þvottahús og tekið þaðan af ófrjálsu ýmsan karlmannafatnað, svo sem þrenn föt, þrjár skyrtur, einn frakka, buxur, úlpu, blússu og einar nærbuxur. Telst þetta brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Gegn öllum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa miðvikudagskvöldið 12. október s.l. ólöglega neytt áfengis í þremur veitingahúsum við Hafnarstræti og Austurstræti hér í bæ, en þessi brot teljast varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

IV. Gegn ákærðu Þorbirni Ástvaldi, Ragnari Jósef og Jóni Helga er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. október s.l. ráðizt á Theodór Siemsen kaupmann, Laugateigi 3, hér í bæ, inni í verzlun hans í Tryggvagötu 23 hér í bænum, barið hann með höndum, flöskum og heyrnartóli af símatæki, sparkað í hann og á annan hátt veitt honum mjög mikla áverka á höfuð, höfuðkúpubrot og stórt svöðusár, auk þess sem hann bilaðist á geðsmunum af völdum árásar þessarar, svo og fyrir að hafa rænt úr verzluninni miklu af tóbaksvörum, vindlum og um 30 „lengjum" (cartons) af vindlingum, tyggigúmmíi, tveimur töskum og kr. 1600.00 í peningum og einnig fyrir að hafa rænt af Theodór Siemsen sjálfum armbandsúri, tveimur hringum og kr. 200.00 í peningum, en þessi verðmæti tók ákærði Ragnar Jósef af honum. Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, þykja varða við 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga.

V. Gegn ákærðu Þorbirni Ástvaldi og Jóni Helga er málið einnig höfðað fyrir að hafa:

1) Aðfaranótt fimmtudagsins 13. október s.l. í heimildarleysi ruðzt inn í nefnda verzlun í Tryggvagötu 23. Telst brot þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga.

2) Síðastnefnda fimmtudagsnótt brotizt inn í kjötverzlun Tómasar Jónssonar að Laugavegi 32, hér í bæ, og stolið þaðan malakoffpylsum og öðrum bjúgum, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Ingólfi Kristófer fyrir

að hafa greinda fimmtudagsnótt og daginn eftir hjálpað meðákærðu til að koma undan tóbaksvörum þeim og tyggigúmmíi, er þeir tóku í verzluninni Tryggvagötu 23, svo og fyrir að taka þátt í ávinningi af brotum meðákærðu, er greinir undir tölulið IV hér að framan, með því að veita móttöku nefnda nótt og næsta dag hluta af tóbaksvörunum og peningunum og fá þannig í sinn hlut nokkuð af ránsfengnum. Þykir brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Málið er einnig höfðað gegn ákærðu Ingólfi Kristófer og Ragnari Jósef fyrir að taka þátt í ávinningi af innbroti ákærðu Þorbjörns Ástvalds og Jóns Helga í nefnda kjötverzlun með því að neyta af greindum bjúgum margnefnda fimmtudagsnótt heima hjá ákærða Jóni Helga að Bragagötu 31. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Loks er málið höfðað gegn ákærða Þorbirni Ástvaldi fyrir að hafa:

1) Eftir aðförina að Theodór Siemsen hótað þeim meðákærðu Ragnari Jósef og Ingólfi Kristófer, sérstaklega hinum síðar nefnda, daginn eftir í herbergi sínu, er ákærði Þorbjörn Ástvaldur miðaði á hann byssu, að drepa þá, ef þeir segðu frá árásinni og ráninu. Þykir þetta brot varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

2) Fimmtudaginn 13. október s.l. ólöglega átt og haft í vörzlum sínum skotfæri, haglabyssuskot, skammbyssu, er hann keypti s.l. vetur, og haglabyssu, sem hann hafði að láni hjá föður sínum. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Þess er krafizt:

a) Að allir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

b) Að ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ingólfur Kristófer verði dæmdir til greiðslu skaðabóta svo og ákærðu Ragnar Jósef og Jón Helgi ásamt nefndum meðákærðum, verði skaðabótakrafa gerð á hendur þeim.

c) Að framangreind haglabyssuskot og skammbyssa verði gerð upptæk samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

d) Að allir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur er fæddur í Hafnarfirði 10. marz 1937. Hann hefur áður sætt kærum, sem hér segir:

1952 15/3 Reykjavík. Kærður fyrir rúðubrot. Sent barnaverndarnefnd.

1954 16/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1954 30/7 Keflavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1955 29/3 Reykjavík. Kærður fyrir benzínhnupl. Fellt niður.

Ákærði Ragnar Jósef er fæddur í Reykjavík 6. febrúar 1936. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1949 20/12 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.
1951 28/5 Reykjavík. Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.
1951 29/5 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.
1951 11/12 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.
1954 10/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1954 12/4 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.
1954 1/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 4/4 Reykjavík. Dómur: Fangelsi í 5 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og rétti til ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Ingólfur Kristófer er fæddur í Reykjavík 13. ágúst 1936. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1952 19/3 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1952 27/10 Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hjóla fullur á ljóslausu reiðhjóli.
1954 27/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1955 15/3 Reykjavík. Kærður fyrir árás á stjúpföður sinn. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 18/4 1955.
1955 3/7 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Jón Helgi er fæddur í Hafnarfirði 15. nóvember 1935. Hann hefur ekki sætt kærum eða refsingum áður.

Samkvæmt eigin játningum ákærðu svo og öðru því, sem upplýst er í máli þessu, eru málsatvik þessi:

I.

Laugardagskvöldið 22. nóvember 1952 var ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson á dansleik í Iðnó. Var hann að eigin sögn nokkuð undir áhrifum áfengis. Að loknum dansleiknum fór hann burt einn saman. Gekk hann um bæinn nokkra stund, upp Skólavörðustíg og niður Frakkastíg. Er hann kom að horni Laugavegar og Frakkastígs, tók hann eftir konu, er kom gangandi niður Frakkastíg og beygði til vinstri niður Laugaveg. Var þetta konan X, ..., 30 ára að aldri. Var hún á leið heim til sín. Ákærða kom það í hug, er hann sá konuna, að reyna að komast yfir hana, og fylgdi hann henni eftir. Er konan var komin að Laugavegi 28 (Laufahúsinu), gaf ákærði sig á tal við hana. Segir X, að ákærði hafi mælzt til að fylgja henni heim, og kveðst hún hafa sagt honum að láta ekki svona eða vera ekki að þessari vitleysu. Hafi ákærði þá ætlað að taka til hennar, en þá kveðst hún hafa ýtt honum frá sér. Ákærði segir, að hann hafi fallið við, er X ýtti honum frá sér, en ekki kveður X það rétt. Hélt nú X áfram. Vestan við Laugaveg 28 er sund, er hún þurfti að ganga um til að komast að húsi því, er hún bjó í. Er X var komin að sundi þessu, réðst ákærði að henni, tók annarri hendi fyrir munn hennar, en hinni utan um hana og dró hana eða ýtti upp sundið. Þegar komið er fyrir húshornið, er sundinu sleppir, verða fyrir tröppur, er liggja niður að kjallaradyrum. Hratt ákærði konunni þar niður, felldi hana á bakið og lagðist ofan á hana. Reyndi hann nú að fletta X klæðum í því skyni að hafa samfarir við hana. Ákærði lýsir þessu svo, að hann hafi mælzt til þess, að konan leyfði honum samfarir, en konan hafi streitzt á móti af alefli. Kveðst hann hafa reynt eftir megni að færa konuna úr fötum, en ekki tekizt það. Hafi X rekið upp óp, en hann kveðst hafa reynt að þagga niður í henni. Hann kveðst hafa opnað buxnaklauf sína. Ekki kveður hann sér hafa risið hold. X lýsir svo tiltektum ákærða, að hann hafi haldið fast um kverkar henni eða fyrir vit hennar, er hún ætlaði að hljóða, og hafi hann hert þá tökin, svo að henni hafi fundizt, að hún ætlaði að kafna. Hann hafi slitið niður um hana sokkana og reynt að fletta hana klæðum að öðru leyti, en því kveðst hún hafa getað afstýrt. Hún kveðst einu sinni í þessari viðureign hafa getað losað sig frá ákærða og stokkið upp tröppurnar, en ákærði hafi náð henni, dregið hana niður tröppurnar aftur og fellt hana, og kveðst hún hafa við það marizt á baki. Hann hafi síðan haldið áfram að reyna að losa um föt hennar og hafi hann náð að draga buxur hennar nokkuð niður. Hann hafi einnig hneppt frá sér frakka og jakka og opnað buxnaklauf sína.

Þá heldur X því fram, að ákærði hafi viðhaft hótanir við hana, svo sem að hann skyldi drepa hana, ef hún færi ekki úr fötunum, en ekki kannast ákærði við, að þetta sé rétt. X segir, að meðan á viðureign þessari stóð, hafi hún eitt sinn heyrt, að einhver hafi kallað eða talað til hennar, en ákærði hafi komið í veg fyrir, að hún gæti svarað því.

Vitnið Júlíana Pétursdóttir, Laugavegi 28 C, skýrir svo frá, að hún hafi vaknað við, að hún heyrði hjóð í kvenmanni og síðan, að kallað var á hjálp. Hún kveðst hafa brugðið yfir sig kápu og farið út og heyrt, að hljóðin komu upp úr kjallaraganginum við Laufahúsið. Kallaði Júlíana og spurði, hver það væri, en fékk ekki svar. Fór hún þá og bað Árna Gíslason kaupmann, sem býr í húsinu, að hringja til lögreglu. Gerði Árni það, en þá var þegar búið að hringja til hennar út af þessu. Er ekki ljóst, hver það hefur gert.

Þegar lögreglan var kölluð á staðinn, var klukkan 3.30. Fóru þrír lögregluþjónar á staðinn. Komu þeir að ákærða, þar sem hann lá ofan á X. Tóku lögreglumennirnir hann höndum. Var ákærði hinn rólegasti og ölvunarmerki lítt eða ekki sjáanleg á honum að vætti lögregluþjónanna. X var mjög illa til reika, kjólnum flett upp um hana, sokkar hennar í tætlum og föt öll óhrein, og var hún öll í uppnámi og kjökrandi. Hún skýrði lögregluþjónunum frá því, að ákærði hefði ráðizt á hana og reynt að nauðga henni. Ákærði lét í veðri vaka við lögregluþjónana, að hann hefði verið í fylgd með X og þau orðið ósátt.

Í vottorði Elíasar Eyvindssonar læknis, dags. 23. nóvember 1952, segir svo: „X ... hefur orðið fyrir miklu taugaáfalli, auk þess eru mikil eymsli í baki, hálsi og aftan á höfði, svimi og óstyrkur í öllum líkamanum. Talsverðar skrámur á báðum hnjám og fótleggjum og marblettir á báðum lærum".

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, er fullsannað með játningu ákærða sjálfs, sem studd er öðrum gögnum, að ákærði hefur með ærnu ofbeldi og frelsissviptingu reynt að þröngva konunni X til samfara í umrætt skipti. Hefur hann þannig gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákærulið I, 3, segir.

Er fram fóru dómpróf út af þessu broti ákærða, bar ákærði það, að umrætt kvöld hefði hann fengið 100 krónur hjá kunningja sínum og fyrir þetta fé hefði hann keypt áfengi, er hann hefði neytt. Þessi kunningi ákærða kvað þessa frásögn hans ranga, og kannaðist ákærði við það eftir nokkurt þóf, að svo væri. Kvaðst hann þá hafa náð í áfengi með þeim hætti, að hann hefði umrætt

kvöld farið að bifreiðastöðinni Hreyfli og farið þar í ólæsta bifreið á bifreiðastæði stöðvarinnar og fundið hálfflösku af áfengi undir framsætinu, tekið hana með sér og neytt úr henni. Jafnframt játaði ákærði, að hann hefði fyrr þá um haustið farið að næturlagi inn í bifreið, er staðið hafi við Borgarbílastöðina, og tekið þar tvær þriggjapelaflöskur af áfengi og slegið eign sinni á þær. Þjófnaðir þessir voru eigi tilkynntir rannsóknarlögreglunni, og er eigi vitað, hvaða bifreiðar um var að ræða. Þykir þó verða að telja játningu ákærða nægja sönnun þess, að hann hafi framið þessi brot. Hefur hann þannig framið brot þau, er ákæruliðir I, 1, og I, 2, fjalla um og varða við 244. gr. hegningarlaga, sem þar segir, en þó athugast, að flöskur þær, er ákærði tók úr bifreiðinni við Borgarbílastöðina, voru tvær, en ekki þrjár, eins og í ákæru segir.

Rannsókn var látin fara fram á andlegum og líkamlegum þroska og heilbrigði ákærða, og framkvæmdi hana dr. Helgi Tómasson yfirlæknir í fyrri hluta desember 1952. Í niðurlagi skýrslu sinnar segir dr. Helgi m. a.:

„Álit mitt á Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni er þetta: Hann er andlega fullþroska og hvorki geðveikur né geðveill, en unglingur á gelgjuskeiði, sem framið hefur skammhlaupaverk undir áhrifum áfengis. . . . Með tilliti til þeirrar ævi, sem pilturinn hefur átt, virðist mér upplag hans muni vera gott og alls ekki um neinar glæpsemitilhneigingar að ræða".

Bótakrafa hefur komið fram frá X á hendur ákærða Ingólfi Kristófer. Krefst hún bóta, að upphæð 2500 kr., vegna fataskemmda og 5000 kr. fyrir þjáningar og óþægindi eða alls 7500 kr. Kröfu þessari þykir í hóf stillt, og ákærði hefur samþykkt hana. Verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

II.

Laugardagskvöldið 2. október 1954 var dansleikur haldinn í KR-heimilinu við Kaplaskjólsveg hér í bænum. Ákærði Ingólfur Kristófer var þar í hópi félaga sinna. Hann var undir áhrifum áfengis. Þar var einnig Leifur Ingólfsson, þá iðnnemi, til heimilis að Grenimel 2, einnig í hópi sinna félaga. Hann var og drukkinn. Drykkjuskapur virðist hafa verið allmikill á skemmtan þessari og allróstusamt.

Nálægt miðnætti varð missætti með þeim ákærða og Leifi, að því er virðist vegna stóls, er báðir gerðu tilkall til, en hvorugur vildi sleppa við hinn. Lyktaði þeim deilum svo, að átök hófust milli þeirra, en í þeim átökum sló ákærði Leif mikið högg, er

kom á kjálka hans. Hafði hann þrautir nokkrar, en gerði þó ekki að frekar að sinni. Næsta dag kom í ljós, að Leifur var kjálkabrotinn, og staðhæfir hann, að hann hafi ekki getað brotnað af annars völdum en höggi ákærða.

Með því nokkurs ósamræmis gætir í framburði Leifs og ákærða svo og vitna um upphaf skiptanna, þykir eigi verða hjá því komizt að rekja framburði þeirra nokkru nánar.

Leifur Ingólfsson heldur því fram, að skipti hans og ákærða hafi hafizt vegna stóls, sem ákærði af misskilningi áleit, að Leifur og félagar hans hefðu numið frá ákærða og félögum hans. Hann minnist þess, að varpað var hlutkesti um stólinn, en ekki man hann, hvors hlutur kom upp. Stóllinn hafi að lokum verið hjá félögum Leifs, ákærði farið að sínu borði, en þó eigi setzt niður, né heldur Leifur. Hafi þeir þannig átt í orðaskaki vegna stólsins, en að lokum hafi ákærði rokið að sér án nokkurs fyrirvara og slegið sig allþungt högg á hægri kjálka. Hafi hann síðan búizt til þess að slá aftur, en Leifur, þá viðbúinn, beygði sig undan högginu og hljóp á ákærða, og féll hann við, en Leifur á hann ofan. Þó voru þeir síðan skildir, án þess að þeim gæfist færi á að slá hvor annan. Eftir þetta hafi hann haft þrautir í kjálka, en í fyrstu álitið, að það væri ekki alvarlegt. Næsta dag hafi komið í ljós, að hann var kjálkabrotinn, og útilokað sé, að kjálkinn hafi brotnað af öðru en höggi ákærða.

Vitnið Einar Jónas Ingólfsson hefur með eiðfestum framburði sínum staðhæft, að það hafi orðið vart við, að ákærði og Leifur voru að rífast, en ekki vissi vitnið, hvers vegna, og gaf sennu þeirra ekki gaum. Sneri það baki við þeim. Er vitnið leit til þeirra aftur, segir það, að ákærði hafi verið með krepptan hnefa á lofti, og hafi hann slegið Leif á hægri kjálka, en búizt síðan til að slá hann aftur. Leifur hafi beygt sig undan högginu og hlaupið á ákærða. Hafi þeir báðir fallið, en strax verið skildir. Leifur hafi þegar gripið til kjálkans, er hann fékk höggið, og kvartað um þrautir það sem eftir var. Vitnið fylgdist með Leifi það sem eftir var, og varð ekki vart við, að hann lenti í átökum eftir þetta.

Vitnið Jón Ólafur Karlsson hefur með eiðfestum framburði sínum staðhæft, að það hafi orðið vart við, er þeir ákærði og Leifur rifust um stól þann, er Leifur og þeir félagar höfðu haft hjá sér. Endaði rifrildið með því, að ákærði sló Leif á kjálkann. Leifur greip þá um kjálkann. Ákærði ætlaði að slá hann aftur, en Leifur beygði sig undan högginu og rauk á ákærða. Féllu þeir báðir og voru skildir. Vitnið segir enn fremur: „Nokkru eftir að strákarnir voru skildir, fór Leifur að kvarta um verk í kjálkan-

um og sat þá á stólnum eins og aumingi, en var samt á ballinu, til er það hætti", en vitnið staðhæfir, að Leifur hafi ekki lent í öðrum átökum en þessum. Nokkru síðar kveðst vitnið hafa sótt ákærða og ætlað að fá þá Leif til að sættast, en þá hafi Leifur hrint ákærða frá, en ekki hafi þó komið til neinna átaka.

Vitnið Bjarni Steingrímsson kveðst hafa orðið vart við, að ákærði og Leifur voru að rífast út af stól. Það gaf þó ekki gaum sennu þeirra, fyrr en það sá, að þeir voru komnir í hár saman og féllu í gólfið. Vitnið sá ekki ákærða slá Leif. Vitnið segir, að Leifur hafi hrint ákærða, svo að hann hafi fallið, en man ekki, hvort það var, áður en átök þeirra urðu.

Ákærði heldur því fram, að eitt sinn, er hann kom að borði sínu, hafi þar vantað einn stól. Hann kveðst ekki hafa betur séð en að einhver félaga Leifs hafi verið að færa hann. Hafi hann því farið til þeirra og viljað fá stólinn. Því hafi Leifur og félagar hans neitað, en félagi Leifs boðið til slagsmála um stólinn. Vildi ákærði heldur varpa hlutkesti um hann. Á það, segir hann, að hafi verið fallizt, og sinn hlutur komið upp. Er ákærði síðan ætlaði að taka stólinn, segir hann, að Leifur hafi staðið upp og mótmælt þessu, þar sem ákærði hefði engan rétt til stólsins. Af þessu hafi síðan sprottið deilur með þeim og rifrildi, sem endað hafi með því, að Leifur hafi hrint ákærða frá, en við það, segir ákærði, að fokið hafi í sig og hann slegið Leif eitt hnefahögg með vinstri hendi, og hafi höggið komið á kjálkann. Hann kveðst þó ekki muna, hvort hann reyndi að slá Leif aftur, en segir, að Leifur hafi þá rokið að sér og skellt sér á gólfið og þar hafi þeir síðan velzt nokkuð, unz þeir voru gripnir. Hann segir enn fremur, að síðar hafi einn félagi Leifs reynt að koma á sáttum á milli þeirra, en Leifur ekki viljað. Ákærði kveðst ekki geta neitað því, að Leifur hafi getað kjálkabrotnað við högg það, er hann veitti honum, en kveðst þó á hinn bóginn ekki geta viðurkennt, að það sé staðreynd, að hann hafi brotnað við höggið. Telur hann, að kjálki Leifs hafi eins getað brotnað í ryskingum, sem hann hafi lent í eftir þetta.

Í vottorði prófessors Jóns Sigtryggssonar segir, að Leifur Ingólfsson, 19 ára iðnnemi, Grenimel 2, hafi hinn 4. október 1954, kl. 9 árdegis, fyrst komið til sín eftir meiðslin, en hafi áður komið til eftirlits í Landsspítalann. Segist prófessorinn við fyrstu skoðun hafa fundið þessi sjúkdómseinkenni: Fractura mandibulae bilat., en hann telur, að sjúklingurinn geti að mestu leyti haldið áfram starfi sínu, án þess að það komi í bága við lækningatilraunir.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Einars Jónasar Ingólfs-

sonar, Jóns Ólafs Karlssonar, Leifs Ingólfssonar, studdum framburði ákærða sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður að telja nægilega sannað, að Leifur Ingólfsson hafi hlotið umrætt kjálkabrot beggja vegna af hnefahöggi ákærða, því er að framan er lýst, er ákærði veittist að Leifi á dansleiknum í KR-heimilinu 2. október 1954. Þykir brot ákærða réttilega heimfært undir 218. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Leifur Ingólfsson hefur gert þá kröfu á hendur ákærða Ingólfi Kristófer, að hann verði dæmdur til þess að greiða sér í skaðabætur kr. 7083.65. Hefur hann sundurliðað kröfuna þannig, að kr. 5000.00 séu fyrir sársauka, kr. 2003.85 fyrir vinnutap, er hann hefur orðið fyrir vegna meiðslanna, en kr. 65.00 fyrir læknishjálp, en annarra liða er ekki getið, svo að bótakrafan sýnist því í upphafi vera kr. 15.00 of há vegna reikningsskekkju.

Af hendi ákærða Ingólfs var kröfu þessari mótmælt. Aðallega að ekki væri grundvöllur undir kröfuna, þar sem ósannað væri, að kjálkabrot Leifs stafaði af höggi ákærða. Til vara er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða aðeins hluta kröfunnar, með því að Leifur hafi með háttsemi sinni átt sök á því sjálfur, hvernig til tókst. Þá er kröfu vegna eftirvinnu, kr. 503.70, algerlega mótmælt.

Til stuðnings kröfu sinni hefur Leifur Ingólfsson lagt fram vottorð föður síns, þar sem segir, að á tímabilinu frá 4. október 1954 til 10. nóvember 1954 hafi hann vegna veikinda verið frá vinnu 102.75 dagvinnustundir (kaup kr. 14.60 pr. klst.) og 23 eftirvinnustundir (kaup kr. 21.90). Nemi kaup þær stundir því kr. 2003.85. Í skýrslum Leifs kemur hins vegar fram, að hann hafi verið frá verki vegna brotsins heila viku, en það sýnist ekki geta verið nema 48 dagvinnustundir, en kaup fyrir þær ætti þá að hafa verið kr. 700.80 auk eftirvinnu, sem þó liggur ekki fyrir að hann hafi misst af á þessum tíma. Með hliðsjón af vottorði prófessors Jóns Sigtryggssonar um það, að Leifur gæti að mestu leyti haldið áfram starfi sínu, án þess að það kæmi í bága við lækningatilraunir, staðhæfingu Leifs um, að hann hafi verið viku frá verki, svo og því, að af hendi ákærða, fjárráðamanns hans og verjanda hefur þessi liður verið samþykktur með þeim fyrirvara, sem að framan greinir, að undantekinni kröfu um bætur fyrir eftirvinnutap, þykir þessi liður kröfunnar hæfilega ákveðinn kr. 700.80.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að dæma ákærða Ingólf Kristófer til greiðslu bóta til handa Leifi Ingólfs-

syni. Þykja bæturnar eftir atvikum og með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar alls kr. 5000.00.

III.

Fimmtudaginn 14. apríl 1955 tilkynnti Sigurjón Þórðarson, forstjóri Borgarþvottahússins, að fatnaði myndi um það leyti hafa verið stolið þar í þvottahúsinu. Vantaði þar m. a. tvenn jakkaföt, rykfrakka og kuldaúlpu. Ekki voru þá sýnileg merki þess, að innbrot hefði verið framið.

Við húsleit, sem gerð var hjá ákærða Þorbirni Ástvaldi eftir handtöku hans 14. október s.l., fundust m. a. buxur og rykfrakki, sem forstöðumaður þvottahússins taldi örugglega vera af fötum þeim, sem horfið hefðu úr þvottahúsinu í aprílmánuði s.l.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur viðurkennt, að hann hafi einhvern tíma í aprílmánuði s.l., meðan verkfallið var enn og hann atvinnu- og peningalaus með öllu, brotizt inn í nefnt þvottahús og tekið þaðan nokkuð af fötum og kastað eign sinni á. Hann kveðst hafa verið einsamall, ölvaður, staddur niðri í bæ, þegar hann tók ákvörðun um að fremja innbrotið. Hann kveðst hafa komizt inn með þeim hætti að teygja inn hönd um glugga, þar sem rúða hafi verið brotin fyrir. Hafi sér þannig tekizt að krækja upp glugganum og smjúga inn. Þar hafi hann síðan tekið af handahófi föt, sem hann síðan lét í poka eða druslu einhverja. Var þar um að ræða tvenn jakkaföt, karlmannsrykfrakka og ef til vill jakka að auki, eftir því sem ákærði segir. Hins vegar staðhæfir hann, að hann hafi þar enga kuldaúlpu tekið, hvorki þá né í annan tíma, utan eina, sem hann segir, að meðákærði Ragnar Jósef hafi verið í, er hann var handtekinn.

Föt þessi flutti ákærði síðan í bát þann, sem hann svaf þá í og var hér í höfninni, en seldi síðan af fötunum það, sem ekki kom fram við húsleitina hjá honum. Einar buxur kveðst ákærði hafa notað sjálfur. Hann kveðst hafa notað peninga þá, sem hann fékk fyrir fötin, til þess að lifa af, enda hafi hann ekki haft aðra peninga til þess þá. Hann staðhæfir, að ekkert af peningunum hafi hann notað til skemmtana eða áfengiskaupa.

Með framangreindri háttsemi hefur ákærði brotið 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

IV.

Við húsleit hinn 14. október s.l. hjá ákærða Þorbirni Ástvaldi í herbergi því, er hann hafði á leigu á Hringbraut 39, hér í bænum, fundust frímerki í vindlakassa, að fjárhæð kr. 292.20, en

grunur lék á því, að þar væri um að ræða frímerki, sem stolið hafði verið úr skrifstofu Sindra h/f við Hverfisgötu, hér í bæ. Frímerki þessi kvaðst ákærði hafa um það bil einum mánuði áður fundið inni við Elliðaár, og hefðu þau þá verið í kassanum, er hann fann þau. Frímerki þau, sem hurfu úr skrifstofu Sindra h/f, voru hins vegar ekki í kassa, heldur laus í örkum. Ákærði hafði kassann með sér heim, en staðhæfir, að hann hafi ekkert tekið úr kassanum síðan og engu við hann bætt. Ákærði gerði engar ráðstafanir til þess að koma frímerkjunum til eiganda þeirra eða að reyna að hafa upp á honum, né heldur lét hann lögregluna vita neitt um fundinn.

Fyrir hönd ákærða hefur verið gerð krafa um, að þessum lið ákærunnar verði samkvæmt 2. mgr. 256. gr. hegningarlaganna vísað frá dóminum, þar sem verðmæti merkjanna sé innan þeirra marka, sem greinin tekur til, ákærði hafi eigi áður gerzt sekur um auðgunarbrot, en í þriðja lagi hafi eigandi merkjanna ekki fundizt, og því engin krafa af hans hendi gerð um refsingu. Sé því ekki grundvöllur til opinberrar málshöfðunar vegna verknaðarins. Til vara er þess krafizt, að ákærði verði sýknaður af kröfunni, þar sem ósannað sé, að ákærði hafi verið búinn að slá eign sinni á merkin, er þau fundust við húsleit hjá honum.

Á aðalkröfu verjanda ákærða verður ekki fallizt, þegar af þeirri ástæðu að ákærði var hinn 29. marz 1955 staðinn að þjófnaði á 10 lítrum af benzíni, en málssókn var þá felld niður samkvæmt 2. mgr. 256. gr. hegningarlaganna, og er því það skilyrði ákvæðisins ekki fyrir hendi, að ákærði hafi ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, en auk þess er í máli þessu fjallað um brot, sem falla utan marka ákvæðisins.

Telja verður sannað, að tilgangur ákærða með því að hafa merki þau, er hér um ræðir, svo lengi í vörzlu sinni, án þess að tilkynna um þau eða skila til lögreglunnar, hafi verið sá að kasta eign sinni á þau. Þykir brot ákærða að þessu leyti réttilega heimfært undir 246. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

V.

Með eigin játningu ákærða Þorbjörns Ástvalds, sem er í samræmi við annað það, sem upplýst er í máli þessu, er sannað, að aðfaranótt laugardagsins 8. október 1955, milli klukkan 3 og 4, brauzt ákærði inn í Borgarþvottahúsið hér í bænum í þeim tilgangi að hafa þaðan á brott með sér föt, sem hann kvaðst hafa ætlað til eigin nota. Ákvörðun um innbrot kveðst hann hafa

tekið kvöldið áður en það var framið. Hann staðhæfir, að hann hafi verið einn um innbrot þetta og enginn í vitorði með sér, hvorki fyrir né eftir að það var framið. Hann kveðst hafa komizt inn með þeim hætti, að hann losaði gluggarúðu í vinnusal á framhlið hússins með því að spenna hana frá með hníf. Komst hann þá inn með því að smjúga um opið. Ekki kveikti ákærði ljós í vinnusalnum, en tók þar brennan alfatnað karlmanna, frakka og „eitthvað fleira af fötum", sem hann kvaðst ekki muna nánar, hvað var. Lét hann föt þessi í léreftspoka, er hann fann þar, ásamt léreftsskyrtum, er hann einnig tók, og gaberdineskyrtu. Fór ákærði síðan með varning þenna á bakinu til herbergis síns á Hringbraut 39; fór hann um dyr að afgreiðslu þvottahússins.

Samkvæmt tilkynningu, sem forstöðumaður þvottahússins, Sigurjón Þórðarson, gaf rannsóknarlögreglunni þegar morguninn eftir, var saknað þar í þvottahúsinu frá því um nóttina áður allmikils fatnaðar. Var þar um að ræða fern karlmannaföt, tvennar stakar buxur, frakka og úlpu, en auk þess talið, að eitthvað fleira kynni að vanta, sem þá hafi ekki þegar verið tekið eftir. Ákærði viðurkenndi að hafa selt einn fatnað af þeim, er hann hafði þarna tekið. Sjálfur var hann í einum fötum auk gaberdineskyrtu eða blússu úr þvottahúsinu, er hann var handtekinn að kvöldi hins 13. október s.l. Þegar Ragnar Jósef, meðákærði í málinu, var handtekinn 15. október s.l., var hann í blússu eða úlpu, sem ákærði Þorbjörn viðurkenndi einnig, að hann hefði tekið þar. Herbergisfélagi ákærða, Sigurður Stefánsson frá Akurholti í Eyjahreppi, hafði fengið ein af fötunum að láni, en ósannað er, að hann hafi haft nokkra vitneskju um það þá, með hverjum hætti ákærði var að fötunum kominn.

Við húsleit í herbergi ákærða að Hringbraut 39 hinn 14. október fundust eftirtalin föt, sem síðar kom í ljós að voru úr Borgarþvottahúsinu:

Blár gaberdinejakki og buxur, dökkgrár teinóttur taujakki, bláar taubuxur, gráar taubuxur, ljósgrár regnfrakki, þrjár hreinar léreftsskyrtur með þvottahúsmerki, síðar nærbuxur og blágráar taubuxur. Þá fundust þar pappírsræmur, slíkar sem notaðar eru til þess að merkja með þvott með merki Borgarþvottahússins.

Áðurnefndur forstöðumaður Borgarþvottahússins upplýsti, að öll framanskráð föt hefðu verið til hreinsunar í þvottahúsinu, en horfið þaðan aðfaranótt 8. október, að undanteknum grábláu buxunum og rykfrakkanum, en það taldi forstöðumaðurinn að hefði horfið úr þvottahúsinu í aprílmánuði s.l., sbr. annan þátt hér fyrir framan.

Eftir því sem hér hefur verið rakið, má telja sannað, að föt þau, sem ákærði tók í innbroti þessu hinn 8. október hafi verið: 4 karlmannaföt (jakki og buxur), 2 stakar buxur, 1 úlpa eða blússa, þrjár léreftsskyrtur og ein gaberdineskyrta, frakki og nærbuxur. Hefur þvottahúsið fengið föt þessi aftur, nema þau, er seld voru, og frakka, sem forstöðumaðurinn telur hafa horfið og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um, hvar kominn sé.

Auk þessa fatnaðar skýrði forstöðumaður þvottahússins dóminum frá því hinn 2. nóvember s.l., að vant væri fleiri fata úr þvottahúsinu frá innbrotum þeim, er ætlað er að framin hafi verið 8. október og í aprílmánuði s.l., en ósannað er gegn mótmælum ákærða, að hann hafi verið valdur að hvarfi þeirra.

Brot ákærða samkvæmt framansögðu þykir réttilega heimfært undir 244. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Skaðabótakrafa frá forstöðumanni Borgarþvottahússins hefur ekki komið fram, enda þótt kostur væri á því veittur.

VI.

1) Miðvikudagskvöldið 12. október s.l. neyttu allir hinir ákærðu í máli þessu áfengis. Voru þeir framan af kvöldi ýmist allir saman eða að þeir skildu um stundarsakir og drukku með öðrum félögum sínum. Fór drykkja þeirra fram á veitingastöðum í miðbænum, Brytanum í Hafnarstræti, Brytanum í Austurstræti og svokölluðum Gamla-bar (café Höll). Hafa ákærðu nokkuð ráfað um milli staða þessara og haft áfengið með sér, en fengið gosdrykki á veitingastöðunum til blöndunar. Gekk svo framundir miðnætti. Er lokað var veitingastöðunum, voru þeir ákærðu Jón Helgi og Ragnar Jósef á Brytanum í Hafnarstræti, en ákærðu Ingólfur Kristófer og Þorbjörn Ástvaldur voru þá nýfarnir þaðan. Skömmu síðar fóru þeir ákærðu Jón Helgi og Ragnar Jósef úr veitingastofunni. Þeir hittust allir aftur skömmu síðar í Kolasundi við mót þess og Austurstrætis. Þeir voru þá mjög fjárþurfi og áfengislausir með öllu. Voru þeir þar um stund í Kolasundi og höfðu í frammi nokkurn strákskap.

Theodór kaupmaður Siemsen var á gangi þar í Austurstræti. Ákærðu sáu hann, og hafði ákærði Þorbjörn Ástvaldur orð á því, að þarna væri Theodór Siemsen og það hlyti að vera hægt að hafa fé af honum. Gerði hann sig jafnframt líklegan til þess að hafa samband við Siemsen, en ákærði Ragnar Jósef kom í veg fyrir það og sagðist skyldu tala við Siemsen sjálfur, en kveðst jafnframt hafa beðið félaga sína, meðákærðu, um að bíða sín þar.

Ákærði Ragnar gekk nú til Siemsens og heilsaði honum. Virð-

ist svo sem hann hafi þá látið svo sem hann væri drukknari en hann í raun og veru var, en var þó alldrukkinn fyrir. Kveðst ákærði ætla að gjalda Siemsen skuld, er Siemsen átti hjá honum, en ákærði mun hafa fengið í reikning eina lengju af vindlingum, er ákærði var skipverji á einhverju ríkisskipanna. Kveðst Siemsen árangurslaust hafa reynt að innheimta skuldina áður hjá Ragnari Jósef. Siemsen kveðst hafa verið á leið til búðar sinnar, þar sem hann átti nokkurn varning, er hann ætlaði að hafa heim með sér um kvöldið. Hann kveðst því hafa beðið ákærða að fylgja sér til búðarinnar.

Héldu þeir nú sem leið liggur úr Pósthússtræti við Austurstræti um Hafnarstræti og yfir bifreiðastæði, sem þar er, yfir Tryggvagötu og í búð Siemsens. Gengu þeir í búðina, en Siemsen mun hafa læst dyrum. Héldu þeir síðan í skrifstofu við hlið sölubúðarinnar og inn af henni, og mun hurðinni að skrifstofuherberginu hafa verið lokað. Það, er næst gerðist þar inni, ber þeim eigi saman um, ákærða Ragnari Jósef og Siemsen. Ákærði Ragnar Jósef heldur því fram, að Siemsen hafi gerzt áleitinn við sig, en ákærði jafnan hrundið honum frá sér og sagt honum að koma með reikninginn. Hafi Siemsen þá ekki viljað láta hann fá reikninginn, nema um leið og hann borgaði, nema hann vildi þýðast áleitni Siemsens. En ákærði kveðst hafa svarað því til, að þá vildi hann fá peninga, sem Siemsen kvaðst ekki hafa. Þessu hefur Siemsen hins vegar eindregið mótmælt sem röngu og tilhæfulausu með öllu. Siemsen heldur því fram, að ákærði hafi beðið um kóka-kóla, eftir að þeir hafi komið í búðina, og hafi hann sótt honum flösku af því. Þessu hefur ákærði mótmælt. Siemsen segir, að vera megi, að ákærði hafi heimtað að fá reikninginn, en ekki kveðst hann hafa verið búinn að taka hann fram og ekki ætlað að gera það, fyrr en sýnt væri, að Ragnar Jósef ætlaði að greiða. Ákærði segir, að þegar ekki hafi gengið saman með þeim Siemsen, hafi Siemsen skipað sér að fara út, en hótað ella að hringja á lögregluna, eftir að ákærði hafði þrifið súkkulaði eða eitthvert sælgæti í borði búðarinnar og borðað það, en neitað að greiða, þegar Siemsen krafði hann greiðslu fyrir. Kveðst ákærði hafa sagt Siemsen, að ekkert þýddi fyrir hann að kæra til lögreglunnar, þar sem það myndi verða verst fyrir Siemsen sjálfan. Munu þeir hafa átt í nokkrum stimpingum, er Siemsen ætlaði að koma ákærða út fyrir dyrnar. Opnaði hann að lokum dyrnar og hugðist mismuna ákærða Ragnari út.

Það er af meðákærðu, Þorbirni Ástvaldi, Jóni Helga og Ingólfi Kristófer, að segja, að er ákærði Ragnar Jósef og Siemsen héldu

af stað í áttina til búðar Siemsens, fóru þeir í humátt á eftir þeim. Tóku þeir sér síðan stöðu andspænis búðinni við innkeyrslusund að heildverzlun, sem þar er, og biðu þar átekta. Sáu þeir, að ákærði Ragnar Jósef og Siemsen fóru í skrifstofu Siemsens, og var dyrum lokað á eftir þeim. Fannst þeim dvöl þeirra alllöng. Fór ákærði Þorbjörn Ástvaldur því yfir götuna og kveðst hafa ætlað að fylgjast með því, hvað þeim fór á milli, Siemsen og meðákærða Ragnari Jósef. Tók hann sér stöðu við dyr búðarinnar, en tjald mun hafa verið dregið niður í hurðinni, og sást hann því ekki innan úr búðinni. Er ákærði Þorbjörn Ástvaldur fór yfir að búðinni, reyndu þeir ákærðu Jón Helgi og Ingólfur Kristófer að fá Þorbjörn Ástvald ofan af því að fara, og einnig eftir að hann var kominn yfir að búðinni, munu þeir hafa kallað til hans tvívegis um að koma aftur til baka.

Sem nú dyrum búðarinnar var lokið upp, ruddist ákærði Þorbjörn Ástvaldur þegar inn í búðina. Veittist hann umsvifalaust að Siemsen með höggum og barsmíð, en Siemsen veitti hið mesta viðnám. Að lokum fékk ákærði Þorbjörn Ástvaldur hrakið Siemsen inn í skrifstofuna, og mun ákærði Ragnar Jósef hafa veitt Þorbirni í því. Þegar ákærði Jón Helgi sá bróður sinn Þorbjörn ryðjast til inngöngu í búðina, hljóp hann þegar á eftir honum og mun hafa komið í búðina, rétt í sama mund og Siemsen hafði verið hrakinn í skrifstofuna. Veggsími er við dyr skrifstofunnar, og greip Siemsen til hans, um leið og hann var hrakinn þar inn. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur þreif þá þegar heyrnartól símans og laust því tví- eða þrívegis í höfuð Siemsens, en skipaði honum að koma með peninga, sem hann hins vegar kvaðst enga hafa. Kom þá að Jón Helgi, þreif heyrnartólið af Þorbirni Ástvaldi og hratt honum frá, um leið og hann innti bróður sinn eftir því, hvort hann væri vitlaus eða hvort meiningin væri að drepa manninn, og skipaði honum að hætta að misþyrma honum. Ákærði Ragnar Jósef hafði þá einnig barið Siemsen nokkuð. Ákærði Ragnar Jósef heldur því fram, að meðákærði Jón Helgi hafi einnig barið Siemsen nokkuð, en því hefur hann eindregið mótmælt, og er enda mótmælt af bróður hans ákærða Þorbirni Ástvaldi auk Siemsens sjálfs. Hins vegar bauðst ákærði Jón Helgi til þess að halda Siemsen, og kom til nokkurra átaka milli þeirra, áður en hann kom Siemsen undir sig og hélt honum niðri.

Þegar Jón Helgi hafði hrundið bróður sínum frá Siemsen, fór hann, þ. e. ákærði Þorbjörn Ástvaldur, fram í búðina og lét hann þar greipar sópa um vindlingalengjur, sem þar voru í hillu. Bar hann síðan vindlingana inn í skrifstofuna og tösku eina belgvíða,

sem var einnig frammi í búðinni. Gerðist Siemsen þá ókyrr, og urðu þeir nú að halda honum báðir, Jón Helgi og Ragnar Jósef. Þorbjörn hóf nú að raða vindlingunum í töskuna. Ragnar Jósef bauðst þá til að halda Siemsen einsamall. Jón Helgi tók við af bróður sínum Þorbirni Ástvaldi við að raða niður í töskuna. Þorbjörn Ástvaldur hóf leit að áfengi, sem hann áleit að vera kynni þar í skrifstofunni. Jón Helgi lauk við að raða vindlingunum í töskuna og hvarf síðan á brott, en sagði félögum sínum að flýta sér.

Rétt áður en Jón Helgi hvarf á brott úr búðinni, tók Siemsen enn að ókyrrast, og fékk Ragnar eigi við hann ráðið. Tókst Siemsen nú að rísa á fætur, en er Þorbjörn Ástvaldur sá það, þreif hann brúsa undan genever, sem mun hafa staðið þar á peningaskáp í skrifstofunni. Sló hann Siemsen með brúsanum í höfuðið. Það var mikið högg, því að brúsinn brotnaði við. Ekki sá Jón Helgi þetta, enda var hann að ljúka við að raða niður vindlingunum, en hann heyrði allmikinn hávaða og sá, að Siemsen hafði fallið í gólfið, og lagaði þá blóð úr höfði hans, en Jón Helgi hafði ekki veitt því athygli áður. Stóð Ragnar Jósef þá öðrum fæti á hálsi Siemsens, er Jón Helgi fór úr búðinni. Sögðu ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur Siemsen þá, að ekki þýddi annað fyrir hann en að vera rólegur. Virtist Siemsen sefast nokkuð, eftir að hann fékk höggið. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur mun nú hafa farið fram í búðina til þess að leita þar betur, ef hann fyndi þar peninga eða önnur verðmæti. Ákærði Ragnar Jósef segir, að síðan hafi ákærði Þorbjörn Ástvaldur komið aftur inn í skrifstofuna, staðið þar yfir Siemsen og spurt hann að því, hvar peningarnir væru, en Siemsen svarað því til, að hann hefði enga. Hafi Þorbjörn Ástvaldur þá sagt, að Siemsen yrði drepinn, ef hann segði ekki, hvar peningarnir væru. En Siemsen hafi svarað, að dagsanna væri, að hann hefði ekki peninga þar í búðinni, en er hann hafi verið að því spurður, hvar þeir væru, hafi hann svarað, að þeir væru heima. Ragnar Jósef sá þá lyklafesti úr vasa Siemsens, sem hann sleit síðar frá honum og fékk meðákærða Þorbirni Ástvaldi lyklana. Leituðu þeir síðan bæði í peningaskáp og skjalaskáp, sem þeir höfðu opnað með lyklunum. Fundust í peningaskápnum nokkur veski, sem ekki mun hafa verið rannsakað nánar þá þegar, hvort hefðu peninga að geyma. Voru veskin lögð á skrifborðið á meðan. Ragnar Jósef leitaði síðan að fjárverðmætum á Siemsen sjálfum, tók af honum tvö hundruð krónur, er hann hafði lausar inni á sér, og gullarmbandsúr.

Er þeir fundu enga peninga í skrifstofunni, mun ákærði Þorbjörn Ástvaldur enn á ný hafa farið fram í búðina til þess að

leita þar frekar. Ákærði Ragnar Jósef var hins vegar um kyrrt í skrifstofunni og sýslaði þar. Skyndilega varð Ragnar Jósef var við, að Siemsen var enn risinn á fætur og hugðist fara fram úr skrifstofunni. Fékk Ragnar Jósef þá ekki haldið honum. Kallaði hann þá í meðákærða Þorbjörn Ástvald og bað hann koma sér til hjálpar. Kom hann þegar hlaupandi og hafði með sér kóka-kólaflösku, og kveðst ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafa slegið Siemsen með flöskunni tvö högg í höfuðið, meðan meðákærði Ragnar Jósef hélt honum. Ragnar Jósef heldur því hins vegar fram, að höggin hafi verið miklu fleiri, sem Þorbjörn Ástvaldur þá sló Siemsen. Ekki féll Siemsen af barsmíð þessari, en þeir komu honum þó sameiginlega á gólfið. Lá Siemsen síðan á bakinu í gólfinu. Stóð Ragnar Jósef þá á brjósti Siemsens og hálsi öðrum fæti til þess að halda honum niðri. Leið svo nokkur stund, en Siemsen fór þá enn að ókyrrast og náði á ný að standa á fætur. Ákærði Ragnar Jósef hafði þá tekið kóka-kólaflöskuna og vafið um stút hennar vasaklút sínum. Sló hann Siemsen síðan í höfuðið, en blóðstraumur lak þá niður úr höfði hans. Kveðst Ragnar Jósef þannig hafa slegið Siemsen þrjú högg með flöskunni. Meðákærði Þorbjörn, sem kveðst hafa haldið Siemsen, meðan Ragnar Jósef sló hann, segir, að höggin hafi verið miklu fleiri. Siemsen gizkar á, að hann hafi verið sleginn alls 10—15 högg með flöskunni. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur staðhæfir enn fremur, að eftir að Siemsen hafi fallið í gólfið fyrir barsmíð Ragnars Jósefs, hafi hann, þ. e. ákærði Ragnar Jósef, haldið áfram barsmíðinni á höfuð Siemsens, þar sem hann lá í blóði sínu, allt þar til Siemsen var orðinn með öllu meðvitundar- og hreyfingarlaus. Kveðst ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafa beðið meðákærða um að hætta barsmíðinni, þar sem hann myndi ella gera út af við Siemsen, en ekkert gert þó til þess að hindra barsmíð Ragnars Jósefs, sem þá sat klofvega á Siemsen, er hann greiddi honum síðustu höggin. Kraup ákærði Þorbjörn Ástvaldur við hlið Siemsens, meðan meðákærði lamdi hann, en blóð úr sárum á höfði Siemsens slettist á föt þeirra beggja. Siemsen virtist Ragnar Jósef slá sig fleiri högg með flöskunni, en telur meðákærða hafa eggjað hann til frekari meiðinga og jafnvel hvatt hann til þess að veita honum bana.

Eftir að Siemsen var orðinn meðvitundarlaus, ber ákærðu þó saman um, að ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafi haft orð á því, að rétt væri að tilkynna lögreglunni, hvernig komið var. Síminn var þá óvirkur frá því í upphafi viðureignarinnar, en auk þess fannst þeim rétt að þreifa fyrst eftir hjartslætti hans til þess að vita, hvort hann væri enn lifandi, áður en þeir hefðust nokkuð

slíkt að. Gerðu þeir það síðan báðir og fundu hjartslátt hans. Þeir gerðu þá ekki frekari reka að því að tilkynna, hvernig komið var fyrir Siemsen.

Ákærði Ragnar Jósef tók nú tvo hringa af Siemsen, þar sem hann lá í blóði sínu, en skildi eftir giftingarhring hans.

Leituðu nú ákærðu peninga í búðinni. Fór Þorbjörn Ástvaldur og leitaði í peningakassa, en kveðst ekki hafa fundið þar nema 5 krónur, er hann tók. Ragnar Jósef fann hins vegar skjalamöppu með peningum í, kr. 1600.00 að eigin sögn, en Siemsen álítur, að fjárhæðin hafi verið nokkru hærri, án þess þó að geta sagt um það með nokkurri nákvæmni. Geymdi Ragnar Jósef fjárins. Auk þess fann hann skjalatösku úr leðri, sem hann afhenti Þorbirni Ástvaldi, en hann lét í hana veskin, sem þeir höfðu tekið úr skápnum í skrifstofunni, vindla, er hann tók í búðinni, nokkuð af vindlingum og tuggugúmmí. Einnig höfðu þeir á brott með sér lykla búðarinnar, hringana og úr Siemsens auk tasknanna.

Að þessu loknu héldu þeir ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef á brott úr búðinni.

Nú er það af ákærða Jóni Helga að segja, að er hann kom út úr búðinni, gekk hann yfir bifreiðastæðið, sem er andspænis búðinni, og hitti hann þar meðákærða Ingólf Kristófer, þar sem hann stóð á bifreiðastæðinu Hafnarstrætismegin. Hröðuðu þeir sér fyrst sem mest þeir máttu út í Austurstræti um Veltusund, en í Austurstræti sáu þeir tvo lögregluþjóna. Sneru þeir þá snarlega við og héldu niður að höfn. Tók ákærði Ingólfur Kristófer þá við töskunni af Jóni Helga og bar hana síðan heim til Jóns á Bragagötu 31. Tóku þeir þegar upp úr töskunni vindlingana og létu í aðra tösku, er ákærði Jón Helgi átti þar, þá tösku síðan í bakpoka og hann síðan með öllu innihaldinu inn í fataskáp þar í herberginu. Tösku þá, sem ákærði Jón Helgi hafði tekið ásamt vindlingunum, földu þeir síðan undir torfuskækli í moldarbarði í Hljómskálagarði austanverðum. Þar fannst hún síðan eftir tilvísan ákærða Jóns Helga. Héldu þeir síðan niður í bæ í leit félaga sinna. Ráfuðu þeir um alllengi og tóku sér að lokum stöðu við verzlun Haralds Árnasonar. Var þá liðið að óttu.

Þeir ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef héldu úr búðinni heim til Þorbjörns Ástvalds á Hringbraut 39 með feng sinn. Var frakki sá, er Þorbjörn Ástvaldur var í yztum klæða, ataður blóði, en hálsbindi, jakki og buxur Ragnars Jósefs. Þeir voru báðir blóðugir um hendur. Frakki Þorbjörns Ástvalds var ljós. Hann hafði frakkaskipti þar heima. Ragnar Jósef tók af sér bindið, fór úr jakkanum og í mussu, sem ákærði Þorbjörn hafði

stolið nokkrum nóttum áður í Borgarþvottahúsinu. Skiptu þeir nú með sér peningum þeim, er þeir höfðu af Siemsen tekið og í verzlun hans, og staðhæfa, að 900 krónur hafi komið í hlut hvors þeirra um sig, þannig að það hafi einungis verið kr. 1800.00 alls, sem þeir tóku af peningum. Kom þeim þá saman um að halda peningatökunni leyndri fyrir þeim meðákærðu Jóni Helga og Ingólfi Kristófer og ætluðu ekki að láta þá fá hlut af fengnum. Ekki athuguðu þeir þá frekar feng sinn, en þógu hendur sínar og héldu af stað að leita félaga sinna. Tóku þeir sér leigubifreið og héldu fyrst á Bragagötu, þar sem ákærði Jón Helgi býr. Héldu síðan niður í bæ í bifreiðinni og fundu félaga sína á mótum Lækjargötu og Austurstrætis við verzlun Haralds Árnasonar.

Ákærðu héldu nú allir saman heim á Bragagötu til Jóns Helga. Höfðu þeir keypt sér áfengi af bifreiðarstjóra þeim, er þeim ók, en ekki segjast þeir þekkja hann. Settust þeir síðan að sumbli. Lýstu þeir þá aðförinni frekar Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur. Sýnist helzt svo af framburðum hinna ákærðu, að þeir hafi eins vel búizt við því, að Siemsen myndi ekki lifa af eða væri þegar dáinn eftir áverkana.

Ákærðu gerðust nú soltnir. Þeir bræður, ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi, héldu í kjötbúð Tómasar Jónssonar, Laugavegi 32. Komust þeir inn í geymslu í kjallara hússins með því að skrúfa hespu frá hurð geymslunnar, sem læst var með hengilás. Tóku þeir þar síðan tvær malakoffpylsur og nokkuð af reyktum bjúgum, sem þeir síðan fluttu heim til Jóns Helga á Bragagötu, þar sem félagar þeirra biðu. Hófu þeir síðan át bjúgnanna, en ekki munu þeir hafa neytt nema lítils eins af þeim, með því að þau voru að sögn þeirra farin að úldna, en malakoffpylsurnar ósoðnar og því ekki hæfar til neyzlu. Þeir lögðust síðan til svefns og sváfu allir í herbergi Jóns Helga, það sem eftir lifði nætur.

Næsta dag sóttu þeir morgunblöðin, ef vera mætti, að þar væri að finna upplýsingar um afdrif Siemsens. Héldu annars kyrru fyrir til hádegis. Sögðu þeir Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur nú félögum sínum frá töku peninganna. Vildu þeir þá fá sinn hluta fengsins. Féllst Ragnar Jósef á það og lét þá Jón Helga og Ingólf Kristófer fá hluta fjár þess, er í hans hlut hafði komið. Þorbjörn Ástvaldur vildi hins vegar ekki láta þá fá neitt. Um hádegi héldu þeir á matsölustað og borðuðu þar allir fyrir hluta af ránsfengnum. Ragnar Jósef fór heim til sín til þess að hafa buxnaskipti, þar sem blóð var á þeim buxum, er hann var í. Keyptu þeir síðan nokkurt áfengi fyrir hluta af peningunum, gosdrykki til blöndunar og héldu síðan heim til ákærða Þorbjörns

Ástvalds. Settust þeir þegar að drykkju, en tóku jafnframt að rannsaka ránsfenginn. Var það nokkuð af vindlingum, sennilega um 5 lengjur, allmikið af vindlum, a. m. k. 10 pakkar af Danítas smávindlum, tuggugúm, sennilega um 50 pakkar, græn mappa úr plasti, skjalataska, 3 veski, 1 vasabók og 1 budda með kr. 3.20 í peningum, lyklakippa og festi, 2 hringar, annar með steini, hinn signetshringur með fangamarki Siemsens, svo og gullarmbandsúr hans. Auk þess sem þarna var hjá Þorbirni Ástvaldi voru vindlingar þeir, sem geymdir voru hjá Jóni Helga, a. m. k. 18 lengjur upphaflega.

Ekki kom til skipta á ránsfengnum að sinni. Hins vegar neyttu þeir tóbaksins og tuggugúmsins að þörfum. Sátu ákærðu nú að sumbli fram eftir degi.

Síðar um daginn fóru þeir Þorbjörn Ástvaldur og Ingólfur Kristófer í bæinn til þess að ná í dagblaðið Vísi, svo að þeir gætu fregnað um afdrif Siemsens, sem þeir álitu að eins gæti verið að hefði látizt. Í leiðinni keypti Þorbjörn Ástvaldur skot í haglabyssu, sem hann hafði í herbergi sínu, auk áfengis, hvort tveggja fyrir peninga þá, er hann hafði fengið í sinn hlut af fengnum. Eftir það héldu þeir heim aftur á Hringbraut. Sátu þeir enn um hríð að sumbli. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hótaði þá, að hann mundi drepa hvern þeirra félaga, sem segði frá broti þeirra. Viðurkennir ákærði Þorbjörn Ástvaldur að hafa haft það á orði. Ákærði Ragnar Jósef kveðst í fyrstu hafa talið, að alvara lægi að baki hótuninni, og kveðst þá jafnframt hafa álitið, að Þorbjörn Ástvaldur myndi láta verða að hótun sinni síðar, ef hann gæti ekki komið henni fram, strax og efni stæðu til. Þorbjörn Ástvaldur heldur því fram, að hann hafi slegið þessu fram í gríni, hafi engin alvara legið að baki orðum sínum, sem hafi verið sögð án nokkurs tilefnis. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um það, við hvaða aðstæður eða af hvaða tilefni hann hefur látið orð falla í framangreinda átt.

Ákærði Ingólfur Kristófer staðhæfir, að eftir að þeir Þorbjörn Ástvaldur komu heim með skotfærin og áfengið, hafi ákærði Þorbjörn Ástvaldur tekið fram haglabyssu tvíhlaupa, hlaðið hana tveimur skotunum, miðað síðan á sig byssunni og hótað sér bana, ef hann segði frá broti þeirra. Kveðst ákærði Ingólfur Kristófer hafa talið, að þeir félagar myndu standa við hótun Þorbjörns Ástvalds, ef hann fylgdi þeim ekki í einu og öllu, og virtist honum ákærði Þorbjörn vantreysta sér einna mest þeirra félaga, en í því sambandi má geta þess, að ákærði Ragnar Jósef hafði orð á því um nóttina eftir aðförina að Siemsen, þegar þeir voru komn-

ir heim úr innbrotinu bræðurnir Þorbjörn og Jón Helgi, við ákærða Þorbjörn, að „ekki væri hægt að treysta Ingólfi". Kveðst ákærði Ingólfur Kristófer hafa tekið hótun Þorbjörns alvarlega, sérstaklega eftir að „þeir voru búnir að sýna það með aðförinni að Siemsen, að þeir svifust einskis".

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur viðurkennt, að það sé rétt, að eftir að þeir keyptu skotin, hafi hann þar heima í herberginu á Hringbraut miðað haglabyssunni að ákærða Ingólfi Kristófer og haft þá á orði, að hann myndi drepa Ingólf, ef hann ljóstaði upp um þá, eða eitthvað í þá átt, en hann staðhæfir, að byssan hafi þá verið óhlaðin, en engin alvara legið að baki orða sinna.

Ekki muna ákærðu, af hvaða tilefni ákærði Þorbjörn Ástvaldur kom þannig fram við Ingólf Kristófer.

Byssuna tók ákærði Þorbjörn Ástvaldur í sundur, en læsti skotin niður í kassa einn þar í herberginu.

Nokkru síðar var Ingólfur Kristófer sendur til þess að kaupa þeim félögum mat, sem þeir snæddu þar í herbergi Þorbjörns Ástvalds. Að því loknu fór Þorbjörn Ástvaldur að sækja tvær unglingsstúlkur, sem hann og Ragnar ætluðu að færa í kvikmyndahús. Jón Helgi og Ingólfur Kristófer fóru á veitingakrár og knattborðsstofu, en Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur með stúlkurnar í kvikmyndahús og á veitingakrá og síðan heim aftur í herbergi Þorbjörns Ástvalds. Skömmu síðar komu þeir Jón Helgi og Ingólfur Kristófer einnig þangað.

Rétt eftir að ákærðu voru allir komnir aftur í herbergið á Hringbraut 39 og stúlkurnar voru þar enn, komu menn frá rannsóknarlögreglunni og handtóku ákærða Þorbjörn Ástvald og höfðu á brott með sér. Þegar þeir voru farnir með Þorbjörn Ástvald, tók ákærði Ingólfur Kristófer frakka Þorbjörns, þann er hann hafði verið í við aðförina að Siemsen, og varpaði honum um glugga á þak út. Gengu stúlkurnar þá á ákærðu með, hvað þeir hefðu gert af sér, og sögðu þeir þeim þá, að þeir hefðu kvöldinu áður gert aðförina að Siemsen. Meðan þau voru enn í herbergi Þorbjörns Ástvalds, tók ákærði Ingólfur Kristófer fram áðurnefnda haglabyssu, en þeir Ragnar Jósef brutu upp skotfærakassann, og lét Ragnar Jósef Ingólf Kristófer fá tvö skot, sem hann síðan lét í byssuna. Handlék Ingólfur Kristófer nú byssuna, eftir að hún var hlaðin. Hljóp allt í einu skot úr henni í dyrastaf herbergisins. Sagði Ingólfur Kristófer, að það hefði verið fyrir slysni, en Ragnar Jósef hélt því fram, að Ingólfur kynni það vel með byssur að fara, að ekki gæti hafa verið um slysni að ræða.

Nokkru síðar komu rannsóknarlögreglumenn aftur með Þor-

björn Ástvald, og fóru þá hinir ákærðu úr herberginu og stúlkurnar með þeim. Ragnar Jósef tók með sér, um leið og hann fór úr herberginu, jakka þann, sem hann hafði orðið að fara úr eftir aðförina að Siemsen og skilið þar eftir. Tóku þau nú leigubifreið og héldu öll heim á Bragagötu til Jóns Helga. Vindlingataskan var nú tekin upp úr bakpokanum í fataskápnum, en Ingólfi Kristófer falið að koma töskunni með innihaldi og jakka Ragnars Jósefs fyrir, svo að eigi yrði fundið. Fékk hann nokkra peninga hjá Ragnari og Jóni fyrir leigubifreið. Voru þau eftir 4 saman í herberginu, er Ingólfur var í leiðangrinum. Munu þeir Ragnar og Jón þá hafa komið sér saman um að játa aldrei brot sitt, þótt þeir yrðu teknir, og munu jafnframt hafa komið sér saman um sögu, er þeir ætluðu að segja lögreglunni, sem sanna ætti fjarvist þeirra frá brotastað.

Það er af Ingólfi að segja, að hann hélt þegar af stað með töskuna og jakkann. Kveðst hann hafa tekið sér leigubifreið við bifreiðaafgreiðslu á Skólavörðuholti, ekið með henni heim til móður sinnar, sem býr hér austur við Holtaveg, afhent henni töskuna, sem var lokuð, og beðið hana að geyma hennar vel, þar sem hún sæist ekki, en sagði henni ekki af innihaldi hennar né heldur því, á hvern hátt hann var að töskunni kominn. Áður kveðst hann þó hafa tekið tvær lengjur, aðra af Raleigh, hina af Chesterfieldvindlingum, úr töskunni. Hafi hann selt bifreiðarstjóranum vindlingana, sem verðlagðir hafi verið á kr. 50.00 hvor lengja, en fengið hjá honum 2 hálfflöskur af áfengi, verðlagt kr. 140.00, aksturinn hafi kostað kr. 35.00, og hafi hann því orðið að greiða kr. 75.00 fyrir aksturinn og mismun á verði áfengisins og vindlinganna. (Hefur málshöfðun verið fyrirskipuð sérstaklega á hendur bifreiðarstjóra þeim, sem ákærði hefur bent á sem þann, er hann átti umrædd skipti við). Jakka Ragnars Jósefs kastaði Ingólfur í grennd við heimili móður sinnar. Skýrði Ingólfur félögum sínum frá því, að hann hefði komið vindlingunum fyrir hjá móður sinni, en þar sem hann vildi ekki láta þá vita, hve gálauslega hann fór með vindlingana, kveðst hann hafa sagt þeim, að hann hefði fengið áfengið lánað hjá bifreiðarstjóra, sem hann þekkti.

Við húsleit rannsóknarlögreglumanna í herbergi Þorbjörns eftir handtöku hans fundu þeir m. a. eftirtalda muni: Brúna leðurtösku. Í henni brúnt leðurveski, merkt: Theodór Siemsen, svart rúskinnsveski, svart plastveski með mörgum nafnspjöldum Theodórs Siemsens, lyklahring með 13 lyklum, slitur af úrarmbandi, auglýsingaspjöld frá Theodór Siemsen, leðurbuddu, 10 pakka af vindlum, 44 pakka af tuggugúmmíi, miða, sem á var skrifað

„Ragnar 1 cart. cigarett 110/—“, skjöl tilheyrandi verzlun Th. Siemsens, pakka af Chesterfieldvindlingum, 2 lengjur af sama, sem fundust í skáp í herberginu. Þá fannst þar og plastmappa græn, sem í var úr, armbandslaust, steinhringur og signetshringur, merktur „TS“, blóðugur. Þorbjörn Ástvaldur hafði á sér kr. 200.00 í reiðufé, sem hann lýsti yfir, að væri afgangur þess, er hann hafði fengið í sinn hlut af peningum þeim, er af Siemsen og í verzlun hans voru teknir. Var það fé afhent Siemsen.

Leit lögreglumannanna hjá ákærða Þorbirni leiddi til handtöku hinna ákærðu í málinu. Ákærði Þorbjörn var fyrst handtekinn þá þegar um nóttina. Hann viðurkenndi þá þegar, að hann hefði framið ránið í verzlun Siemsens, en hélt því í fyrstu fram, að hann hefði verið einn um það. Grunur féll þó fljótlega á meðákærðu, og voru þeir handteknir 15. október. Játuðu þeir síðan 15. og 16. október brot sín tiltölulega vafningalítið. Sat ákærði Jón Helgi í gæzluvarðhaldi í 30 daga, en hinir hafa allir setið í gæzluvarðhaldi frá handtöku þeirra.

Um Theodór Siemsen er það að segja, að hann mun, eins og þegar er komið fram, hafa misst meðvitund við barsmíðar ákærðu Ragnars Jósefs og Þorbjörns Ástvalds. Hefur hann sennilega legið einhverja stund í blóði sínu í skrifstofunni, eftir að ákærðu fóru á brott. Nokkru síðar tókst honum að komast á fætur og gat þá af eigin rammleik komizt á lögreglustöðina klukkan 00.55 um nóttina. Var hann þá alblóðugur um höfuð og herðar, með stórt gapandi sár aftan í hvirflinum. Segir Halldór Jóhann Einarsson lögreglumaður svo um útlit Siemsens, að það hafi verið „eitt það ljótasta, sem ég hefi séð“.

Siemsen var nú fluttur í slysavarðstofuna til aðgerðar, og segir Gísli læknir Ólafsson frá áverkum hans og aðgerðum í vottorði sínu, svohlj.:

„Lögreglan kom með manninn á slysavarðstofuna. Var hann blóðugur um höfuð og andlit. Kvaðst hann hafa orðið fyrir líkamsárás. Við skoðun kom í ljós stórt svöðusár v. megin á hnakka. Auk þess margir stærri og smærri skurðir á höfði. Var þetta saumað saman með mörgum saumum, eftir að hárið hafði verið rakað eftir þörfum. Enga vínlykt var að finna af sjúkl., og virtist hann vera sæmilega „orienteraður“.

Einnig var hann talsv. bólginn í andliti og mikil bólga í kringum bæði augu. Kvartaði sjúkl. einnig um verki í hálsi og undir v. brjósti.

Sjúkl. fluttur í Landakot að morgni, eftir að hafa verið undir athugun alla nóttina“.

Í Landakotsspítala var Siemsen síðan frá því að morgni 13. október allt til 22. desember s.l. Um líðan hans þann tíma hefur dr. med. Halldór Hansen gefið vottorð, svohljóðandi:

„Theodór Siemsen, f. 7/11 1893, var lagður hér í spítalann þ. 13/10 1955. Sjúkl. hafði hlotið mikla áverka á höfuðið, og var fyrsta hjálp veitt í slysavarðstofu bæjarins (sbr. vottorð þaðan). Sjúkl. hefur legið hér síðan og er hér enn. Hann var mjög þungt haldinn allt til loka nóvembermánaðar. Drep kom í stærsta sárið á hvirflinum, sjúkl. var þjáður af höfuðverk og svima og hafði óreglulegan og þrálátan hita allt til loka nóvembermánaðar. Viku af nóvember fór að bera á því, að sjúkl. var miður sín andlega og oft alveg ruglaður.

Augnbotnsskoðun (Bergsveinn Ólafsson) benti þó ekki á aukinn heilaþrýsting, og rannsókn taugasérfræðings (Kjartan R. Guðmundsson) leiddi ekki í ljós heilablæðingu, heila-abscess eða aðra lokaliseraða skemmd í heila. Rannsókn á mænuvökva reyndist eðlileg að kalla. Líklegast þótti, að um sinus thrombosis væri að ræða.

Það, sem af er desembermánaðar, hefur sjúkl. batnað mikið, einkum andlega ástandið og hitinn, og hann hefur getað haft nokkra fótavist. Hann er einnig gróinn sára sinna, en hefur þráláta infection í húð(furunculosis). Hann þjáist þó enn af þrálátum höfuðverk, svefnleysi og slappleika.

Um allar afleiðingar þessa áverka verður þó að svo stöddu ekki dæmt".

Vegna geðtruflunar þeirrar, er að framan getur, hefur Kjartan R. Guðmundsson hinn 13. janúar s.l. gefið svofellt vottorð og álitsgerð:

„Ég undirritaður skoðaði Theodór Siemsen, meðan hann lá á Landakotsspítala vegna gruns um heilasjúkdóm. Niðurstaða mín var, að sennilega væri um sinus thrombosis að ræða (blóðstorknun í heilaæðum).

Um það leyti varð hann ruglaður á geðsmunum, og var það álit mitt, að það væri afleiðing æðastíflunar eða ef til vill eitrun frá hinum miklu ígerðum, sem hann hafði á höfði.

Í dag segir viðkomandi, að sér hafi farið dagbatnandi s.l. 4 vikur og sé hann nú orðinn fullkomlega eðlilegur til sálar og líkama. Stundum segist hann þó fá þreytu í höfuð, ef hann reynir mikið á sig, og nokkuð erfitt með að festa svefn.

Eiginkona hans segir, að hann sé nú að sínum dómi fullkomlega heilbrigður á geðsmunum.

Obj. psykiskt eðlilegur.

Neurologiskt ekkert abnormt.

Álit: Mér finnst ólíklegt, að áverkinn muni valda tauga- eða geðsjúkdómum í framtíðinni".

---

2. Með áfengisneyzlu sinni á veitingastöðum þeim, er að framan greinir, VI, 1, hafa allir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 1. mgr. 20. gr. sbr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með því að ráðast með líkamlegu ofbeldi að Theodór Siemsen kaupmanni í verzlun hans um miðnætti milli 12. og 13. október og hafa þannig af honum fjárverðmæti, sem þeir köstuðu eign sinni á, hafa ákærðu Þorbjörn Ástvaldur, Ragnar Jósef og Jón Helgi allir brotið ákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Telja verður sannað, að ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef hafi auk þess með því hvor um sig og báðir sameiginlega að hjálpast að því að berja Siemsen með höndum, Þorbjörn Ástvaldur með heyrnartóli af síma og leirbrúsa, en báðir með gosdrykkjarflösku, og misþyrma honum á annan hátt, unz hann var fallinn meðvitundarlaus á gólfið, veitt honum mjög mikla áverka á höfuð og andlit, sem síðar höfðu þær afleiðingar, að Siemsen bilaðist á geðsmunum um tíma. Þykja þeir einnig með þeirri háttsemi sinni hafa gerzt brotlegir við 218. gr. hegningarlaganna.

Hins vegar þykir ósannað, að ákærði Jón Helgi hafi veitt Siemsen nokkra áverka með ofbeldi sínu við hann eða þvingun, og ber því að sýkna hann af ákæru um brot á 218. gr. hegningarlaganna.

Telja verður sannað, að sá hafi verið tilgangur þeirra félaga, eftir að þeir urðu varir við Siemsen í Austurstræti, að hafa út úr honum fé, að vísu með góðu í upphafi. Þegar sýnt var, að Ragnari Jósef hafði ekki orðið ágengt í því efni, verður ekki annað af gerðum ákærða Þorbjörns Ástvalds og síðar Jóns Helga ráðið en að þeir hafi ruðzt inn í búð hans með þeim ásetningi að hafa fé þá af honum með illu, úr því að það fékkst ekki með góðu. Verður því að telja, að þeir hafi tekið ákvörðun um rán, áður en þeir höfðu ruðzt í búðina. Var það því, eins og á stóð, óhjákvæmilegur þáttur í ráninu að ryðjast í búðina, en verður ekki talið sem sjálfstæður undanfari ránsins, þó að það á hinn bóginn auki saknæmi verknaðarins. Verður þessi liður ákærunnar því ekki til greina tekinn, en ákærðu Jón Helgi og Þorbjörn Ástvaldur sýknaðir af ákæru um brot á 231. gr. hegningarlaganna.

Með því að taka þátt í ávinningi af ránsfeng meðákærðu, mót-

töku tóbaks og tuggugúms til neyzlu, en peninga til eyðslu í eigin og sameiginlegar þarfir, áfengis, matar og skemmtana og annars, sem greitt var með hluta ránsfengsins, svo og með því að hjálpa meðákærðu við að koma undan ránsfengnum og munum, sem leitt gátu til handtöku og síðar orðið til sönnunar um sekt þeirra, hefur ákærði Ingólfur Kristófer gerzt brotlegur við ákvæði 1. mgr. 254. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi hafa með því að brjótast inn í geymslu kjötverzlunar Tómasar Jónssonar og taka þaðan pylsur, sem þeir höfðu með sér heim til Jóns Helga og hófu þar að neyta, brotið 244. gr. hegningarlaganna.

Telja verður, að ákærðu Ragnar Jósef og Ingólfur Kristófer hafi hlotið að vita, að pylsur þær, sem þeir bræður Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi komu með og þeir hófu að neyta, hafi verið teknar í heimildarleysi, eftir öllum aðstæðum.

Með því að hefja neyzlu bjúgnanna hafa því nefndir ákærðu gerzt brotlegir við 1. mgr. 254. gr. hegningarlaganna.

Enda þótt ekki verði talið sannað, að ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafi haft haglabyssuna hlaðna, þegar hann hafði frammi við Ingólf Kristófer hótun um að drepa hann, ef hann segði frá broti þeirra, og miðaði á hann byssunni, þykir hótunin hafa verið þannig fram borin, að hún hafi orðið til þess að vekja ótta Ingólfs Kristófers, sem áleit byssuna hlaðna. Hefur ákærði Þorbjörn Ástvaldur með því brotið 233. gr. hegningarlaganna. Hins vegar er óupplýst, með hverjum hætti ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafði á orði við Ragnar Jósef og þá félaga, að hann myndi drepa hvern þeirra, er ljóstaði upp um brot þeirra. Ekki liggur heldur neitt fyrir um tilefni þessara orða, né heldur að þau hafi verið til þess fallin að vekja ótta þeirra, enda þótt Ragnari Jósef hafi í fyrstu fundizt, að alvara lægi að baki hótuninni, en hann segist síðar hafa sannfærzt um, að henni fylgdi engin alvara. Verður Þorbjörn Ástvaldur ekki sakfelldur fyrir það.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur með því að hafa skotvopn og skotfæri í vörzlum sínum án þess að hafa til þess löglega heimild brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum og alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936 um sama efni.

3) Theodór Siemsen kaupmaður hefur gert bótakröfu á hendur þeim ákærðu, sem ránið frömdu. Er bótakrafa hans sundurliðuð þannig:

Kaup eins starfsmanns, sem ráða varð vegna veikinda minna í 2 mánuði, 3500/—	kr.	7.000.00
5 smekklásar, sem varð að skipta vegna lyklamissis, 65/—	—	325.00
1 keðja á armbandsúr, gyllt	—	250.00
1 lyklakeðja, sem var slitin	—	215.00
Hreinsun á fötum, frakka og hatti	—	85.00
Peningar úr veski	—	3.600.00
22 cart. cigarettur 110/—	—	2.420.00
Reikningur Landakotsspítala, næturvaka	—	1.405.00
Sjúkrabíll	—	35.00
Kjartan R. Guðmundsson læknir, sjúkravitjun 5 sinnum	—	250.00
Vinnutjón í 3 mánuði, kr. 5000.00 á mánuði	—	15.000.00
Bætur fyrir þjáningar	—	50.000.00
	Alls kr.	80.585.00

Eftir þingfestingu málsins hefur Siemsen þó tekið aftur 1. lið kröfunnar, að fjárhæð kr. 7000.00, enda hafði honum verið mótmælt. Hins vegar hefur hann gert auk framanskráðs kröfu um bætur fyrir 10 pakka af Danitasvindlum, sem voru ónýtir, þegar þeir voru teknir af ákærðu. Nemur sá liður kr. 200.00. 6. og 7. lið kröfunnar, peningar, kr. 3600.00, og cigarettur, kr. 2420.00, hefur verið mótmælt sem of háum og órökstuddum. Auk þess hefur liðnum, bætur fyrir þjáningar, kr. 50.000.00, verið mótmælt sem of háum. Aðrir liðir kröfunnar eru af ákærðu og fjárráðamönnum þeirra fyrir þeirra hönd samþykktir.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ósannað, að vindlingar þeir, sem ákærðu köstuðu eign sinni á í verzlun Siemsens, hafi verið meira en 23 lengjur, en sennilegast, að það hafi einmitt verið það magn. Verður sú tala lögð til grundvallar. Þar af hefur aftur verið skilað til verzlunarinnar 17 lengjum og 7 pökkum. Vantar samkvæmt því 5 lengjur og 3 pakka eða samtals 53 pakka af vindlingum. Vindlingarnir voru eingöngu af tegundunum Raleigh, Chesterfield og Camel, en verð þeirra er kr. 11/— á pakka, þ. e. söluverð kaupmanna. Þessi liður þykir því samkvæmt þessu hæfilega ákveðinn kr. 583.00.

Ekki þykir sannað, að peningar þeir, sem ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur tóku í umrætt sinn, hafi verið meiri en 1800 krónur. Þar af hefur Siemsen tekið á móti kr.200.00 aftur. Þykir þessi liður kröfunnar rétt ákveðinn kr. 1600.00.

Þjáningabætur, kr. 50.000.00. Með tilliti til áverka þeirra, er Siemsen hlaut af barsmíð þeirra ákærðu Ragnars Jósefs og Þorbjörns Ástvalds, og þeirra afleiðinga, sem þegar hafa komið í ljós, þykir þessi liður kröfunnar ekki of hár. Ber að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið sannað, að Siemsen hafi hlotið nokkra líkamsáverka af völdum Jóns Helga. Verður hann því eigi gerður ábyrgur fyrir því fjártjóni og öðru tjóni, sem beint má rekja til áverka þeirra, er hann varð fyrir í umrætt sinn. Í samræmi við það ber að dæma ákærðu Jón Helga, Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til þess að greiða in solidum Theodór Siemsen kr. 3258.00, en Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til að greiða honum in solidum kr. 66.690.00.

Eftir handtöku ákærða Þorbjörns Ástvalds afhenti bifreiðarstjóri nokkur lögreglunni skammbyssu eina, sem hann hafði fengið að tryggingu fyrir greiðslu ökugjalds, er ákærði Þorbjörn skuldaði honum. Byssa þessi var tekin í vörzlu dómsins. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur viðurkenndi rétt vera, að hann væri eigandi byssunnar, svo og að hann hefði látið hana af hendi sem tryggingu ökugjaldsgreiðslu. Byssuna kvaðst hann í fyrravetur hafa keypt af manni einum, sem hann þekkti ekki, suður í Hafnarfirði. Svo sem að framan er getið, hefur ákærði Þorbjörn ekki heimild til þess að fara með skotvopn. Hefur hann því brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

VIII.

Refsing ákærða Ingólfs Kristófers samkvæmt framansögðu þykir eftir atvikum og í samræmi við 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna nr. 19/ 1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna skal gæzluvarðhald hans frá 23. nóvember 1952 til 11. desember 1952 og frá 16. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Þorbjörns Ástvalds fyrir brot þau, er að framan hafa verið rakin, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna skal gæzluvarðhald hans frá 14. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði Ragnar Jósef var hinn 14. apríl 1955 dæmdur skilorðsbundið í 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegn-

ingarlaga, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga 23/1941, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga 58/1954. Með brotum þeim, sem hér að framan hafa verið rakin, hefur ákærði rofið skilorð dómsins. Samkvæmt 60. gr. hegningarlaganna, sbr. 7. gr. laga nr. 22 frá 3. maí 1955, ber að dæma um refsingu vegna beggja málanna í þessu máli, og þykir refsingin með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. laganna hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár, en samkvæmt 76. gr. þeirra skal gæzluvarðhaldsvist hans frá 28. ágúst 1954 til 8. september 1954 og frá 16. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Jóns Helga þykir með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 16. október til 15. nóvember 1955 kemur samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna til frádráttar með fullri dagatölu.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta alla hina ákærðu í máli þessu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Eins og að framan greinir, ber að dæma ákærða Ingólf Kristófer til þess að greiða konunni X kr. 7500.00 og Leifi Ingólfssyni kr. 5000.00 í skaðabætur.

Þá ber og að dæma ákærðu Jón Helga, Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til þess in solidum að greiða Theodór Siemsen kaupmanni kr. 3258.00.

Ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald ber að lokum að dæma til þess að greiða in solidum Theodór Siemsen kr. 66.690.00.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936, ber að gera upptæk til handa ríkissjóði skammbyssu og haglabyssuskot, sem ákærði Þorbjörn Ástvaldur átti og hafði ólöglega í sinni vörzlu.

Ákærða Ingólf Kristófer ber að dæma til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 2000.00, ákærða Ragnar Jósef málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2000.00, og ákærða Þorbjörn Ástvald og Jón Helga málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hdl., kr. 2500.00, en alla hina ákærðu til þess in solidum að greiða annan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 4000.00.

Dómsrannsókn vegna brots ákærða Ingólfs Kristófers, sem fjallað er um undir I hér að framan, var send Dómsmálaráðuneytinu 18. desember 1952, en þess, er fjallað er um undir lið II hér

að framan, hinn 11. júlí 1955, en fyrirmæli ráðuneytisins vegna rannsóknanna bárust ekki fyrr en með ákæruskjali, dags. 5. janúar s.l.

Dómsorð:

Ákærðu Ragnar Jósef Jónsson og Þorbjörn Ástvaldur Jónsson sæti hvor um sig fangelsi í 5 ár, ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson sæti fangelsi í 2 ár og ákærði Jón Helgi Jónsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu, Ingólfs Kristófers í 140 daga, Ragnars Jósefs í 133 daga, Þorbjörns Ástvalds í 124 daga og Jóns Helga í 30 daga, komi til frádráttar refsingum þeirra með fullri dagatölu.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Skammbyssa og haglabyssuskot úr vörzlu ákærða Þorbjörns Ástvalds eru upptæk gerð til ríkissjóðs.

Ákærði Ingólfur Kristófer greiði konunni X kr. 7500.00 og Leifi Ingólfssyni kr. 5000.00.

Ákærði Ragnar Jósef, Jón Helgi og Þorbjörn Ástvaldur greiði in solidum Theodór Siemsen kr. 3258.00.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef greiði in solidum Theodór Siemsen kr. 66.690.00.

Ákærði Ingólfur Kristófer greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 2000.00. Ákærði Ragnar Jósef greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2000.00. Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Þorsteinssonar hdl., kr. 2500.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 4000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1956.

Nr. 134/1955. **Þórdís Halldórsdóttir** (Ragnar Jónsson)
gegn
Páli J. Blöndal og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Jón sýslumaður Steingrímsson og samdómendurnir Guðmundur Jónsson skólastjóri og Kristján Guðmundsson afgreiðslumaður.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1955 og krafizt þess, að dæmt verði, að svonefnd Kríueyri í Hvítá, eins og hún er mörkuð á hdskj. nr. 9, teljist hluti Neðraneslands og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1955 og krafizt þess, að Kríueyri verði talin hluti jarðarinnar Stafholtseyjar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gegnt Kríueyri norðan ár liggur land Hamraenda, svonefnd Brenna. Eigandi þeirrar jarðar, Sigurður Gíslason, hefur eftir uppsögu héraðsdóms lýst því fyrir dómi, að áin hafi árum saman brotið af Brennunni og að Kríueyri hafi lengzt til norðurs vegna árframburðar. Telur Sigurður sig eiga rétt til árinnar, þar með talin veiði, að því leyti sem hún renni yfir land, sem verið hafi hluti Hamraenda. Dómur um eignarrétt til Kríueyrar skiptir samkvæmt þessu eiganda Hamraenda máli, sbr. 7. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og 7. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Héraðsdómari átti því að kveðja eiganda Hamraenda fyrir dóm og veita honum færi á því að gerast aðili í málinu, sbr. 8. gr. laga nr.

41/1919 um landamerki o. fl. Með því að héraðsdómari hefur látið þetta undir höfuð leggjast, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10. ágúst 1955.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 16/6 þ. á., þingfest sama dag, áreið gerð í gær og tekið til dóms í dag.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að svonefnd Kríueyri, sem liggur í Hvítá út af Eyjarfaxi, verði með dómi réttarins talin tilheyra jörðinni Stafholtsey. Jafnframt hefur hann krafizt, að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Stefnda hefur gert þær dómkröfur, að dómkröfum stefnanda verði hrundið og ákveðið verði með dómi, að eyrar þær í Hvítá, er liggja út frá Stórufit, þar með talin Kríueyri, tilheyri Neðraneslandi. Einnig hefur hún krafizt, að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Til rökstuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram landamerkjabréf Stafholtseyjar, dags. 31/5 1890 og þinglesið sama dag, þar sem segir, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðraness, með þessari viðbót: „Það er að segja meginám bæði fyrir ofan og neðan, þar er Þverá fellur í hana. Eyrar þær, er liggja í ánni út af svonefndu Eyjarfaxi, liggja undir Stafholtsey".

Þá hefur hann lagt fram vottorð manna um og leitt vitni að, að um 1890 hafi sú kvísl Hvítár, er rennur sunnan Kríueyrar, verið örgrunn og lengi þá á eftir verið vatnsminni en hún er nú. Enn fremur að eggjataka, að vísu lítilfjörleg, hafi átt sér stað af hálfu Stafholtseyjarbónda um nokkurt árabil á Kríueyri.

Loks fullyrðir hann, að nokkru fyrir 1940 hafi hann leigt lax-

veiði fyrir Kríueyri veiðifélagi því, er hefur Þverá á leigu, og fengið árlega greiðslu fyrir þau afnot.

Að lokum bendir hann á, að á herforingjaráðskorti frá 1910 sé hreppamerkjalína sýnd um norðurkvísl Hvítár hjá Kríueyri.

Stefnda hefur lagt fram til rökstuðnings kröfum sínum landamerkjabréf fyrir Neðraneslandi, dags. í maí 1890 og þinglesið 1892, og annað, dags. 8/12 1922, þinglesið 26/6 1923, og segir í báðum þessum landamerkjabréfum, að Hvítá ráði merkjum milli Neðraness og Stafholtseyjar.

Þá hefur hún leitt vitni um, að um alllangan tíma hafi fé frá Neðranesi runnið á Kríueyri, en eigi fé frá Stafholtsey.

Enn fremur hefur hún lagt fram vottorð frá þeim Ásbirni Guðmundssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og leitt þá Ásbjörn og Þorstein sem vitni þar um, að þeir hafi á árabilinu 1930—1940 stundað laxveiði samkvæmt leyfi Þorbjarnar bónda Sigurðssonar í Neðranesi fyrir Kríueyri.

Loks hefur hún lagt fram leigusamning, dags. í janúar 1939, þar sem Þorbjörn Sigurðsson leigir þeim Ólafi Þorsteinssyni, Kristni Hallgrímssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðjóni Kr. Jónssyni laxveiðirétt í Hvítá fyrir landi Neðraness frá 1939 til 1943, og annan leigusamning, dags. 29/4 1952, þar sem Þórdís Halldórsdóttir leigir Ásgeiri Ásgeirssyni veiði fyrir Neðraneslandi í Hvítá móti Brennuveiðum í fimm ár.

Landamerkjadómurinn telur, eftir að hafa athugað uppdráttinn á dómskjali 9, gert áreið á þrætustaðinn og heyrt framburð vitna, að augljóst sé, að miklar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár í námunda við Kríueyri á tímabilinu frá 1890 til þessa tíma. Hann telur sannað, að um 1890 hafi aðalvatnsstraumur Hvítár fallið ofan við Kríueyri, milli hennar og Faxeyrar, og síðan sameinazt Þverá og runnið norðan Kríueyrar. Jafnframt hefur kvísl sú, er rennur sunnan Kríueyrar, verið fremur grunn. Á næstu áratugum hefur þetta breytzt þannig, að vatn það, er féll sunnan Kríueyrar, hefur farið vaxandi, og um 1920 virðist svo sem áhöld hafi verið orðin um, hvort meira vatn rann norðan hennar eða sunnan. Eftir þann tíma hefur syðri kvíslin farið sífellt vaxandi og er nú orðin miklu vatnsmeiri en norðurkvíslin. Eyrar þær, sem þarna eru, hafa tekið nokkrum breytingum á þessu tímabili. Má gera ráð fyrir, að Faxeyrin hafi lengzt til vesturs og einnig eyrin fram af Stórufit. Jafnframt hefur Kríueyrin að ofanverðu breikkað bæði til suðurs og norðurs, en eyri, sem mun hafa verið rétt undir Eyjarfaxinu, horfið.

Landamerkjabréfin, dómskjöl 3 og 6, eru bæði gerð í maí-

mánuði árið 1890. Eru þau samhljóða um það atriði, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðraness, en landamerkjabréf Stafholtseyjar skilgreinir það nánar með því að segja, að miðað sé við meginána, og bætir því við, að eyrar út af Eyjarfaxi liggi undir Stafholtsey. Í landamerkjabréfi Neðraness frá 1922 eru ákvæði úr landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1890 tekin upp orðrétt, að því er landamerki varðar gagnvart Stafholtsey, og er viðurkennt af umboðsmanni stefndu, að bréfið muni hafa verið ritað upp vegna breyttra landamerkja gagnvart Kaðalsstöðum. Virðist stefnandi hafa undirritað það án athugasemda, þar sem það var orðrétt ritað eftir fyrra bréfi, en eigi athugað, að landamerkjabréf Stafholtseyjar frá 1890 var fyllra, eða hvaða breyting kynni að hafa orðið á rennsli árinnar frá 1890.

Um not aðilja á þrætulandinu er það að segja, að þau virðast um langan tíma hafa verið næsta lítil. Það er vitað, að Stafholtseyjarmenn hafa nokkuð sótt egg á Kríueyri, en aldrei í þeim mæli, að til atvinnu geti talizt. Hins vegar hafi í seinni tíð fé frá Neðranesi runnið á Kríueyri, en eigi virðast þau not geta talizt sönnun fyrir eignarrétti.

Hins vegar er það upplýst, að eigandi Neðraness leigði laxveiði í Hvítá fyrir landi jarðar sinnar árið 1937, árin 1939 til 1943 og árið 1952 og síðan fyrir nokkurt gjald. Jafnframt er það upplýst, að leigjendur að veiði þessari stunduðu að einhverju leyti stangarveiði frá Kríueyri og byggðu rétt sinn til þessarar veiði á samningi sínum við eiganda Neðraness. Er ekki vitað, að eigandi Stafholtseyjar hafi mótmælt þessum veiðum. Hins vegar fullyrðir hann og er eigi mótmælt af gagnaðilja, að hann hafi þegar fyrir árið 1940 leigt laxveiðirétt sinn fyrir Kríueyri félagi því, er hafði Þverá á leigu, fyrir árlega greiðslu. Virðist þannig, að báðir aðiljar hafi talið sig eiga Kríueyri og tekið gjald fyrir afnot hennar um árabil. Landamerkjadómurinn telur, að er landamerkjabréfin á dómskj. 3 og 6 voru gerð, hafi aðalvatnsmagn Hvítár fallið milli Faxeyrar og Kríueyrar og síðan norðan Kríueyrar. Beri því að líta svo á, að Kríueyri hafi á þeim tíma tilheyrt Stafholtsey, samanber tilfærð ummæli landamerkjabréfs þeirrar jarðar. Til stuðnings því má geta þess, að á herforingjaráðskortinu frá 1910, dómskj. 22, virðist aðalvatnsmagn árinnar ennþá liggja í norðurkvíslinni, enda er merkjalína, er dregin er eftir Hvítá, lögð í þeirri kvísl. Virðist landamerkjabréf Neðraness frá 1922 eigi geta hnekkt þessari niðurstöðu, því það virðist undirritað út frá þeirri forsendu, að enga breytingu eigi með því að gera á landamerkjunum frá 1890, enda ósannað, að norðurkvíslin á þeim

tíma hafi verið orðin minni en syðri kvíslin. Þá ber og hér að hafa í huga ákvæði 2. mgr. 3. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923.

Þá telur landamerkjadómurinn, að afnot þau, er eigandi Neðraness hefur haft af laxveiði fyrir Kríueyri á undanförnum árum, geti eigi helgað honum eignarrétt að eyrinni, enda koma þar á móti sams konar afnot eiganda Stafholtseyjar af eyrinni.

Loks hefur umboðsmaður stefndu haldið því fram, að allar þær eyrar, sem eru þarna á mótum Þverár og Hvítár, væru myndaðar af framburði ánna og breyttust ár frá ári og jafnvel hyrfu eitt árið og kæmu upp annað árið á öðrum stað, og bæri því eigi að ákveða landamerki með tilliti til þeirra. En á þessa skoðun hans getur landamerkjadómurinn eigi fallizt, því honum virðist ljóst, að Kríueyri hafi staðið með svipuðum ummerkjum frá því fyrir 1890, og er hún nokkuð gróin að ofan, enda þótt sjá megi, að áin fer yfir hana í mjög miklum vatnavöxtum.

Samkvæmt framansögðu verður landamerkjadómurinn að taka til greina dómkröfur stefnandans um, að Kríueyri verði talin tilheyra jörðinni Stafholtsey.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1.	Kostnaður við gerð uppdráttar	kr.	1.370.00
2.	Bifreiðakostnaður dómenda	—	435.00
3.	Dagkaup meðdómenda í 2 daga	—	800.00
		Kr.	2.605.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Kríueyri, sem liggur í Hvítá út af Eyjarfaxi, skal tilheyra jörðinni Stafholtsey í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Stefnandi, Páll Blöndal í Stafholtsey, og stefnda, Þórdís Halldórsdóttir í Neðranesi, greiði að hálfu hvort kostnað við landamerkjadóminn, að upphæð kr. 2605.00 — tvö þúsund sex hundruð og fimm 00/100. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans.

Þriðjudaginn 19. júní 1956.

Nr. 94/1954. **Póst- og símamálastjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hlöðve Johnsen, Trausta Jónssyni, Gísla Magnússyni, Sigurði Gunnsteinssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Hrólfi Ingólfssyni, Ólafi Á. Kristjánssyni, Jóhannesi Brynjólfssyni, Sigurði Jónssyni og Jóni Í. Sigurðssyni
(enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theódór B. Líndal prófessor.

Um eðli og gildi ábyrgðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1954. Krefst hann þess, að stefndu verði hverjum um sig dæmt að greiða honum kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndu höfðu áfrýjað málinu með stefnu 24. maí 1954 og látið sækja dómþing, er málið var þingfest í Hæstarétti 29. október 1954, svo og síðar, er frestir voru veittir. En er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 30. apríl s.l., sótti enginn þing af hálfu stefndu. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt upphafi ábyrgðarskjals þess, sem í héraðsdómi greinir, taka stefndu, 10 að tölu, skýrum orðum að sér ábyrgð á kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum 00/100 — af póstfé því, sem Magnúsi Thorberg póstafgreiðslumanni yrði trúað fyrir. Ábyrgjast þeir því alls þá fjárhæð. Síðari hluta skjalsins þykir hins vegar verða að skýra svo, að ábyrgð

hvers einstaks sé pro rata þannig, að hver þeirra ábyrgist þá fjárhæð, sem tilgreind er í niðurlagi þess, kr. 2500.00. Er þetta eðlilegust skýring á ábyrgðarskjalinu, þar sem niðurlag þess verður að öðrum kosti ekki samræmt því, sem segir í upphafi skjalsins.

Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefndu greiði hver um sig áfrýjanda kr. 2500.00 auk 6% ársvaxta frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Hlöðver Johnsen, Trausti Jónsson, Gísli Magnússon, Sigurður Gunnsteinsson, Guðlaugur Gíslason, Hrólfur Ingólfsson, Ólafur Á. Kristjánsson, Jóhannes Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, greiði hver um sig áfrýjanda, Póst- og símamálastjórninni, kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 18. marz 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 11. þ. m., er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan fyrir sáttanefnd, höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Guðmundi Hlíðdal póst- og símamálastjóra með stefnu, út gefinni 24. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Hlöðve Johnsen kaupmanni, Saltabergi, Trausta Jónssyni kaupmanni, Hásteinsvegi 9, Gísla Magnússyni útgerðarmanni, Sólhlíð 3, Sigurði Gunnsteinssyni umboðsmanni, Reyni, Guðlaugi Gíslasyni kaupmanni, Skólaveg 21, Hrólfi Ingólfssyni bæjargjaldkera, Landagötu 21, Ólafi Á. Kristjánssyni bæjarstjóra, Ljósalandi, Jóhannesi Brynjólfssyni forstjóra, Kirkjulandi, Sigurði Jónssyni hafnargjaldkera, áður til heimilis Brimhólabraut 24, nú til heimilis Vallargötu 16, og Jóni Í. Sigurðssyni tollverði, Vestmannabraut 44, öllum til heimilis í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á ódagsettri ábyrgðaryfirlýsingu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða hina umstefndu fjárhæð, kr. 25.000.00, að hluta (pro rata) og vexti og málskostnað, eins og greinir í aðalkröfu, og til þrautavara, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða kr. 2500.00 með vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndu hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 2500.00, og til þrautavara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 25.000.00 pro rata. Svo krefjast þeir þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 1. ágúst 1946 tók Magnús Thorberg við forstöðu póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum. Var hann í fyrstunni sendur þangað af Póst- og símamálastjórninni vegna veikinda póstafgreiðslumanns. Veturinn eftir lézt póstafgreiðslumaðurinn, og hélt Magnús áfram starfinu, án þess að hann fengi formlega skipun. Gekk svo fram um nokkur ár.

Fljótt virðist hafa borið á því, eftir að Magnús Thorberg tók við, að rekstri póstafgreiðslunnar var áfátt. Óreiða var í bókhaldi og varðveizla póstfjár á annan veg en vera átti. M. a. viðurkenndi Magnús Thorberg við sakamálsrannsók, er síðar fór fram, að á árinu 1949 hafi sér orðið kunnugt um, að hann væri kominn í 60 þúsund króna sjóðþurrð vegna innheimts póstfjár, og er endurskoðendur póstmálastjórnarinnar komu til Eyja til sjóðtalningar og eftirlits, hafi hann fengið fé þetta að láni hjá kunningjum sínum og lagt í sjóð póstafgreiðslunnar. Er endurskoðendurnir voru farnir, kveðst hann hafa tekið féð aftur úr sjóðnum og afhent það til viðkomenda.

Við endurskoðun, sem Póst- og símamálastjórnin lét fara fram 15. nóvember 1950, kom í ljós sjóðþurrð, að fjárhæð kr. 46.701.55. Sjóðþurrð þessa greiddi Magnús Thorberg til póstsjóðs hinn 23. þ. m. Upplýsingar hans um féð, er hann notaði í þessu skyni, hafa verið á reiki. Fyrir sakadómi viðurkenndi hann að hafa varið fé póstsjóðs til þess að greiða sjóðþurrðina. Við vitnaleiðslu í Reykjavík, sem fram fór í sambandi við mál þetta, kvaðst hann hafa aflað sér fjár til þess að greiða sjóðþurrðina með því að

selja innbú og með 25 þúsund króna víxillántöku. Er uppvíst varð um sjóðþurrðina, mun hafa komið til orða að láta hann hætta starfinu. Póst- og símamálastjóri var erlendis um þetta leyti, og kom því í hlut Egils Sandholts póstritara að fjalla um mál Magnúsar. Er sjóðþurrðin hafði verið greidd, að því er virðist að formi til, átti hann viðtal við Magnús, og spurðist þá Magnús fyrir um, hvort hann fengi að halda póstafgreiðslustarfinu áfram. Kvaðst Egill hafa svarað, að hann gæti ekki sagt um það að svo stöddu, en gat þess jafnframt, að það mundi verða nokkur styrkur fyrir hann, ef hann gæti lagt fram einhverja tryggingu fyrir því fé, er honum væri trúað fyrir, t. d. ábyrgð nokkurra þekktra manna. Magnús sagði, að sér myndi það auðvelt, og lofaði að senda trygginguna bráðlega. Að sögn Magnúsar var rætt um, að tryggingin skyldi nema kr. 50.000.00.

Magnús virðist ekki hafa strax hafizt handa um útvegun ábyrgðarmanna, og liggja ekki fyrir upplýsingar um, hvað því kann að hafa valdið. En ári síðar, haustið 1951, samdi Magnús tvær ábyrgðaryfirlýsingar og fékk 20 menn í Eyjum til þess að skrifa undir, 10 menn undir hvora. Undirskriftirnar virðast hafa farið fram í október og nóvember 1951. Flestir skrifuðu undir á pósthúsinu og hver í sínu lagi, og voru ekki aðrir viðstaddir en Magnús Thorberg einn. Ábyrgðaryfirlýsingarnar voru orði til orðs samhljóða og hljóðuðu þannig:

„Við undirritaðir 10 menn tökum að okkur sem sjálfskuldarábyrgðarmenn ábyrgð á þeim kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum og 00/100 —, sem póstafgreiðslumanni Magnúsi Thorberg hefur verið gert að skyldu að setja sem tryggingu fyrir póstfé því, sem honum verður trúað fyrir, þannig að við skuldbindum okkur til, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða póstsjóði skaðlaust allt að nefndri upphæð kr. 2500.00 tvö þúsund og fimm hundruð krónur 00/100, ef téður póstafgreiðslumaður eigi stendur í skilum".

Allir hinir stefndu rituðu undir aðra ábyrgðaryfirlýsinguna. Síðan rituðu tveir vitundarvottar nöfn sín á skjalið, án þess þó að vera viðstaddir, er stefndu rituðu nöfn sín.

Magnús Thorberg sendi ábyrgðaryfirlýsingarnar til póstmálastjórnarinnar, er undirskriftir höfðu farið fram. Veitti Egill Sandholt póstritari þeim viðtöku og kveðst hafa skilið þær þannig, að þeir, sem undir þær rituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00. Ekki kveðst hann hafa tekið eftir því, að ábyrgðaryfirlýsingarnar væru sjálfum sér ósamhljóða. Á þessum tíma kvað hann póststjórnina hafa verið grunlausa um, að Magnús væri

þegar kominn í sjóðþurrð. En í ársbyrjun 1952 fór Magnús að senda póststjórninni upp í pósttekjur ávísanir frá einstaklingum og fyrirtækjum, sem ekki fengust greiddar, og einnig fór að bera á seinlæti í innheimtu og skilum á póstkröfusendingum. Varð þetta til þess, að póststjórnin sendi Odd Björnsson til Vestmannaeyja 31. marz 1952 til þess að athuga rekstur póstafgreiðslunnar. Komst hann brátt að raun um, að um stórfellda sjóðþurrð var þar að ræða. Var Magnúsi þá vikið úr starfinu fyrst um stundarsakir, en síðan endanlega hinn 29. apríl 1952. Var þá þegar komið í ljós, að sjóðþurrð hans nam rúmlega 360 þúsundum króna. Sakamálsrannsókn var síðan látin fara fram, og urðu niðurstöður hennar á sömu lund. Bú Magnúsar var tekið til gjaldþrotameðferðar haustið 1952, og er skiptum ekki lokið.

Er upplýst varð um sjóðþurrðina, reyndi Magnús Thorberg að útvega fé til þess að greiða hana upp. Að sögn Magnúsar, sem ekki hefur verið véfengd sérstaklega af hinum stefndu, buðust þá allir þeir, sem rituðu undir ábyrgðaryfirlýsingarnar, til þess að leggja fram kr. 2500.00 hver eða samtals kr. 50.000.00 gegn því, að tryggt yrði, að Magnús slyppi við refsingu. Slík trygging fékkst ekki, enda hrökk þessi fjárhæð skammt upp í sjóðþurrðina, og Magnúsi tókst ekki að afla þess fjár, sem á vantaði. Neituðu hinir stefndu þá að greiða. Varð það til þess, að mál þetta var höfðað. Kröfur stefnanda eru byggðar á framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu, bæði aðalkrafa, varakrafa og þrautavarakrafa, og miðaðar við það, hvaða skilning er tiltækilegt að leggja í ábyrgðaryfirlýsinguna.

Sýknukrafa hinna stefndu er byggð á því, að þeir hafi verið blekktir af Magnúsi Thorberg til þess að undirrita ábyrgðaryfirlýsinguna. Átta hinna stefndu gáfu aðiljaskýrslu fyrir réttinum, og báru það allir, að þeir hafi haldið, að allt væri með felldu um fjárreiður Magnúsar á þeim tíma, er undirskriftirnar fóru fram, enda hafi ekki verið unnt að skilja tal Magnúsar á annan veg. Hins vegar sé nú komið á daginn, að Magnús hafi þá verið kominn í stórfellda sjóðþurrð. Telja hinir stefndu, að bæði Magnúsi og stefnanda muni hafa verið kunnugt um sjóðþurrðina eða að minnsta kosti mátt vera kunnugt um hana, og sé því ábyrgðarskuldbindingin ógild með öllu. Svo hafa þeir og talið, að ábyrgðaryfirlýsingin væri aðeins málamyndagerningur, og skýrðu svo frá, að Magnús hafi tekið það skýrt fram, er þeir rituðu nöfn sín, að ábyrgðin væri aðeins pro forma og til útborgunar kæmi ekki. Að lokum hafa stefndu talið, að ábyrgðarskuldbindingin væri ekki

gjaldkræf, þar sem stefnandi hefði ekki reynt að fá skuldina greidda hjá Magnúsi sjálfum.

Magnús Thorberg hefur við vitnayfirheyrslu í málinu haldið því fram, að hann hafi ekki skuldað póstsjóði neitt, er ábyrgðaryfirlýsingin var gefin út, en ekki er unnt að leggja mikið upp úr slíkri staðhæfingu. Ljóst virðist af gögnum málsins, að Magnús var kominn í stórfellda sjóðþurrð, er ábyrgðaryfirlýsingin var undirrituð, og einnig virðist ljóst, að honum hefur hlotið eða að minnsta kosti mátt vera um það kunnugt. Aftur á móti er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að póstmálastjórninni hafi verið kunnugt um sjóðþurrð Magnúsar á þeim tíma, er hún fékk ábyrgðaryfirlýsinguna í hendur. Varnarástæður, byggðar á svikum af hálfu Magnúsar eða á brostnum forsendum, stoða því ekki, þar sem enginn fyrirvari er gerður í þá átt í ábyrgðarskuldbindingunni. Sama er að segja um þá varnarástæðu stefndu, að ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið málamyndagerningur. Við afhendingu ábyrgðarskuldbindingarinnar til stefnanda glataðist hugsanlegur réttur hinna stefndu til þess að fá ábyrgðarskuldbindinguna fellda úr gildi af þessum sökum. Þegar af þessari ástæðu verður sýknukrafa hinna stefndu ekki tekin til greina. Sú varnarástæða hinna stefndu, að ábyrgðin sé ekki gjaldkræf, verður ekki heldur talin eiga rétt á sér, þar sem hér er um sjálfskuldarábyrgð að ræða og fyllilega upplýst, bæði með athugunum endurskoðenda og með sakamálsrannsókn, að Magnús Thorberg var kominn í stórfellda sjóðþurrð.

Eins og fyrr er getið og ábyrgðaryfirlýsingin ber með sér, er hún ekki sjálfri sér samkvæm, að því er ábyrgðarfjárhæðina snertir. Í upphafinu segir, að undirritaðir, þ. e. a. s. hinir stefndu, taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00, en í niðurlaginu segir, að þeir taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Aðiljar eru mjög ósammála um, hvaða fjárhæð eigi að leggja til grundvallar. Eins og þegar er tekið fram, kvaðst Egill Sandholt póstritari hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna þannig, að ábyrgðin væri solidarisk og að fjárhæð kr. 25.000.00. Þenna skilning, telur stefnandi, að leggja beri til grundvallar. Magnús Thorberg hefur gefið upplýsingar um þetta atriði fyrst með vottorði og síðan með vitnaskýrslu. Í vottorðinu hélt hann því fram, að ábyrgðin hefði átt að nema kr. 25.000.00 og verið solidarisk og öllum hinum stefndu hafi verið þetta vel ljóst. Lægri upphæðina, kr. 2500.00, kvað hann vera misritun. Í vitnaskýrslu sinni taldi hann hins vegar, að ábyrgðin hefði átt að vera pro rata og hver hinna stefndu skyldi greiða kr. 2500.00, og af þeirri ástæðu væri sú tala tilgreind í

niðurlagi ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Allir hinir stefndu, að tveimur undanskildum, hafa gefið aðiljaskýrslu í málinu og gert grein fyrir, hvernig þeir hafi skilið ábyrgðaryfirlýsinguna, er þeir undirrituðu hana. Hlöðver Johnsen kvað Magnús Thorberg hafa komið með ábyrgðaryfirlýsinguna til sín og beðið sig að undirrita hana. Ekki minntist hann þess, að Magnús hefði minnzt á neina ábyrgðarfjárhæð. Kvaðst Hlöðver hafa litið á skjalið og séð, að í niðurlaginu var rætt um solidariska ábyrgð á kr. 2500.00, og hafi hann síðan skrifað undir. Ekki kvaðst hann hafa veitt því athygli, að rætt var um 25 þúsund króna solidariska ábyrgð í upphafi skjalsins. Trausti Jónsson kvaðst hafa lesið ábyrgðaryfirlýsinguna lauslega yfir, áður en hann undirritaði, og hafi hann skilið hana á þá leið, að þeir, sem undirrituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Hann kvaðst hafa tekið eftir, að í ábyrgðaryfirlýsingunni var einnig getið um 25.000.00 króna solidariska ábyrgð, og hafi hann skilið það þannig, að Magnúsi hafi verið lagt fyrir að setja póstsjóði 25.000.00 kr. tryggingu, og væri tilætlunin að fá þá tryggingu með mörgum ábyrgðarskjölum, enda hefði Magnús talað um, að fleiri svona skjöl væru í gangi. Hann kvað Magnús hafa tekið fram, að hann væri að útvega sér ábyrgðarmenn, svo að yfirmenn hans hefðu eitthvað við að styðjast. Gísli Magnússon kvað Magnús hafa beðið sig að skrifa undir, því hann þyrfti að fá ábyrgðarmenn til þess að tryggja sér stöðuna. Kvað hann sig minna, að Magnús hefði talað um 250 króna ábyrgð á mann. Sjálfur kvaðst hann halda, að hann hefði ekki lesið ábyrgðaryfirlýsinguna yfir, áður en hann undirritaði, og eins minnti hann, að Magnús hefði ekki lesið hana upp fyrir honum. Ólafur Á. Kristjánsson kvaðst hafa lesið ábyrgðaryfirlýsinguna yfir, áður en hann undirritaði hana, en hvernig hann skildi hana, kvaðst hann ekki treysta sér til að segja neitt ákveðið um, enda hafi hann ekki búizt við neinum útgjöldum í sambandi við ábyrgðina. Ekki minntist hann þess heldur, að Magnús hefði nefnt nokkra ábyrgðarfjárhæð. Sigurður Jónsson kvaðst hafa lesið skjalið yfir, áður en hann undirritaði. Veitti hann því athygli, að í niðurlaginu stóð, að ábyrgðarmennirnir tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Bjóst hann við, að hann hefði einnig séð, að í upphafi skjalsins var talað um 25.000.00 króna ábyrgð, en kvaðst ekki hafa kynnt sér skjalið vandlega, því hann gerði ráð fyrir, að þetta væri aðeins til málamynda, eins og Magnús sagði honum. Ekki kvað hann Magnús hafa talað um neina ábyrgðarfjárhæð. Hrólfur Ingólfsson kvað Magnús Thorberg ekki hafa haft á orði, hve háa tryggingu hann ætti að setja.

Kvaðst hann hafa lesið skjalið yfir, áður en hann undirritaði það, og skildi það þannig, að þeir, sem skrifuðu undir það, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Hann tók það jafnframt fram, að hann myndi allt að einu hafa undirritað skjalið, þótt hann hefði talið, að ábyrgðin væri kr. 25.000.00, þar sem hann hafi litið á þetta sem greiða við Magnús. Jóhannes Brynjólfsson kvað Magnús hafa tekið fram, að ábyrgðin væri aðeins kr. 2500.00, og kvaðst hann hafa skilið það þannig, að ábyrgðarmennirnir ábyrgðust þá fjárhæð einn fyrir alla og allir fyrir einn. Hann kvað Magnús einnig hafa lesið skjalið upp fyrir honum, og hafi hann skilið það á sömu leið. Tók hann það fram, að hann mundi aldrei hafa skrifað undir skjalið, ef hann hefði talið, að ábyrgðin væri kr. 25.000.00. Jón Í. Sigurðsson kvaðst ekki minnast þess, að Magnús hafi minnzt á neina ábyrgðarfjárhæð, er hann bað hann að undirrita skjalið. Kvaðst hann hafa lesið það yfir og skilið það þannig, að ábyrgðin væri aðeins kr. 250.00 á mann.

Um leið og mál þetta var höfðað, var einnig höfðað mál gegn þeim, er rituðu undir hina ábyrgðaryfirlýsinguna. Allir ábyrgðarmennirnir gáfu aðiljaskýrslu í því máli, og hefur útskrift af aðiljaskýrslunni verið lögð fram í þessu máli. Þrír ábyrgðarmannanna kváðust hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna á þá leið, að hver ábyrgðarmaður tæki á sig sjálfskuldarábyrgð á kr. 2500.00, en heildarábyrgðarfjárhæðin væri kr. 25000.00. Var þetta einnig byggt á umsögn Magnúsar, er hann fékk undirskrift þeirra. Tveir ábyrgðarmannanna kváðust ekki geta gert sér grein fyrir, hvaða ábyrgðarfjárhæð þeir töldu að leggja bæri til grundvallar, er þeir undirrituðu skjalið. Fimm ábyrgðarmannanna kváðust hafa litið svo á, er undirskriftir fóru fram, að ábyrgðarfjárhæðin væri aðeins kr. 2500.00, og sumir þeirra, að ábyrgðin væri einstakleg eða kr. 250.00 á mann.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, virðist mega ráða, að ábyrgð hinna stefndu hafi verið veitt í því skyni að tryggja Magnúsi Thorberg stöðu hans við póstafgreiðsluna. Mátti hinum stefndu vera ljóst, að ábyrgð á kr. 2500.00 eða kr. 250.00 á mann, eins og sumir telja, mundi koma að litlu haldi sem trygging fyrir fjárhaldi, er veltur á mörgum milljónum á hverju ári. Þykir því bera að líta svo á, að ábyrgðarfjárhæðin hafi átt að nema kr. 25.000.00, enda er ekki sjáanlegt, að stefndu hafi hreyft mótmælum gegn upphæðinni fyrr en í máli þessu. Samkvæmt framburði Magnúsar Thorbergs og sumra ábyrgðarmannanna var tilætlunin, að ábyrgðin væri einstakleg, en ekki solidarisk, og virðist sennilegt, að ósamræmið í ábyrgðaryfirlýsingunni,

að því er fjárhæðina varðar, eigi til þess rót sína að rekja. Og þar sem ekki verður litið svo á, að ábyrgðaryfirlýsingin, eins og frá henni var gengið, hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að hann fengi solidariska ábyrgð fyrir hærri fjárhæðinni, sem tilgreind er í skjalinu, þykir rétt að ganga út frá því, að ábyrgðin hafi verið einstakleg eða að hluta (pro rata). Niðurstaða málsins verður því sú, að hver hinna stefndu verður dæmdur til að greiða kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Hlöðver Johnsen, Trausti Jónsson, Gísli Magnússon, Sigurður Gunnsteinsson, Guðlaugur Gíslason, Hrólfur Ingólfsson, Ólafur Á. Kristjánsson, Jóhannes Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, greiði stefnandanum, Guðmundi Hlíðdal f. h. Póst- og símamálastjórnarinnar, hver í sínu lagi kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 88/1956. **Árni Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1956 og krafizt þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum við alþingiskosningar 24. júní 1956 og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi átti lögheimili í Vestmannaeyjum, þá er hann fluttist á berklahæli 1947, og hefur hann verið sjúklingur á slíku hæli frá þeim tíma. Vist hans á heilsuhæli slítur eigi heimilisfesti hans í Vestmannaeyjum, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1947. Samkvæmt þessu á áfrýjandi lögheimili í Vestmannaeyjum, og ber því að taka kröfu hans til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 15. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Árna Guðmundssonar, á kjörskrá þá, sem gildir við Alþingiskosningar 24. júní 1956.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Árna Guðmundssyni frá Háeyri í Vestmannaeyjum með kæru, dags. 8. þ. m., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, og gerir hann þær réttarkröfur, að með dómi verði viðurkenndur réttur hans og konu hans til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þær kröfur gerðar, að viðurkennt yrði með dómi, að sækjandi ætti ekki rétt til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Sækjandi, Árni Guðmundsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 6. marz 1913 og ólst þar upp. Lauk hann kennaraprófi og var síðan skipaður kennari við barnaskólann í Vestmannaeyjum.

Starfaði hann jafnframt að bæjarmálefnum um skeið, var bæjarfulltrúi um nokkur ár, og á árunum 1946 til 1947 var hann forseti bæjarstjórnar. Haustið 1947 veiktist hann af berklum og fluttist á Vífilsstaðahælið. Hefur hann dvalið þar óslitið síðan, að því undanskildu, að um tíma var hann á Kristneshæli. Hann hefur ekki fengið bata og er sjúklingur enn. Fyrir mörgum árum giftist hann Ásu Torfadóttur, og áttu þau hjónin heima á Faxastíg 13, Vestmannaeyjum, er hann fluttist á hælið. Síðan fluttist konan með börnum þeirra hjóna heim til föður síns á Faxastíg 17. Í febrúar 1950 fluttist konan til Reykjavíkur til þess að geta fylgzt betur með líðan manns síns og hafði börn þeirra hjóna með sér. Hefur hún dvalið í Reykjavík síðan og verið þar á ýmsum stöðum. Eitthvað vann hún úti fyrstu árin, en ekki hin síðari. Á árinu 1954, að því er virðist, festi sækjandi kaup á íbúð á Miklubraut 78 í Reykjavík. Fluttist konan þar inn og býr þar nú með börnum sínum. Að sögn sækjanda taldi hann jafnan á manntali og skattaframtölum, að lögheimili þeirra hjóna væri í Vestmannaeyjum og á Faxastíg 17, eftir að konan fluttist til Reykjavíkur. Við síðustu alþingiskosningar, kosningar 1953, voru þau á kjörskrá í Vestmannaeyjum. Á árinu 1955 seldi faðir konunnar húseign sína, Faxastíg 17, og fluttist burt úr Vestmannaeyjum, en nýtt fólk, sækjanda óviðkomandi, fluttist inn í húsið. Þrátt fyrir þetta tilkynnti sækjandi ekki breytingar á heimilisfangi sínu í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði frá Hagstofunni eru bæði hjónin í þjóðskrá skráð til heimilis á Miklubraut 78 í Reykjavík, og samkvæmt gögnum, sem sýnd voru við flutning málsins, taldi Hagstofan þau burtflutt ásamt börnum sínum úr Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á árinu 1955. Að sögn sækjanda voru þessar skráningar Hagstofunnar ekki byggðar á tilkynningum, sem frá þeim hjónum voru runnar. Þrátt fyrir umrædda skráningu í þjóðskrá, tók manntalsskrifstofan í Reykjavík þau hjónin ekki á kjörskrá í Reykjavík, og að því er talið er, vegna þess að engin flutningstilkynning hafði borizt frá þeim. Þau hjónin voru ekki heldur tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum, og eins og nú standa sakir, eru þau hvergi á kjörskrá. Fóru þau hjónin því fram á, að þau yrðu tekin inn á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en bæjarstjórn synjaði þeirri beiðni á fundi hinn 7. þ. m., og féllu atkvæði þannig, að 2 bæjarfulltrúar voru með beiðninni, en 4 á móti. Sækjandi hefur ekki viljað una þessum málalokum og hefur því höfðað mál þetta. Jafnframt hefur hann óskað eftir, að heimilisfang þeirra hjóna verði talið á Vesturveg 11 eða Háeyri, hér, hjá föður sækjanda, og hefur faðirinn lýst því yfir skriflega, að hann væri því sam-

þykkur, að heimilisfang þeirra yrði skráð þar, og tilkynnt þetta manntalsskrifstofunni í Vestmannaeyjum.

Á því leikur ekki vafi, að sækjandi fullnægir öllum kosningarréttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar og á rétt til að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns. Hitt er ágreiningur um, hvar hann skuli neyta atkvæðisréttar síns, og fer það eftir því, hvar heimilisfang hans skuli talið. Sækjandi átti heimilisfang í Vestmannaeyjum, er hann fluttist á Vífilsstaðahælið, og heimilisfesti hans rofnaði ekki við flutning þangað né dvöl hans þar, enda hefur hann jafnan óskað eftir, að lögheimili sitt yrði talið hér. Hins vegar hefur kona hans og börn dvalið í mörg ár í Reykjavík og búa þar nú í íbúð, sem sækjandi er eigandi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilisfang sitt annars staðar. Verður því ekki fallizt á, að þau hjón eigi nú heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar, er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda málsins ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Árni Guðmundsson, skal ekki tekinn á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 89/1956. **Ása Torfadóttir** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1956 og krafizt þess, að henni verði dæmdur réttur til þess að verða skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum við alþingiskosningar 24. júní 1956 og henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur í febrúar 1950 ásamt börnum sínum og hefur búið þar frá þeim tíma. Á hún því eigi lögheimili í Vestmannaeyjum. Samkvæmt þessu verða kröfur hennar í málinu eigi teknar til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 15. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis. Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ásu Torfadóttur, í máli þessu.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, hinn 11. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Árna Guðmundssyni kennara f. h. konu sinnar, Ásu Torfadóttur, gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja, og gerir sækjandi þær kröfur, að með dómi verði viðurkenndur réttur hennar til þess að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyja var mætt í málinu og þær kröfur gerðar, að viðurkennt yrði með dómi, að sækjandi ætti ekki rétt til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Sækjandi, Ása Torfadóttir, er fædd 1. október 1917 og uppalin í Vestmannaeyjum. Hún giftist fyrir mörgum árum Árna Guðmundssyni, kennara frá Háeyri í Vestmannaeyjum. Haustið 1947 veiktist maður hennar af berklum og fluttist á Vífilsstaðahæli og hefur verið þar sjúklingur síðan. Er maður hennar veiktist, bjuggu þau hjónin á Faxastíg 13, hér, ásamt börnum sínum. Nokkru síðar fluttist hún með börn sín á heimili föður síns á

Faxastíg 17, hér. Í febrúar 1950 fluttist hún til Reykjavíkur til þess að vera nær manni sínum og geta aðstoðað hann í veikindum hans. Dvaldi hún á ýmsum stöðum í Reykjavík með börnum sínum og vann eitthvað úti öðru hverju. Á árinu 1954, að því er virðist, festi maður hennar kaup á íbúð í húsinu Miklubraut 78 í Reykjavík. Fluttist hún þar inn og býr þar nú með börnum þeirra hjóna. Að sögn manns hennar, taldi hann jafnan á manntali og skattaframtölum, að lögheimili þeirra hjóna væri í Vestmannaeyjum og á Faxastíg 17, eftir að hún fluttist til Reykjavíkur. Taldi manntalsskrifstofan þar þau einnig heimilisföst hér um skeið, og við síðustu alþingiskosningar, kosningarnar 1953, voru þau bæði á kjörskrá hér í Vestmannaeyjum. Á árinu 1955 seldi faðir hennar húseign sína, Faxastíg 17, og fluttist burt úr Vestmannaeyjum, og nýtt fólk, þeim hjónum óviðkomandi, fluttist inn í húsið. Þrátt fyrir þetta tilkynnti sækjandi ekki breytingar á heimilisfangi sínu í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði frá Hagstofunni eru bæði hjónin í þjóðskrá skráð til heimilis á Miklubraut 78 í Reykjavík, og samkvæmt gögnum, sem sýnd voru við flutning málsins, taldi Hagstofan þau burtflutt ásamt börnum sínum úr Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á árinu 1955. Að sögn sækjanda voru þessar skráningar Hagstofunnar ekki byggðar á tilkynningum, sem frá þeim hjónum voru runnar. Þrátt fyrir umrædda skráningu í þjóðskrá tók manntalsskrifstofan í Reykjavík þau hjónin ekki á kjörskrá í Reykjavík, og að því að talið er, vegna þess að engin flutningstilkynning hafði borizt frá þeim. Þau hjónin voru ekki heldur tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum, og eins og nú standa sakir, eru þau hvergi á kjörskrá. Fóru þau hjónin því fram á, að þau yrðu tekin inn á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en bæjarstjórn synjaði þeirri beiðni á fundi hinn 7. þ. m., og féllu atkvæði þannig, að 2 bæjarfulltrúar voru með beiðninni, en 4 á móti. Sækjandi hefur ekki viljað una þessum málalokum og hefur því höfðað mál þetta. Jafnframt hefur hún óskað eftir, eða maður hennar fyrir hönd þeirra hjóna, að heimilisfang þeirra verði talið á Vesturveg 11 eða Háeyri, hér, hjá föður manns hennar, og hefur faðirinn lýst því yfir skriflega, að hann væri því samþykkur, að heimilisfang þeirra yrði skráð þar, og tilkynnt þetta manntalsskrifstofunni í Vestmannaeyjum.

Á því leikur ekki vafi, að sækjandi fullnægir öllum kosningarréttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar og á rétt til að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns. Hitt er ágreiningur um, hvar hún skuli neyta atkvæðisréttarins, og fer það eftir

því, hvar heimilisfang hennar skuli talið. Eins og fyrr segir, hefur hún nú um mörg ár dvalið í Reykjavík með börnum þeirra hjóna og býr nú þar í íbúð, sem maður hennar er eigandi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilisfang sitt annars staðar. Verður því ekki fallizt á, að þau hjónin eigi heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar, er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Ása Torfadóttir, skal ekki tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 157/1955. **Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs** (Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Ólafi Baldvinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1955. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki sótt þing í Hæstarétti og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur ekki fært á það sönnur, að stefndi hafi haft heimilisfang í Siglufjarðarkaupstað á þeim tíma, er hér

skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og þar sem enginn hefur komið fyrir dóm af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 8. september 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 8. september, var í fógetarétti Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í fógetaréttarmálinu: Bæjargjaldkerinn í Siglufirði vegna bæjarsjóðs gegn Ólafi Baldvinssyni, sem tekið var til úrskurðar þann 11. ágúst s.l. og að nýju 7. þ. m. Bæjargjaldkerinn í Siglufirði hefur með bréfi, dags. 23. marz s.l., beiðzt þess, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola, Ólafs Baldvinssonar, sem gerðarbeiðandi telur eiga heima á Eyrargötu 5, Siglufirði, til tryggingar útsvarsskuld, að upphæð kr. 5905.00, auk dráttarvaxta frá 1. september 1954 til greiðsludags, svo og öllum kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur, en útsvar þetta var lagt á gerðarþola við niðurjöfnun útsvara 1954. Styður gerðarbeiðandi lögtaksbeiðni sína með því, að gerðarþoli hafi haft atvinnu sína við Efnalaug Siglufjarðar á Siglufirði í 7 mánuði af árinu 1953, en hvorki dvalið það ár í Grýtubakkahreppi né haft þar atvinnutekjur. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram vottorð um, að gerðarþoli hafi haft herbergi á leigu á Eyrargötu 5 hér í bænum frá haustinu 1952 til vorsins 1953 og keypt fæði þar á sama tíma og allt fram í ágúst 1954.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar á þeim forsendum, að hann hafi jafnan verið og sé enn heimilisfastur á Móbergi í Grýtubakkahreppi.

Til stuðnings þessari staðhæfingu sinni hefur gerðarþoli lagt fram vottorð Hagstofunnar um, að við allsherjarmanntal þann 16. október 1952 sé gerðarþoli skráður á Móbergi í Grýtubakkahreppi. Einnig segir í nefndu vottorði Hagstofunnar, að gerðarþoli hafi verið settur á skýrslu sem búsettur á Eyrargötu 5, Siglufirði, með þeim fyrirvara, að hann eigi lögheimili í Grýtubakkahreppi.

Enn fremur segir í vottorði þessu, að engin tilkynning hafi Hagstofunni borizt um breytingu á þessu, og við íbúaskrá Siglufjarðar 1. desember 1953, sem send hafi verið leiðrétt til Hagstofunnar, hafi engin athugasemd verið gerð við, að gerðarþoli ætti lögheimili í Grýtubakkahreppi.

Þá hefur gerðarþoli og lagt fram vottorð oddvita Grýtubakkahrepps, þar sem vottað er, að hann (gerðarþoli) hafi dvalið hjá foreldrum sínum í Grýtubakkahreppi framan af ári 1953 og stundað þar sjómennsku og önnur störf og einnig hafi hann átt lögheimili þar í sveit árið 1954 og verið lagt þar á hann útsvar það ár, sem hann hafi þegar að fullu greitt.

Loks er upplýst með vottorði, sem gerðarþoli hefur lagt fram, að gerðarþoli greiddi tekjuskatt fyrir árið 1954 (af tekjum ársins 1953) í Grýtubakkahreppi og var þá strikaður út af skattskrá hér samkvæmt vottorði hreppstjóra umgetins hrepps, enda mun gerðarþoli ekki hafa talið fram til skatts hér á Siglufirði fyrir umrætt ár.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og lögðu aðiljar ágreiningsefnið undir úrskurð fógetaréttarins.

Það verður að telja upplýst í máli þessu, enda ekki mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi dvalið hjá foreldrum sínum í Grýtubakkahreppi framan af árinu 1953, þar sem hann taldi sig það ár a. m. k. eiga lögheimili. Einnig er það upplýst, að við íbúaskráningu á Siglufirði 1. desember 1953 gera bæjaryfirvöldin hér enga athugasemd við það, að gerðarþoli sé talinn eiga lögheimili á heimili foreldra sinna í Grýtubakkahreppi. Að vísu er einnig upplýst í máli þessu, að gerðarþoli stundaði atvinnu við fyrirtæki hér á Siglufirði í 7 mánuði af árinu 1953 og hafði þá herbergi á leigu hér, en svo virðist, að með dvöl sinni hér þenna tíma hafi gerðarþoli enga viðleitni sýnt til að flytja búferlum hingað, enda beinlínis mótmælt af honum, að svo hafi verið. Þykja því öll rök hníga að því, að hin 7 mánaða langa dvöl gerðarþola hér á Siglufirði árið 1953 hafi einungis verið tímabundin og í sambandi við atvinnu hans hér þenna tíma, en hafi ekki verið þess eðlis, að hún hafi slitið tengsl hans við heimili sitt og samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaganna nr. 106/1936 ekki bakað honum útsvarsskyldu við álagningu útsvara hér árið 1954.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, þykir því álagning útsvars á gerðarþola hér á Siglufirði árið 1954 ekki hafa átt rétt á sér og verði því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki að fara fram.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 8/1956. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Arnari Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og
Gísla Sveinbirni Magnússyni
(Benedikt Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 106. og 218. gr. laga nr. 19/1940, áfengislögum nr. 58/1954 og lögreglusamþykkt Ísafjarðar nr. 12/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi sakadómara, Halldór Þorbjörnsson, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með atferli því, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Arnar brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem héraðsdómari greinir, og eru ekki efni til að dæma ákærða Arnar fyrir brot á þeim öðrum ákvæðum lögreglusamþykktarinnar, er getur í ákæruskjali. Þykir mega staðfesta ákvæði dómsins um skilorðsbundna refsingu þessa ákærða.

Atferli ákærða Gísla Sveinbjörns er réttilega lýst í héraðsdómi, og hefur hann með því brotið gegn þeim ákvæðum lögreglusamþykktar og hegningarlaga, sem héraðsdómari vitnar til. Þegar litið er til þess, hversu brot ákærða Gísla Sveinbjörns gegn greindum ákvæðum hegningarlaga eru stórfelld, svo og þess, sem fram er komið um sams konar atferli hans fyrr á árinu 1954, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu

ákærða Gísla Sveinbjörns svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Hvor hinna ákærðu greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, greiði ákærði Gísli Sveinbjörn einn að hálfu, en hinn helminginn greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon sæti fangelsi 18 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Arnar Guðmundsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiði ákærði Gísli Sveinbjörn einn að hálfu, en ákærðu in solidum að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. nóvember 1955.

Ár 1955, föstudaginn 25. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5667—5668/1955: Ákæruvaldið gegn Arnari Guðmundssyni og Gísla Sveinbirni Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Með ákæruskjali, dags. 13. maí s.l., eru Arnar Guðmundsson háseti, Sólvallagötu 70, og Gísli Sveinbjörn Magnússon háseti, Efstasundi 51, ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um óspektir og ölvun á almannafæri og ofbeldi við opinbera starfsmenn í skyldustarfi samkvæmt 1. gr., 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12/1949, 21. gr. áfengislaga nr.

58 frá 1954 og 106. gr., 1. og 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og, að því er Gísla varðar, líkamsárásir samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að vera ölvaðir og með óspektir á götum Ísafjarðarkaupstaðar, sérstaklega við dyr Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, aðfaranótt 1. desember 1954, milli kl. 1 og 2, og ráðast þar að lögreglumönnunum Halldóri Jónmundssyni og Jóni Finnssyni og aðstoðarmanni þeirra, Jóni A. Jóhannssyni, er þeir ætluðu að fjarlægja þá, og verjast með handafli, að þeir framkvæmdu skyldustarf sitt, og, að því er Gísla Sveinbjörn Magnússon varðar sérstaklega, að veita Jóni Finnssyni lögreglumanni mikla líkamsáverka, á höfði aðallega, nefbrot og kjálkabrot, heilahristing, blæðingar og mör og brot á vinstra augnahafti, svo og að veita Halldóri Jónmundssyni áverka á höfuð með fótsparki, þannig að sprakk fyrir á vinstri kinn og orsakaði bólgu fyrir neðan augað.

Ákærist því nefndur Gísli Sveinbjörn Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga og báðir hinir ákærðu, Gísli Sveinbjörn og Arnar Guðmundsson, til að sæta refsingu samkvæmt 106. gr. almennra hegningarlaga, 99. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað og 44. gr. áfengislaga, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Arnar Guðmundsson, sem fæddur er í Bolungavík 1. október 1931, hefur sætt þessum refsingum:

Í Reykjavík:

1953 27/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1954 24/2 Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Ákærði Gísli Sveinbjörn, sem fæddur er 17. apríl 1936, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1949 8/12 Uppvís að hlutdeild í hnupli.

1950 21/9 Rvík. Áminning fyrir brot á 2. mgr. 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1951 16/9 Rvík. Áminning vegna óknytta.

1953 18/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 29/7 500 kr. sekt, 1300 kr. skaðabætur, fyrir brot á áfengislögum, óspektir og mannskemmdir.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 30. nóvember f. á. síðdegis kom b/v Marz í höfn á Ísafirði. Ákærðu voru þá báðir hásetar á skipinu. Um kvöldið neyttu þeir báðir áfengis, að því er virðist bæði um borð í skipinu og á veitingahúsi í bænum, Uppsölum. Nokkru eftir að veitinga-

húsinu hafði verið lokað eða sennilega nokkru eftir miðnætti komu ákærðu báðir ásamt þremur öðrum skipsfélögum sínum, Brynjólfi Gunnari Halldórssyni, Magnúsi Stefánssyni og Jóni Valdemar Jónssyni, að Gagnfræðaskólahúsinu, en þar höfðu þeir frétt, að dansleikur væri. Knúðu þeir dyra, en fengu þau svör, að dansleikurinn væri einungis fyrir nemendur skólans, og var þeim eigi hleypt inn. Eftir stutta stund hurfu þeir burtu og til skips Brynjólfur, Magnús og Jón Valdemar, en ákærðu urðu eftir. Um kl. 1.30 hringdi skólastjórinn, Guðjón Kristinsson, til lögreglunnar og bað um aðstoð. Komu nú á vettvang tveir lögregluþjónar, Halldór Jónmundsson og Jón Kristinn Finnsson, og bjuggust þeir til að fara með ákærðu frá dyrum hússins. Kom nú til mikilla átaka þarna, og í þeim hlaut Jón Kristinn Finnsson stórfelld meiðsli, er síðar verður greint frá. Verður nú að rekja framburði ákærðu, lögregluþjónanna og sjónarvotta hvern í sínu lagi.

Ákærði Arnar Guðmundsson skýrir svo frá, að hann hafi verið mjög drukkinn, er þetta gerðist, og muni hann óljóst eftir því, sem gerðist þarna. Hann segist þó muna, að lögregluþjónarnir hafi sagt þeim félögum að fara um borð, en hann kveðst hafa maldað í móinn, enda ekki séð, að hann væri að gera neitt af sér. Hafi lögregluþjónarnir þá ætlað að taka þá, en þeir snúizt til varnar. Kveðst Arnar hafa átt í einhverjum stimpingum við annan lögregluþjóninn og minnir, að hann félli í götuna, enda hafi lögregluþjónninn rekið fingurinn upp í augað á honum. Að öðru leyti kveðst hann lítið geta sagt um það, sem fram fór þarna, og ekkert getur hann borið um viðureign Gísla Sveinbjörns og hins lögregluþjónsins. Ákærði Arnar segir, að eftir nokkra viðureign hafi þeir Gísli farið um borð, og hafi þeir fengið að ganga lausir, en lögregluþjónn fylgt þeim. Arnar kveðst hafa hruflazt lítið eitt á hendi, og eymsli hafi verið í öðru auga og hvítan lítils háttar rauð.

Ákærði Gísli Sveinbjörn segir, að er lögregluþjónarnir sögðu þeim félögum að koma sér burt, hafi þeir neitað, víst af einhverri stríðni við lögregluþjónana. Hafi lögregluþjónarnir þá báðir tekið í Arnar og fært hann niður af tröppunum. Kveðst Gísli hafa boðizt til að fara með Arnar, en því hafi ekki verið sinnt. Hafi nú Jón Finnsson snúizt gegn honum. Kveðst Gísli hafa hörfað afturábak og þá hrasað um stein. Jón hafi ætlað að kasta sér ofan á hann, en ákærði kveðst hafa sparkað honum frá sér. Nú hafi verið þarna kominn að óeinkennisklæddur maður, er hafi blandað sér í viðskipti þessi og tekið ákærða haustaki aftan frá, en ákærði kveðst hafa getað losað sig. Kveðst ákærði Gísli nú hafa

slegið Jón Finnsson eitt höfuðhögg og hafi Jón fallið af því. Ákærði kveðst aðeins hafa slegið hann þetta eina höfuðhögg, en vera megi, að hann hafi áður verið búinn að slá hann eitthvað í skrokkinn. Nú kveðst ákærði Gísli hafa séð, að Halldór Jónmundsson hafi legið ofan á Arnari, og hafi Arnar hljóðað upp. Kveðst Gísli hafa gengið þangað og sett fótinn í Halldór til að velta honum ofan af Arnari. Hafi spark þetta komið í rass Halldóri, en eigi höfuð, svo sem Halldór hefur haldið fram, sbr. síðar. Arnar hafi nú getað staðið upp. Hafi nú eigi orðið meira úr átökum. Hafi þeir Arnar farið góðfúslega um borð, enda hafi Halldór fallizt á það.

Vitnið Halldór Jónmundsson lögregluþjónn segist hafa komið að skólahúsinu með Jóni Kristni Finnssyni. Kveðst Halldór hafa sagt ákærðu að fara frá dyrunum, en Arnar hafi orðið fyrir svörum og sagt, að þeir mættu vera, þeir hefðu ekkert gert. Kveðst Halldór hafa lagt hönd á öxl Arnari og sagt: Við skulum koma frá dyrunum. Um leið hafi Gísli Sveinbjörn kallað: Láttu hann ekki ná höndunum aftur fyrir bakið á þér. Arnar hafi þá ætlað að losa sig, en Halldór kveðst þá hafa dregið hann frá dyrunum með aðstoð Jóns. Hafi Gísli þá ráðizt að þeim, og hafi Jón lögregluþjónn snúizt gegn honum svo og Jón Jóhannsson innheimtumaður, sem kominn hafi verið á vettvang. Arnar hafi nú kallað á Gísla sér til hjálpar og hafi Gísli æstst mjög við það. Kveðst Halldór hafa séð, að Gísli hafi reynt að berja þá Jónana á víxl. Hafi nú Arnar ætlað að slíta sig lausan, en Halldór kveðst þá hafa dregið hann frá og skellt honum í götuna og haldið honum þar. Kveðst Halldór hafa séð til Gísla, er hann átti í höggi við Jónana, og að Jón Finnsson féll í götuna fyrir höggum Gísla. Hafi Gísli komið síðan að, þangað sem Halldór hélt Arnari í götunni, og sparkað til hans (Halldórs). Kveðst Halldór hafa undið höfðinu til, svo að lítið hafi orðið úr sparkinu, en þó hafi fótur hans lent á kinnbeininu á sér og sprungið fyrir. Kveðst Halldór þá hafa sleppt Arnari og snúizt gegn Gísla, sem reynt hafi hvað eftir annað að slá sig. Kveðst hann hafa hrakið ákærðu báða undan sér, og hafi Gísli fallið í götuna í átökum þessum. Hafi Gísli loks spurt, hvort þeir félagar mættu ekki fara um borð, og kveðst Halldór hafa fallizt á það og fylgt þeim síðan báðum til skips.

Vitnið Jón Kristinn Finnsson segir, að þeir lögregluþjónarnir hafi sagt þeim Arnari og Gísla að fara frá skóladyrunum, en þeir hafi neitað því. Þá hafi þeir tekið í Arnar og dregið hann frá dyrunum, en hann sýnt fyllsta mótþróa. Gísli hafi kallað til Arnars: Láttu þá ekki snúa upp á handlegginn á þér. Gísli hafi

síðan ráðizt að sér og reynt að slá sig. Kveðst Jón hafa kallað til Jóns Jóhannssonar, sem verið hafi þarna hjá þeim, og beðið hann að aðstoða sig, og hafi þeir síðan saman reynt að handsama Gísla. Hafi Gísli verið óður og ofsafenginn og reynt að slá sig (þ. e. Jón Finnsson) og haft í hótunum, að hann skyldi rota hann og þótt fleiri væru. Hafi Gísli virzt mjög harðskeyttur og æfður slagsmálamaður. Gísli hafi fallið einu sinni, og kveðst Jón (Finnsson) þá hafa reynt að taka hann hálstaki, en Gísli hafi rifið sig lausan. Jón segir, að eftir þetta hafi hann komið á sig miklu höfuðhöggi, svo að sig hafi svimað. Hafi hann þá slegið sig mörg högg í andlitið. Kveðst Jón þá sem snöggvast hafa hnigið niður, en staðið upp aftur og farið þá að dyrum skólans, enda hafi hann fundið, að hann gæti ekki meira að gert. Var Jóni síðan hleypt inn í skólann og kallað á lækni, er kom og fór með Jón í sjúkrahús.

Vitnið Jón Ágúst Jóhannsson kveðst hafa átt leið fram hjá skólanum og séð þá tvo menn standa við dyrnar, en ekki sá hann, að þeir hefðust neitt að. Jón gekk spölkorn áfram, en snéri þá við. Er hann kom að dyrunum aftur, voru lögregluþjónarnir komnir og voru að biðja mennina að fara frá dyrunum. Þeir hafi ekki gert það, og hafi Halldór þá tekið í ákærða Arnar, annan áðurnefndra manna, og ætlað að leiða hann frá dyrunum, en hann hafi snúizt til varnar. Hafi orðið tusk milli þeirra, er hafi endað með því, að Halldór hafi snúið Arnar niður við lögreglubifreiðina. Á meðan hafi Jón Finnsson ætlað að handsama Gísla, en hann hafi snúizt til varnar og slegið Jón þungt höfuðhögg. Jón hafi þá kallað á aðstoð. Kveðst Jón Jóhannsson þá hafa hlaupið til og náð haustaki á Gísla, en ekki tekizt að halda honum. Hafi hann gert þrjár atrennur til að berja sig, en ekki tekizt. Hann hafi þá snúizt enn gegn Jóni Finnssyni. Jón Jóhannsson kveðst nú hafa litið til, þangað sem Halldór átti í átökum við Arnar, en er hann hafi litið á ný til þeirra Arnars, hafi hann séð, að Jón Finnsson var að rísa á fætur, meiddur og greinilega miður sín. Hafi allmikið blætt úr andliti hans. Kveðst Jón hafa gengið með honum að dyrum skólans og barið að dyrum. Jón Jóhannsson kvaðst nú hafa séð, að Halldór og ákærðu báðir voru komnir út á götu, og voru ekki veruleg átök milli þeirra. Jón Jóhannsson fór nú til að hringja til yfirlögregluþjónsins og biðja um frekari aðstoð.

Vitnið Finnur Magnússon kaupmaður, Hafnarstræti 8, Ísafirði, kveðst umrædda nótt hafa séð út um glugga á íbúð sinni, að tveir menn stóðu við dyr Gagnfræðaskólans og voru að reyna að komast inn. Voru þeir með köll og börðu í hurðina. Nokkru síðar sá Finnur, að lögreglubifreið kom á vettvang. Fór hann þá út til

að kanna, hvað um væri að vera, og gekk að skólanum. Kvaðst hann þá hafa séð, að ryskingar fóru fram á milli áðurnefndra tveggja manna og lögreglumannanna. Er hann nálgaðist, kveðst hann hafa séð, að annar mannanna sló Jón Finnsson hnefahögg í andlitið, svo að Jón féll til jarðar. Finnur segir, að maður þessi hafi látið mjög ófriðlega, æpt og gargað og verið með hótanir um frekari barsmíðar, ef félaga hans væri ekki sleppt. Hafi hann síðan ráðizt að Halldóri Jónmundssyni, svo að hann hafi orðið að sleppa manni, er hann var með. Hafi mennirnir síðan báðir sótt með barsmíðum að Halldóri, en hann varizt þeim. Loks hafi annar boðizt til að fara um borð í togarann og taka félaga sinn með og hafi Halldór samþykkt þetta, og þeir síðan farið allir þrír áleiðis til skips. Ekki segir Finnur, að sér hafi virzt menn þessir mikið drukknir.

Vitnið Sigurður Jakobsson sjómaður kveðst hafa komið á vettvang og séð þá, að Jón Finnsson og Halldór áttu í ryskingum þarna við tvo menn, og var annar Arnar Guðmundsson, en hinn þekkti vitnið ekki. Sigurður segir, að þeir hafi verið með hávaða og köll. Hann kveðst ekki hafa séð greinilega, hvað fram fór, en hafa séð, að Jón Finnsson féll í götuna. Rétt á eftir hafi mennirnir gengið niður á bryggju í fylgd með Halldóri Jónmundssyni. Sigurður kveðst hafa heyrt, að Arnar kvartaði yfir því við Halldór, að hann ræki fingurna upp í augað á sér. Sigurður segir, að sér hafi virzt ákærðu báðir mjög ölvaðir, einkum Arnar.

Vitnið Jens Steindórsson bifreiðarstjóri kveðst hafa komið að Gagnfræðaskólanum í umrætt skipti og séð þá Jón Finnsson, Jón Jóhannsson og Halldór Jónmundsson í átökum við tvo menn. Hafi Halldór legið ofan á öðrum þeirra, en Jónarnir verið að fást við hinn. Hafi leikurinn borizt fram fyrir lögreglubifreiðina og hafi Jón Finnsson fallið þar í götuna, en eigi getur Jens sagt um það, hvernig það hafi atvikazt. Jón Finnsson hafi nú farið að skóladyrunum, en Halldór hafi síðan lent í einhverjum ryskingum við mennina báða, en svo hafi farið, að mennirnir hafi báðir haldið til skips ásamt Halldóri.

Vitnið Guðjón Kristinsson skólastjóri kveðst hafa verið staddur í skólanum í umrætt skipti. Um kl. hálfeitt hafi verið kallað á hann, vegna þess að menn voru komnir að dyrunum, er vildu komast inn. Kveðst Guðjón hafa lokað dyrunum. Nokkru síðar hafi tvær stúlkur ætlað að fara burt, en ekki þorað það vegna mannanna. Kveðst Guðjón þá hafa beðið mennina að fara frá húsinu, en þeir hafi sagzt ætla að vera þarna. Þá kveðst hann hafa farið upp á efri hæð hússins, þar sem skemmtunin hafi verið.

Nokkru síðar hafi verið kallað í hann og sagt, að mennirnir væru farnir að berja í rúðuna í hurðinni, og er hann hafi farið niður, hafi hann séð, að maður var í sífellu að berja höfðinu í rúðuna. Þá kveðst hann hafa farið og kvatt til lögreglu. Eftir skamma stund hafi lögreglumennirnir komið. Hann kveðst nú hafa séð, að miklar ryskingar urðu milli lögregluþjónanna og mannanna við dyrnar, en ekki hafi hann fylgzt greinilega með þeim, en lögregluþjónarnir hafi frekar virzt fara halloka. Þá kveðst hann hafa hringt til yfirlögregluþjónsins, Guðmundar Kristins Helgasonar, til að tjá honum, hvað um væri að vera. Síðan kveðst hann hafa farið inn í kennarastofu til að fá kennara, er þar voru, til að veita aðstoð, en í sömu svifum hafi verið komið með Jón Finnsson slasaðan þangað inn. Guðjón segir, að rúða í útidyrunum hafi verið brotin í umrætt skipti.

Vitnið Magnús Sveinsson kennari var staddur í kennarastofu Gagnfræðaskólans í umrætt skipti. Hann kveðst hafa einhverju sinni heyrt, að rúða brotnaði. Hann kveðst hafa litið út um gluggann, eftir að lögreglumenn voru komnir á vettvang, og séð þá tvo menn, liggjandi á götunni, annan ofan á hinum. Nánar getur hann ekki lýst atvikum.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason yfirlögregluþjónn kom ekki á vettvang, fyrr en átökin voru um garð gengin og ákærðu farnir til skips. Guðmundur Kristinn kveðst hafa farið niður á bryggju og mætt þá Halldóri, og hafi hann verið mjög móður, blóðugur í andliti og berhöfðaður. Guðmundur Kristinn fór um borð og átti tal við ákærðu. Virtist honum Arnar allölvaður, en Gísli lítt.

Fjórir nemendur úr Gagnfræðaskólanum, er voru í anddyri hússins, er þessir atburðir gerðust, hafa komið fyrir dóm. Vitnið Guðbjörn Charles segir, að hann hafi um skeið verið við dyravörzlu. Hafi þá tveir menn verið utan við dyrnar, sá minni hafi barið með höfðinu í rúðuna í dyrunum öðru hverju, en hinn barið í hurðina með hnefunum. Átökin, sem urðu utan við dyrnar, sá Guðbjörn ekki, því að þá var hann kominn upp á loft. Bragi Ólafsson segist hafa verið þarna við dyravörzlu um stund, og hafi þá verið tveir menn utan við dyrnar og annar þeirra, sá minni, verið að dangla með höfðinu í rúðuna í hurðinni. Garðar Einarsson segist hafa verið við dyrnar og hafi þá tveir menn verið fyrir utan og hafi hinn minni þeirra danglað höfðinu í rúðuna í dyrunum, unz hún brotnaði. Er lögreglumenn komu að dyrunum, hafi hann þrjózkast við að fara og lögregluþjónarnir þá leitt hann burt. Frá átökunum, er síðar urðu, kann Garðar ekki að greina. Jökull Arngeir Guðmundsson segist hafa verið þarna við dyrnar. Hafi

tveir menn verið að knýja dyra og beiðast inngöngu, og hafi skólastjórinn tvisvar talað við þá og synjað þeim inngöngu. Eftir þetta hafi þeir verið að berja á dyrnar, og annar hafi barið með höfðinu í rúðuna, unz hún brotnaði. Lögreglan hafi síðan komið. Jökull kveðst ekki hafa fylgzt með átökum þeirra við mennina, en eftir nokkra stund hafi Jón Finnsson komið að dyrunum og blæddi úr andliti hans.

Loks skal greint frá vætti Hálfdans Kristjáns Jóns Hermannssonar nemanda, 16 ára að aldri. Hann kveðst hafa farið út úr húsinu um kl. 1 og skotizt heim til sín. Er hann fór, hafi 4 menn verið við dyrnar og verið að beiðast inngöngu, en ekki hafi þeir verið með neinn hávaða. Eftir ca. hálftíma kveðst Hálfdan hafa komið aftur að dyrunum. Hafi þá tveir mannanna verið þar eftir. Búið hafi verið að brjóta rúðuna í dyrunum. Nú hafi komið tveir lögregluþjónar, gengið til mannanna og beðið þá að fara burt. Annar hafi farið ofan af tröppunum, en hinn verið kyrr, en lögregluþjónarnir hafi þá tekið hvor í sinn handlegg honum og ýtt honum fram af tröppunum. Hinn maðurinn hafi þá heimtað, að félaga sínum yrði sleppt, og um leið þrifið í Jón Finnsson. Hafi Jón ætlað að handsama mann þenna, en ekki tekizt. Hafi hann slegið Jón, að því er virtist í magann, en síðan rokið í Halldór Jónmundsson. Maðurinn, sem Halldór hafi haldið, hafi þá gripið til Jóns Finnssonar og slegið hann síðan mörg högg í andlitið, en Halldór hafi þá verið búinn að leggja hinn til jarðar. Sá, sem slegið hefði Jón, hafi þá komið og velt Halldóri ofan af félaga sínum, svo að hann hafi orðið laus, en Halldór hafi þá snúizt gegn þessum manni og komið honum í götuna. Hafi nú orðið frekari ryskingar, er Jón Finnsson hafi tekið þátt í. Sá, sem Halldór hafi fyrst fellt, en losnað, sem frá var greint, hafi nú hlaupið þar að, sem Halldór hélt hinum manninum niðri, og stigið ofan á hnakka Halldórs, að því er virtist, og við það hafi hann misst takið á þeim, er hann hélt. Jón Finnsson hafi reynt að taka hinn manninn hálstaki, en það misheppnazt. Jón Jóhannsson hafi komið honum til hjálpar, en maðurinn slegið til hans, og hann þá farið burt, en síðan hafi maðurinn slegið Jón Finnsson niður.

Framburður þessi er í verulegu ósamræmi við bæði framburði ákærðu, lögregluþjónanna og allra sjónarvotta. Af honum er helzt að ráða, að Arnar hafi slegið Jón Finnsson mörg högg í andlitið og að því búnu komið til hjálpar Gísla, er Halldór hafi haldið, áður en til átaka kom milli Gísla og Jónanna. Halldór Jónmundsson hefur sérstaklega verið prófaður af nýju með hliðsjón af vætti

Hálfdans. Fullyrðir hann, að Arnar hafi aldrei slegið Jón Finnsson, enda kveðst Halldór ekki hafa sleppt tökum á Arnari. Rangt sé og, að Gísli hafi stigið ofan á hnakkann á sér. Jón Jóhannsson hefur einnig við frekari próf haldið við fyrri framburð og kveðst eigi hafa orðið var við, að Arnar slægi Halldór. Verður eigi lagt upp úr vætti Hálfdans að því leyti, er á milli ber við annað það, er fram hefur komið.

Halldór Jónmundsson kveðst hafa bólgnað lítið eitt á hægra kinnbeini og rispazt. Ekki kveðst hann hafa þurft að leita læknis.

Úlfur Gunnarsson, yfirlæknir á sjúkrahúsi Ísafjarðar, vottar í vottorði, dags. 10. desember 1954, um áverka Jóns Finnssonar:

„Herra lögregluþjónn Jón Finnsson, Ísafirði, hefur verið í læknismeðferð hjá mér síðan 30. nóvember síðastliðinn vegna áverka, sem hann varð fyrir í starfi sínu.

Jón Finnsson hlaut eftirtalin meiðsli.

1) léttari heilahristing (commotio cerebri 1. g.)
2) brot á nefbeini (fract. os. nasal.)
3) brot á efri kjálka (fract. maxillae sin.)
4) blæðing á bæði augu (hæmorrhagia subconjunctivale bilat.)
5) mar í kringum bæði augu (hæmatoma orbitae sin.)
6) sennilega brot á v. augnahafti (fract. orbitae sin.)

Jón Finnsson hefur verið rúmliggjandi allþjáður, síðan hann hlaut nefnd meiðsli, og mun vera óvinnufær fyrst um sinn, en sennilega ekki fá varanleg örkuml".

Samkvæmt vottorði Úlfs, dags. 21. febrúar, var Jón að mestu rúmliggjandi fram að áramótum. Þjáður af verkjum og svima. Um áramót fór hann að hafa fótavist og fara svolítið út. Kvartaði hann mjög um svefnleysi. Úlfur kveðst hafa átt mörg samtöl við hann um þessar mundir, og hafi Jón verið vantrúaður á, að hann mundi fá bata, og komið fram vonleysi um, að hann mundi framvegis geta leyst starf sitt af hendi, en hann hafi virzt fullkomlega andlega heilbrigður og ekki áberandi þunglyndur. Um morguninn 9. janúar s.l. kom kona Jóns að máli við Úlf og fékk hjá honum lyfseðil upp á svefnlyf, enda kvað hún Jón ekki hafa sofið dúr í 2—3 nætur.

Sama dag eftir hádegi fannst Jón örendur í lögreglustöðinni. Hafði hann ráðið sér bana með riffilskoti í höfuð.

Segir svo í niðurlagi vottorðs Úlfs Gunnarssonar:

„Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, hefur eitthvað borið á þunglyndi í móðurætt Jóns Finnssonar, og móðir hans og 1 móðurbróðir höfðu orðið geðveik. Hann sjálfur hefur alltaf verið rólegur og sérstaklega samvizkusamur og stundum

látið smámuni á sig fá, og samræmist það viðkynningu minni af honum.

Trauðla verður fram hjá því gengið að álíta, að áverki sá, sem Jón varð fyrir 30. nóvember síðastliðinn, hafi verið þess valdandi, að hann missti svefn og á hann sótti þunglyndi, sem honum hefur reynzt það þungbært, að hann framdi sjálfsmorð".

Skal nú greint, hvert refsivert atferli telst sannað á hina ákærðu og við hver lagaákvæði varði.

Ákærði Arnar Guðmundsson.

Ákærði Arnar kveðst hafa verið mjög ölvaður og muna lítið, hvað gerðist. Vitni telja hann allmjög drukkinn. Sannað er, að hann hafi barið í sífellu á dyr Gagnfræðaskólans og að hann hafi brotið rúðu í dyrum skólans. Með nefndu hátterni hefur hann gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12/1949. Er lögreglumaður ætlaði að handtaka hann, snerist hann til varnar og lenti í átökum við hann. Þykir sannað, að hann hafi sýnt virka mótstöðu gegn lögreglumanninum og beitt hann ofbeldi. Hefur hann þannig gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga, en fresta þykir mega refsingunni þannig, að hún falli niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ekki þykir Arnar hafa unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon.

Ekki hefur það fram komið, að ákærði Gísli Sveinbjörn hafi verið hneykslanlega eða áberandi ölvaður. Fram hefur hins vegar komið, að hann olli ónæði við dyr Gagnfræðaskólans, og hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 4. gr. lögreglusamþykktar nr. 12/1949. Þá er sannað, að þegar lögreglumennirnir báðu þá félaga að fara frá dyrunum, neitaði hann því, og er lögreglumenn ætluðu að færa þá burt, snerist hann til varnar, réðst síðan bæði að Jóni Kristni Finnssyni og Jóni Ágúst Jóhannssyni með barsmíðum og sló Jón Kristin loks til jarðar. Hlaut hann af völdum ákærða Gísla mjög stórfellt lemstur, sbr. vottorð Læknis. Enn fremur er sannað, að eftir þetta réðst Gísli að Halldóri Jónmundssyni lögreglumanni, er hélt ákærða Arnari í götunni, og sparkaði í hann, svo að Halldór varð að sleppa Arnari. Ekki hefur komið fram, að

lögreglumennirnir hafi farið að neinu leyti harkalega að ákærða í upphafi. Hefur ákærði Gísli Sveinbjörn samkvæmt þessu gerzt sekur um stórfelld brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga. Tæma ákvæði þessi sök ákærða, svo að eigi verður hann talinn hafa brotið gegn lögreglusamþykkt, þótt hann fremdi líkamsárásir þessar á almannafæri.

Þykir refsing ákærða Gísla Sveinbjörns hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Svipta ber hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða sakarkostnað. Greiði hvor ákærðu málsvarnarlaun verjanda síns, ákærði Arnar Gísla Einarssyni héraðsdómslögmanni og ákærði Gísli Sveinbjörn Þorvaldi Þórarinssyni héraðsdómslögmanni. Ákveðast málsvarnarlaun 1200 kr. til hvors. Um greiðslu annars kostnaðar, þar á meðal málssóknarlauna skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, 1200 kr., fari svo, að ákærði Gísli einn greiði helming, en hinn helminginn ákærðu báðir in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Arnar Guðmundsson sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði Gísli Sveinbjörn Magnússon sæti fangelsi 10 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Arnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00, og Gísli Sveinbjörn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00. Annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1200.00, greiði Gísli Sveinbjörn einn að hálfu, en ákærðu in solidum að hálfu.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 133/1955. M (Magnús Thorlacius)
gegn
K og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Valdimar Stefánsson, sakadómari í Reykjavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðiljum hefur báðum verið veitt gjafsókn hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 29. ágúst 1955 og áfrýjað málinu með stefnu 19. september 1955. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þ. á m. málssóknarlauna talsmanni sínum til handa.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 16. desember 1955 og áfrýjað málinu með stefnu 7. janúar 1956. Hún gerir þessar dómkröfur:

1. krafa: Að málinu verði vísað frá Hæstarétti og aðaláfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

2. krafa: Aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir barns gagnáfrýjanda, er hún ól hinn 7. janúar 1954, og dæmt skylt að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til gagnáfrýjanda og tryggingariðgjöld, allt eftir úrskurði yfirvalds, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þ. á m. málssóknarlauna til handa talsmanni sínum.

Er aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu, var eiðsfrestur hans samkvæmt héraðsdómi liðinn. Gagnáfrýjandi telur áfrýjun

af hendi aðaláfrýjanda heimildarlausa eftir lok nefnds frests og eigi því að vísa aðalsök frá Hæstarétti. En þar sem 197. gr. laga nr. 85/1936 gildir um áfrýjun máls þessa og ákvæða þess lagaboðs hefur verið gætt, verður frávísunarkröfu gagnáfrýjanda eigi sinnt.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknarkostnaður hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanna málsaðilja, kr. 1500.00 til hvors, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til eiðvinningar sé tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanna aðilja, Magnúsar Thorlacius og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors. Að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 11. janúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1955: K gegn M, sem tekið var til dóms hinn 5. sama mánaðar.

Hinn 7. janúar 1954 ól kærandi, K, óskilgetið fullburða meybarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barninu lýsir hún kærða, M, hér í bænum, en hann hefur eigi viljað við faðernið kannast. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, auk fæðingarstyrks og tryggingariðgjalds, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og málskostnað að mati dómsins. Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs.

Kærði hefur mótmælt kröfum kærandi og krafizt sýknu af þeim og synjunareiðs til vara. Málskostnaðar hefur hann eigi krafizt úr hendi hennar.

Aðiljar eru sammála um, að þau hafi þekkzt og haft nokkrum sinnum samfarir saman á tímabili, en greinir á um, hvenær það tímabil hafi verið. Mökin höfðu þau saman ýmist í bifreið kærða, sem hann ók frá bifreiðastöð hér í bænum, eða í herbergi einu, sem kærði hafði aðgang að.

Kærandi hefur gefið mjög óljósa skýrslu um það, hvenær þau höfðu mökin saman. Hún dvaldi á Loftsölum í Mýrdal um tíma sumarið 1952, og heldur hún, að ekki hafi liðið skemmra en tveir mánuðir, frá því að hún kom þaðan hingað til bæjarins, og þar til þau höfðu í fyrsta sinn samfarir saman. Þetta endurtók sig síðan nokkurt tímabil, sem kærandi segir hafa verið allt að því ár eða „alltaf í fimm mánuði". Síðustu tíðir fyrir barnsburðinn kveðst kærandi hafa haft 5. apríl 1953, og í lok skýrslu sinnar um málavexti kveðst hún muna, að síðustu samfarir sínar og kærða hafi verið í maí 1953.

Kærði skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi kynnzt kærandi árið 1951, og hafi sá kunningsskapur leitt til þess, að þau fóru að hafa samfarir saman. Segir hann það hafa komið nokkrum sinnum fyrir, en hann fullyrðir, að það hafi síðast verið í nóvember 1952, og sé því óhugsandi tímans vegna, að hann sé faðir barnsins. Í þeim mánuði segir hann kærandi hafa orðið sér fráhverfa, og af þeim sökum segir hann það hafa verið, að hann fékk A verzlunarmey til að fara til kærandi til þess að reyna að fá hana til að hitta kærða að nýju.

Kærði kveður stúlku þessa hafa talað nokkrum sinnum við kærandi og borið sér þau boð frá henni, að hún vildi ekkert við hann tala meir, því að hún væri farin að vera með öðrum manni, sem N héti, og ætluðu þau að fara að opinbera trúlofun sína.

Vitnið A hefur borið vitni í máli þessu og staðfest framburð sinn með eiði. Hún kveðst þekkja kærða vel og oft hafa fengið hann til að aka með sig og kunningja sinn. Hafi hann þá eftir samkomulagi við vitnið fengið að hafa kærandi með í þeim ökuferðum, og vissi vitnið af þessu, að þau kærði og kærandi voru talsvert mikið saman í mánuðunum september, október og nóvember 1952. Rétt fyrir mót nóvember og desember virtist vitninu þau hætta að vera saman, og sagði kærði vitninu þá, að hún vildi ekki tala við sig. Hann bað vitnið að tala fyrir sig við kærandi og reyna að fá hana til að hitta sig. Vitnið fór nokkrum sinnum heim til kærandi þessara erinda og hitti hana

að máli, en hún sagðist ekkert vilja við kærða tala og tók því fjarri að gera það. Annað hvort á jóladag eða annan í jólum fór vitnið með kærða heim undir húsið, sem kærandi bjó í, og beið kærði í bílnum, meðan vitnið fór að beiðni hans heim að húsinu og hitti kærandi. Þegar kærandi opnaði dyrnar fyrir vitninu, sá það, að karlmaður var inni hjá henni. Vitnið spurði hana, hvort hún vildi tala við kærða, sem biði úti í bílnum, en hún neitaði því og sagði, að gestir væru hjá sér. Í þessu samtali segir vitnið kærandi hafa sagt, að hún ætlaði að opinbera á gamlárskvöld og héti mannsefnið N, og væri það hann, sem staddur væri hjá sér. Vitnið kveðst minnast þess, að það hafi á afmælisdegi systur sinnar hinn 16. marz 1953 spurt kærða, hvort hann hefði hitt kærandi nýlega, og hefði hann svarað því til, að hann hefði ekki séð hana í marga mánuði.

Kærandi minnist þess, að stúlka, sem hún þekkir undir nafninu Y, hafi nokkrum sinnum komið til sín, send frá kærða, í því skyni að fá hana til að hitta hann. Hins vegar man kærandi ekki atvikið á jólunum, sem vitnið skýrir frá, og neitar að hafa nokkru sinni sagt vitninu, að hún ætlaði að opinbera á gamlárskvöld eða öðrum degi.

Að gefnu tilefni frá kærða hafa kærandi og N nokkur verið yfirheyrð um kynni sín hvort af öðru, og eru þau sammála um, að þau séu kunningjar og hafi oft hitzt, og þar á meðal hafi N heimsótt kærandi, en einnig að þau hafi aldrei haft holdleg mök saman.

Blóðflokkarannsókn hefur farið fram á aðiljum og barninu, og hefur hún ekki útilokað kærða frá faðerninu.

Samkvæmt umsögn borgarlæknisins í Reykjavík eru mestar líkur til, að barnið hafi verið getið um 12. apríl 1953, en möguleikar eru þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að ósannað er um faðerni barnsins, og hljóta úrslit máls þessa að velta á eiði. Þar sem ekkert hefur komið fram til styrktar skýrslu kærandi um mök hennar og kærða á getnaðartíma barnsins, skýrsla hennar er óljós um það, á hvaða tímabili þau hafi verið saman, og skýrsla vitnisins styrkir framburð kærða um, að þau hafi hætt að vera saman um mót nóvember og desember 1952, verður samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á synjunareiði kærða, þannig að hann skuli vera sýkn af kröfum kærandi, ef hann synjar fyrir það með eiði eftir lögmætan undirbúning á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann

hafi haft holdlegar samfarir við kærandi á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953. Fallist hann á eiðnum, skal hann teljast faðir barnsins, enda greiði hann þá meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður lögum samkvæmt eftir yfirvaldsúrskurði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Synji kærði, M, fyrir það með eiði eftir lögmætan undirbúning á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kærandi, K, á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953, skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir barnsins X, sem kærandi ól 7. janúar 1954, enda greiði hann þá meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 90/1956. **Ákæruvaldið**
gegn
Snorra Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. júní 1956, sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur kærði, Snorri Jónsson, skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að gæzluvarðhaldstími hans verði styttur frá því, sem ákveðið er í úrskurðinum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 16. júní 1956.

Ár 1956, laugardaginn 16. júní, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta.

Með úrskurði sakadóms Kópavogs, upp kveðnum 2. f. m., var Snorri Jónsson kaupmaður, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, úrskurðaður í gæzluvarðhald allt að 14 dögum vegna rannsóknar um meint skírlífisbrot hans, mök við drengi. Hinn 16. f. m. var gæzluvarðhald kærða framlengt í allt að einum mánuði vegna þess, hversu víðtæk rannsókn málsins var, enda var henni þá hvergi nærri lokið. Nú er rannsókn málsins að áliti rannsóknardómarans lokið að öðru leyti en því, að geðheilbrigðirannsókn hefur enn eigi farið fram. Verður málið sent Dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar strax, er endurrit af rannsókninni hefur verið gert.

Í rannsókn málsins hafa komið fram mjög veigamiklar upplýsingar um sekt kærða, þótt hann hafi eigi kannazt við að hafa framið brot þau, sem rannsóknin beinist að. Vegna fyrri brotaferils kærða, hættu á áframhaldandi brotum og til að tryggja nærveru hans þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhald hans, þar til dómur er genginn í málinu, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 3 mánuðum.

Vegna fyrri brotaferils kærða og háttsemi þeirrar, sem rannsókn máls þessa fjallar um, þykir nauðsynlegt, að geðheilbrigði kærða, Snorra Jónssonar, verði rannsökuð. Þykir því bera að úrskurða rannsókn á geðheilbrigði hans og nauðsynlega vist hans á sjúkrahúsi, meðan á þeirri rannsókn stendur.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar, Borgarholtsbraut 20, framlengist í allt að 3 mánuðum.

Geðheilbrigði Snorra Jónssonar skal rannsökuð, og sæti hann nauðsynlegri sjúkrahúsvist, meðan á þeirri rannsókn stendur, innan marka gæzluvarðhaldstímans.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 73/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Kjartan Ragnars hdl.)
gegn
Benedikt Davíðssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skýring á 34. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 17. maí þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma umbeðið fjárnám. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Starfsemi Trésmiðafélags Reykjavíkur, sem lýst er í úrskurði fógeta, virðist ekki vera með þeim hætti, að það verði talið til þeirra félaga og stofnana, sem um ræðir í 34. gr. laga nr. 46/1954, að því er varðar það málsefni, sem hér liggur fyrir. Styðst þessi skýring á nefndri 34. gr. við ákvæði 81. gr. reglugerðar nr. 147/1955, einkum C- og D-liða hennar. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Benedikt Davíðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 11. maí 1956.

Gerðarbeiðandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur krafizt þess, að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Benedikts Davíðssonar, Miðstræti 5, fyrir dagsektum samkvæmt 51. gr. laga nr. 46/1954, að upphæð kr. 1000.00, ásamt kostnaði við fjárnámsgerðina, þar með málflutningslaunum vegna flutnings máls þessa hér fyrir rétti, svo og fyrir kostnaði við uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjað verði um umbeðna fjárnámsgerð. Hann hefur og krafizt málsvarnarlauna sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 30. apríl s.l. Hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregizt vegna embættisanna.

Skattstjórinn í Reykjavík ritar stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur bréf hinn 14. marz s.l., þar sem lagt er fyrir félagsstjórn annað tveggja, að gefa skattstofunni skýrslu um uppmælingar vegna húsabygginga, er framkvæmdar hafi verið á vegum félagsins á árinu 1955, og fylgir bréfinu form fyrir væntanlegri skýrslu, eða að veita starfsmönnum skattstofunnar aðgang að gögnum, sem hafi að geyma upplýsingar, þar að lútandi. Svars er óskað í síðasta lagi 17. marz s.l. Sjá hér rskj. 3 og 4 og enn fremur rskj. 5, dags. 15. marz s.l., þar sem auk framangreindra upplýsinga er beðið um, að gefin verði upp slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Fyrir liggur í málinu skýrsla starfsmanna skattstofunnar, þeirra Sigfúsar Gunnlaugssonar og Jóns Sigurðar Jakobssonar, þar sem þeir skýra svo frá, að þeir hafi hinn 8. marz 1956 komið á skrifstofu Trésmiðafélags Reykjavíkur í erindum skattstofunnar og óskað þess að fá að kynna sér afrit af uppmælingum, sem framkvæmdar hafi verið á árinu 1955. Hafi þeim verið leyft að kynna sér gögn, varðandi atriði þetta, þar á staðnum. Hafi þar verið um að ræða afritablokkir með skrá um uppmælingar. Er þeir félagar hafi verið búnir að rita hjá sér nokkur atriði úr blokkum þessum, hafi gerðarþoli, Benedikt Davíðsson, sem stadd-

ur var á skrifstofunni, óskað þess, að uppskrift þessari yrði hætt að sinni, og borið því við, að hann væri ekki bær að leyfa slíkar aðgerðir án heimildar félagsstjórnar. Hafi þá verið látið að orðum hans. Sjá hér rskj. 6 og 7. Þeir Sigfús Gunnlaugsson og Jón S. Jakobsson hafa mætt sem vitni í málinu og lýst því yfir, að skýrslan á rskj. 6 væri rétt í öllum greinum. Þeim ber saman um, að ekki hafi borizt í tal, hvaða aðili væri eigandi að blokkum þessum.

Benedikt Davíðsson svarar f. h. Trésmiðafélagsins bréfum skattstjóra á rskj. 3 og 5 með bréfi sínu, sem dagsett er 16. marz s.l., sjá rskj. 8. Segir þar, að Trésmiðafélag Reykjavíkur sé frá og með 28. apríl 1955 hreint stéttarfélag og sé því ekki stofnun í skilningi 34. gr. laga 46/1954 og að engar launagreiðslur fari fram á vegum félagsins, og sé því ekki að vænta neinna upplýsinga frá félaginu um atriði þau, er greini í bréfum skattstjóra.

Þá ritar skattstjóri Fjármálaráðuneytinu bréf hinn 23. marz s.l. Segir þar, að rökstuddur grunur leiki á því, að ýmsir aðiljar, þar á meðal nokkrir trésmiðir, hafi á framtölum dregið undan skattskyldar tekjur. Er síðan skýrt frá erindislokum starfsmanna skattstofunnar, sjá hér að framan, svo og greint frá bréfaskiptum við stjórn Trésmiðafélagsins, sbr. rskj. 3, 5 og 8. Mælist skattstjóri til þess, að ráðuneytið úrskurði stjórn félags þessa skylda til að veita upplýsingar um margnefnd atriði og leggi við dagsektir, ef skilyrði þess yrðu talin fyrir hendi. Sjá rskj. 9.

Með bréfi Fjármálaráðuneytisins, dags. 6. apríl s.l., er lagt fyrir stjórn Trésmiðafélagsins að láta skattstjóra eigi síðar en 11. s. mán. í té upplýsingar þær, er krafizt var með bréfunum á rskj. 3 og 5, og í formi því, sem greinir á rskj. 4. Þá segir og, að ef áskorun þessari verði ekki sinnt, sé ákveðið með tilvísun til 51. gr. laga nr. 46/1954 að beita félagsstjórn dagsektum, kr. 1000.00 á dag fyrstu 5 dagana, að liðnum áður nefndum fresti, og síðan kr. 1500.00 á dag, unz upplýsingarskyldu þessari hafi verið fullnægt, og er tekið fram, að dagsektir þessar beri stjórnarmönnum félagsins að greiða in solidum, ef til komi. Bréf þetta er samdægurs birt af stefnuvottum fyrir stjórnarmönnum félagsins, þeim Benedikt Davíðssyni, Hallgeiri Elíassyni, Sturlu Sæmundssyni, Hákoni Kristjánssyni og Jóni S. Þorleifssyni. Sjá rskj. 2.

Með bréfi sínu til Fjármálaráðuneytisins, dags. 11. apríl s.l., skýrir stjórn Trésmiðafélagsins svo frá, að stjórnarfundur hafi verið haldinn hinn 9. apríl, og hafi verið ákveðið að vísa á bug kröfu þeirri, er felst í rskj. 2. Er lýst yfir því, að mál þetta sé félaginu allsendis óviðkomandi. Hin umbeðnu gögn hafi aldrei

verið eign Trésmiðafélagsins, heldur aðeins persónuleg minnisblöð Benedikts Davíðssonar. Bréf þetta vísar til fundargerða félagsins frá 11.—23. marz s.l., og lúta þær í sömu átt og að ofan er rakið. Sjá hér rskj. 10 og 13.

Beiðni um fjárnám er dagsett hinn 13. apríl s.l. og er samdægurs tekin fyrir í fógetaréttinum. Er krafizt fjárnáms fyrir eins dags dagsektum samkvæmt úrskurði ráðuneytisins á rskj. 2, að upphæð kr. 1000.00. Er fjárnámsgerð þessari beint að formanni félagsstjórnar Trésmiðafélagsins, Benedikt Davíðssyni. Málsútlistun gerðarbeiðanda er á þann veg, að trésmiðir þeir, sem starfi að húsbyggingum, vinni verk sín að mjög verulegu leyti samkvæmt uppmælingartaxta. Að loknu ákveðnu verki við byggingu húss, sé verkið mælt og gjald fyrir það reiknað út eftir ákveðnum reglum Trésmiðafélagsins. Síðan greiði aðili sá, sem verkið er unnið fyrir, heildarverð verksins, án þess að hann viti, hvernig greiðslan skiptist milli aðilja þeirra, sem hafa starfað að hinum einstöku þáttum verksins, og geti hann þannig engan veginn upplýst um laun þessara starfsmanna, þótt skattstofan krefji hann þeirra upplýsinga. Nú sé skattstjóra nauðsynlegt að fá endurrit af uppmælingum þeim, sem sannanlega liggi fyrir á skrifstofu Trésmiðafélagsins og séu eign þess. Hafi í þessu falli ekki verið annað fyrir hendi en að beita stjórnarmenn félagsins dagsektum til þess að fá upplýsingar þessar. Heimild til þessa sé í 51. gr. laga nr. 46/1954, en stjórn Trésmiðafélagsins hafi þverskallazt við að gegna skyldu sinni samkvæmt 34. gr. nýnefndra laga, en ákvæði þeirrar greinar taki af öll tvímæli um það, að stjórn þessa félags beri skylda til að veita skattstofunni umbeðnar upplýsingar.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Fyrst og fremst byggjast þau mótmæli á því, að gerð þessari sé beint að röngum aðilja. Trésmiðafélagið hafi aldrei verið eigandi þessara gagna og sé því allsendis óskylt að láta þau af hendi eða leyfa aðgang að þeim. Væru upplýsingar þær, er í gögnum þessum fælust, oft og tíðum algerlega óraunhæfar, þar eð þar sé iðulega um að ræða útreikninga í sambandi við fyrirhuguð verk, sem máske hafi ekki verið unnin, en fullkominna upplýsinga sé helzt að vænta hjá hlutaðeigandi trésmíðameisturum og þeirra launþegum. Þá er á það bent, að Trésmiðafélagið hafi engan atvinnurekstur með höndum og sé ekki framtalsskylt, enda sé það hreint stéttarfélag trésmíðasveina, og komi því ekki til greina, að það geti fallið undir ákvæði 34. gr. skattalaga, og hafi það heldur ekki verið tilgangur löggjafans. Vísað er til bréfanna á rskj. 8 og 10 að öðru leyti.

Gerðarþoli, Benedikt Davíðsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi annazt útreikning og uppmælingar þær, sem greinir á rskj. 6, fyrir ýmsa aðilja, byggingameistara og væntanlega eigendur húseigna, en aldrei fyrir Trésmiðafélagið. Hann kveðst iðulega hafa verið beðinn að framkvæma uppmælingar samkvæmt húsateikningum vegna kostnaðaráætlana fyrir viðkomandi hús og tekur auk þess fram, að allmargir aðiljar hafi slíkar uppmælingar með höndum og sé þá farið eftir verðskrá félagsins, sbr. rskj. 16 í máli þessu.

Í 34. gr. laga nr. 46/1954 segir: „Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt".

Eðlilegast er að líta svo á, að hér sé átt við þá aðilja, sem gengið er út frá, að geti almennt látið í té ábyggilegar upplýsingar um fjármuni og fjármunaleg viðskipti framteljanda, svo staðreynt verði eftir föngum, hvort hann hefur skýrt rétt frá um fjárhag sinn. Eru þar fyrst nefndir þeir aðiljar, sem í embættisnafni hafa haft þau afskipti af skattþegni, að framangreindra upplýsinga sé frá þeim að vænta. Þá eru tilnefndir þeir opinberir aðiljar, sem hafa að atvinnu ávöxtun fjármuna. Loks er getið um „hlutafélög og önnur félög og stofnanir". Nærri virðist liggja að líta svo á, að hér sé aðeins átt við þau félög og stofnanir, sem hafi með höndum einhvers konar atvinnurekstur og fjárhagsleg viðskipti við aðra sem meginhlutverk og að ætla megi, að kostur sé að fá frá þeim áreiðanlegar upplýsingar um slík viðskipti.

Hér er um að ræða stéttarfélag trésmíðasveina. Félag þetta hefur ekki atvinnurekstur með höndum og er ekki bókhaldsskylt. Vinnulaun samkvæmt uppmælingum fara ekki fram á vegum félagsins eða að þess tilhlutun. Ekki er það sannað, að hin umkröfðu gögn séu eign félagsins, en þó svo kynni að vera, þá virðist félag sem þetta engan veginn geta fallið undir ákvæði 34. gr. skattalaga, og þannig verður ekki séð, að sú ákvörðun Fjármálaráðuneytisins að beita stjórnendur þess þvingunaraðgerðum samkvæmt 51. gr. nefndra laga hafi haft við lög að styðjast.

Þannig verður synjað um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar.

Rétt þykir, að málflutningslaun til aðiljanna falli niður.

Því úrskurðast:
Umbeðin fjárnámsgerð skal ekki fara fram.
Málflutningslaun til aðilja falla niður.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 55/1956. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 26. júní 1956.

Nr. 140/1955. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Sigurði Bogasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Telja verður, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi það, sem rætt er um í h-lið II, 1, í héraðsdómi, hafi eftir atvikum verið nothæft, en samt skorti leyfi, að fjárhæð kr. 7.278.00, til að ákærði mætti tollafgreiða vörur þær, sem um er að tefla. Einnig skorti að nokkru leyfi til, að ákærði mætti tollafgreiða vöru þá, er getur í o-lið sama kafla héraðsdóms.

Að því er varðar tollafgreiðslu þeirra vara, er getur í j-, k-, l-, m-, n- og p-liðum II, 1, í héraðsdómi, hefur ákærði talið, að fyrir honum hafi legið nothæf gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vörum þessum. Þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi tollafgreitt vörur þessar án nauðsynlegra leyfa. Hins vegar telzt ákærði hafa gerzt sekur um vanrækslu um að tilgreina leyfi á tollreikningum um vörur þessar, sbr. 3. þátt ákæruskjalsins.

Að öðru leyti er atferli ákærða rétt lýst í héraðsdómi.

Með því að tollafgreiða greindar vörur án tilskilinna innflutningsleyfa hefur ákærði brotið gegn 141. gr. laga nr. 19/1940, 1. mgr. 11. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 21. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Með því að vanrækja að tilgreina nefndar innflutningsheimildir á tollreikningum hefur ákærði brotið gegn 141. gr. laga nr. 19/1940 svo og með atferli því, sem lýst er í III. kafla héraðsdóms, gegn 146. gr. sömu laga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari lýsir í dómi háttsemi, sem felld hafði verið undan ákæru.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Bogason, greiði 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 75 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. júní 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 21. júní, klukkan 17.30, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var í bæjarþingstofunni í Reykjavík af Gunnari A. Pálssyni, dómara samkvæmt umboðsskrám, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Bogasyni, sem dómtekið var 26. marz 1953.

Málið er höfðað gegn Sigurði Bogasyni, Stakagerði í Vestmannaeyjum, fyrrverandi bæjarfógetaritara í Vestmannaeyjakaupstað. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 16. apríl 1952, ákærður fyrir:

„1) að hafa á árunum 1942 til 1949, að báðum meðtöldum, dregið sér í heimildarleysi kr. 114.324.00 af ríkissjóðstekjum, tilföllnum við embætti bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

2) að hafa tollafgreitt borðstofustólasendingar frá Danmörku, sem komu með e/s Lyngaa í febrúar 1948 og e/s Brúarfossi í septembermánuði 1949, svo og ýmsan varning, inn fluttan með v/s Helga, VE 333, og v/s Helga Helgasyni, VE 343, á árunum 1948 og 1949, án þess að fyrir lægju tilskilin innflutningsleyfi, en innflytjandi alls þessa varnings var Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmanaeyjum.

3) að hafa í fjölmörg skipti árin 1948 og 1949 vanrækt að tilgreina innflutningsheimildir á tollreikningum um vörur, inn fluttar frá Bretlandi til Helga Benediktssonar, kaupmanns í Vestmannaeyjum, með skipum hans v/s Helga og v/s Helga Helgasyni ofangreind ár.

4) að hafa skýrt Viðskiptanefnd í símskeyti 18. júní 1948 ranglega frá um innflutningsleyfi, notuð við tollafgreiðslu vara, inn fluttra frá Bretlandi til Helga Benediktssonar, kaupmanns í Vestmannaeyjum, með nefndum skipum hans á tímabilinu frá 12. apríl til 1. júní 1948".

Brot þau, sem ákærði er sakaður um, eru í ákæruskjalinu talin varða við 247. gr. sbr. 139. gr., 140. gr., 141. gr., 146. gr. laga nr. 19/1940, 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr.

70/1947, 1. mgr. 21. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Í lok ákæruskjalsins er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 svo og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. nóvember 1903 í Búðardal í Dalasýslu og ólst þar upp. Nam í unglingaskóla í Hjarðarholti og síðar í Flensborg í Hafnarfirði. Var um tíma starfsmaður í Hagstofu Íslands. Síðar um nokkur ár skipverji á varðskipinu Þór. Var síðan skrifstofumaður hjá Gísla Johnsen í Vestmannaeyjum og Tómasi Guðjónssyni s. st. Gerðist bæjarfógetaritari í Vestmannaeyjum 1937 og gegndi því starfi til 13. júlí 1950, en þann dag hætti hann störfum samkvæmt ákvörðun Dómsmálaráðuneytisins í bréfi, dagsettu 8. júlí 1950. Hefur ákærði áður, svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum, sem hér segir, hvort tveggja í Vestmannaeyjum:

1933 16/5 Sátt, 50.00 kr. sekt fyrir ölvun og hávaða og
1933 21/11 Dómur, 200.00 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.

Atvik máls þessa eru þau, að vorið og sumarið 1948 keypti Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, fisk í skip sín v/s Helga, VE 333, og v/s Helga Helgason, VE 343, og lét þau sigla með hann ísaðan til Englands til sölu þar. Fóru skipin þrjár slíkar ferðir hvort og fluttu jafnan ýmsar vörur til Vestmannaeyja, er þau komu úr söluferðunum, þ. á m. ýmislegt, er sérstakur hörgull var á hér heima.

Á þeim tíma, er hér ræðir um, var almennt mjög mikill skortur ýmissa vara hér á landi og hinar ströngustu hömlur í gildi um innflutning þeirra til landsins. Hafði því umræddur innflutningur Helga Benediktssonar, er lýst verður nánar hér á eftir, vakið hina mestu athygli og undrun og verið mikið ræddur manna á meðal. Hafði t. d. í júnímánuði 1948 birzt í víðlesnu dagblaði hér í bænum viðtal við kunnan Vestmannaeying, er m. a. snérist um umræddan innflutning Helga Benediktssonar. Kvað sá, er viðtalið var við, Helga Benediktsson hafa fengið frá Englandi ýmsar vörur, er tilfinnanlegur skortur hefði verið á, svo sem gólfdúka, hreinlætistæki, skófatnað, fataefni o. fl. Enn fremur hefðu verið flutt inn nokkur píanó með skipum hans. Hefði mörgum þótt undarlegt, ef enginn annar en Helgi Benediktsson gæti fengið slíkar vörur frá Englandi.

Hinn 2. júlí 1948 ritaði Viðskiptanefnd Dómsmálaráðuneytinu bréf og tjáði því, að nefndinni hefði þá fyrir nokkru borizt vitneskja um, að fluttar hefðu verið vörur frá Bretlandi til Vestmannaeyja með fyrrnefndum skipum Helga Benediktssonar.

Jafnframt skýrði nefndin svo frá, að hún hefði átt símtal við skrifstofu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og óskað, að henni yrðu sendar farmskrár skipanna. Hefði hún síðan fengið fimm farmskrár (réttara 4 farmskrár og 1 vörulista), og við athugun þeirra hefði komið í ljós m. a., að inn hefðu verið flutt tvö hljóðfæri (reyndust síðar 4) og glervara, en fyrir þessum vörum myndu engin leyfi vera. Þá tjáði nefndin sig og hafa átt nokkur skeytaskipti við bæjarfógeta. En þrátt fyrir þetta taldi hún sig ekki hafa fengið fullnægjandi greinargerð, varðandi greindan innflutning. Taldi hún t. d. skorta vitneskju um, hvort á farmskrám þeim, er henni hefðu verið sendar, væru greindar allar vörur, er fluttar hefðu verið inn með nefndum skipum, hvert væri verðmæti hinna tilgreindu vara, hvort leyfi, er nefndinni hefði verið tjáð, að notuð hefðu verið við innflutninginn, væru í samræmi við verðmæti varanna og loks, hvaða vörur úr umræddum innflutningi væru þá enn ótollafgreiddar. Með því að svona væri ástatt, hefði nefndin ákveðið að senda ráðuneytinu mál þetta, ef því þóknaðist að láta framkvæma fyllri rannsókn. Bréfi því, er nú hefur verið rakið, lét Viðskiptanefndin fylgja til ráðuneytisins framangreindar farmskrár, er einungis þrjár, auk eins vörulista, vörðuðu framangreindan innflutning, skeytaskipti nefndarinnar og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum svo og endurrit leyfa þeirra, er bæjarfógetaskrifstofan hafði tjáð nefndinni, að notuð hefðu verið við innflutninginn.

Eftir að Dómsmálaráðuneytinu hafði borizt nýgreint bréf Viðskiptanefndarinnar og gögn þau, er því fylgdu, skipaði það fyrir um rannsókn útaf greindum innflutningi með skipum Helga Benediktssonar, er grunur þótti leika á, að væri ólöglegur. Skyldi m. a. rannsaka, hverjar vörur hefðu verið fluttar inn, hverjir hefðu átt þær, hvort innflutningsleyfi hefðu verið veitt fyrir þeim, hvort þær hefðu verið tollafgreiddar og fluttar á afgreiðslu. Þá skyldi og athuga reikninga um vörurnar svo og hvort tollþjónn hefði skoðað skipin við komu þeirra til landsins.

Þar eð ráðuneytið taldi nauðsyn bera til að skipa sérstakan dómara til að framkvæma hina skipuðu rannsókn, var hinn 13. júlí 1948 gefin út sérstök umboðsskrá til handa Gunnari A. Pálssyni, hæstaréttarlögmanni í Reykjavík, til að inna af hendi rannsóknina. Hefur hann því framkvæmt rannsóknina og kveðið upp dóm þenna.

Rannsókn sú, sem nú var greind, beindist í fyrstu aðallega gegn Helga Benediktssyni og snérist um greindan innflutning hans

vorið og sumarið 1948. Er á hana leið, þóttu svo mjög koma í ljós ný og ný sakarefni, að rannsóknin varð æ víðtækari bæði um brotafjölda og brotatíma. Hér þykir þó aðeins ástæða til að geta þess, að vorið og sumarið 1949 fór líku fram um innflutning Helga Benediktssonar frá Bretlandi með nefndum skipum hans og gert hafði vorið og sumarið 1948, svo og þess, að í febrúar 1948 flutti hann inn frá Danmörku með e/s Lyngaa allmikið magn borðstofustóla, og loks þess, að enn fremur flutti hann inn frá sama landi borðstofustóla með e/s Brúarfossi í septembermánuði 1949.

Eins og ákæruatriðum er háttað í máli þessu, er ekki ástæða til að geta annars innflutnings Helga Benediktssonar hér en nú hefur verið drepið á. Þá þykir heldur ekki efni til að lýsa rannsókninni nánar í dómi þessum, en á það skal þó bent, að nákvæma lýsingu á gangi hennar er að finna í þremur úrskurðum þessa dóms: hinum fyrsta upp kveðnum 17. nóvember 1952, prentuðum á bls. 43—63 í XXIV. bindi Hæstaréttardóma árið 1953, hinum öðrum upp kveðnum 23. júní 1953, prentuðum á bls. 479—484 í sama bindi Hæstaréttardóma, og hinum þriðja upp kveðnum 25. október 1954, prentuðum á bls. 687—694 í XXV. bindi Hæstaréttardóma 1954. Vísast til þessara heimilda um gang rannsóknarinnar.

Af framangreindri rannsókn þótti m. a. koma í ljós, að um mjög mikinn ólögmætan innflutning hefði verið að ræða af hálfu Helga Benediktssonar með skipum hans árin 1948 og 1949 svo og með skipunum e/s Lyngaa og e/s Brúarfossi þau skipti, er greint var hér að framan. Þá þótti og sýnt, að ákærði, er annaðist tollafgreiðslu í skrifstofu bæjarfógeta, hefði tollafgreitt vörur þessar, án þess að fyrir lægju rétt og nægileg innflutningsleyfi. Enn fremur þótti sýnt, að ákærði hefði á ýmsan annan hátt gerzt brotlegur í tollafgreiðslustarfi sínu svo sem með því að vanrækja mjög oft að tilgreina innflutningsheimildir á tollreikningum um umræddan innflutning Helga Benediktssonar og enn fremur með því að skýra Viðskiptanefnd rangt frá um innflutningsleyfanotkun við innflutninginn 1948, er hún spurðist fyrir um hana. Þá þótti loks koma í ljós í rannsókninni, að ákærði hefði um nokkurt árabil dregið sér í heimildarleysi háa fjárhæð af ríkissjóðstekjum, tilföllnum við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Gegn Helga Benediktssyni var höfðað sérstakt mál fyrir umræddan innflutning og fjölmörg brot önnur, er uppvís urðu af hans hálfu í rannsókninni. Hefur hann nú nýlega hlotið refsidóm í héraði af því efni, en sá dómur var kveðinn upp af öðrum dóm-

ara en þeim, er rannsóknina framkvæmdi og kveður upp þenna dóm. Kemur þáttur Helga því ekki til álita í dómi þessum.

Útaf misferli því, er rannsókn samkvæmt framangreindu þótti leiða í ljós hjá ákærða í máli þessu, var af hálfu ákæruvaldsins höfðað sérstakt mál gegn honum með framangreindu ákæruskjali og gerðar í því þær kröfur, er áður voru greindar.

Verður þá hafið að rekja það, er ákærða varðar í máli þessu, að því leyti sem það er nauðsynlegt til úrlausnar um sekt hans eða sýknu af verknuðum þeim, sem hann er sakaður um í fyrrgreindu ákæruskjali.

I.

Um ákærulið 1. Meðal annarra atriða, er rannsóknardómarinn kannaði í framangreindri rannsókn, var það, hvort allar þær vörur Helga Benediktssonar væru á skipaafgreiðslu, er bæjarfógetaskrifstofan hefði ekki merkt við á farmskrám sem tollafgreiddar. Við þá könnun kom m. a. í ljós, að ákveðin vara, er átti að vera ótollafgreidd samkvæmt farmskrármerkingum bæjarfógetaskrifstofunnar, var ekki á afgreiðslu. Var þá kannað með rannsókn á bókhaldsgögnum Helga, hvort hann hefði greitt af henni aðflutningsgjöld, og kom í ljós, að svo var. Reyndist tollreikningur sá um vöru þessa, er fannst í vörzlum Helga, kvittaður af ákærða. Við dómpróf játaði ákærði, að greiðslu þessa, er nam kr. 4416.38, hefði hann dregið sér. Var og ekki önnur skýring hugsanleg á þessari staðreynd. Þetta varð til þess, að dómarinn hóf enn rækilegri rannsókn á því, hvort ákærði kynni að hafa dregið sér meira fé í starfi sínu. Er sú rannsókn var öll, hafði sannazt með bókhaldsendurskoðun og játningu ákærða sjálfs, að hann hafði um alllangt árabil, eða líklega allt frá árinu 1942, dregið sér verulegar fjárhæðir af ríkissjóðstekjum, tilföllnum við bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum. Nam skuld hans við ríkissjóð af því efni samtals kr. 114.324.00, þegar rannsókn lauk, og viðurkenndi ákærði þá fjárhæð rétta.

Eftir að upp komst um sjóðþurrð ákærða, vann hann sjálfur ásamt dómaranum og bókhaldsfróðum aðstoðarmanni hans að því að kanna, hve hár sjóðþurrðurinn raunverulega væri. Var honum áhugamál, að hið rétta og raunverulega kæmi í ljós, og reyndist aðstoð hans því mikilsverð í þessu efni. Jafnframt lýsti ákærði því strax, að hann myndi reyna af fremsta megni að greiða ríkissjóði framangreinda fjárhæð. Og áður en málið var tekið til dóms, hafði ákærða og verjanda hans tekizt að greiða

fjárhæðina að fullu. Gaf Fjármálaráðuneytið kvittun fyrir fullnaðargreiðslu á sjóðþurrðinum 24. febrúar 1953.

Þegar svo var komið, fór verjandi ákærða þess á leit við Dómsmálaráðuneytið, að það félli frá þeim lið ákæruskjalsins, er hér ræðir um, og kröfum út af honum. Við þessari ósk varð nefnt ráðuneyti, og með bréfi 23. marz 1953 tilkynnti það dómaranum í máli þessu, að þar eð ákærði hefði nú endurgreitt ríkissjóði umræddan sjóðþurrð að fullu, þá félli ráðuneytið frá þessum lið ákæruskjalsins og jafnframt refsikröfu samkvæmt 247. gr. laga nr. 19/1940 svo og kröfu um greiðslu skaðabóta og réttindasviptingu.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, verður ákærða hvorki dæmd refsing né réttindasvipting fyrir þann verknað, er hér ræðir um, né heldur verður hann dæmdur til skaðabótagreiðslu, svo sem farið var fram á í ákæruskjalinu.

II.

Á þeim tíma, sem allur innflutningur sá, er hér ræðir um, fór fram, var óheimilt að flytja vörur til landsins, nema að hafa áður fengið tilskilin innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sbr. lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit nr. 70 5. júní 1947.

Samkvæmt reglum gjaldeyris- og innflutningsyfirvalda landsins var slíkum leyfum skipt í fimm flokka á þessa leið:

A-leyfi: gjaldeyris- og innflutningsleyfi,
B-leyfi: innflutningsleyfi,
C-leyfi: gjaldeyris- og innflutningsleyfi, skipt úr áður út gefnum A-leyfum (framsalsleyfi),
D-leyfi: innflutningsleyfi, skipt úr áður út gefnum B-leyfum (framsalsleyfi) og
E-leyfi: gjaldeyrisleyfi eingöngu.

Þá voru gjaldeyris- og innflutningsleyfi jafnframt flokkuð eftir því, hvernig hin leyfða vara skiptist eftir tegundum og til hvers hún átti að notast. Við þá flokkun var leyfunum skipt í 18 aðalflokka og hverjum aðalflokki síðan í marga undirflokka.

Ekki mátti tollafgreiða vöru, er leyfi þurfti fyrir, nema í hendi væri innflutningsleyfi, er hæfði henni, þ. e. hún væri þeirrar tegundar og frá því landi, er leyfið sagði til um, og fobverð hennar væri ekki hærra en fjárhæð leyfisins. Skrá skyldi notað leyfi á tollreikning, og var á honum sérstakur dálkur til þess gerður.

Ákærði í máli þessu annaðist tollafgreiðslu allra vara þeirra, er hér ræðir um, enda var tollafgreiðsla almennt hluti af starfi hans í skrifstofu bæjarfógeta. Ákæruliðir nr. 2 og 3 í máli þessu vita að því, að ákærði hafi ýmist tollafgreitt vörur til Helga Benediktssonar, án þess að í hendi væru hæf innflutningsleyfi, eða vanrækt að tilgreina innflutningsleyfi á tollreikningunum, þótt í hendi væru tilskilin leyfi. Nægir því ekki, er dóm skal leggja á ákæruliði þessa, að rannsaka, hvaða leyfi séu skráð á tollreikninga um vörurnar og hversu nothæf þau séu og nægileg að fjárhæðum, heldur verður að kanna til hlítar, hvort Helgi Benediktsson hafi á tollafgreiðslutímanum átt fullnægjandi leyfi, skráð eða óskráð á tollreikninga, fyrir hverri einstakri vöru eða haft til afnota við innflutninginn nothæf leyfi annarra aðilja. Í því skyni hefur verið aflað endurrita allra þeirra leyfa, sem gefin höfðu verið út til Helga Benediktssonar sjálfs eða til hans vegna annarra eða til annarra vegna hans árin 1948 og 1949 eða framlengd með gildi fram á árið 1948. Enn fremur hefur verið aflað endurrita allra leyfa, skráðra á tollreikninga, út gefinna til annarra aðilja, svo og endurrita allra þeirra leyfa, sem orðað hefur verið í rannsókninni, að kunni að hafa verið notuð við umræddan innflutning. Og til þess að halla ekki á ákærða verður við könnun á því, hvort tilskilin leyfi hafa verið í hendi við hverja einstaka tollafgreiðslu, talið, að til afnota hafi verið öll þau nothæf leyfi, sem Helgi Benediktsson gat hafa átt eða haft til umráða, þegar tollafgreiðslan fór fram, enda þótt þeirra sé ekki getið á sjálfum tollreikningunum. Þá verður og í því skyni að halla ekki á ákærða litið svo á, að öll leyfi, er notuð voru eða notuð kunna að hafa verið við innflutning þenna, hafi verið ónotuð áður, enda þótt ekki hafi verið unnt að ganga úr skugga um, hvort svo hefur verið, þar eð notkun leyfis að hluta eða öllu skyldi skrá á frumrit þess, en upp á frumritum notaðra leyfa hefur ekki hafzt.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi yfirleitt verið nákvæmur um að heimta innflutningsleyfi fyrir fullri fjárhæð þeirrar vöru, er hann tollafgreiddi. Þó hafi það komið fyrir, að leyfi hafi ekki verið nógu há, en þá segist hann hafa tekið muninn af skyldu leyfi sama innflytjanda. Ekki segist hann ætíð hafa gætt fullrar nákvæmni um, að samræmi væri milli innflutningsleyfis og tollafgreiddrar vöru að vörutegund til. Þegar svo hafi t. d. staðið á, að vantað hafi á, að fjárhæð leyfis nægði fyrir verði ákveðinnar vöru, hafi hann tekið gilt til uppbótar annað leyfi eða hluta af því, þótt ekki væri fyrir nákvæmlega sömu vörutegund.

Jafnframt því sem ákærði í máli þessu er sakaður um að hafa tollafgreitt ýmsan varning, inn fluttan til Helga Benediktssonar, án tilskilinna innflutningsleyfa, sbr. ákærulið nr. 2, hefur Helgi Benediktsson, svo sem áður er að vikið, verið ákærður m. a. fyrir að hafa flutt ýmsan varning inn án tilskilinna leyfa. Í ákæruskjalinu gegn Helga er nákvæmlega sundurliðað, um hvaða vörur er að ræða að þessu leyti og hvenær inn fluttar. Eftir öllum atvikum verður ekki ætlað, að ákæruliður nr. 2 gegn ákærða í máli þessu eigi að vera víðtækari en tilsvarandi ákæruliðir gegn Helga eða taka til annars innflutnings en þess, sem hann er ákærður fyrir að hafa flutt inn án tilskilinna leyfa. Er ákæruskjalið gegn Helga Benediktssyni því lagt fram í endurriti í máli þessu og við það stuðzt að því leyti, að þau tilvik ein, er þar greinir um innflutning án tilskilinna leyfa, verða athuguð gagnvart ákærða í þessu máli, að því er varðar ákærulið nr. 2 gegn honum.

Verða nú ákæruliðir nr. 2 og 3 teknir til athugunar og við þá athugun höfð í huga þau sjónarmið, sem lýst hefur verið hér að framan.

1. Um ákærulið 2.

a. Í febrúarmánuði 1948 flutti Helgi Benediktsson inn 1000 borðstofustóla frá Danmörku með e/s Lyngaa. Var fobverð þeirra kr. 25.080.45.

Tollreikningur um vöru þessa er dagsettur 1. október 1948. Leyfi þau, sem skráð er á tollreikninginn að notuð hafi verið við þenna innflutning, eru þessi:

A nr. 667. Út gefið 8/1 1948. Gísli J. Johnsen.
Hurðir. Svíþjóð ..... kr. 20.565.00
C nr. 1636. Út gefið 29/9 1948. Gísli Johnsen.
Timbur. Danmörk ..... — 20.000.00

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tollafgreitt stólana út á þessi leyfi, og bendir ekkert til þess, að önnur eða fleiri leyfi hafi verið notuð við þenna innflutning.

Helgi Benediktsson hefur haldið því fram, að sér hafi af hálfu Viðskiptanefndar verið heimilað að nota C-leyfi nr. 1636 við innflutning stóla. Þeir meðlimir Viðskiptanefndar, er Helgi átti tal við um þetta, hafa hins vegar neitað, að um nokkra slíka heimild hafi verið að ræða. Verður því ekki talið, að svo hafi verið.

Þeir stólar, er hér ræðir um, voru ekki alveg fullunnir, þegar þeir komu til landsins. Var t. d. eftir að líma bökin við framstykkin, festa styrktarhorn í grindina og klæða seturnar. Samt sem áður verður að telja leyfi þau, er notuð voru, allsendis ófull-

nægjandi, þar eð þau voru fyrir allt öðrum vörutegundum, og hið fyrrgreinda var auk þess fyrir innflutningi frá öðru landi en stólarnir voru keyptir frá. Verður því að telja, að óheimilt hafi verið að tollafgreiða stólana út á leyfi þau, er gert var.

b. Í septembermánuði 1949 flutti Helgi Benediktsson inn 1000 borðstofustóla frá Danmörku með e/s Brúarfossi. Fobverð þeirra var kr. 28.469.70.

Tollreikningur um stóla þessa er dagsettur 11. febrúar 1950. Leyfi, sem skráð er á tollreikninginn að notað hafi verið við stólainnflutning þenna er:

B nr. 18232. Út gefið 11/1 1950. Helgi Benediktsson. Húsgagnaefni (hálfunnir stólar). Bretland ..... kr. 21.000.00

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tollafgreitt þessa stólasendingu út á þetta leyfi. En jafnframt hefur hann haldið því fram, að það, sem á hafi skort, að fjárhæð leyfisins nægði fyrir fobverði vörunnar, hafi hann tekið af timburleyfi, er Helgi Benediktsson hafi og verið með, en raðtölu þess leyfis hafi sér láðst að færa á tollreikninginn.

Helgi Benediktsson hefur borið, að stólar þessir hafi verið fluttir inn á nýgreint leyfi, og á annað leyfi hefur hann ekki minnzt í því sambandi.

Stólar þeir, er hér ræðir um, voru á sama stigi um vinnslu, þegar þeir komu, og stólarnir, er ræðir um undir a hér á undan.

Voru þeir þannig mun meira unnir en framangreint leyfi gerði ráð fyrir. Auk þess voru stólarnir fluttir inn frá öðru landi en leyfið heimilaði.

Engin sönnun hefur fengizt um það í málinu, að ákærði hafi notað timburleyfi við tollafgreiðslu þessara stóla að því leyti, sem B-leyfi nr. 18232 hrökk ekki til. En jafnvel þótt svo hafi verið, þá var slíkt leyfi ekki hæft við þenna innflutning.

Að þessu athuguðu verður að telja, að heimildarlaust hafi verið að tollafgreiða stóla þessa við það eða þau leyfi, er ákærði gerði.

c. Hinn 2. maí 1948 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með skipi sínu Helga Helgasyni, VE 343, 35 rúllur af linoleumgólfdúk og hinn 24. maí 1948 frá sama landi með sama skipi 45 rúllur. Voru sendingar þessar tollafgreiddar 3. og 5. júlí 1948. Samanlagt fobverð sendinga þessara var kr. 44.241.11.

Leyfi þau, er notuð voru við þenna innflutning, voru þessi:

A nr. 9829. Út gefið 27/4 1948. Laugarvatnsskólinn. Linoleum. Bretland ..... kr. 5.600.00

B nr. 3994. Út gefið 27/4 1948. Gísli J. Johnsen. Linoleum. Bretland 5.200.00

Bæði voru leyfi þessi nothæf við þenna innflutning, en samanlögð fjárhæð þeirra var aðeins kr. 10.800.00, eða kr. 33.441.11 lægri en fobverð hins inn flutta linoleummagns.

Auk þessara leyfa átti Helgi Benediktsson A-leyfi nr. 6585, út gefið 20/3 1948, fyrir linoleum frá Hollandi, að fjárhæð kr. 5000.00, og hinn 8/10 1948 fékk hann A-leyfi nr. 18606 fyrir linoleum frá Hollandi, að fjárhæð kr. 5000.00. Hvorugt þessara leyfa var nothæft við þenna innflutning, þar eð bæði giltu á annað land en varan kom frá, og auk þess var hið síðargreinda ekki gefið út, fyrr en löngu eftir að varan hafði verið tollafgreidd.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tollafgreitt umræddan linoleumdúk út á tvö framangreind leyfi, A nr. 9829 og A nr. 3994. Enn fremur segist hann hafa notað við þenna innflutning eða innflutning rúðuglersins, er um ræðir í ad. g hér á eftir, A-leyfi nr. 9829, út gefið 27/4 1948 til Laugarvatnsskólans fyrir þakplötum úr aluminium eða þakjárni frá Bretlandi, að fjárhæð kr. 10.000.00. Notkun þess leyfis var þó óheimil við innflutning þenna. Hefur ákærði þannig samkvæmt því, sem rakið hefur verið, tollafgreitt vöru þessa, þótt kr. 33.441.11 vantaði á, að næg leyfi væru fyrir innflutningi hennar.

d. Hinn 2. maí 1948 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi 4 pianettur með skipi sínu Helga Helgasyni, VE 343. Vara þessi var tollafgreidd 3. júlí 1948. Ekki fylgdu innkaupareikningar við tollafgreiðsluna, en af framburði Helga Benediktssonar og öðrum gögnum málsins þykir mega telja, að innkaupsverð pianettanna hafi verið samtals kr. 7498.92.

Leyfi, notað við tollafgreiðsluna og skráð á tollreikninginn, var

B nr. 4790. Út gefið 14/6 1948. Oddsteinn Friðriksson. Húsgögn. Bretland ..... kr. 2.200.00

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tollafgreitt pianetturnar gegn þessu leyfi. Jafnframt telur hann Helga hafa komið með A-leyfi nr. 616, út gefið til handa Páli Stefánssyni 15/1 1947 og framlengt síðan fyrir pianói frá Danmörku, að fjárhæð kr. 4500.00. Þessa leyfis er þó ekki getið á tollreikningnum, en ákærði segist hafa dregið frá því það, sem vantað hafi á, að fjárhæð B-leyfis nr. 4790 hrykki fyrir innflutningnum. Verður að geta þess til skýr-

ingar hér, að við tollafgreiðsluna var verð pianettanna talið mun lægra en rétt reyndist. Átti ákærði þó enga sök þar á.

Frásögn ákærða um notkun A-leyfis nr. 616 ber að taka trúanlega, enda á hún og stað í öðrum gögnum málsins. Hvorugt hinna notuðu leyfa var þó nothæft við innflutning vöru þessarar, þar eð annað var fyrir annarri vörutegund og hitt á annað land. Ekki átti Helgi Benediktsson sjálfur nein leyfi, er hæfðu þessum innflutningi, né heldur hafði hann til afnota nein slík leyfi annarra aðilja. Verður því að telja, að ákærða hafi verið umrædd tollafgreiðsla með öllu óheimil.

e. Á tímabilinu frá 2. maí 1948 til 1. júní s. á. flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með skipum sínum Helga, VE 333, og Helga Helgasyni, VE 343, mikið magn af ýmiss konar vefnaðarvörum. Samkvæmt tollreikningum um vörur þessar, sem dagsettir voru 3. og 5. júlí 1948, var fobverð þeirra, sem nú greinir:

Inn flutt með		H.	H.	2/5	1948:	3 pk. fataefni	kr. 5.503.14
—	—	—		24/5	—	1 balli flónel	— 3.744.98
—	—	—		—	—	4 ballar fataefni ..	— 18.158.00
—	—	—		—	—	1 balli fataefni ..	— 11.514.84
—	—	—		—	—	200 stk. ullarábr. ..	— 7.648.37
—	—	—		—	—	1 balli fataefni	— 13.831.60
—	—	H.		1/6	—	1 balli shirtingur ..	— 13.549.18
—	—	—		—	—	1 kassi fataefni ..	— 4.334.60
						Samtals	kr. 78.284.71

Leyfi þau, er skráð voru á tollreikningana og nothæf voru við þenna innflutning, voru þessi:

B nr. 3829.	Út gefið 18/4 1948. Últíma h/f. Vefnaðarvara og smávara til iðnaðar. Bretland	kr. 5.000.00
B nr. 1827.	Út gefið 24/1 1948. Heildverzlun Gísla Gíslasonar. Vefnaðarvara, vinnuföt, vettlingar og regnkápur. Bretland	— 26.300.00
	Samtals	kr. 31.300.00

Sjálfur átti Helgi Benediktsson þessi leyfi:

A nr. 12894.	Út gefið 8/6 1948. Nærfatnaður. Holland	kr.	5.000.00
A nr. 12896.	Út gefið 8/6 1948. Léreft o. fl. Tékkóslóvakía	—	4.000.00
A nr. 12897.	Út gefið 8/6 1948. Vefnaðarvörur. Tékkóslóvakía	—	9.000.00
A nr. 12898.	Út gefið 8/6 1948. Vefnaðarvörur. Tékkóslóvakía	—	6.000.00
A nr. 20828.	Út gefið 5/11 1948. Léreft o. fl. Holland	—	2.150.00
A nr. 20829.	Út gefið 5/11 1948. Léreft o. fl. Bretland	—	4.300.00
A nr. 20830.	Út gefið 5/11 1948. Léreft o. fl. Frakkland	—	2.150.00

Ekkert þessara leyfa var nothæft við umræddan innflutning, þar eð þau hljóða öll á önnur lönd en vörurnar voru frá, að einu undanskildu, en það var hins vegar gefið út, löngu eftir að tollafgreiðsla fór fram, og svo var reyndar einnig um fleiri þeirra.

Verður því talið, að leyfi, að fjárhæð kr. 46.984.71, hafi skort til þess, að ákærða væru heimilar umræddar tollafgreiðslur.

f. Þegar v/s Helgi Helgason, VE 343, kom til Vestmannaeyja 24. maí 1948, flutti Helgi Benediktsson m. a. inn með honum frá Bretlandi 173 pör af karlmannaskóm. Var fobverð þeirra kr. 4.838.57.

Tollreikningur um skóna er dagsettur 5. júlí 1948, og er ekki tilgreint á honum neitt innflutningsleyfi fyrir skóm.

Helgi Benediktsson átti eftirtalin leyfi fyrir skófatnaði:

A nr. 379.	Út gefið 7/1 1948. Skófatnaður. Tékkóslóvakía	kr.	5.000.00
A nr. 9545.	Út gefið 26/4 1948. Skófatnaður. Tékkóslóvakía	—	3.850.00
A nr. 11666.	Út gefið 19/5 1948. Skófatnaður. Tékkóslóvakía	—	4.300.00
A nr. 21586.	Út gefið 11/11 1948. Skófatnaður. Bretland	—	5.500.00

Ekkert þessara leyfa var nothæft við innflutning þann á skófatnaði, sem hér ræðir um, enda voru þrjú hin fyrsttöldu fyrir innflutningi frá öðru landi, og hið síðasttalda var ekki gefið út fyrr en löngu eftir umrædda tollafgreiðslu. Telst ákærði því hafa framkvæmt hana heimildarlaust.

g. Hinn 24. maí 1948 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, 40 kistur af rúðugleri. Var fobverð þess kr. 13.470.52.

Á tollreikningi um vöru þessa er ekki tilgreint neitt leyfi fyrir innflutningi rúðuglers. Helgi Benediktsson átti sjálfur ekkert leyfi fyrir rúðugleri þetta ár.

Ákærði hefur sagt, að við innflutning þenna eða linoleumdúksins undir ad. c hér að framan hafi hann notað A-leyfi nr. 9828, út gefið 27/4 1948 til Laugarvatnsskólans fyrir þakplötum úr aluminium eða þakjárni frá Bretlandi, að fjárhæð kr. 10.000.00. En jafnvel þótt svo hafi verið, þá var það leyfi ekki nothæft við innflutning rúðuglers. Verður því að telja, að ákærði hafi tollafgreitt glerið heimildarlaust.

h. Helgi Benediktsson flutti inn frá Bretlandi með v/s Helga, VE 333, hinn 1. júní 1948 10 olíukyndingartæki. Var fobverð þeirra kr. 29.445.06.

Á tollreikningi um kyndingartæki þessi, sem dagsettur er 5. júlí 1948, eru tæki þessi aðeins talin 4, og kom það upp í rannsókn málsins, að Helgi Benediktsson hafði ætlað að skjóta 6 þeirra undan greiðslu lögmætra aðflutningsgjalda. Var því fobverð þeirra 4 tækja, sem ákærði tollafgreiddi, kr. 11.778.00, og er ekki ástæða til að ætla, að honum hafi verið ljóst, að fleiri tæki hefðu verið flutt inn.

Við tollafgreiðslu kyndingartækja þessara notaði ákærði A-leyfi nr. 721, út gefið 8/1 1948 til Helga Benediktssonar fyrir „olíubrennurum í mótorvél" frá Bretlandi, að fjárhæð kr. 4500.00. Helgi átti hins vegar ekkert leyfi fyrir olíukyndingartækjum.

Nýgreint A-leyfi nr. 721 hæfði ekki þeim innflutningi, er hér ræðir um. Verður því að telja, að ákærða hafi verið óheimilt að tollafgreiða olíukyndingartækin gegn því.

i. Er v/s Helgi Helgason, VE 343, kom frá Bretlandi 11. maí 1949, flutti Helgi Benediktsson inn með honum þaðan þvottavélar og þvottapotta, að fobverði samtals kr. 23.598.00.

Tollreikningur um vörur þessar er dagsettur 1. júní 1949, og eru á hann skráð þessi leyfi:

B nr. 10581. Út gefið 22/1 1949. Jón Björnsson. Bretland. Þvottavél ..... kr. 1.000.00

B nr. 12922. Út gefið 13/4 1949. Helgi Benediktsson v/ skipshafna v/s Helga, VE 333, og v/s Helga Helgasonar. Bretland. Þvottavélar ..... — 15.000.00

Samtals kr. 16.000.00

Leyfi þessi verða bæði að teljast hafa verið nothæf við tollafgreiðsluna.

Helgi Benediktsson hefur borið, að fleiri leyfi hafi verið notuð við innflutning þenna, án þess þó að geta tilgreint þau.

Ákærði hefur haldið því fram, að við tollafgreiðsluna hafi hann haft tvö önnur leyfi, er sér þó hafi láðst að rita á tollreikninginn:

A nr. 40976. Út gefið 14/6 1949. Guðlaugur og Jón Vigfússynir. U.S.A. Þvottavélar ..... kr. 1.300.00

A nr. 48249. Út gefið 23/11 1949. Sömu. U.S.A. Þvottavélar ..... — 760.00

Þessi leyfi hljóða bæði á annað land en varan var flutt frá og voru því ónothæf við þenna innflutning. Má og geta þess, að síðara leyfið var viðbót við hið fyrra vegna gengisbreytingar. Virðist fyrra leyfið þannig hafa verið ónotað 23/11 1949, eða löngu eftir að umrædd tollafgreiðsla fór fram. Verður hérgreindur framburður ákærða því ekki talinn réttur.

Helgi Benediktsson átti sjálfur engin leyfi, er hæfðu þessum innflutningi, og verður því talið, að ákærði hafi heimildarlaust tollafgreitt vörur þessar, þar sem leyfi, að fjárhæð kr. 7598.00, skorti til þess, að heimilt væri að tollafgreiða þær.

í. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með skipi sínu v/s Helga Helgasyni, VE 343, rafmagnseldavélar, að fobverði kr. 10.253.33.

Tollreikningur um þær er dagsettur 2. júní 1949, og eru á honum tilgreind þessi leyfi:

A nr. 28621. Út gefið 15/2 1949. Helgi Benediktsson. Frakkland. Miðstöðvar, miðstöðvarkatlar o. fl. ..... kr. 10.000.00

A nr. 32765 Út gefið 8/4 1949. Helgi Benediktsson. Bretland. Búsáhöld ..... — 3.300.00

Helgi Benediktsson átti engin leyfi fyrir rafmagnseldavélum 1949. Ákærði kveðst hafa talið hin notuðu leyfi hæf vegna þess, að þau hafi hljóðað um svo skyldar vörutegundir. Á það verður þó ekki fallizt, heldur talið, að ákærða hafi verið þessi tollafgreiðsla óheimil.

j. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, vatnsgeyma, að fobverði kr. 5198.11.

Tollreikningur um þá er dagsettur 4. júní 1949, en engin innflutningsleyfi eru greind á honum. Helgi Benediktsson átti engin leyfi fyrir þessari vöru árið 1949, og verður ekki séð, að hann hafi haft nein leyfi annarra aðilja til afnota við innflutning þenna. Verður því að telja, að ákærða hafi verið þessi tollafgreiðsla óheimil.

k. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, handlaugar og baðker, að fobverði samtals kr. 21.856.00.

Tollreikningar um vörur þessar eru dagsettir 1. júlí 1949, en á þeim eru ekki tilgreind nein innflutningsleyfi.

Helgi Benediktsson átti þessi leyfi árið 1949:

A nr. 27111. Út gefið 25/1 1949. Frakkland. Handlaugar, baðker o. fl. ..... kr. 5.000.00
A nr. 28620. Út gefið 15/2 1949. Frakkland. Handlaugar, baðker o. fl. ..... — 7.000.00
A nr. 42051. Út gefið 27/6 1949. Ítalía. Handlaugar, baðker o. fl. ..... — 3.000.00
B nr. 10557. Út gefið 24/1 1949. Bretland. Hreinlætistæki ..... — 12.500.00

Af rannsókn málsins er ljóst, að A-leyfi nr. 27111 og B-leyfi nr. 10557 voru fullnotuð við innflutning vara, tollafgreiddra fyrr á árinu, og hafa því þegar af þeirri ástæðu verið ónothæf við þenna innflutning. Hin leyfin eru bæði gefin út til innflutnings vara frá öðrum löndum en umræddar vörur voru frá. Voru þau því ónothæf í þessu tilviki. Hefur ákærði því tollafgreitt vörur þessar heimildarlaust.

l. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi

með skipi sínu v/s Helga Helgasyni, VE 343, fataefni og aðra vefnaðarvöru, að fobverði samtals kr. 20.213.43.

Tollreikningar um vörur þessar eru dagsettir 30. maí 1949, og eru engin leyfi tilgreind á þeim.

Helgi Benediktsson átti þessi vefnaðarvöruleyfi 1949:

A nr. 35068	Út gefið 27/4 1949. Holland. Vefnaðarvörur	kr.	9.700.00
A nr. 35069.	Út gefið 27/4 1949. Bretland. Vefnaðarvörur	—	6.100.00
A nr. 35070.	Út gefið 27/4 1949. Tékkóslóvakía. Vefnaðarvörur	—	6.100.00
A nr. 35071.	Út gefið 27/4 1949. Frakkland. Vefnaðarvörur	—	2.500,00
A nr. 48862.	Út gefið 7/12 1949. Bretland. Vefnaðarvörur	—	6.200.00
A nr. 48863.	Út gefið 7/12 1949. Tékkóslóvakía. Vefnaðarvörur	—	6.200.00
A nr. 48864.	Út gefið 7/12 1949. Ítalía. Vefnaðarvörur	—	6.300.00
A nr. 26400.	Framl. 24/1 1949. Holland. Vefnaðarvörur	—	2.150.00
A nr. 26501.	Framl. 24/1 1949. Bretland. Vefnaðarvörur	—	4.300.00

Um A nr. 35069, A nr. 48862 og A nr. 26501 ræðir hér rétt á eftir, en um önnur þessara leyfa er það að segja, að þau voru öll gefin út á annað land en umræddar vörur voru fluttar frá. Má og geta þess, að rannsóknin leiddi í ljós, að þau höfðu einnig öll, að undanteknu A nr. 35071, verið notuð við annan innflutning Helga Benediktssonar en þann, er hér ræðir um, tollafgreiddan ýmist fyrir eða eftir tollafgreiðslu hans. Af þessum ástæðum voru leyfi þessi ónothæf í þessu tilviki.

Um leyfin A nr. 35069, A nr. 48862 og A nr. 26501 er þetta að athuga:

A nr. 26501 var fullnotað fyrir innflutningi fataefna frá Bretlandi með e/s Brúarfossi í janúar 1949, tollafgreiddum 13. apríl s. á. Auk þess voru þetta sama leyfi og A 35069 fullnotuð við innflutning gólfdregla þeirra, er ræðir um undir ad. o hér á eftir, tollafgreiddan 2. júní 1949.

A nr. 48862 var notað við innflutning vefnaðarvöru frá Bret-

landi með e/s Dettifossi í nóvember 1949, er tollafgreiddur var 15. desember 1949.

Er ljóst af því, sem rakið hefur verið, að ekkert leyfa þeirra, er Helgi Benediktsson átti sjálfur, hefur verið notað við þenna innflutning. Eru heldur engar líkur til þess eftir gögnum málsins, að hann hafi haft til afnota leyfi, út gefin til annarra aðilja, í sambandi við innflutninginn. Verður því talið, að tollafgreiðsla sú, sem hér ræðir um, hafi verið ákærða óheimil.

m. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, „fittings", að fobverði kr. 3305.03.

Tollreikningur um vörur þessar er dagsettur 1. júní 1949, en á honum er ekki tilgreint neitt innflutningsleyfi.

Helgi Benediktsson átti þessi leyfi fyrir slíkum vörum 1949:

A nr. 28619. Út gefið 15/2 1949. Bretland. Fittings o. fl. ..... kr. 10.000.00
A nr. 41591. Út gefið 20/6 1949. Ítalía. Pípuhlutar o. fl. ..... — 6.000.00

Síðara leyfið skiptir ekki máli, þar eð það hljóðar um innflutning frá öðru landi en varan var frá.

Fyrrnefnda leyfið var nothæft við þenna innflutning. Verður því að ætla, að það hafi verið notað við hann og umrædd tollafgreiðsla verið réttilega framkvæmd að öðru leyti en því, að ákærða hafi láðst að rita deili leyfisins á tollreikninginn.

n. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, miðstöðvarofna, að fobverði kr. 11.666.37.

Tollreikningur um vöru þessa er dagsettur 31. desember 1949, og er ekki tilgreint á honum neitt innflutningsleyfi.

Helgi Benediktsson átti þetta leyfi:

A nr. 28621. Út gefið 15/2 1949. Frakkland. Miðstöðvar o. fl. ..... kr. 10.000.00

Það hæfði ekki þessum innflutningi, og með því að ekkert þykir benda til þess, að neitt annað hæft leyfi hafi verið notað við hann, þá verður að telja, að ákærði hafi tollafgreitt þessa vöru heimildarlaust.

o. Hinn 11. maí 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Englandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, gólfdregla, að fobverði kr. 10.518.25.

Tollreikningur um dregla þessa er dagsettur 2. júní 1949, og eru tilgreind á honum þessi leyfi:

A nr. 26501. Út gefið 24/1 1949. Bretland. Vefnaðarvara ..... kr. 4.300.00
A nr. 35069. Út gefið 27/4 1949. Bretland. Vefnaðarvara ..... — 6.100.00

Í ad. 1 er þess getið, að A nr. 26501 var fullnotað við tollafgreiðslu fataefna þegar hinn 13. apríl 1949. A nr. 35069 verður hins vegar eftir atvikum talið réttilega notað hér, enda var ekki gert ráð fyrir, að það hafi verið notað við vefnaðarinnflutninginn í ad. 1, og tollafgreiðsla hans alls talin óheimil, enda þótt hérgreint leyfi væri þá ónotað.

Af þessum ástæðum verður talið, að leyfi, að fjárhæð kr. 4418.25, hafi skort til þess, að ákærða væri heimil tollafgreiðsla gólfdregla þessara.

p. Hinn 17. júní 1949 flutti Helgi Benediktsson inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni, VE 343, veggflísar, að fobverði kr. 11.852.20.

Tollreikningur um vöru þessa er dagsettur 4. júlí 1949. Á honum er ekkert innflutningsleyfi tilgreint.

Helgi Benediktsson átti sjálfur engin leyfi fyrir veggflísum, og er ekkert leitt í ljós, er bendi til þess, að hann hafi við innflutning þenna haft til afnota nein leyfi annarra aðilja. Fyrir því verður að telja, að þessi tollafgreiðsla hafi verið ákærða óheimil.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í ad. a-p hér að framan, verður litið svo á, að í þeim tilvikum, er þar ræðir, hafi ákærði tollafgreitt vörur, inn fluttar af Helga Benediktssyni, að fobverði samtals kr. 282.284.73, án þess að í hendi væru lögboðin innflutningsleyfi.

2.Um ákærulið 3. Við athugun á tollreikningum þeim, sem fram hafa verið lagðir um innflutning Helga Benediktssonar árin 1948—1949, verður ljóst, að mjög oft eru engin innflutningsleyfi greind á þeim. Jafnframt hefur ákærði talið öruggt, að sér hafi oft á þessu tímabili láðst að tilgreina innflutningsleyfi á toll-

reikningum, þótt þau hefðu verið í hendi, þegar tollafgreiðslur fóru fram.

Af því, sem rakið var, varðandi ákærulið nr. 2 hér að framan, er ljóst, að í flestum tilvikum, sem innflutningsleyfi voru ekki greind á tollreikningunum, voru þau alls ekki í hendi við tollafgreiðslu og jafnframt engar líkur til þess, að Helgi Benediktsson gæti hafa haft slík leyfi til umráða. Slík tilvik voru tekin til athugunar í ákærulið nr. 2 og eiga því ekki hér heima, enda tekur þessi ákæruliður einungis til þeirra tilvika, er ákærði hefur vanrækt að rita innflutningsleyfi á tollreikninga, enda þótt þau væru til eða ætla mætti, að þau væru til við tollafgreiðslu. Verða þau tilvik, er undir þenna ákærulið falla, því tiltölulega fá af þessum ástæðum.

Verða þau nú talin:

a. Hinn 2. maí 1948 flutti Helgi Benediktsson inn með v/s Helga Helgasyni, VE 343, fjórar pianettur frá Bretlandi. Við tollafgreiðslu þeirra notaði ákærði m. a. A-leyfi nr. 616, sbr. ákærulið 2, ad. d. Leyfi þetta skráði hann þó ekki á tollreikninginn.

b. Helgi Benediktsson flutti inn asbestplötur frá Bretlandi með v/s Helga, VE 333, hinn 7. júní 1949 og með v/s Helga Helgasyni, VE 343, hinn 17. júní 1949. Voru þær tollafgreiddar 4. júlí 1949, og átti Helgi þá A-leyfi nr. 42295, út gefið 29. júní 1949, fyrir þakasbesti frá Bretlandi, sem ætla má, að notað hafi verið við tollafgreiðsluna. Ekki er leyfi þetta skráð á tollreikninginn. Ákærði telur sig hafa haft innflutningsleyfi í höndum við tollafgreiðslu þessa. Telja verður, að nýnefnt A-leyfi hafi verið í hendi við tollafgreiðsluna, en ákærði hafi vanrækt að færa það inn á tollreikninginn.

c. Helgi Benediktsson flutti inn „fittings" frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni 11. maí 1949. Er frá því greint í ad. m í ákærulið 2 hér að framan, að ætla verði, að við tollafgreiðslu vörunnar, er fram fór 1. júní 1949, hafi gilt innflutningsleyfi, A nr. 28619, verið í hendi. Ákærði hefur hins vegar vanrækt að rita það á tollreikninginn.

d. Við tollafgreiðslu kola og sements kom það fyrir nokkur skipti á umræddu tímabili, að ákærði greindi ekki innflutningsleyfi á tollreikningum, enda þótt ætla verði, að þau hafi verið til

við tollafgreiðslu, og ákærði telji einnig, að svo hafi verið. Má þar til nefna kol, inn flutt 25. febrúar, 12. og 17. marz og 5. maí 1949, og sement, inn flutt 7. júní 1949. Verður að telja, að ákærði hafi í öllum þessum tilvikum vanrækt að tilgreina innflutningsleyfi á tollreikningnum.

Af gögnum máls þessa verður ekki ráðið, að ákærði hafi í önnur skipti en þau, er greinir í ad. a—d hér að framan, vanrækt svo, að undir þenna ákærulið falli, að greina innflutningsleyfi á tollreikningum, þótt þau væru í hendi við tollafgreiðslu eða ætla megi, að svo hafi verið.

III.

Fyrr í dómi þessum er að því vikið, að vorið og sumarið 1948 hafði Viðskiptanefnd átt nokkur skeytaskipti við bæjarfógetaskrifstofuna í Vestmannaeyjum útaf innflutningi Helga Benediktssonar þá um vorið, en ekki taldi hún sig þó hafa fengið fullnægjandi vitneskju um hann og innflutningsleyfi þau, er notuð hefðu verið.

Hinn 15. júní 1948 sendi Viðskiptanefnd bæjarfógetanum svofellt símskeyti:

„Góðfúslega upplýsið, hvort búið er að tollafgreiða vörur með m/s Helga Helgasyni 2. og 20. maí s.l. Enn fremur með m/s Helga 27. maí s.l. Upplýsingar óskast um, á hvaða innflutningsleyfanúmer vörur þessar eru fluttar inn. Viðskiptanefndin".

Símskeyti þessu svaraði ákærði með svofelldu símskeyti hinn 18. júní 1948:

„Erum að tollafgreiða vörur með Helga Helgasyni 2. og 20. maí og með Helga 27. maí s.l. Leyfanúmer A 7118 — 8650 — 10 734 — 5984 — 6944 — 4845 —4844 — 7831 — 9828 — 6263 — 7836 — 4850 — 4034 — 721 — 6264 — 6766 — B 4790 — 3828 — 1827 — 3994 — 9829. Bæjarfógeti".

Í rannsókn málsins kom upp, að hér var að verulegu leyti rangt frá skýrt um leyfin, er notuð höfðu verið við umræddar tollafgreiðslur. Þrátt fyrir það, sem í símskeytinu segir, var ekkert neðangreindra leyfa, sem öll voru út gefin til Helga Benediktssonar, notuð við tollafgreiðslurnar:

A nr. 4850.	Út gefið 24/2 1948. Bretland. Dragnótatóg	kr.	13.000.00
A nr. 5984.	Út gefið 9/3 1948. Holland. Efnivörur til skósmíða	—	5.000.00
A nr. 6263.	Út gefið 15/3 1948. Bretland. Trollgarn	—	8.000.00
A nr. 6264.	Út gefið 15/3 1948. Bretland. Snyrpinótablý	—	3.000.00
A nr. 6766.	Út gefið 22/3 1948. Bretland. Dragnótateinatóg	—	5.000.00
A nr. 7118.	Út gefið 31/3 1948. Bretland. Vinnuvettlingar	—	1.300.00
A nr. 7831.	Út gefið 7/4 1948. Bretland. Vélareimar	—	2.000.00
A nr. 7836.	Út gefið 7/4 1948. Bretland. Reimlásar	—	1.000.00

Aftur á móti voru þau leyfi, er nú greinir, notuð við tollafgreiðslur þessar, þótt þeirra væri ekki getið í umræddu símskeyti:

A nr. 3169.	Út gefið 21/1 1948. Frakkland. Miðstöðvarofnar, handlaugar o. fl.	kr.	15.000.00
A nr. 4843.	Út gefið 24/2 1948. Bretland. Bjargbelti	—	1.500.00
A nr. 5000.	Út gefið 24/2 1948. Bretland. Fiskilína	—	40.000.00
A nr. 5349.	Út gefið 2/3 1948. Bretland. Sement	—	20.000.00
A nr. 10735.	Út gefið 10/5 1948. Bretland. Sement	—	25.000.00
A nr. 12894.	Út gefið 8/6 1948. Holland. Nærfatnaður	—	5.000.00
A nr. 15815.	Út gefið 22/11 1947. Bretland. Reknetjaslanga	—	8.000.00
A nr. 16276.	Út gefið 29/11 1947. Bretland. Snyrpinótaslöngur	—	100.000.00
B nr. 3894.	Út gefið 21/4 1948. U.S.A. Ísskápur	—	1.000.00

Leyfi þessi eru öll gefin út til Helga Benediktssonar, nema A nr. 5000, sem gefið er út til Jónsson & Júlíusson, Garðastræti 2, Reykjavík, og B nr. 3894, sem gefið er út til Sveins Jónssonar sjómanns, Túngötu 43, Reykjavík.

Að öðru leyti en hér hefur verið greint, var rétt skýrt frá um leyfanotkun í sambandi við umræddan innflutning, sem allur var frá Bretlandi.

Þær vörur, er inn voru fluttar með skipum Helga Benediktssonar þau skipti, er fyrirspurnarskeyti Viðskiptanefndar hljóðaði um, voru: kol, sement, linoleumgólfdúkur, pianettur, vefnaðarvörur ýmiss konar, hreinlætistæki, skór, gler, veiðarfæri og kyndingartæki. Er því ljóst, að hvorki þau leyfi, er ákærði tjáði Viðskiptanefndinni, að notuð væru við tollafgreiðsluna, né þau, er hann raunverulega notaði, voru nægjanleg við þenna innflutning. Má telja, að báðir leyfaflokkarnir hafi verið nokkurn veginn jafnófullnægjandi.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að þegar símskeytið 15. júní 1948 frá Viðskiptanefndinni hafi borizt, hafi hann haft í höndum allmikinn leyfabunka frá Helga Benediktssyni. Hafi hann flett aðflutningsskýrslunum um hinar umræddu vörur og síðan gert sér lauslega grein fyrir, hver af leyfum þeim, er hann hafði frá nefndum Helga, væru nothæfust við tollafgreiðslu varanna. Eftir þá lauslegu athugun hafi hann sent símskeytið 18. júní 1948. Við síðari og nánari athugun á hinum fyrirliggjandi leyfum hafi hann þó talið, að ýms þeirra hæfðu betur umræddum innflutningi en þau, er hann hefði greint í símskeytinu 18. júní 1948. Hafi þannig orðið sú raunin á, að hann hafi að verulegu leyti notað önnur leyfi við umræddar tollafgreiðslur en í skeytinu greindi.

Af því, sem áður er sagt um vanhæfi þeirra leyfa, er í símskeytinu 18. júní 1948 greindi, og þeirra, er notuð voru við tollafgreiðslurnar, verður ekki ætlað, að ákærði hafi skýrt rangt frá í nýnefndu símskeyti í því skyni að telja Viðskiptanefndinni, er hafði í höndum farmskrár um vörurnar, trú um, að betur hæf innflutningsleyfi væru til afnota við umræddar tollafgreiðslur en raun var á. Verður og heldur ekki talið, að verknaður hans hafi verið til þess fallinn að afvegaleiða nefndina, enda mátti henni vera ljóst eftir móttöku umræddrs símskeytis, að leyfin, er til afnota voru við tollafgreiðslurnar, voru með öllu ófullnægjandi. Samt sem áður bar ákærða að skýra nefndinni rétt frá um leyfanotkunina, og er sú afsökun, er hann ber fram um þessa hegðun sína, ekki næg til að réttlæta hana.

IV.

Samkvæmt því, sem greinir í I hér að framan, verður ákærða hvorki dæmd refsing, réttindasvipting né skaðabótagreiðsla eftir 1. lið ákæruskjalsins.

Samkvæmt því, sem greinir í II, 1, hér að framan, verður að refsa ákærða fyrir þargreind brot, er teljast varða við 140. og 141. gr. laga nr. 19/1940, 1. mgr. 11. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 21. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Samkvæmt því, sem greinir í II, 2, hér að framan, verður að refsa ákærða fyrir þargreind brot, er teljast varða við sömu greinar laga nr. 19/1940 og nefndar voru og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947.

Samkvæmt því, sem greinir í III hér að framan, verður að refsa ákærða fyrir þargreint brot, er telst varða við 146. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærða fyrir öll brotin þykir í einu lagi hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins, skal í stað hennar koma 100 daga varðhald.

Þá þykir eftir öllum atvikum rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Það skal tekið fram, að fjárhæð sektarinnar og skilorðsbinding dómsins er hvort tveggja ákveðið með það í huga, að ákærði var sviptur stöðu sinni bótalaust þegar í rannsókn málsins, að hann hefur bætt fyrir brot sín að því leyti, sem það var mögulegt, sbr. I. kafla dómsins, og að framkoma hans í rannsókninni var slík, að hann vann eftir beztu getu að því, að brot hans kæmu sem skýrast í ljós.

Þá ber eftir málavöxtum að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Gunnars Þorsteinssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 8000.00.

Dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af því, að skjöl máls þessa og framangreinds máls gegn Helga Benediktssyni eru flest sameiginleg fyrir bæði málin. Þau hafa til skamms tíma verið í stöðugri notkun í málinu gegn Helga, og hefur dómari þessa máls því ekki fengið þau til afnota, fyrr en fyrir skömmu að lokið var uppkvaðningu héraðsdóms í málinu: Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Bogason, greiði 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 100 daga varðhald í stað sektarinnar, verði

hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Fullnustu refsingarinnar skal þó fresta og hún niður falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 8000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. júní 1956.

Nr. 85/1955. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Helga Benediktssyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn löggjöf um innflutning, gjaldeyri, verðlag, bókhald, rangar skýrslur og meiðyrði. Eignarupptaka. Réttarfarssekt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er réttilega lýst í héraðsdómi og þau réttilega færð til lagaákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 280.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald tólf mánuði í stað sektar, ef hún greiðist eigi, áður en fjórar vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs hagnaðar, sekt á hendur Sigurði E. Ólasyni hæstaréttarlögmanni og ómerkingu ummæla hans staðfestast.

Ákærði greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 85.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Benediktsson, greiði kr. 280.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 mánuði í stað sektar, ef hún verður eigi greidd, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs hagnaðar, sekt á hendur Sigurði E. Ólasyni hæstaréttarlögmanni og ómerkingu ummæla hans staðfestast.

Ákærði greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 85.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel sekt Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns fyrir meiðyrði þau, sem í héraðsdómi greinir, hæfilega ákveðna kr. 600.00, og komi varðhald 4 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd, fyrr en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meirihluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. maí 1955.

Mál þetta, sem hefur verið skriflega flutt og var tekið til dóms 13. maí s.l., er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 16. apríl 1952, á hendur Helga Benediktssyni kaupmanni, Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum. Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærði í máli þessu sakaður um:

I. Að hafa flutt inn til landsins með skipi sínu v/s Helga Helgasyni, VE 343, hinn 2. og 24. maí 1948 mun meira magn af linoleumgólfdúk en hann hafði innflutningsleyfi fyrir.

II. Að hafa flutt inn hingað til landsins 4 „pianettur“ án

réttra og nægilegra innflutningsleyfa hinn 2. maí 1948 með v/s Helga Helgasyni.

III. Að hafa á tímabilinu 2. maí 1948 til 1. júní s. á. flutt inn með skipum sínum v/s Helga, VE 333, og v/s Helga Helgasyni meira magn af vefnaðarvöru heldur en hann hafði innflutningsleyfi fyrir.

IV. Að hafa hinn 24. maí 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga Helgasyni skótau án þess að hafa innflutningsleyfi.

V. Að hafa hinn 24. maí 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga Helgasyni rúðugler án þess að hafa fyrir því innflutningsleyfi.

VI. Að hafa hinn 1. júní 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga 10 olíukyndingartæki án nauðsynlegs innflutningsleyfis.

VII. Að hafa hinn 25. febrúar 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga fjóra kvenloðfeldi án tilskilinna innflutningsleyfa.

VIII. Að hafa hinn 11. maí 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni án nægilegra innflutnings- og gjaldeyrisleyfa þvottavélar og þvottapotta.

IX. Að hafa í sama skipti og undir tölulið VIII greinir flutt inn til landsins rafmagnseldavélar, vatnsgeyma, handlaugar, fataefni, „fittings", baðker, vefnaðarvöru, miðstöðvarofna og gólfdregla, allt án tilskilinna innflutningsleyfa.

X. Að hafa hinn 17. júní 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni veggflísar án nægilegs innflutningsleyfis.

XI. Að hafa í febrúarmánuði 1948 flutt inn til landsins með e/s Lyngaa 1000 borðstofustóla án tilskilinna innflutningsleyfa.

XII. Að hafa í septembermánuði 1949 flutt inn til landsins með e/s Brúarfossi 1000 borðstofustóla án tilskilinna innflutningsleyfa.

XIII. Að hafa hafið sölu á linoleumgólfdúk, „pianettum" og fataefnum, inn fluttum með v/s Helga Helgasyni 2. maí 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.

XIV. Að hafa hafið sölu vatnssalerna, linoleumgólfdúks, flónels, fataefna, rúðuglers og karlmannsskóa, alls inn flutts með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta voru afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.

XV. Að hafa hafið sölu shirtings, fataefna, snyrpinótastykkja og olíukyndingartækja, inn fluttra með v/s Helga 1. júní 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta voru afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.

XVI. Að hafa ráðstafað fjórum kvenloðfeldum, inn fluttum með v/s Helga 25. febrúar 1949, svo og sex af áðurgreindum olíukyndingartækjum án greiðslu lögmætra aðflutningsgjalda.

XVII. Að hafa selt eftirtalinn varning, inn fluttan til landsins með skipunum v/s Helga og v/s Helga Helgasyni á tímabilinu 12. apríl 1948 til 9. maí 1950, án þess að leita staðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði:
Sement úr fimm ferðum, hinn 18. apríl 1948, 2. maí 1948, 9. maí 1948, 7. júní 1949 og 17. júní 1949, kol úr átján ferðum, 12. apríl 1948, 18. s. m., 9. maí s. á., 24. maí s. á., 1. júní s. á., 25. febrúar 1949, 12. marz s. á., 17. marz s. á., 30. marz s. á., 12. apríl s. á. (tveir farmar), 5. maí s. á., 11. s. m. og 17. júní s. á., 12. febrúar 1950, 28. s. m., 9. apríl s. á. og 9. maí s. á., olíukyndingartæki og snyrpinótastykki 1. júní 1948, „pianettur" hinn 2. maí s. á., „sisaltóg" og kvenloðfeldi 25. febrúar 1949, netjakúlur 12. apríl 1949, snowcem hinn 11. maí 1949 og snyrpinótastykki hinn 17. júní 1949.

XVIII. Að hafa selt eftirtalinn varning, áður en útsöluverð hans var samþykkt af verðlagsyfirvöldum, inn fluttan til landsins með greindum skipum á tímabilinu 2. maí 1948 til 1. júní s. á.:
Linoleumgólfdúk og fataefni hinn 2. maí 1948, vatnssalerni, linoleumgólfdúk, flónel, fataefni, karlmannaskó og rúðugler, flutt inn til landsins hinn 24. maí 1948, „shirting" og fataefni, inn flutt til landsins hinn 1. júní 1948.

XIX. Að hafa hinn 17. júní 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni fólksbifreið í heimildarleysi og nota við innflutning þenna innflutningsleyfi, út gefið til annars manns.

XX. Að hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1947 til 1. júlí 1950 selt of háu verði varning þann, er greindur er á dómskjali nr. 300, skýrslu starfsmanna verðgæzlustjóra, sbr. bréf hans, dags. 14. júlí og 17. ágúst 1951, dómskjöl nr. 229 og 303. Ákæruatriðin samkvæmt þessum lið eru nú þessi, sbr. bréf Dómsmálaráðuneytisins, dags. 31. marz 1955:

Nr.	Verðtreikningur. Nr.	Tollað	Sala hafin	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð	Verð, staðfest af Ó. S.	Mismunur pr. einingu	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
1	1	3/1 '48		Hallmarkssísall	5.70	5.50	5.17	0.20	1465 kg.	1465 kg	293.00
2	1	—		—	5.70	5.40	5.09	0.30	1324 —	1324 kg	397.00
3	2	—		—	5.70	5.40		0.30	4441 —	4441 kg	1332.30
4	3	—		Sisal Seini Rope	5.20	5.05	4.77	0.15	2150 —	2150 kg	322.50
5	7	15/3 '48		Hamp Rope	5.20	4.75		0.45	1278 —	1278 kg	575.10
6	8	—		Dragnótatóg	19384.50	19125.50	19384.50				259.00
7	11	30/3 '48		Samlagningarvélar	1934.15	1624.76	1934.15	309.39	10 stk.	10 stk.	3093.92
8	12	—		Ísskápar	1947.00	1937.15	1947.10	9.85	10 stk.	10 stk.	98.50
9	15	25/4 '48		Seglastrigi	15.25	13.60	15.25	1.65	563 m	563 m	928.95
10	15	—		—	14.55	13.00	14.55	1.55	580 m	580 m	899.00
11	16	1/5 '48		Rafeldavélar	1509.00	1480.00	1479.07	29.00	35 stk.	35 stk.	1015.00
12	19	3/7 '48	2/6 '48	Klósett	685.00	600.00	598.80	85.00	50 stk.	50 stk.	4250.00
13	20	—	Maí	Black Suiting	103.40	80.75	78.50	22.65	59¾ m	59¾ m	1353.34
14	20	—	—	P. & P. —	102.15	70.30	65.07	31.85	56½ m	56½ m	1799.53
15	20	—	31/5 '48	Indigó —	105.55	87.65	85.30	17.90	29 m	29 m	519.10
16	21	5/7 '48	—	Woolen Tissues	98.00	80.15	78.95	17.85	295 m	295 m	5270.21
17	22	—	28/5 '48	Flónel	13.20	7.10	6.94	6.10	1025 m	1025 m	6252.50
18	23	—	31/5 '48	Fataefni	565.00	362.60	359.35	202.40	6 stk.	6 stk.	1214.40
19	23	—	—	—	575.00	369.40	366.05	205.60	6 stk.	6 stk.	1233.60
20	23	—	—	—	560.00	377.70	359.05	182.30	6 stk.	6 stk.	1093.80
21	23	—	—	—	606.00	398.70	385.95	216.30	2 stk.	2 stk.	432.60

22	23	—	—	—	725.00	513.80	441.80	211.20	2 stk.	2 stk.	422.40
23	23	—	—	—	575.00	369.45	366.20	205.55	10 stk.	10 stk.	2055.50
24	23	—	—	—	477.75	432.45	428.35	45.30	2 stk.	2 stk.	90.60
25	23	—	—	—	500.00	452.70	452.15	47.30	4 stk.	4 stk.	189.20
26	23	—	—	—	477.75	385.00	381.45	92.75	2 stk.	2 stk.	185.50
27	23	—	—	—	500.00	446.05	441.70	53.95	4 stk.	4 stk.	215.80
28	23	—	—	—	477.75	428.55	426.10	49.20	8 stk.	8 stk.	393.60
29	23	—	—	—	554.00	355.95	352.65	198.05	6 stk.	6 stk.	1188.30
30	23	—	—	—	500.00	464.10	459.55	35.90	2 stk.	2 stk.	71.80
31	23	—	—	—	477.75	432.40	428.35	45.35	4 stk.	4 stk.	181.40
32	23	—	—	—	477.75	432.40	428.35	45.35	6 stk.	6 stk.	272.10
33	23	—	—	—	477.75	403.20	399.55	74.55	6 stk.	6 stk.	447.30
34	23	—	—	—	477.75	401.30	397.50	76.45	15 stk.	15 stk.	1146.75
35	23	—	—	—	477.75	412.30	408.15	65.45	2 stk.	2 stk.	130.90
36	24	—	2/6 '48	Karlmannaskór	95.00	69.00	67.75	26.00	173 pr.	173 pr.	4498.00
37	26	—	Sept.'48	Gler	1265.00	991.00	990.05	274.00	30 ks.	30 ks.	8220.00
38	26	—	—	—	1265.00	943.00	942.45	322.00	10 ks.	10 ks.	3220.00
39	27	—	1/6 '48	Worsted Suiting	98.20	77.20	73.05	21.00	368 m	368 m	7728.00
40	29	—		Snyrpinótastykki	1501.45	1421.55	1501.45	79.90	2 stk.	2 stk.	159.80
41	29	—		—	1001.00	947.70	1001.00	53.30	4 stk.	4 stk.	213.20
42	29	—		—	1020.45	966.15	1020.45	54.30	2 stk.	2 stk.	108.60
43	29	—		—	700.80	663.50	700.80	37.30	2 stk.	2 stk.	74.60
44	29	—		—	726.40	687.75	726.40	38.65	2 stk.	2 stk.	77.30
45	29	—		—	951.30	900.65	951.30	50.65	2 stk.	2 stk.	101.30
46	29	—		—	1238.15	1170.30	1238.15	67.85	2 stk.	2 stk.	135.70
47	29	—		—	182.90	173.15	182.90	9.75	2 stk.	2 stk.	19.50
48	29	—		—	853.45	808.00	853.45	45.45	1 stk.	1 stk.	45.45

49	29	—		—	1825.75	1728.55	1825.75	97.20	1 stk.	1 stk.	97.20
50	29	—		—	248.45	235.20	248.45	13.25	2 stk.	2 stk.	26.50
51	29	—		—	319.15	302.15	319.15	17.00	1 stk.	1 stk.	17.00
52	30	—	9/6 '48	Coloured Cottons	17.50	11.35	11.22	6.15	2245 m	2245 m	13806.75
53	31	—		Fataefni	361.00	277.45	272.90	83.55	6 stk.	6 stk.	501.30
54	31	—	13/10 '48	—	378.00	300.55	294.40	77.45	6 stk.	6 stk.	464.70
55	31	—	27/9 '48	—	439.40	323.65	315.95	115.75	10 stk.	10 stk.	1157.50
56	31	—		—	361.00	275.05	271.10	85.95	2 stk.	2 stk.	171.90
57	31	—	17/10 '48	—	378.00	291.25	285.95	86.75	2 stk.	2 stk.	173.50
58	31	—		—	361.00	282.00	380.00	79.00	2 stk.	2 stk.	158.00
59	31	—		—	439.40	326.00	320.15	113.40	1 stk.	1 stk.	113 40
60	31	—		—	361.00	256.65	253.65	104.35	1 stk.	1 stk.	104.35
61	32	16/7 '48	Júní	Sisal Trawl Twine	7.50	7.30	6.65	0.20	2722 kg	1400 kg.	280.00
62	32	—	—	—	7.50	7.00	6.40	0.50	1361 kg	700 kg	350.00
63	34	—	16/7 '48	Vírnet	87.50	77.65	Óverðstf.	9.85	200 rl.	200 rl.	1970.00
64	35	17/9 '48	27/9 '48	Kjólaefni	7.50	6.50	6.60	1.00	1328 m	1328 m	1328.00
65	35	—	7/10 '48	—	12.00	7.70	7.50	4.30	864 m	864. m	3715.00
66	38	27/10 '48	29/10 '48	Olíudúkur	13.00	8.75	9.90	4.25	375 m	375 m	1593.75
67	38	—	5/11 '48	—	14.00	10.15	9.90	3.85	1211 m	1211 m	4662.35
68	43	15/11 '48	15/11 '48	Karlmannaföt	440.00	433.70	437.95	6.30	38 sett	38 sett	239.40
69	43	—	—	—	465.00	457.80	462.20	7.20	15 sett	15 sett	108.00
70	43	—	—	—	585.00	543.85	549.20	41.15	5 sett	5 sett	205.75
71	43	—	—	—	585.00	578.25	583.95	6.75	15 sett	15 sett	101.25
72	43	—	—	—	465.00	440.60	444.90	24.40	5 sett	5 sett	122.00
73	43	—	—	—	585.00	506.00	510.95	79.00	20 sett	20 sett	1580.00
74	43	—	—	—	465.00	454.35	458.80	10.65	10 sett	10 sett	106.50
75	44	16/11 '48		Ýmsar járnvörur	44536.65	43023.30	44536.65	1513.35	Skv.f.	Skv.f.	1513.35

76	45	—	16/8 '48	Aluminiumplötur	38.36	34.50	38.36	3.86	780 stk.	780 stk.	3010.80
77	46	17/11 '48	Des. '48	Blackvarnish	2.40	2.30	2.12	0.10	1097 kg	1097 kg	109.70
78	46	—	—	Carbolineum	2.40	2.15	2.00	0.25	975 kg	975 kg	243.75
79	46	—	—	Tjara	3.00	2.50	2.33	0.50	1080 kg	1080 kg	540.00
80	47	24/11 '48		Þvottavélar	1418.00	1397.00	1418.00	21.00	12 stk.	12 stk.	252.00
81	47	—		—	1257.00	1235.50	1257.00	21.50	5 stk.	5 stk.	107.50
82	47	—		—	1144.00	1121.50	1144.00	22.50	8 stk.	8 stk.	180.00
83	48	27/11 '48	—	Barnaskór	28.50	27.60	27.60	0.90	200 pr	200 pr.	180.00
84	50	30/11 '48	—	Sisaltóg	5.70	5.55	5.60	0.15	2584 kg	1300 kg	195.00
85	51	—	—	Karlmannastígvél	92.80	90.40	90.40	2.40	60 pr.	60 pr.	144.00
86	52	—	—	Barnastígvél	33.70	30.70	30.70	3.00	96 pr.	96 pr.	288.00
87	53	—	—	Kvenbomsur	87.00	81.00	80.25	6.00	48 pr.	38 pr.	228.00
88	55	5/1 49	10/1 '49	Íborinn dúkur	13.00	8.70		4.30	713.9 m	713.9 m	3069.77
89	59	3/3 '49		Sængurdúkur	16.00	15.55	15.55	0.45	90 m	90 m	40.50
90	64	Marz '49	23/3 '49	Handlaugar m/ tilheyrandi	257.00	236.05	245.61	20.95	30 stk.	30 stk.	628.50
91	64	—	—	—	242.50	223.05	231.13	19.45	30 stk	30 stk.	583.50
92	64	—	—	—	242.50	210.00	216.64	32.50	35 stk	35 stk.	1137.50
93	67	2/4 '49		Stálvír	5.50	5.35	5.50	0.15	1531 kg	1531 kg	229.65
94	70	13/4 '49		Fataefni	97.00	79.05	79.05	17.95	265 m	265 m	4756.75
95	70	—		—	97.00	86.10	86.10	10.90	134 m	134 m	1460.60
96	70	—		—	97.00	81.65	81.66	15.35	201 m	201 m	3085.35
97	73	17/5 '49	17/5 '49	Karlmannaskór	115.00	114.60	114.60	0.40	150 pr.	150 pr.	60.00
98	74	30/5 '49	3/6 '49	Spun Rayon	22.20	21.90		0.30	180 m	180 m	54.00
99	74	—	—	Voile Nylon	22.90	22.70		0.20	205.7 m	205.7 m	41.14
100	74	—	—	Fancy Nylon	23.65	22.45		1.20	453.2 m	453.2 m	543.84
101	74	—	—	Cheverson Tweed	41.70	40.55		1.15	67.3 m	67.3 m	77.40
102	75	—	2/6 '49	Fataefni	102.15	85.95	88.80	16.20	274 m	274 m	4438.80

103	76				Unionar ½"	24.20	21.75	24.30	2.45	50 st.	50 stk.	122.50
104	76				— bronce ½"	28.50	25.50	28.50	3.00	100 st.	100 st.	300.00
105	76				— —	37.15	33.25	37.15	3.90	50 st.	50 st.	195.00
106	76				Woodworkers Vices	147.20	131.80	147.19	15.40	4 st.	4 st.	61.60
107	76				—	103.75	92.90	103.75	10.85	4 st.	4 st.	43.40
108	77			4/6 '49	Baðker m/tilheyrandi	1023.00	980.00	1023.00	42.65	30 st.	30 st.	1279.50
109	78	1/6 '49			Þvottavélar	1784.00	1504.75	1784.15	279.25	25 st.	25 st.	6981.25
110	78	—		9/6 '49	Þvottapottar	785.00	551.40	785.00	233.60	25 st.	25 st.	5840.00
111	79	2/6 '49		17/6 '49	Dregill	32.00	24.50	28.40	7.50	463.2 m	463.2 m	3474.00
112	80	—		8/6 '49	—	27.40	24.20	27.40	3.20	1000 m	1000 m	3200.00
113	82	—		7/6 '49	Vatnssalerni	724.50	622.50	724.48	102.00	20 stk.	20 stk.	2040.00
114	83	—			Rafmagnseldavélar	1960.00	1518.55	1960.17	441.45	5 stk.	5 stk.	2207.25
115	83	—			—	1825.00	1413.45	1824.47	411.55	5 stk.	5 stk.	2057.75
116	83	—		1/7 '49	Rafsuðuplötur	435.00	280.35	361.88	154.65	12 stk.	12 st.	1855.80
117	84	4/6 '49		8/6 '49	Hitavatnsgeymar	403.00	342.50	402.55	60.50	30 stk.	30 stk.	1815.00
118	85	1/6 '49		9/6 '49	Handlaugar	287.00	243.00	286.77	44.00	50 stk.	50 stk.	2200.00
119	85	—		—	—	267.50	224.85	265.32	42.65	50 stk.	50 stk.	2132.50
120	88	4/7 '49		5/7 '49	Þakplötur	30.00	21.00		9.00	948 pl.	948 pl.	8532.00
121	88	—		—	—	27.00	18.90		8.10	947 pl.	947 pl.	7670.70
122	89	—		—	Veggflísar	1.65	1.20	1.65	0.45	20016	20016	9007.20
123	90	10/8 '49		19/7 '49	Fataefni	81.50	71.75	71.75	9.75	144.2 m	144.2 m	1405.95
124	90	—		—	—	81.50	67.85	67.85	13.65	73 m	73 m	996.45
125	91	15/8 '49		16/8 '49	Segldúkur	18.50	13.40	14.87	5.10	2719½ m	2719½ m	13869.45
126	92	24/8 '49	ca	30/8 '49	Hakkavélar nr. 8	30.25	36.15	36.15	2.10	30 stk.	30 stk.	63.00
127	92	—		—	— — 10	49.60	48.70	48.70	0.90	30 stk.	30 stk.	27.00
128	93	20/8 '49		—	Kranar nr. 9 ¾"	114.60	71.25	114.60	43.35	96 stk.	96 stk.	4161.60
129	93	—		—	Loftventlar nr. 7M	4.40	2.75	4.40	1.65	500 stk.	500 stk.	825.00

130	93	—	—	Lyklar		4.60	2.85	4.60	1.75	100 stk.	100 stk.	175.00
131	94	—	—	Miðstöðvarofnar	221	412.55	326.55	412.55	86.00	5 stk.	5 stk.	430.00
132	94	—	—	—	24 L	449.85	356.25	449.85	93.60	8 stk.	8 stk.	748.80
133	94	—	—	—	261	487.55	385.90	487.55	101.65	6 stk.	6 stk.	609.90
134	94	—	—	—	281	524.70	415.60	524.70	109.10	4 stk.	4 stk.	436.40
135	94	—	—	—	301	562.15	445.30	562.15	116.85	4 stk.	4 stk.	467.40
136	94	—	—	—	321	599.65	475.00	599.65	124.65	4 stk.	4 stk.	498.60
137	94	—	—	—	341	637.10	504.65	637.10	132.45	4 stk.	4 stk.	529.80
138	95	2/9 '49	5/9 '49	Skrúflyklar	70	10.50	10.40	10.60	0.10	200 stk.	200 stk.	20.00
139	95	—	—	—	71	12.50	12.10	12.35	0.40	100 stk.	100 stk.	40.00
140	95	—	—	—	82	15.50	15.05	15.35	0.45	100 stk.	100 stk.	45.00
141	95	—	—	—	73	20.00	19.50	19.90	0.50	100 stk.	100 stk.	50.00
142	95	—	—	—	31	17.50	17.00	17.30	0.50	150 stk.	150 stk.	75.00
143	95	—	—	—	93	42.00	41.14	41.95	0.85	75 stk.	75 stk.	63.75
144	95	—	—	—	94	52.80	51.75	52.75	1.05	40 stk.	40 stk.	42.00
145	95	—	—	Primusar		93.80	82.65	93.80	11.15	10 stk.	10 stk.	111.50
146	95	—	—	—		252.90	222.80	252.87	30.10	5 stk.	5 stk.	150.50
147	96	5/9 '49		Tvisttau		10.50	9.85	9.85	0.65	542 m	542 m	352.30
148	98	21/9 '49	4/8 '49	Reiknivélar		1760.00	1594.05	1594.05	165.95	5 stk.	5 stk.	829.75
149	99	10/9 '49	12/9 '49	Baðmullarefni		7.90	4.60	4.60	3.30	3658 m	3658 m	12071.40
150	102	10/9 '49		Segldúkur		17.00	13.85	15.85	3.15	544.5 m	544.5 m	1715.17
151	101	19/8 '49	23/8 '49	Dúnhelt léreft		16.15	16.10	16.10	0.40	731 m	731 m	292.40
152	104	7/10 '49	8/10 '49	Veggflísar		118.75	79.40	Óverðstaðf.	39.35	278 ks.	278 ks.	10939.30
153	111	7/11 '49	ca 10/1 '49	Barnaskór hvítir		24.00	23.10	23.10	0.90	40 pr.	40 pr.	36.00
154	111	—	—	—		28.00	27.65	27.65	0.35	21 pr.	21 pr.	7.35
155	111	—	—	Telpuskór		40.00	35.45	35.45	4.55	14 pr.	14 pr.	63.70
156	111	—	—	—		46.00	40.80	40.80	5.20	16 pr.	16 pr.	83.20

157	111	—	—	—	56.80	45.35	45.35	11.45	12 pr.	12 pr.	137.40
158	111	—	—	Drengjaskór	35.00	30.40	30.40	4.60	13 pr.	13 pr.	59.80
159	111	—	—	—	56.80	45.35	45.35	11.45	15 pr.	15 pr.	171.75
160	111	—	—	—	56.80	45.05	45.05	11.75	12 pr.	12 pr.	141.00
161	111	—	—	Telpuskór	42.00	34.75	34.75	7.25	7 pr.	7 pr.	50.75
162	111	—	—	—	56.80	45.05	45.05	11.75	10 pr.	10 pr.	117.50
163	111	—	—	Barnaskór	26.75	21.90	21.90	4.85	20 pr.	20 pr.	97.00
164	111	—	—	—	35.90	25.35	25.35	10.55	22 pr.	22 pr.	232.10
165	111	—	—	—	26.75	21.90	21.90	4.85	20 pr.	20 pr.	97.00
166	111	—	—	—	35.00	25.40	25.40	9.60	21 pr.	21 pr.	201.60
167	111	—	—	Telpuskór	42.00	34.85	34.85	7.15	27 pr.	27 pr.	193.05
168	111	—	—	—	37.15	29.05	29.05	8.10	32 pr.	32 pr.	259.20
169	111	—	—	—	47.00	44.25	44.25	2.75	24 pr.	24 pr.	66.00
170	111	—	—	Barnaskór	35.00	26.85	26.85	8.15	23 pr.	23 pr.	187.45
171	112	15/12'49	16/12'49	Rayonefni	29.00	20.75	20.75	8.25	339 m	339 m	2796.75
172	112	—	—	Moss Crepe	29.00	20.90	20.90	8.10	371 m	371 m	3005.10
173	112	—	—	Pt. Satin	67.00	66.70	66.70	0.30	85 m	85 m	25.50
174	112	—	—	Rayon Cloque	29.00	20.75	20.75	8.25	331 m	331 m	2730.75
175	112	—	—	Carliste Brocade	38.50	38.20	38.20	0.30	138 m	138 m	41.40
176	112	—	—	Brocade	40.00	39.30	39.30	0.70	69 m	69 m	48.30
177	112	—	—	Printed Cretonne	38.00	27.35	27.35	10.65	56 m	56 m	596.40
178	112	—	—	Spot Georgette	14.00	11.95	11.95	2.05	168 m	168 m	344.40
179	112	—	—	Crepe Satin	29.00	21.50	21.50	7.50	121 m	121 m	907.50
180	112	—	—	Printed Moire	29.00	21.20	21.20	7.80	409 m	409 m	3190.20
181	112	—	—	Moss Crepe	29.00	20.90	20.90	8.10	376 m	376 m	3045.60
182	112	—	—	Brocade	31.00	22.85	22.85	8.15	280 m	280 m	2282.00
183	112	—	—	Trapestrys	31.00	30.30	30.30	0.70	112 m	112 m	78.40

184	112	—	—	Pillow Cottons	10.00	8.50	8.50	1.50	185 m	185 m	277.50
185	112	—	—	Marquisette	14.00	13.70	13.70	0.30	351 m	351 m	105.30
186	112	—	—	—	14.00	10.65	10.65	3.35	261 m	261 m	874.35
187	112	—	—	Frilled Spot Mustin	18.00	15.95	15.95	2.05	304 m	304 m	623.20
188	112	—	—	Fillemone Spun P.	16.00	14.55	14.55	1.45	885 m	885 m	1283.25
189	113	—	—	Lavenda wool	40.00	38.25	38.50	1.75	198 lbs.	198 lbs.	346.50
190	113	—	—	Baby wool	40.00	39.45	39.70	0.55	60 lbs	60 lbs.	33.00
191	113	—	—	Poplar wool	28.00	25.50	25.65	2.50	24 lbs.	24 lbs.	60.00
192	113	—	—	Poplar wool	28.00	25.50	25.65	2.50	96 lbs.	96 lbs.	240.00
193	114	—	—	Hnífar	16.60	14.80	16.60	1.80	600 stk.	600 stk.	1080.00
194	115	—	—	Fiskihnífar	8.95	7.75	8.95	1.20	600 stk.	600 stk.	720.00
195	115	—	—	Hnífar	9.20	8.00	9.20	1.20	300 stk.	300 stk.	360.00
196	115	—	—	—	7.80	6.75	7.80	1.05	120 stk.	120 stk.	126.00
197	115	—	—	—	5.75	5.00	5.75	0.75	420 stk.	420 stk.	315.00
198	115	—	—	Brýnisstál	13.50	10.70	12.40	2.80	240 stk.	240 stk.	672.00
199	117	22/12 '49		Excelsior Logs	388.40	376.45	388.40	11.95	6 stk.	6 stk.	71.70
200	117	—		— Logs Rotator	55.15	53.45	55.15	1.70	12 stk.	12 stk.	20.40
201	117	—		— — Lines	28.20	27.30	28.20	0.90	60 stk.	60 stk.	54.00
202	117	—		Cherup Logs	503.05	487.60	503.05	15.45	4 stk.	4 stk.	61.80
203	117	—		— — Rotator	75.80	73.45	75.80	2.35	12 stk.	12 stk.	28.20
204	117	—		— — Lines	117.75	114.15	117.75	3.60	24 stk.	24 stk.	86.40
205	118	28/12 '49	30/12 '49	Plastic Tablecovering	15.00	7.85	7.85	7.15	658 m	658 m	4704.70
206	118	—	—	Universal Plast	12.50	9.35	9.35	3.15	1093 m	1093 m	3442.95
207	118	—	—	Royal Plastic	12.50	12.30	12.30	0.20	110 m	110 m	22.00
208	118	—	—	Starton Damask	15.00	14.75	14.75	0.25	66 m	66 m	16.50
209	124	31/12 '49		Miðstöðvarofnar 10L	146.35	120.45	146.35	25.90	4 stk.	4 stk.	103.60
210	124	—		— 12L	175.70	145.25	175.70	30.45	4 stk.	4 stk.	121.80

211	124	—		— 14L	204.95	169.45	204.95	35.50	4 stk.	4 stk.	142.00
212	124	—		— 16L	234.20	193.65	234.20	40.55	2 stk.	2 stk.	81.10
213	124	—		— 2'0"×5½ 10L	165.35	145.25	165.35	20.10	4 stk.	4 stk.	80.40
214	124	—		— 2'0"×5½ 12L	198.45	174.30	198.45	24.15	4 stk.	4 stk.	96.60
215	124	—		— 14L	231.50	203.35	231.50	28.15	4 stk.	4 stk.	112.60
216	124	—		— 16L	264.60	232.40	264.60	32.20	8 stk.	8 stk.	257.60
217	124	—		— 18L	297.65	261.45	297.65	36.20	8 stk.	8 stk.	289.60
218	124	—		— 20L	330.70	290.50	330.70	40.20	8 stk.	8 stk.	321.60
219	124	—		— 22L	363.80	319.55	363.80	44.25	3 stk.	3 stk.	132.75
220	124	—		— 26L	429.20	377.65	429.20	51.55	2 stk.	2 stk.	103.10
221	123	—		Kranar 10½"	51.95	35.50	51.95	16.45	30 stk.	30 stk.	493.50
222	123	—		— 10¾"	63.15	43.15	63.15	20.00	60 stk.	60 stk.	1200.00
223	123	—		— 10 1"	79.95	54.65	79.95	25.30	12 stk.	12 stk.	303.60
224	123	—		— 9½"	87.10	59.50	87.10	27.60	30 stk.	30 stk.	828.00
225	123	—		— 9¾"	100.80	68.90	100.80	31.90	24 stk.	24 stk.	765.60
226	123	—		— 9 1"	117.55	80.35	117.55	37.20	30 stk.	30 stk.	1116.00
227	123	—		Loftventlar	4.40	3.00	4.40	1.40	300 stk.	300 stk.	420.00
228	126	17/2 '50	18/2 '50	Vélatvistur	7.50	6.55	6.55	0.95	864 kg	864 kg	820.80
229	127	—	—	Sjópokar	39.55	37.90	39.55	1.65	50 stk.	50 stk.	82.50
230	127	—	—	—	43.90	42.00	43.90	1.90	50 stk.	50 stk.	95.00
231	127	—	—	—	48.70	47.25	48.70	1.45	25 stk.	25 stk.	36.25
232	129	1/3 '50	Marz '50	Golfskór	55.00	52.60	49.65	2.40	60 pr.	60 pr.	144.00
233	129	—	—	Karlmannaskóhlífar	31.00	30.35	30.40	0.65	72 pr.	72 pr.	46.80
234	129	—	—	—	19.00	18.30	18.35	0.70	144 pr.	144 pr.	100.80
235	129	—	—	Barnaskór	10.00	9.85	9.30	0.15	48 pr.	48 pr.	7.20
236	129	—	—	—	13.00	11.20	10.55	1.80	60 pr.	60 pr.	108.00
237	129	—	—	Kvenskór	15.00	12.90	11.85	2.10	72 pr.	72 pr.	151.20

238	129	—	—	Karlmannaskór	15.00	14.50	13.70	0.50	36 pr.	36 pr.	18.00
239	129	—	—	—	35.50	33.90	32.00	1.60	48 pr.	48 pr.	76.80
240	129	—	—	Kvensandalar	20.00	18.20	16.70	1.80	96 pr.	96 pr.	172.80
241	129	—	—	Kvenskór	90.00	88.00	82.15	2.00	36 pr.	36 pr.	72.00
242	130	14/3 '50	14/3 '50	Vélreimar 2×3	16.50	11.55	11.18	4.95	89.9 m	40 m	198.00
243	130	—	—	— 3×4	30.00	17.80	17.21	12.20	93 m	40 m	488.00
244	130	—	—	— 3½×4	33.00	21.45	20.65	11.55	94.5 m	94.5 m	462.00
245	130	—	—	— 4×4	38.50	23.85	23.06	14.65	93 m	40 m	586.00
246	130	—	—	— 4½×4	40.00	28.60	27.67	11.40	50 m	20 m	228.00
247	130	—	—	— 5×5	52.00	38.70	37.43	13.30	52.7 m	20 m	266.00
248	132	27/4 '50	28/4 '50	Barnaskór	15.00	13.20	13.10	1.80	48 pr.	48 pr.	86.40
249	132	—	—	Unglingaskór	17.00	14.80	14.90	2.20	60 pr.	60 pr.	132.00
250	132	—	—	Kvenskór	17.00	16.75	16.85	0.25	60 pr.	60 pr.	15.00
251	132	—	—	Karlmannaskór	55.00	53.25	53.15	1.75	72 pr.	72 pr.	126.00
252	134	27/4 '50		Fiskönglar	47.85	46.90	47.85	0.95	250 þús.	250 þús.	237.50
253	135	—		Primuslampar	225.00	163.50	184.70	61.50	20 stk.	20 stk.	1230.00
254	135	—		—	349.40	315.65	349.40	33.75	5 stk.	5 stk.	168.75
255	138	—		Steypustyrktarjárn	46.50	38.50	46.20	8.50	1669 stk.	1669 stk.	14186.50
256	140	17/5 '50		Snyrpinótastykki	2061.15	1980.25	2061.50	80.90	2 stk.	2 stk.	161.80
257	140	—		—	2113.26	2030.30	2113.26	82.96	2 stk.	2 stk.	165.92
258	140	—		—	1462.28	1404.85	1462.28	57.43	2 stk.	2 stk.	114.86
259	140	—		—	1824.65	1749.95	1824.65	74.70	2 stk.	2 stk.	149.40
260	140	—		—	2279.22	2189.75	2279.22	89.47	2 stk.	2 stk.	178.94
261	140	—		—	3623.65	3483.70	3623.65	139.95	1 stk.	1 stk.	139.95
262	140	—		—	1396.55	1341.70	1396.55	54.85	1 stk.	1 stk.	54.85

263	142	25/5 '50	Mai '50	Rauð barnastígvél	27.00	17.25	17.30	9.75	288 pr.	288 pr.	2808.00
264	142	—	—	Karlmannasportskór	25.00	19.20	19.25	5.80	36 pr.	36 pr.	208.80
265	142	—	—	Strigaskór	40.00	39.35	39.45	0.65	30 pr.	30 pr.	19.50

Stólainnflutningur og sala H. B.

Nr.	Magn keypt Seljandi Skip	Erlent innkaupsverð	Rétt verð á samsettum stól	Vinna við áklæði, stoppun o. fl.	Áklæði pr. stól	Rétt verð án smásöluskatts	Rétt verð með smásöluskatti	Söluverð pr. stól	Magn selt	Mismunur pr. stól	Ólöglegur ágóði
266	500 stk.							125.00	88 stk.	49.15	4325.20
	Carl				7.90×220 stk.	74.72	75.85				
267	Eriksen.			12.00				130.00	132 stk.	54.15	7147.80
	Með	D. kr. 17.50	Ísl. kr. 53.82								
268	„Esju"			1.00				130.00	90 stk.	53.05	4774.50
	28/6				9.00×280 stk.	75.82	76.95				
269	1947							145.00	190 stk.	68.05	12929.50
270	245 stk.							145.00	36 stk.	37.40	1346.40
271	Sv. Guðm.		Ísl. kr. 85.00	12.00	9.00×245 stk.	106.00	107.60				
	1947							167.00	209 stk.	59.40	12414.60
	1000 stk.										
272	Carl				7.45×238 stk.	82.82	84.05	175.00	238 stk.	90.95	21646.10
	Eriksen.										
273	Með	D.kr. 18.50	Ísl. kr. 63.37	12.00	6.56×550 stk.	81.93	83.15	175.00	550 stk.	91.85	50517.50
	Lyngaa										
274	15/2				5.00×212 stk.	80.37	81.60	175.00	212 stk.	93.40	19800.80
	1948										

	1000 stk.										
275	Carl Eriksen.										
276	Með „Brúarfossi“ í september 1949	D. kr. 21.00	Ísl. kr. 71.29	35.00 ÷ 4.20 = 30.80 Samsetningar-gjald, 4.20, er innifalið í 71.29	102.09	104.15	175.00	500 stk.	70.85	35425.00
							230.00	200 stk. 300 stk. til eigin nota og óselt	125.85	25170.00

Kolainnflutningur og sala H. B.

Nr.	Verðútreikningur	Skip	Komudagur skips	Magn Tonn	Rétt verð frá skipi	Rétt verð úr bing	Söluverð frá skipi	Söluverð úr bing	Magn selt frá skipi	Magn selt úr bing	Ólöglegur ágóði
277	147	Norco	Marz '48	1757	276.30	298.55	280.00	295.00	900	857	3330.00
278	148	Helgi Helgason	12/4 '48	180	256.00	274.00	280.00	295.00	90	90	4050.00
279	149	Helgi	18/4 '48	20	256.00	274.00	280.00	295.00	10	10	450.00
280	150	Helgi	9/5 '48	100	256.00	274.00	280.00	295.00	50	50	2250.00
281	151	Helgi Helgason	24/5 '48	100	256.00	274.00	280.00	295.00	50	50	2250.00
282	152	Helgi	1/6 '48	80	256.00	276.00	280.00	295.00	30	50	1670.00
283	153	Andvari	Nóv. '48	25	248.00	266.00	280.00	295.00	24.4	0.6	798.20
284	154	Otur	Des. '48	50	256.00	275.00	280.00	295.00	48.3	1.7	1193.20
285	155	Helgi	25/2 '49	85.6	258.00	276.00	280.00	295.00	43	42.6	1755.40
286	156	Ófeigur	Marz '49	262	257.50	276.00	280.00	295.00	131	131	5436.50
287	157	Helgi Helgason	12/3 '49	150	257.00	275.00	280.00	295.00	75.00	75	3225.00
288	157	Helgi	17/3 '49	120	257.00	275.00	280.00	295.00	60	60	2580.00

289	158	Helgi Helgason	30/3 '49	120	257.50	275.50	280.00	295.00	60	60	2520.00
290	159	Helgi	12/4 '49	120	257.50	275.50	280.00	290.00	60	60	2220.00
291	160	Helgi Helgason	12/4 '49	140	257.50	275.50	280.00	290.00	70	70	2590.00
292	161	Helgi	5/5 '49	120	257.50	275.50	280.00	290.00	60	60	2220.00
293	162	Helgi Helgason	11/5 '49	80	239.50	259.00	280.00	290.00	40	40	2860.00
294	163	Helgi Helgason	17/6 '49	30	257.50	277.00	280.00	290.00	15	15	532.50
295	164	Helgi Helgason	12/2 '50	189	274.00	292.00	300.00	300.00	90	99	3132.00
296	165	Helgi Helgason	28/2 '50	202	274.00	292.00	300.00	300.00	100	102	3416.00
297	166	Helgi Helgason	9/4 '50	160	403.00	427.00	430.00	450.00	80	80	4000.00
298	167	Helgi Helgason	9/5 '50	167	403.00	427.00	430.00	450.00	80	87	4161.00

Sements-, snowcem- og kalksala H. B.

Nr.	Skip eða innlendur seljandi		Tollað	Magn	Söluverð	Rétt verð	Verð staðfest af Ó. S.	Mismunur	Ólöglegur ágóði
			Sement						
299	„Helgi Helgason"	2/5 '48	3/7 '48	4221 pk.	14.55	12.75	Óverðstaðfest	1.80	7597.80
300	„Sutherland"	Ágúst '48	17/9 '48	7200 pk.	15.00	14.45	15.05	0.55	3960.00
301	„Reykjafoss"	Nóv. '48	15/12 '48	7020 pk.	15.00	14.40	Óverðstaðfest	0.60	4212.00
302	„Dettifoss"	Okt. '49	26/11 '49	10023 pk.	15.00	14.85	14.85	0.15	1503.45
			Snowcem						
303	„Sutherland"	Ágúst '48	17/9 '48	200 dnk.	173.50	135.45	Óverðstaðfest	38.05	7610.00
304	„Helgi Helgason"	11/5 '49	2/6 '49	240 dnk.	173.50	156.25	Óverðstaðfest	17.25	4140.00
			Kalk						
305	Fr.H.Ben.&Co. skv.rk.	20/7 '48		100 pk.	35.00	31.00	Óverðstaðfest	4.00	400.00
306	„Sutherland"	Ágúst '48	17/9 '48	400 pk.	35.00	15.00	Óverðstaðfest	19.90	7960.00

Línoleuminnflutningur og sala H. B.

Nr.	Verðútreikningur	Tollað	Sala hafin	Magn keypt í rl.	Magn keypt	Silfurverð pr. rl.	Silfurverð pr. m.	Rétt verð pr. rl.	Rétt verð pr. m.	Magn selt í rl.	Magn selt í m.	Mismunur pr. rl.	Mismunur pr. m.	Ólöglegur hagnaður
307	183	3/12 '47		4 rl.	108.9	802.25		772.00	29.55	4 rl.		30.25		121.00
308	183	—		3 rl.	81.7	957.65		921.65	35.30	3 rl.		36.00		108.00
309	184	9/12 '47		15 rl.	408.9	1030.15		990.35	37.85	15 rl.		39.80		597.00
310	184	—		15 rl.	399.0	800.00		767.50	30.05	15 rl.		32.50		487.50
311	185	12/3 '48		4 rl.	111.0	1601.00		1382.80	51.90	4 rl.		219.20		872.80
312	185	—		4 rl.	110.0	1296.00		1120.40	42.45	4 rl.		175.60		702.40
313	185	—		8 rl.	211.0	877.00		757.10	29.95	8 rl.		119.90		959.20
314	186	3/7 '48	maí	10 rl.	258.0	1290.00	52.00	1237.15	49.95	7 rl.	ca 77 m	52.85	2.05	527.80
315	186	—	—	10 rl.	275.0	790.00	35.00	780.00	29.50	6 rl.	ca 106 m	10.00	5.50	643.00
316	186	—	—	15 rl.	408.0	1180.00	47.00	1091.00	41.70	11 rl.	ca 109 m	89.00	5.30	1556.70
317	187	5/7 '48	—	45 rl.	1203.0	790.00	35.00	732.00	28.48	35 rl.	ca 267 m	58.00	6.52	3770.34
318	191	28/6 '49		20 rl.	556.0	860.00		823.50	30.80	20 rl.		36.50		730.00
319	192	17/7 '49		16 rl.	508.0	1129.00		1047.00	34.30	16 rl.		82.00		1312.00

Vörur, keyptar af ýmsum heildsölum árin 1948, 1949 og 1950.

Nr.	Heildverzlun	Dagur, ár	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð + flutningskostnaður	Mismunur	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
320	H. Á.	9/12 '47	Kjólatau	46.90	42.20	4.50	10 m	10 m	45.00
321	—	—	Sokkar	7.60	7.35	0.25	24 pr.	24 pr.	6.00
322	—	—	—	4.50	4.20	0.30	24 pr.	24 pr.	7,20
323	—	28/2 '48	Blússuefni	39.80	38.35	1.45	20 m	20 m	29.00
324	—	—	—	15.90	15.30	0.60	10 m	10 m	6.00
325	—	—	Tau	46.60	44.85	1.75	6.5 m	6.5 m	11.38
326	—	—	—	43.75	42.15	1.60	10.5 m	10.5 m	16.80
327	—	—	Töskur	294.05	289.60	4.45	3 stk.	3 stk.	13.35
328	—	30/3 '49	Herðatré	3.00	2.80	0.20	72 m	72 m	14.40
329	—	—	Sloppar	98.10	78.10	20.00	24 stk.	24 stk.	480.00
330	—	27/7 '49	Millifóður	8.65	8.50	0.15	81 m	81 m	12.15
331	—	31/8 '49	—	8.65	8.50	0.15	83 m	83 m	12.45
332	—	—	Dúnhelt léreft	18.50	16.50	2.00	26.5 m	26.5 m	53.00
633	—	21/3 '50	Gúmmísvuntur	42.00	36.60	5.40	12 stk.	4 stk.	21.60
334	—	—	Sjóstakkar	100.00	97.50	2.50	48 stk.	25 stk.	62.50
335	—	15/5 '50	Efni	8.50	8.00	0.50	62 m	62 m	31.00
336	GH&M	12/6 '48	Sokkar	25.50	17.65	7.85	60 pr.	60 pr.	471.00
337	—	—	Karlmannaskór	87.00	85.50	1.50	168 pr.	168 pr.	252.00
338	—	13/8 '48	Sjóstígvél	102.00	88.00	14.00	105 pr.	105 pr.	1470.00
339	—	25/4 '49	Blöndunartæki	540.00	425.00	115.00	18 stk.	18 stk.	2070.00
340	—	23/9 '49	Greiður	2.00	1.60	0.40	240 stk.	240 stk.	96.00

341	—	—	—	1.00	0.90	0.10	60 stk.	60 stk.	6.00
342	—	—	—	0.80	0.55	0.25	120 stk.	120 stk.	30.00
343	—	—	—	1.75	1.15	0.60	120 stk.	120 stk.	72.00
344	Dan. Ól.	3/6 '48	Léreft	13.20	12.85	0.35	46.4 m	46.4 m	16.24
345	—	—	Vaxdúkur	12.00	11.00	1.00	216.4 m	216.4 m	216.40
346	—	20/7 '48	—	13.00	11.00	2.00	111 m	111 m	222.00
347	Vinnufg. Ísl.	4/2 '48	Samfestingar	80.00	77.00	3.00	9 stk.	9 stk.	27.00
348	—	—	Strengbuxur	57.00	49.15	7.85	7 stk.	7 stk.	54.95
349	—	—	Jakkar	51.00	49.15	1.85	6 stk.	6 stk.	11.10
350	—	—	Buxur Tex	66.50	64.05	2.45	8 stk.	8 stk.	19.60
351	—	—	— —	71.15	68.50	2.65	1 stk.	1 stk.	2.65
352	—	—	Samfestingar	36.50	35.15	1.35	6 stk.	6 stk.	8.10
353	—	—	Strengbuxur	37.90	36.45	1.45	6 stk.	6 stk.	8.70
354	—	30/3 '48	Samfestingar	80.00	77.00	3.00	24 stk.	24 stk	72.00
355	—	—	Strengbuxur	37.90	36.45	1.45	14 stk.	14 stk.	20.30
356	—	—	Vinnusloppar	71.50	68.85	2.65	10 stk.	10 stk.	26.50
357	—	12/5 '48	Skyrtur	51.80	47.20	4.60	24 stk.	24 stk.	110.40
358	—	23/11 '48	—	51.80	47.20	4.60	20 stk.	20 stk.	92.00
359	Sjóklg.	4/7 '49	Stakkar	100.00	98.50	1.50	16 stk.	16 stk.	24.00
360	—	3/11 '49	Sjóhattar	26.50	24.00	2.50	24 stk.	24 stk.	60.00
361	—	5/4 '49	—	26.50	24.00	2.50	24 stk.	24 stk.	60.00
362	—	7/1 '49	—	26.50	24.00	2.50	24 stk.	24 stk.	60.00
363	—	2/3 '49	—	26.50	24.00	2.50	24 stk.	24 stk.	60.00
364	—	21/3 '50	Stakkar	100.00	97.50	2.50	12 stk.	12 stk.	30.00
365	—	—	Gúmmísvuntur	42.00	39.00	3.00	24 stk.	24 stk.	60.00
366	—	—	Sjóhattar	23.50	21.50	2.00	30 stk.	30 stk.	60.00
367	—	12/4 '50	Stakkar	100.00	97.50	2.50	36 stk.	15 stk.	37.50

368	—	22/5 '50	Sjóhattar	23.50	21.50	2.00	36 stk.	15 stk.	30.00
369	—	—	Sjópokar	24.00	21.50	2.50	24 stk.	10 stk.	25.00
370	Erl. Blandon	11/3 '50	Gúmmístakkar	115.00	106.65	8.35	12 stk.	5 stk.	41.75
371	—	—	Gúmmísvuntur	42.00	36.40	5.60	42 stk.	20 stk.	112.00
372	Edda	18/3 '48	Herrasokkar	8.15	6.95	1.20	24 pr.	24 pr.	28.80
373	Fr. Bertels.	12/3 '48	—	8.15	6.95	1.20	96 pr.	96 pr.	115,20
374	IB&K	3/7 '50	Flik-Flak, þv.dft.	2.20	2.00	0.20	500 pk.	500 pk.	100.00
375	Tóbakseinkas.	1950	Neftóbak, 250 gr.	33.75	31.80	1.95		ca 20 kr.	39.00
376	N&O	30/3 '50	Karamlbúðingur	1.40	1.15	0.25	300 pk.	300 pk.	75.00
377	—	—	Vanillubúðingur	1.40	1.00	0.40	200 pk.	200 pk.	80.00
378	Harðfisksl.	21/7 '49	Harðfiskur ópk.	15.00	14.60	0.40	59 kg	59 kg.	23.60
379	—	—	— pk.	16.40	15.50	0.90	100 kg	100 kg.	90.00
380	M/R	7/12 '48	Þurrkaðir ávextir	10.00	9.55	0.45	36 kg	36 kg	16.20
381	Þ. John.	1948	Kaffibætir	8.00	7.40	0.60	750 kg	750 kg	450.00
382	—	1949	—	8.00	7.40	0.60	775 kg	775 kg	465.00
383	—	1950	—	8.00	7.40	0.60	275 kg	275 kg	165.00
384	—	—	—	8.00	7.60	0.40	175 kg	175 kg	70.00
385	—	—	—	8.60	7.80	0.80	150 kg	150 kg	120.00
386	Ýmsum	1948	Egg, óstimpluð	18.00	16.00	2.00	1000 kg	1000 kg	2000.00
387	—	1949	— —	19.50	16.00	3.50	1280 kg	1280 kg	4480.00
388	—	1950	— —	20.00	16.00	4.00	500 kg	500 kg	2000.00
389	K. Krist.	—	Pilsner og bjór	2.50	2.25	0.25	1000 fl.	1000 fl.	250.00
390	—	—	Hvítöl	2.25	1.95	0.30	200 fl.	200 fl.	60.00
391	—	—	Maltöl	2.25	2.15	0.10	50 fl.	50 fl.	5.00
392	—	—	Appelsín ¼ fl.	2.00	1.60	0.40	200 fl.	200 fl.	80.00
393	—	—	— ½ fl.	2.00	1.90	0.10	200 fl.	200 fl.	20.00
394	—	—	Gosdrykkir ½ fl.	2.00	1.75	0.25	100 fl.	100 fl.	25.00

395	—	—	Sódavatn	1.65	1.40	0.15	150 fl.	150 fl.	22.50
396	G. Gíslas.	5/5 '48	Slétt járn	33866.95	29032.60	4834.35	Skv. verðútrk.	Skv. verðútrk.	4834.35
397	—	20/9 '48	Hænsnafóður	66.00	62.30	3.70	200 stk.	200 stk.	740.00
398	Miðst.	29/12 '50	Þakpappi	83.00	72.00	11.00	25 rl.	25 rl.	275.00
399	—	—	—	135.00	91.50	43.50	13 rl.	13 rl.	565.50

Vörur, keyptar af Ásbirni Ólafssyni 1948, 1949 og 1950.

Nr.	Dagur, ár	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð + flutnings-kostnaður	Mismunur	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
400	28/2 '48	Sokkar	15.20	14.60	0.60	216 pr.	216 pr.	129.60
401	—	—	16.20	15.60	0.60	60 pr.	60 pr.	36.00
402	—	Kvenskór	96.90	93.60	3.30	18 pr.	18 pr.	59.40
403	—	Fóðurausur	10.25	9.50	0.75	66 pr.	66 pr.	49.50
404	—	Öskubakkar	35.45	33.30	2.15	40 stk.	40 stk.	86.00
405	—	Telpupeysur	38.50	37.05	1.45	24 stk.	24 stk.	34.80
406	—	Gardínuefni	37.45	37.00	0.45	190 m	190 m	85.50
407	—	Drengjabuxur	44.30	42.65	1.65	50 stk.	50 stk.	82.50
408	4/3	Barnabomsur	32.30	30.00	2.30	60 pr.	60 pr.	138.00
409	—	Herraskór	95.00	86.60	8.40	24 pr.	24 pr.	201.60
410	8/7	Herraföt	435.00	412.60	22.40	80 st.	80 stk.	1792.00
411	—	Ullarsokkar	26.00	25.35	0.65	10 pr.	10 pr.	6.50
412	—	Silkisokkar	15.20	13.65	1.55	60 pr.	60 pr.	93.00
413	19/7	Herraföt	435.00	412.60	22.40	40 st.	40 st.	896.00
414	—	Frakkar	675.00	668.00	7.00	4 st.	4 st.	28.00

415	—	—	455.00	448.75	6.25	1 st.	1 st.	6.25
416	—	—	496.00	489.80	6.20	1 st.	1 st.	6.20
417	—	—	527.00	519.50	7.50	1 st.	1 st.	7.50
418	—	—	479.00	472.00	7.00	1 st	1 st.	7.00
419	28/7	Skór	93.85	93.00	0.85	20 pr.	20 pr.	17.00
420	1/9	Kvenskór	93.85	86.55	7.30	50 pr.	50 pr.	365.00
421	—	—	93.85	86.55	7.30	35 pr.	35 pr.	255.50
422	—	—	140.85	124.00	16.85	26 pr.	26 pr.	438.10
423	—	—	155.85	136.00	19.85	21 pr.	21 pr.	416.85
424	—	—	93.85	86.55	7.30	1 pr.	1 pr.	7.30
425	2/10	Vinnuskór	48.50	47.50	1.00	35 pr.	35 pr.	35.00
426	9/11	Sjóstígvél	68.65	67.00	1.65	23 pr.	23 pr.	37.95
427	—	—	40.75	40.00	0.75	23 pr.	23 pr.	17.25
428	29/11	Kvenbomsur	86.30	62.65	23.65	50 pr.	50 pr.	1182.50
429	9/2 '49	Dömutöskur	152.50	148.70	3.80	2 stk.	2 stk.	7.60
430	—	—	153.50	150.00	3.50	2 stk.	2 stk.	7.00
431	—	—	185.00	180.30	4.70	2 stk.	2 stk.	9.40
432	—	—	168.75	164.50	4.25	2 stk.	2 stk.	8.50
433	—	—	143.00	139.50	3.50	2 stk.	2 stk.	7.00
434	—	—	197.00	192.15	4.85	2 stk.	2 stk.	9.70
435	11/2	Ljósakrónur	833.75	821.10	12.65	2 stk.	2 stk.	25.30
436	—	—	804.75	792.55	12.20	4 stk.	4 stk.	48.80
437	—	—	696.00	685.45	10.55	6 stk.	6 stk.	63.30
438	—	—	609.00	600.00	9.00	6 stk.	6 stk.	54.00
439	—	—	601.75	592.60	9.15	5 stk.	5 stk.	45.75
440	—	—	464.00	457.00	7.00	6 stk.	6 stk.	42.00
441	—	Veggljós	108.75	107.10	1.65	63 stk.	63 stk.	103.95

442	—	—	102.95	101.40	1.55	21 stk.	21 stk.	32.55
443	—	—	116.00	114.25	1.75	34 stk.	34 stk.	59.50
444	—	—	181.25	178.50	2.75	29 stk.	29 stk.	79.75
445	—	—	191.40	188.50	2.90	10 stk.	10 stk.	29.00
446	—	Vegglampar	116.00	114.25	1.75	20 stk.	20 stk.	35.00
447	5/11	—	116.00	114.25	1.75	12 st.	12 stk.	21.00
448	2/12	Þvottasett	27.00	26.20	0.80	6 st.	6 st.	4.80
449	—	Burstasett	18.50	17.95	0.55	6 st.	6 st.	3.30
450	—	Vegglampar	126.00	121.20	4.80	12 st.	12 st.	57.60
451	—	—	120.50	114.25	6.25	6 st.	6 st.	37.50
452	—	—	130.50	128.35	2.15	6 st.	6 st.	12.90
453	—	Mottur	79.00	75.60	3.40	36 st.	36 st.	122.40
454	14/3	Vegglampar	116.00	114.25	1.75	24 st.	24 st.	42.00
455	—	Ljósakrónur	182.00	180.00	2.00	12 st.	12 st.	24.00
456	—	—	686.75	678.30	8.45	6 st.	6 st.	50.70
457	—	—	696.00	685.45	10.55	4 st.	4 st.	42.20
458	—	Vegglampar	181.75	178.50	3.25	6 st.	6 st.	19.50
459	—	—	176.90	174.20	2.70	6 st.	6 st.	16.20
460	—	Flónel	7.60	7.45	0.15	797 m	797 m	119.55
461	—	Dúnhelt léreft	14.00	13.65	0.35	216 m	216 m	75.60
462	2/5	Ullarsokkar	26.00	25.60	0.40	75 pr.	75 pr.	30.00
463	—	Flónel	8.00	7.70	0.30	485 m	485 m	145.50
464	9/5	—	8.00	7.70	0.30	538 m	538 m	161.40
465	—	Ullarsokkar	27.00	25.60	1.40	50 pr.	50 pr.	70.00
466	20/5	Barnaskór	31.00	30.30	0.70	130 pr.	130 pr.	91.00
467	—	Smábarnaskór	6.75	6.50	0.25	144 pr.	144 pr.	36.00
468	—	—	6.00	5.65	0.35	75 pr.	75 pr.	25.20

469	5/11	Herraskór	116.00	110.00	6.00	65 pr.	65 pr.	390.00
470	—	Strigaskór	21.15	17.80	3.35	160 pr.	160 pr.	536.00
471	—	—	28.50	26.20	2.30	80 pr.	80 pr.	184.00
472	—	Unglingaskór	6.75	6.50	0.25	120 pr.	120 pr.	30.00
473	12/12	Kápuefni	45.00	36.20	8.80	80 pr.	80 pr.	704.00
474	—	Velour	71.50	70.40	1.10	63 pr.	63 pr.	69.30
475	—	Púðurkerlingar	2.50	2.10	0.40	500 st.	500 st.	200.00
476	9/12	Herrabelti	12.25	11.70	0.55	24 st.	24 st.	13.20
477	14/12	Kvensokkar	12.50	9.25	3.25	1200 pr.	1200 pr.	3900.00
478	18/5	Dúnhelt léreft	14.60	14.30	0.30	222 m	222 m	66.60
479	1/2'50	Sirz	10.50	10.40	0.10	350 m	350 m	35.00
480	—	Dúnhelt léreft	15.50	14.40	1.10	163.6 m	163.6 m	179.96
481	—	Fóðurefni	17.00	15.30	1.70	91 m	91 m	154.70
482	22/2	—	16.00	15.00	1.00	111 m	111 m	111.00
483	—	Borðlampar	232.00	227.20	4.80	10 st.	10 st.	48.00
484	—	—	261.00	255.60	5.40	10 st.	10 st.	54.00
485	—	Vegglampar	108.75	106.50	2.25	12 st.	12 st.	27.00
486	—	—	116.00	114.25	1.75	24 stk.	24 stk.	42.00
487	—	—	133.00	130.65	2.35	4 stk.	4 stk.	7.40
488	—	—	123.00	120.70	2.30	4 stk.	4 stk.	9.20
489	—	—	181.00	177.50	3.50	4 stk.	4 stk.	14.00
490	10/3	Karlmannasokkar	16.00	15.15	0.85	36 pr.	36 pr.	30.60
491	2/5	Fóður	17.00	15.30	1.70	124.5 m	124.5 m	211.65
492	—	Dúnhelt léreft	15.50	14.40	1.10	73.6 m	73.6 m	80.96
493	8/5	Borðlampar	180.00	177.50	2.50	9 stk.	9 stk.	22.50
494	—	Vegglampar	108.50	107.00	1.50	8 stk.	8 stk.	12.00
495	—	—	260.00	257.00	3.00	4 stk.	4 stk.	12.00

496	20/5	Gúmmískór	36.00	29.60	6.40	25 pör	25 pör	160.00
497	—	—	41.00	33.75	7.25	25 pr.	25 pr.	181.25
498	—	—	27.00	20.70	6.30	25 pr.	25 pr.	157.50
499	9/3	Búðingsduft	1.50	1.25	0.25	360 pk.	360 pk.	90.00
500	17/7	Húsgv. Austb. Barnakerrur	485.00	470.00	15.00	12 stk.	12 stk.	180.00
501	17/2	Rafmagnsþvottapottar	825.00	790.00	35.00	20 stk.	20 stk.	700.00

Vörur, keyptar af Eggert Kristjánssyni & Co. h/f.

Nr.	Dagur, ár	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð + flutnings-kostnaður	Mismunur	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
502	23/1 '48	Heklubollur	5.00	4.85	0.15	144 ds.	144 ds.	21.60
503	31/1	Matarkex	7.50	7.20	0.30	201.8 kg	201.8 kg	60.54
504	—	Tekex	14.00	13.35	0.65	13.2 kg	13.2 kg	8.58
505	24/3	Matarkex	7.50	7.20	0.30	203.3 kg	203.3 kg	61.00
506	—	Ískökur	2.00	1.80	0.20	270 pk.	270 pk.	54.00
507	13/4	Fiskbollur	5.00	4.85	0.15	192 ds.	192 ds.	28.80
508	—	—	3.00	2.85	0.15	192 ds.	192 ds.	28.80
509	—	— búðingur	6.80	6.60	0.20	96 ds.	96 ds.	19.20
510	—	Matarkex	7.50	7.20	0.30	169.4 kg	169.4 kg	50.82
511	23/4	—	7.50	7.20	0.30	339.2 kg	339.2 kg	101.76
512	—	Ískökur	2.00	1.80	0.20	260 pk.	260 pk.	52.00
513	—	Búðingsduft	1.65	1.55	0.10	2100 pk.	2100 pk.	210.00
514	30/6	Hjartarsalt	2.75	2.40	0.35	48 ds.	48 ds.	16.80

515	—	Kanill	2.00	1.85	0.15	100 ds.	100 ds.	15.00
516	—	Matarkex	7.50	7.20	0.30	182.8 kg	182.2 kg	54.84
517	—	Ískex	2.00	1.80	0.20	260 pk.	260 pk.	52.00
518	25/8	Matarkex	7.50	7.20	0.30	188.2 kg	188.2 kg	56.45
519	—	Ískex	2.00	1.80	0.20	270 pk.	270 pk.	54.00
520	**17/9**	Matarkex	7.50	7.20	0.30	169 kg	169 kg	50.70
521	7/10	—	7.50	7.20	0.30	221.8 kg	221.8 kg	66.54
522	13/10	Cream Crackers	14.00	13.35	0.65	30.3 kg	30.3 kg	19.70
523	19/11	Matarkex	7.50	7.20	0.30	170.2 kg	170.2 kg	51.06
524	—	Tekex	14.00	13.35	0.65	30 kg	30 kg	19.50
525	1/12	Ískökur	2.00	1.80	0.20	510 pk.	510 pk.	102.00
526	18/12	Matarkex	7.50	7.20	0.30	174.2 kg	174.2 kg	52.26
527	—	Hitabrúsar	14.50	13.00	1.50	48 stk.	48 stk.	72.00
528	3/2 '49	Blandað A kex	3.50	3.15	0.35	135 pk.	135 pk.	47.25
529	—	Tekex	14.00	13.35	0.65	27 kg	27 kg	17.55
530	24/2	Matarkex	7.50	7.20	0.30	210 kg	210 kg	63.00
531	—	Tekex	14.00	13.35	0.65	26 kg	26 kg	16.90
532	15/3	Matarkex	7.50	7.20	0.30	201 kg	201 kg	60.30
533	4/4	Heklubollur ½ds.	3.00	2.85	0.15	48 ds.	48 ds.	7.20
534	—	— ¼ ds.	5.00	4.85	0.15	48 ds.	48 ds.	7.20
535	—	Cream Crackers	14.00	13.35	0.65	28.6 kg	28.6 kg	18.60
536	—	Mariekex	14.00	13.35	0.65	42.9 kg	42.9 kg	27.89
537	4/5	Matarkex	7.50	7.20	0.30	200 kg	200 kg	60.00
538	25/5	—	7.50	7.20	0.30	153 kg	153 kg	45.90
539	—	—	7.50	7.20	0.30	106.8 kg	106.8 kg	32.04
540	—	—	7.50	7.20	0.30	121 kg	121 kg	36.30
541	—	Ískökur	2.00	1.80	0.20	260 pk.	180 pk.	36.00

542	14/7	—	2.00	1.80	0.20	180 pk.	180 pk.	36.00
543	—	—	2.00	1.80	0.20	80 pk.	80 pk.	16.00
544	—	—	2.00	1.80	0.20	560 pk.	560 pk.	112.00
545	29/7	Blandað A kex	3.50	3.15	0.35	180 pk.	180 pk.	63.00
546	1/9	Matarkex	7.50	7.20	0.30	211.8 kg	211.8 kg.	63.54
547	22/9	Heklubollur ½ ds.	3.00	2.85	0.15	96 ds.	96 ds.	14.40
548	—	Waterkex	14.00	13.35	0.65	26.7 kg	26.7 kg	17.35
549	—	Cream Crackers	14.00	13.35	0.65	29.8 kg	29.8 kg	19.37
550	22/9	Baunasúpa	4.50	4.25	0.25	72 ds.	72 ds.	18.00
551	28/10	—	4.50	4.25	0.25	48 ds.	48 ds.	12.00
552	—	Súkkulaðibúðingur	1.70	1.55	0.15	200 stk.	200 stk.	30.00
553	—	Matarkex	7.50	7.20	0.30	347.6 kg	347.6 kg	104.28
554	—	Ískökur	2.00	1.80	0.20	360 pk.	360 pk.	72.00
555	—	—	2.00	1.80	0.20	160 pk.	160 pk.	32.00
556	31/10	Blandað A kex	3.50	3.15	0.35	180 pk.	180 pk.	63.00
557	—	Cream Crackers	14.00	13.35	0.65	28.75 kg	28.75 kg	18.68
558	15/11	Tekex	14.00	13.35	0.65	29 kg	29 kg	18.85
559	—	Blandað A kex	3.50	3.15	0.35	225 pk.	225 pk.	78.75
560	28/11	Matarkex	7.50	7.20	0.30	390 kg	390 kg	117.00
561	—	Heklubollur ½ ds.	3.00	2.85	0.15	144 ds.	144 ds.	21.60
562	31/12	Matarkex	7.50	7.20	0.30	190.6 kg	190.6 kg	57.18
563	—	Blandað A kex	3.50	3.15	0.35	180 pk.	180 pk.	63.00
564	7/2 '50	Fiskbollur	5.00	4.85	0.15	96 ds.	96 ds.	14.40
565	—	Mariekex	14.00	13.35	0.65	46 kg	46 kg	29.90
566	—	Matarkex	7.50	7.20	0.30	231 kg	231 kg	69.30
567	20/2	—	7.50	7.20	0.30	386 kg	386 kg	115.80
568	—	Mariekex	14.00	13.35	0.65	40.5 kg	40.5 kg	26.33

569	17/3	Tekex	15.00	14.50	0.50	28 kg	28 kg	14.00
570	28/3	—	15.00	14.50	0.50	57 kg	57 kg	28.50
571	25/4	—	15.00	14.50	0.50	28 kg	28 kg	14.00
572	28/3	Mariekex	16.00	14.50	1.50	39 kg	39 kg	58.50
573	31/3	—	16.00	14.50	1.50	39 kg	39 kg	58.50
574	25/4	—	16.00	14.50	1.50	39 kg	39 kg	58.50
575	9/3	Petit Beune	16.00	14.50	1.50	92 kg	92 kg	138.00
576	17/3	— —	16.00	14.50	1.50	49 kg	49 kg	73.50
577	6/6	— —	16.00	14.50	1.50	49 kg	49 kg	73.50
578	20/6	— — 200 gr. pk.	4.65	4.30	0.35	60 pk.	40 pk.	14.00
579	13/5	Tekex	15.00	14.50	0.50	56 kg	56 kg	28.00
580	—	Mariekex	16.00	14.50	1.50	39 kg	39 kg	58.50
581	9/3	Heklubollur ½ ds.	5.00	4.85	0.15	120 kg	120 kg	18.00
582	20/6	Cream Crackers	15.00	14.50	0.50	28 kg	28 kg	14.00
583	14/7	— — 250 gr. pk.	5.70	4.90	0.80	84 pk.	10 pk.	8.00
584	4/7	Nic Nack 250 gr. pk.	5.25	4.75	0.50	120 pk.	50 pk.	25.00
585	—	Matarkex	10.40	10.00	0.40	224.6 kg	224.6 kg	89.85

Sælgæti, keypt af efnagerðinni „Freyju".

Nr.	Dagur, ár	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð + flutnings-kostnaður	Mismunur	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
586	13/12 '47	Fikjustengur	1.60	1.50	0.10	900 stk	900 stk.	90.00
587	—	Dessert	2.25	2.05	0.20	268 stk.	268 stk.	53.60
588	3/4 '48	Fikjustengur	1.60	1.50	0.10	720 stk.	720 stk.	72.00
589	11/6	Bittersúkkulaði	5.00	4.70	0.30	54 stk.	54 stk.	16.20
590	—	Dessert	2.50	2.30	0.20	36 stk.	36 stk.	7.20
591	—	Krókant	5.00	4.70	0.30	54 stk.	54 stk.	16.20
592	—	Kremstengur	2.50	2.35	0.15	200 stk.	200 stk.	30.00
593	—	Hunangsstengur	2.50	2.35	0.15	120 stk.	120 stk.	18.00
594	—	Fikjustengur	2.50	2.35	0.15	120 stk.	120 stk.	18.00
595	—	Búkollusúkkulaði	7.50	7.05	0.45	16 stk.	16 stk.	7.20
596	—	Rjóma Krókant	6.00	5.90	0.10	20 stk.	20 stk.	2.00
597	—	Búkolla	7.50	7.05	0.45	80 stk.	80 stk.	36.00
598	—	Rjóma Krókant	6.00	5.90	0.10	80 stk.	80 stk.	8.00
599	—	Dessert	2.50	2.30	0.20	72 stk.	72 stk.	14.40
600	—	Konfekt	9.50	8.90	0.60	50 pk.	50 pk.	30.00
601	—	Valencia	4.00	3.90	0.10	96 stk.	96 stk.	9.60
602	—	Hunangsstengur	2.50	2.35	0.15	115 stk.	115 stk.	17.25
603	—	Fikjustengur	2.50	2.35	0.15	120 stk.	120 stk.	18.00
604	—	Bitter súkkulaði	5.00	4.70	0.30	36 stk.	36 stk.	10.80
605	—	Krókant	5.00	4.70	0.30	90 stk.	90 stk.	27.00

606	—	Kremstengur	2.50	2.35	0.15	400 stk.	400 stk.	60.00
607	—	Rjómadragees	2.50	2.30	0.20	55 pk.	55 pk.	11.00
608	17/9	Konfekt	6.50	5.80	0.70	60 pk.	60 pk.	42.00
609	—	Anís	2.75	2.50	0.25	110 pk.	110 pk.	27.50
610	—	Konfekt	6.50	5.80	0.70	60 pk.	60 pk.	42.00
611	10/10	—	10.00	9.00	1.00	300 pk.	300 pk.	300.00
612	—	—	29.50	28.10	1.40	20 pk.	20 pk.	28.00
613	—	Vöflustengur	2.50	2.35	0.15	240 stk.	240 stk.	36.00
614	—	Hunangsstengur	2.50	2.35	0.15	240 stk.	240 stk.	36.00
615	—	Dessert	2.50	2.35	0.15	72 stk.	72 stk.	10.80
616	23/1	Fíkjustengur	1.75	1.50	0.25	460 stk.	460 stk.	115.00
617	14/2 '49	Konfekt	18.50	18.00	0.50	100 stk.	100 stk.	50.00
618	—	Piparmyntur	2.55	2.20	0.35	300 stk.	300 stk.	105.00
619	—	Hunangsstengur	2.85	2.50	0.35	400 stk.	400 stk.	140.00
620	—	Marcipan	3.40	3.00	0.40	420 stk.	420 stk.	168.00
621	—	Konfekt	18.50	18.00	0.50	15 stk.	15 stk.	7.50
622	—	Vöflustengur	2.50	2.35	0.15	120 stk.	120 stk.	18.00
623	17/5	Konfekt	18.50	18.00	0.50	100 stk.	100 stk.	50.00
624	—	Konfektvindlar	3.25	3.10	0.15	160 stk.	160 stk.	24.00
625	—	Hunangsstengur	2.85	2.50	0.35	200 stk.	200 stk.	70.00

Málningarvörur, keyptar af Hörpu h/f.

Nr.	Dagur, ár	Vörutegund	Söluverð	Rétt verð + flutnings-kostnaður	Mismunur	Magn keypt	Magn selt	Ólöglegur hagnaður
626	14/1 '48	Þurrkefni	8.00	7.60	0.40	194 kg	194 kg	77.60
627	21/1	Hvít lestamálning	57.60	56.20	1.40	12 ds.	12 ds.	16.80
628	—	— —	31.30	30.60	0.70	15 ds.	15 ds.	10.50
629	—	Hvítt harpólín	74.90	73.30	1.60	10 ds.	10 ds.	16.00
630	—	— —	38.60	37.75	0.85	10 ds.	10 ds.	8.50
631	—	Dúkalím	41.45	40.55	0.90	8 ds.	8 ds.	7.20
632	—	Eikarlakk	14.20	13.90	0.30	15 ds.	15 ds.	4.50
633	—	Gólflakk	12.80	12.55	0.25	15 ds.	15 ds.	3.75
634	2/3	Lestamálning	57.60	56.20	1.40	16 ds.	16 ds.	22.40
635	—	—	31.30	30.60	0.70	12 ds.	12 ds.	8.40
636	—	—	34.70	34.00	0.70	12 ds.	12 ds.	8.40
637	12/3	Vélalakk	15.55	15.20	0.35	25 ds.	25 ds.	8.75
638	—	—	8.75	8.50	0.25	25 ds.	25 ds.	6.25
639	—	Lokalögur	45.35	44.40	0.95	5 ds.	5 ds.	4.75
640	—	Al bronce	18.00	17.60	0.40	10 ds.	10 ds.	4.00
641	23/4	Hvítt utanborðs	72.10	64.20	7.90	8 ds.	8 ds.	63.20
642	—	— —	32.70	29.10	3.60	12 ds.	12 ds.	43.20
643	—	— harpólín	38.45	34.25	4.20	12 ds.	12 ds.	50.40
644	—	Dúkalím	50.45	44.90	5.55	8 ds.	8 ds.	44.40
645	—	Grá utanborðs	65.65	58.45	7.20	8 ds.	8 ds.	57.60

646	—	— —	37.60	33.45	4.15	11 ds.	11 ds.	45.65
647	—	Krít	1.10	0.80	0.30	100 kg	100 kg	30.00
648	—	Vélalakk	17.20	15.30	1.90	20 ds.	20 ds.	38.00
649	—	—	5.20	4.60	0.60	20 ds.	20 ds.	12.00
650	—	—	9.60	8.55	1.05	20 ds.	20 ds.	21.00
651	—	Signalrautt harpólín	9.45	8.40	1.05	10 ds.	10 ds.	10.50
652	—	Grænt —	7.60	6.75	0.85	10 ds.	10 ds.	8.50
653	—	Ljósgrátt —	79.10	65.00	14.10	5 ds.	5 ds.	70.50
654	—	— —	33.85	30.15	3.70	12 ds.	12 ds.	44.40
655	20/5	Lestamálning	57.00	56.60	0.40	8 ds.	8 ds.	3.20
656	—	—	32.60	32.10	0.50	12 ds.	12 ds.	6.00
657	7/6	Hvít utanborðs	65.50	64.15	1.35	8 ds.	8 ds.	10.80
658	—	— —	30.10	29.65	0.45	12 ds.	12 ds.	5.40
659	—	— lestamálning	57.00	56.60	0.40	8 ds.	8 ds.	3.20
660	—	Hvítt harpólín	75.00	73.85	1.15	8 ds.	8 ds.	9.20
661	—	— lestamálning	27.00	26.55	0.45	12 ds.	12 ds.	5.40
662	28/7	— harpólín	34.70	34.25	0.45	20 ds.	20 ds.	9.00
663	—	— —	75.00	73.85	1.15	16 ds.	16 ds.	18.40
664	—	Rautt harpó	57.40	56.20	1.20	8 ds.	8 ds.	9.60
665	9/8	Lestamálning	63.10	62.15	0.95	8 ds.	8 ds.	7.60
666	—	Hvítt harpólín	37.90	34.25	3.65	12 ds.	12 ds.	43.80
667	12/8	— —	74.90	73.85	1.05	4 ds.	4 ds.	4.20
668	—	— —	34.70	34.25	0.45	5 ds.	5 ds.	2.25
669	—	Ljósgrátt harpó	65.90	65.00	0.90	8 ds.	8 ds.	7.20
670	25/8	Grátt utanborðs	65.90	65.00	0.90	8 ds.	8 ds.	7.20
671	—	Harpó	64.50	62.15	2.35	16 ds.	16 ds.	37.60
672	19/10	Rautt harpó	64.50	62.15	2.35	8 ds.	8 ds.	18.80

673	—	Hvítt harpó	74.90	73.85	1.05	8 ds.	8 ds.	8.40
674	—	Krít	1.10	0.80	0.30	250 kg.	250 kg	75.00
675	4/11	Hvítt harpó	74.90	73.85	1.05	4 ds.	4 ds.	4.20
676	2/12	Linoleum	41.45	40.85	0.60	8 ds.	8 ds	4.80
677	—	Hvítt harpó	74.90	73.85	1.05	4 ds.	4 ds.	4.20
678	21/12	Vélalakk	17.40	15.30	2.10	15 ds.	15 ds.	31.50
679	—	Dúkalím	41.45	40.85	0.60	12 ds.	12 ds.	7.20
680	—	Japanlakk	53.20	52.45	0.75	5 ds.	5 ds.	3.75
681	2/12	Kítti	3.90	3.60	0.30	85 kg	85 kg	25.50
682	—	Spartalakk	10.50	8.60	1.90	13 ds.	13 ds.	24.70
683	4/11	Gullokkur	6.15	5.85	0.30	21 ds.	21 ds.	6.30
684	—	—	12.50	11.40	1.10	15 ds.	15 ds.	16.50
685	10/2 '49	Grænt harpólín	5.90	5.60	0.30	20 ds.	20 ds.	6.00
686	24/3	Grátt vélalakk	16.50	15.55	0.95	40 ds.	40 ds.	38.00
687	5/4	Hvítt harpólín	76.50	75.00	1.50	12 ds.	12 ds.	18.00
688	—	— —	39.40	38.60	0.80	24 ds.	24 ds.	19.20
689	9/5	— —	76.50	75.00	1.50	12 ds.	12 ds.	18.00
690	21/6	Blýmenja	19.50	18.75	0.75	12 ds.	12 ds.	9.00
691	—	—	35.80	35.05	0.75	12 ds.	12 ds.	9.00
692	—	Hvítt harpólín	76.50	75.00	1.50	8 ds.	8 ds.	12.00
693	—	— —	39.40	38.60	0.80	12 ds.	12 ds.	9.60
694	9/7	— —	76.50	75.00	1.50	8 ds.	8 ds.	12.00
695	18/8	— —	76.50	75.00	1.50	8 ds.	8 ds.	12.00
696	—	— —	39.40	38.60	0.80	12 ds.	12 ds.	9.60
697	—	Grátt vélalakk	16.50	15.55	0.95	10 ds.	10 ds.	9.50
698	13/10	Hvítt harpólín	39.40	38.60	0.80	24 ds.	24 ds.	19.20
699	9/8	Grátt vélalakk	16.50	15.55	0.95	20 ds.	20 ds.	19.00

700	22/9	Hvítt harpólín	76.50	75.00	1.50	4 ds.	4 ds.	6.00
701	22/9	Títanhvíta	122.00	118.50	3.50	3 ds.	3 ds.	10.50
702	17/1 '50	Hvítt harpólín	76.50	75.00	1.50	12 ds.	12 ds.	18.00
703	13/1	— —	76.50	75.00	1.50	12 ds.	12 ds.	18.00
704	6/1	— —	76.50	75.00	1.50	12 ds.	12 ds.	18.00
705	10/2	Terpentína	3.00	2.80	0.20	159 kg	159 kg	31.80
706	20/3	—	3.00	2.80	0.20	160 kg	160 kg	32.00

Kr. 656.135.48

XXI. Að hafa í aðflutningsskýrslu um nefndar „pianettur" ranglega tjáð skipstjóra og skipshöfn v/s Helga Helgasonar eigendur þeirra.

XXII. Að hafa sumarið 1948 ranglega skýrt trúnaðarmanni verðlagsstjóra í Vestmannaeyjum frá, að hann ætlaði til eigin nota nefnd olíukyndingartæki og snyrpinótastykki, greind undir tölulið 15 (inn flutt með v/s Helga 1/6 1948), svo og fyrir að hafa ranglega skýrt trúnaðarmanninum frá, að skipstjóri og skipshöfn væru eigendur (innflytjendur) margnefndra „pianetta".

XXIII. Að hafa í bréfi, dagsettu 25. október 1949, til Gjaldeyriseftirlits bankanna skýrt ranglega frá um ráðstöfun á eftirfarandi gjaldeyrisgreiðslum af andvirði ísfisks, selds í Bretlandi:

Úr v/s Helga Helgasyni 7. maí 1949:
£ 4535-17-6 til Icelandic Trading Corporation.
£ 363-1-1 til S. & J. Watts & Co.
£ 126-1-0 til Parker Winder & Achurch.
Úr v/s Helga 30. maí 1949:
£ 383-17-4 til H. J. Evans, Ltd.
Úr v/s Helga Helgasyni 8. júní 1949:
£ 500-0-0 til Stefáns Helgasonar.

XXIV. Að hafa á ólögmætan hátt ráðstafað eftirtöldum greiðslum, greiddum af andvirði ísfisks, selds í Bretlandi:

Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. apríl 1948:
Nr. 1 £ 1270-0-0 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 2 £ 337-16-9 Greiðsla til Sloan Munro & Co., Ltd.
— 3 £ 115-10-8 Greiðsla til Cearns & Brown, Ltd.
Af sölu v/s Helga 12. apríl 1948:
— 4 £ 1320-14-4 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 26. apríl 1948:
— 5 £ 873-12-1 Greiðsla til Barry, Ostler & Shepherd.
— 6 £ 800-18-10 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 7 £ 89-18-9 Greiðsla til Crescent Garage, Ltd.
— 8 £ 330-0-0 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 3. maí 1948:
— 9 £ 211-18-2 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

— 10 £286-0-0 Greiðsla til Stroud.
— 11 £527-10-5 Greiðsla til I. Sluckis.
— 12 £692-10-6 Greiðsla til Haralds Árnasonar.
Af sölu v/s Helga Helgasonar 19. maí 1948:
— 13 £295-0-0 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 14 £2080-13-4 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 15 £673-16-0 Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
— 16 £1468-3-5 Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga 27. maí 1948:
— 17 £449-4-0 Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
— 18 £904-2-2 Greiðsla til Barry Ostler & Shepherd.
— 19 £516-15-0 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 20 £495-16-7 Greiðsla til J. W. Stuart, Ltd.
— 21 £165-6-4 Greiðsla til Stewart Bros & Co., Ltd.
— 22 £339-0-0 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 23 £442-17-2 Greiðsla til Austin Motors, Ltd.
— 24 £882-2-9 Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga 18. febrúar 1949:
— 25 £259-9-0 Greiðsla til Garnock Bibby & Co., Ltd.
— 26 £278-13-4 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 27 £405-13-2 Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. marz 1949:
— 28 £489-4-11 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 11. marz 1949:
— 29 £919-5-7 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 30 £444-1-2 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 31 £146-5-0 Greiðsla til Builders Suppliers, Ltd.
Af sölu v/s Helga Helgasonar 25. marz 1949:
— 32 £489-4-11 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 6. apríl 1949:
— 33 £242-19-7 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 8. apríl 1949:

— 34 £ 258-6-8 Greiðsla til Phillips Trawl Products.
— 35 £ 300-15-2 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

Af sölu v/s Helga 30. apríl 1949:

— 36 £ 235-19-4 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. maí 1949:

— 37 £ 4535-17-6 Greiðslur til Icelandic Trading Corporation.
— 38 £ 170-6-10 Greiðsla til Neuss Hesslein Kemton.
— 39 £ 363-1-1 Greiðsla til S. & J. Watts & Co.
— 40 £ 126-1-0 Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
— 41 £ 56-1-6 Greiðsla til Austin Motor & Co., Ltd.
— 42 £ 296-5-10 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

Af sölu v/s Helga 30. maí 1949:

— 43 £ 213-19-4 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 44 £ 383-17-4 Greiðsla til E. J. Evans, Ltd.
— 45 £ 730-17-2 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

Af sölu v/s Helga Helgasonar 8. júní 1949:

— 46 £ 248-0-2 „Ballance statement".
— 47 £ 356-6-0 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 48 £ 452-0-7 Greiðsla til Icelandic Marketing Corporation.
— 49 £ 500-0-0 Greiðsla til Stefáns Helgasonar.

Af sölu v/s Helga Helgasonar 3. apríl 1950:

— 50 £ 593-3-0 Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
— 51 £ 794-1-9 Greiðsla til Garnock Bibby & Co., Ltd.
— 52 £ 384-15-2 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

Af sölu v/s Helga Helgasonar 3. maí 1950:

— 53 £ 313-18-11 Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
— 54 £ 374-17-3 Greiðsla til J. W. Stuart, Ltd.

XXV. Að hafa á tímibilinu frá 1. janúar 1948 til 1. júlí 1950 eigi fært eftirtaldar bækur: frumbækur, sjóðbók, viðskiptamannabók, yfirlitsreikninga og efnahagsbók, svo sem lög-

boðið er, svo og fyrir að hafa í blekkingarskyni og almennt sýnt stórfellda óreglusemi í bókhaldi.

XXVI. Að hafa í 66. tbl. dagblaðsins Tímans hinn 22. marz 1950 birt eftirfarandi ærumeiðandi ummæli um opinberan embættismann, Gunnar Þorsteinsson, fyrrverandi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum:

1) „Þegar sýnt var á s.l. sumri, að til alþingiskosninga drægi með haustinu, voru hafnar hvíslingar í Eyjum um, að nú skyldi frá mér gengið, svo dygði. Eitthvað heyrðist nafn þitt nefnt í þessu sambandi.

Ekki stóð á aðgerðum".

2) „Hendanleg mistök, sem hvorki sköpuðu tap né gróða. Sekt 1280.

Nú skyldi skammt stórra höggva á milli".

3) „Samtímis varð svo dómarinn að vaða yfir kolahrúgu frá þinni verzlun til þess að komast á skrifstofu sína. Þau kol voru vítalaus samkvæmt umsögn hans ..."

4) „... menn þeir, sem þarna unnu, teknir til réttaryfirheyrslu og haft í hótunum við þá ..."

5) „... ætlaði fógetinn ekki einu sinni að hafa fyrir því að kveða upp úrskurð um lögtakið, bara að gera lögtak, og það þótt hann vissi það, að réttum lögum bar mér ekki að greiða skatta þessa ..."

6) „... léztu vaða á mig með lögtak án undangenginna tilkynninga ..."

7) „Síðan var gerð tilraun til þess að ráðast inn á heimili mitt ..."

8) „Fógetinn með lið sitt tók sér stöðu úti á götunni og hrópaði að vegfarendum: „Það er verið að gera lögtak hjá Helga Ben." Hvílík tíðindi".

9) „Réttarbókunin er að vísu ekki nákvæmlega í samræmi við staðreyndir, en fógetinn taldi sig hafa gert lögtak í íbúðarhúsi mínu ..."

10) „... lézt bæjarfógetann, sem varðandi fjármálin var embættislega undirmaður þinn, hringja til Eimskipafélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins og viðhafa ummæli, sem skoðuð voru og skilin af hálfu viðkomenda sem vöruflutningabann á mig og mín skip. Var þetta atvinnurógur?"

Um heimfærslu til refsiákvæða brota þeirra, sem ákærði er sakaður um, segir í ákæruskjalinu:

Brot þau, sem undir liðum I—XII greinir, eru talin varða við

1. mgr. 11. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 21. gr., 22. gr. og 24. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot þau, sem undir töluliðum XIII—XVI getur, eru talin varða við 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 28. gr. og 29. gr. sbr. 43. gr. laga nr. 63/1937 og 44. gr., 2. mgr. 45. gr., 46. gr., 1. mgr. 51. gr. og 52. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938.

Brot þau, er undir töluliðum XVII og XVIII greinir, teljast varða við 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950, 1. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947 og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1947.

Brot, sem greinir undir XIX. lið, telst varða við sömu greinar og brot undir liðum I—XII, en þó að viðbættri 157. gr. laga nr. 19/1940.

Brot þau, sem greinir undir lið XX, eru talin varða við 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 og 1. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot, talin undir liðum XXI—XXIII, teljast varða við 146. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947 sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Brot, greind undir lið XXIV, eru talin eiga að heimfærast undir 1. mgr. 13. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 1. og 7. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot, sem undir lið XXV getur, teljast varða við 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. og 12. gr. sbr. 19. og 20. gr. laga nr. 62/1938 og 158. gr. og 262. gr. laga nr. 19/1940.

Brot, greind undir lið XXVI, teljast varða við 108. gr. sbr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Í lok ákæruskjalsins er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, upptöku ólöglegs ágóða, sviptingar réttinda samkvæmt 1. og 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og 19. gr. laga nr. 62/1938, til ómerkingar framangreindra ummæla, greindra undir XXVI. lið hér að framan, til þess að standast kostnað af birtingu atriðisorða, að því er þetta atriði varðar, í opinberu blaði, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 3. desember 1899. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 5/7 Vestmannaeyjum. Dómur, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna.

1928 6/11 Dómur, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 99. gr., 2. mgr., sbr. 101. gr. hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 12/4 1929.

1931 23/3 Dómur. Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 27. kafla hegningarlaganna og lögum nr. 51/1928. Staðfest í Hæstarétti 26/2 1932.

1932 18/7 Sátt, 300 kr. sekt vegna gjaldþrots h/f Bakka.

— 18/9 Vestmannaeyjum. Dómur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, vegna gjaldþrots.

— 12/11 Vestmannaeyjum. Dómur. Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. og 5. kafla hegningarlaganna, en gert að greiða 100 króna sekt fyrir ósæmilegan rithátt. Staðfest í Hæstarétti 6/11 1933 og gert að greiða in solidum bæjarfógeta Kr. Linnet 100 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

1933 30/5 Vestmannaeyjum. Dómur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 253. gr. hegningarlaganna og lögum nr. 51/1928. Dómur Hæstaréttar í sama máli 10/12 1934, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255., 259. og 276. gr. hegningarlaganna og greiði Kristjáni Linnet bæjarfógeta 150 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

1934 6/2 Vestmannaeyjum. Kærður fyrir brot á heilbrigðissamþykkt. Fellt niður.

— Vestmannaeyjum. Kærður fyrir misnotkun á arðmiðum.

1935 20/9 Vestmannaeyjum. Kærður fyrir meinta ólöglega notkun á innflutningsleyfum.

1938 7/11 Vestmannaeyjum. 100 króna sekt fyrir ólöglegan innflutning á kolum.

1939 15/3 Dómur Hæstaréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 253. gr. og 263. gr. sbr. 65. gr. hegningarlaganna, 53. gr. laga nr. 77/1921 og 7. gr. laga nr. 53/1911 sbr. 20. gr. laga nr. 62/1938.

1941 20/1 Dómur Hæstaréttar, 600 króna sekt fyrir brot á tollögum og lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. Héraðsdómur uppkveðinn í Vestmannaeyjum 10/6 1940.

— 7/12 Vestmannaeyjum. Sátt, 800 króna sekt fyrir að breyta mælibréfi v/s Skaftfellings.

— — Vestmannaeyjum. Sátt, 100 króna sekt fyrir brot gegn lögum um vöruskömmtun.

1944 28/1 Vestmannaeyjum. Sátt, 1400 króna sekt fyrir brot gegn reglugerð 168/1939 sbr. lög nr. 11/1940 og reglugerð 159/1940.

1949 25/8 Vestmannaeyjum. Sátt, 900 króna sekt fyrir verðlagsbrot. Ólöglegur ágóði, 375 krónur, gerður upptækur.

— 21/9 Vestmannaeyjum. Sátt, 150 króna sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

Verða nú ákæruatriðin tekin til athugunar.

Um I.—XII.

Vorið og sumarið 1948 keypti ákærði fisk í skip sín v/s Helga, VE 333, og v/s Helga Helgason, VE 343, og lét þau sigla með hann ísaðan til Englands til sölu þar. Fóru skipin þrjár slíkar ferðir hvort og fluttu jafnan ýmsar vörur til Vestmannaeyja, er þau komu úr söluferðunum. Enn fremur flutti ákærði inn vörur með þessum skipum úr söluferðum árið 1949, með e/s Lyngaa í febrúar 1948 og e/s Brúarfossi í september 1949. Fjalla ákæruliðir I—XII um innflutning vara með skipum þessum. Á þeim tíma var óheimilt að flytja inn vörur þessar, nema fyrir lægi tilskilin leyfi, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/1947. Reglur um flokkun gjaldeyris- og innflutningsleyfa (dskj. 74) hafa ekki verið birtar í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu, en voru gefnar út í september 1948 að tilhlutun Fjármálaráðuneytisins sem leiðarvísir fyrir tollgæzlumenn. Eru leyfin þar flokkuð í 18 aðalflokka eftir vörutegundum og til hvers vörurnar áttu að notast. Þar sem þessu var þannig háttað, verður að byggjast á almennu mati hverju sinni, hvort leyfi taki til inn fluttrar vöru. Opinber tilkynning um flokkun leyfa eftir bókstöfum virðist heldur ekki hafa verið gefin út, en samkvæmt starfsreglum hlutaðeigandi yfirvalda hafa leyfin verið um mjög langt skeið flokkuð að þessu leyti þannig:

A: Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.
B: Innflutningsleyfi.
C: Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, dregin út úr áður út gefnum A-leyfum, svonefnd framsalsleyfi.
D: Innflutningsleyfi, dregin út úr áður út gefnum B-leyfum, svonefnd framsalsleyfi.
E: Gjaldeyrisleyfi fyrir sérstökum greiðslum (ferðagjaldeyrir og m. a.).

Eins og síðar verður greint frá, hefur láðst að skrá á tollreikn-

inga a. m. k. nokkur leyfi, sem notuð voru við tollafgreiðslu vara þeirra, sem ákæruliðir þessir fjalla um. Við könnun á því, hvort ákærði hafi haft fullnægjandi leyfi auk nothæfra leyfa, sem skráð eru á tollreikninga, þykir því bera að taka með öll þau nothæf leyfi, sem ákærði hafði sannanlega til umráða, þegar tollafgreiðsla fór fram, þótt þeirra sé ekki þar getið. Í málinu hafa verið lögð fram endurrit allra þeirra innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, sem gefin hafa verið út til handa ákærða sjálfum eða honum til handa vegna annarra eða til handa einhverjum öðrum vegna hans árin 1948 og 1949 eða framlengd með gildi fram á árið 1948. Hefur þessara endurrita á sínum tíma verið aflað hjá Innflutnings- og gjaldeyrisdeild Fjárhagsráðs, sem taldi endurritin tæmandi yfirlit um A- og B-leyfisveitingar til ákærða sjálfs og til hans vegna annarra svo og til annarra vegna hans allt tímabilið. Enn fremur hafa verið lögð fram endurrit allra leyfa, sem skráð eru á tollreikningana að notuð hafi verið við innflutning þess varnings, sem ákæruliðir þessir fjalla um. Eru sum þeirra gefin út til handa öðrum en ákærða. Loks hafa verið lögð fram endurrit allra þeirra leyfa, sem þáverandi starfsmaður bæjarfógetans í Vestmannaeyjum telur notuð hafa verið við tollafgreiðsluna, en honum láðst að skrá á tollreikninga, þau er hann hefur getað tilgreint.

Sá háttur var hafður á við tollafgreiðslu vara þessara, að ákærða voru afhent aftur öll fullnotuð leyfi og leyfi, notuð að nokkru, að lokinni afgreiðslunni, en á leyfin hafði þá almennt áður verið skráð um notkunina. Nokkur þessara leyfa hefur ákærði sýnt rannsóknardómaranum í þinghaldi 26. júlí 1948. Virðast þau hafa verið alveg ónotuð, er ákærði notaði þau við tollafgreiðslu varanna. Ekki hefur tekizt að afla frumrita hinna leyfanna, sem ákærði notaði árið 1948, til þess að ganga úr skugga um, hvort eða að hve miklu leyti leyfin voru notuð áður, þar sem ákærði kveðst hafa fleygt leyfum, sem voru fullnotuð beggja megin, en ýmist sent önnur frá sér til þeirra, er átt hafi þau, eða látið þau í burtu til ýmissa viðskiptasambanda, sem hann minnist ekki, hver séu. Við könnun á því, hvort ákærði hafi haft nægileg leyfi fyrir innflutningi varanna, verða því þessi leyfi lögð til grundvallar sem ónotuð.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi haft gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir öllum vörunum, áður en hann keypti þær. Virðist hann byggja það á því, að auk þeirra leyfa, sem endurrit af hafa verið lögð fram í málinu, hafi hann notað leyfi, sem leyfishafar höfðu framselt honum eða leyft að nota, en láðst hafi að skrá númer þeirra á tollreikningana. Ekki hefur ákærði getað

gert nokkra grein fyrir, hver þessi leyfi voru. Er hann þó yfirheyrður um þetta í júlímánuði 1948, en ákæruliðir nr. I—VI fjalla um innflutning frá 2. maí til 1. júní 1948.

Um I.

Ákærði flutti inn með skipi sínu v/s Helga Helgasyni frá Bretlandi hinn 2. maí 1948 35 rúllur af linoleumgólfdúk og þann 24. maí 1948 45 rúllur. Var þetta tollafgreitt 3. og 5. júlí 1948. Samtals var fobverð þessara vara kr. 44.241.11 (£ 873-12-1 + £ 813-14-0). Nothæf innflutningsleyfi og skráð á tollreikninga voru:

A. No. 9829.	Laugarvatnsskólinn. Útgefið 27/4 1948. Linoleum. Bretland	kr. 5.600.00
A. No. 3994	G. J. Johnsen. Útgefið 27/4 1948. Linoleum. Bretland	— 5.200.00
	Samtals	kr. 10.800.00

Auk þess átti ákærði linoleumleyfi, A. No. 6585, útgefið 20/3 1948 á Holland, fyrir kr. 5000.00. Þann 8. október 1948 fékk hann einnig linoleumleyfi á Holland fyrir kr. 5000.00, A. No. 18606.

Hvorugt þessara leyfa var nothæft í þessu sambandi, þar sem annað gilti á annað land en varan var flutt frá, en hitt var gefið út löngu síðar en varan var tollafgreidd.

Vitnið Sigurður Bogason, þáverandi starfsmaður bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum, sá um alla tollafgreiðslu á þeim vörum, sem mál þetta fjallar um. Um tollafgreiðsluna á linoleumgólfdúknum minnist hann ekki neins sérstaks, er talizt gæti til frávika, annars en þess, að hann hafi tekið gilt 10.000 króna leyfi, A. No. 9828, útgefið 27. apríl 1948, fyrir þakplötur úr aluminium eða þakjárn, sem innflutningsleyfi fyrir annaðhvort linoleumgólfdúknum eða rúðugleri, sem V. ákæruliður fjallar um.

Leyfi þetta var í hvorugu þessara tilvika nothæft.

Um II.

Eins og síðar verður greint frá, flutti ákærði inn frá Bretlandi fjórar „pianettur" með v/s Helga Helgasyni þann 2. maí 1948. Við tollafgreiðslu, sem fór fram 3. júlí 1948, voru engir innkaupareikningar lagðir fram, en ákærði hefur gert ráð fyrir, að innkaupsverð þeirra hafi verið £ 286-0-0 eða kr. 7498.92.

Við tollafgreiðslu voru notuð þessi leyfi:

D. No. 4790. Útgefið 14/6 1948. Oddsteinn Friðriksson. Húsgögn. Bretland ..... kr. 2.200.00

A. No. 616. Útgefið 15/1 1947, en framlengt. Páll Stefánsson. Piano. Danmörk ..... — 4.500.00

Pianoleyfið var ekki skráð á tollreikninginn, en vitnið Sigurður Bogason hefur borið, að það hafi verið notað við þessa tollafgreiðslu. Rekur það ekki minni til, að fleiri leyfi hafi verið sýnd.

Hvorugt þessara leyfa var nothæft í þessu tilviki, þar sem annað gilti á annað land en varan var flutt frá, en hitt var fyrir húsgögnum. Ákærði átti sjálfur engin önnur leyfi, sem hæfðu innflutningi þessarar vöru.

Um III.

Á tímabili því, sem þessi ákæruliður tekur til, flutti ákærði inn frá Bretlandi með skipum sínum v/s Helga og v/s Helga Helgasyni eftirtaldar vefnaðarvörur, og var fobverð þeirra samkvæmt tollreikningum, dags. 3. og 5. júlí 1948, sem hér segir:

	Inn flutt með v/s Helga Helgasyni:		
2/5 1948	3 pk. fataefni	kr. 5.503.14	(£ 209-17-8)
—	1 balli, 404¼ yds. fataefni	— 13.831.60	(£ 527-10-5)
24/5 1948	1127½ yds. flonel	— 3.744.98	(£ 142-16-7)
—	4 ballar fataefni	— 18.158.00	(£ 692-10-6)
—	1 balli fataefni	— 11.514.84	(£ 439- 3-3)
—	200 ullarábreiður	— 7.648.37	(£ 291-14-0)
	Inn flutt með v/s Helga:		
1/6 1948	„Shirtingur"	kr. 13.549.18	(£ 516-15-0)
—	1 ks. fataefni	— 4.334.60	(£ 165- 6-4)
		Samtals kr. 78.284.71	

Nothæf innflutningsleyfi og skráð á tollreikningana voru:

B. No. 3829. Útgefið 18/4 1948. Últíma h/f. Vefnaðarvara o. fl. Bretland ..... kr. 5.000.00

B. No. 1827. Útgefið 24/1 1948. Gísli Gíslason. Vefnaðarvara o. fl. Bretland ..... — 26.300.00

Kr. 31.300.00

Auk þess átti ákærði þessi leyfi:

A. No. 12894. Útgefið 8/6 1948 Nærfatnaður. Holland ..... kr. 5.000.00

A. No. 12896. Útgefið 8/6 1948. Léreft, flónel, sængurfataefni. Tékkóslóvakía .... — 4.000.00
A. No. 12897. Útgefið 8/6 1948. Vefnaðarvörur. Tékkóslóvakía ..... — 9.000.00
A. No. 12898. Útgefið 8/6 1948. Vefnaðarvörur. Tékkóslóvakía ..... — 6.000.00
A. No. 20828. Útgefið 5/11 1948. Léreft, flónel, sængurfataefni. Holland ..... — 2.150.00
A. No. 20829. Útgefið 5/11 1948. Léreft, flónel, sængurfataefni 75%, en 25% sokkar. Bretland ..... — 4.300.00
A. No. 20830. Útgefið 5/11 1948. Léreft, flónel, sængurfataefni 75%, en 25% sokkar. Frakkland ..... — 2.150.00

Öll þessi leyfi voru ónothæf við innflutning þeirra vara, sem þessi ákæruliður fjallar um, þar sem þau hljóða á önnur lönd en vörurnar voru fluttar frá, öll að einu undanskildu, en það var gefið út, löngu síðar en varan var tollafgreidd.

Um IV.

Ákærði flutti inn frá Bretlandi þann 24. maí 1948 með v/s Helga Helgasyni 173 pör af karlmannaskóm. Var fobverð þessarar vöru kr. 4838.57 (£ 184-10-9).

Ekkert leyfi fyrir skóm var tilgreint á tollreikningnum, sem var dags. 5. júlí 1948.

Ákærði átti þessi leyfi fyrir skófatnaði.

A. No. 21586. Útgefið 11/11 1948. Bretland .... kr. 5.500.00
A. No. 379. Útgefið 7/1 1948. Tékkóslóvakía (clearing) ..... — 5.000.00
A. No. 9545. Útgefið 26/4 1948. Tékkóslóvakía (clearing) ..... — 3.850.00
A. No. 11666. Útgefið 19/5 1948. Tékkóslóvakía (clearing) ..... — 4.300.00

Ekkert þessara leyfa var nothæft í þessu sambandi, þar sem þau hljóða ýmist á annað land en varan var flutt frá eða eru gefin út, löngu síðar en varan var tollafgreidd.

Um V.

Ákærði flutti inn frá Bretlandi þann 24. maí 1948 með v/s Helga Helgasyni 40 kistur af rúðugleri, og var fobverð kr. 13.470.52 (£ 513-15-0).

Ekkert rúðuglersleyfi er tilgreint á tollreikningnum, sem var

dags. 5. júlí 1948. Ákærði átti sjálfur ekkert leyfi fyrir rúðugleri þetta ár. Eins og greint er undir ákærulið I, er leyfi það, A. No. 9828, sem kann að hafa verið notað við tollafgreiðslu þessarar vöru, ekki nothæft.

Um VI.

Ákærði flutti inn frá Bretlandi með v/s Helga þann 1. júní 1948 tíu olíukyndingartæki, og var fobverð þeirra kr. 29.445.06 (4 tæki £ 449-4-0 og 6 tæki £ 673-16-0).

Við tollafgreiðslu þann 5. júlí 1948 var notað leyfi A. No. 721, útgefið 8. janúar 1948, fyrir olíubrennurum frá Bretlandi. Vitnið Sigurður Bogason minnist ekki annars leyfis en þessa við tollafgreiðsluna. Fjárhæð leyfisins var kr. 4500.00, og þykir mega telja það nothæft. Ákærði átti sjálfur engin önnur leyfi, sem hæfðu innflutningi þessarar vöru.

Eins og greint er hér að framan, voru vörurnar í ákæruliðum I—VI fluttar inn á tímabilinu frá 2. maí til 1. júní 1948. Ákærði hefur ekki getað gert nokkra grein fyrir öðrum leyfum, sem hann telur sig hafa notað við tollafgreiðslu varanna umfram þau, sem þegar hafa verið tekin til meðferðar hér að framan. Var ákærði þó yfirheyrður um þetta, mjög skömmu eftir að innflutningurinn átti sér stað, í júlímánuði 1948, en tollafgreiðslan fór fram í byrjun sama mánaðar. Ekki minnist vitnið Sigurður Bogason, sem tollafgreiddi vörurnar, heldur þess, að notuð hafi verið við tollafgreiðsluna önnur leyfi en þegar hefur verið greint frá. Var hann einnig yfirheyrður um þetta síðar í sama mánuði og tollafgreiðsla fór fram.

Það verður því að telja sannað, að ákærði hafi flutt inn þær vörur, sem greindar eru í ákæruliðum I, III, og VI, án fullnægjandi innflutningsleyfa og þær vörur, sem ákæruliðir II, IV og V taka til, án þess að hafa nokkurt gilt innflutningsleyfi.

Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þessa liði, sbr. og varðandi I., IV. og V. ákærulið 1. og 11. gr. laga nr. 88/1953.

Um VII.

Greindir loðfeldir voru á farmskrá v/s Helga, sem kom til Vestmannaeyja 25. febrúar 1949. Voru þeir skráðir á nafn ákærða. Í þinghaldi 19. september 1950 bar ákærði það, að loðfeldirnir hefðu verið á vegum skipstjóra á v/s Helga, sér óviðkomandi, og þeir aldrei komið á afgreiðslu sína, en bauðst í þinghaldinu þó til að greiða aðflutningsgjöld af þeim. Kvaðst hann ekki hafa greitt

feldi þessa erlendis fyrir skipstjórann, en hann var þá andaður. Er ákærði var nánar inntur eftir, hver væri eigandi feldanna, kvaðst hann ekkert um það vita, en enga athugasemd eða fyrirspurn hafa gert út af því, að feldirnir voru á nafni hans á farmskrá.

Vitnið Jón Í. Sigurðsson og Filippus G. Árnason tollgæzlumenn hafa borið, að þeir hafi séð loðfeldina fjóra við komu skipsins og spurt skipstjórann, hver væri móttakandi þeirra eða eigandi. Kveða þeir skipstjórann hafa tjáð þeim, að það væri ákærði, og færðu þeir það inn á viðkomandi vörulista. Hafa tollgæzlumennirnir heitfest þessa framburði, og er þeir voru bornir undir ákærða, kvaðst hann ekkert um þessa framburði vilja segja.

Ekkja skipstjórans hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að maður sinn hafi sagt sér sem hverjar aðrar fréttir, er hann kom heim úr ferðinni frá Englandi þann 25. febrúar 1949, að í farmi skipsins hefðu verið fjórir mjög dýrir kvenloðfeldir, er ákærði hefði átt. Hafði hann jafnframt orð á því, að sér þætti leitt að hafa ekki ráð á að gefa konu sinni eina slíka flík. Taldi vitni þetta fráleitt, að feldir þessir hefðu verið á vegum manns síns á annan hátt en vera í farmi skips þess, er hann var skipstjóri á. Þenna framburð hefur vitnið heitfest.

Þegar framangreint er virt, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið innflytjandi feldanna. Voru þeir aldrei tollafgreiddir, og ákærði hafði sjálfur ekkert leyfi fyrir slíkum innflutningi. Hefur ákærði með þessu atferli sínu brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þenna lið.

Um VIII.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu flutti ákærði frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni 11. maí 1949 þvottavélar og þvottapotta, og var fobverð þeirra kr. 23.598.00 (£ 900-0-0).

Nothæf innflutningsleyfi og skráð á tollreikning þann 1. júní 1949 voru:

B. No. 12922.	Útgefið 13/4 1949 v. skipshafnar v/s Helga og v/s Helga Helgasonar. Þvottavélar. Bretland	kr.	15.000.00
B. No. 10581.	Útgefið 22/1 1949. Jón Björnsson. Þvottavél. Bretland	—	1.000.00
		Kr.	16.000.00

Auk þess kveðst vitnið Sigurður Bogason hafa notað við tollafgreiðslu þessara vara eftirtalin leyfi, sem honum hafi láðst að skrá á tollreikninginn:

A. No. 40976. Útgefið 14/6 1949. Guðlaugur og Jón Vigfússon. Þvottavélar. U.S.A. .... kr. 1.300.00

A. No. 48249. Útgefið 23/11 1949. Guðlaugur og Jón Vigfússon. Þvottavélar. U.S.A. — 760.00

Þar sem bæði þessi leyfi hljóða á annað land en varan var flutt frá og eru auk þess gefin út eftir tollafgreiðslu varanna, voru þau ónothæf í þessu sambandi.

Ákærði átti sjálfur engin önnur leyfi, sem hæfðu innflutningi þessara vara. Hefur hann viðurkennt að hafa greitt þær með erlendum gjaldeyri af söluandvirði fisks úr v/s Helga Helgasyni 7. maí 1949.

Um IX.

Vörur þessar flutti ákærði inn frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni 11. maí 1949:

a) Rafmagnseldavélar.

Fobverð var kr. 10.253.33 (£ 391-1-0).

Á tollreikningnum, sem er dags. 2. júní 1949, eru tilgreind þessi leyfi:

A. No. 28621. Útgefið 15/2 1949, fyrir miðstöðvar, miðstöðvarkatla og tilheyrandi frá Frakklandi .... kr. 10.000.00

A. No. 32765. Útgefið 8/4 1949, fyrir búsáhöld frá Bretlandi ..... — 3.300.00

Vitnið Sigurður Bogason kveðst hafa tekið þessi leyfi gild við tollafgreiðslu rafmagnseldavélanna, þar sem leyfin hafi hljóðað á skyldar vörutegundir.

Hvorugt þessara leyfa verður metið nothæft, og ákærði átti sjálfur ekkert leyfi fyrir rafmagnseldavélum árið 1949.

b) Vatnsgeymar.

Fobverð var kr. 5198.11 (£ 198-5-0).

Engin leyfi eru tilgreind á tollreikningnum, og ákærði átti sjálfur engin leyfi fyrir þessari vöru árið 1949.

c) Handlaugar og baðker.

Fobverð var kr. 21.459.97 (£ 354-19-2 og £ 463-10-0).

Engin leyfi eru tilgreind á tollreikningunum, en ákærði átti þessi leyfi árið 1949:

A. No. 28620. Útgefið 15/2 1949. Frakkland. Baðker og vaskar o. fl. ..... kr. 7.000.00

A. No. 42051. Útgefið 27/6 1949. Ítalía. Baðker, vaskar o. fl. ..... — 3.000.00
A. No. 27111. Útgefið 25/1 1949. Frakkland. Baðker og vaskar o. fl. ..... — 5.000.00
B. No. 10557. Útgefið 24/1 1949. Bretland. Hreinlætistæki ..... — 12.500.00

Tvö síðastgreindu leyfin virðast vera fullnotuð við innflutning vara, sem greindar eru á tollreikningunum á dskj. 159 og 110 í lögregluréttarrannsókninni.

d) Fataefni og vefnaðarvara.

Fobverð var kr. 20.213.43 (£ 407-17-3 og £ 363-1-1).

Engin leyfi voru tilgreind á tollreikningunum, en ákærði átti þessi vefnaðarvöruleyfi árið 1949:

A. No. 36068. Útgefið 27/4 1949. Holland .... kr. 9.700.00
A. No. 35069. Útgefið 27/4 1949. Bretland .... — 6.100.00
A. No. 35070. Útgefið 27/4 1949. Tékkóslóvakía — 6.100.00
A. No. 35071. Útgefið 27/4 1949. Frakkland .. — 2.500.00
A. No. 48862. Útgefið 7/12 1949. Bretland .... — 6.200.00
A. No. 48863. Útgefið 7/12 1949. Tékkóslóvakía — 6.200.00
A. No. 48864. Útgefið 7/12 1949. Ítalía ..... — 6.300.00
A. No. 26400. Frl. 24/1 1949. Holland ..... — 2.150.00
A. No. 26501. Frl. 24/1 1949. Bretland ..... — 4.300.00

Leyfin A. No. 35069 og A. No. 26501 voru notuð við innflutning gólfdregla, eins og greint verður frá undir g) hér á eftir.

e) „Fittings".

Fobverð var kr. 3305.03 (£ 126-1-0).

Engin leyfi eru tilgreind á tollreikningnum, en ákærði átti þessi leyfi:

A. No. 28619. Útgefið 15/2 1949. Bretland. Fittings o. fl. ..... kr. 10.000.00
A. No. 41591. Útgefið 20/6 1949. Ítalía. Pípuhlutar o. fl. ..... — 6.000.00

Leyfið A. No. 28619 er a. m. k. að nokkru notað við innflutning vara, sem greindar eru á tollreikningi á dskj. 110 í lögregluréttarrannsókninni.

f) Miðstöðvarofnar.

Fobverð var kr. 11.666.37 (£ 444-18-10).

Engin leyfi eru tilgreind á tollreikningnum, en ákærði átti leyfið A. No. 28621 fyrir miðstöðvar, miðstöðvarkatla og tilheyrandi frá Frakklandi, útgefið 15/2 1949. Var leyfi þetta

skráð á tollreikning við innflutning rafmangseldavéla, eins og greint er undir a) hér að framan.

g) Gólfdreglar.

Fobverð var kr. 10.518.25 (£ 128-19-4 og £ 272-3-9).

Á tollreikningana, sem eru dags. 2. júní 1949, voru skráð þessi leyfi:

A. No. 26501.	Útgefið 24/1 1949. Vefnaðarvara frá Bretlandi	kr. 4.300.00
A. No. 35069.	Útgefið 27/4 1949. Vefnaðarvara frá Bretlandi	— 6.100.00
		Kr. 10.400.00

Þykir mega telja leyfi þessi nothæf.

Auk þess átti ákærði leyfi fyrir gólfdreglum frá Bretlandi, að fjárhæð kr. 14.000.00, B. No. 10556, út gefið 24/1 1949, en leyfi þetta var notað að fullu við innflutning gólfteppa, sbr. tollreikning, dags. 22/3 1949 (dskj. 111 í lögregluréttarrannsókninni).

Um X.

Ákærði flutti inn veggflísar frá Bretlandi með v/s Helga Helgasyni þann 17. júní 1949. Var fobverð þeirra kr. 11.852.20 (£ 452-0-7). Ekkert leyfi var tilgreint á tollreikningnum, og ákærði átti sjálfur engin leyfi, sem hæfðu innflutningi þessarar vöru.

Vörur þær, sem greindar eru undir ákæruliðum VIII—X, voru fluttar inn á tímabilinu frá 11. maí til 17. júní 1949. Voru þær allar tollafgreiddar frá 30. maí til 4. júlí sama ár, nema liður IX, f, þann 31. desember 1949. Ákærði hefur ekki getað gert grein fyrir, hver þau leyfi voru, sem hann telur sig hafa notað við tollafgreiðslu umfram þau, sem þegar hafa verið tekin til meðferðar hér að framan. Hins vegar var hann ekki yfirheyrður um þessi leyfi fyrr en 20. september 1950. Vitnið Sigurður Bogason, sem tollafgreiddi vörurnar, var fyrst yfirheyrt um þetta þann 25. ágúst 1950. Það telur, að auk þeirra leyfa, sem þegar hefur verið greint frá að notuð hafi verið við tollafgreiðsluna, hafi það haft önnur nothæf leyfi til afnota við tollafgreiðslu vara þeirra, sem taldar eru undir ákæruliðum IX, b til f, og X hér að framan, án þess þó að geta tilgreint þau. Þegar litið er til þess, er nú var rakið, þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi flutt inn án tilskilinna eða nægilegra innflutningsleyfa þær vörur, sem greindar eru undir

ákærulið IX, b til f, og ákærulið X. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum.

Hins vegar verður að telja sannað, að ákærði hafi flutt inn þær vörur, sem greindar eru í ákærulið VIII, án fullnægjandi innflutningsleyfa og nokkurra gjaldeyrisleyfa og þær vörur, sem greindar eru undir ákærulið IX, a, án þess að hafa nokkurt gilt innflutningsleyfi. Þau innflutningsleyfi, sem ákærði notaði við innflutning varanna í ákærulið IX, g, voru að óverulegu leyti ekki fullnægjandi.

Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þessi ákæruatriði.

Um XI.

Ákærði flutti inn frá Danmörku 1000 borðstofustóla með e/s Lyngaa í febrúarmánuði 1948. Var fobverð stólanna kr. 25.080.45 (D. kr. 18.500.00).

Á tollreikninginn, sem er dags. 1. október 1948, eru skráð þessi leyfi:

A. No. 667. Útgefið 8/1 1948. Gísli Johnsen.
Hurðir. Svíþjóð ..... kr. 20.565.00
C. No. 1636. Útgefið 29/9 1948. Gísli J. Johnsen.
Timbur. Danmörk ..... — 20.000.00

Vitnið Sigurður Bogason kveðst hafa tollafgreitt stólana út á þessi leyfi. Ákærði minnist þess ekki, að önnur leyfi væru notuð við innflutning þenna.

Ákærði hefur haldið því fram, að Viðskiptanefndin hafi fallizt á, að greint leyfi C. No. 1636 væri gilt fyrir innflutning stóla. Vitnin Sverrir Júlíusson og Sigurjón Guðmundsson, sem af hálfu nefndarinnar höfðu til afgreiðslu málaleitun ákærða um innflutningsleyfi fyrir efni í stóla þessa, hafa afdráttarlaust neitað þessu og heitfest þann framburð.

Þegar greindir stólar voru fluttir til landsins, voru þeir að vísu ekki alveg fullunnir, þar sem eftir var að líma þá saman og klæða setur þeirra. Hins vegar verða leyfi þau, er ákærði notaði við innflutning þeirra, ekki talin nothæf í þessu sambandi, þar sem þau hljóðuðu á allt aðrar vörutegundir.

Um XII.

Ákærði flutti inn 1000 borðstofustóla frá Danmörku með e/s Brúarfossi í septembermánuði 1949. Var fobverð þeirra kr. 28.469.70 (D. kr. 21.000.00), og voru þeir tollafgreiddir þann 11.

febrúar 1950. Stólarnir voru í sama eða svipuðu ásigkomulagi og stólar þeir, sem greindir eru undir ákærulið XI.

Á tollreikninginn er skráð leyfið B. No. 18232 fyrir húsgagnaefni (hálfunnir stólar) frá Bretlandi. Var það gefið út þann 11. janúar 1950 og að fjárhæð kr. 21.000.00. Við tollafgreiðsluna kveðst vitnið Sigurður Bogason einnig hafa notað leyfi fyrir timbri fyrir mismuninum á fyrrgreindu leyfi og fobverði vörunnar, en láðst að skrá númer þessa timburleyfis á tollreikninginn.

Ákærði hefur talið rétt, að stólar þessir hafi verið fluttir inn á fyrrgreint leyfi, B. No. 18232, en ekki er minnzt á timburleyfið í framburði hans. Fyrrgreint leyfi er miðað við Bretland, en stólarnir voru fluttir inn frá Danmörku. Er það því ekki nothæft í þessu sambandi né heldur timburleyfið, sem verður ekki talið gilda fyrir stóla.

Það verður því að telja sannað, að ákærði hafi flutt inn stóla þá, sem greindir eru í ákærulið XI og XII, án þess að hafa nokkurt gilt innflutningsleyfi fyrir þeim.

Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þessa liði, sbr. og 1. og 11. gr. laga nr. 88/1953.

Um XIII—XV.

Vitnið Sigurður Bogason, sem sá um tollafgreiðslu bæjarfógetaembættisins, hefur borið, að öll nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu vara þeirra, er þessir ákæruliðir fjalla um, hafi það ekki fengið fyrr en líklega um miðjan júní 1948. Um leið og vitnið fékk gögnin, afhenti ákærði því óútfyllta tékkávísun á reikning sinn við Útvegsbankann í Vestmannaeyjum. Innstæðu ákærða á reikningi þeim, sem ávísunin hljóðar á, kveðst vitnið ekki hafa kynnt sér. Átti ávísun þessi að vera til tryggingar aðflutningsgjöldum varanna, og kveðst vitnið hafa haft heimild ákærða til að útfylla sjálft ávísunina með hverri þeirri fjárhæð, sem þyrfti. Aðflutningsgjöldin segir vitnið öll greidd í einu þann 6. eða 7. júlí 1948 og hafi ákærði þá fengið tryggingarávísunina afhenta.

Ákærði skýrir mjög á sömu lund frá þessu og telur ekki ólíklegt, að bæjarfógetaskrifstofan hafi fengið öll aðflutningsgögnin um miðjan júnímánuð, en minnir, að aðflutningsgjöldin væru greidd 5. júlí 1948.

Vitnin Filippus G. Árnason og Jón Í. Sigurðsson tollgæzlumenn hafa borið, að þeir hafi skoðað vörur þessar seinni hluta maí og allra fyrstu daga í júnímánuði 1948. Við sérhverja vöruskoðun

hafi ákærði afhent þeim reikninga þá, er til voru og við áttu, en aðflutningsskýrslurnar kveðast þeir ekki hafa fengið allar fyrr en um miðjan júnímánuð. Þeir segjast hafa afhent bæjarfógetaskrifstofunni alla þá reikninga, er þeir höfðu fengið, og aðflutningsskýrslurnar þann 16. júní 1948. Hafa tollgæzlumennirnir heitfest þessa framburði sína.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi afhent vitninu Sigurði Bogasyni fyrrgreinda ávísun „í því skyni að herða á tollafgreiðslunni og sýna tollyfirvöldunum vilja sinn til þess að greiða aðflutningsgjöldin sem fyrst og rýmka ráðstöfunarrétt sinn yfir vörunum". Kveðst hann ekki muna, hvort hann vakti athygli vitnisins Sigurðar Bogasonar á því, að hann léti það fá ávísunina í þessum tilgangi, en „kveður sig þó minna, að hann hafi haft orð á því, að það væri bezt fyrir alla að hafa tollafgreiðsluna á hreinu".

Vitnið Sigurður Bogason hefur harðneitað að hafa á nokkurn hátt heimilað ákærða að ráðstafa vörunum fyrr en eftir greiðslu aðflutningsgjaldanna þann 6. eða 7. júlí 1948, þótt vitnið hefði í vörzlum sínum fyrrgreinda undirritaða, en óútfyllta ávísun. Kveður það ákærða aldrei hafa leitað eftir samþykki sínu til að selja nokkuð af vörunum.

Ákærði hefur haldið því fram, að sala sumra varanna hafi ekki hafizt fyrr en alllöngu eftir tollskoðun, en annarra ekki fyrr en verðlagseftirlitsmaðurinn hafði verðstaðfest þær. Kveðst hann ekki muna, hvort hann hafi selt þær fyrir eða eftir greiðslu aðflutningsgjalda, en í síðara þinghaldi kvaðst hann „ekki hafa getað fundið út", hvenær sala varanna hafi hafizt.

Þann 31. maí 1950 útnefndi rannsóknardómarinn þá Jón Eiríksson skattstjóra og Þórarin Jónsson fulltrúa til þess að athuga bókhald ákærða og kanna meðal annars, hvenær sala varanna hafi hafizt. Höfðu þeir aðgang að bókhaldi ákærða, gáfu skýrslu um rannsóknina og hafa báðir heitfest þær skýrslur.

Að tilhlutun rannsóknardómarans rannsökuðu tveir verðgæzlumenn, Árni Björn Jakobsson og Þorvaldur Ari Arason, verðlag hjá ákærða. Dvöldu þeir í Vestmannaeyjum frá 30. október til 26. nóvember 1950 í þessu skyni. Einnig höfðu þeir verið í Vestmannaeyjum í júlímánuði 1950 á vegum verðgæzlunnar til þess að rannsaka verðlag hjá verzlunum, þar á meðal hjá verzlunum ákærða. Verðgæzlumennirnir höfðu í síðari ferðinni aðgang að öllu því bókhaldi ákærða, sem þá var í vörzlu löggilts endurskoðanda, Franz A. Andersens, og síðar verður greint frá. Gáfu þeir skýrslu um rannsóknina, m. a. hvenær sala varanna hafi hafizt, sem er dskj. nr. 300 í lögregluréttarrannsókninni. Þessa skýrslu

lét verðgæzlustjóraembættið endurskoða, en sú endurskoðun beindist ekki að því, hvenær sala einstakra vara hafi hafizt. Síðar endurskoðuðu einnig skýrsluna tveir dómkvaddir yfirskoðunarmenn, en þeir lögðu ekki sérstaka áherzlu á að sannreyna, hvort dagsetning um, hvenær sala einstakra vörusendinga hófst, „væri í öllum tilfellum nákvæmlega tilgreind". Þessir aðiljar breyttu eða felldu niður nokkra liði, sem verðgæzlumennirnir töldu í skýrslu sinni vera ólöglegan ágóða ákærða, en staðfestu skýrsluna að öðru leyti, yfirskoðunarmennirnir þó aðeins að svo miklu leyti, sem þeir höfðu frumgögn til að endurskoða hana. Verðgæzlumennirnir, sem hafa kynnt sér þessar breytingar, hafa heitfest, að þeir geti ekki annað séð en að þeir hafi unnið verk sitt eftir beztu þekkingu og með samvizkusemi.

Verður nú kannað, hvenær ákærði hóf sölu þeirra vara, sem þessir ákæruliðir fjalla um.

a) Linoleumgólfdúkur, inn fluttur með v/s Helga Helgasyni 2. maí (35 rúllur) og 24. maí 1948 (45 rúllur).

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar hefur sala á linoleumgólfdúk hafizt 5. maí 1948. Þorvaldur og Árni Björn segja í skýrslu sinni, að salan hefjist í maímánuði 1948. Vitnið Þorgeir Frímannsson, sem hafði með höndum stjórn þeirrar verzlunar ákærða, sem þessi vörutegund var seld úr, telur, að „aðalsalan á linoleumgólfdúknum hafi farið fram í maímánuði 1948, nokkrum dögum eftir komu v/s Helga Helgasonar úr umræddum tveimur ferðum hans hvorri um sig." Hefur vitnið heitfest framburð sinn.

b) „Pianettur", inn fluttar með v/s Helga Helgasyni 2. maí 1948.

Eins og greint verður frá, þegar fjallað verður um XXI. ákærulið, var ákærði innflytjandi þessara fjögurra pianetta. Hefur hann viðurkennt, að strax eftir komu skipsins hafi tveimur verið ekið, annarri heim til kaupanda í Vestmannaeyjum, en hinni í afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins til flutnings til kaupanda á Siglufirði. Taldi ákærði sig hafa samþykki vitnisins Sigurðar Bogasonar til þessa, en vitnið hefur neitað því.

c) Fataefni, inn flutt með v/s Helga Helgasyni 2. maí (3 pakkar) og 24. maí 1948 (6 pakkar).

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar hefur sala á fataefnum hafizt 31. maí 1948. Í „vaktbók" lögreglunnar (dskj. 65 í lögregluréttarrannsóknninni) er skráð, að lögreglan hafi verið beðin aðstoðar vegna mikils troðnings við sölu fataefna í verzlun ákærða þann dag, en til áfloga hafi

komið þar vegna slíkrar sölu þann 28. maí 1948. Í skýrslu Þorvalds og Árna Björns er sala fataefna talin hafin í maí, 31. maí og 1. júní 1948, mismunandi tegundir. Vitnin Guðjón Scheving og Sigurjón Sigurbjörnsson hafa borið um sölu þessara fataefna; kveður Guðjón söluna hafna í maímánuði, en Sigurjón þann 28. maí 1948. Hafa vitnin heitfest framburði sína.

d) Vatnssalerni (50 stk.), inn flutt með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948.

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar og einnig skýrslu Þorvalds og Árna Björns hefur sala á þessu hafizt 2. júní 1948. Er það og í samræmi við heitfestan framburð vitnisins Magnúsar Magnússonar. Vitnin Friðfinnur Finnsson og Guðmundur Kristjánsson, en vara þessi var seld úr þeirri verzlun ákærða, er þeir störfuðu við, hafa borið, að sala hennar hafi hafizt í júníbyrjun eða laust upp úr mánaðamótunum maí og júní. Hafa vitnin heitfest þessa framburði sína.

e) Flónel (1127½ yds.), inn flutt með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948.

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar og einnig skýrslu Þorvalds og Árna Björns hefur sala á þessu hafizt 28. maí 1948.

f) Rúðugler (40 kistur), inn flutt með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948.

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar hefur sala á þessu hafizt 2. júní 1948. Vitnið Friðfinnur Finnsson, sem starfaði við þá verzlun ákærða, er vara þessi var seld úr, hefur borið og heitfest þann framburð sinn, að sala á þessu rúðugleri hafi sennilega hafizt upp úr mánaðamótum maí og júní 1948.

g) Karlmannaskór (173 pör), inn fluttir með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948.

Samkvæmt skýrslu Þorvalds og Árna Björns hefur sala á þessu hafizt 2. júní 1948. Í „vaktbók" lögreglunnar í Vestmannaeyjum þenna dag er skráð beiðni um lögregluaðstoð, þar sem búizt var við þröng við sölu skófatnaðar í verzlun ákærða. Eftir skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar hefur sala á karlmannaskóm hafizt 1. júní 1948, en þeir geta ekki fullyrt neitt um, hvort skórnir voru hinir sömu og þessi ákæruliður fjallar um, þar sem ákærði hafði samkvæmt innkaupareikningi, dags. 12. maí 1948, keypt 168 pör af karl-

mannaskóm af G. Helgason & Melsted h/f, Reykjavík. Vitnið Pétur Stefánsson hefur borið, að það hafi þann 2. júní 1948 keypt karlmannaskó, sem kostuðu kr. 95.00 í verzlun ákærða. Er þetta staðfest af vitninu Óskari Einarssyni. Bæði vitnin hafa heitfest framburði sína. Samkvæmt skýrslu Þorvalds og Árna Björns var útsöluverð ákærða á skóm þeim, er hann keypti af G. Helgason & Melsted h/f, kr. 87.00. Hafa yfirskoðunarmennirnir endurskoðað og staðfest það útsöluverð ákærða.

h) „Shirtingur" (2469¼ yds.), inn fluttur með v/s Helga 1. júní 1948.

Samkvæmt skýrslu Jóns Eiríkssonar og Þórarins Jónssonar hefur sala á efni, sem þeir telja að geti verið „shirtingur", hafizt fyrri hluta júnímánaðar 1948 og nefna sem dæmi sölu 9. júní með útsöluverði kr. 17.50 metrinn. Í skýrslu Þorvalds og Árna Björns er sala á „Coloured Cottons" talin hafin 9. júní 1948, útsöluverð kr. 17.50 metrinn. Vitnin Guðfinna B. Thorberg, Aðalbjörg Bergmundsdóttir og Ásta Ársælsdóttir hafa öll borið, að þau hafi keypt „shirting" í verzlun ákærða á kr. 17.50 metrann, Guðfinna og Ásta þann 9. júní og Aðalbjörg líklega 10. júní 1948. Öll bera vitni þessi, að þetta efni hafi þá undanfarið ekki verið fáanlegt í verzlunum í Vestmannaeyjum. Vitnin hafa öll heitfest framburði sína.

i) Fataefni (1 kassi), inn flutt með v/s Helga 1. júní 1948.

Gögn liggja ekki fyrir um það, að sala á þessu fataefni hafi hafizt, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.

j) Snyrpinótastykki (10 ballar), inn flutt með v/s Helga 1. júní 1948.

Í málinu hafa engin gögn komið fram um það, að ákærði hafi selt þessa vöru.

k) Olíukyndingartæki (10 stk.), inn flutt með v/s Helga 1. júní 1948.

Samkvæmt vottorði símastjórans í Vestmannaeyjum voru keypt af ákærða til afnota í símastöðvarhúsinu tvö olíukyndingartæki („Parvinac" Automatic Oil Burners). Verð hvors tækis var kr. 4500.00. Tækin voru greidd 7. júní 1948, en höfðu verið afhent símastöðinni nokkru fyrr. Hefur símastjórinn staðfest fyrir dómi undirskrift sína undir vottorðið.

Þegar söluverð tækjanna, kr. 4500.00 hvort, var borið undir ákærða, kvaðst hann „hvorki muna til né frá um það".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna ákærða af þeim ákæruatriðum, sem greind eru í i) og j) hér að framan.

Hins vegar verður að telja sannað, að ákærði hafi hafið sölu á þeim vörum, sem taldar eru í a) til h) og í k), áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu, en þessar vörur eru:

Linoleumgólfdúkur, „pianettur" og fataefni, inn flutt með v/s Helga Helgasyni 2. maí 1948.

Vatnssalerni, linoleumgólfdúkur, flónel, fataefni, rúðugler og karlmannaskór, inn flutt með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948.

„Shirtingur" og olíukyndingartæki, inn flutt með v/s Helga 1. júní 1948.

Hefur ákærði með framangreindri háttsemi sinni gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem í ákæruskjali greinir um þessi ákæruatriði.

Um XVI.

Eins og greint er í kaflanum um VII. ákærulið, er talið sannað, að ákærði hafi verið innflytjandi þeirra felda, sem þessi ákæruliður fjallar um. Aðflutningsgjöld voru engin af þeim greidd. Hefur ákærði með ráðstöfun feldanna án greiðslu lögmætra aðflutningsgjalda gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem í ákæruskjali greinir um þetta ákæruatriði.

Olíukyndingartækin, sem greinir í þessum ákærulið, voru flutt inn með v/s Helga þann 1. júní 1948. Í upphafi hélt ákærði því fram, að þau hefðu einungis verið fjögur talsins. Skilaði hann bæjarfógetaskrifstofunni einungis reikningum um fjögur tæki, og á aðflutningsskýrslunum voru þau aðeins talin fjögur. Síðar viðurkennir ákærði, að tækin hefðu verið tíu og þá einnig, að hann ætti vangreidd aðflutningsgjöld af sex olíukyndingartækjum. Kemur þetta heim við framburð vitnisins Sigurðar Bogasonar starfsmanns bæjarfógeta, sem þá hafði með höndum alla tollafgreiðslu. Öll tíu tækin hefur ákærði ýmist selt eða notað í þágu fyrirtækja sinna, en vitnið Sigurður Bogason hefur eindregið neitað, að það hafi heimilað ákærða að ráðstafa neinum inn fluttum vörum fyrr en eftir greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því talið sannað, að ákærði hafi ráðstafað sex olíukyndingartækjum, inn fluttum með v/s Helga 1. júní 1948, án greiðslu lögmætra aðflutningsgjalda og með því brotið gegn þeim ákvæðum, sem í ákæruskjali greinir um þetta ákæruatriði.

Um XVII.

a) Kol, sement og „snowcem".

Vitnið Óskar Sigurðsson var verðgæzlumaður í Vestmannaeyjum, er vörur þær, sem þessi ákæruliður fjallar um, voru fluttar til landsins. Það verðlagði ekki kola- og sementinnflutning ákærða. Um það segir svo í skýrslu vitnisins, „að á kolum og sementi var fast verð hér á þeim tíma, er hér skiptir máli. Tel ég því ekki neitt athugavert við það, þótt Helgi Benediktsson afhenti mér ekki innkaupareikninga um þessar vörutegundir. Var enginn ágreiningur okkar Helga í milli um verð þessara vara". Samkvæmt þessu og öðrum framburði vitnisins hefur það að minnsta kosti gefið ákærða til kynna, að hann þyrfti ekki að leita sérstakrar verðstaðfestingar á kolum og sementi. Þar sem þetta er leitt í ljós, þykir það afsakanlegt, að ákærði taldi þann verknað sinn ekki réttarbrot. Er því rétt, að refsing ákærða fyrir að selja vörur þessar og „snowcem" án þess að leita verðstaðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði falli niður, sbr. 74. gr. laga nr. 19/1940.

b) Olíukyndingartæki.

Ákærði hefur haldið því fram, að verð á tækjum þessum hafi verið ákveðið í samráði við Óskar Sigurðsson verðgæzlumann með hliðsjón af verði fyrri tækja. Hefur verðgæzlumaðurinn eindregið neitað þessu og heitfest þann framburð. Engin verðstaðfesting hefur því farið fram á tækjunum. Ákærði seldi tvö þessara tækja vorið 1948, eins og greint er hér að framan í kaflanum um XV. ákærulið, og samkvæmt framburði vitnisins Störkers Hermansens hefur hann selt fjögur önnur tæki, en að öðru leyti er ekki leitt í ljós, hve mörg tækjanna ákærði seldi, þar sem hann mun hafa tekið einhver þeirra til eigin nota. Verður hann því einungis sakfelldur fyrir að hafa selt greind sex olíukyndingartæki án þess að leita staðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði þeirra, en með þeirri háttsemi hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum, sem í ákæruskjali greinir um þetta ákæruatriði.

c) Snyrpinótastykki, inn flutt 1. júní 1948, sísaltóg, inn flutt 25. febrúar 1949, netjakúlur, inn fluttar 12. apríl 1949, og snyrpinótastykki, inn flutt 17. júní 1949.

Í málinu hafa ýmist engin gögn eða ekki örugg gögn komið fram um það, að ákærði hafi selt vörur þessar, og ber því að sýkna hann af þessum ákæruatriðum.

d) „Pianettur".

Verðgæzlumaðurinn í Vestmannaeyjum hefur borið og heit-

fest þann framburð, að hann hafi ekki staðfest útsöluverð á þeim fjórum pianettum, sem ákærði flutti inn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt fjórum nafngreindum mönnum þessar „pianettur". Með því að selja þær án þess að leita staðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði þeirra hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum, sem í ákæruskjali greinir um þetta ákæruatriði.

e) Kvenloðfeldir.

Eins og getur hér að framan, er talið sannað, að ákærði hafi verið raunverulegur innflytjandi feldanna. Ekki var leitað verðstaðfestingar. Engin gögn hafa hins vegar komið fram um það, að ákærði hafi selt feldina. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Um XVIII.

Gögn liggja ekki fyrir um það, að ákærði hafi hafið sölu á fataefni því, sem flutt var inn með v/s Helga þann 1. júní 1948, áður en útsöluverðið var samþykkt af verðlagsyfirvöldum. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Um aðrar þær vörur, sem þessi ákæruliður fjallar um, er það að segja, að ákærði hóf sölu sumra þeirra í maímánuði og allra fyrir miðjan júnímánuð 1948, sbr. að framan um ákæruliði XIII —XV.

Verðgæzlumaðurinn, vitnið Óskar Sigurðsson, hefur borið og heitfest þann framburð, að það hafi fengið endurrit tollreikninga 9. og 10. júlí og önnur nauðsynleg skjöl rétt á eftir. Kveðst vitnið hafa afhent ákærða staðfesta verðútreikninga 10.—17. júlí 1948. Ákærði telur þetta hafa átt sér stað frá 6.—10. júlí 1948. Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði hefur hafið sölu á linoleumgólfdúk og fataefni, inn fluttum 2. maí 1948, vatnssalernum, linoleumgólfdúk, flóneli, fataefni, karlmannaskóm og rúðugleri, fluttu inn 24. maí 1948, og „shirting", inn fluttum 1. júní 1948, áður en útsöluverð varanna var samþykkt af verðlagsyfirvöldum. Hins vegar er ekki leitt í ljós, hve mikið magn varanna ákærði seldi fyrir verðstaðfestinguna. Með þessu atferli hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þessi ákæruatriði.

Um XIX.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af innflutningsleyfi því, sem notað var við innflutning bifreiðarinnar. Er það gefið út til Hallgríms Júlíussonar. Vitni þetta er nú látið, en ekki er annað

vitað en að það hafi fyrir sitt leyti heimilað ákærða að nota leyfið. Ekki hefur tekizt að afla frumrits leyfisins, en á endurriti því, sem lagt er fram, er ekkert ákvæði um, að framsal sé bannað eða að leyfið sé eingöngu bundið við nafn leyfishafa. Í þágildandi lögum voru engin ákvæði um framsal leyfa, og einu reglurnar um þetta er að finna í starfsreglum fyrir Viðskiptaráð (dskj. 75), þar sem segir, að framsal leyfa einu sinni sé heimilt, en sala bönnuð, og skal það tekið fram á leyfinu.

Þar sem þessu var svo háttað, er nú var lýst, þykir bera að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Um XX.

Eins og getið er hér að framan, rannsökuðu tveir verðgæzlumenn verðlag í verzlunum ákærða. Er þessi ákæruliður byggður á skýrslu þeirra um þessa rannsókn, endurskoðaðri og leiðréttri af verðgæzlustjóraembættinu.

Þegar þessi skýrsla verðgæzlumannanna var borin undir ákærða, kvað hann hana vera algerlega rakalausa og tómar rangfærslur, en vildi ekki tjá sig um einstaka liði hennar.

Undir rekstri málsins voru skipaðir tveir sérfróðir menn til þess að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumannanna, og hafa þeir gefið skýrslur um yfirskoðunina, sem ákærði hefur haft tækifæri til að kynna sér.

Bæði verðgæzlumennirnir og yfirskoðunarmennirnir hafa heitfest, að þeir hafi unnið starfið eftir beztu vitund og þekkingu.

Verða nú einstök atriði þessa ákæruliðar tekin til athugunar og vísað til hlaupandi númera, sem dómendur hafa sett, er ákæruskjalið var rakið hér að framan.

A. a) Um nr. 40—51, 65, 79 og 256—262.

Yfirskoðunarmennirnir telja, að engin gögn liggi fyrir um það, að ákærði hafi selt vörurnar, sem greindar eru í nr. 40—51 og 256—262, en miklar líkur til, að hann hafi notað þessar vörur sjálfur. Verðgæzlumennirnir telja einnig ekki sannaðan ólöglegan ágóða af vörum þeim, sem greindar eru í nr. 40—51. Örugg gögn telja yfirskoðunarmennirnir heldur ekki fyrir því, að ákærði hafi selt vörurnar, greindar í nr. 65 og 79, á ólögmætu verði. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum.

b) Um nr. 4, 5, 9, 10, 61, 62, 85, 87, 89, 155—188, 198, 242—247, 264, 307—310, 320—322, 332, 333, 336, 339, 344, 347—358, 360—373, 378—380, 397—409, 411, 412, 418—425, 428—459, 462,

467, 468, 470—473, 475, 476, 479—495, 499, 501, 513, 514, 527, 550—552, 586—626, 634, 647, 655, 674, 678, 681—706.

Ólöglegur ágóði samkvæmt öllum þessum atriðum er af verðgæzlumönnunum talinn vera samtals kr. 49.556.01, en þeir hafa síðar ekki talið sannaðan ólöglegan ágóða af vörum þeim, sem greindar eru í nr. 9 og 10. Yfirskoðunarmennirnir höfðu við skoðun sína ekki öll þau gögn, sem verðgæzlumennirnir höfðu haft til afnota. Af þeim sökum kveðast yfirskoðunarmennirnir ekki hafa getað endurskoðað framangreind atriði, þá hafi vantað frumgögn, að því er þau varðaði. Í dómi Hæstaréttar þann 23. janúar 1953 um einn þátt þessa máls er talið varhugavert að leggja skýrslu verðgæzlumannanna einna til grundvallar dómi í málinu. Þar sem svo er háttað um öll þessi atriði, þykir bera að sýkna ákærða af þeim.

c) Um nr. 70, 72—74, 305 og 396.

Yfirskoðunarmennirnir telja vafasamt, að útsöluverð vara þeirra, sem greindar eru í nr. 70 og 72—74, sé það, sem verðgæzlumennirnir hafa talið. Kunni vörur þessar að hafa verið seldar gegn staðgreiðslu, og séu þá engin gögn fyrir hendi um útsöluverðið. Örugg gögn telja þeir ekki fyrir útsöluverði vörunnar, sem greind er í nr. 305. Um nr. 396 segja þeir, að verðgæzlumennirnir hafi við útreikning ólöglegs ágóða gert ráð fyrir því, að ákærði hafi selt járn þetta í plötum á kr. 36.00 stykkið, en þar sem ekki sé vitað um plötufjöldann, sé ekki hægt að sjá, hvort það verð sé í samræmi við söluverð það, sem greint er í skýrslu verðgæzlumannanna. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum.

d) Um nr. 6—8, 75, 76, 80—82, 93, 103—110, 112—114, 122, 128—138, 145, 193—197, 199—204, 209—227, 229—231, 252, 254 og 300.

Trúnaðarmaður verðgæzlustjóra í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, hafði staðfest leyfilegt útsöluverð á öllum þessum vörum, og seldi ákærði þær á því verði. Hins vegar telja verðgæzlumennirnir tveir þessar verðstaðfestingar Óskars rangar og rétt verð varanna mun lægra, sem stafi ýmist af reikningsskekkjum af hálfu Óskars eða röngum upplýsingum, sem ákærði hafi veitt honum. Telja þeir ólöglegan ágóða vera samtals kr. 63.509.37. Ákærði verður ekki sakfelldur fyrir að selja vörur of háu verði, ef það stafar af reikningsskekkju af hálfu trúnaðarmanns verðgæzlustjóra. Hins vegar geta verðgæzlumennirnir nú ekki sundurgreint örugglega, hverja verðútreikninga trúnaðarmannsins þeir hafi leiðrétt vegna reiknings-

skekkju hans og hverja þeir hafi leiðrétt vegna rangra upplýsinga ákærða. Þar sem þessu er svo háttað, þykir bera að sýkna hann af öllum þessum ákæruatriðum.

e) Um nr. 374, 386—388 og 500.

Samkvæmt 15. gr. laga 70/1947 og 4. gr. laga 35/1950, en til þessara laga er vitnað í ákæruskjali, fellur verðlagning á vörum þeim, sem greindar eru í nr. 386—388, ekki undir þessi lög, heldur eru vörurnar verðlagðar samkvæmt sérstökum lögum, sem ákæruskjalið vísar ekki til. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum.

Vörur, greindar í nr. 374 og 500, eru seldar eftir 1. júlí 1950. Í upphafi þessa ákæruliðar (XX) er ákæran takmörkuð við sölu vara á tímabilinu frá 1. janúar 1947 til 1. júlí 1950. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum.

f) Um nr. 38, 39, 205, 239 og 253.

Yfirskoðunarmennirnir telja ekki öruggt, að varan, sem greind er í nr. 38, hafi verið seld hærra verði en kr. 1250.00 pr. kassa, varan í nr. 39 kr. 98.00 pr. m, varan í nr. 205 kr. 12.50 pr. m og varan í nr. 239 kr. 35.00 pr. par. Hærra útsöluverð verður því ekki lagt til grundvallar dómi í málinu, en hins vegar verður þetta útsöluverð varanna talið sannað, þar sem verðgæzlumennirnir hafa tekið það upp úr frumbókum, sölureikningum, viðskiptamannabók ákærða eða birgðaskrám og yfirskoðunarmennirnir haft þessi gögn og endurskoðað það. Rétt verð varanna hafa bæði verðgæzlu- og yfirskoðunarmennirnir byggt á innkaupareikningum og reiknað það út eftir þágildandi verðlagsákvæðum. Verði talið sannað, að allar þessar vörur hafi verið seldar á tímabili því, er ákæruskjalið tekur til, þá yrði ólöglegur ágóði ákærða kr. 13.836.90 (3070.00 + 7654.40 + 3059.70 + 52.80).

Ekki telja yfirskoðunarmennirnir öruggt, að varan, sem greind er í nr. 253, hafi verið seld hærra verði en kr. 184.70 pr. stk., en það er sama verð og trúnaðarmaður verðgæzlustjóra hafði staðfest leyfilegt. Með þeim rökum, sem greind eru í d) hér að framan, ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

g) Um nr. 64, 66, 68, 69, 71, 84, 90—92, 96, 111, 115—119, 125, 139—144, 146, 189—192, 233, 234, 249, 250, 255, 263 og 265.

Trúnaðarmaður verðgæzlustjóra í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, hafði staðfest leyfilegt útsöluverð á öllum þessum vörum. Er það verð hærra en rétt verð, fundið á sama hátt og greinir í f) hér að framan, en lægra en meint útsöluverð

ákærða. Með þeim rökum, sem greint er frá í d) hér að framan, verður ákærði ekki sakfelldur fyrir að hafa selt vörur á eða undir því verði, sem trúnaðarmaðurinn ákvað leyfilegt. Útsöluverð ákærða á vörum þessum hafa bæði verðgæzlu- og yfirskoðunarmennirnir tekið upp úr frumbókum, sölureikningum, viðskiptamannabók ákærða eða birgðaskrám, og verður það því talið sannað. Verði talið sannað, að allar þessar vörur hafi verið seldar á tímabili því, er ákæruskjalið tekur til, þá yrði ólöglegur ágóði ákærða, þ. e. mismunurinn á útsöluverði hans og hinu staðfesta verði trúnaðarmannsins, á þessu stigi talinn kr. 23.938.48.

Það athugast, að af vörum þeim, sem greindar eru í nr. 255, voru 550 stengur seldar eftir 1. júlí 1950. Með þeim rökum, sem greint er frá í e) hér að framan, ber að sýkna ákærða af ákæru vegna sölu á þessum hluta varanna í nr. 255. Mismunur á útsöluverði ákærða og hinu staðfesta verði trúnaðarmannsins, sem virðist reikna með réttu gengi, sbr. dskj. 91, verður því á þessum vörum kr. 335.70, og er þetta talið með í fjárhæðinni, kr. 23.938.48, hér að framan.

h) Um nr. 266—276 (stólar).

Í yfirskoðunargerðinni, sem er dags. 12. febrúar 1954, segir svo um vörur þessar:

„Um er að ræða þrjár sendingar af stólum erlendis frá, og eina, keypta af Sveini Guðmundssyni. Með tilvísun til sölu til Ásbjörns Ólafssonar virðist okkur, að fyrsta sendingin hafi verið seld á kr. 125.00 og kr. 130.00, mismunandi eftir áklæði, en stólarnir frá Sveini Guðmundssyni á kr. 145.00. Samkvæmt réttarhöldum virðast stólar þessir hafa rýrnað um 10, og því varlegra að reikna ekki sölu á meira en 235 stykkjum. Stólarnir, sem seldir eru Ásbirni á kr. 167.00, virðast ekki geta verið af þessum sendingum.

Um aðra erlendu sendinguna er það að segja, að það, sem selt hefur verið til nokkurra aðilja í Vestmannaeyjum, hefur verið reiknað á kr. 165.00, en sala á kr. 175.00 hefur ekki beinlínis verið staðreynd, nema á 100 stólum til Kaupfélags Héraðsbúa. Teljum við því varlegra að reikna hinn hluta sendingarinnar 898 stóla (900 ÷ 2 í rýrnun) á kr. 165.00.

Um síðustu sendinguna er það að segja, að salan til Reyðarfjarðar mun ekki vera upp gerð ennþá og enginn reikningur komið frá Helga Benediktssyni yfir þá sölu, hins vegar mun kaupfélagið hafa afreiknað þessa stóla á kr. 160.00, og er því varlegra að reikna með því verði á þeim. Verð þessara stóla til

ýmissa aðilja í Vestmannaeyjum var hins vegar kr. 175.00, og reiknum við með því verði á aðra sölu. Verðgæzlumennirnir hafa áætlað, að af þessari sendingu hafi 300 stólar farið til eigin nota, og teljum við þá áætlun mjög sennilega.

Samkvæmt framansögðu verður ólöglegur ágóði af stólasölu, sem hér segir:

1. sending:		
220 stólar á kr. 49.15	kr.	10.813.00
280 — - — 53.05	—	14.854.00
Frá Sveini Guðmundssyni:		
235 stólar á kr. 37.40	—	8.789.00
2. sending:		
238 stólar á kr. 80.95	—	19.266.10
548 — - — 81.85	—	44.853.80
212 — - — 83.40	—	17.680.80
Vegna Reyðarfjarðar	—	1.000.00
3. sending:		
200 stólar á kr. 55.85	—	11.170.00
500 — - — 70.85	—	35.425.00
	Kr.	163.851.70"

Enn fremur segir svo í bréfi yfirskoðunarmanna til dómarans (dskj. 79), sem þeir hafa heitfest:

„Við urðum þess hvergi varir, að stólar hefðu verið seldir á lægra verði en kr. 125.00 pr. stk. Enn fremur skal það tekið fram, að á þeim tíma, sem stólainnflutningurinn átti sér stað, var leyfð 8% álagning fyrir að annast samsetningu og viðgerðir á húsgögnum. Við leyfilegt söluverð hefur síðan verið leyft að bæta kostnaði vegna vinnu og efnis við stoppun stólanna, þó án álagningar".

Útsöluverð ákærða, það er yfirskoðunarmennirnir leggja til grundvallar, er tekið upp úr frumbókum, sölureikningum eða viðskiptamannabók ákærða. Rétt verð stólanna hafa bæði verðgæzlu- og yfirskoðunarmennirnir byggt á innkaupareikningum og reiknað það út eftir þágildandi verðlagsákvæðum. Hvort tveggja þetta verður því talið sannað.

Samkvæmt gögnum í málinu hefur ákærði selt Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga, Hofsósi, 100 stóla og Kaupfélagi Héraðsbúa, Reyðarfirði, 200 stóla, inn flutta með e/s Brúarfossi í september 1949. Báðar þessar sölur fara fram eftir 1. júlí

1950, og ber því með þeim rökum, sem greind eru í e) hér að framan, að sýkna ákærða af þeirri ákæru (100 stólar á 70/85 og 200 stólar á 55/85 = kr. 18.255.00).

Ólöglegur ágóði vegna meintrar sölu ákærða á öðrum stólum þessara ákæruatriða er af yfirskoðunarmönnunum talin vera kr. 145.596.70 (163.851.70 ÷ 18.255.00), en varlegra þykir að miða við, að leyfilegt útsöluverð á stólum þeim (700 ÷ 300), sem fluttir voru inn með e/s Brúarfossi, sé 10 krónum hærra en yfirskoðunarmenn reikna með, vegna framburðar vitnisins Ólafs Björnssonar í þinghaldi 10. janúar 1955. Meintur ólöglegur ágóði ákærða vegna stólasölu verður því á þessu stigi talinn kr. 141.596.70, en síðar verður rætt um, hvort sannanir liggi fyrir um það, að ákærði hafi selt þessa stóla og á tímabili því, sem ákæruskjalið tekur til.

i) Um nr. 277—298 (kol).

Í yfirskoðunargerðinni segir svo um þessar vörur: „Í fyrsta lið skýrslunnar er reiknað með ólöglegum ágóða, kr. 3330.00, vegna sölu frá skipi, en ekki tekið tillit til þess, að verð úr bing er næstum jafnmikið neðan við það verð, sem heimilt var að selja á. Ekki teljum við rétt að reikna ólöglegan ágóða af þessari sölu. Verðgæzlumennirnir hafa í flestum tilfellum áætlað helming kolasölunnar frá skipshlið og helming úr bing. Þar sem við teljum þessa áætlun ekki eðlilega, höfum við breytt formi skýrslunnar og stillt henni upp að nýju.

Samkvæmt þessari skýrslu væri ólöglegur ágóði kr. 61.724.85, ef öll kolin væru seld frá skipshlið, en kr. 44.865.17, ef allt væri selt úr bing. Yfirleitt eru kolasendingarnar litlar og vitað, að meginhluti kolanna var seldur frá skipshlið. Virðist okkur, að ekki muni óeðlilegt að reikna með því, að ¾ hlutar hafi verið seldir frá skipshlið, en ¼ hluti úr bing, og verður þá ólöglegur ágóði kr. 57.509.93. Sé hins vegar gert ráð fyrir jafnri sölu frá skipi og úr bing, yrði ólöglegur ágóði kr. 53.295.01.

Skýrsla.

Nr.	Verðútreikningur. Nr.	Tonn	Söluverð frá skipi	Rétt verð frá skipi	Söluverð úr bing	Rétt verð úr bing	Ólöglegur ágóði frá skipi	Ólöglegur ágóði úr bing
278	148	180	50.400.00	46.121.01	53.100.00	49.400.81	4.278.99	3.699.19
279	149	20	5.600.00	5.124.74	5.900.00	5.489.16	475.26	410.84
280	150	100	28.000.00	25.623.83	29.500.00	27.445.95	2.376.17	2.054.05
281	151	100	28.000.00	25.623.83	29.500.00	27.445.95	2.376.17	2.054.05
282	152	80	22.400.00	20.498.97	23.600.00	22.053.97	1.901.03	1.546.03
283	153	25	7.000.00	6.204.21	7.375.00	6.643.97	795.79	731.03
284	154	50	14.000.00	12.824.91	14.750.00	13.736.03	1.175.09	1.013.97
285	155	85.6	23.968.00	22.066.83	25.252.00	23.627.23	1.901.17	1.624.77
286	156	262	73.360.00	67.457.36	77.290.00	72.232.93	5.902.64	5.057.07
187 / 188	157	270	75.600.00	69.355.87	79.650.00	74.276.45	6.244.13	5.373.55
289	158	120	33.600.00	30.896.49	35.400.00	33.083.77	2.703.51	2.316.23
290	159	120	33.600.00	30.896.49	34.800.00	33.083.77	2.703.51	1.716.23
291	160	140	39.200.00	36.045.91	40.600.00	38.597.74	3.154.09	2.002.26
292	161	120	33.600.00	30.896.49	34.800.00	33.083.77	2.703.51	1.716.23
293	162	80	22.400.00	19.166.55	23.200.00	20.708.62	3.233.45	2.491.38
294	163	30	8.400.00	7.723.75	8.700.00	8.307.40	676.25	392.60
295	164	189	56.700.00	51.764.30	56.700.00	55.224.80	4.935.70	1.475.20
296	165	202	60.600.00	55.253.96	60.600.00	58.952.11	5.346.04	1.647.89
297	166	160	68.800.00	64.467.65	72.000.00	68.298.40	4.332.35	3.701.60
298	167	167	71.810.00	67.300.00	75.150.00	71.309.00	4.510.00	3.841.00
			757.038.00	695.313.15	787.867.00	743.001.83	61.724.85	44.865.17

Rétt verð kolanna hafa yfirskoðunarmennirnir byggt á innkaupareikningum eða aðflutningsskýrslum, reiknað út eftir þágildandi verðlagsákvæðum. Útsöluverð ákærða er tekið upp úr frumbókum, sölureikningum eða viðskiptamannabók ákærða. Verður hvort tveggja talið sannað, nema að því er varðar kolin, greind í nr. 298. Gögn um innkaupsverð þeirra eru engin fyrir hendi. Þar sem ekki var kannað nákvæmlega á sínum tíma, hve mikill hluti kolanna var seldur úr bing eða frá skipi, verður allur vafi í þessum efnum í þágu ákærða, og þetta því reiknað sem honum er hallkvæmast. Yfirskoðunarmennirnir hafa sannreynt nokkra sölu frá skipshlið á kolum þeim, sem greind eru í nr. 285, 286, 293, 294, 295 og 296, sbr. dskj. 100. Ber að leggja skýrslu og útreikning þeirra til grund-

vallar að þessu leyti, en byggja að öðru leyti á útreikningi þeirra á sölum úr bing. Ef talið yrði, að ákærði hefði selt öll kolin á tímabili því, er ákæruskjalið tekur til, þá yrði samkvæmt þessu ólöglegur ágóði ákærða, sem hér segir:

Nr.	277	kr.	0.00
—	278	—	3.699.19
—	279	—	410.84
—	280	—	2.054.05
—	281	—	2.054.05
—	282	—	1.546.03
—	283	—	731.03
—	284	—	1.013.97
—	285	—	1.686.60
—	286	—	5.209.18
—	287	—	5.373.55
—	288		
—	289	—	2.316.23
—	290	—	1.716.23
—	291	—	2.002.26
—	292	—	1.716.23
—	293	—	2.592.84
—	294	—	429.75
—	295	—	2.578.96
—	296	—	2.047.67
—	297	—	3.701.60
—	298	—	0.00
		Kr.	42.880.26

j) Um nr. 311—319 (linoleum).

Verðgæzlumennirnir hafa gert ráð fyrir, að ¼ hluti þess linoleums, sem greint er í nr. 314—317, hafi verið selt bútað. Þar sem hér er um hreina ágizkun að ræða, þykir bera að reikna þetta sem ákærða er hallkvæmast, en það er, að þetta hafi allt verið selt í heilum rúllum, ef sala yrði talin sönnuð. Samkvæmt bréfi yfirskoðunarmanna (dskj. 79) myndi þá ólöglegur ágóði vera kr. 4566.75.

Verðgæzlumennirnir og yfirskoðunarmennirnir eru sammála um, hver sé ólöglegur ágóði ákærða af linoleum því, sem greint er í nr. 311—313 og 318—319, eða samtals kr. 4576.40

Yfirskoðunarmennirnir hafa byggt rétt verð þessa linoleums

og útsöluverð ákærða á því á þeim sömu gögnum og greind eru í i) hér að framan. Verður hvort tveggja því talið sannað. Ef talið yrði, að ákærði hefði selt allt þetta linoleum á tímabili því, er ákæruskjalið tekur til, þá yrði ólöglegur ágóði samtals kr. 9143.15.

k) Um nr. 1—3, 11—37, 52—60, 63, 67, 77, 78, 83, 86, 88, 94, 95, 97—102, 120, 121, 123, 124, 126, 127, 147—154, 206—208, 228, 232, 235—238, 240, 241, 248, 251, 299, 301—304, 306, 323, 331, 334, 335, 337, 338, 340—343, 345, 346, 359, 375—377, 381—385, 389—395, 410, 413—417, 426, 427, 460, 461, 463—466, 469, 474, 477, 478, 496—498, 502—512, 515—526, 528—549, 553—585, 627—633, 635—646, 648—654, 656—673, 675—677, 679 og 680.

Rétt verð vara þessara hafa verðgæzlumennirnir byggt á innkaupareikningum og reiknað verðið út eftir þágildandi verðlagsákvæðum. Útsöluverð ákærða hafa þeir tekið upp úr frumbókum, sölureikningum, viðskiptamannabók ákærða eða birgðaskrám. Um sumar þessar vörur kveða þeir útsöluverðið auk þess staðfest með öðrum gögnum, svo sem vitnaframburðum og áritunum á innkaupareikninga og verðútreikninga.

Yfirskoðunarmennirnir hafa endurskoðað skýrslu og útreikning verðgæzlumannanna, haft not af öllum frumgögnum og staðfest niðurstöður verðgæzlumannanna að öllu leyti, að því er vörur þessar varðar. Útsöluverð þeirra fundu yfirskoðunarmennirnir í frumbókum, sölureikningum ákærða, viðskiptamannabók hans eða birgðaskrám. Útsöluverð nokkurra þessara vara (nr. 323—328, 335, 627—633, 635—646, 648—654, 656—673, 675—677, 679 og 680) byggja yfirskoðunarmennirnir á áritun ákærða eða starfsfólks hans á innkaupareikninga og geta ekki fullyrt, að þeir hafi jafnframt fundið útsöluverð þeirra í frumbókum. Innkaupsverð vara þeirra, sem ákærði keypti af innlendum aðiljum, fundu yfirskoðunarmennirnir í reikningum seljenda, en kostnaðarverð vara þeirra, sem ákærði flutti inn, fundu þeir í innkaupareikningum og í einstaka tilvikum í aðflutningsskýrslum. Þetta hvort tveggja, rétt (heimilt) verð varanna og útsöluverð ákærða á þeim, verður því talið sannað, enda hafa yfirskoðunarmennirnir ekki fundið nein gögn þess, að ákærði hafi flutt inn vörur fyrir bátagjaldeyri eða með hliðstæðu fyrirkomulagi á þessu tímabili. Ef talið yrði sannað, að ákærði hefði selt allar þessar vörur á tímabili því, sem ákæruskjalið tekur til, þá yrði ólöglegur ágóði hans á þessu stigi talinn kr. 185.734.39.

B. Ákærði hefur í nokkrum tilvikum gefið afslátt frá verði

því, sem í skýrslu verðgæzlumanna er talið útsöluverð hans. Yfirskoðunarmennirnir hafa gert yfirlit um þær vörur, sem ákærði hefur gefið afslátt af (dskj. 100). Telja þeir það tæmandi, þar sem ekki verði séð af gögnum málsins, að ákærði hafi gefið afslátt, nema þegar hann seldi öðrum verzlunum, en öll gögn um slíka sölu sé að finna í dskj. 301, sem þeir hafi haft til afnota. Það þykir ekki rétt að telja afsláttinn til ólöglegs ágóða. Samkvæmt útreikningi yfirskoðunarmanna, sem þykir bera að leggja til grundvallar, lækkar meintur ólöglegur ágóði ákærða af þessum sökum á eftirtöldum vörum um kr. 11.682.90, sem sundurliðast þannig:

Nr.	Ólöglegur ágóði, ef ekki er tekið tillit til afsláttar.	Ólöglegur ágóði, ef tekið er tillit til afsláttar.
52	13.806.75	11.208.00
66	1.162.50	675.00
67	4.662.35	4.164.65
111	1.667.52	1.163.52
125	9.871.78	6.541.78
152	10.939.30	10.820.55
266 og 267	10.813.00	10.263.00
268 og 269	14.854.00	13.411.00
270 og 271	8.789.00	7.159.50
346	222.00	173.25
410	1.792.00	1.344.00
414	28.00	21.00
415	6.25	0.00
416	6.20	0.00
417	7.50	0.00
	Kr. 78.628.15	Kr. 66.945.25

C. Samkvæmt því, sem greinir í A, f—k, og B hér að framan, er ólöglegur ágóði ákærða samtals kr. 405.446.98 (13.836.90 +23.938.48 + 141.596.70 + 42.880.26 + 9.143.15 + 185.734.39 ÷ 11.682.90), ef talið yrði sannað, að vörurnar hefðu allar verið seldar fyrir 1. júlí 1950, en vörur þessar eru greindar í þessum númerum:

Nr.	1	kr.	293.00	—	64	—	1.195.20
—	2	—	397.00	—	66	—	675.00
—	3	—	1.332.30	—	67	—	4.164.65
—	11	—	1.015.00	—	68	—	77.90
—	12	—	4.250.00	—	69	—	42.00
—	13	—	1.353.34	—	71	—	15.75
—	14	—	1.799.53	—	77	—	109.70
—	15	—	519.10	—	78	—	243.75
—	16	—	5.270.21	—	83	—	180.00
—	17	—	6.252.50	—	84	—	130.00
—	18	—	1.214.40	—	86	—	288.00
—	19	—	1.233.60	—	88	—	3.069.77
—	20	—	1.093.80	—	90	—	341.70
—	21	—	432.60	—	91	—	341.10
—	22	—	422.40	—	92	—	905.10
—	23	—	2.055.50	—	94	—	4.756.75
—	24	—	90.60	—	95	—	1.460.60
—	25	—	189.20	—	96	—	3.083.34
—	26	—	185.50	—	97	—	60.00
—	27	—	215.80	—	98	—	54.00
—	28	—	393.60	—	99	—	41.14
—	29	—	1.188.30	—	100	—	543.84
—	30	—	71.80	—	101	—	77.40
—	31	—	181.40	—	102	—	4.438.80
—	32	—	272.10	—	111	—	1.163.52
—	33	—	447.30	—	115	—	2.65
—	34	—	1.146.75	—	116	—	877.44
—	35	—	130.90	—	117	—	13.50
—	36	—	4.498.00	—	118	—	11.50
—	37	—	8.220.00	—	119	—	109.00
—	38	—	3.070.00	—	120	—	8.532.00
—	39	—	7.654.40	—	121	—	7.670.70
—	52	—	11.208.00	—	123	—	1.405.95
—	53	—	501.30	—	124	—	996.45
—	54	—	464.70	—	125	—	6.541.78
—	55	—	1.157.50	—	126	—	63.00
—	56	—	171.90	—	127	—	27.00
—	57	—	173.50	—	139	—	15.00
—	58	—	158.00	—	140	—	15.00
—	59	—	113.40	—	141	—	10.00
—	60	—	104.35	—	142	—	30.00
—	63	—	1.970.00	—	143	—	3.75

— 144	—	2.00	— 266		
— 146	—	0.15	— 267		
— 147	—	352.30	— 268		
— 148	—	829.75	— 269		
— 149	—	12.071.40	— 270		
— 150	—	1.715.17	— 271	—	137.974.20
— 151	—	292.40	— 272		
— 152	—	10.820.55	— 273		
— 153	—	36.00	— 274		
— 154	—	7.35	— 275		
— 189	—	297.00	— 276		
— 190	—	18.00	— 278		
— 191	—	56.40	— 279		
— 192	—	225.60	— 280		
— 205	—	3.059.70	— 281		
— 206	—	3.442.95	— 282		
— 207	—	22.00	— 283		
— 208	—	16.50	— 284		
— 228	—	820.80	— 285		
— 232	—	144.00	— 286		
— 233	—	43.20	— 287	—	42.880.26
— 234	—	93.60	— 288		
— 235	—	7.20	— 289		
— 236	—	108.00	— 290		
— 237	—	151.20	— 291		
— 238	—	18.00	— 292		
— 239	—	52.80	— 293		
— 240	—	172.80	— 294		
— 241	—	72.00	— 295		
— 248	—	86.40	— 296		
— 249	—	126.00	— 297		
— 250	—	9.00	— 299	—	7.597.80
— 251	—	126.00	— 301	—	4.212.00
— 255	—	335.70	— 302	—	1.503.45
— 263	—	2.793.60	— 303	—	7.610.00
— 265	—	16.50	— 304	—	4.140.00

—	306	7.960.00	—	393	20.00
—	311	872.80	—	394	25.00
—	312	702.40	—	395	22.50
—	313	959.20	—	410	1.344.00
—	314		—	413	896.00
—	315		—	414	21.00
—	316	4.566.75	—	426	37.95
—	317		—	427	17.25
—	318	730.00	—	460	119.55
—	319	1.312.00	—	461	75.60
—	323	29.00	—	463	145.50
—	324	6.00	—	464	161.40
—	325	11.38	—	465	70.00
—	326	16.80	—	466	91.00
—	327	13.35	—	469	390.00
—	328	14.40	—	474	69.30
—	329	480.00	—	477	3.900.00
—	330	12.15	—	478	66.60
—	331	12.45	—	496	160.00
—	334	62.50	—	497	181.25
—	335	31.00	—	498	157.50
—	337	252.00	—	502	21.60
—	338	1.470.00	—	503	60.54
—	340	96.00	—	504	8.58
—	341	6.00	—	505	61.00
—	342	30.00	—	506	54.00
—	343	72.00	—	507	28.80
—	345	216.40	—	508	28.80
—	346	173.25	—	509	19.20
—	359	24.00	—	510	50.82
—	375	39.00	—	511	101.76
—	376	75.00	—	512	52.00
—	377	80.00	—	515	15.00
—	381	450.00	—	516	54.84
—	382	465.00	—	517	52.00
—	383	165.00	—	518	56.45
—	384	70.00	—	519	54.00
—	385	120.00	—	520	50.70
—	389	250.00	—	521	66.54
—	390	60.00	—	522	19.70
—	391	5.00	—	523	51.06
—	392	80.00	—	524	19.50

—	525	102.00	—	571	14.00
—	526	52.26	—	572	58.50
—	528	47.25	—	573	58.50
—	529	17.55	—	574	58.50
—	530	63.00	—	575	138.00
—	531	16.90	—	576	73.50
—	532	60.30	—	577	73.50
—	533	7.20	—	578	14.00
—	534	7.20	—	579	28.00
—	535	18.60	—	580	58.50
—	536	27.89	—	581	18.00
—	537	60.00	—	582	14.00
—	538	45.90	—	583	8.00
—	539	32.04	—	584	25.00
—	540	36.30	—	585	89.85
—	541	36.00	—	627	16.80
—	542	36.00	—	628	10.50
—	543	16.00	—	629	16.00
—	544	112.00	—	630	8.50
—	545	63.00	—	631	7.20
—	546	63.54	—	632	4.50
—	547	14.40	—	633	3.75
—	548	17.35	—	635	8.40
—	549	19.37	—	636	8.40
—	553	104.28	—	637	8.75
—	554	72.00	—	638	6.25
—	555	32.00	—	639	4.75
—	556	63.00	—	640	4.00
—	557	18.68	—	641	63.20
—	558	18.85	—	642	43.20
—	559	78.75	—	643	50.40
—	560	117.00	—	644	44.40
—	561	21.60	—	645	57.60
—	562	57.18	—	646	45.65
—	563	63.00	—	648	38.00
—	564	14.40	—	649	12.00
—	565	29.90	—	650	21.00
—	566	69.30	—	651	10.50
—	567	115.80	—	652	8.50
—	568	26.33	—	653	70.50
—	569	14.00	—	654	44.40
—	570	28.50	—	656	6.00

—	657	10.80	—	669	7.20
—	658	5.40	—	670	7.20
—	659	3.20	—	671	37.60
—	660	9.20	—	672	18.80
—	661	5.40	—	673	8.40
—	662	9.00	—	675	4.20
—	663	18.40	—	676	4.80
—	664	9.60	—	677	4.20
—	665	7.60	—	679	7.20
—	666	43.80	—	680	3.75
—	667	4.20			
—	668	2.25	Samtals kr.		405.446.98

Verður nú kannað, hve mikið ákærði hefur selt af vörum þessum á tímabili því, er ákæruskjalið tekur til.

Sala á vörum þessum er ekki hafin fyrr en eftir 5. júní 1947, en þá gengu í gildi lög nr. 70/1947, sem ákæruskjalið vísar til.

Verðgæzlumennirnir könnuðu endanlega í nóvembermánuði 1950, hvort vörurnar væru gengnar til þurrðar í verzlunum ákærða, en eins og áður greinir, er ákæran í upphafi þessa ákæruliðar takmörkuð við sölu fyrir 1. júlí 1950. Hafa þeir borið, að þeir geti nú ekki tilgreint, hverjar af þeim vörum, sem skýrsla þeirra fjallar um, hafi að fullu verið seldar fyrir 1. júlí 1950, en kveðast hins vegar mega fullyrða, að svo hafi verið um nálega allar vörurnar, þar sem þær hafi verið svo eftirsóttar á þeim tíma, að telja megi líklegast, að þær hafi selzt upp svo að segja strax.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt eða notað fyrir 1. júlí 1950 meginhluta þeirra vara, sem greindar eru í dskj. 300.

Ekki verður séð, hverjar varanna voru gengnar til þurrðar í verzlunum ákærða í árslok 1949, þar sem birgðaskrár pr. 31. desember 1949 liggja nú ekki fyrir í málinu.

Hins vegar eru fyrir hendi birgðaskrár verzlana ákærða, miðaðar við 31. desember 1948. Hafa yfirskoðunarmennirnir rannsakað að tilhlutun dómsins, hve mikill hluti þessara vara, sem fluttar voru inn á árunum 1947 og 1948, var genginn til þurrðar í árslok 1948 í verzlunum ákærða samkvæmt birgðaskránum.

Vörur þær, sem greindar eru í nr. 13—36, 39, 52—60, 64, 68, 69, 71, 83, 86, 323—327, 337, 338, 345, 346, 381, 410, 413, 414, 426, 427, 502—507, 509—512 og 515—526 eru þeirrar tegund-

ar, að ákærði hefur ekki notað þær við rekstur fyrirtækja sinna, og því ekki um eigin notkun að tefla. Þykir því mega telja sannað, að ákærði hafi selt mismuninn á vörumagninu samkvæmt dskj. 300 og birgðaskránum, að því er þessar vörur varðar. Hafa yfirskoðunarmennirnir reiknað út ólöglegan ágóða ákærða af þessum sökum og miðað hann um vörur í nr. 64, 68, 69 og 71 einungis við mismuninn á staðfestu útsöluverði trúnaðarmanns verðgæzlustjóra og útsöluverði ákærða. Nemur ólöglegur ágóði ákærða samkvæmt útreikningi þeirra samtals kr. 58.945.71, og verður hann talinn sannaður, en hann sundurliðast þannig:

Nr.	13	kr.	1.353.34	—	57	—	173.50
—	14	—	1.799.53	—	58	—	158.00
—	15	—	519.10	—	59	—	113.40
—	16	—	5.270.21	—	60	—	104.35
—	17	—	6.252.50	—	64	—	1.195.20
—	18	—	1.214.40	—	68	—	77.90
—	19	—	1.233.60	—	69	—	42.00
—	20	—	1.093.80	—	71	—	14.70
—	21	—	432.60	—	83	—	91.80
—	22	—	422.40	—	86	—	288.00
—	23	—	2.055.50	—	323	—	29.00
—	24	—	90.60	—	324	—	6.00
—	25	—	189.20	—	325	—	11.38
—	26	—	185.50	—	326	—	16.80
—	27	—	215.80	—	327	—	13.35
—	28	—	393.60	—	337	—	168.00
—	29	—	1.188.30	—	338	—	686.00
—	30	—	71.80	—	345	—	216.40
—	31	—	181.40	—	346	—	173.25
—	32	—	272.10	—	381	—	366.90
—	33	—	447.30	—	410	—	1.344.00
—	34	—	1.146.75	—	413	—	896.00
—	35	—	130.90	—	414	—	21.00
—	36	—	4.394.00	—	426	—	14.85
—	39	—	7.654.40	—	427	—	15.75
—	52	—	11.208.00	—	502	—	21.60
—	53	—	501.30	—	503	—	60.54
—	54	—	464.70	—	504	—	8.58
—	55	—	1.157.50	—	505	—	61.00
—	56	—	171.90	—	506	—	54.00

—	507	—	10.80	— 520 —	50.70
—	509	—	9.60	— 521 —	66.54
—	510	—	50.82	— 522 —	19.70
—	511	—	101.76	— 523 —	51.06
—	512	—	52.00	— 524 —	19.50
—	515	—	15.00	— 525 —	88.40
—	516	—	54.84	— 526 —	37.26
—	517	—	52.00		
—	518	—	56.45	Samtals kr.	58.945.71
—	519	—	54.00		

Framangreindar birgðaskrár virðast ekki taka til vara, seldra utan verzlana ákærða, svo sem stóla, kola, sements o. fl., sem greinir í nr. 37, 38, 63, 77, 78, 266—274, 278—284, 299, 301, 303 og 306. Vörurnar í nr. 11, 12, 66, 67 og 311—317 eru þeirrar tegundar, að um eigin notkun getur verið að ræða, og engin sala sönnuð á vörum í nr. 508. Yfirskoðunarmennirnir gátu ekki gert sér grein fyrir af gögnum þeim, er þeir höfðu til afnota, hvort eða hverjar voru birgðir í árslok 1948 þeirra vara, sem greindar eru í nr. 1, 2, 3, 84, 627—633, 635—646, 648—654, 656—673, 675—677, 679 og 680. Sannar því framangreind könnun yfirskoðunarmanna ekki frekari sölu, þannig að tölulega nákvæmlega tiltekinn ólöglegur ágóði ákærða verði fundinn.

Yfirskoðunarmönnunum var nú falið að rannsaka samkvæmt nótubókum, sölureikningum og viðskiptamannabók ákærða, hver hafi verið sala fyrir 1. júlí 1950 allra þeirra vara, sem greindar eru hér að framan í upphafi C, annarra en varanna í nr. 13—36, 39, 52—60, 64, 68, 69, 71, 83, 86, 323—327, 337, 338, 345, 346, 381, 410, 413, 414, 426, 427, 502—512 og 515—526. Þeim var þó falið að kanna sölu varanna, greindra í nr. 36, 52, 71, 83, 337, 338, 381, 426, 427, 507—509, 525 og 526, eftir árslok 1948, þar sem þær voru samkvæmt birgðaskránum ekki að fullu gengnar til þurrðar í árslokin. Hafa þeir kannað þetta eftir föngum, en þar sem gögnin hafi verið ófullkomin, fjöldi nótubóka ólæsilegur, nótur rifnar úr þeim og staðgreiðslusölur mjög sjaldan færðar í nótubækur, telja þeir lítinn hluta sölunnar verða sannreyndan með þessu móti. Hafa þeir reiknað út ólöglegan ágóða ákærða af þeim sölum, er þeir fundu, og þá miðað við, að seld kol væru úr bing, linoleum selt í heilum rúllum, tekið tillit til afsláttar ákærða og þar sem um var að tefla vörur, sem greindar eru í A, g, hér að framan, þá einungis miðað of háa álagningu við mismuninn á staðfestu útsöluverði trúnaðarmanns verðgæzlustjóra og útsölu-

verði ákærða. Nemur þessi ólöglegi ágóði ákærða samkvæmt útreikningi þeirra samtals kr. 72.997.14 (36.716.15 + 29.915.17 + 6365.82), sem þykir bera að lækka um kr. 160.00 samkvæmt því, sem segir í A, h, hér að framan um leyfilegt útsöluverð á stólum, inn fluttum með e/s Brúarfossi. Sannaður ólöglegur ágóði ákærða að þessu leyti nemur því kr. 72.837.14.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði haft kr. 131.782.85 (58.945.71 + 72.837.14) ólöglegan ágóða. Hefur hann með þessu atferli sínu brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þenna lið. Þenna ólöglega ágóða ber samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947 og 19. gr. laga nr. 35/1950, sbr. og 11. gr. laga nr. 88/1953, að gera upptækan í ríkissjóð ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags.

Eins og greinir í upphafi C hér að framan, er ólöglegur ágóði ákærða samtals kr. 405.446.98, ef talið yrði sannað, að vörurnar hefðu allar verið seldar fyrir 1. júlí 1950. Af þessu er samkvæmt framansögðu ólöglegur ágóði af þegar sannreyndri sölu kr. 131.782.85. Verður nú athugað, hvort eða að hve miklu leyti sala hins hluta varanna verður talin sönnuð.

Ekki er leitt í ljós, hve mikið ákærði hefur tekið af vörum þessum til eigin notkunar. Í þinghaldi 14. júní 1950 kveðst hann ekki geta gert „sér grein fyrir, hvað hann hafi notað sjálfur" af vörunum, sem hann flutti inn árið 1948. Hefur hann á ýmsan hátt torveldað rannsóknina um eigin notkun sína, eins og fram kemur í þinghaldi þann 16. júní 1952, en þá kveðst hann „vita, hve mikið af stólum úr greindum stólainnflutningi hann hafi tekið til eigin nota, en neitar að skýra frá því". Samkvæmt framburði og skýrslum Franz A. Andersens, sem var dómkvaddur til að rannsaka bókhald ákærða, en nánar verður greint frá þeirri rannsókn, er fjallað verðar um XXV. ákærulið, var bókhald ákærða þannig úr garði gert, að ekki var hægt að sjá af því, hverjar vörur höfðu raunverulega farið til eigin útgerðar, bygginga o. fl. Verðgæzlumennirnir hafa í mörgum tilvikum áætlað eigin notkun ákærða, og er ekki ákært í þeim tilvikum. Yfirskoðunarmennirnir hafa einnig áætlað eigin notkun ákærða í nokkrum tilvikum, og hefur dómurinn hér að framan sýknað ákærða af þeim ákæruatriðum. Telja yfirskoðunarmennirnir ekki óeðlilegt, að þær vörur yrðu taldar seldar, sem ákærði gerði ekki grein fyrir, að hefðu farið til eigin notkunar. Það er fyrst með bréfi til verjanda, dagsettu 14. apríl 1954, sem lagt er fram 30. s. m., að ákærði skýrir frá, hvaða vörur hann hafi tekið til eigin notkunar. Við þessar vörur eykur ákærði með bréfi til dómsins,

dagsettu 10. janúar 1955, þannig að hann telur miklum hluta þeirra vara, sem hann er ákærður fyrir að leggja of hátt á, hafa verið varið til eigin notkunar, t. d. verulegum hluta af rúmlega 200 fataefnum. Þessar skýrslur ákærða um eigin notkun eru aðeins handahófskenndar ágizkanir, þar sem magn einstakra vara er oftast ekki greint, heldur talað um „verulegan hluta", „mikið", „að nokkru" o. s. frv. Verður því ekkert á þeim byggt.

Eins og áður er sagt, hefur ákærði viðurkennt að hafa selt eða notað fyrir 1. júlí 1950 meginhluta þeirra vara, sem greindar eru í dskj. 300. Og þegar litið er til hins ófullkomna bókhalds ákærða um eigin notkun og tregðu hans undir rannsókn málsins við að leiða þetta í ljós, þá þykir með hliðsjón af niðurlagi 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951 verða að leggja til grundvallar dómi um þetta efni, að ákærði hafi selt verulegan hluta þessara vara og á tímabili því, sem ákæruskjalið tekur til, en samkvæmt framansögðu hefði ólöglegur ágóði ákærða orðið kr. 273.664.13 (405.446.98 ÷ 131.782.85) af sölu allra varanna. Hefur ákærði með þessari háttsemi sinni brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þenna ákærulið. Þar sem ekki er staðreynt tölulega, hve mikinn ólöglegan ágóða ákærði hefur haft af sölu þessara vara á tímabili því, sem ákæruskjalið tekur til, eru ekki efni til um upptöku að því leyti, en þetta þykir bera að hafa í huga við ákvörðun refsingar.

Um XXI.

Í aðflutningsskýrslu um nefndar „pianettur" stendur, að skipstjóri og skipshöfn v/s Helga Helgasonar séu innflytjendur „pianettanna". Vitnið Gísli Gíslason skrifaði aðflutningsskýrslu þessa að beiðni ákærða, sem sagði vitninu að setja í aðflutningsskýrsluna, að skipstjóri og skipshöfn á v/s Helga Helgasyni væru eigendur „pianettanna". Hefur ákærði viðurkennt þetta.

Í þinghaldi 26. júlí 1948 kvaðst ákærði ekki muna nafnið á firma því, er hann keypti „pianetturnar" hjá. Og í þinghaldi 28. júlí 1948 kvað ákærði, að útsöluverð „pianettanna" hafi þá ekki verið ákveðið, enda hafi hann ekki verið búinn að fá reikning um þær. Sagði hann það ekki hafa verið ætlun sína að hafa „pianetturnar" sem venjulega söluvöru, heldur hafi hann fremur flutt þær inn í greiðaskyni við þá menn, er fengu þær. Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði var eigandi og innflytjandi „pianettanna". Hann ráðstafaði þeim, fékk skipstjóri eina þeirra, en hinar þrjár aðiljar óviðkomandi skipshöfninni.

Það verður því talið sannað, að ákærði lét ranglega skrá skip-

stjóra og skipshöfn v/s Helga Helgasonar sem eigendur nefndra „pianetta" í aðflutningsskýrslu. Hefur ákærði með þessu atferli sínu brotið gegn þeim ákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali um þenna ákærulið, sbr. og 11. gr. laga nr. 88/1953 og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Um XXII.

Eins og greint er frá í kaflanum um XV. ákærulið, hafa engin gögn komið fram um það í málinu, að ákærði hafi selt snyrpinótastykkin. Liggja því engar sannanir fyrir því, að ákærði hafi skýrt trúnaðarmanni verðlagsstjóra rangt frá um það, að hann ætlaði snyrpinótastykki þessi til eigin nota. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Trúnaðarmaður verðlagsstjóra hefur borið og heitfest þann framburð, að ákærði hafi sagt sér, að hann ætlaði að nota olíukyndingartækin öll sjálfur. Kveðst trúnaðarmaðurinn þess vegna ekki hafa verðútreiknað tækin. Þegar þessi framburður trúnaðarmannsins var borinn undir ákærða í þinghaldi 16. júní 1952 og hann spurður um réttmæti hans, neitaði ákærði að svara því á annan hátt en þann, að þar sem framburður trúnaðarmannsins stangaðist á við sinn, væri sinn réttur. Í þinghaldi 26. júlí 1948 kvaðst ákærði hafa ætlað tæki þessi til eigin nota og ekki selt þau. Samkvæmt staðfestu vottorði símastjórans í Vestmannaeyjum voru tvö þessara tækja keypt af ákærða til afnota í símastöðvarhúsinu. Tækin voru greidd 7. júní 1948, en höfðu verið afhent símastöðinni nokkru fyrr. Samkvæmt framburði vitnisins Störkers Hermansens hefur ákærði einnig selt fjögur önnur tæki. Gögn liggja ekki fyrir um sölu fleiri tækjanna. Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að ákærði hafi ranglega skýrt trúnaðarmanni verðlagsstjóra frá því, að engin framangreindra tækja væru ætluð til sölu.

Eins og greint er frá í kaflanum um XXI. ákærulið, er sannað, að ákærði var innflytjandi og eigandi margnefndra „pianetta". Trúnaðarmaðurinn hefur borið, að ákærði hafi sagt honum, að skipshöfnin á v/s Helga Helgasyni ætti „pianetturnar", og þess vegna hafi hann ekki verðútreiknað þær. Hefur ákærði viðurkennt þetta.

Með framangreindu atferli sínu, varðandi olíukyndingartækin og „pianetturnar", hefur ákærði gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem greind eru í ákæruskjali um þenna ákærulið, sbr. og 11. gr. laga nr. 88/1953 og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Um XXIII.

Samkvæmt þessum lið ákærunnar er ákærði talinn hafa gerzt brotlegur með því að skýra rangt frá í bréfi, dagsettu 25. október 1949, til Gjaldeyriseftirlits bankanna um ráðstöfun sína á gjaldeyrisgreiðslum þeim af andvirði ísfisks, selds í Bretlandi í maímánuði 1949, sem þar er nánar greint. Bréf þetta er svar við bréfi Gjaldeyriseftirlits bankanna, dagsettu 15. október 1949, þar sem ákærði er m. a. krafinn fullnægjandi gagna og upplýsinga um ráðstafanir fjárhæða þeirra, sem greindar eru í þessum ákærulið.

Verður nú hver einstakur þáttur ákæruliðar þessa athugaður fyrir sig.

a) £ 4535-17-6 af andvirði ísfisks, selds úr v/s Helga Helgasyni 7. maí 1949, sem greitt var til Icelandic Trading Corporation, kveður ákærði í áðurnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna, að hafi aðallega verið fyrir olíur, en reikningar hafi ekki fylgt aðalreikningnum. Fyrir dómi hinn 7. september 1950 skýrir ákærði hins vegar svo frá, að fyrir fjárhæð þessa hafi ýmsar verzlunarvörur verið keyptar. Af gögnum málsins sést, að vörur þessar hafa verið tollafgreiddar 2. júní 1949, eftir að ákærði hafði afhent innkaupareikninga fyrir vörunum.

b) Varðandi fjárhæð þá, £ 363-1-1, af andvirði sama fiskfarms, sem greidd var til S. & J. Watts & Co., kveðst ákærði í áðurnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna telja, að um rangskuldun sé að ræða. Í réttarrannsókninni hefur ákærði haldið því fram fyrir dómi hinn 7. september 1950, að hann hafi verið skuldaður fyrir fjárhæð þessari vegna vefnaðarvörukaupa, en síðar hafi komið í ljós, að hann hafi einnig greitt fjárhæðina gegnum banka og því verið rangskuldaður. Kveðst ákærði hafa fengið aðrar vefnaðarvörur síðar á árinu 1949 frá sama firma, og þá hafi hin ofgreidda fjárhæð, £ 363-1-1, gengið upp í greiðslu þeirra vara. Um þetta atriði verður ekkert ráðið af gögnum málsins. Þar eð ekkert það hefur komið fram, sem hnekki framburði ákærða um þetta atriði, ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

c) Greiðsla, að fjárhæð £ 126-1-0, af andvirði sama fiskfarms, sem innt var af hendi til Parker, Winder & Achurch, kveður ákærði í áðurnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna, að hafi verið fyrir vélahluti. Fyrir dómi 7. september 1950 ber ákærði það hins vegar, að greiðslu þessari hafi verið varið til kaupa á „fittings", er flutt hafi verið til landsins með v/s Helga Helgasyni 11. maí 1949, og kemur það heim við gögn málsins.

d) Fjárhæð þá, £ 383-17-4, af andvirði ísfisks, selds úr v/s Helga

30. maí 1949, sem greidd var til H. J. Evans, Ltd., kveður ákærði í áðurnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna, að hafi verið fyrir tjöru, lestalakk og málningu. Fyrir dómi 7. september 1950 hefur ákærði hins vegar borið, að greiðsla þessi hafi verið fyrir þakasbestplötur, er hafi komið með v/s Helga 7. júní og v/s Helga Helgasyni 17. júní 1949.

e) £ 500-0-0, sem var hluti af andvirði ísfisks, sem seldur var úr v/s Helga Helgasyni 8. júní 1949, kveður ákærði í áðurnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna, að hafi verið vegna skipshafnanna, sem framan af hafi fengið lægri fjárhæð en þeim bar. Í réttarhaldi 8. september 1950 skýrir ákærði hins vegar svo frá, að fjárhæð þessi hafi að einhverju leyti farið til sonar hans persónulega, sem var skráður skipverji á v/s Helga Helgason í umræddri söluferð, en að öðru leyti hafi fjárhæð þessi farið til skipsins og skipshafnarinnar. Ljóst er af þessu, að upplýsingar ákærða um ráðstöfun þessarar fjárhæðar eru ekki að öllu réttar. Hins vegar verður það ekki ráðið af gögnum málsins né öðru, að ákærði hafi vísvitandi skýrt rangt frá í margnefndu bréfi um þetta atriði. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Þegar virt er ósamræmi það, sem er í frásögn ákærða, varðandi gjaldeyrisráðstafanir þær, sem greindar eru í a, c og d hér að framan, annars vegar skýrsla hans í margnefndu bréfi til Gjaldeyriseftirlits bankanna og hins vegar framburður hans um þessi atriði fyrir dómi 7. september 1950, og það jafnframt haft í huga, að allar þær vörur, sem ákærði í þinghaldi þessu bar, að fjárhæðir þessar hefðu verið greiddar fyrir, voru komnar í hendur honum, áður en hann reit margnefnt bréf, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi vísvitandi skýrt Gjaldeyriseftirliti bankanna rangt frá um ráðsstafanir sínar á gjaldeyrisgreiðslum þessum. Ákærða var skylt að lögum að gefa Gjaldeyriseftirliti bankanna upplýsingar um meðferð sína á þessum erlenda gjaldeyri, sbr. 31. gr. reglugerðar 82/1947. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem greind eru í ákæruskjalinu um þenna ákærulið, sbr. og 11. gr. laga nr. 88/1953 og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Um XXIV.

Samkvæmt lögum nr. 70/1947 og reglugerð nr. 82/1947 er útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara skylt að láta koma fyrir þær erlendan gjaldeyri og afhenda hann tilgreindum bönk-

um. Hefur sérstök deild þessara banka, Gjaldeyriseftirlit bankanna, eftirlit með því, að þessum reglum sé fylgt.

Í bréfi Viðskiptamálaráðuneytisins til Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda þann 14. júlí 1950 (dskj. 298 í réttarrannsóknninni) segir svo:

„Togarar félagsmanna yðar og önnur skip, sem siglt hafa með ísvarinn fisk til útlanda, hafa haft leyfi til að greiða af andvirði fisksins innflutningstoll, umboðslaun, hafnargjöld og önnur opinber gjöld, löndunarkostnað og annan slíkan kostnað. Enn fremur er þeim heimilt að greiða fyrir eldsneyti, vistir, viðgerðir skipsins og alls konar veiðarfæri eða tæki, sem skipið þarfnast, hvaðan sem þetta er keypt, ef greiðsla fer fram í þeim gjaldeyri, sem skipið aflar.

Þetta gildir áfram, og þarf ekki að sækja um gjaldeyrisleyfi í því sambandi, en það er háð því skilyrði, að full grein sé gerð til gjaldeyriseftirlitsins fyrir öllum greiðslum".

Út af fyrirspurn rannsóknardómarans skrifaði Gjaldeyriseftirlit bankanna honum þann 22. október 1951 meðal annars á þessa leið (dskj. 309 í réttarrannsókninni):

„Enn fremur viljum vér taka fram, að látið hefur verið óátalið af vorri hálfu, þótt greitt væri af ísfiskandvirði fyrir þungavöru, svo sem kol, salt eða sement til flutnings með skipunum heim að loknum sölum erlendis, svo og greiðslur fyrir veiðarfæri til skipanna, vélahluti til þeirra og viðgerðir á þeim, sem framkvæmdar hafa verið erlendis. Yfirleitt höfum vér ekki talið ástæður til athugasemda út af greiðslum fyrir beinar nauðsynjar til útgerðar skipanna, innan hæfilegra takmarka, ef fullnægjandi gögn um þær hafa verið lögð fram.

Hins vegar teljum vér algerlega óheimilt að ráðstafa ísfiskandvirði til kaupa á almennum verzlunarvörum eða nokkrum vörum, sem ætlaðar eru til sölu, að undanteknum framangreindum þungavörum, eða til kaupa eða greiðslu á nokkru því, sem ekki samrýmist framangreindum reglum".

Ekkert vafamál er um, að þeim reglum, sem um þetta efni koma fram í fyrrgreindum tveimur bréfum, var beitt af hálfu Gjaldeyriseftirlitsins einnig á öllu því tímabili, er þessi ákæruliður nær yfir. Og engar sérstakar heimildir höfðu ákærða verið veittar að öðru leyti en því, að honum voru veitt nokkur innflutningsleyfi, þar sem tilgreint var með áritun, að andvirði vörunnar ætti að greiðast af sölu ísfisks (dskj. 279 og 298 í réttarrannsókninni). Leyfi þessi voru fyrir kolum, sementi og netjakúlum.

Þann 13. maí 1947 ákvað Viðskiptaráð eftirfarandi hámark þess erlends gjaldeyris, sem greiða mætti skipshöfnum á fiskflutningaskipum, miðað við hverja söluferð (dskj. 315 í réttarrannsóknninni):

Skipstjóri	£	40-0-0
1. stýrimaður	—	25-0-0
1. vélstjóri	—	25-0-0
Loftskeytamaður	—	20-0-0
2. stýrimaður	—	20-0-0
2. vélstjóri	—	20-0-0
Sérhver háseti	—	15-0-0

Giltu þessar reglur áfram eftir gildistöku laga nr. 70/1947 og reglugerðar nr. 82/1947, en 26. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Erlendis er eigendum íslenzkra skipa ... heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna ... erlendis, svo og nauðsynjum skipanna ..., þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna ... að gera gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri ...

Fjárhagsráð getur sett nánari reglur, ef það telur þess þörf, til tryggingar því, að heimild þessi verði eigi misnotuð".

Breyting var gerð af Viðskiptanefnd þann 2. september 1947 (dskj. 316 í réttarrannsóknninni), varðandi gjaldeyrisúthlutun til háseta, sem sigldu aðeins 3ju hverja ferð eða minna, en þessi breyting skiptir hér ekki máli, þar sem skipshafnarskrár sýna, að hásetar á skipum ákærða sigldu að staðaldri. Hins vegar breytti Viðskiptamálaráðuneytið þessum reglum þann 1. og 25. apríl 1949 (dskj. 77 og 78). Eru bréf ráðuneytisins svohljóðandi:

„Ráðuneytið vill hér með skýra Viðskiptanefnd frá því, að orðið hefur að samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og stjórna sjómannafélaganna í sambandi við nýju kjarasamningana á togurum, að í útsiglingum íslenzkra togara skuli hásetar, matsveinar og kyndarar fá til ráðstöfunar í erlendum gjaldeyri 30 sterlingspund í hverri ferð, sem þeir sigla".

„Í framhaldi af bréfi ráðuneytisins, dags. 1. þ. m., tilkynnist Viðskiptanefnd hér með, að ríkisstjórnin hefur fallizt á að hækka hámark þess erlends gjaldeyris, sem yfirmenn á botnvörpuskip-

um fá, um 5 sterlingspund í hverri söluferð þannig, að hámarksgreiðsla til þeirra verði svo sem hér segir:

Skipstjóri	£	45-0-0
1. stýrimaður	—	30-0-0
1. vélstjóri	—	30-0-0
Loftskeytamaður	—	25-0-0
2. stýrimaður	—	25-0-0
2. vélstjóri	—	25-0-0

Ráðuneytið vill taka það fram, að það lítur svo á, að skipverjar verði að borga þær vörur, sem þeir fá „úr tolli", af sínum eigin gjaldeyri.

Ráðuneytið vill mælast til, að Viðskiptanefndin sendi hlutaðeigandi aðiljum tilkynningu um ofangreinda ákvörðun".

Reglur þessar giltu um þetta efni til 20. maí 1949, en þá gaf Viðskiptanefndin út nýjar reglur, sem eru enn í gildi (dskj. 317 í réttarrannsókninni). Samkvæmt þeim var hámarkið óbreytt, £ 45-0-0 að því er skipstjóra varðaði, en hámark annarra skipverja skyldi vera £ 30-0-0.

Framangreindar reglur um gjaldeyrisúthlutun til skipshafna á ísfiskflutningaskipum eru samkvæmt upplýsingum Gjaldeyriseftirlitsins tæmandi (dskj. 76). Virðast þær vera í samræmi við kjarasamninga sjómanna í siglingum á þessum tímum.

Í málinu hafa verið lagðar fram skýrslur Gjaldeyriseftirlits bankanna um gjaldeyrisskil ákærða (dskj. 79, 247 og 282 í réttarrannsókninni og dskj. 73). Samkvæmt skýrslum þessum hefur ákærði ekki afhent Gjaldeyriseftirlitinu þann erlenda gjaldeyri, sem þessi ákæruliður fjallar um. Telur Gjaldeyriseftirlitið ákærða ekki hafa gert fullnægjandi grein fyrir þessum fjárhæðum.

Þykir nú rétt að kanna, hverja grein ákærði hafi gert fyrir hinum einstöku fjárhæðum. Er vísað til hlaupandi númera, sem dómendur hafa sett, er ákæruskjalið var rakið hér að framan.

a) Um nr. 1, 4, 8, 9, 13, 22, 26, 28, 30, 32, 33, 35, 36, 42, 45, 47, 52 og 53.

Öll þessi atriði eru í ákæruskjali talin greiðsla til skipverja („Cash to captain"), og ákærði hefur viðurkennt, að þau væru fyrir úttekt skipstjóra og annarra skipverja.

Þegar 4. atriðið (£ 1320-14-4 af sölu 12. apríl 1948) var borið undir ákærða, kvað hann þetta vera úttekt skipstjóra og skipshafnar, tekna í peningum út úr reikningi skipsins í Fleetwood. Kvaðst ákærði hafa fundið að þessu á sínum tíma við skip-

stjórann, enda hafi miklu minna verið greitt til áhafnarinnar í tveimur næstu ferðum. Þá gat ákærði þess og, að hann hafi á þessum tíma (í apríl 1948) ekki verið búinn að fá hinar nýju reglur um gjaldeyrisgreiðslur til skipshafnar, er þá voru gildandi. Kvað hann það ekki með sínu samþykki, ef greiðslur kynnu að hafa farið fram úr því, sem heimilt hafi verið. Engar takmarkanir kvaðst hann hafa sett umboðsmanni sínum í Fleetwood um sterlingspundagreiðslur til áhafna skipa sinna, enda hafi ekki á þeim tíma verið búið að fara fram á við sig að gefa nokkur slík fyrirmæli. Ákærði kvaðst aldrei hafa tekið kvittanir fyrir greiðslunum til áhafnanna.

Ákærði vísaði til þessarar greinargerðar, þegar atriðin nr. 1, 8, 9, 13 og 22 voru borin undir hann.

Um 26. atriði (£ 278-13-4 greiðsla til skipverja af sölu þann 18. febrúar 1949) skýrir ákærði svo frá, að á árinu 1948 hafi hann gefið skipstjórum sínum fyrirmæli um að taka ekki svo mikinn gjaldeyri erlendis, að það þyrfti að valda ágreiningi við yfirvöldin. Hins vegar kvaðst ákærði aldrei hafa lokað reikningum hjá umboðsmönnum sínum fyrir skipstjórum sínum, og hafi því nokkuð verið á þeirra valdi, hvað þeir tóku út, enda ekki komið nein tilmæli til sín frá gjaldeyrisyfirvöldunum um takmörkun gjaldeyris til skipstjóra og skipverja fyrr en nær miðju ári 1948. Kvittanir kvaðst ákærði aldrei hafa tekið fyrir skipverjagreiðslunum, „Cash to captain".

Til þessarar greinargerðar fyrir 26. atriði vísaði ákærði, er atriðin nr. 28, 30, 32, 33, 35, 36, 42, 45, 47, 52 og 53 voru borin undir hann.

Frekari grein hefur ákærði ekki gert fyrir öllum framangreindum atriðum.

Ákærða bar að kynna sér þær reglur, sem á hverjum tíma giltu um gjaldeyrisúthlutun til skipshafna á fiskflutningaskipum, enda var hér einungis um undanþáguheimildir að ræða. Bar honum að sjá um, að ekki væri farið út fyrir þessar heimildir, að því er skip hans varðaði.

Verður nú athugað, hve mikið ákærða var leyfilegt að greiða skipverjum í erlendri mynt samkvæmt þágildandi reglum (dskj. 315 og 317 í réttarrannsókninni og dskj. 77 og 78). Fjöldi skipverja hverju sinni er tekinn eftir skipshafnarskrám og komuskýrslum skipstjóra, og þar sem þeim ber ekki saman, þykir rétt að reikna með hærri tölunni:

Atriði, nr.:	Fjöldi skipverja:	Greiðsla til skipverja:	Leyfilegar greiðslur:	Mismunur:
1	8	£ 1270- 0- 0	£ 170- 0- 0	£ 1100- 0- 0
4	7	£ 1320-14- 4	£ 155- 0- 0	£ 1165-14- 4
8	8	£ 330- 0- 0	£ 170- 0- 0	£ 160- 0- 0
9	7	£ 211-18- 2	£ 155- 0- 0	£ 56-18- 2
13	9	£ 295- 0- 0	£ 185- 0- 0	£ 110- 0- 0
22	7	£ 339- 0- 0	£ 155- 0- 0	£ 184- 0- 0
26	7	£ 278-13- 4	£ 155- 0- 0	£ 123-13- 4
28	9	£ 489- 4-11	£ 185- 0- 0	£ 304- 4-11
30	7	£ 444- 1- 2	£ 155- 0- 0	£ 289- 1- 2
32	9	£ 489- 4-11	£ 185- 0- 0	£ 304- 4-11
33	7	£ 242-19- 7	£ 200- 0- 0	£ 42-19- 7
35	9	£ 300-15- 2	£ 260- 0- 0	£ 40-15- 2
36	7	£ 235-19- 4	£ 220- 0- 0	£ 15-19- 4
42	9	£ 296- 5-10	£ 280- 0- 0	£ 16- 5-10
45	7	£ 730-17- 2	£ 225- 0- 0	£ 505-17- 2
47	9	£ 356- 6- 0	£ 285- 0- 0	£ 71- 6- 0
52	8	£ 384-15- 2	£ 255- 0- 0	£ 129-15- 2
53	8	£ 313-18-11	£ 255- 0- 0	£ 58-18-11
		£ 8329-14- 0	£ 3650- 0- 0	£ 4679-14- 0

Framangreindur útreikningur á leyfilegum greiðslum er í samræmi við athugun Gjaldeyriseftirlitsins (dskj. 76) að öðru leyti en því, að leyfileg greiðsla í 33. atriði er hækkuð í £ 200-0-0, þar sem nýjar reglur gengu í gildi samkvæmt framansögðu þann 1. apríl 1949, en ekki 8. apríl, eins og Gjaldeyriseftirlitið virðist gera ráð fyrir.

Um 45. atriði hefur ákærði haldið því fram, að skipið hafi dvalið óvenjulega lengi erlendis vegna hreinsunar og flokkunar þess, sem skipshöfnin hafi unnið við og því átt kröfu til hærri greiðslu í erlendri mynt en venjulega. Samkvæmt komuskýrslum hefur skipið ekki verið óvenjulega lengi í þessari ferð og þó svo hafi verið, var engin heimild til að hækka greiðslur til skipverja í erlendum gjaldeyri.

Samkvæmt þessu hefur ákærði ráðstafað fjárhæðinni £ 4679-14-0 á ólögmætan hátt.

b) Um nr. 3.

Er þetta atriði var borið undir ákærða, taldi hann þetta sér óviðkomandi, þar sem þessi greiðsla væri fyrir vörur, sem

skipverjar hefðu fengið „út úr tolli". Kvað hann þessa fjárhæð, £ 115-10-8, eiga að bætast við peningaúttekt skipverja.

Það verður að líta svo á, að ekki skipti nokkru máli í þessu sambandi, hvort skipverjar hafi fengið vörur „út úr tolli", það hafi ekki rýmt leyfilega gjaldeyrisúthlutun til þeirra, en hér að framan, þegar fjallað var um atriði nr. 1, hefur verið reiknað með hámarki þess erlenda gjaldeyris, sem ákærði mátti greiða skipshöfninni í þessari ferð skipsins.

Ákærði verður því talinn hafa ráðstafað fjárhæðinni, £ 115-10-8, á ólögmætan hátt.

c) Um nr. 5, 10—12, 14, 15, 17—19, 21, 29, 31, 37, 39, 40, 44, 48 og 50.

Þessar fjárhæðir hefur ákærði viðurkennt að hafa notað til greiðslu eftirtalinna vara, sem hann hafi flutt inn með skipum sínum:

Nr.	5	Linoleum gólfdúkar	£ 873-12- 1
—	10	„Pianettur"	£ 286- 0- 0
—	11	Fataefni	£ 527-10- 5
—	12	Fataefni	£ 692-10- 6
—	14	Hreinlætistæki, vefnaðarvörur, skófatnaður og gler	£ 2080-13- 4
—	15	Olíukyndingartæki (6 stk.)	£ 673-16- 0
—	17	Olíukyndingartæki	£ 449- 4- 0
—	18	Linoleum gólfdúkur	£ 904- 2- 2
—	19	Vefnaðarvara	£ 516-15- 0
—	21	Fataefni	£ 165- 6- 4
—	29	Handlaugar og gólfteppi	£ 919- 5- 7
—	31	Mjólkurbrúsar	£ 146- 5- 0
—	37	Hreinlætistæki, miðstöðvarofnar og „fittings", gólfteppi og dreglar, fataefni og rafmagnsheimilistæki	£ 4535-17- 6
—	39	Vefnaðarvörur	£ 363- 1- 1
—	40	„Fittings"	£ 126- 1- 1
—	44	Þakasbestplötur	£ 383-17- 4
—	48	Veggflísar	£ 452- 0- 7
—	50	Gólfteppi	£ 593- 3- 0
		Samtals	£ 14689- 0-11

Samkvæmt því, sem greint er hér að framan í upphafi kaflans um þenna ákærulið (XXIV) um heimildir til að láta af hendi erlendan gjaldeyri, hafði ákærði enga heimild til að ráðstafa þessum fjárhæðum af söluandvirði út flutts ísvarins fisks til kaupa á framangreindum varningi. Hefur hann því ráðstafað fjárhæðum þessum á ólögmætan hátt.

d) Um nr. 7, 23, 41 og 46.

Þessar fjárhæðir telur ákærði sig hafa notað til greiðslu á eftirfarandi:

Nr.	7	Vélahlutir og vélaviðgerðir erlendis á skipi sínu	£ 89-18- 0
—	23	Vélahlutir og e. t. v. viðgerðir erlendis á v/s Helga	£ 442-17- 2
—	41	Annaðhvort vélahlutir eða viðgerðir erlendis á skipi sínu	£ 56- 1- 6
—	46	Samsafn smáreikninga, sem umboðsmaður erlendis hafi greitt vegna skipanna	£ 248- 0- 2
		Samtals	£ 836-16-10

Ákærða var heimilt að verja erlendum gjaldeyri í þessu skyni, ef hann gerði fullnægjandi grein fyrir. Hins vegar hefur hann ekki sýnt nokkra innkaupareikninga, viðgerðarreikninga eða önnur gögn fyrir greiðslum þessum. Verður hann því talinn hafa ráðstafað fjárhæðum þessum á ólögmætan hátt.

e) Um nr. 49.

Ákærði segir, að þessi fjárhæð, £ 500-0-0, hafi verið greidd syni hans, hluti hennar hafi runnið til sonarins, en að öðru leyti til skips og skipshafnar. Hefur ákærði ekki getað gert nánari grein fyrir þessu.

Hér að framan undir atriði nr. 47 hefur verið reiknað með hámarki þess erlenda gjaldeyris, sem ákærði mátti greiða skipshöfninni í þessari ferð skipsins. Þar sem ákærði hefur að öðru leyti engin gögn fært fram fyrir þessu, verður hann talinn hafa ráðstafað fjárhæð þessari á ólögmætan hátt.

f) Um nr. 6 og 43.

Ákærði hefur viðurkennt, að £ 209-17-8 af fjárhæðinni £ 800-18-10 hafi hann notað til greiðslu vefnaðarvara, sem hann hafi flutt inn með skipi sínu Helga Helgasyni. Mismun-

inn, £ 591-1-2, taldi ákærði fyrst hafa farið í nauðsynlegar greiðslur vegna skipa sinna, en síðar kvaðst ákærði ekki geta gert grein fyrir mismuninum. Fjárhæðina £ 213-19-4 taldi ákærði fyrst notaða til greiðslu miðstöðvarofna, en síðar kvaðst ákærði ekki vita, fyrir hvað þessi greiðsla væri.

Samkvæmt þeim rökum, sem greind eru í c) hér að framan, hafði ákærði enga heimild til að ráðstafa þessum erlenda gjaldeyri til kaupa á vefnaðarvörum eða miðstöðvarofnum. Að öðru leyti hefur ákærði enga grein gert fyrir því, hvernig hann hafi ráðstafað gjaldeyri þessum. Verður hann því talinn hafa ráðstafað báðum þessum fjárhæðum, samtals £ 1014-18-2, á ólögmætan hátt.

g) Um nr. 16, 24 og 27.

Fjárhæðir þessar eru samtals £ 2755-19-4. Ákærði hefur viðurkennt, að af þessari fjárhæð hafi hann notað £ 954-0-7 til greiðslu vefnaðarvara og gólfdregla, sem hann hafi flutt inn. Samkvæmt þeim rökum, sem greind eru í c) hér að framan, hafði ákærði enga heimild til að ráðstafa þessum gjaldeyri til þessara vörukaupa, og hefur hann því ráðstafað honum á ólögmætan hátt.

Mismuninn, £ 1801-18-9, kveðst ákærði hafa notað til greiðslu á sementi, kalki og brynningartækjum, sem átt hafi að flytjast heim með skipum sínum. Ekki liggja fyrir innkaupareikningar, en fjárhæðir á tollreikningum um þessar vörur eru allmiklu hærri en þessi mismunur. Samkvæmt því, sem greinir í upphafi þessa ákæruliðar, létu gjaldeyrisyfirvöldin óátalið, þótt greitt væri af ísfiskandvirði fyrir sement, og þar með verður einnig að teljast kalk, til flutnings með skipunum heim, að loknum sölum erlendis. Þótt farizt hafi fyrir, að vörur þessar væru fluttar hingað til lands með skipum ákærða, að loknum sölum erlendis, þykir varhugavert að sakfella ákærða fyrir ráðstöfun gjaldeyris fyrir sement þetta og kalk. Ekki verður séð, hver greiðslan fyrir brynningartækin var nákvæmlega, en samkvæmt tollreikningum er hér um óverulega fjárhæð að ræða. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna ákærða af ólögmætri ráðstöfun fjárhæðarinnar, £ 1801-18-9.

h) Um nr. 2, 20, 25, 38, 51 og 54.

Fjárhæðir þessar hefur ákærði viðurkennt að hafa notað til greiðslu á eftirtöldu:

Nr. 2	Seglastrigi	£ 337-16- 9
— 20	Snyrpinótastykki	£ 495-16- 7

—	25	Sísalkaðall	£ 259- 9- 0
—	38	Segldúkur	£ 170- 6-10
—	51	Sísaltóg, lína og vír	£ 794- 1- 9
—	54	Snyrpinótastykki	£ 374-17- 3
		Samtals	£ 2432- 8- 2

Koma þessar greiðslur heim við innkaupareikninga, sem ákærði afhenti, þegar vörur þessar voru tollafgreiddar, að öðru leyti en því, að óverulega munar í nr. 54 (£ 0-9-10).

Vörur þessar eru skipsnauðsynjar og veiðarfæri, sem voru keyptar í samtals sex söluferðum beggja skipanna á árunum 1948—1950. Samkvæmt því, sem greinir í upphafi kaflans um þenna ákærulið, var ákærða heimilt að verja erlendum gjaldeyri í þessu skyni, innan hæfilegra takmarka, ef hann gerði fullnægjandi grein fyrir, enda gengju vörurnar til útgerðar skipanna.

Ákærði hefur gert fullnægjandi grein fyrir greiðslum þessum. Ekki liggja sannanir fyrir því, að hann hafi selt vörur þessar. Eins og áður segir, voru vörurnar að vísu tollafgreiddar, en á þeim tíma, sem vörur þessar voru fluttar inn, munu tollyfirvöld landsins hafa heimt toll af veiðarfærum og skipsnauðsynjum, ef þetta var flutt í land, þótt ætlað væri til notkunar í næstu ferð eða ferðum skipsins. Gjaldeyriseftirlitið hefur látið það óátalið, að erlendum gjaldeyri væri varið til skipsnauðsynja, þótt skipið þarfnaðist þeirra ekki í söluferðinni sjálfri (dskj. 81).

Að öllu þessu athuguðu þykir bera að sýkna ákærða af ólögmætri ráðstöfun framangreindrar fjárhæðar, £ 2432-8-2.

i) Um nr. 34.

Ákærði kveðst hafa varið þessari fjárhæð, £ 258-6-8, til greiðslu fyrir netjakúlur, og kemur það heim við innkaupareikning, sem ákærði afhenti, þegar vara þessi var tollafgreidd. Eins og fram kemur hér að framan í upphafi kaflans um þenna ákærulið, hafði ákærði fengið sérstakt leyfi til þessarar ráðstöfunar. Er leyfið út gefið 8. apríl 1949, að fjárhæð kr. 7000.00, og er númer þess skráð á tollreikninginn. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Samkvæmt því, sem greinir í a—g hér að framan, hefur ákærði ráðstafað á ólögmætan hátt samtals £ 22790-1-2 (£ 4679-14-0 + 115-10-8 + 14689-0-11 + 836-16-10 +

500-0-0 + 1014-18-2 + 954-0-7). Hefur hann með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegur við þau ákvæði, sem greind eru í ákæruskjali um þenna ákærulið, sbr. og 4. og 11. gr. laga nr. 88/1953 og 15., 16. og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Um XXV.

Með bréfi, dags. 16. ágúst 1950, var Franz A. Andersen, löggiltum endurskoðanda, falið af rannsóknardómaranum að endurskoða bókhald ákærða árin 1948, 1949 og 1950. Í niðurlagi skipunarbréfsins var lagt fyrir endurskoðandann að leysa starfið af hendi eftir beztu þekkingu og samvizku svo og að semja greinilega skýrslu um endurskoðunina og bókhaldið sjálft og vera við því búinn að staðfesta hana fyrir dómi, ef ástæða þætti til.

Hinn 19. ágúst 1950 fékk endurskoðandinn eftirgreind gögn afhent frá ákærða til notkunar við endurskoðunina:

1. Ótölusetta lausblaða dagbók fyrir árin 1946—1949, að báðum meðtöldum.
2. Fylgiskjöl varðandi dagbókarfærslur árin 1948 og 1949.
3. Sölunótabækur árin 1948, 1949 og til 1. júlí 1950.
4. Lausblaða viðskiptamannabók, aðallega með reikningum frá næstu árum á undan 1949.

Síðan fékk endurskoðandinn afhentar nokkrar möppur með ýmsum innlendum innkaupareikningum, tékkheftastubba, reikningslánsútskrift árin 1948 og 1949 og nokkrar möppur með plöggum, tilheyrandi rekstri eigin skipa ákærða. Eru gögn þessi ekki tilgreind nánar.

Þá fékk endurskoðandinn eftirtalin bókhaldsgögn afhent í lögregluþinghaldi 10. nóvember 1950:

1. Sjö birgðaskrár pr. 31. desember 1948.
2. Sex birgðaskrár pr. 31. desember 1949.
3. Tvær samdráttarbækur um staðgreiðslusölu árin 1948 og 1949.
4. Bunka af verðútreikningum frá árunum 1947—1950, að báðum meðtöldum.
5. Þrjár möppur með innlendum vörureikningum frá þremur innlendum verzlunarfyrirtækjum.
6. Fjórar möppur með ýmsum fylgiskjölum.
7. Fjóra tékkheftastubba.
8. Þrjár möppur með fylgiskjölum, varðandi skip ákærða.
9. Ótölusett dagbókarblöð frá 1. janúar til 1. júlí 1950.
10. Bunka af lausum blöðum úr viðskiptamannabók.
11. Fylgiskjöl með sjóðdagbók 1950.

Nánar er ekki tilgreint, hver gögn þessi voru.

Við rannsókn málsins lagði endurskoðandi fram í lögréttu hinn 25. maí 1951 sundurliðaða skrá yfir ýmsar athugasemdir sínar við bókhald ákærða 1948 og 1949 (dskj. 291 í réttarrannsókninni). Í þinghöldum 25., 26., 28. og 29. maí 1951 var ákærði krafinn skýringar á öllum athugasemdum á dskj. 291, að undanteknum athugasemdum, varðandi viðskiptamenn 1948 og 1949 á bls. 28—30 og 58—60. Skýringar ákærða voru jafnóðum skráðar í sérstakan skýringadálk aftan við athugasemdadálkinn á greindu dómskjali, nema þar sem skýringarnar komust ekki fyrir í dálknum. Voru þær þá skráðar í lögregluþingbókina og svörin auðkennd með tölunum 1, 2 og 3, og númer svarsins síðan fært á viðeigandi stað í skýringardálknum.

Hinn 24. nóvember 1951 var lögð fram í sakadómi skýrsla hins löggilta endurskoðanda, dags. 17. nóvember 1951, um bókhaldsrannsókn hans hjá ákærða (dskj. 305 í réttarrannsókninni), enn fremur sams konar skjal og dómskjal 291, að viðbættum árituðum athugasemdum endurskoðandans við skýringar ákærða (dskj. 306 í réttarrannsókninni), og ljósmyndir af dagbókarblöðum úr bókhaldi ákærða (dskj. 307 í réttarrannsókninni). Þá lagði verjandi ákærða fram í sakadómi 19. júní 1954 (dskj. 48) athugasemdir og fyrirspurnir, viðvíkjandi skýrslu endurskoðandans á dómskjali 305. Endurskoðandinn, sem sótti dómþingið, fékk dómskjal þetta lánað, og í sakadómi 7. júlí 1954 afhenti hann svör sín og skýringar (dskj. 49). Í upphafi dómþings þessa var endurskoðandinn látinn festa heit sem vitni um sannan framburð í samræmi við 2. tölulið 100. gr. laga nr. 27 frá 1951. Síðan voru dómskjöl 48 og 49 lesin fyrir endurskoðandanum svo og viðeigandi kaflar úr dómskjali 14, sem er greinargerð verjanda ákærða um formhlið og meðferð málsins. Var lestrinum hagað þannig, að eftir hverja spurningu á dómskjali 48 var lesið tilsvarandi svar og skýring á dómskjali 49. Sami háttur var hafður á um lesturinn, að því er varðaði spurningar og svör viðvíkjandi dómskjali 14. Að lestri þessum loknum, lýsti endurskoðandinn því yfir, að svör hans væru rétt og gefin eftir beztu vitund, þekkingu og samvizku. Þá voru endurskoðandanum sýnd dómskjöl 291, 305, 306 og 307 og farið yfir framburði hans og bókanir, varðandi hann, í þinghöldum málsins 9. og 10. nóvember 1950, 25.—30. maí 1951, 12., 14. og 16. júní 1952, 10. júlí 1953 og 19. júní 1954. Lýsti endurskoðandinn öll greind skjöl rétt og unnin eftir beztu vitund, samvizku og þekkingu, svo og alla framburði sína.

Verjandi ákærða sótti dómþing þetta.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafizt undir rannsókn málsins, að sérfróður maður yfirskoðaði bókhaldsrannsókn hins löggilta endurskoðanda. Er þessi krafa studd þeim rökum, að endurskoðandinn hafi ekki framkvæmt bókhaldsrannsóknina á óhlutdrægan hátt og skýrsla hans um rannsóknina sé nánast ákæruskýrsla sóknaraðilja eða ákæranda, sem sé harðsnúnari en ákæruvaldið sjálft, en ekki hlutlaus skýrsla óhlutdrægs aðilja um staðreyndir.

Á hendur endurskoðandanum er ekki sannað neitt það misferli í starfi, er varða eigi ómerkingu á verkum hans. Það er að vísu svo, að rétt kynni að hafa verið á sínum tíma að láta framkvæma yfirskoðun á bókhaldsrannsókn endurskoðandans, auk þess sem skýrsla endurskoðandans tekur aðeins til bókhalds ákærða árin 1948 og 1949, þótt ákært sé samkvæmt þessum ákærulið fyrir atferli, framið fram til 1. júlí 1950. Hins vegar hefur mál þetta dregizt mjög á langinn, og yfirskoðun nú og frekari bókhaldsrannsókn mundi taka langan tíma. Að svo vöxnu máli þykir því eigi fært að fresta málinu enn til yfirskoðunar á bókhaldsrannsókn endurskoðandans og rannsóknar á bókhaldi ákærða á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1950, enda telja dómendur, að af verzlunarbókum og bókhaldsgögnum ákærða, sem dómendur hafa kynnt sér, svo og af öðrum gögnum, sem fyrir dóminum liggja, þar á meðal skýrslu endurskoðandans um bókhaldsrannsókn hans, komi fram, hvernig háttað var bókhaldi ákærða á því tímabili, sem skýrsla endurskoðandans nær yfir.

Ákærði er og var kaupmaður. Hefur hann verzlunarleyfi, sem er dagsett 14. september 1920 (borgarabréf). Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, rak hann margar verzlanir í Vestmannaeyjum. Þá hafði hann og með höndum útgerð skipa og rak kúabú. Enn fremur hafði hann í smíðum nýbyggingu, er síðar varð Hótel H. B. í Vestmannaeyjum. Samkvæmt framansögðu var ákærði bókhaldsskyldur, sbr. 1. og 2. gr. laga um bókhald nr. 62 frá 1938.

Ákærði notaði eftirtaldar verzlunarbækur við bókhald sitt á árunum 1948, 1949 og 1950:

1. Frumbækur.
   a) Nótubækur, sem í eru færðar búðarúttektir ýmissa viðskiptamanna.
   b) Söludagbók, sem í er færð dagleg staðgreiðslusala, með sérdálk fyrir hverja búð.
2. Sjóðdagbók. Lausblaða dálkabók með ótölusettum blöðum. Fyrirsagnir dálkanna eru þessar: Sjóður, Vörur, Viðskiptamenn, Reksturskostnaður, Reikningslán, Auður (árið 1948),

Helgi, Helgi Helgason, Muggur, Skaptfellingur, Skíðblaðnir (árið 1948), Sparisjóður Vestmannaeyja, Ýmsir.

3. Lausblaða viðskiptamannabók.
4. Aðalbók.
5. Löggilta efnahagsbók.
6. Bók, þar sem sundurliðað er rekstrarkostnaður og rekstur skipa.

Athugasemdir endurskoðandans á dskj. 291 við bókhald ákærða nema mörgum hundruðum. Við fæstum athugasemdanna hefur ákærði gefið fullnægjandi skýringar, og við mörgum þeirra hefur hann engar skýringar gefið.

Verða nú einstök ákæruatriði þessa ákæruliðar tekin til athugunar, en það, sem um þau verður sagt hér næst á eftir, tekur aðeins til bókhalds ákærða á árunum 1948 og 1949, nema að því er frumbækur varðar.

A. Um frumbækur.

Hinn löggilti endurskoðandi tók, svo sem áður segir, í sínar vörzlur allar nótubækur, sem fundust hjá ákærða frá árunum 1948 og 1949 og fram til 1. júlí 1950, en við samanburð hans við innfærslur í sjóðdagbók kveður hann hafa komið í ljós, að nokkrar bækur vantaði. Margar nóturnar eru ólæsilegar eða ekki færðar, svo sem 5. gr. bókhaldslaganna segir til um, t. d. ekki tilgreint á þeim einingarverð vöru. Undantekningarlítið eru nótur rifnar úr nótubókunum, þannig að oft eru í þeim aðeins hluti af hinum upprunalega fjölda nótanna og, eins og dómendur hafa kynnt sér, er hér aðallega um nótubækur frá skipaverzlun ákærða að ræða. Heildartala hverrar nótubókar er skrifuð aftan á hverja bók og fjárhæðin færð í sjóðdagbók, eftir að búið er að draga frá upphæðir, sem væntanlega eru fjárhæðir nótanna, er rifnar hafa verið úr bókunum. Innfærðar heildartölur eru oft ekki réttar, vegna þess að nótubækurnar eru skakkt lagðar saman. Þá telur endurskoðandinn úttektir oft vera færðar beint í viðskiptareikninga án frumbókarfærslna.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði með færslu og frágangi frumbókanna brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 62/1938, sbr. 18. gr. sömu laga.

B. Um sjóðbók og sjóðdagbók.

Samkvæmt framburði ákærða í þinghaldi 25. maí 1951 hélt hann enga sjálfstæða sjóðbók aðra en dálk í sjóðdagbók, sem var ótölusett lausblaðabók. Sjóðdagbókin er að mestu leyti færð af

ákærða sjálfum. Um sjóðdagbókina segir endurskoðandinn í skýrslu sinni (dskj. 305), að hún sé frámunalega illa færð og óaðgengileg, textar séu að jafnaði ófullkomnir, hrapallega illa skrifaðir og stundum algerlega ólæsilegir. Af ljósmyndum af dagbókarblöðum (dskj. 307) þykir sýnt, að ekki er of mælt í lýsingu endurskoðandans á óvönduðum frágangi sjóðdagbókar.

Innfærslur í sjóðdagbók eru ekki í réttri tímaröð, sjóðreikningar oftast hærri í credit en debet, fylgiskjöl oft þannig úr garði gerð, að þau gefa litlar eða engar upplýsingar, og fjöldi af færslum er án nokkurra fylgiskjala. Bendir endurskoðandinn í þessu sambandi m. a. á, að fært sé í sjóðreikning undir 31. júlí 1948 samandregin kola- og sementssala, kr. 587.950.00, alveg ósundurliðað.

Í skýrslu endurskoðandans er fjöldi athugasemda um útgáfu handhafaávísana í sambandi við vörusölu til ýmissa manna, sem endurskoðandinn telur undandregna vörusölu, er nemi samtals hundruðum þúsunda króna. Til skýringar þessu er svar ákærða, sem auðkennt er nr. 1, gefið í þinghaldi 25. maí 1951 við athugasemd nr. 8 í dskj. nr. 291. Í svari sínu segir ákærði, að færsla þessi sé gerð til þess að fækka fylgiskjölum við bókhaldið og sama sé að segja um allar sams konar færslur, en þær eru fjölmargar. Almennt gildi það um allar færslur þessarar tegundar, að því leyti sem þær varði vörusölu, „að sá hluti fjárhæðanna, sem sé slíkur, sé tekinn með í samandreginni vörusölu, sem færð sé í gegnum dagbók nokkrum sinnum á ári". Enga bók kveðst ákærði hafa um þetta og heldur engin minnisblöð. Þá kvaðst ákærði láta „óskrifað í kassann (sjóðinn) það, sem inn komi fyrir lausasölureikninga í skrifstofu sína, og síðan gera sjóðinn upp nokkrum sinnum á ári og færa það, sem yfir sé í sjóði, í gegnum sjóðinn sem vörusölu". Eftir skýrslu endurskoðandans finnst engin færsla um „samandregna vörusölu" á árinu 1948, önnur en færslan um samandregna kola- og sementssölu, sem áður er getið um, og ein færsla, að fjárhæð kr. 144874.86, sem ákærði telur vera í sambandi við svar nr. 1, en endurskoðandinn telur vera staðgreiðslusölu í desember. Og á árinu 1949 er aðeins ein færsla um samandregna vörusölu, að fjárhæð kr. 240.342.70. Hefur ákærði í þinghaldi 25. maí 1951, er hann var beðinn að sýna dæmi um samandregna vörusölu, neitað að gera tilraun til að sýna slíkar færslur. Þá er í skýrslu endurskoðandans fjöldi dæma þess, að sjóðreikningur sé notaður sem vörureikningur, þ. e. keyptar vörur eru færðar sem innborgaðir peningar og seldar vörur sem útborgaðir, og er þar um háar fjárhæðir að tefla.

C. Um viðskiptamannabók.

Hinn löggilti endurskoðandi framkvæmdi aðeins dreifikönnun á viðskiptamannabókum ákærða, er voru lausblaðabækur. Telur hann þessa dreifikönnun sína hafa verið ófullkomna. Nákvæmur samanburður á innfærslum í viðskiptamannareikningana hefði tekið langan tíma, þar sem textar í sjóðdagbók séu oft aðeins upphafsstafir og þeir stundum ólæsilegir og oft séu margar innborganir eða útborganir á miðum, þar sem tölur séu tilgreindar, en engin nöfn. Við dreifikönnunina hafi komið í ljós, að margar færslur voru án tilvitnana og dagsetninga svo og, að ýmsa viðskiptareikninga vantaði, sem þó voru skráðir í viðskiptamannadálk í sjóðdagbók. Þá hafi komið fram, að viðskipti ákærða við innlend, færeysk eða önnur erlend skip hafi ekki verið færð í viðskiptareikninga, hvorki úttektir hjá ákærða til skipanna né greiðslur hans vegna þeirra. Í þinghaldi 14. júní 1952, er ákærði var spurður um viðskipti sín við erlend skip, neitaði hann að gera grein fyrir þeim.

Í sumum tilvikum studdist endurskoðandinn við yfirlitsreikninga frá aðiljum, sem skipti höfðu haft við ákærða, og við samanburð kom í ljós, að ýmis meiri háttar reikningsviðskipti höfðu ekki verið færð í viðskiptamannabók, heldur sem staðgreiðsluviðskipti í sjóðreikning. Þannig var t. d. um viðskipti við vinnslustöðina, sem fram fóru fyrir 25. nóvember 1948, og viðskipti við Hewett Vessels Management, Ltd.

D. Um yfirlitsreikninga.

1. Vörureikningur. Samkvæmt skýrslu endurskoðandans er fylgiskjölum með færslum í vörureikning mjög ábótavant. Segir í skýrslunni, að þráfaldlega sé vísað til fylgiskjala, er oftast hafi reynzt miðar með ýmsum tölum, en stundum fylgi miðunum tilkynningar um póstkröfur eða tóm umslög frá póstkröfum eða aðeins miði. Fylgiskjöl, sem vísað sé til með númerum í sjóðdagbók, hafi reynzt vera bankakvittanir fyrir greiðslum, víxlar og oftast ekki neitt. Undantekningarlaust hafi engin fylgiskjöl verið með erlendum póstkröfum, hvorki innkaupareikningar né annað.

Á vörureikning séu færðir ýmsir liðir, sem ættu að færast á aðra reikninga, svo sem ýmsir kostnaðarliðir, ýmislegt viðvíkjandi skipum ákærða, kúabúi hans o. fl., en þetta telur endurskoðandinn ekki breyta rekstrarniðurstöðu að mun. Þá séu vinnulaun oft færð á vörureikning, stundum eftir „fríhendis“ skiptingu, eins og ákærði orðar það. Nema vinnulaun, færð í vörureikning árin

1948 og 1949, um kr. 180.000.00. Eins komi það fyrir, að reikningar vegna nýbyggingar séu færðir á vörureikning. Áður er fram komið af því, sem segir undir B og C hér að framan, að viðskipti ýmissa aðilja (vörukaup og vörusala) eru færð í sjóðreikning, en koma ekki fram á vörureikningi.

Um vörureikninginn segir endurskoðandinn í skýrslu sinni, að hann sé mjög óaðgengilegur. Telur endurskoðandinn m. a., að þar sem upplýsingar vanti um margar debetfærslur á reikningnum, sé erfitt eða jafnvel alls ekki unnt að segja til um, hvort búið sé að færa á vörukaup allt eða nokkurn hluta af vörum þeim, sem fluttar hafi verið hingað til lands með skipum ákærða á árinu 1949, sem ákærði hafi fært í sjóðreikning sem innborgaða peninga. Til dæmis var ákærði í þinghaldi 14. júní 1952 m. a. spurður um, hvar færð væru vörukaup frá firmanu Hewett Vessels Management, Ltd., á árinu 1949, en þau telur endurskoðandinn samtals nema £ 15493-4-10, en þessu neitaði ákærði að svara.

2. Rekstrarreikningar. Með þeim eru ekki fullnægjandi fylgiskjöl. Sérstaklega kveður endurskoðandinn vanta ýmis fylgiskjöl og upplýsingar um sundurliðanir með rekstrarreikningum báta ákærða.

Á rekstrarreikning eru færð laun starfsstúlkna á heimili ákærða, svo að þannig lítur út sem slíkar launagreiðslur séu vegna atvinnurekstrar hans. Áður er um það getið, að vinnulaun, að fjárhæð um kr. 180.000.00, eru færð á vörureikning árin 1948 og 1949. Þá eru greiðslur erlendis upp í laun skipverja taldar sem tekjur hjá bátunum. Telur endurskoðandinn, að færslur um rekstur báta ákærða sé hreinn glundroði.

Enginn sérstakur rekstrarreikningur er færður fyrir kúabú ákærða að Hábæ í Vestmannaeyjum. Eru færslurnar varðandi það ýmist í sjóðreikningi, vörureikningi eða kostnaðarreikningi, og telur endurskoðandinn því erfitt að gera sér grein fyrir þessum rekstri út af fyrir sig, en ákærði áætlar sér nokkrar tekjur af búskap bæði árin 1948 og 1949 og debeterar hann í sjóðreikningi, enda þótt hann hafi áður fært bæði tekjur og gjöld búsins á ýmsa reikninga, eins og áður segir.

3. Reikningslán. Um það segir endurskoðandinn, að ákærði hafi ekki bókfært allar út gefnar ávísanir, en gert „afstemningsfærslur", eins og ákærði orðar það, í árslok 1949 með færslu á sjóðreikning, sem þó sé ekki nægjanleg fyrir óbókfærðum ávísunum.

4. Einkareikningur. Hann er færður í viðskiptamannabók, og virðast færslurnar eingöngu vera úttektir í verzlunum ákærða

sjálfs. Úttektin 1948 er kr. 35054.80, en þar frá er dregin risna og ferðakostnaður, kr. 8000.00, svo að eftir verða kr. 27.054.80, og er sú fjárhæð talin í efnahagsreikningi pr. 31. desember 1948. Tilsvarandi tölur 1949 eru kr. 41831.50 ÷ kr. 8000.00, eða nettó kr. 33831.50. Skattar og eigin húsaleiga er færð í höfuðstólsreikning. Samkvæmt skattaframtölum ákærða hefur hann á árinu 1948 haft 6000 króna laun frá „Bílasmiðjum", en aðrar peningatekjur telur hann ekki fram fyrir árin 1948 og 1949. Virðast því vera vantaldar á reikningnum greiðslur til ákærða vegna þarfa hans umfram búðarúttektir.

5. Nýbyggingarreikningur. Svo sem áður er sagt, hafði ákærði í smíðum nýbyggingu, er síðar varð Hótel H. B. í Vestmannaeyjum, og virðist eftir skýrslu endurskoðandans sérstakur reikningur hafa verið haldinn um kostnað við byggingu hennar. Í efnahagsreikningi ákærða pr. 31. desember 1947 er bókfært verð nýbyggingarinnar kr. 351.930.00. Á árinu 1948 er viðbót við byggingarkostnaðinn talin nema kr. 223.719.21. Af þessari fjárhæð eru kr. 160.000.00 áætlunarfjárhæð ákærða, sem sundurliðast í vinnulaun, kr. 40.000.00, og crediterað í vörureikningi kr. 120.000.00. Er af þessu ljóst, að nýbyggingarreikningurinn er ekki færður svo sem skyldi.

Innbú og áhöld í hið nýja hótel er hvergi bókfært hjá ákærða. Telur endurskoðandinn, að vart verði það allt metið undir kr. 200.000.00, miðað við 31. desember 1949, en ekki hefur hann gert frekari grein fyrir þessu áliti sínu, og ekki liggja fyrir gögn um það, hvort ákærði hóf rekstur hótelsins fyrir árslok 1949 eða ekki.

E. Efnahagsbók.

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans var löggilt efnahagsbók til við fyrirtæki ákærða, en þegar skýrslan var samin, höfðu efnahags- og rekstrarreikningar ekki verið færðir í hana, síðan bókin var löggilt, að undanteknum ársreikningum 1942. Í sakadómi 7. júlí 1954 sýndi verjandi ákærða efnahagsbók hans, endurlöggilta 12. júní 1954. Í bók þessa voru innheftir og límdir efnahags- og rekstrarreikningar ákærða fyrir árin 1940—1953, að báðum meðtöldum. Af gögnum málsins kemur ekki fram, hvort greinargerð samkvæmt 12. gr. bókhaldslaganna hafi fylgt efnahagsreikningum ákærða eða ekki eða hennar verið þörf. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 12. gr. nefndra laga.

Samkvæmt því, sem sagt er hér að framan undir B—E, er sýnt, að ákærði hefur í bókhaldi sínu á árunum 1948 og 1949 brotið gegn ákvæðum 1. málsgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 10. gr., sbr. 1.

málslið 19. gr. laga nr. 62 frá 1938. Þá verður og að telja, að samkvæmt framansögðu og að athuguðum skýrslum endurskoðandans og bókhaldsgögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, að hann hafi á þessu tímabili gerzt sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu og því brotið gegn 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Skýrsla hins löggilta endurskoðanda fjallar, eins og fyrr er sagt, eingöngu um rannsókn hans á bókhaldi ákærða árin 1948 og 1949, nema að því er varðar frumbækur, en síðast í skýrslunni segir hann svo: „Það skal tekið fram, að bókhald ársins 1950 til 1. júlí rannsakaði ég nóg til þess að sannfærast um, að það var framkvæmt eins og árin 1948 og 1949 . . .“ Endurskoðandinn hefur engin rök fært fyrir þessari staðhæfingu sinni, og þykja því nægileg gögn ekki vera fyrir hendi til þess að sakfella ákærða vegna bókhalds hans á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí 1950, annars en frumbókarfærslna, og ber því að sýkna ákærða af umræddum ákærulið að þessu leyti.

Víða í skýrslu sinni staðhæfir endurskoðandinn, að verzlunarbækur ákærða séu þannig færðar, að þær gefi ranga hugmynd um veltu og hagnað ákærða. Nefnir hann ýmis dæmi um undandrátt hagnaðar. Þau geta ekki talizt nægilega rökstudd, en bókhaldi ákærða er þann veg háttað, að möguleikar til undandráttar hagnaðar eru miklir. Þá tilgreinir endurskoðandinn í skýrslunni margar færslur, er hann telur gerðar í því skyni að draga undan veltu. Samkvæmt því, sem áður hefur verið sagt, eru veltutölur vörureiknings ákærða rangar. Varhugavert þykir að telja sannað, að færslur þær, sem orsaka þetta, séu gerðar í blekkingarskyni. Þá verður heldur ekki talið sannað, að bókhald ákærða sé svo úr garði gert, sem raun er á, í því skyni að blekkja með því í lögskiptum. Að þessu athuguðu þykir bera að sýkna ákærða af ákæru umrædds ákæruliðar fyrir brot gegn 158. gr. hegningarlaganna.

Um XXVI.

Í 66. tbl. dagblaðsins Tímans, sem kom út 22. marz 1950, birtist grein með fyrirsögninni „Opið bréf til Jóhanns Þ. Jósefssonar alþingismanns“, undirrituð af ákærða. Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, Gunnar Þorsteinsson, taldi vera í grein þessari ummæli, sem væru ærumeiðandi fyrir hann sem embættismann. Fór hann þess á leit í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. marz 1950, að komið yrði fram refsiábyrgð á hendur ákærða vegna ummæla þessara. Hinn 12. apríl 1950 fyrirskipaði Dómsmálaráðuneytið rannsókn út af kæru bæjarfógetans. Var Sigurjóni Sigurðssyni,

lögreglustjóra í Reykjavík, falið með sérstakri umboðsskrá að fara með rannsókn málsins og dæma það. Rannsakaði dómari þessi síðan málið, og þann 6. júní 1950 gaf hann út stefnu á hendur ákærða, þar sem hann er ákærður fyrir brot gegn XII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Jóhannes Elíasson hdl. var síðan skipaður verjandi ákærða. Að tilhlutun verjandans fór framhaldsrannsókn fram í málinu. Ritaði verjandinn síðan vörn í málinu, og var það síðan dómtekið 29. ágúst 1950. Áður en dómur gengi í máli þessu, var ákveðið að sameina það máli því, er fjallað hefur verið um hér að framan, eins og ákæruskjalið ber með sér.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa birt um opinberan embættismann, Gunnar Þorsteinsson, fyrrverandi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, eftirtalin ærumeiðandi ummæli:

1) „Þegar sýnt var á s.l. sumri, að til alþingiskosninga drægi með haustinu, voru hafnar hvíslingar í Eyjum um, að nú skyldi frá mér gengið svo dygði. Eitthvað heyrðist nafn þitt nefnt í þessu sambandi.
   Ekki stóð á aðgerðum".
2) „Hendanleg mistök, sem hvorki sköpuðu tap né gróða. Sekt 1280.
   Nú skyldi skammt stórra höggva á milli".
3) „Samtímis varð svo dómarinn að vaða yfir kolahrúgu frá þinni verzlun til þess að komast á skrifstofu sína. Þau kol voru vítalaus samkvæmt umsögn hans ..."
4) „... menn þeir, sem þarna unnu, teknir til réttaryfirheyrslu og haft í hótunum við þá ..."
5) „... ætlaði fógetinn ekki einu sinni að hafa fyrir því að kveða upp úrskurð um lögtakið, bara að gera lögtak og það þótt hann vissi það, að réttum lögum bar mér ekki að greiða skatta þessa ..."
6) „... léztu vaða á mig með lögtak án undangenginna tilkynninga ..."
7) „Síðan var gerð tilraun til að ráðast inn á heimili mitt ..."
8) „Fógetinn með lið sitt tók sér stöðu úti á götunni og hrópaði að vegfarendum: „Það er verið að gera lögtak hjá Helga Ben." Hvílík tíðindi".
9) „Réttarbókunin er að vísu ekki nákvæmlega í samræmi við staðreyndir, en fógetinn taldi sig hafa gert lögtak í íbúðarhúsi mínu ..."
10) „... lézt bæjarfógetann, sem varðandi fjármálin var embætt-

islega undirmaður þinn, hringja til Eimskipafélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins og viðhafa ummæli, sem skoðuð voru og skilin af hálfu viðkomenda sem vöruflutningabann á mig og mín skip. Var þetta atvinnurógur?"

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað grein þá, er ummælin birtust í.

Verða nú ummælin tekin til athugunar:

Um 1.

Ummælin verða ekki talin beinast að nefndum bæjarfógeta. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Um 2.

Ummæli þessi verða ekki talin meiðandi eða móðgandi fyrir nefndan embættismann, enda skiptir það ekki máli, þótt ákærði telji upptækan ólöglegan ágóða og sakarkostnað með fésekt. Ákærði verður því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Um 3—10.

Öll þessi ummæli beinast að starfi nefnds embættismanns. Hafa þau á engan hátt verið réttlætt. Þykja þau meiðandi og móðgandi fyrir hann. Með birtingu þeirra hefur ákærði gerzt brotlegur við 108. gr. laga nr. 19/1940, eins og í ákæruskjali greinir.

Ákvæði þau, sem ákærði hefur gerzt brotlegur við í I.—IX., XI.—XII., XVII, XVIII. og XX. ákæruliðum, hafa nú verið felld úr gildi með lögum nr. 88/1953, sbr. reglugerð nr. 212/1953. Leyfilegt mun nú að flytja inn frá Bretlandi án innflutningsleyfa þær vörur, sem greindar eru í II., III., VI., VII. og VIII. ákæruliðum, og þær vörur, sem ákærði er sakfelldur fyrir í IX. ákærulið. Ekki þarf nú að leita staðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði vara þeirra, sem ákærði er sakfelldur fyrir í ákæruliðum XVII og XVIII. Hámarksálagning á vörum þeim, sem greindar eru í ákærulið XX, hefur nú verið felld niður, að því er varðar aðrar vörur en skófatnað, byggingavörur, málningarvörur, húsgögn, verkfæri, kol og vaska. Afnám fyrrgreindra ákvæða byggist á breyttum aðstæðum, en ekki breyttu mati löggjafans á refsinæmi verknaðanna, sem ákvæðunum var ætlað að hindra, meðan slíks var talin þörf af þjóðfélagslegum ástæðum. Leysir því afnám ákvæða þessara ákærða ekki undan refsingu fyrir brot á þeim, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að sök samkvæmt framangreindum ákæruliðum I—XXV sé fyrnd, sökum þess að

málinu hafi ekki verið haldið áfram með nægilegum hraða, en algert hlé hafi verið á rannsókn málsins frá 28. júlí 1948 til 20. maí 1950 og að mestu leyti hlé frá 20. september 1950 til 24. nóvember 1951. Gjaldeyrisrannsókn hjá ákærða hófst 20. maí 1950, en bókhaldsrannsókn 16. ágúst 1950. Fyrrgreint hlé frá 28. júlí 1948 til 20. maí 1950 getur því ekki haft áhrif til fyrningar á XXIII.—XXV. ákæruliði. Og þegar til þess er litið, að ákærði hefur orðið sannur að sök um framhaldandi röð eðlislíkra refsiverðra athafna frá 1947 og fram til 1. júlí 1950, verður ekki talið, að hlé það, sem varð á dómprófum málsins 28. júlí 1948 og til 20. maí 1950, leiði til fyrningar sakar. Frá 20. september 1950 til 24. nóvember 1951 voru átta þinghöld haldin, en að öðru leyti var hlé þetta notað til þess að rannsaka bókhald ákærða og meðferð hans á gjaldeyri. Verður þetta hlé því heldur ekki talið leiða til fyrningar saka á hendur ákærða.

Eins og áður greinir, hófust dómpróf út af meðferð ákærða á gjaldeyri fyrst þann 20. maí 1950, en fyrningarfrestur á þeim brotum er tvö ár. Eru því fyrnd þau brot ákærða í XXIV. ákærulið, sem framin eru fyrir 20. maí 1948, en þau eru þessi:

Nr.	1	£ 1100- 0- 0
—	3	£ 115-10- 8
—	4	£ 1165-14- 4
—	5	£ 873-12- 1
—	6	£ 800-18-10
—	7	£ 89-18- 0
—	8	£ 160- 0- 0
—	9	£ 56-18- 2
—	10	£ 286- 0- 0
—	11	£ 527-10- 5
—	12	£ 692-10- 6
—	13	£ 110- 0- 0
—	14	£ 2080-13- 4
—	15	£ 673-16- 0
	Samtals	£ 8733- 2- 4

Það athugast, að fjárhæðin £ 954-0-7, sem ákærði er sakfelldur fyrir í nr. 16, er ekki greidd fyrr en 31. júlí 1948, sbr. dómskj. 273—275 í lögregluréttarrannsókninni. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af ólögmætri ráðstöfun framangreindrar fjár-

hæðar, £ 8733-2-4, en dæmdur fyrir að ráðstafa £ 14056-18-10 (22790-1-2 ÷ 8733-2-4) á ólögmætan hátt.

Rannsókn XXVI. ákæruliðar var lokið sjálfstætt, og það ákæruatriði tekið til dóms í ágúst 1950, en málin síðan sameinuð, eins og áður greinir. Hlé það, sem orðið hefur á dómsuppsögu, veldur ekki fyrningu.

Fyrir brot ákærða, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir refsing hans samkvæmt áðurgreindum refsiákvæðum með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin kr. 250.000.00 sekt til ríkissjóðs. Með tilliti til þess sjónarmiðs um ákvörðun refsingar, sem kemur fram hér að framan, er fjallað var um XX. ákærulið, þá þykir vararefsing hæfilega ákveðin varðhald í tólf mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði ríkissjóði framangreindan upptækan ólöglegan ágóða, kr. 131.782.85, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags innan 15 sólarhringa frá birtingu dómsins.

Ekki eru efni til sviptingar réttinda samkvæmt 1. og 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og heldur ekki alveg nóg efni til sviptingar réttinda samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938.

Ekki verða ómerkt ummæli þau, sem greind eru í 3.—10. tl. XXVI. ákæruliðar, eins og krafizt er í ákæruskjali, þar sem ekki hefur komið fram krafa um það af hálfu þess, sem misgert var við. Af sömu ástæðu verður ákærði ekki dæmdur til að standast birtingarkostnað atriðisorða þess þáttar dóms þessa, sem fjallar um XXVI. ákærulið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna. Ákveðast málsvarnarlaun Sigurðar hrl. Ólasonar kr. 60.000.00, og er þá einnig hafður í huga útlagður kostnaður lögmannsins. Málsvarnarlaun Jóhannesar hdl. Elíassonar ákveðast kr. 1200.00.

Verjandinn Sigurður hrl. Ólason hefur í dskj. 38, 48, 54 og 55 viðhaft eftirtalin harðyrði:

Um Gunnar A. Pálsson: 1) „Þá réttarskerðing gagnvart umbj. mínum, sem setudómarinn er að reyna að fremja". 2) „gerræði". 3) „heiptúðugu og ofstopakenndu aðförum". 4) „ofbeldi og líkamsmeiðingar, sem dómarinn hlýtur að bera ábyrgð á". 5) „óhróður bókaður í réttarbækur um sakborning ... sakborningurinn kallaður „Framsóknarhyski" og hótanir hafðar í frammi við vitni". 6) „bókað dylgjur um mig persónulega, að mér fjarverandi". 7) „planlagðar „próvókatiónir" setudómarans". 8) „að storka skjst. mínum og skaprauna". 9) „til þess eins að geta komið

því við að troða illsakir við sakborning". 10) „útspekúleraðar próvókatiónir, barefli og bægslagangur, og loks húsbrot og ryskingar, er svo leiddu til lemstra og líkamsmeiðinga". 11) „Skaprauna skjst.mínum og skapa slíkar aðstæður, að hægt yrði, ef svo bæri undir, að koma við valdbeitingu undir einhvers konar „löglegu" yfirvarpi". 12) „að halda áfram að troða illsakir við skjst.m". 13) „rógburði". 14) „rógburður setudómarans". 15) „gekk setudómarinn svo langt að grípa til hótana um „aðrar og óþægilegri" aðgerðir". 16) „hefur dómarinn verið dæmdur ómerkur að rógburði og ósannindum um skjst. minn". 17) „foragt dómarans og tillitsleysi gagnvart ákærða".

Um Björn Jakobsson: „illkvitnu „skýrslu" hans".

Um Þorvald Ara Arason og Björn Jakobsson: „ef þeir sjá sér færi að troða illsakir við skjst. minn".

Um Franz A. Andersen: 1) „skýrslan svo illkvittin, og beinlínis ósvífin". 2) „skýrsla endurskoðandans er svo illvíg og aðdróttanakennd".

Þykir bera að ómerkja öll þessi ummæli og refsa verjandanum fyrir þau. Þykir refsingin samkvæmt 160. gr. laga nr. 27/1951 hæfilega ákveðin 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rannsókn máls þessa hófst 22. júlí 1948. Var Gunnari A. Pálssyni hrl. falið með umboðsskrám 13. apríl 1948, 5. júlí 1950 og 16. apríl 1952 að rannsaka málið og dæma. Þingfest var málið 19. júní 1952. Hæstiréttur ákvað í dómi 7. desember 1954, að Gunnar A. Pálsson skyldi víkja sæti í máli þessu. Var síðan Einari Arnalds borgardómara falið mál þetta með umboðsskrá 8. desember 1954 til rannsóknar og dómsálagningar. Hefur hann kveðið upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Ástbjarti Sæmundssyni verðlagsdómsmanni og Sveinbirni Þorbjörnssyni löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Benediktsson, greiði kr. 250.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tólf mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 131.782.85, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Sigurðar hrl. Ólasonar kr. 60.000.00 og Jóhannesar hdl. Elíassonar kr. 1200.00.

Sigurður hrl. Ólason greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Framangreind ummæli hans skulu vera ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. september 1956.

Nr. 66/1956. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Kr. Kristjánssyni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1956.

Nr. 70/1956. **Ragnar Jóhannesson**
gegn
Helga Benediktssyni
og
Eyjólfi Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Jóhannesson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1956.

Nr. 75/1956. **Málmiðjan h/f**

gegn

Gunnari Lerking.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Málmiðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1956.

Nr. 100/1956. **Icelandic Marketing Company, London,**

gegn

Ingólfi G. S. Espholin.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Icelandic Marketing Company, London, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ingólfi G. S. Espholin, sem hefur sótt dómþing í máli þessu og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 113/1956. **Þorvaldur Steinason**

gegn

Finnboga Guðmundssyni

og

Gunnari Jónssyni setudómara.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. september þ. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum gert að víkja sæti. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Finnboga Guðmundssonar eftir mati dómsins.

Varnaraðili Finnbogi Guðmundsson krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar. Af hendi Gunnars Jónssonar setudómara hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð.

Þó að héraðsdómarinn hafi áður gegnt dómarastörfum og kveðið upp úrskurð í öðru máli milli aðilja máls þessa og það mál kunni að snerta að einhverju leyti bæjarþingsmál það, sem hér liggur fyrir, þá er fjarri lagi, að dómarinn sé af þeim sökum vanhæfur til að fara með mál þetta og dæma það. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja Finnboga Guðmundssyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600.00.

Víta ber fráleita kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorvaldur Steinason, greiði varnaraðilja Finnboga Guðmundssyni kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akraness 6. september 1956.

Með stefnu, út gefinni 26. júlí s.l., höfðaði stefnandinn, Finnbogi Guðmundsson, Bárugötu 18, Akranesi, mál þetta gegn Þorvaldi Steinasyni, s. st. Í máli þessu gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að forstofu og stigagangi að íbúð hans á efri hæð hússins, Bárugötu 18, og að stefndi eigi engan umferðarrétt að eða um greinda forstofu né stigagang. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn reglulegi dómari hefur með úrskurði, upp kveðnum 22. f. m., vikið sæti í máli þessu, og hefur Gunnar Jónsson hdl. verið skipaður til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta. Hefur hann og kveðið upp úrskurð þenna.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1947 keypti stefnandi efri hæð og ris hússins, Bárugötu 18, Akranesi, ásamt ½ þvottahúsi, kyndingarklefa og miðstöðvarkatli. Á sama tíma keypti stefndi neðri hæð nefnds húss, að undanskildu ½ þvottahúsi, kyndingarklefa og miðstöðvarkatli.

Á húsinu voru þá 2 inngangar á norðurvegg. Sá vestari var og er inngangur efri hæðar, en sá eystri var inngangur neðri hæðar, utan 1 dyr í vestari inngangi inn í eitt herbergi neðri hæðar, en ekki virðist sá inngangur hafa verið notaður af eiganda neðri hæðarinnar.

Til að komast í þvottaherbergi hússins, sem jafnframt er kyndingarklefi, gekk stefnandi ávallt um eystri inngang hússins, allt frá því að hann flutti í húsið haustið 1947 og þar til í ágúst eða september 1954, að stefndi múraði upp í þær dyr og setti nýjar útidyr á austurhlið hússins.

Eftir að stefndi hafði múrað upp í nefndar dyr, notaði stefnandi og fólk hans ávallt hinn nýja inngang á austurhlið hússins, er það þurfti að komast í þvottahúsið, þar til stefndi í bréfi til stefnanda, dags. 28. júní s.l., bannaði stefnanda umferð um nefndan inngang.

25. júlí s.l. sendi stefnandi bæjarfógeta Akraness beiðni um, að sér yrði með beinni fógetagerð heimilaður aðgangur að þvottahúsinu og miðstöðvarklefanum gegnum áðurgreint anddyri íbúðar stefnda á austurhlið hússins.

Hinn reglulegi fógeti vék sæti í fógetaréttarmálinu, og fór Gunnar Jónsson hdl. með það og úrskurðaði. Var úrskurður kveðinn upp 24. f. m., og var leyfð framganga gerðarinnar (dskj. 14 í máli þessu).

Í bæjarþingsmáli þessu hefur stefndi krafizt þess, að setudómarinn víki sæti í málinu, vegna þess að hann hafi sem setufógeti í fyrrgreindu innsetningarmáli látið stefnanda hafa aðgang að þvottahúsi gegnum innganginn í húsið á austurhlið þess. Geti sú ákvörðun ekki byggzt á öðru en því, að dómarinn telji stefnda ekki eiga nema þenna eina inngang að íbúð sinni. Hafi því dómarinn þegar lagt dóm á mál þetta á þá leið, að stefnandi eigi þann rétt, sem deilt er um í máli þessu.

Í nefndum fógetaréttarúrskurði komst setufógetinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi máls þessa ætti augljósan rétt til umferðar um neðri hæð hússins til að komast að þvottahúsi og miðstöð, og þar sem stefndi hefði tekið af hinn upphaflega inngang og sett nýjan inngang á austurhlið hússins, úrskurðaði fógetinn stefnanda rétt til að ganga um þann inngang.

Um inngang í þvottahúsið gegnum dyr úr anddyrinu, sem liggur að efri hæð, gegnum eitt íbúðarherbergi neðri hæðar, kom ekki til álita í fógetaréttarmálinu, enda hafði aldrei verið gengið þar í gegn af stefnanda né stefndi boðið stefnanda að ganga þar í gegn.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa fært fram neinar gildar ástæður fyrir þeirri kröfu sinni, að setudómarinn víki sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:

Gunnar Jónsson setudómari víkur ekki sæti í máli þessu.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 177/1955. **Trésmiðjan Viðir h/f** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Sigurjónssyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Riftun vinnusamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1955. Krefst hann þess, að stefnda verði

dæmt að greiða honum kr. 40.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Stefndi rifti samningi þeim, sem lýst er í héraðsdómi, án lögmætra ástæðna. Telja verður, að áfrýjandi hafi beðið fjártjón vegna þessarar löglausu riftunar, og þykja bætur til áfrýjanda af þeim sökum hæfilega ákveðnar kr. 6000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Sigurjónsson, greiði áfrýjanda, Trésmiðjunni Víði h/f, kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Trésmiðjan Víðir h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 20. marz 1954, gegn Kristjáni Sigurjónssyni, Brautarholti 22, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 50.000, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans..

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, svo og krefst hann málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 3. júní 1953, gerðu aðiljar með sér það samkomulag, að stefndi réðst sem húsgagnabólstrari til stefnanda frá 1. ágúst 1953. Var samningstímabilið ákveðið 2 ár, og var samningurinn þá uppsegjanlegur af beggja hálfu með mánaðar fyrirvara, miðað við 1. apríl ár hvert, en framlengdist ella um eitt ár í senn. Með bréfi, dags. 29. júlí 1953, tilkynnti stefndi stefnanda, að hann gæti eigi staðið við samninginn. Hóf stefndi því aldrei störf hjá stefnanda.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi rofið fram-

angreindan samning, og hafi hann, stefnandi, orðið fyrir fjártjóni vegna þess. Hafi sér ekki tekizt að fá annan mann í stað hans þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt. Telur stefnandi fjártjón sitt sízt ofreiknað með stefnukröfu sinni.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni.

Fyrir dómi kvað stefndi, að viðræður hafi farið fram við stefnanda þess efnis, að hann leysti stefnda undan samningnum, og hafi þær viðræður átt sér stað, áður en stefndi ritaði stefnanda bréfið, dags. 29. júlí 1953. Stefnandi viðurkenndi fyrir dómi, að þessar viðræður hafi átt sér stað.

Ekki þykir stefnandi hafa fært neinar sannanir að því, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna samningsrofa stefnda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðjunnar Víðis h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 116/1956. **Ákæruvaldið**

gegn

Snorra Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Kópavogs 8. september 1956 var ákærða dæmd fangelsisrefsing 3 ár fyrir skírlífisbrot gagnvart allmörgum ungmennum. Sama dag var með úrskurði sakadómsins kveðið á um gæzluvarðhald ákærða allt að 4

mánuðum, þar til ákvörðun væri tekin um fullnustu héraðsdómsins eða málið til lykta leitt með dómi Hæstaréttar. Hinn 14. september s.l. krafðist ákærði áfrýjunar refsidómsins. Jafnframt gerði ákærði þá kröfu, að gæzluvarðhaldsúrskurðinum yrði skotið til Hæstaréttar og hann úr gildi felldur. Verjandi ákærða hefur ritað greinargerð í málinu, tekið undir kröfu ákærða og krafizt málsvarnarlauna sér til handa.

Samkvæmt ákvæðum 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 27/1951 og með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og svo forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða hér fyrir dómi, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 8. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 8. september, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta.

Með úrskurði sakadóms Kópavogs, upp kveðnum 16. júní 1956, var Snorri Jónsson kaupmaður, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 3 mánuðum.

Úrskurður þessi var rökstuddur svo: „Í rannsókn málsins hafa komið fram mjög veigamiklar upplýsingar um sekt kærða, þótt hann hafi eigi kannazt við að hafa framið brot þau, sem rannsóknin beinist að. Vegna fyrri brotaferils kærða, hættu á áframhaldandi brotum og til að tryggja nærveru hans þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhald hans, þar til dómur er genginn í málinu, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 3 mánuðum."

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 22. júní 1956, var úrskurður þessi staðfestur. Áður hafði kærði verið úrskurðaður í gæzluvarðhald frá 2. maí til 16. júní 1956, en þá var rannsókn málsins að mestu lokið.

Með dómi sakadóms Kópavogs, upp kveðnum í dag, er ákærði,

Snorri Jónsson, dæmdur til 3 ára fangelsisvistar. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um, hvort hann óski eftir áfrýjun dómsins.

Með því að sömu ástæður þykja nú gera gæzluvarðhald Snorra Jónssonar nauðsynlegt og fyrir hendi voru við uppkvaðningu úrskurðarins frá 16. júní s.l., þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhaldsvist hans, þar til dómur Hæstaréttar gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, sem dæmt var í sakadómi í dag, eða liðinn er frestur sá, sem dómfelldur hefur til að taka ákvörðun um áfrýjun, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 4 mánuðum.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar, Borgarholtsbraut 20, framlengist í allt að 4 mánuðum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 105/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Landsbanka Íslands

(Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabætur. Réttur handhafa fylgibréfs um vörusendingu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1952 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fylgibréf þau, sem greinir í málinu og út voru gefin á vegum áfrýjanda, verður að meta heimildarskjöl. Handhöfn á

þeim veitti stefnda rétt til að setja það að skilyrði fyrir afhendingu varanna til h/f Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, að andvirði þeirra væri greitt. Nú framseldu fyrirsvarsmenn áfrýjanda ölgerðinni vörurnar, án þess að stefndi fengi færi á að neyta réttar síns. Fyrir þessi réttarspjöll á stefndi bótarétt á hendur áfrýjanda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Landsbanki Íslands, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 25. október 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu á kr. 5068.96 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í árslok 1950 skuldaði Sindri h/f á Akureyri h/f Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, hér í bæ, kr. 5000.00 vegna fyrri viðskipta. Í janúar 1951 sendi Sindri 30 hylki af kolsýru til ölgerðarinnar. Andvirðið, kr. 4279.60, skyldi renna til greiðslu skuldarinnar. Hinn 1. febrúar 1951 sendi Sindri enn 25 kolsýruhylki til ölgerðarinnar. Andvirði þeirra var kr. 3566.37, en frá því dró Sindri eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 720.40, og endurgreiðslu tveggja hylkja, kr. 285.31. Fyrir mismuninum, kr. 2560.66, gaf Sindri út ávísun (í málsskjölunum nefnd víxill) á hendur ölgerðinni. Ávísun þessa, er greiða skyldi við sýningu, seldi Sindri útibúi stefnanda á Akureyri, og fylgdi henni fylgibréf, út gefið af umboðsmanni stefnda á Akureyri. Fylgibréf þetta var merkt „Original" og var með fyrrgreindum 25 kolsýruhylkjum, er send voru til Reykjavíkur með m/s Esju. Útibúið sendi stefnanda ávísunina til innheimtu, en ölgerðin neitaði að greiða hana og gerði grein

fyrir þeirri neitun í bréfi til Sindra, dags. 19. febrúar 1951, þá, að vegna galla á fyrri sendingum væri skuldin ekki enn að fullu greidd. Hins vegar afhenti stefnda ölgerðinni kolsýruhylkin, og að fyrirlagi framkvæmdastjóra Sindra var þeim síðan ráðstafað til Kolsýruhleðslunnar s/f, hér í bænum. Hinn 16. febrúar 1951 sendi Sindri enn 17 kolsýruhylki til ölgerðarinnar með m/s Esju. Fylgibréfið með þeim var einnig merkt „Original", og fylgdi því ávísun, að fjárhæð kr. 2508.30 (andvirði kolsýrunnar), sem Sindri seldi útibúi stefnanda á Akureyri. Ávísunin var síðan send stefnanda til innheimtu hjá ölgerðinni, sem enn neitaði greiðslu. Hins vegar afhenti stefnda ölgerðinni einnig þessar vörur. Útibú stefnanda hefur síðan reynt að fá ávísanirnar endurgreiddar hjá Sindra h/f, en þær tilraunir hafa reynzt árangurslausar vegna fjárhagsörðugleika félagsins.

Stefnandi telur, að stefnda hafi afhent báðar vörusendingarnar án heimildar, þar eð frumrit fylgibréfanna voru ekki fyrir hendi, og beri því að greiða fjárhæðir beggja ávísananna auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f hafi sýnt skilríki fyrir því, að hún hefði greitt vörurnar, er þær voru afhentar. Það hafi og verið venja þessara aðilja, að vörur væru afhentar, áður en þær væru greiddar, og hafi stefnda verið ókunnugt um, að breyting væri á þeirri venju orðin, svo og hafi sér og ölgerðinni verið ókunnugt, að annar en Sindri væri eigandi kröfunnar, enda hafi Sindri verið afhendingunni samþykkur.

Fylgibréf þau, sem gefin voru út á vegum stefndu, verður að telja heimildarbréf, þess eðlis, að við útgáfu þeirra hafi stefnda orðið bundin við að afhenda vörurnar ekki öðrum en þeim, sem hefði í höndum frumrit bréfanna samkvæmt formlega löglegri heimild eða sannaði ótvírætt rétt sinn til varanna. Af gögnum málsins er ljóst, að ölgerðin hafði hvoruga sendinguna greitt, þegar hún fékk vörurnar afhentar, og verður því að telja, að hvorugs fyrrgreindra skilyrða hafi verið gætt við afhendingu þeirra. Samkvæmt þessu var afhending varanna óheimil, eins og á stóð, enda er ósannað, að Sindri h/f hafi samþykkt hana, og ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda fjárhæðir ávísananna, kr. 5068.96, með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951, en þann dag krafði stefnandi stefndu um greiðslu (sbr. dskj. nr. 6), svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og með-

dómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson fyrrum hagstofustjóri.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 5068.96 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 191/1955. **Ákæruvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson)

gegn

Þorsteini Rúti Bjarnasyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Fésekt á hendur ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 8000.00 til ríkissjóðs, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem efni voru til.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Rútur Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga og greiði 8000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1955.

Ár 1955, laugardaginn 19. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5662/1955: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Rúti Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Með ákæruskjali, út gefnu 20. júlí s.l., er Þorsteinn Rútur Bjarnason, Laugavegi 28, hér í borg, ákærður fyrir að hafa frá því um áramót 1953 og 1954 og fram til loka þess árs, 1954, gert sér fjárhættuspil að atvinnu í húsakynnum sínum að Laugavegi 28, hér í bæ, aflað sér tekna af því og hvatt menn til þátttöku í fjárhættuspilinu, en brot þessi teljast varða við 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 30. marz 1911, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1942 9/3 Kærður fyrir meint brot á lögum um sölu mjólkur og rjóma. Engin sök sannaðist.

1943 5/7 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1944 14/4 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

— 12/7 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir að sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1946 29/3 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 43. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1954 bárust rannsóknarlögreglunni fregnir um, að fjárhættuspil færu fram í herbergi ákærða á Laugavegi 28. Báru nokkrir menn það, að þeir hefðu spilað þar við ákærða poker upp á peninga. Hófust dómpróf út af þessu hinn 25. nóvember. Kannaðist ákærði þegar við það, að hann hefði um alllangt árabil gert töluvert að því að spila fjárhættuspil, og að undanförnu hefði verið nokkuð um það, að spilað væri heima hjá honum. Hefði það hafizt upp úr síðustu áramótum (þ. e. 1953—1954).

Hann kvað eigi spilað daglega, heldur svona einu sinnu eða tvisvar í viku, fremur fyrri hluta viku. Allmargir menn hefðu komið þessara erinda til sín. Stundum spyrðu 10—20 manns á kvöldi eftir sér. Hann kvað stundum vera spilað kaution, en langoftast poker, og þá með þeim hætti, að hann héldi pott og tæki úr hverjum spiluðum potti 5—10 krónur, eftir því hve hátt væri spilað, hvort spilað væri 5—10—50 eða 10—20—100, sem kallað er. Fengi hann þetta sem þóknun, en auk þess spilaði hann sjálfur, og gæti hann ýmist grætt eða tapað á því eftir atvikum. Veltuna á spilunum kvað ákærði allmikla, og gæti maður grætt eða tapað, svo skipti þúsundum á kvöldi. Um upphæð þóknunar sinnar úr pottunum sagði hann, að hún gæti numið 10—1500 kr. á kvöldi, ef um sæmilegt „game" væri að ræða. Þess væri að gæta, að hann yrði að leggja gestum sínum til hressingu, öl, kaffi, sígarettur. Áfengi veitti hann hins vegar eigi. Hann kveður þessi útgjöld geta numið verulegri upphæð. Kveður hann ómögulegt að standa undir þeim, nema gegn því að fá þóknun úr pottum. Hann kvaðst á umræddu tímabili hafa haft nokkrar tekjur af spilamennsku sinni, en á árum fyrr hefði hann verið búinn að tapa miklu fé í spilum. Hann kvaðst ekki hafa haft aðrar tekjur, enda sé heilsu sinni svo háttað, að hann þoli illa vinnu. Aldrei kveðst ákærði hafa gert neitt til þess að hvetja menn til að koma og spila, enda virðist þess ekki þörf.

Tólf menn, sem spilað hafa hjá ákærða, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Verða framburðir þeirra nú raktir, þó aðeins stuttlega, enda rekast þeir eigi á framburð ákærða sjálfs.

Jón Pétursson Einarsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað 3—4 sinnum hjá ákærða haustið 1954, alltaf poker upp á 5—10—50, nema máske einu sinni 10—20—100. Allmargir hafi verið þarna við spil. Jón kveðst eigi hafa orðið þess var, að ákærði tæki neina þóknun úr pottinum. Ásgeir Ólafsson innheimtumaður kveðst hafa komið alloft til spila, helzt veturinn 1953—4, en þann vetur hafði spilamennska hafizt þarna. Oftast hafi verið spilaður poker upp á 5—10—50, en stundum 10—20—100. Hafði ákærði þá tekið, eftir því sem við átti, 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Margt gesta hafi komið þarna. Ekki kveður Ásgeir hafa verið spilað þarna daglega, hafi hann stundum hitt svo á, er hann hafi komið, að engir hafi verið að spila. Ásgeir kveður ákærða veita öl og sígarettur og stundum áfengi, en þó sjaldan. — Þórarinn Hinriksson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað nokkrum sinnum, en ekki oft. Hafi verið spilaður poker, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, og hafi ákærði þá tekið úr hverjum potti 5 eða 10 kr. Hann hafi

hins vegar ýmis útgjöld af þessu, enda sé hann greiðugur við gesti sína. — Sveinn Bergmann Bjarnason bifreiðarstjóri kveðst hafa komið nokkrum sinnum til ákærða til að spila, enda virðist sér, að oftast sé hægt að koma þangað þeirra erinda. Sé oft spilað þarna næturlangt og fram á morgun og sé margt um manninn. Poker sé spilaður, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, og taki ákærði þóknun úr pottum með þeim hætti, er í poker tíðkast. Hann veiti gestum öl og sígarettur og stundum áfengi, og verði þarna stundum fyllirí. Hannes Ágústsson kaupmaður kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða poker seint á vetri og vori 1954, og hafi sér virzt spilað þarna að staðaldri, þó ekki daglega. Hafi ákærði tekið 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Stundum hafi verið þarna mikil aðsókn gesta. — Björn Ársælsson kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða með þeim hætti, er að framan er rakið, og kveður hann hafa verið mikla aðsókn til ákærða og sér virzt, að spilað væri hjá honum að staðaldri og oft næturlangt og fram á morgun. Ákærði veiti öl og tóbak og áfengi stundum. — Magnús Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða 3—4 sinnum haustið 1954. Hafi poker verið spilaður upp á 5—10—50, að hann minnir. Eitthvað hafi ákærði tekið úr pottunum. — Aðalsteinn Stefánsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða nokkrum sinnum um vorið og nokkrum sinnum um haustið 1954. Hafi ákærði jafnan verið við, er hann hafi komið í þessu skyni. Oftast sé spilaður poker á 5—10—50, en komið hafi fyrir, að spilað hafi verið 10—20—100. Ákærði hafi eitthvað tekið úr pottunum. Þorsteinn Sigurðsson bifreiðarstjóri kveðst nokkrum sinnum hafa spilað hjá ákærða, fyrsta sinn sumarið 1954, venjulega poker upp á 5—10—50, en einu sinni 10—20—100. Þorsteinn segir, að komið hafi fyrir, að hann hafi komið að lokuðu hjá ákærða. Erlendur Jónsson Erlendsson bifreiðarstjóri kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða. Hafi þá verið spilaður poker, ýmist 5—5—25, 5—10—50 eða 10—20—100. Ákærði hafi stundum tekið úr pottum, þó ekki alltaf. Nói Skjaldberg Jónsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða poker upp á 5—10—50 nokkrum sinnum, og hafi ákærði tekið 5 kr. úr hverjum potti. — Loks skýrir Guðbjartur Kristján Árnason sjómaður svo frá, að hann hafi 3 eða 4 sinnum spilað heima hjá ákærða. Hafi verið spilaður poker, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, eftir því hvernig stemningin hafi verið. Hafi þá ákærði tekið eftir atvikum 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Guðbjartur kveðst einu sinni hafa tapað 5000 kr. í spilum á einni nóttu, en það sé þó óvenjulega mikið tap.

Eftir að rannsókn var hafin í máli þessu og ákærði hafði mætt í málinu, bárust fregnir um, að ákærði héldi áfram að láta spila hjá sér. Var ákærði að nýju kvaddur fyrir dóm 15. desember og játaði þá, að hann hefði nokkrum sinnum látið spila hjá sér, síðan hann mætti fyrst í málinu. Lofaði hann jafnframt að láta það ekki koma fyrir oftar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er fullsannað með játningu ákærða sjálfs, er studd er framburðum margra vitna, að hann hefur á árinu 1954 látið að staðaldri fara fram fjárhættuspil í húsnæði sínu á Laugavegi 28 og tekið sjálfur þátt í þeim og haft tekjur af þessari starfsemi sinni. Er hann þannig sannur að háttsemi, er varðar við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940. Með því að brot ákærða miðaði að fjárhagslegum ávinningi ber samkvæmt 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga að dæma honum sekt auk refsivistar. Að þessu athuguðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga og auk þess 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í stað hennar fangelsi í 90 daga.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 800 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Rútur Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga. Hann greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 90 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, 800 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1956.

Nr. 36/1956. **Kristján Nói Kristjánsson**

og

Stefán E. Sigurðsson (Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Helgu Björnsdóttur f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur, og gagnsök

(Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skaðabótamál. Um bótaskyldu eiganda bifreiðar og ökumanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar 1956, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1956 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. marz 1956, áfrýjað málinu með stefnu 19. marz 1956. Hefur hún fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 19. marz 1956, og sér skipaðan talsmann. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða henni

sjálfri	kr.	313.000.00
henni f. h. dóttur hennar Huldu	—	8.500.00
f. h. dóttur hennar Ingu Hrannar	—	30.000.00
f. h. sonar hennar Hafþórs	—	34.000.00
og f. h. dóttur hennar Sigríðar Kristínar ..	—	37.000.00,

allt ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1953 til greiðsludags. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjaf-

varnarmál, og að kveðið verði á um lögveðrétt í bifreiðinni A 86 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Bifreiðin A 86 var eigi til afnota fyrir almenning gegn borgun, þá er slys það varð, sem í málinu greinir. Um skaðabótaskyldu bíleigandans, Kristjáns Nóa Kristjánssonar, fer því eftir almennum reglum, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Um skaðabótaskyldu bílstjórans, Stefáns E. Sigurðssonar, fer og eftir almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 35. gr. sömu laga.

Leitt er í ljós með vætti vitna, að Jónas heitinn Frímannsson sleppti taki á reipi því, er farþegum var ætlað að halda sér í, án þess að akstur bifreiðarinnar ylli nokkru þar um, svo sannað sé. Leiddi þetta til þess, að hann féll af bifreiðinni og hlaut bana af. Eru því eigi efni til að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda bætur vegna fjörtjóns Jónasar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Kristján Nói Kristjánsson og Stefán Sigurðsson, eiga í máli þessu að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Helgu Björnsdóttur f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur.

Hver aðilja ber sinn kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun

skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 22. október s.l., hefur stefnandi, Helga Björnsdóttir, Lundargötu 11, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu vegna sín og ólögráða barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur, með stefnu, út gefinni 30. desember s.l., á hendur þeim Kristjáni Nóa Kristjánssyni skipasmíðameistara, Akureyri, og Stefáni E. Sigurðssyni útvarpsvirkja, Akureyri, og gerir þær kröfur, að þeir verði in solidum dæmdir til að greiða fébætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, að fjárhæð kr. 422.500.00, vegna andláts Jónasar Frímannssonar iðnverkamanns, sem fórst af slysförum 27. júní 1953. Hún krefst og 6% ársvaxta frá 29. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Þá krefst stefnandi sér til handa og börnum sínum tildæmdan lögveðrétt í bifreiðinni A 86.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Til vara er krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og upphæðinni síðan skipt, miðað við þann þátt, sem Jónas heitinn Frímannsson átti í slysinu, og er þá jafnframt krafizt lækkunar á málskostnaði að mati dómara. Sýknukrafa af hendi Stefáns E. Sigurðssonar er byggð á aðildarskorti.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu:

Laugardaginn 27. júní 1953 að kvöldi varð það slys á þjóðveginum skammt frá Hvammi í Arnarneshreppi, að eiginmaður stefnanda, Jónas Frímannsson, og faðir barnanna, Huldu, Ingu Hrannar, Hafþórs og Sigríðar Kristínar, féll af palli vörubifreiðarinnar A 86 og beið bana af. Bifreiðin var eign stefnda Kristjáns Nóa Kristjánssonar, en ökumaður hennar var stefndi Stefán E. Sigurðsson.

Telur stefnandi, að slys þetta hafi orsakazt af ófullnægjandi útbúnaði bifreiðarinnar og vangæzlu í akstri. Eigandi bifreiðarinnar og ökumaður séu því samkvæmt lögum og almennum reglum bótaskyldir fyrir tjóni því og miska, er stefnandi og börn hennar biðu við fráfall Jónasar Frímannssonar. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að Jónas heitinn hafi sjálfur átt sök á

slysinu, en hvorki sé þar um að kenna útbúnaði bifreiðarinnar né ógætilegum akstri.

Slys það, er leiddi Jónas heitinn Frímannsson til bana, bar að með þeim hætti, sem nú skal greina.

Laugardaginn 27. júní 1953, síðari hluta dags, er stefndi Kristján Nói Kristjánsson var um það bil að ljúka vinnu í skipasmíðaverkstæði sínu á Oddeyrartanga, var Jónas heitinn Frímannsson, sem hætt hafði vinnu um hádegi þann dag, staddur hjá honum á verkstæðinu. Jónas hafði í hyggju að kaupa bát af manni úti í Vikum á Árskógsströnd, og var Kristjáni Nóa kunnugt um það.

Jónas orðaði nú við Kristján Nóa að lána sér bíl, er Kristján Nói átti, til þess að líta á bátinn og jafnvel sækja hann, ef af kaupum yrði.

Rétt í þessu bar þá þarna að stefnda Stefán E. Sigurðsson og Gunnar Skarphéðinsson, og stakk þá Jónas upp á því að fá Stefán til að keyra bílinn, þar sem hvorki hann né Kristján Nói höfðu ökuréttindi. Það varð svo að samkomulagi, að allir þessir fjórir færu út á Árskógsströnd þá um kvöldið.

Þegar að því kom að halda skyldi af stað, kom í ljós, að konur Kristjáns Nóa og Jónasar heitins höfðu ákveðið að slást með í förina. Ekki er ljóst af skjölum málsins, að konurnar og Gunnar Skarphéðinsson hafi átt neitt sérstakt erindi í för þessa, en Kristján Nói, sem er skipasmiður að atvinnu, hafði lofað Jónasi að líta á bátinn og vera honum til aðstoðar með ákvörðun um kaupin.

Þegar stefndi Stefán E. Sigurðsson kom að bifreiðinni um kvöldið, höfðu þeir stefndi Kristján Nói og Jónas sálugi Frímannsson sett kassa á pall bifreiðarinnar fyrir fólkið, sem ekki komst í húsið, til að sitja á. Segl var breitt yfir kassann, sem var alllangur, en mjór. Kassinn var dálítið frá húsinu og reyndist vera stöðugur, því að í ljós kom, að hann haggaðist aldrei í ferðinni.

Stefndi Stefán óskaði eftir til frekara öryggis, að fenginn væri kaðall, sem bundinn væri yfir pall bifreiðarinnar, sinn hvorum megin fyrir fólkið að halda sér í.

Stefndi Kristján Nói hefur skýrt svo frá, að hann og Jónas heitinn hafi hjálpazt að við að koma kassanum fyrir á bílpallinum, og hafi þeir ekki talið þörf á að festa hann, sökum þess hve stöðugur hann virtist vera.

Kaðalstrengirnir þrír, er bundnir voru yfir pall bifreiðarinnar, voru fyrir framan kassann og voru hafðir það slakir, að fólkið hafði þá á hnjám sér, þegar það sat á kassanum og sneri sér fram að stýrishúsinu.

Samkvæmt athugun bifreiðaeftirlitsmanns, sem kom á slysstaðinn samtímis og sjúkrabifreiðin, var lengd kassans 1,25 m, breidd 0,42 m og hæð 0,50 m, en breidd á vörupalli bifreiðarinnar var 2,12 m. Vantar þannig 0,87 m á, að kassinn hafi náð yfir pall bifreiðarinnar.

Samkvæmt dómskjali nr. 8 er svo að sjá, sem kassinn hafi ekki verið alveg fyrir miðju á pallinum, heldur hafi hann verið lítið eitt hægra megin. Þó er ekki sannað, að hann hafi ekki eitthvað getað hreyfzt, frá því slysið varð og þar til ljósmyndin á dskj. nr. 8 var tekin.

Með bifreiðina, þannig útbúna, var svo lagt af stað. Stefndi Stefán E. Sigurðsson ók bifreiðinni, og var kona Jónasar heitins inni í húsinu hjá honum. Á palli bifreiðarinnar voru þau stefndi Kristján Nói, Gunnar Skarphéðinsson, Yrza kona Kristjáns Nóa og Jónas heitinn.

Þau, sem á pallinum voru, sátu á kassanum, nema Gunnar, sem lengst af mun hafa setið á pallinum. Fólkið, sem á kassanum sat, virðist hafa snúið sér að stýrishúsinu og haldið sér í kaðlana.

Fyrst var ekið fram að Vindheimum á Þelamörk og þangað skilað hlut, sem Kristján Nói þurfti að koma þangað. Þegar komið var í nánd við Hörgá, hafði kuldi sótt að konu Kristjáns Nóa, og fór hún þá inn í húsið, en kona Jónasar heitins upp á pallinn.

Um þetta leyti segir stefndi Kristján Nói, að Jónas heitinn og kona hans hafi haft orð á því, að betra væri að snúa sér á kassanum, þannig að þau sneru baki í húsið. Var það gert, og sátu þau þannig, er slysið bar að. Jónas heitinn hægra megin, Kristján vinstra megin og í milli þeirra kona Jónasar.

Þegar þau sátu þannig, lágu kaðlarnir yfir kassann fyrir aftan þau, og héldu þau sér í þá með því að halda höndunum aftur með síðunum. Ber nú ekkert til tíðinda, fyrr en komið var út undir bæinn Hvamm. Þá varð bifreiðarstjórinn þess var, að eitthvað féll niður hægra megin við bifreiðina. Stöðvaði hann þá bifreiðina, svo fljótt sem hann mátti, og sá þá, að Jónas heitinn hafði fallið af palli bifreiðarinnar og lá á grúfu á vegarkantinum að austan. Var hann þá í djúpu meðvitundarleysi.

Jónas var svo fluttur á sjúkrahús Akureyrar, en komst aldrei til meðvitundar og lézt að morgni þess 29. júní af afleiðingum höfuðmeiðsla.

Höfðað var mál af hálfu ákæruvaldsins á hendur bifreiðarstjóranum á A 86 og eiganda bifreiðarinnar. Í undirrétti voru þeir báðir sýknaðir af öllum ákærum. Máli þessu var skotið til

Hæstaréttar. Í Hæstarétti voru þeir ákærðu dæmdir í 600.00 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögunum.

Hins vegar voru þeir báðir sýknaðir af kröfu ákæruvaldsins fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Við rannsókn málsins var eftirfarandi upplýst um hraða bifreiðarinnar:

Kristján Nói hefur borið, að bifreiðarstjórinn hafi ekið rólega, og áætlar, að hraðinn hafi verið 30—35 km á klst., þegar slysið bar að.

Vitnið Gunnar Skarphéðinsson telur, að ekið hafi verið vel alla leiðina og að hraðinn hafi aldrei farið yfir 40—50 km á klst., og síðast fyrir slysið telur hann, að hraðinn hafi ekki verið yfir 40 km á klst.

Vitnið Yrza Kristjánsdóttir hefur borið, að bifreiðarstjórinn hafi ekið mjög varlega, og segir, að ekið hafi verið hægar en almennt sé hér í bænum.

Helga Björnsdóttir hefur borið í sakadómsrannsókninni, að hún geti ekki sagt um, hversu hratt hafi verið ekið, en ekki segist hún hafa haft nein óþægindi af hraðanum, en þó hafi einhvern veginn setzt í sig, að töluverð ferð hafi verið á bifreiðinni.

Sjálfur hefur bifreiðarstjórinn áætlað hraðann um 30—40 km á klst. Þá er enn fremur upplýst með vætti vitna, að Jónas heitinn sleppti taki á kaðli þeim, er farþegunum var ætlað að halda sér í, hallaði sér aftur á bak og rétti upp hendina um leið. Telur stefnandi, að hann hafi ætlað að ná sér í sigarettu í brjóstvasa sínum, en í sama mund féll hann af bílnum.

Ekki verður séð af rannsókninni, að slingur kæmi á bifreiðina né að hún hossaðist við eða á slysstaðnum.

Svo sem að framan er sagt, hjálpuðust þeir stefndi Kristján Nói og Jónas heitinn að því að ganga frá búnaði á palli bifreiðarinnar. Stefndi Stefán E. Sigurðsson stuðlaði að því, að bætt var þar nokkru um, en þó ekki svo, að hann væri nægilega fullkominn, miðað við þá tölu fólks, sem á pallinum var.

Verður því að telja hann samábyrgan um búnað bifreiðarinnar og sýknukrafa af hendi hans vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Umbúnaður á palli bifreiðarinnar fullnægir engan veginn þeim kröfum, sem gera verður til almenns öryggis farþegum, sem leyft er að ferðast með vörubifreiðum. Sérstaklega var ógætilegt að útbúa ekki einhvers konar stuðning til hliðar við fólkið, er á kassanum sat. Þá verður enn fremur að telja, að bifreiðarstjór-

inn hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn, miðað við hversu var að fólkinu búið á palli bifreiðarinnar.

Leiðir þetta til þess að leggja verður bótaábyrgð á stefndu fyrir tjóni því, er stefnandi varð fyrir við slysið. Hins vegar átti Jónas heitinn verulega sök sjálfur á slysinu með þátttöku sinni í hinum ófullnægjandi búnaði bifreiðarinnar, með því að eiga frumkvæði að því, að fólkið sneri sér við á kassanum og hafði því ekki eins góða aðstöðu til að halda sér í öryggiskaðlana, og að lokum með því að láta lausan kaðal þann, sem honum var ætlað að halda sér í. Þykja því efni til að skipta sökinni þannig, að sá aðili, sem bótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðarinnar, bæti helming þess.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Krafa Helgu Björnsdóttur, dánarbætur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum	kr.	310.000.00
2. Krafa Huldu Jónasdóttur, bætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum ..	—	30.000.00
3. Krafa Ingu Hrannar Jónasdóttur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum .	—	30.000.00
4. Krafa Hafþórs Jónassonar, bætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum ..	—	34.000.00
5. Krafa Sigríðar Kristínar Jónasdóttur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum	—	37.000.00
6. Útfararkostnaður	—	3.000.00
Samtals	kr.	422.500.00

Um lið I. Tryggingarsérfræðingur hefur reiknað út með líkindatölum, hvað telja megi hæfilegar bætur til stefnanda fyrir missi fyrirvinnu og framfæranda. Reikningar hans eru byggðir á skattframtölum Jónasar heitins Frímannssonar nokkur síðustu árin.

Telur hann kröfu stefnanda vera kr. 277.019.00, en tekur fram, að sú tala sé nokkuð of há, og komi þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi hefði maðurinn notið að nokkru vinnu konunnar, meðan hann lifði. Við fráfall hans hafi losnað einhver starfstími hjá konunni, sem hún ef til vill hefði haft aðstöðu til að afla sér tekna.

Í öðru lagi er enginn frádráttur gerður á tekjum fyrir opinberum gjöldum. Til viðbótar ofangreindri upphæð krefst stefn-

andi kr. 32.981.00 í bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Jónas heitinn var 37 ára, er hann lézt, en kona hans 33 ára.

Með hliðsjón af mati tryggingarfræðingsins og með tilliti til þess, að dæmdar bætur verða ekki taldar stefnanda tekjur við álagningu tekjuskatts og útsvars, þykir tjón samkvæmt þessum lið stefnukröfunnar hæfilega ákveðið kr. 200.000.00, og eru þá frádregnar bætur, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt, kr. 9171.00, enda hefur engin krafa verið gerð um endurgreiðslu.

Um lið II. Tryggingarsérfræðingurinn telur lágmarksbætur Huldu Jónasdóttur vera kr. 3326.00. Er sú upphæð miðuð við meðlag það, sem feðrum óskilgetinna barna er gert að greiða með þeim til 16 ára aldurs, en Hulda var 15 ára og 46 daga, er faðir hennar lézt. Auk þess krefst stefnandi kr. 5174.00 fyrir röskun á stöðu og högum.

Samkvæmt lögum nýtur hún barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins frá þeim degi, er faðir hennar lézt, til 16 ára aldurs. Gera má ráð fyrir, að hún hefði getað notið einhvers stuðnings frá föður sínum eftir 16 ára aldur, t. d. vegna skólagöngu.

Með vísun til þess og með hliðsjón af öðrum atvikum, er til greina koma, þykir fjártjón Huldu fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum hæfilega metið á kr. 5000.00.

Um III. lið. Lágmarksbætur til Ingu Hrannar Jónasdóttur telur tryggingarsérfræðingurinn vera kr. 18.960.00. Inga Hrönn var 10 ára og 73 daga, er faðir hennar lézt.

Auk þess krefst stefnandi kr. 11.040.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar kr. 18.000.00.

Um IV. Lágmarksbætur til Hafþórs Jónassonar telur tryggingarfræðingurinn vera kr. 22.142.00. Hafþór var 9 ára og 11 daga, er faðir hans lézt. Auk þess hefur stefnandi krafizt kr. 11.858.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 21.000.00.

Um V. Lágmarksbætur til Sigríðar Kristínar Jónasdóttur telur tryggingarfræðingurinn vera kr. 25.428.00. Auk þess krefst stefnandi kr. 11.592.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Sigríður Kristín var 7 ára og 271 dags, er faðir hennar lézt. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur hennar hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Um VI. Þessum lið hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og ber því að taka hann til greina.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að tjón stefnanda telst

hafa numið kr. 200.000.00 + 5000.00 + 18.000.00 + 21.000.00 + 25.000.00 + 3000.00 eða samtals kr. 272.000.00. Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða helming þeirrar upphæðar eða kr. 136.000.00 auk 6% ársvaxta frá 30. desember 1954 og kr. 11.800.00 í málskostnað, þar af kr. 290.00 til ríkissjóðs.

Rétt þykir að viðurkenna lögveð í bifreiðinni A 86 fyrir hinum tildæmdu kröfum. Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Nói Kristjánsson og Stefán E. Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Helgu Björnsdóttur, sjálfri kr. 100.000.00, henni f. h. dóttur hennar Huldu Jónasdóttur kr. 2500.00, f. h. dóttur hennar Ingu Hrannar Jónasdóttur kr. 9000.00, f. h. sonar hennar Hafþórs Jónassonar kr. 10.500.00, f. h. dóttur hennar Sigríðar Kristínar kr. 12.500.00 og kr. 1500.00 í útfararkostnað auk 6% ársvaxta af hverri fjárhæð frá 30. desember 1954 til greiðsludags og kr. 11.800.00 í málskostnað, þar af kr. 290.00 til ríkissjóðs.

Viðurkenna ber lögveð í bifreiðinni A 86 fyrir hinum tildæmdu kröfum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1956.

Nr. 121/1956. **Haraldur Guðmundsson**

gegn

Guðmundi H. Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. f. m., er barst dóminum 26. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og varnar-

aðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdómsins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Haraldur Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Guðmundi H. Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum..

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. september 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 10. þ. m., hefur Haraldur Guðmundsson verkfræðingur, Skeiðavogi 11 B, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. apríl s.l., gegn Guðmundi H. Jónssyni veitingaþjóni, Heiðargerði 18, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 4154.00, með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í stefnu og greinargerð heldur stefnandi því fram, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar vinnulauna við fínhúðun innanhúss í húsinu nr. 107 við Bústaðaveg, er hann telur í skjölum þessum eign stefnda. Síðar í málinu heldur hann því hins vegar fram, að vinna sú, sem hann innti af hendi og stefnt er til greiðslu á, hafi verið framkvæmd í húsinu nr. 18 við Heiðargerði, sem sé eign stefnda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 10. þ. m. Endurtók stefndi kröfu sína um frávísun og krafðist málskostnaðar sér til handa. Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Ljóst er samkvæmt framansögðu, að stefnanda hafa orðið mis-

tök á í málatilbúnaði sínum. Þá verður og að telja, að reifun málsins hafi í upphafi verið ábótavant af hans hálfu, án þess að úr því hafi verið bætt. Að þessu athuguðu þykir verða að taka frávísunarkröfu stefnda til greina og dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnda, Guðmundi H. Jónssyni, kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1956.

Nr. 86/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Hermann Jónsson)

gegn

Þorsteini J. Eyfirðingi (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 28.500.00 svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Þorsteini J. Eyfirðingi, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 31. desember 1952, gegn Þorsteini J. Eyfirðingi, Ránargötu 44, hér í bænum, til greiðslu eignakönnunarskatts, að fjárhæð kr. 28.500.00, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með lögum um eignakönnun nr. 67 frá 1947 var mönnum gert að gera sérstakt framtal eigna og tekna. Í 17. gr. laga þessara var svo fram tekið, að ef fram kæmi meiri eign á hinu sérstaka framtali eða við rannsókn á því en samrýmzt gæti fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, þá skyldi hann greiða af því fé sérstakan skatt eftir reglum, sem þar eru nánar raktar. Með lögum nr. 34 frá 1950 um breytingu á lögum nr. 67 frá 1947 var reglum þessum nokkuð breytt. Með reglugerð nr. 190 frá 1947 var ákveðið, að framtalsdagur samkvæmt eignakönnunarlögunum skyldi vera 31. desember 1947.

Stefndi taldi fram til skatts samkvæmt lögum þessum. Skattayfirvöldin töldu, að samkvæmt framtali þessu kæmi fram eign, sem eigi hefði verið talin fram, að fjárhæð kr. 150.000.00, og gerðu stefnda samkvæmt því að greiða kr. 28.500.00 í eignakönnunarskatt.

Umrædda eign kveður stefnandi þannig fundna, að samkvæmt framtölum stefnda hafi skuldir hans umfram eignir í árslok 1946 numið kr. 10.977.00. Þann 31. desember 1947 hafi skuldir stefnda fram yfir eignir hins vegar numið kr. 43.703.00. Skuldaaukning á árinu 1947 hafi þannig numið kr. 32.726.00. Hins vegar komi fram af framtölum stefnda, að á árinu 1947 hafi gjöld hans farið kr. 161.441.00 fram úr tekjum hans. Komi því hér fram, að á árinu 1947 hafi stefndi eytt kr. 128.715.00, sem hljóti að hafa ver-

ið eign, sem eigi hafi komið fram á skattaframtölum hans. Þar við bætist, að stefndi hljóti að hafa þurft nokkurt fé til framfærslu sér á árinu 1947, og hefur stefnandi áætlað það kr. 21.285.00. Af þessu sé ljóst, að stefndi hafi átt eignir, sem nemi kr. 150.000.00 fram yfir það, sem hann hafi talið á skattaframtölum sínum. Af þessu fé beri stefnda að greiða eignakönnunarskatt, eins og áður getur.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að fyrrgreindur eignakönnunarskattur sé ranglega á lagður. Hefur stefndi í því sambandi mótmælt því, að hann hafi dregið undan kr. 150.000.00 af eignum sínum við eignakönnunarframtalið. Af framtölunum sé ljóst, enda viðurkennt af skattayfirvöldunum, að þann 31. desember 1947 hafi skuldir hans verið mun meiri en eignir. Á framtalsdegi hafi því ekki verið um neina eign að ræða, sem sköttuð verði samkvæmt ákvæðum laganna um eignakönnun.

Samkvæmt ákvæðum 9. gr. eignakönnunarlaganna, sbr. ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 190 frá 1947, skyldu eignakönnunarframtöl miðuð við 31. desember 1947 og skattþegn telja fram eignir sínar, miðað við þann dag. Í 1. mgr. 17. gr. eignakönnunarlaganna segir svo um skattskylduna: „Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali eða við rannsókn á því en samrýmzt getur fyrri framtölum skattþegns, og skal þá um það fara, sem hér segir.“ Síðan er í 2. mgr. greinarinnar ákvæði um, hvernig skattleggja skuli eign, sem sannanlega hafi orðið til fyrir 1. janúar 1940 og þá og síðan verið undan framtali dregin. Í 3. mgr. 17. gr. eru ákvæði um, hvernig skattleggja skuli eign, sem til hefur orðið eftir 1. janúar 1940 og dregin verið undan framtali. Með lögum nr. 34 frá 1950 var bætt við ákvæðum um skattlagningu á þann eignaauka, sem skattþegn gerði ekki fulla grein fyrir, hvenær myndazt hefði.

Af þeim ákvæðum eignakönnunarlaganna, sem að framan hafa verið rakin, er ljóst, að skattur sá, sem hér um ræðir, er eignarskattur. Það verður að telja meginreglu íslenzkra skattalaga, að eignarskattur verði aðeins lagður á hreinar eignir skattþegns á ákveðnum degi, sbr. ákvæði 1. mgr. 21. gr. laga um tekju og eignarskatt nr. 46 frá 1954, en ekki skipti máli, hvernig hagur skattþegnsins hafi verið á hinum ýmsu tímum skatttímabilsins. Við álagningu eignakönnunarskattsins skyldi miðað við hag skattþegns þann 31. desember 1947. Því er ómótmælt í máli þessu, að þann 31. desember 1947 voru skuldir stefnda meiri en eignir hans, þannig að ekki var um neina hreina eign að ræða. Þykir því ekki hafa verið heimild til að leggja þá á hann eignakönnunarskatt, en

ekki skiptir hér máli, þótt verið geti, að stefndi hafi átt að sæta viðurlögum fyrir að hafa á fyrri tímum fellt undan að telja fram skattskylt fé.

Með vísun til þessa verður sýknukrafa stefnda tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn J. Eyfirðingur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, tollstjórans í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. október 1956.

Nr. 197/1954. **Jón Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Björn Björnsson, sýslumaður Rangárvallasýslu, og samdómsmennirnir Ágúst Andrésson og Páll Björgvinsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1954. Gerir hann þessar kröfur:

Aðallega: Að landamerki milli jarðanna Herríðarhóls í Ásahreppi og Kambs í Holtahreppi verði ákveðin bein lína úr Veiðiþúfu vestan Vestara Gíslholtsvatns um markaþúfu í Flatholti út að Þjórsá.

Til vara: Að merkin verði ákveðin úr Veiðiþúfu bein stefna í markaþúfu í Flatholti og þaðan bein stefna að Þjórsá við norðurtakmörk mógrafasvæðis.

Til þrautavara: Að merkin verði ákveðin úr þúfu norðan við upptök Herrulækjar, þar sem hann rennur úr Vestara Gíslholtsvatni, um fornt garðlag norðan Herrulækjar í þúfu neðan við Flatholt, þaðan eftir fornu garðlagi norðan Herrulækjar að Þjórsá um mynni Herrulækjar.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur, sem á eru markaðar línur í samræmi við framangreindar kröfur.

Loks krefst áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að málflytjanda hans verði dæmd málssóknarlaun úr ríkissjóði.

Áfrýjandi hefur með framhaldsáfrýjunarstefnu 21. janúar 1955 stefnt til réttargæzlu þeim Kristni Kristinssyni, Gíslholti, Þórði oddvita Bjarnasyni í Meiri-Tungu f. h. Holtahrepps og Þorsteini oddvita Þorsteinssyni á Ásmundarstöðum f. h. Ásahrepps.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðra talsmanna þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, og stefndi, Guðmundur Guðmundsson, beri hvor sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti, en málssóknarlaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, og málsvarnarlaun skipaðs málflutningsmanns stefnda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu 22. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. október 1954, er höfðað fyrir merkjadómi Rangárvallasýslu með stefnu, út gefinni 25. júní 1954, af Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda Herríðarhóls í Ásahreppi, gegn Guðmundi Guðmundssyni, eiganda og ábúanda Kambs í Holtahreppi.

Dómkröfur aðilja eru þessar:

Stefnandi krefst þess aðallega, að landamerkin verði ákveðin milli jarðanna Herríðarhóls og Kambs bein lína úr Veiðiþúfu (merkt C á dskj. 22) um þúfu á Flatholti (merkt B) út í Þjórsá (merkt A), til vara, úr Veiðiþúfu bein lína í þúfu á Flatholti (merkt B), þaðan út í Þjórsá (merkt D), til þrautavara, úr þúfu fyrir norðan vík í Vestra Gíslholtsvatni (merkt H), síðan eftir línu, merkt á dskj. 22, í þúfu (merkt G), síðan í punktinn merktan F og þaðan bein lína í mynni Herrulækjar við Þjórsá (merkt E).

Stefndi krefst þess, að núverandi merkjagarður verði viðurkenndur merkjalína milli jarðanna.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar úr hendi hins.

Þá hefur stefnandi stefnt Kristni Kristinssyni, eiganda og ábúanda Gíslholts í Holtahreppi, til réttargæzlu, en engar kröfur gert á hendur honum, og réttargæzlustefndi hefur eigi gert kröfur á hendur stefnanda, enda ekki mætt síðar á dómþingi, þegar hann skyldi hafa kröfur uppi.

Með framhaldsstefnu, dags. 4. ágúst 1954, hafði stefnandi og stefnt Þórði Bjarnasyni oddvita, Meiri Tungu, f. h. hreppsnefndar Holtahrepps og gert á hendur oddvitanum dómkröfur í svipaða átt og stefnda, Guðmundi Guðmundssyni, en í munnlega málflutningnum féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur oddvitanum og kvaddi hann einungis til réttargæzlu án dómkrafna. Þá hefur þessi réttargæzlustefndi engar dómkröfur haft uppi.

Þá er þess að geta, að á einu dómþingi hafði oddviti Ásahrepps, Þorsteinn Þorsteinsson, Ásmundarstöðum, mætt óstefndur f. h. hreppsnefndar Ásahrepps og lýst yfir því, að hreppsnefnd Ásahrepps teldi sig engra hagsmuna hafa að gæta við rekstur málsins og úrslit.

Ástæðan til þess, að hreppsnefndir Ása- og Holtahrepps hafa að þessu leyti komið við sögu, er sú, að landamerki jarðanna, sem hér um ræðir, eru um leið mörk milli þessara hreppa.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi og stefndi gjafvarnarleyfi með bréfum Dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. ágúst og 15. október 1954.

Sátta hefur verið leitað með aðiljum, en árangurslaust.

Svo sem dómkröfur aðilja bera með sér, er í merkjamáli þessu ágreiningur um landamerki milli Herríðarhóls og Kambs á svæðinu frá Vestra Gíslholtsvatni að austan og allt vestur að Þjórsá.

Zóphónías Pálsson mælingaverkfræðingur hefur gert uppdrátt af ágreiningssvæðinu (dskj. 22 aðallega), þar sem markaðar eru inn á merkjalínur samkvæmt kröfum aðiljanna og nokkur kennimerki, sem talin eru skipta máli og vera til skýringa, að því er varðar málið.

Margt vitna hefur komið fyrir merkjadóminn, og auk þess hafa nokkur vitni verið leidd fyrir aðra dóma en merkjadóminn til upplýsinga um málefnið. Vitni þau, sem fyrir merkjadóminum hafa borið, hafa öll gengið á vettvang og ágreiningssvæðið verið athugað eftir föngum.

Meðal annarra skjala hafa landamerkjabréf beggja jarðanna verið lögð í dóminn. Landamerkjabréfin, að því er áhrærir málsefnið, hljóða svo:

Kambsbréfið, dags. 20. desember 1884: „— — úr Veiðiþúfu í garðlag fyrir norðan læk þann, er úr vatninu rennur vestur í Þjórsá."

Herríðarhólsbréfið, dags. 19. maí 1886: „— — Fyrst garðlag frá Þjórsá, er liggur til austurs fyrir norðan áveitulækinn í Veiðiþúfu fremst á Berghólum — —".

Frá þeim tíma, er þessi bréf voru út gefin, er ekki vitað, að deila hafi verið um landamerki á þessu svæði fyrr en nú né að hugað hafi sérstaklega verið að merkjum, nema í eitt skipti kringum árið 1938. En þá töldu eigendur og ábúendur jarðanna, stefnandi og Sigurður Guðmundsson bóndi, Kambi, nauðsynlegt að koma upp girðingu á mörkum milli jarðanna á þessum slóðum. Af þessu tilefni voru úttektarmenn Holtahrepps kvaddir til aðstoðar og athugunar um frekari ákvörðun landamerkjalínunnar, áður en girt skyldi. Landamerkjabréfin voru til staðar og aðiljar og úttektarmenn á einu máli um, hver merkjalínan skyldi vera, eftir ýtarlega yfirvegun og tilheyrandi vettvangsgöngu. Að þessari landamerkjaákvörðun átti einnig hlut eigandi og ábúandi Gíslholts, en sú jörð og Kambur áttu þá óskipt sameignarland á móti Herríðarhóli. Hin samhljóða merkjaákvörðun var þessi: Úr Veiðiþúfu sjónhending í meint garðlag við Þjórsá norðanvert lækjarins. Skömmu seinna var svo á þessari merkjalínu hlaðinn hár og öflugur merkjagarður með vírgirðingu ofan á. Að byggingu merkjagarðsins stóðu eigendur og ábúendur jarðanna, en aðallega þó Kambsbóndinn. Árið 1940 fóru fram landskipti á sameignarlandi Kambs og Gíslholts, og eftir það mun Kambur einn hafa átt

land á þessu svæði á móti Herríðarhóli. Um landskiptin vissi stefnandi ekki, fyrr en þau voru um garð gengin.

Nokkru eftir að gengið hafði verið frá landamerkjunum, svo sem áður hefur verið skýrt, kveðst stefnandi hafa komizt á snoðir um það, að landamerkin hefðu ekki verið rétt staðsett og hallaði fremur á Herríðarhólinn. Var stefnanda tjáð, að m. a. ætti allur lækurinn að vera í Herríðarhólslandi, en merkjagarðurinn klýfur lækinn á tveimur stöðum þannig, að nokkur hluti lækjarins fellur norðan merkjagarðsins, en megin hans fellur samt sunnan garðs. Þessa vitneskju fékk stefnandi að mestu í samtali við Baldvin Einarsson, sem átti heima á Herríðarhóli 1876—1898. Þrátt fyrir þessar upplýsingar hafðist stefnandi ekki að um véfenging merkjanna, lét áframhaldandi kyrrt liggja og átti aldrei tal við stefnda um merkjaágreining né hinn fyrri eiganda og ábúanda Kambs, Sigurð Guðmundsson.

Á fyrra ári, 1953, hugðist stefnandi virkja lækinn til rafmagnsöflunar fyrir heimili sitt. Þegar til framkvæmda dró, fékk stefndi, sem meðal annars taldi vatnsréttindi sín, varðandi lækinn, fyrir borð borin, lagt lögbann við frekari vatnsvirkjunaraðgerðum af hálfu stefnanda. Vegna lögbannsins og eftirfylgjandi staðfestingarmáls kveður stefnandi sig hafa verið knúinn til höfðunar þessa merkjamáls til lagfæringar landamerkjaákvörðuninni frá 1938.

Stefnandi telur sig ekki hafa vitað betur, þegar hann samþykkti landamerkin um 1938 og tók síðan þátt í byggingu merkjagarðsins, en að merkjalínan hefði þá verið rétt dregin og garðurinn byggður í réttum mörkum. Hins vegar hafi svo seinna komið í ljós og framkomnar vitnaskýrslur bendi ótvírætt til þess, að lækurinn allur eigi m. a. heima í Herríðarhólslandi og stefnandi hafi fyllsta rétt til breytinga á merkjalínunni samkvæmt þeim þrátt fyrir samþykki hans frá 1938 og drátt þann, sem orðið hefur á véfengingaraðgerðum hans.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að merkjagarðurinn sé í réttum mörkum samkvæmt landamerkjabréfunum og ekki hafi neitt það fram komið, sem hnekki merkjaákvörðuninni frá 1938. Auk þess hafi stefnandi með aðgerðarleysi sínu öll árin, síðan hann taldi sig fá vitneskjuna um ranglega staðsetningu merkjagarðsins og merkjalínunnar, misst réttar til nokkurra breytinga á merkjalínunni gegn mótmælum stefnda.

Skulu nú, svo sem þurfa þykir, rakin þau atriði málsins, sem merkjadómurinn telur varða úrlausn ágreiningsins.

Bæði landamerkjabréfin eru samhljóða um, að merkjalínan

skuli liggja úr Veiðiþúfu í garðlag norðan lækjarins (eða lækjar þess, sem úr Vestra Gíslholtsvatni rennur vestur í Þjórsá). Þessi lækur eða áveitulækur er vafalaust hinn sami lækur og nú er í daglegu tali nefndur Herrulækur og er eini lækurinn á þessum slóðum. Hann er örmjór og vatnslítill, að því er sýnist, að öllum jafnaði. Samkvæmt Herríðarhólsbréfinu, sem er yngra, þykir mega ráða, að garðlagið hafi verið nærri Þjórsá, en Kambsbréfið virðist hins vegar ekki skera úr staðsetningu garðlagsins. En ekki fer hjá því, að bréfin eigi við hið sama garðlag. Kambsbréfið hefur merkjalínuna að austan við Vestra Gíslholtsvatn, en Herríðarhólsbréfið að vestan við Þjórsá. Verður samt ekki álitið annað en bréfunum sé ætlað að túlka sömu legu merkjalínunnar.

Flestöll vitnin, sem borið hafa fyrir merkjadóminum, eru sammála um, hvar Veiðiþúfa sé, svo og báðir aðiljar, að hún sé, þar sem merkjagarðurinn endar við Vestra Gíslholtsvatn (merkt C). Þau hin sömu vitni, að einu undanskildu, telja Veiðiþúfu hafa verið álitna merkjaþúfu. Eitt vitnanna, Árni Guðmundsson, fæddur í Kambi árið 1900 og ólst þar upp og dvaldist til tvítugs aldurs, kveður sig hafa heyrt um Veiðiþúfu og vita, að hún væri, þar sem tilgreint hefur verið. Hins vegar hafi merkjaþúfan við vatnið verið annars staðar eða þó nokkru sunnar og nær læknum (merkt H). Fyrir merkjadóminn hefur verið lögð skýrsla Baldvins Einarssonar, sem hann gaf fyrir vettvangsdómi í staðfestingarmáli því, sem fyrr getur. Telur vitni þetta Veiðiþúfu vera við Vestra Gíslholtsvatn (merkt H) í stefnu á garðbrotið vestan vatnsins. Vitnið gekk á ágreiningssvæðið 1. október 1953.

Öll vitnin, sem um Veiðiþúfu bera, eiga að vera gagnkunnug á þessum slóðum og hafa nærfellt öll verið þar á svipuðum tíma, og má þykja undarlegt, hversu skýrslur þeirra um þetta atriði eru ósamhljóða. En hvað sem því líður, þykir ekki verða hjá því komizt að telja Veiðiþúfu, sem bréfin geta um, vera þar eða hafa verið þar, sem merkjagarðurinn endar við Vestra Gíslholtsvatn (merkt C á dskj. 22), og verður út frá þeim punkti gengið á merkjalínunni til vesturs frá vatninu.

Að sjálfsögðu hefur verið lögð höfuðáherzla á að finna garðlag það, sem við er miðað og til tekið í landamerkjabréfunum. Hefur verið mjög hugað að garðbrotum, garðlögum eða upphleðslum af hverju tæi á leiðinni frá Veiðiþúfu að Þjórsá norðan lækjarins. Hefur merkjadómurinn oftsinnis farið á vettvang ásamt vitnum og málsaðiljum. Á stöku stað sýnist eins og móta fyrir einhvers konar garðbrotum eða upphleðslum, bæði að vestan og

austanverðu. Hafa þessi sundurslitnu garðbrot verið mörkuð inn á dskj. 13 og 22, kölluð af mælingamanni „fornt garðlag". Á vesturs væðinu sést hatta fyrir garðbroti á fremur skömmum kafla frá Þjórsá og austur á bóginn, en miklum mun skemmra en strikalínan á uppdrættinum greinir, og er hún að því leyti ekki nákvæm. Á þessu svæði beggja vegna lækjarins sýnist vera gamalt mógrafasvæði, sem nær nokkurn spöl norður á við. Vitnin hafa flest leitt hest sinn frá því að finna eða benda á fornt garðlag á þessu svæði vestan Flatholts, þó að nokkur þeirra tali í skýrslum sínum um garðlag á þessum slóðum. Þau kveðast muna eftir garðlagi þarna einhvers staðar, en ekki sjá það nú, og ekki muna þau að heldur, hvar legið hafi. Þá hafa sum vitnanna ekki heyrt getið neins garðlags þar. Nokkrir þeirra, sem stóðu að landamerkjaákvörðuninni um 1938, kveða sig hafa séð garðbrot norðanvert lækjaróssins við Þjórsá, einmitt þar sem merkjagarðurinn endar og hann er byggður á. Hafi það verið eina garðlagið, sem þeir gátu greint og þóttust geta nefnt því nafni. Samkvæmt þessu er alls óvíst nú, hvert garðlag á þessu svæði vestan Flatholts bréfin kunna að eiga við eða hvort þar hafi verið það garðlag, þó að líkur bendi til þess mjög, sbr. Herríðarhólsbréfið. Þótti samt rétt að leita garðlagsins austar á ágreiningslandinu. Á dskj. 13 og 22 er getið þar forns garðlags. Garðbrot þetta eða upphleðslur er nokkuð greinilegt á móts við lækjarmynnið við Vestra Gíslholtsvatn og austur á bóginn nokkuð. Að öðru leyti er það vart merkjanlegt eða ekki. Hverju marki þessi garðbrot hafa átt að þjóna, verður nú ekki sagt um, svo víst sé. En það er með öllu ólíklegt, að merkjalínunni frá Veiðiþúfu hafi verið ætlað að liggja um þann hluta garðbrotsins, sem nú sést, sé Veiðiþúfa rétt staðsett, svo sem fyrr greinir og gengið er út frá. Um önnur garðbrot eða garðlög er ekki að ræða, svo merkjadómurinn viti.

Merkjabréfin virðast eiga við beina línu, eftir því sem orðin falla, úr nefndu garðlagi í Veiðiþúfu eða úr Veiðiþúfu í garðlagið.

Þar sem svo óljóst er um merkjalínuna samkvæmt bréfunum, með því að garðlagið hefur ekki getað orðið staðsett, hefur merkjadómurinn lagt kapp á að fá upplýsingar, svo sem kostur er, um merkjalínuna, eftir því hversu háttað hefur verið nytjum lands á svæðinu.

Á vesturhlutanum, landinu vestan Flatholts, hafa nokkur vitnanna talið, að slegið hafi verið frá Herríðarhóli allt að mógröfum þeim, sem getið er á dskj. 22, önnur, að ekki hafi verið farið norður fyrir lækinn eða ekki að ráði, enn önnur vitni vita ekkert um slægjumörkin þarna. Lengra norður en að mógröfunum fer

aðeins eitt vitnanna með slægjumörkin á móts við punktinn A á dskj. 22.

Á miðsvæðinu, á Flatholti eða Flatholtstagli og suður af því, er af sumum vitnanna talið, að slægjuland frá Herríðarhóli hafi náð allt að þúfu á Flatholti, merktri B á dskj. 22, og þúfa þessi verið talin markaþúfa. Önnur vitni álíta þessa þúfu hafa verið talda mark á milli svokallaðra Skipta og Kambs. Eitt vitnið kveður merkjaþúfu hafa verið neðar og mun vestar á Flatholti. Dómurinn lét grafa í þessar tvær þúfur, en eigi fundust verksummerki, sem fylgt geta markaþúfum. Að vísu fannst steinvala í efri þúfunni, merktri B, en hún telst ekki hafa þýðingu að þessu leyti. Annars er fjöldi þúfna, stærri og smærri, víðsvegar á Flatholti, og sýnast þessar tvær þúfur í engu frábrugðnar hinum öðrum. Af nytjum þeim, sem sum vitnanna telja Herríðarhól hafa haft af landssvæðinu frá læknum að Flatholti og norðar, sýnist ekki verða ráðið neitt um landamerkin milli jarðanna, enda alls ekki séð af landamerkjabréfunum, að merkjalínan hafi átt að liggja um Flatholt eða Flatholtstagl, hvað þá um ákveðna markaþúfu þar. Fer þó vart hjá því, að svo greinilegra kennileita hefði verið sérstaklega getið í því falli.

Að austanverðu Flatholts hefur verið nokkurt landsvæði, sem Gíslholt hafði fyrrum fengið úr Kambslandi til afnota í stað lands úr Gíslholti ofar, sem Kambsbóndinn nytjaði. Þetta afnotaland Gíslholts var kallað Skipti. Þessa landspildu hefur eitt vitnanna markað út eftir minni á dskj. 22, vafalaust ekki nákvæmlega, enda langt um liðið, að spilda þessi var nytjuð, og frá Gíslholti fór vitnið alfarið árið 1904. Nokkur vitni telja ekki þessa afmörkun Skiptanna ólíklega, en samkvæmt henni verður t. d. þúfan, merkt B, langt innan við vesturmarkalínu Skiptanna. Ber hér að sama brunni, að engar líkur má leiða af ætluðum merkjum Skiptanna um sjálf landamerkin þarna. Vitnin vita yfirleitt lítt, óljóst eða ekki um afnotin á þessu austursvæði norðan lækjar.

Þannig eru mjög skiptar skoðanir vitna um slægjumörk á öllu svæðinu eða alls engar. Slík mörk munu hafa verið eftir atvikum hverju sinni og ekki að ófyrirsynju, þar eð ekki hefur verið hugað að landa- eða slægjumerkjum sérstaklega, sem alls ekki þurfa alténd að fara saman. Auðsæilega hefur verið gott sambýli milli bæjanna og bændurnir farið nokkurn veginn sínu fram um landsafnotin, án þess að andmælum hafi sætt af hins hálfu. En um stöðuga lengri nytjun afmarkaðs lands norðan lækjar af hálfu Herríðarhóls sýnist ekki hafa verið að ræða þann tíma, sem skýrslur vitnanna og aðilja taka til.

Alls yfir má telja skýrslur vitnanna hafa reynzt fremur óljósar og sundurleitar um mörg þau atriði, sem miklu varða, en stafa mun þetta aðallega af því, hversu mjög hefur verið látið skeika að sköpuðu um rétt landamerki, landsvæðið hefur verið nýtt ýmist með slægjuafnotum eða búfjárbeit af beggja hálfu. Þannig hefur fullkomlega verið afrækt að skýra og halda uppi á hverjum tíma greinilegum landamerkjum, sem, eins og fyrr er að vikið, kann að stafa af langvarandi bróðurlegri sambúð bænda og bæja milli fyrr á tíð. Engar sérstakar reiður verða hentar nú á garðbrotum gömlum eða garðlögum, sem leiddar verða líkur að, að séu þau hin sömu, sem landamerkjabréfin fjalla um og miða við, þrátt fyrir vandlega eftirgrennslan.

Þegar gengið var á merkin um 1938, hafa umráðamenn jarðanna og úttektarmennirnir talið sig finna garðbrot nærri Þjórsá norðan lækjar og túlkað það sem garðlag það, sem landamerkjabréfin geta um. Ofan á þessu meinta garðlagi er talið, að merkjagarðurinn hafi meðal annars verið reistur, og garðbrotið þannig gengið undir merkjagarðinn. Úr garðbroti var síðan dregin sjónhendingarlína í Veiðiþúfu. Merkjagarðurinn endar rétt austan við lækjarmynnið við Þjórsá í sauðfjárveikivarnargirðingu, og kemur það fram á dskj. 22. En sé merkjalínunni haldið fram frá garðsendanum að Þjórsá, kemur línan í mitt lækjarmynnið.

Þessa merkjalínu samþykkti stefnandi á sínum tíma og vann sjálfur að byggingu merkjagarðsins að einhverju leyti, sem reistur var á merkjalínunni. Stefnandi hefur ekki haft uppi nein mótmæli né neitt aðhafzt til véfengingar merkjalínunni fyrr en nú, enda þótt hann hafi fyrir mörgum árum heyrt því haldið fram, að merkjalínan væri eigi réttilega staðsett, og stefnanda ákveðið gefið í skyn, að gengið hafi verið á rétt eignar- og ábýlisjarðar hans við merkjaákvörðunina frá 1938. Þá mátti stefnanda vera það fullljóst þegar (um 1938), að nokkur hluti lækjarins féll norðan merkjagarðsins, þ. e. Kambsmegin. Og alveg sérstaka ástæðu sýnist stefnandi hafa haft til að véfengja merkjagerðina, ef umhugað væri, þegar eigendaskipti urðu að Kambi árið 1943 og stefndi keypti þá jörð og tók að búa á henni. Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi eigi betur vitað, er hann eignaðist jörðina, en að merkjagarðurinn skipti réttum landamerkjum milli jarðanna, og eftir því, sem fram er komið, hefur stefnandi eigi gefið stefnda tilefni til annarrar ályktunar.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki talið, að neitt það hafi komið fram við rekstur þessa merkjamáls, sem hnekkt geti sem réttum landamerkjum milli jarðanna samkomulags-

merkjum þeim, sem stefnandi og Sigurður Guðmundsson, fyrr eigandi Kambs, gerðu með sér og gengu endanlega frá um 1938.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður krafa stefnda, að merkjagarðurinn verði látinn skipta merkjum á þessu svæði, tekin til greina þannig, að sjónhendingarlína úr Veiðiþúfu (austurenda merkjagarðsins) við Gíslholtsvatn ráði landamerkjum milli Herríðarhóls og Kambs allt í mitt mynni Herrulækjar við Þjórsá.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að um málskostnað fari sem hér segir: Stefnandi greiði dómendum dagpeninga, kr. 750.00 til hvers eða kr. 2250.00, ásamt ferðakostnaði, kr. 512.00, eða alls kr. 2762.00. Úr ríkissjóði ber að greiða talsmönnum stefnanda og stefnda málflutningslaun, þar með talin ferðakostnaður og dagpeningar, kr. 2500.00 til hvors. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Herríðarhóls og Kambs á landsvæðinu milli Vestra Gíslholtsvatns og Þjórsár skulu vera þessi: Sjónhendingarlína dregin úr Veiðiþúfu (austurenda merkjagarðsins) við Vestra Gíslholtsvatn í mitt mynni Herrulækjar við Þjórsá.

Kostnað til merkjadómsins, kr. 2762.00, ber stefnanda, Jóni Jónssyni, að greiða. Málskostnaður falli að öðru leyti niður, en málflutningslaun til skipaðs talsmanns stefnanda, hdl. Kristins Gunnarssonar, og skipaðs talsmanns stefnda, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 2500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. október 1956.

Nr. 105/1953. **Fiskiðjuver ríkisins** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Ingólfshöfða h/f, Fiskveiðasjóði Íslands og Oddi Helgasyni (Ágúst Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Um sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1953 og krefst þess, að honum verði dæmdur réttur til greiðslu af uppboðsandvirði v/b Ingólfs, KE 96, sem seldur var á uppboði 15. maí 1953, á sjóveðkröfum, að fjárhæð kr. 47.049.83, ásamt 6% ársvöxtum frá uppboðsdegi til greiðsludags og málskostnaði fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að úrskurður uppboðsdóms verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi tók á sig að greiða allan kostnað af útgerð v/b Ingólfs, þeirri er í málinu greinir, þar með talið kaup skipshafnar, sem innt var af hendi smám saman, meðan á útgerðinni stóð, og var Ingólfshöfða h/f talinn kostnaðurinn til skuldar í reikningum áfrýjanda, jafnóðum og hann var greiddur. Voru því eigi skilyrði fyrir hendi til þess, að áfrýjandi gæti öðlazt sjóveðrétt fyrir hinum greiddu kaupkröfum, enda máttu skipverjar eigi í lok tímabilsins framselja honum sjóveðrétt, er þeir þá áttu eigi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskiðjuver ríkisins, greiði stefndu, Ingólfshöfða h/f, Fiskveiðasjóði Íslands og Oddi Helgasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 12. f. m., hefur sóknaraðili, Fiskiðjuver ríkisins, krafizt þess að fá greitt af uppboðsandvirði m/b Ingólfs, KE 96, sem seldur var á nauðungaruppboði 15. maí síðastliðinn, sjóveðskröfur, samtals að fjárhæð kr. 47.049.83, ásamt 6% ársvöxtum frá uppboðsdegi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins, þar með talin innheimtulaun.

Varnaraðiljar, Ingólfshöfði h/f, Fiskveiðasjóður Íslands og Oddur Helgason útgerðarmaður, hér í bæ, hafa mótmælt greiðslu þessara krafna af uppboðsandvirði skipsins svo og málskostnaðarkröfunni og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Við nauðungaruppboð, er fram fór 15. maí 1953 á m/b Ingólfi, KE 96, eign Ingólfshöfða h/f, var lýst ýmsum lögveðs- og sjóveðskröfum, og þar á meðal lýsti sóknaraðili sjóveðskröfum, samtals að fjárhæð kr. 47.049.83, en kröfur þessar eru samanlagt kaup skipsmanna frá vetrarvertíðinni til 30. apríl síðastliðinn, en þann dag voru kröfur þessar framseldar sóknaraðilja, sem telur sig með því hafa gengið inn í rétt fyrri kröfuhafa, einnig hvað sjóveðrétt snertir í skipinu.

Skýrir sóknaraðili svo frá, að hann hafi þann 10. nóvember 1952 gert samning við h/f Ingólfshöfða um það, að skip hans m/b Ingólfur, KE 96, legði upp afla sinn hjá honum á vertíðinni. Þegar samningur þessi var gerður, hafi hvílt á skipinu viðgerðarskuld við Vélsmiðjuna Héðin h/f, sem haldsréttur hafi verið fyrir í skipinu, milli kr. 70.000.00 og kr. 80.000.00. Auk þess hafi aðalvél, ljósavél, kúpling o. fl. verið í ólagi og þurft viðgerðar, áður en skipið yrði nothæft. Kveðst sóknaraðili hafa greitt Vélsmiðjunni Héðni h/f strax kr. 60.000.00 með víxli, og hafi vélsmiðjan þá hafið viðgerðarstarf sitt á ný, og hafi hann síðan greitt henni kr. 20.000.00 upp í viðgerðina. Ýmsar aðrar kröfur kveðst sóknaraðili hafa greitt, þar á meðal viðgerð á rafmagnskerfi skipsins og ýmsum einstökum munum, sem haldsréttur hafi

hvílt á, og hafi hann þannig orðið að leggja út eða ábyrgjast greiðslu á allt að kr. 300.000.00. Þá kveðst sóknaraðili einnig hafa greitt allt mannakaup, enda hafi ekki verið hægt að fá menn á skipið, nema hann ábyrgðist greiðslu kaupsins. Telur hann, að þar sem hann hvorki hafi verið eigandi né útgerðarmaður skipsins, þá hafi hann öðlazt þann sama rétt gagnvart eigendum og útgerðarmönnum þess og veðhöfum í því, eins og skipsmenn áttu, það er sjóveðrétt til tryggingar hinum framseldu kröfum. Kaupkröfur þessar hafi verið greiddar smám saman, og þegar þær hafi verið greiddar að fullu, hafi hann fengið þær framseldar.

Varnaraðiljar benda á, að samkvæmt samningi aðilja frá 10. nóvember 1952 hafi ætlunin verið sú, að 30% af verðmæti afla gengi til að greiða þær skuldir, sem Ingólfshöfði h/f hefði skuldað Vélsmiðjunni Héðni h/f og sóknaraðili hafi tekið að sér að greiða, auk 15% af verðmæti afla, sem sóknaraðili skyldi fá fyrir lán á veiðarfærum. Hinn hlutinn, 55%, hefði verið ætlazt til að gengi til greiðslu á öðrum útgerðarkostnaði og þar á meðal greiðslu mannakaups. Þótt greiðslur þær og ábyrgðarskuldbindingar þær, er sóknaraðili tók að sér fyrir eigendur og útgerðarmenn skipsins, hafi farið fram úr því, sem ráð hefði verið fyrir gert í byrjun, þá hafi þó ekki verið heimild til að skerða aflahluta sjómannanna, enda hafi þeir fengið kaup sitt greitt af Fiskiðjuveri ríkisins jöfnum höndum, og það sé þá fyrst, er komið sé að nauðungaruppboði á skipi, að sóknaraðili fái framsal á þeim kaupgreiðslum, sem hann hafi þegar verið búinn að inna af hendi af andvirði aflans. Telja veðhafar, að augljóst sé, að sóknaraðili sé með þessu að velta nokkru af þeim halla, sem hann hafi beðið út af viðskiptum við Ingólfshöfða h/f, yfir á þá og tryggja sér með þessu sjóveðrétt fyrir kröfum, sem voru óveðtryggðar.

Með samningi, dags. 10. nóvember 1952, undirgengst varnaraðili Ingólfshöfði h/f að selja sóknaraðilja allan afla m/b Ingólfs, KE 96, á vetrarvertíðinni 1953 við því verði, sem í gildi verði fyrir þetta tímabil. Sóknaraðili tekur jafnframt að sér að ábyrgjast skuld h/f Ingólfshöfða við Vélsmiðjuna Héðin h/f, að fjárhæð kr. 60.000.00, en þó gengur sú ábyrgð ekki í gildi, fyrr en Vélsmiðjan Héðinn h/f hefur að fullu lokið viðgerð á tilteknum vélum og sett þær niður og öruggt sé, að þær séu í fullkomnu lagi til notkunar á vetrarvertíðinni. Að öðru leyti skal h/f Ingólfshöfði sjá um, að skipið sé að öllu leyti tilbúið á veiðar eigi síðar en 15. desember síðastliðinn.

Af andvirði afla skipsins skyldi sóknaraðili halda eftir 30% til fullnægju ábyrgðarskuldbindingum sínum. Með yfirlýsingu,

dags. 10. marz 1953, ráðstafar Ingólfshöfði h/f enn fremur 15% af andvirði aflans til sóknaraðilja sem greiðslu á leigu eftir veiðarfæri til notkunar við netjaveiði.

Það virðist hafa komið brátt í ljós, eftir að samningur frá 10. nóvember 1952 var gerður, að viðgerðarkostnaður á skipi og vélum yrði meiri en gert var ráð fyrir í upphafi, og auk þess mun viðgerð á skipi hafa dregizt bæði vegna verkfalla í desembermánuði síðastliðnum svo og vegna greiðsluvandræða af hálfu skipseiganda. Sóknaraðili mun því hafa orðið að taka að sér allmiklu meiri greiðslur en upphaflega hafði verið ráð fyrir gert svo og ábyrgjast sjómönnum kaup þeirra, til þess að þeir fengjust á skipið.

Af þessu verður ekki annað séð en sóknaraðili hafi tekizt á hendur útgerð skipsins vegna eigenda þess. Kaupgreiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi smátt og smátt, á meðan skipið var gert út, greiðir hann því skipsmönnum af aflahlut þeirra vegna eigenda skipsins og færir útgerðinni til skuldar, sbr. reikninginn á réttarskjali nr. 25, á sama hátt og hann færir allt verðmæti aflans henni til tekna. Hann getur því ekki þrátt fyrir framsal krafnanna í lok tímabilsins öðlazt sjóveðrétt í skipinu fyrir kaupkröfum þessum, og verður því sú krafa hans hér fyrir réttinum ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum upp í málskostnað kr. 1500.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af önnum hér við embættið, meðal annars nýafstaðinna kosninga til Alþingis.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Fiskiðjuvers ríkisins, um sjóveðrétt í m/b Ingólfi, KE 96, fyrir framangreindum kröfum verður ekki tekin til greina.

Þá greiði sóknaraðili, Fiskiðjuver ríkisins, varnaraðiljum, Ingólfshöfða h/f, Fiskveiðasjóði Íslands og Oddi Helgasyni, kr. 1500.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. október 1956.

Nr. 52/1955. **Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis**
(Ragnar Ólafsson)
gegn
Friðriki Þorsteinssyni (Lárus Jóhannesson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Húsaleigusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1955 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefnda, Friðriki Þorsteinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1955.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. f. m., hefur Friðrik Þorsteinsson húsgagnasmíðameistari, Skólavörðustíg 12, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 24. nóvember 1953, gegn Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis til greiðslu vangoldinnar húsaleigu, að fjárhæð kr. 25.800.00, auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við dómtöku málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 20.338.50.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að hinn 12. nóvember 1952 gerðu aðiljar leigusamning um verzlunar og skrifstofuhúsnæði svo og íbúð, allt í húsi stefnanda nr. 12 við Skólavörðustíg, hér í bænum. Stefnda hafði haft húsnæði þetta áður á leigu, og var samningur þessi að nokkru leyti framlenging hins fyrra leigumála með ýmsum breytingum, einkum að því er varðar fjárhæð leigunnar. Samkvæmt 7. gr. samningsins skyldi leigutíminn vera frá 15. apríl 1953 til 15. apríl 1958 og samningurinn falla úr gildi að þeim tíma liðnum án uppsagnar eða fyrirvara. Stefnda skyldi þó eiga forleigurétt, ef stefnandi vildi selja húsnæðið á leigu áfram. Fjárhæð leigunnar var ákveðin í 8. gr. samningsins, og hljóðar greinin svo: „Leigan er 20.000.00 — tuttugu þúsund krónur 00/100 — á mánuði og greiðist mánaðarlega fyrirfram. Eigi teljast það þó verulegar vanefndir, þótt greiðsla dragist í 14 daga. Leigan greiðist á aðalskrifstofu leigutaka. Leiguupphæðin er miðuð við byggingarvísitölu í Reykjavík haustið 1951. Hún skal endurskoðuð um hver áramót og taka þá breytingum í samræmi við síðustu byggingarvísitölu. Í fyrsta sinn fer þessi samræming fram 1. janúar 1953. Gert er ráð fyrir, að aðiljar ræði leiguupphæðina, verði stórfelld breyting á byggingarvísitölu."

Aðiljar eru sammála um það, að með orðinu „byggingarvísitala" sé átt við vísitölu byggingarkostnaðar. Með lögum 87 frá 1943 var bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, en Hagstofa Íslands skyldi reikna slíka vísitölu árlega samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað árið 1939. Í nóvemberhefti Hagtíðinda 1951 var birt vísitala byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir tímabilið 1/10 1950 til 20/9 1951, en kennd við árið 1951, og reyndist hún 674 stig. Fylgdi henni sú skýring, að útreikningurinn væri, eins og lög nr. 87 frá 1943 gera ráð fyrir, miðaður við vegið meðalverð hverrar vöru og þjónustu í vísitölugrundvellinum á tímabilinu frá októberbyrjun til septemberloka hvert ár. Jafnframt var þess getið, að önnur niðurstaða fengist, ef vísitalan væri reiknuð út, miðað við ákveðinn dag hvert ár, t. d. 1. október, og að miklu gæti munað á henni og niðurstöðunni samkvæmt þeirri reikningsaðferð, sem lögin gera ráð fyrir, einkum ef mikil og ójöfn stökk eiga sér stað á verðlagi og kaupgjaldi. Var og birt vísitalan, miðuð við 1. október árin 1949, 1950 og 1951, og nam sú síðasta 769 stigum.

Í nóvemberhefti Hagtíðinda 1952 voru birtar nýjar vísitölur, reiknaðar út á sama hátt sem árið áður. Vísitala sú, sem reiknuð

var samkvæmt lögum nr. 87 frá 1943, reyndist 790 stig, en sú, sem miðuð var við 1. október, 797 stig.

Stefnandi telur, að mánaðarleigan samkvæmt 8. gr. samningsins hafi verið ákveðin kr. 20.000.00, miðað við vísitöluna 674 stig, og þar eð sams konar vísitala árið eftir hafi hækkað í 790 stig, beri að hækka mánaðarleiguna um 17.2% þegar frá byrjun leigutímans hinn 15. apríl 1953. Í stefnunni í máli þessu er því gerð krafa um þá hækkun á leigunni frá 15. apríl til nóvemberloka 1953.

Stefnda telur hins vegar, að vísitala sú, sem miða beri við, sé vísitalan, miðuð við 1. október 1951, og samsvarandi vísitala 1. október 1952. Samkvæmt þeim tölum eigi aðeins að hækka leiguna um ca 3,64%, þ. e. kr. 5.461.50 um nefnt tímabil. Hefur sú fjárhæð þegar verið greidd, og stafar af því lækkun stefnanda á dómkröfunum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að þegar samningurinn var gerður, hafi sér verið ókunnugt um aðra byggingarvísitölu en þá, sem var reiknuð út einu sinni á ári að haustinu. Skýrir hann svo frá, að um þessar mundir hafi verið á döfinni frumvarp til húsaleigulaga, og hafi staðið til að taka þá vísitölu í lögin, en fella niður húsaleiguvísitöluna. Þess vegna hafi hann ekki léð máls á því, að leigan yrði miðuð við húsaleiguvísitölu. Hann kvaðst ekki minnast þess, að rætt hafi verið um það við samningsgerðina, hver áhrif til leiguhækkunar samningurinn myndi hafa, og hvorki hafi hann þá reiknað út leigugreiðslur né vitað um, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi reiknað þær út, en hins vegar kvaðst hann hafa gert ráð fyrir, að hækkun yrði ekki minni en 10 af hundraði.

Menn þeir, er sömdu af hálfu stefnda, hafa og komið fyrir dóm í málinu. Tveir þeirra eru stjórnarmenn stefnda og annar þeirra formaður stjórnarinnar, en þriðji er skrifstofustjóri stefnda. Eigi minntust þeir þess, að rætt hefði verið um það í viðurvist stefnanda, hverja leiguhækkun myndi leiða af samningnum. Skrifstofustjórinn skýrir svo frá, að hann hafi, áður en samningurinn var undirritaður, spurt um það í Hagstofunni, hver væri byggingarvísitala haustsins 1952, og fengið þau svör, að hún væri 797 stig. Hafi hann síðan reiknað út leiguhækkunina og talið hana nema rúmlega 3½%, og þannig hafi samningurinn verið skýrður fyrir stjórn stefnda og samþykktur af henni á þeim grundvelli. Stjórnarmennirnir tveir hafa stutt þessa skýrslu skrifstofustjórans.

Hvarvetna þar sem ákveðið er eða samið um, að greiðslur skuli

miða við vísitölu, þykir verða að líta svo á, ef ekki er berum orðum samið eða ákveðið öðruvísi, að átt sé við vísitölu, sem reiknuð sé út af mönnum eða stofnunum, sem ríkisvaldið felur það verk, og að hún styðjist við ákvæði laga. Þykir þetta ekki síður eiga við um samning þann, er þetta mál snýst um, þegar þess er gætt, að hann á að gilda til 15. apríl 1958. Enn verður að telja, að stefnandi hafi ekki haft efni til að ætla, að samningamenn stefnda hefðu aðra vísitölu í huga en hann, enda hefur því eigi verið haldið fram, að vísitölur hafi verið nefndar með stigafjölda við samningsgerðina. Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi hafi mátt treysta því, að samningsleiguupphæðin væri miðuð við vísitölu 674 stig, og ber því að taka til greina kröfu hans, miðað við 17.2% hækkun á þeirri vísitölu, en fjárhæð dómkröfunnar hefur eigi verið véfengd út af fyrir sig.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 20.338.50 með vöxtum, eins og krafizt var, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna. Vegna veikinda hans hefur dómsuppsaga dregizt nokkuð.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefnanda, Friðriki Þorsteinssyni, kr. 20.338.50 með 7% ársvöxtum frá 24. nóvember 1953 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. október 1956.

Nr. 156/1954. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hdl.)
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni og gagnsök
(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Vátryggingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1954 og krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 65.946.75 með 6% ársvöxtum frá 4. október 1952 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. apríl 1955, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda, en að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 131.495.16 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 af kr. 86.271.13 til 31. desember s. á. og af kr. 131.495.16 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. *Um aðalsök í héraði.*

Gagnáfrýjandi hefur fyrir Hæstarétti fært kröfu sína samkvæmt 5. lið niður í kr. 72.500.00.

Hvorki 18. gr. vátryggingarskilmálanna né 63. gr. dönsku samþykktarinnar um sjóvátryggingu frá 2. apríl 1934 veita gagnáfrýjanda heimild til að krefja aðaláfrýjanda um fjárhæð þá, sem getur í kröfulið þessum.

Með athugasemd þeirri, sem nú greindi, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um aðalsök í héraði.

II. *Um gagnsök í héraði.*

Þar sem fjárhæð sú, sem getur í 1. lið gagnsakar, var innt af hendi án fyrirvara, á aðaláfrýjandi eigi endurheimturétt til þeirrar fjárhæðar.

Fjárhæð þá, sem getur í 2. lið, greiddi aðaláfrýjandi án þess að slá varnagla um endurheimtu og hófst eigi handa um slíka heimtu, þegar er efni var til. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfu aðaláfrýjanda samkvæmt þessum lið.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um 3. lið.

Samkvæmt þessu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 3548.00 í gagnsök í héraði ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað í þeirri sök.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um aðalsök í héraði eiga að vera óröskuð.

Gagngáfrýjandi, Sigurjón Sigurðsson, greiði aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, í gagnsök í héraði kr. 3548.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1952 til greiðsludags, og falli málskostnaður í þeirri sök niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. júlí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Sigurjón Sigurðsson útgerðarmaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 15. maí 1952, gegn Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til greiðslu tjónbóta, að fjárhæð kr. 149.620.16, auk 6% ársvaxta af kr. 104.396.13 frá 1. janúar 1951 til 1. janúar 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Þá hefur stefndi með stefnu, út gefinni 4. október 1952, gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu á kr. 65.946.76 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómsins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðalsök:

Málavextir eru í meginatriðum þessir:

Hinn 28. febrúar 1949 strandaði skip aðalstefnanda m/s Fell, RE 38, á svonefndri Akranesflös á leið sinni til Akraness í því skyni að taka þar fisk til útflutnings til Englands. Skipinu var bjargað og að morgni hins 1. marz var komið með það til Reykjavíkur. Aðalstefnandi tilkynnti þegar í stað aðalstefnda, hvernig komið væri, en skipið var vátryggt hjá honum fyrir kr. 600.000.00 samkvæmt vátryggingarskírteini, út gefnu 13. september 1948. Eftir skírteininu skyldu gilda um vátrygginguna auk skilmála þeirra, sem á skírteinið voru skráðir, ákvæðin í „Dansk Söforsikrings Konvention af 2. April 1934" svo og skilmálar um „Trawler All Risk Clauses". Þá voru og húfhagsmunir tryggðir hjá aðalstefnda fyrir kr. 150000.00, en samkvæmt skírteini, út gefnu fyrir þeirri tryggingu 13. september 1948, tryggði það með „Total loss only" skilmálum. Loks hafði aðalstefnandi tryggt hjá aðalstefnda með skírteini, út gefnu 28. febrúar 1949 fisk, er fluttur yrði með skipinu frá Íslandi til Englands fyrir kr. 260000.00, en nokkur fiskur var í skipinu, þegar það strandaði, og tók vátrygging þessi til hans. Við strandið skemmdist skipið mjög, en ekki var hægt að ganga endanlega úr skugga um það, hve skemmdirnar voru miklar, fyrr en eftir að skipið var komið í dráttarbraut hjá Bátanausti h/f hinn 14. eða 15. marz 1949. Að tilhlutun bjarganda fór þar fram skoðun og mat dómkvaddra manna á skipinu. Samkvæmt matsgerð þeirra frá 29. marz 1949 virtu þeir skipið óskemmt á kr. 445020.00, viðgerðarkostnað áætluðu þeir kr. 550.000.00 og verðmæti skipsins, eins og það stóð í dráttarbrautinni, kr. 50000.00. Á grundvelli þessara virðinga töldu hinir dómkvöddu menn skipið óbætandi. Bjargandi vildi ekki una þessu mati og fékk 3 menn dómkvadda til að framkvæma yfirmat á skipinu. Samkvæmt yfirmatsgerðinni, sem dagsett er 19. apríl 1949, virtu yfirmatsmennirnir skipið viðgert á kr. 514.000.00,

viðgerð á því kr. 510000.00 og verðmæti skipsins til niðurrifs í dráttarbraut kr. 60000.00.

Aðalstefndi átti engan hlut að virðingargerðum þessum, og eru þær því ekki bindandi fyrir hann, að því er varðar samskipti hans við aðalstefnanda sem vátryggðan.

Hinn 25. apríl 1949 ritaði hæstaréttarlögmaður hér í bænum f. h. aðalstefnanda aðalstefnda bréf, þar sem hann fór fram á, að aðalstefndi greiddi vátryggingarverð skipsins og hagsmunatrygginguna gegn afhendingu skipsflaksins. Kröfu þessa studdi lögmaðurinn við það, að aðalstefnandi hefði tjáð honum, að framkvæmdastjóri aðalstefnda hefði tilkynnt aðalstefnanda hinn 8. apríl 1949, að ákvörðun hefði verið tekin um að greiða vátryggingarféð og yrði það gert næstu daga. Þá studdi lögmaðurinn og kröfuna þeim rökum, að eftir því sem fram hefði komið um áætlaðan kostnað við viðgerð skipsins og verðmæti þess að henni lokinni, virtist enginn vafi á því, að um „constructive total loss" væri að ræða og vátryggingarféð því fallið til útborgunar. Þessu bréfi lögmannsins svaraði aðalstefndi með bréfi til hans, dags. 26. apríl 1949. Segir í því, að þau ummæli aðalstefnanda, að framkvæmdastjóri aðalstefnda hafi lofað að greiða vátryggingarféð, hljóti að vera á misskilningi byggð, þar sem á þeim tíma, er það loforð hafi átt að vera gefið, hafi ekki verið búið að taka neina ákvörðun um það, hvað gera skyldi við skipið. Og gegn mótmælum aðalstefnda er ósannað, að framkvæmdastjóri hans hafi lofað aðalstefnanda greiðslu vátryggingarfjárins.

Þá segir enn í greindu bréfi, að það sé einnig misskilningur, að um „constructive total loss" sé að ræða. Til þess hefði þurft, að viðgerðarkostnaður skipsins væri af dómkvöddum mönnum metinn yfir vátryggingarverð skipsins eða kr. 600000.00 „sbr. 13. gr. „Trawler All Risk" skilmálanna". Hins vegar hafi sérfræðingur, er kom hingað til lands á vegum endurtryggjenda til að athuga skipið, áætlað viðgerðarkostnað þess í Skotlandi £ 7000-0-0 til £ 8000-0-0.

Enn er tekið fram í bréfinu, að bætur séu ekki greiddar, fyrr en viðgerð á skipinu sé lokið, en aðalstefndi kveðst vilja greiða fyrir málinu, svo sem unnt sé. Loks er spurzt fyrir um það, hvort aðalstefnandi samþykki, að bráðabirgðaviðgerð hefjist þá þegar. Þá ritaði aðalstefndi hinn 27. apríl 1949 aðalstefnanda bréf, þar sem hann skýrir frá því, að hinn erlendi sérfræðingur hafi áætlað, að fullnaðarviðgerð skipsins í Skotlandi myndi kosta 7000—8000 sterlingspund, og kveður, að sérfræðingurinn muni verða hjálplegur við að koma skipinu í viðgerð. Loks óskaði aðalstefndi þess

í bréfinu, að aðalstefnandi léti fara fram bráðabirgðaviðgerð á skipinu, svo hægt yrði að senda það utan til viðgerðar. Að öðru leyti vísaði hann til bréfs síns til lögmanns aðalstefnanda frá 26. apríl.

Í bréfi til lögmanns síns, dags. 28. apríl 1949, kveðst aðalstefnandi láta það gott heita, að aðalstefndi láti framkvæma viðgerð á skipinu á þann hátt, er aðalstefndi telji heppilegastan. Jafnframt áskildi aðalstefnandi sér í bréfinu allan rétt samkvæmt vátryggingarskilmálunum og óskaði þess, að lögmaðurinn kæmi bréfinu á framfæri við aðalstefnda. Hefur hann viðurkennt, að honum hafi verið gert kunnugt munnlega efni bréfsins.

Hinn 24. apríl 1949 hófst, að því er aðalstefnandi heldur fram, bráðabirgðaviðgerð á skipinu eða um það leyti, er framangreind bréfaviðskipti áttu sér stað. Þeirri viðgerð var lokið seint í maí 1949. Var skipinu síðan komið í viðgerð, að því er séð verður með samkomulagi aðilja, hjá skipasmíðafirmanu Ayrshire Dockyard & Co. í Irvine í Skotlandi. Sigldi skipið héðan 30. maí 1949 og kom til Irvine 3. júní næst á eftir. Viðgerð hófst þegar, en aðalstefnandi kveður hana hafa stöðvazt á tímabilinu 16. ágúst 1949 til 15. nóvember s. á. vegna dráttar á greiðslu frá aðalstefnanda til skipasmíðastöðvarinnar á viðgerðarkostnaðinum. Viðgerðinni lauk 13. desember 1949, og sigldi skipið þá til Fleetwood í því skyni að fá þar vörur til flutnings hingað til lands.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar í aðalsök svo:

1. Eftirlit aðalstefnanda með m/s Felli	kr.	10732.80
2. Innheimtulaun	—	2255.00
3. Talstöðvarleiga	—	433.33
4. Andvirði rafgeymis	—	350.00
5. Tjónbætur samkvæmt 18. gr. „Trawler All Risk Clauses“	—	90625.00
6. Bætur fyrir sjótjón samkvæmt mati, framkvæmdu í Gautaborg	—	45224.03
Samtals kr.		149620.16

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar, hver fyrir sig:

Um. 1. Aðalstefnandi kveðst hafa annazt eftirlit með skipi sínu, frá því að það strandaði og þar til 26. maí, er bráðabirgðaviðgerð var lokið, eftir því sem kom fram við munnlegan flutning málsins, og hefur hann reiknað sér fjárhæðina undir þessum lið í þóknun fyrir það.

Aðalstefndi hefur mótmælt lið þessum sem sér algerlega óviðkomandi.

Svo sem áður er sagt, var ekki tekin ákvörðun um það, hvað gert yrði við skipið eftir strandið fyrr en síðast í apríl 1949. Á tímabilinu frá strandinu og þar til aðgerð hér heima lauk, var nauðsynlegt fyrir aðalstefnanda að hafa örugga gæzlu á skipinu, þar eð ella átti hann á hættu, að tjón, er talið yrði stafa af skorti á eftirliti, fengi hann ekki bætt, sbr. 115. gr. konventionarinnar frá 2. apríl 1934. Kostnaður við umrætt eftirlit verður því að teljast bein og eðlileg afleiðing af strandi skipsins og falla undir vátryggingu þess. Og þar sem aðalstefndi hefur ekki andmælt þóknun þeirri, sem aðalstefnandi hefur reiknað sér fyrir eftirlitið, sem of hárri og ekki verður séð, að neinn af skipshöfninni hafi verið skipinu til eftirlits, ber að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Um 2. Áður er frá því greint, að nokkur fiskur var í m/s Felli, þegar það strandaði. Fisk þenna hafði aðalstefnandi keypt hjá firmanu Haraldi Böðvarssyni & Co. á Akranesi fyrir kr. 41069.12 til útflutnings til Englands, og var hann tryggður hjá aðalstefnda. Hinn 7. marz 1949 bað hæstaréttarlögmaður hér í bænum um löghald í eignum aðalstefnanda til tryggingar andvirði fisksins, er var ógreitt, en seljandi taldi það hafa átt að greiðast við móttöku kaupanda á honum. Var löghaldsgerð byrjuð á heimili aðalstefnanda 14. marz 1949, en henni frestað. Hinn 22. marz greiddi aðalstefnandi skuldina án vaxta og innheimtukostnaðar, en síðar varð hann að greiða lögmanninum kr. 2255.00 í innheimtulaun. Telur hann sig eiga rétt á að fá þá fjárhæð endurgreidda úr hendi aðalstefnda, að því er virðist á þeim grundvelli, að aðalstefndi hafi ekki gert upp vátryggingu farmsins í tæka tíð og þannig orðið þess valdur, að innheimtukostnaðurinn féll á.

Aðalstefndi hefur mótmælt þessum lið sem sér algerlega óviðkomandi og telur, að aðalstefnandi megi sjálfum sér um innheimtukostnaðinn kenna.

Samkvæmt 16. gr. hinna almennu skilmála, er giltu um vátryggingu farmsins, var vátryggingarfé hans ekki fallið í gjalddaga, er áðurgreind krafa á hendur aðalstefnanda kom fram. Hefur því krafa aðalstefnanda samkvæmt þessum lið við engin rök að styðjast.

Um 3 og 4. Aðalstefnandi reisir kröfurnar undir þessum liðum á því, að nauðsynlegt hafi verið að hafa talstöð í skipinu, er því var siglt til Skotlands til viðgerðar. Landssími Íslands hafi

átt talstöðina, og hafi því þurft að greiða honum leigu eftir hana. Þá hafi þurft að kaupa rafgeymi til þess, að talstöðin væri virk.

Eftir ákvæðum 1. málsgr. 144. gr. áðurnefndrar konventionar þykir aðalstefndi eiga að bera kostnaðinn, sem umræddir kröfuliðir fjalla um, og verða þeir því teknir til greina.

Um 5. Kröfu sína undir þessum lið reisir aðalstefnandi á ákvæðum 18. gr. „Trawler All Risk" skilmálanna. Heldur hann því fram, að viðgerð á skipinu hafi tafizt af ástæðum, sem aðalstefndi hafi átt sök á, frá 1. marz til 24. apríl og frá 16. ágúst til 15. nóvember 1949 eða samtals í 145 daga, en samkvæmt áðurnefndri grein beri aðalstefnda að greiða 30% ársvexti af vátryggingarverði skips og hagsmuna, kr. 750000.00, þann tíma, sem töfin stóð yfir, eða fjárhæðina undir þessum lið. Þá hefur aðalstefnandi og við munnlegan flutning málsins stutt bótakröfu þessa þeim rökum, að dráttur á því að hefja viðgerð skipsins hafi orðið til þess, að henni hafi ekki orðið lokið, áður en síldveiðar hófust sumarið 1949, og hafi hann því misst af leigu eftir skipið yfir síldveiðitímann það sumar.

Aðalstefndi hefur í fyrsta lagi andmælt því, að ákvæði nefndrar 18. gr. eigi hér við. Þá hefur hann og mótmælt, að honum verði gefinn að sök dráttur á viðgerð skipsins.

Í 18. gr. umræddra skilmála segir svo í íslenzkri þýðingu: „Hvenær sem hægt er að ákveða umfang skaða, mega vátryggjendur bjóða út eða fela tryggðum að bjóða út viðgerð skaðans. Þegar tilboði hefur verið tekið af vátryggjendum eða með samþykki þeirra, skulu vátryggjendur greiða 30% ársvöxtu af vátryggingarverðmætinu fyrir þann tíma, sem tapaðist við að bíða eftir tilboðum. . . ."

Engra tilboða var leitað í viðgerð á skipinu, og kemur því ekki til greina töf á viðgerð við að bíða eftir tilboðum. Skipinu var komið í viðgerð hjá Ayrshire Dockyard Co., að því er séð verður með samkomulagi málsaðilja, svo sem áður er sagt. Kemur fram í skeyti til aðalstefnanda, dags. 27. apríl 1949, undirrituðu „Deepsea", að hann hefur á þeim tíma verið búinn að leita fyrir sér um viðgerð á skipinu í Bretlandi, þar sem í skeytinu segir, að fyrrnefnd skipasmíðastöð geti tekið Fell til viðgerðar, hvenær sem væri í næsta mánuði (maí), ef það risti ekki meira en 13 fet og að fengnum frekari upplýsingum um umfang viðgerðarinnar og hvernig greiðslu fyrir hana verði hagað.

Af framansögðu er ljóst, að bótakrafa aðalstefnanda samkvæmt þessum lið hefur ekki stoð í umræddri gr.

Áður hefur verið frá því greint, að ekki var tekin endanleg ákvörðun um það, hvað gera skyldi við skipið vegna tjóns þess, er það varð fyrir við strandið, fyrr en seint í apríl 1949, og er ósannað, að þessi dráttur hafi verið sök aðalstefnda. Þá er og ósannað, að aðalstefndi hafi tekið að sér framkvæmd fullnaðarviðgerðar skipsins í Skotlandi. Hins vegar greiddi hann kostnað við viðgerðina, eftir því sem henni miðaði áfram. Var þetta og gert um skyldu fram, þar sem honum var óskylt að greiða vátryggingarfé, fyrr en viðgerð væri lokið. En frá því um miðjan ágúst 1949 og þar til í nóvember s. á. féllu greiðslur af hans hálfu niður vegna örðugleika á yfirfærslu gjaldeyris til Bretlands, og olli þetta töf á viðgerðinni. En ekki verður aðalstefnda um töf þessa kennt eða hann talinn ábyrgur fyrir henni. Verður því ekki séð, að aðalstefndi sé eftir vátryggingarskilmálunum eða á öðrum grundvelli bótaskyldur gagnvart aðalstefnanda vegna tafa þeirra, sem urðu á viðgerð skipsins.

Um 6. Aðalstefnandi heldur því fram, að á seinni hluta ársins 1950 og fyrri hluta árs 1951 hafi skipið, sem enn hafi verið vátryggt hjá aðalstefnda, orðið fyrir ýmiss konar skemmdum. Hafi skipið á þessum tíma legið langdvölum hér í höfninni og skemmdir orðið á því þar. Í marzmánuði 1951 hafi skipinu verið siglt til Gautaborgar og einnig orðið fyrir smávægilegu sjótjóni í þeirri ferð. Í Gautaborg hafi kostnaður við viðgerð á skemmdunum verið metinn af dómkvöddum mönnum. Samkvæmt mati þeirra hafi viðgerðarkostnaðurinn að meðtöldum matskostnaði numið sænskum kr. 14350.00 eða ísl. kr. 45224.03. Þenna kostnað kveðst aðalstefnandi hafa greitt, er hann hafi selt skipið í Svíþjóð, en telur sig eiga rétt á að fá hann endurgreiddan úr hendi aðalstefnda sem vátryggjanda skipsins.

Aðalstefndi hefur mótmælt umræddum viðgerðarkostnaði sem sér óviðkomandi. Véfengir hann, að skemmdir þær, sem viðgerðin tók til, hafi orðið með þeim hætti, að hann beri ábyrgð á þeim, enda hafi engin sjóferðapróf farið fram vegna þeirra. Þá bendir hann á, að samkvæmt matsgerðinni sé ljóst, að nokkuð af viðgerðinni sé endurbætur á skemmdum, er ekki geti stafað af sjótjóni, svo sem lagfæringar á vistarverum skipverja.

Í málinu hafa verið lagðir fram útdrættir úr dagbók skipsins dagana 25. nóvember 1950 og 5. marz 1951. Í útdrættinum frá 25. nóvember segir, að er skipstjóri skipsins kom í það, þar sem það lá vestan Ægisgarðs hér í höfninni, þá hafi hann séð, að öldustokkur skipsins (lunning) hafi verið nokkuð innliggjandi frá yfirbyggingu og fram um miðja afturlúgu. Enn segir í útdrætt-

inum 5. marz, að þegar skipstjórinn hafi komið í skipið þann dag, hafi hann strax séð, að skipið hafði orðið fyrir frekara hnjaski en áður, stjórnborðsöldustokkur hafi sýnilega verið meira innliggjandi og styttur bognar beggja megin, en við stytturnar hafi verið gert hér.

Í bréfi til Útvegsbanka Íslands h/f, dags. 25. júlí 1951, staðfestir aðalstefndi eftir beiðni aðalstefnanda, að samkvæmt dagbókarútdrætti skipsins frá 5. marz 1951 virðist skipið hafa orðið fyrir sjótjóni, er falli undir vátryggingu skipsins, en matsgerðin frá Svíþjóð sé það óljós, að ekki hafi verið unnt að ákveða umfang tjónsins. Þykir aðalstefndi með bréfi þessu hafa viðurkennt skyldu sína til að greiða nokkurn hluta skemmda þeirra, sem viðgerðin í Gautaborg tók til.

Í hinni sænsku matsgerð er viðgerðinni lýst og hún sundurliðuð. Auk þess kemur fram í málinu, hvað hver einstakur liður viðgerðarinnar hefur verið metinn (sbr. dskj. 30 og 31). Við athugun á matsgerðinni er sýnt, að skemmdir þær, sem lýst er í 1.—6. og 9.—14. lið hennar, eru þess eðlis, að sennilegast þykir, að þær hafi stafað af sjótjóni eða tjónum og beri því aðalstefndi ábyrgð á þeim. Viðgerð á skemmdum þessum var af hinum dómkvöddu mönnum metin á sænskar kr. 7495.00 eða ísl. kr. 23646.73, miðað við núverandi gengi. Þykir verða að taka kröfu aðalstefnanda undir þessum lið til greina með þeirri fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit aðalsakar þau, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 35162.86 (kr. 10732.80 + kr. 433.33 + kr. 350.00 + kr. 23646.73) auk 6% ársvaxta af kr. 11516.13 frá 1. janúar 1951 til 1. janúar 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 4000.00.

Gagnsök:

Gagnstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar í gagnsök svo:

1. Ofgreitt gagnstefnda í sambandi við uppgjör á tjóni vegna strands m/s Fells kr.20857.46
2. Ofgreidd viðgerð á skipinu £ 909-0-0 ..... — 41541.30
3. Ógreitt iðgjald ..... — 3548.00

Samtals kr. 65946.76

Verða nú einstakir liðir gagnkröfunnar teknir til athugunar hver í sínu lagi.

Um 1. þenna lið hefur gagnstefnandi sundurliðað nánar þannig:

a. Kaup Péturs Ingjaldssonar ..... kr. 441.20
b. Kaup skipshafnar 13.—18. desember 1949 .... — 6046.32

c. Dagpeningar gagnstefnda, sh. 35 á dag í 198 daga, £ 346-10-0 ..... — 9078.30
d. Olía, áætluð til heimferðar skipsins ..... — 4500.00
e. Viðgerð á miðunarstöð ..... — 477.00
f. Ferðakostnaður frá Prestwick til Irvine ..... — 314.64

Samtals kr. 20857.46

Gagnstefnandi reisir endurkröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að hann hafi um skyldu fram samþykkt að greiða gagnstefnda fjárhæðir þær, sem að framan greinir, með því skilyrði, að gagnstefndi gerði ekki frekari kröfur til tjónbóta vegna strands m/s Fells. Það skilyrði hafi brugðizt, er gagnstefndi höfðaði mál þetta, og þar með hafi forsenda fyrir greiðslu fjárhæðanna fallið niður.

Gagnstefndi hefur mótmælt því, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður af hálfu gagnstefnanda, er umræddar fjárhæðir voru gerðar upp við hann 7. júlí 1950. Hins vegar hafi gagnstefnandi sett áðurgreint skilyrði fram í bréfi til hans, dags. 25. s. m., en þar sem skilyrðið hafi þannig verið sett fram síðar en greiðslan, sé það þýðingarlaust gagnvart honum og skapi engan rétt til endurgreiðslu.

Þá telur gagnstefndi, að allir umræddir liðir falli undir tjónbætur í sambandi við strand skipsins og séu því ekki endurkræfir.

Það er ósannað gegn mótmælum gagnstefnda, að gagnstefnandi hafi sett fram fyrirvara eða skilyrði fyrir greiðslunni fyrr en eftir á. Eigi að síður þykir þó rétt að taka hvern einstakan framangreindra liða til athugunar.

Um a. Krafan undir þessum lið er kaup eins skipverja, er gagnstefndi hafði sér til aðstoðar í nokkra daga við að ganga frá áhöldum og lausum munum í skipinu, eftir að það kom til Skotlands til fullnaðarviðgerðar. Í málinu hefur gagnstefndi haldið því fram ómótmælt, að hann mætti taka tvo menn af skipshöfninni sér til aðstoðar við verk þetta. Virðist því endurgreiðslukrafa gagnstefnanda undir þessum lið ekki hafa við rök að styðjast.

Um b og d. Áður hefur verið frá því sagt, að viðgerð skipsins í Skotlandi var lokið 13. desember 1949 og að því var þá siglt til Fleetwood, en ekki beint til Íslands. Er fjárhæðin undir b kaup skipshafnar í áætlaðan tíma til að sigla skipinu hingað og fjárhæðin undir d áætlaður olíukostnaður á heimleiðinni. Fjárhæðum þessum hefur ekki verið mótmælt sem of háum. Samkvæmt vátryggingarskilmálunum bar gagngstefnanda að greiða kostnað við að koma skipinu frá viðgerðarstaðnum hingað til Reykjavíkur.

Hafa endurgreiðslukröfur gagnstefnanda samkvæmt umræddum liðum því ekki heldur við rök að styðjast.

Um c. Með bréfi til gagnstefnda, dags. 30. maí 1949, staðfesti gagnstefnandi, að hann væri því samþykkur, að gagnstefndi hefði eftirlit með viðgerð skips síns í Skotlandi og mundi honum verða greitt fyrir það sama kaup og skipstjóra. Samkvæmt samningum við skipstjóra skulu þeir auk kaups síns hafa frítt fæði. Verður því að telja, að gagnstefndi hafi átt rétt til dagpeninga til greiðslu uppihaldskostnaðar síns, meðan á eftirliti hans stóð. Verður því krafa gagnstefnanda undir þessum lið ekki tekin til greina.

Um e. Gagnstefndi hefur ekki sýnt fram á, að skemmdir þær á miðunarstöðinni, sem viðgerðin tók til, hafi orðið með þeim hætti, að gagnstefnandi beri ábyrgð á þeim. Þykir því eiga að taka þenna lið gagnkröfunnar til greina.

Um f. Gegnstefndi hefur haldið því fram ómótmælt, að fjárhæðin undir þessum lið sé ferðakostnaður hans frá Irvine til Prestwick til þess að taka á móti skipshöfn þeirri, er send hafi verið til Skotlands til þess að sigla skipinu heim, að viðgerð lokinni, svo og fargjöld hans og skipshafnarinnar frá Prestwick til Irvine.

Augljóst sýnist, að gagnstefnandi eigi að bera þenna kostnað, og hann er því ekki endurkræfur.

Um 2. Fjárhæðina undir þessum lið telur gagnstefnandi sig hafa ofgreitt gagnstefnda vegna viðgerðar á skemmdum á skipi hans, sem hann (gagnstefnandi) hafi ekki borið ábyrgð á.

Gagnstefndi hefur lagt fram í málinu endurrit af bréfi til gagnstefnanda, dags. 31. desember 1948, þar sem hann segist senda honum tvær sjótjónsskýrslur. Þá hefur hann og lagt fram útdrætti úr dagbók m/s Fells í mánuðunum nóvember og desember 1948. Sýna útdrættirnir, að skipið hefur í þeim mánuðum lent í slæmu veðri og orðið fyrir nokkrum skemmdum. Kemur fram í málinu, að fjárhæðin undir þessum lið er kostnaður við viðgerð á skemmdum þessum svo og viðgerðarkostnaður á skemmdum, er skipið varð fyrir við árekstur á hafnargarð, og loks bætur fyrir missi akkeris í júní 1949. Þykir með þessu nægileg grein gerð fyrir því, hvernig umrædd fjárhæð er tilkomin, enda hefur hún verið greidd af gagnstefnanda án fyrirvara, en hann var á þeim tíma, þegar greind tjón urðu, vátryggjandi skipsins. Verður því ekki séð, að fjárhæðin undir þessum lið sé endurkræf úr hendi gagnstefnda.

Um 3. Gagnstefndi hefur viðurkennt, að hann skuldi gagnstefn-

anda fjárhæðina undir þessum lið í iðgjald, og ber því að taka þenna lið gagnkröfunnar til greina.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit gagnsakar þau, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 4025.00 (477.00 + kr. 3548.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Árna Árnasyni kaupmanni.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Almennar tryggingar h/f, greiði aðalstefnanda, Sigurjóni Sigurðssyni, kr. 35162.86 með 6% ársvöxtum af kr. 11516.13 frá 1. janúar 1951 til 1. janúar 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað.

Gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 4025.00 með 6% ársvöxtum frá 4. október 1952 til greiðsludags, og falli málskostnaður í gagnsök niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1956.

Nr. 116/1955. **Bæjarstjórinn á Ísafirði f. h. bæjarsjóðs** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Ísfirðingi h/f (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr.

38.960.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Ísafirði f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Ísfirðingi, kr. 6000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 9. desember 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 9. desember, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var eftir munnlegan flutning 23. nóvember s.l.

Mál þetta var höfðað af Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar með stefnu, út gefinni 20. júlí s.l., gegn stjórnendum hlutafélagsins Ísfirðings, Ísafirði, þeim Ásbergi Sigurðssyni lögfræðingi, Kjartani J. Jóhannssyni lækni, Matthíasi Bjarnasyni kaupmanni, Guttormi Sigurbjörnssyni skattstjóra og Stefáni Stefánssyni skósmið, öllum til heimilis á Ísafirði, f. h. Ísfirðings h/f, Ísafirði.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð kr. 38.960,00, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málflutningslaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Aðiljar sömdu um það, að málið skyldi ekki lagt fyrir sáttanefnd.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1946 var samþykkt að stofna á Ísafirði hlutafélag til þess að festa kaup á togara. Félaginu var gefið heitið Ísfirðingur. Á stofnfundi félagsins lofaði bæjarstjórn Ísafjarðar að leggja fram til félagsstofnunarinnar kr. 480.000.00 úr bæjarsjóði, hafnarsjóði og lóðasjóði bæjarfélagsins. Á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs fyrir árið 1946 voru teknar kr. 200.000.00 í þessu skyni, en framlagið var þó ekki greitt hlutafélaginu á því ári. Stjórn Ísfirðings h/f ákvað á fundi 24. september 1946 að leita eftir hlutafé meðal almennings og ganga eftir því, að lofað hlutafé yrði greitt og ekki síðar en 1. apríl 1947. Á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs fyrir árið 1947 var engin upphæð tekin í þessu skyni, en hins vegar lánsheimild, að upphæð kr. 200.000.00. Á árinu 1947 var síðan unnið að því að fá lán til þess að geta greitt hlutafé, og fékkst loforð fyrir láni hjá Almennum tryggingum h/f, Reykjavík. Síðan var á stjórnarfundi Ísfirðings h/f 22. október 1947 samþykkt að veita bæjarsjóði heimild til þess að veðsetja togara félagsins, Ísborg, ÍS 250, með 2. veðrétti til tryggingar láni þessu. Bæjarstjórn samþykkti að taka lán þetta, en ekki varð þó af því, að lánið væri tekið. En á fundi í bæjarstjórn 16. apríl 1948 var samþykkt, að bæjarstjórn skyldi taka erlent lán, sem bæjarsjóður notaði til að greiða hlutafé. Lánsupphæðin var ákveðin £ 12000-0-0, og á þessum sama fundi var Halldóri Jónssyni, forstjóra Ísfirðings h/f, veitt umboð til þess f. h. bæjarsjóðs að taka lán þetta hjá Boston Deep Sea Fishing and Ice Company of Fleetwood í Englandi. Þann sama dag samþykkti stjórn Ísfirðings h/f enn að veita bæjarsjóði Ísafjarðar heimild til að veðsetja togarann Ísborg, ÍS 250, til tryggingar láni þessu.

Lán þetta var síðan tekið, og undirritaði Halldór Jónsson veðskuldabréfið fyrir hönd bæjarstjórnar 18. maí 1948. Helztu ákvæði skuldabréfsins eru þessi: Lántakandi er Ísafjarðarbær sem aðaleigandi togarafélagsins Ísfirðings h/f. Lánveitandi er The Boston Deep Sea Fishing & Ice Company Limited í Fleetwood. Lánsupphæð er £ 12000-0-0, tólf þúsund sterlingspund. Vextir af láninu skulu vera 5% á ári, og skulu þeir greiddir í skrifstofu lánveitanda á sama tíma og afborganir. Afborganir áttu að vera £ 500-0-0 — fimm hundruð sterlingspund — á mánuði. Lánstími var tvö ár. Lánveitandi áskildi sér að vera einka-umboðsmaður á Stóra Bretlandi fyrir b/v Ísborg, ÍS 250, um sölu alls afla skipsins, sem landað væri á Stóra-Bretlandi, á meðan nokkuð væri ógreitt af láninu, og áskildi sér jafnframt vald til þess að halda eftir nægilegri fjárhæð af því, sem inn kæmi fyrir hverja löndun, til að fullnægja umsömdum afborg-

unum og vöxtum. Enn fremur samþykkti lántakandi, þ. e. bæjarstjórn, að greiða allan kostnað, álögur og útgjöld, sem lánveitandi yrði fyrir í sambandi við lántökuna. Til tryggingar skilvísri greiðslu lánsins ásamt vöxtum veðsetti lántakandi, Ísafjarðarkaupstaður, samkvæmt sérstöku umboði, gefnu af framkvæmdastjórn Ísfirðings h/f, lánveitanda gufutogarann Ísborgu, ÍS 250.

Ísfirðingur h/f greiddi síðan afborganir og vexti af láni þessu, þangað til því var að fullu lokið. Á stjórnarfundi í Ísfirðingi h/f hafði 20. apríl 1948 verið samþykkt, að stjórnin áskildi sér rétt til endurgreiðslu frá bæjarsjóði Ísafjarðar, eftir að félagið hafði innt af hendi hverja greiðslu af láni þessu, auk vaxta. Fól stjórnin formanni sínum að gera samning við bæjarsjóð Ísafjarðar á þessum grundvelli. Ísfirðingur h/f skuldajafnaði síðan afborgununum ásamt vöxtum og kostnaði við kröfur bæjarsjóðs á hendur félaginu, en þær kröfur voru innheimt útsvör starfsmanna félagsins og útsvar félagsins sjálfs. Gengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri var lækkað 19. marz 1950 þannig, að gengi sterlingspunds var hækkað úr kr. 26.22 í kr. 45.70. Var þá ógreitt af láni þessu £ 2000-0-0. En við gengislækkunina skapaðist gengistap, sem nam kr. 38.960.00. Ísfirðingur h/f skuldajafnaði einnig þessari fjárhæð við útsvarskröfu bæjarsjóðs, en bæjarstjóri hafði uppi mótmæli á þeim grundvelli, að skuldajöfnuðurinn væri óheimill. Á það hefur Ísfirðingur h/f ekki viljað fallast, og höfðaði bæjarsjóður þá mál þetta.

Skal nú nánar vikið að málavöxtum og þeim staðreyndum, sem stefnandi byggir kröfur sínar á.

Stefnandi telur, að algerlega hafi verið óheimilt að skuldajafna gengistapinu við útsvarskröfur stefnanda á hendur stefnda. Benti stefnandi á, hve útsvarskröfur séu réttháar, aðfarargerðir séu heimilaðar til greiðslu þeirra án dóms eða sáttar, og eftir kröfu bæjarfélags sé atvinnurekanda skylt að halda eftir af kaupi starfsmanna hans upp í útsvör. Sé honum skylt að standa skil á innheimtum útsvörum innan sex daga frá útborgunardegi, að viðlagðri refsiábyrgð. Við svo rétthárri kröfu sem útsvarskröfu telur stefnandi útilokað að skuldajafna svo óljósri, vafasamri og mótmæltri kröfu og þeirri, er stefndi taldi sig eiga á hendur stefnanda vegna gengishallans. Til stuðnings því, hve krafa þessi sé vafasöm, hefur stefnandi haldið því fram, að ágreiningur hafi verið um það, hvor aðilinn, stefnandi eða stefndi, hafi verið hinn raunverulegi lántakandi að láni þessu. Hinn formlegi lántakandi sé að vísu samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins stefnandi í máli þessu. En stefndi hafi verið hinn raunverulegi lántakandi. Hann

hafi veitt láninu viðtöku, hann hafi fært lánið til skuldar hjá sér samkvæmt bókhaldi sínu, en stefnandi ekki. Og á þá staðreynd, að stefnandi gaf út skuldabréfið, beri að líta sem vissa aðferð til þess, að lánið nyti bæjarábyrgðar, en það hafi verið nauðsynlegt til þess, að ábyrgð ríkissjóðs fengist fyrir því. Stefnandi hefur bent á, að samkvæmt stofnsamningi Ísfirðings h/f hafi bæjarstofnanir lofað kr. 480.000.00 í hlutafé, en aðeins greitt af því kr. 400.000.00. Telur stefnandi, að orðið hafi að samkomulagi milli þeirra stefnda og stefnanda, að útsvör þau, er stefndi innheimti af starfsmönnum sínum auk útsvara hans sjálfs, yrðu látin mæta hlutafjárloforðum, sem ógreidd væru. Þessi skuldajöfnuður hafi farið fram með svipuðum hraða og afborganir stefnda af hinu brezka láni. Þar hafi verið um að ræða skuldajöfnuð samkvæmt samningi. En öðru máli gegni um skuldajöfnuð stefnda á hinni umdeildu kröfu vegna gengishallans, því að um hann hafi ekki verið samið, og sé því þar um að ræða skuldajöfnuð utan samninga.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að skuldajöfnuður af hans hálfu á gengismuninum hafi verið heimill samkvæmt samkomulagi, sem stefnandi og stefndi gerðu á sínum tíma. Bendir stefndi á það, að á árinu 1947 hafi bæjarstjórn unnið að því að útvega lán til greiðslu á hlutafé bæjarsjóðs til Ísfirðings h/f, og í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs fyrir það ár hafi verið tekin 200 þúsund króna lánsheimild í því skyni. Og 22. október 1947 hafi verið samþykkt í bæjarstjórn að taka 300 þúsund króna lán hjá Almennum tryggingum h/f. Ætlunin hafi verið, að bæjarsjóður notaði fé þetta til þess að greiða hlutafé í Ísfirðingi h/f. Ef lán þetta hefði verið tekið, hefði aldrei risið neinn ágreiningur um það, hver lántakandinn væri eða hver ætti að greiða lánið. En þetta lán var aldrei tekið. En í samþykkt bæjarráðs 16. apríl 1948 var ákveðið að mæla með því við bæjarstjórn að taka £ 12000-0-0 að láni, sem bæjarsjóður legði fram sem hlutafé í Ísfirðingi h/f. Lánsheimild þessi var samþykkt í bæjarstjórn sama dag. Á fundi í stjórn Ísfirðings h/f 20. apríl 1948 var formanni stjórnar Ísfirðings h/f falið að semja um það við stefnanda, að bæjarsjóður endurgreiddi jafnharðan afborganir og vexti af brezka láninu, og hefur stefndi haldið því fram, að skuldajöfnuður hafi síðan farið fram í samræmi við samkomulag, sem gert hafi verið. Þá mótmælti stefndi því, að nokkur ágreiningur hafi verið um það milli aðilja, hver hafi verið hinn raunverulegi lántakandi. Telur hann samþykktir bæjarstjórnar frá 16. apríl 1948 vera skýlausar um þetta atriði. Og það breyti engu í þessu

efni, þó að Ísfirðingur h/f tæki að sér að annast greiðslu á láninu í sterlingspundum í Englandi. Það var samningsatriði milli félagsins og bæjarsjóðs, eins og það varð að samkomulagi milli þessara aðilja, að afborganir og vextir af láninu væru greidd með skuldajöfnuði við útsvör starfsmanna félagsins og útsvör félagsins sjálfs. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi veitt láninu móttöku, þar sem andvirði þess hafi verið greitt beint inn á reikning ríkissjóðs. Þá hefur stefndi bent á, að stefnandi hafi mótmælalaust greitt allan kostnað af láninu svo og allar afborganir og vexti af láninu samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins, er stefndi innti af hendi. Mótmæli stefnanda gegn því að skuldajafna gengismismuninum telur stefndi fyrst fram komin í september 1951, eða einu og hálfu ári eftir að gengisbreytingin átti sér stað. Þau séu því of seint fram komin, til þess að hægt sé að taka þau til greina. Og þótt mótmæli hefðu komið fram af hálfu stefnanda í tíma, hefðu þau ekki staðizt. Afborganirnar hefðu átt að greiðast í sterlingspundum, en ekki íslenzkum krónum í skrifstofu lánveitanda. Gengismunurinn væri af nákvæmlega sömu rót runninn og afborgunin sjálf. Ef heimilt hefði verið að beita skuldajöfnuði um afborgunina, mætti að sjálfsögðu skuldajafna gengismuninum. Stefndi heldur því fram, að það séu reglur skuldajafnaðar innan samninga, sem við eigi, þegar meta eigi gildi skuldajafnaðarins, en ekki utan samninga, eins og stefnandi hefur haldið fram. Þá mótmælir stefndi þeim skilningi stefnanda, að skuldajöfnuðurinn á afborgunum hins brezka láns hafi verið greiðsla upp í hlutafjárloforð stefnanda. Eftirstöðvarnar af hlutafjárloforði bæjarsjóðs, kr. 65.360.00, voru fyrst krafðar og skuldajafnaðar, eftir að afborgun hins brezka láns var lokið að fullu. Þeirri upphæð var skuldajafnað í einu lagi í janúar 1951, að því er stefndi heldur fram, og hefur því ekki verið mótmælt.

Stefnandi hefur neitað því, að mótmæli af hans hendi vegna skuldajafnaðar á gengismismuninum hafi komið of seint fram. Undir munnlegum flutningi málsins hélt stefnandi því fram, að það hefði ekki komið fram af hálfu stefnda fyrr en um áramót 1950—1951, hvernig hann ætlaði að skuldajafna þessari umdeildu kröfu. Auk þess sé vafi á, að stefndi hafi verið í góðri trú í sambandi við skuldajöfnuð þenna, og þá komi mótmælaskortur ekki að sök. Þá hafi um áramótin 1950—1951 verið þannig gengið frá bókfærslu á kröfu stefnda um eftirstöðvar af hlutafjárloforði, sbr. dómskj. nr. 4, í bókum bæjarsjóðs, að hún hafi verið lækkuð um kr. 38.960.00 „v. gengisfalls", en það er einmitt stefnukrafan

í máli þessu. Stefndi hefur mótmælt dómsskjali nr. 9, 10, 18 og 19 sem þýðingarlausum fyrir málið.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað í máli þessu, að stefnandi, bæjarsjóður Ísafjarðar, hafi verið hinn raunverulegi lántakandi og skuldari láns þess, er hér um ræðir, og tekið var hjá Boston Deep Sea & Ice Company. Lánið virtist hafa verið tekið í þeim tilgangi að greiða hlutafjárloforð bæjarstjórnar til stofnunar Ísfirðings h/f, sbr. dómsskj. 15. Stefndi annaðist hins vegar greiðslu afborgana og vaxta af láninu samkvæmt sérstöku samkomulagi, en bæjarsjóður endurgreiddi stefnda greiðslur þessar með þeim hætti, að skuldajöfnuður fór fram á útsvarskröfum stefnanda og greiðslum þeim, sem stefndi innti af hendi. Samningur þessi um skuldajöfnuð er viðurkenndur af stefnanda. En stefnandi hefur mótmælt því, að sá samningur hafi náð til gengislækkunarmismunarins, sem varð með gengislækkuninni 19. marz 1950. Samkvæmt skuldabréfinu frá 18. maí 1948 átti lánið að endurgreiðast í erlendum gjaldeyri eða í sterlingspundum í skrifstofu lánveitanda. Bar stefnda að annast afborganirnar og vaxtagreiðslurnar, meðan togarinn Ísborg, ÍS 250, lagði afla á land í Stóra-Bretlandi, en ella tók stefnandi þær skyldur á sig.

Í texta skuldabréfsins er hvergi á það minnzt, að lánið skyldi endurgreiðast með ákveðnu gengi. Það virðist því augljóst, að lántakandi yrði að endurgreiða það með því gengi, sem skráð væri, þegar endurgreiðslan færi fram. Stefndi innti þessa greiðslu af hendi fyrir stefnanda, og hafði hann því rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnanda bæði á höfuðstól og vöxtum. En gengismismuninn verður að telja til höfuðstólsins.

Dómarinn lítur svo á, að stefndi hafi haft heimild til að skuldajafna gengismismuninum jafnt og afborgunum, vöxtum og kostnaði.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísfirðingur h/f, Ísafirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarstjórans á Ísafirði f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. október 1956.

Nr. 110/1955. **Soffía P. Mainolfi** (Magnús Thorlacius)
gegn
Meitlinum h/f og gagnsök
(Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Árni Tryggvason og prófessorarnir Ármann Snævarr, Ólafur Jóhannesson og Theodór B. Lindal.

Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1955 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 678.732.48 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að viðurkenndur verði lögveðréttur í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. ágúst 1955 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi vill una ákvæði héraðsdóms um sök á slysi því, er í málinu greinir.

Þau aðaláfrýjandi og Albert heitinn Mainolfi gengu í hjónaband hinn 24. desember 1944.

Aðaláfrýjandi varð fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við missi eiginmanns síns. Ætla má, að lát hans hafi valdið henni nokkru fjártjóni, þótt eigi séu gögn fyrir hendi til að telja það mikið, þá er litið er til atvinnuhátta hans, meðan hjúskapur þeirra stóð.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr.

5000.00, og á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Gagnáfrýjandi, Meitillinn h/f, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu P. Mainolfi, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, og á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara og Ólafs Jóhannessonar prófessors.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lýst því, að hann uni þeirri úrlausn héraðsdóms, að hann beri að öllu fébótaábyrgð vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Við teljum eigi, að gögn málsins leiði í ljós, að aðaláfrýjandi hafi misst framfæranda við andlát manns síns. Hins vegar er sýnt, að hún hefur af þeim sökum hlotið röskun á stöðu og högum, og teljum við bætur fyrir þá röskun hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00. Teljum við því, að gagnáfrýjanda beri að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig ber að viðurkenna lögveðrétt aðaláfrýjanda í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð okkar er því þannig:

Gagnáfrýjandi, Meitillinn h/f, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu P. Mainolfi, kr. 50.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á aðaláfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Soffía P. Mainolfi kaupkona, Laugavegi 12, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 22. maí 1954, gegn Meitlinum h/f, Þorlákshöfn, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 678.732.48, með 7% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreið stefnda, X 351, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi vaxtakröfuna í 6% p. a.

Samvinnutryggingum, gagnkvæmri tryggingarstofnun, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hefur félagið engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnandi verði stórlækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 6. júlí 1953, kl. tæplega 05,30, varð árekstur á Reykjanesbraut, skammt fyrir norðan Hlíðarveg í Kópavogi, milli bifreiðanna R 5582 og X 351 með þeim afleiðingum, að bandarískur maður, Albert Mainolfi, eiginmaður stefnandi, er var farþegi í bifreiðinni R 5582, hlaut svo mikil meiðsl, að hann lézt skömmu síðar á leið í sjúkrahús. Aðrir farþegar, sem í bifreiðunum voru, svo og báðir bifreiðastjórarnir slösuðust meira og minna, en enginn þó alvarlega. Bifreiðin X 351, sem var vöruflutningabifreið, eign stefnda, var að koma frá Þorlákshöfn á leið til Reykjavíkur. Auk bifreiðarstjórans, Benedikts Thorarensens, framkvæmdarstjóra stefnda, var einn farþegi í bifreiðinni, Hannes Hjartarson, til heimilis í Þorlákshöfn. Bifreiðin R 5582, sem var 5 manna fólksbifreið, var á leið frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Bifreiðinni ók Sigurður Ingvarsson, Barmahlíð 20, en farþegar í henni voru þrír Bandaríkjamenn: Angelo Richard Ferrentino, Griffith Scobie og Albert heitinn Mainolfi. Skömmu eftir slysið komu þrír lögregluþjónar á vettvang og um líkt leyti sjúkrabifreið, og voru þeir hinna slösuðu, er þess þurftu, fluttir í Landsspítalann. Hemlaför bifreiðanna voru mæld og uppdrættir gerðir af slysstaðnum, þar sem sýnd voru hemlaför bifreiðanna og staða þeirra á veginum eftir áreksturinn.

Munu þeir, sem í bifreiðunum voru, hafa allir komið fyrir dóm og borið vætti um slysið. Verða framburðir þeirra nú raktir í aðalatriðum.

Vitnið Sigurður Ingvarsson kveðst hafa ekið að heiman frá sér kl. tæplega 05,00 umræddan morgun. Ók vitnið fyrst heim til Mainolfi heitins að Laugavegi 12, þaðan til Scobie að Mánagötu 22 og loks til Ferrentino að Snorrabraut 75, en þaðan var haldið áleiðis til Keflavíkurflugvallar, og var kl. þá um 05,00. Vitnið telur, að það hafi ekið með 35—40 km hraða, miðað við klukkustund, suður Reykjanesbraut og kveðst hafa haldið sig á vinstra vegarhelmingi. Veður var drungalegt og ef til vill nokkur rigning, en þó kveðst vitnið hafa haft góða útsýn úr bifreiðinni yfir veginn. Vitnið varð vart bifreiðarinnar X 351, töluvert löngu áður en áreksturinn varð, og var henni þá ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Um hraða þeirrar bifreiðar getur vitnið ekki sagt. Ekki hvarflaði að vitninu, að hætta væri á ferðum, og dró það ekkert úr hraðanum. Skyndilega var X 351 snarbeygt yfir á vinstri vegarhelming vitnisins, og var þá stutt bil á milli bifreiðanna. Var engu líkara en stjórnandinn hefði misst vald á bifreiðinni. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir, hvort það hemlaði í sama bili, en álítur sig hafa gert það. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að dregið væri úr hraða X 351, en hemlaför hafi það séð eftir bifreiðina á veginum. Vitnið kveðst ekki vita, hver hraði bifreiðar þess var í þann mund, er árekstrinn varð, en áreksturinn segir vitnið að orðið hafi með þeim hætti, að hægra framhorn X 351 hafi lent beint framan á bifreið vitnisins. Við áreksturinn, sem var mjög harður, köstuðust bifreiðarnar næstum þversum á veginum, og vissi bifreið vitnisins í vestur, en bifreiðin X 351 í norðvestur, að árekstrinum afstöðnum.

Vitnið Angelo Richard Ferrentino, er sat í framsæti R 5582 við hlið bifreiðarstjórans, kveðst ekki vita, hve hratt R 5582 hafi verið ekið, en áætlar, að hraðinn hafi verið um 35 mílur á klukkustund. Einhvers staðar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur kveðst vitnið hafa komið auga á bifreið, er kom á móti. Hafi hún þá verið í um 100 feta fjarlægð og verið ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Hafði bifreiðin stöðuljós tendruð. Um það leyti, sem vitnið kom auga á bifreiðina, var henni sveigt inn á sinn hægri vegarhelming, og er vitninu ekki ljóst, hvort stjórnandi R 5582 dró þá úr ferðinni. Vitnið kveður það álit sitt, að stjórnandi bifreiðarinnar, sem kom á móti, hafi ætlað að beygja inn á hliðarbraut, en við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni. Vitninu virtist bifreið þessari vera ekið greitt og ætlar, að hraði hennar hafi verið a. m. k. 45—50 mílur á klukkustund. Virtist vitninu stjórnandi hennar ætla að sveigja yfir á vinstri vegarhelming, er hann náði eigi beygjunni, en hann hafi þá misst stjórn

á bifreiðinni, eins og að framan greinir. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að X 351 væri hemlað, og ekki tók það eftir því, hvort stjórnandi R 5582 hemlaði. Er árekstur virtist óumflýjanlegur, sveigði stjórnandi R 5582 til hægri, að því er vitnið ætlar, en í því sveigði stjórnandi X 351 yfir á sinn vinstri vegarhelming. Kveður vitnið bifreiðarnar hafa skollið saman hægra megin að framan. Vitnið missti meðvitund við áreksturinn. Var því ekið í sjúkrahús af slysstaðnum, en síðan flutt heim. Hlaut vitnið aðallega meiðsl á höfði og vinstra fæti.

Vitnið Griffith David Scobie kveðst hafa setið í aftursæti R 5582 vinstra megin. Ekki aðgætti vitnið, hver hraði R 5582 var, en álítur, að hann hafi ekki verið meiri en 35 mílur. Vitnið kveður R 5582 hafa verið á réttum vegarhelmingi, meðan það veitti akstri bifreiðarinnar athygli. Nokkru áður en áreksturinn varð, kveðst vitnið hafa mókt. Er vitnið beygði sig lítið eitt áfram til þess að fara úr öðrum skónum, kveðst það í sömu andrá hafa orðið vart við eitthvað grænt eða bifreið, er var um 15 fet fyrir framan R 5582. Kveðst vitnið hafa orðið þess vart á þessu augnabliki, að stjórnandi R 5582 hemlaði, en rétt í því hafi bifreiðarnar rekizt saman. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, að stjórnandi R 5582 hægði ferðina, nokkru áður en áreksturinn varð. Er vitnið hafði aðstoðað Ferrantino við að komast út úr bifreiðinni, en hann mun hafa skollið á framrúðuna hægra megin og rotazt, fór það að athuga Mainolfi heitinn. Lá hann á hliðinni í aftursætinu, og hvíldi höfuð hans, þar sem vitnið hafði setið. Var lífsmark með Mainolfi heitnum, en úr andliti hans blæddi mikið. Var andardráttur hans hægur, en þungur og hryglukenndur. Ekki kveðst vitnið hafa hreyft við Mainolfi, en reyndi að hlú að honum eftir föngum. Vitnið telur, að Mainolfi heitinn hafi lent á málmræmu, sem var aftan á baki framsætisins, og kastazt síðan aftur. Markar vitnið það af því, að í málmræmu þessari var dæld, eins og enni hans hefði lent þar. Vitnið hlaut ekki veruleg meiðsl við áreksturinn, einungis mar og skrámur, einkum á fæti.

Vitnið Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn, er kom á vettvang skömmu eftir árekstsurinn, skýrir svo frá, að bifreiðarnar hafi verið þversum á veginum, er lögreglan kom að, og snúið næstum í sömu átt eða til vesturs. Vitnið ætlar, að hemlaför eftir R 5582 hafi verið um 3 metrar. Hemlaför eftir hægra afturhjól X 351 hafi reynzt vera um 16 metrar, en hins vegar hafi ekki verið gott að greina hemlaför eftir hitt afturhjólið vegna mikilla hjólfara á akbrautinni.

Vitnið Baldur Kristjánsson lögregluþjónn gerði uppdrátt af

slysstaðnum, sem lagður hefur verið fram í málinu. Uppdrátt þenna hefur vitnið staðfest fyrir dómi. Kveður vitnið 16.30 metra hafa verið frá Hlíðarvegi að R 5582. Skrifaði vitnið þetta hjá sér. Vitnið segir, að far eftir hægra afturhjól X 351 hafi verið um 16 metra og hafi það náð frá Hlíðarvegi. Telur vitnið, að far þetta hafi myndazt, vegna þess að hemlum var beitt. Hemlaför eftir R 5582 kveður vitnið hafa verið greinileg.

Benedikt Thorarensen, er ók bifreiðinni X 351, hefur skýrt svo frá, að sunnudaginn 5. júlí hafi hann verið staddur á Selfossi. Um kvöldið kveðst hann hafa verið á dansleik í Selfossbíó og verið þar öðru hverju um kvöldið. Kveðst hann hafa neytt lítils háttar áfengis og fundið til áfengisáhrifa, er þó hafi horfið strax, og eigi hafi hann fundið til neinna slíkra áhrifa, er hann fór frá Selfossi, en þaðan ók hann milli kl. 1.00 og 1.30 til Þorlákshafnar. Þegar þangað kom, hitti hann Hannes Hjartarson útibússtjóra, og ákváðu þeir að aka skömmu síðar til Reykjavíkur. Skrapp Benedikt fyrst heim til sín og fékk sér matarbita, en síðan lögðu þeir félagar af stað. Ók Benedikt bifreiðinni, sem var X 351. Kveðst hann hafa ekið á um 45 km hraða, eftir að hann kom á veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og einskis áfengis kveðst hann hafa neytt á leiðinni. Ekki minntist hann þess, að sig syfjaði á leiðinni, og hvorki kveðst hann hafa verið þreyttur né illa fyrir kallaður. Benedikt kveðst ekki hafa vitað annað en að hann hafi ekið á sínum vinstra vegarhelmingi, og getur hann hvorki gert sér grein fyrir því, hvernig árekstrinn varð, né hver orsök hans var. Kveðst hann ekki hafa orðið var bifreiðarinnar R 5582, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Fannst honum R 5582 stefna á sig, og sveigði þá sinni bifreið til vinstri og hemlaði, en í sama bili varð áreksturinn. Blóðsýnishorn var tekið úr Benedikt, og fundust í því „reducerandi" efni, er samsvara 0.96‰ af alkóhóli.

Vitnið Hannes Hjartarson, er var farþegi í bifreiðinni X 351, telur, að bifreiðinni hafi verið ekið fremur rólega, og kveðst það ekkert hafa fundið athugavert við aksturinn. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á stjórnanda X 351, og hafi því ekki dottið í hug, að hann hefði bragðað áfengi. Virtist vitninu hann hress og kveðst ekki hafa orðið þess vart, að hann syfjaði. Hins vegar syfjaði vitnið og dottaði a. m. k. einu sinni, þar til sunnan við Hafnarfjörð að vitnið sofnaði og vaknaði ekki fyrr en að árekstrinum afstöðnum. Hlaut vitnið höfuðhögg og rankaði ekki við sér, fyrr en það var að stíga upp í sjúkrabifreiðina. Hefur því vitni

þetta engar upplýsingar getað gefið um áreskturinn eða tildrög hans.

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað refsimál gegn stjórnanda X 351 vegna atburðar þessa. Með dómi sakadóms Árnessýslu, upp kveðnum 21. janúar 1954, var stjórnandi X 351 talinn hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 17. gr. laga nr. 33/1935 sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga, 3. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941 svo og 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 23. gr. sömu laga, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og loks gegn 215. gr. laga nr. 19/1940.

Dómi þessum mun eigi hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að X 351 hafi verið ekið ranglega og, að því er virðist, að tilefnislausu yfir á sinn hægri vegarhelming skömmu fyrir áreksturinn, og eftir atvikum ógætilega og of hratt. Stjórnandi bifreiðarinnar hafi verið illa fyrirkallaður vegna svefnleysis og undanfarandi neyzlu áfengis. Svo virðist því sem hann hafi átt alla sökina á árekstrinum.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að stjórnandi R 5582 eigi alla sök á slysinu, þar sem orsök þess hafi verið sú, að hann hafi vikið til hægri á veginum, um leið og bifreiðarnar mættust, en stjórnandi X 351 haldi því fram, að hann hafi ekið bifreið sinni eftir vinstri helmingi vegarins, enda hafi bifreið hans verið á þeim vegarhelmingi, er hún stöðvaðist eftir áreksturinn. Þá véfengir stefndi, að hjólfar X 351 sé rétt merkt á uppdrætti Baldurs Kristjánssonar lögregluþjóns, og bendir á, að stjórnandi R 5582 hafi ekkert dregið úr hraða bifreiðar sinnar, áður en árekstur-inn varð, og að hann hafi ekið óhóflega hratt.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að verði eigi á það fallizt, að stjórnandi R 5582 eigi alla sök á slysinu, sé vafalaust, að um nokkra sök hafi verið að ræða hjá honum, og beri því að skipta sökinni.

Af skýrslum þeim, sem raktar hafa verið hér að framan, og lýsingu á afstöðu bifreiðanna á slysstaðnum má telja sannað, að stjórnandi X 351 hafi skyndilega sveigt bifreið sinni yfir á sinn hægri vegarhelming og ekið þannig nokkurn spöl með þeim afleiðingum, að bifreið hans rakst á R 5582, er kom á móti á sínum vinstri vegarhelmingi. Verður því að telja, að ökumaður X 351 hafi með þessum gálausa og ógætilega akstri átt alla sök á slysi því, er af hlauzt, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til, að stjórnandi R 5582 hafi ekið ógætilega í umrætt skipti, enda verður honum ekki gefið að sök, þótt hann sveigði

lítið eitt til hægri handar í árekstraraugnablikinu í því skyni að forða slysi.

Eins og þegar er rakið, var X 351 eign Meitilsins h/f, stefnda í máli þessu, og ökumaður bifreiðarinnar starfsmaður fyrirtækisins, en hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið á leið til Reykjavíkur í erindum stefnda í umrætt sinn. Samkvæmt því og með vísan til þess, er áður sagði um stjórnanda X 351, ber stefnda að bæta stefnandi að fullu það tjón, er hún hefur beðið af slysi þessu.

Stefnandi hefur fengið tryggingarfræðing til að reikna út tjón sitt. Útreikning sinn byggir hann á upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu frá tveim starfsmönnum Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck félaganna á Keflavíkurflugvelli um starf og kjör hins látna manns hjá félögum þessum, en í þjónustu þeirra hafði hann ráðizt 27. maí 1953, eða 5 vikum áður en hann lézt. Segir svo orðrétt í álitsgerð tryggingarfræðingsins: „ég reiknaði með $78.00, miðað við 48 vinnustundir á viku frá slysdegi til ársloka 1953, og $98.00 frá 1. janúar 1954, miðað við sama fjölda vinnustunda á viku, og reiknaði árstekjur jafnar 50 slíkum vikulaunum, en það samsvarar 2400 vinnustundum á ári.

Niðurstaðan verður þá, eða nánar tiltekið *kapitalverð hálfra launa* manns á aldri og í stétt Alberts Mainolfi, frá slysdegi og svo lengi sem líf og starfskraftar endast samkvæmt líkindareikningi, nemur þann 6. júlí 1953

$ 35.589.00

og er þá reiknað með 4% vöxtum p. a.

Samkvæmt hérlendri reynslu samsvarar niðurstaðan því, að manni á aldri Alberts Mainolfi, þegar slysið bar að, endist starfskraftar til tæplega 66 ára aldurs.

Af bréfum þeirra Mr. John Chandler, labor relations manager, og Mr. Mack G. Hall, camp manager, má ráða, að miklar líkur hafi verið til þess, að Albert Mainolfi hefði hlotið hækkun í Guard Captain stöðu, þegar slík staða hefði losnað, með þar til svarandi hærri vikulaunum, $ 92.00, miðað við 40 vinnustunda viku, eða sem svarar $ 117.60, miðað við 48 vinnustunda viku. Af ummælum yfirmanna Mr. Alberts Mainolfi í fyrrnefndum bréfum má telja líklegt, að þess hefði ekki orðið langt að bíða, að Mr. Albert Mainolfi hefði hlotið þessa hækkun í stöðu. Sama kemur fram í bréfi Mr. Griffith Scobie's, yfirmanns Mr. Mainolfis, sem segir, að hann hafi haft þann ásetning að hækka hann í shift chief stöðu með $ 161.00 vikulaunum, miðað við 60 vinnustunda viku, en það jafngildir fyrrnefndum launum í guard captain's stöðu. Hækk-

un í stöðu, sem hér getur, má að sjálfsögðu meta til hækkunar á fyrrnefndu kapitalverði. Ef gert er ráð fyrir, að Mr. Mainolfi hefði hlotið þessa stöðu, áður en liðin voru 5 ár frá ráðningu hans hjá Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, hefði samsvarandi hækkun á kapitalverði heildartekna hans numið yfir $ 10.000.00, eða sem svarar $ 5.000.00 til hækkunar dánarbótum til eftirlifandi ekkju, sem að framan getur, $ 36.589.00, þannig að þær, að þessu meðreiknuðu, nema

$ 41.589.00

þann 6. júlí 1953. Við útreikning á fyrrnefndri lágmarkshækkun kapitalverðs er aðeins reiknað með 48 vinnustunda viku og samsvarandi vikulaunum $ 117.60."

Stefnandi hefur lagt þenna útreikning hins sérfróða manns til grundvallar kröfum sínum, þó þannig að hún telur þar með bætur fyrir röskun þá á stöðu og högum, sem hún hafi orðið fyrir við lát eiginmanns síns.

Að því er fjárhæð bótakröfunnar varðar, bendir stefndi á, að við kaup Mainolfis heitins fyrir hinn stutta tíma, er hann hafði unnið á Keflavíkurflugvelli, sé ekki hægt að miða dánarbætur. Til þess að unnt sé að áætla, hverjar tekjur hans mundu hafa orðið, hefði honum enzt aldur, þurfti að miða við tekjur hans fyrir nokkur liðin ár. Bætur þær, er stefnandi kunni að eiga rétt á vegna fráfalls manns hennar, hljóti að miðast við það fjárhagslega tjón, sem hún hafi orðið fyrir vegna láts mannsins. Hafi hann haft tekjur, sem runnið hafi í félagsbú þeirra, og þær tekjur hafi numið meiru en framfærslu þeirri, sem hann hafi notið frá búinu, þá hafi stefnandi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, ella ekki.

Er Albert Mainolfi lézt, var hann 38 ára að aldri, en stefnandi 51 árs. Þau áttu ekki börn. Á skattaframtölum hjónanna fyrir árin 1945—1953, er lögð hafa verið fram í málinu, eru eigi taldar fram neinar tekjur, er hinn látni hafi haft á öllu því tímabili, utan ca $ 500.00, er voru tekjur hans fyrir tímabil það, er hann vann á Keflavíkurflugvelli, áður en hann lézt. Kaupkvittanir frá bandarísku flugfélagi, American Airlines Inc., sem eru meðal gagna málsins, bera það með sér, að Mainolfi heitinn hefur haft h. u. b. $ 650.00 í tekjur fyrir störf hjá því haustið 1952. Um frekari tekjur hans á greindu tímabili hér á landi eða erlendis liggja eigi fyrir upplýsingar í málinu. Hins vegar bera nefnd skattaframtöl það með sér, að stefnandi hefur allan þann tíma, er þau ná yfir, rekið hattaverzlun og saumastofu í sambandi við hana. Hreinar tekjur af atvinnurekstri þessum árið 1953 námu

samkvæmt skattaframtali fyrir það ár kr. 41.360.68. Eigi er neitt það komið fram í málinu, er gefur til kynna, að Mainolfi heitinn hafi starfað við fyrirtæki þetta, en sýnt þykir, að hjónin hafi a. m. k. að mjög verulegu leyti haft framfæri af atvinnurekstri þessum.

Þegar þetta allt er virt, sem að framan hefur verið rakið um hag þeirra hjónanna, stefnandi og Mainolfis heitins, þykja hæfilegar bætur til hennar bæði fyrir fjártjón það, er hún hefur beðið, og röskun þá á stöðu og högum, er hún hefur orðið fyrir við fráfall eiginmanns síns, kr. 70.000.00.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnandi kr. 70.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá greiði stefndi stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 7500.00.

Stefnandi á lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Meitillinn h/f, greiði stefnandi, Soffíu P. Mainolfi, kr. 70.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 7500.00 í málskostnað.

Stefnandi á lögveðrétt í bifreiðinni X 351 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 111/1955. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
Valtý Stefánssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1955. Það er aðalkrafa hans, að stefnda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, en varakrafa, að viðurkennt verði, að stefnda hafi verið óheimilt og vítavert að birta grein þá, sem málið fjallar um, merkta stöfunum „M. Th." Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í héraðsstefnu er ekki önnur lýsing á tildrögum máls þessa en sú, að í tilteknu tölublaði Morgunblaðsins hafi birzt smágrein með fyrirsögninni „Ósmekklegar orðmyndir", sem merkt hafi verið áfrýjanda án heimildar. Í greinargerð, sem svo er nefnd og lögð var fram með stefnunni, er um málavöxtu eingöngu vísað til stefnu og umrædds eintaks af Morgunblaðinu. Er þannig hvorki í stefnu né greinargerð að því vikið, að áfrýjandi hafi verið höfundur umgetinnar ritsmíðar, og gefur málatilbúnaðurinn ekki tilefni til að ætla, að svo hafi verið. Ekki er þess heldur að neinu getið, hvað þeim áfrýjanda og stefnda hafði áður farið á milli um atburði þá, er urðu efni til málshöfðunar. Áfrýjandi krefst svo í héraðsstefnu og greinargerð samkvæmt þeirri atvikalýsingu, sem að framan greinir, að stefnda verði „dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög leyfa", en getur þar hvorki heimildar til höfðunar einkarefsimáls né þess eða þeirra refsiákvæða í lög-

um, er hann taldi stefnda hafa brotið. Var þó sérstök þörf á að greina slík lagaákvæði, ef til voru, þar sem áfrýjandi átaldi það eitt í stefnu og greinargerð, að upphafsstafir nafns hans hefðu verið notaðir heimildarlaust, en vék ekki að því, að stefndi hefði birt ritsmíð eftir hann í óleyfi. Málið hefur þannig verið tekið upp og flutt í héraði af hálfu áfrýjanda með þeim hætti, sem brýtur mjög í bága við fyrirmæli 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað og málflutning. Héraðsdómari hefði því átt, þegar gagnaöflun var talið lokið, að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar. Og þar sem hann gerði það ekki, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefnda, Valtý Stefánssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. nóvember 1953, gegn Valtý Stefánssyni ritstjóra, Laufásvegi 63, hér í bæ. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til refsingar og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að í 271. tölublaði XL. árgangs Morgunblaðsins, er út kom 27. nóvember 1953, birtist smágrein með fyrirsögninni: „Ósmekklegar orðmyndir". Stefnandi kveðst hafa ritað grein þessa og sent stefnda hana til birtingar í Morgunblaðinu, en í bréfi til stefnda, er fylgdi greininni og stefnandi lagði fram við munnlegan flutning málsins, segir svo orðrétt meðal

annars: „Mig langar til að biðja yður að taka hjálagða grein nafnlaust í heiðrað blað yðar". Grein þessa kveður stefnandi merkta sér án heimildar, en hún er birt í sérstökum dálki í blaðinu, þar sem venja mun vera að birta ýmis aðsend bréf frá lesendunum, og er greinin auðkennd með stöfunum M. Th.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi með því að auðkenna greinina þannig gerzt sekur um refsivert athæfi og geti blaðamaður í starfi sínu varla framið verra afbrot. Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessu brotið gegn ákvæðum ritlöfundalaganna um höfundarétt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að nefnd grein hafi eigi verið merkt stefnanda. Í greininni sé hvergi sagt, að stefnandi sé höfundur hennar, heldur einungis að M. Th. hafi skrifað blaðinu það, sem síðar sé tekið upp. Mótmælir stefndi því, að með stöfunum M. Th. sé gefið í skyn, að stefnandi sé höfundur greinarinnar.

Enda þótt stefnandi hafi áskilið, að grein sú, er hér um ræðir, yrði birt nafnlaus, var stefnda allt að einu rétt að auðkenna hana á einhvern þann hátt, er eigi varð af ráðið, hver höfundurinn var, enda eigi óeðlilegt, að greinar, sem sendar eru dagblaði til birtingar, séu þannig aðgreindar frá öðru efni þess. Og þótt svo hafi tekizt til í þessu tilviki, að grein stefnanda var auðkennd með upphafsstöfum í nafni hans, verður eigi fallizt á, að með því hafi verið farið að andstætt þeim áskilnaði hans, að greinin yrði birt nafnlaus, þar sem eigi verður séð, að með því sé á neinn hátt gefið í skyn, að hann sé höfundurinn, enda eru þeir fjölmargir, sem eiga upphafsstafi þessa í nöfnum sínum. Þá er og á það að líta, að ekkert er fram komið í málinu, er gefi til kynna, að stefnandi auðkenni á þenna umrædda hátt ritsmíðar, sem hann er höfundur að og birtast á opinberum vettvangi.

Með skírskotun til framanritaðs verður eigi talið, að stefndi hafi á nokkurn hátt brotið af sér gagnvart stefnanda með því að auðkenna margnefnda grein á þann hátt, sem gert var, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda. Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Stefánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 34/1956. **Gunnar Sæmundsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Vigfúsi Kristjánssyni (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Sæmundsson, greiði stefnda, Vigfúsi Kristjánssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Vigfús Kristjánsson húsasmiður, Laugateigi 28, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu

með stefnu, út gefinni 12. apríl 1955, gegn Gunnari Sæmundssyni innheimtumanni, Sigluvogi 12, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 4250.00, með 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 9. febrúar 1955 hafi hann verið heima hjá sér að Laugateigi 28 og þá heyrt, að maður var kominn inn í ganginn á íbúð sinni. Kvaðst hann hafa hugað að því, og var þá stefndi þar með reikning frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Stefnandi kvaðst hafa spurt stefnda, hvernig hann hefði komizt inn í húsið, og hafi stefndi þá svarað, að dyrabjalla hafi verið óvirk, og því hafi hann gengið inn, þar eð hurðin var ekki fullkomlega læst. Stefnandi kvaðst hafa beðið stefnda að bíða utan dyra, meðan hann sækti peninga. Stefndi hafi svarað því til, að hann léti ekki reka sig út, og hafi ráðizt á stefnanda, slegið hann fyrst hnefahögg í brjóstið og hrint honum inn í ganginn. Stefnandi kvaðst ekki hafa snert við stefnda.

Stefnandi kvaðst hafa hlotið meiðsl af hnefahöggi stefnda. Einnig hafi lindarpenni hans skemmzt, er var í vasa hans, svo og hafi silfurúr, er hann bar á sér, skemmzt og keðja þess slitnað.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi ráðizt á sig að tilefnislausu, og beri honum að bæta sér tjón það, er af því leiddi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi hvorki ráðizt á stefnanda, barið hann né hrint honum.

Stefndi kvað stefnanda hafa borið á sig innbrot í hús sitt, er hann kom til að innheimta fyrir rafmagn. Lentu þeir þá í orðasennu út af því. Stefnandi hafi ýtt honum út úr húsinu, en stefndi kvaðst þá hafa rekið hnefann í bringu hans og ýtt honum frá sér. Mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni af völdum hans.

Stefnandi hefur lagt fram tvö læknisvottorð, annað dags. 9. febrúar 1955, og segir þar, að á brjósti hafi verið lófastór marblettur eftir högg, hitt dags. 15. s. m., og segir þar, að handarstór bólgukúfur hafi verið yfir brjóstbeininu neðantil og gulleitum lit slegið á bólguna.

Af framanröktu þykir verða að telja sannað, að stefndi hafi veitt stefnanda högg á brjóstið, og ber hann því fébótaábyrgð á tjóni, er stefnandi varð fyrir af þeim sökum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

a) miskabætur ..... kr. 1.000.00
b) bætur fyrir sársauka og óþægindi ..... — 1.000.00
c) lækniskostnaður, áætlaður ..... — 200.00
d) kostnaður við nudd, bílkostnaður o. fl. ..... — 400.00
e) eyðilagt silfurúr og festi ..... — 1.500.00
f) eyðilagður lindarpenni ..... — 150.00

Samtals kr. 4.250.00

Um a og b:

Með vísan til þess, er að framan er rakið, þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega metnar með kr. 800.00.

Um c:

Eins og fyrr er greint, vitjaði stefndi læknis í tvö skipti. Ekki verður séð, að hann hafi þurft sérstakrar læknisaðgerðar við. Þykir því kostnaður samkvæmt þessum lið áætlaður hæfilega með kr. 120.00.

Um d—f:

Stefnandi hefur ekki fært nein rök að tjóni samkvæmt liðum þessum, sem verða því ekki teknir til greina.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 920.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Sæmundsson, greiði stefnanda, Vigfúsi Kristjánssyni, kr. 920.00 með 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1955 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 53/1956. **Magnús Sigurðsson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 96/1956. **Björn Pétursson og Reynir h/f**
gegn
Friðriki Sigtryggssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Björn Pétursson og Reynir h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 97/1956. **Björn Pétursson og Reynir h/f**
gegn
Einari Daníelssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Björn Pétursson og Reynir h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 99/1956. **Ewald Berndsen**
gegn
Ásmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ewald Berndsen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1956.

Nr. 104/1956. **Glersteypan h/f**

gegn

Uppboðshaldaranum í Reykjavík o. fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Glersteypan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1956.

Nr. 87/1956. **Gísli Halldórsson h/f** (Páll S. Pálsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1956. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt, málinu vísað frá héraðsdómi og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dómkrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð, hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Varnarástæður þær, sem aðaláfrýjandi hefur haft uppi fyrir Hæstarétti, en ekki í héraði, koma ekki til álita gegn andmælum gagnáfrýjanda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gísli Halldórsson h/f, greiði gagnáfrýjanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur, kr. 6000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., hefur skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, út gefinni 14. febrúar 1956, gegn Gísla Halldórssyni h/f, hér í bænum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 127.000.00, með 7% ársvöxtum af kr. 2.000.00 frá 28. desember 1950 til 28. janúar 1951, af kr. 4.000.00 frá þeim degi til 28. febrúar s. á., af kr. 104.000.00 frá þeim degi til 22. marz s. á., af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 30. marz s. á. og af kr. 127.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.10 í afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt 5 víxlum:

1. Víxi, að fjárhæð kr. 100.000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. febrúar 1951 og ábektum af útgefanda.
2. Víxli, að fjárhæð kr. 10.000.00, út gefnum 30. desember 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 30. marz 1951 og ábektum af útgefanda.

3. Víxli, að fjárhæð kr. 13.000.00, út gefnum 22. desember 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 22. marz 1951 og ábektum af útgefanda.
4. Víxli, að fjárhæð kr. 2000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. desember 1950 og ábektum af útgefanda.
5. Víxli, að fjárhæð kr. 2000.00, út gefnum 28. júlí 1950 af Gísla Halldórssyni, en samþykktum af stefnda til greiðslu 28. janúar 1951 og ábektum af útgefanda.

Stefnandi kveður víxilrétt samkvæmt framangreindum víxlum fyrndan og því mál þetta höfðað gegn samþykkjanda víxlanna samkvæmt 74. gr. laga nr. 93 frá 1933.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 7200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Halldórsson h/f, greiði stefnanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur, kr. 127.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 28. desember 1950 til 28. janúar 1951, af kr. 4000.00 frá þeim degi til 28. febrúar 1951, af kr. 104.000.00 frá þeim degi til 22. marz 1951, af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 30. marz 1951 og af kr. 127.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.10 í afsagnarkostnað og kr. 7200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1956.

Nr. 111/1956. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson)
gegn
James Daniel Ellis (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Daniel Ellis, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 18. apríl 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 18. apríl, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var af Guðjóni Valgeirssyni, fulltrúa lögreglustjóra, kveðinn upp svofelldur dómur í sakadómsmálinu nr. 1130/1955: Ákæruvaldið gegn James Daniel Ellis, sem dómtekið var 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, James Daniel Ellis varnarliðsmanni, Keflavíkurflugvelli, Snorrabraut 81, Reykjavík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu í varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins 10. marz s.l., fyrir að hafa gerzt sekur um bifreiðalagabrot samkvæmt 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að aka bifreiðinni J 02050 sunnudaginn 13. nóvember 1955, um kl. 0430, eftir vegum á Keflavíkurflugvelli, haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærist því nefndur James Daniel Ellis til þess að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna til ökuleyfissviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 20. febrúar 1923 í Chicago í Bandaríkjum Norður-Ameríku og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum áður hér á landi:

Í Reykjavík:

1949 13/3 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1954 31/7 Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.
1955 12/12 Dómur, 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í sex mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Í Hafnarfirði:

1951 6/2 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 13. nóvember 1955, kl. 04.30, kom í aðalhlið Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallarsvæðinu bifreiðin J 02050. Þar sem lögreglumaður sá, Skúli Thorarensen, sem framkvæmdi tollleit í bifreiðinni, fann áfengisþef leggja út úr henni, þá bað hann stjórnandann, James Daniel Ellis, ákærða í máli þessu, að koma með sér inn í varðskýlið til frekari athugunar. Eftir þá athugun var ákærði fluttur á sjúkrahús hersins, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og sýna niðurstöður þeirrar rannsóknar, að í blóði ákærða fundust 1.58‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi umrætt kvöld farið í Officers Club hér á flugvellinum og drukkið þar einn áfengan bjór með kvöldverði, en síðan farið í samkvæmi og neytt þar þriggja „cocktails" á tímabilinu frá kl. 22.00 til 24.00, en hætt þá að neyta áfengis, þar eð hann sá fram á, að hann mundi þurfa að aka bifreið sinni til Reykjavíkur þá um nóttina.

Vitnið Baldur Guðjónsson lögregluþjónn, sem var á verði í flugvallarhliðinu, er ákærði kom þangað akandi í bifreið sinni,

segir, að það hafi þá verið vínlykt af ákærða og að hann hafi verið voteygður og linmæltur.

Vitnið Skúli Thorarensen lögregluþjónn tollskoðaði bifreið ákærða umrætt skipti. Kveðst vitnið hafa fundið áfengisþef leggja á móti sér þá og því beðið ákærða að koma með sér inn í varðskýlið til frekari athugunar. Þá segir vitnið, að ákærði hafi verið rauð- og voteygður. Vitnið telur, að eigi hafi verið fleiri ölvunareinkenni á ákærða, sem var kurteis og samþykkti strax, að sér yrði tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Bæði vitnin hafa verið eiðfest.

Með tilliti til atvika málsins þykir sannað, að ákærði hafi verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni umrætt skipti. Hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við það ákvæði laga, sem í ákæruskjali greinir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða ökuleyfi í sex mánuði til viðbótar ökuleyfissviptingu þeirri, er hann hlaut samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 12. desember s.l., sem birtur var hinn 16. sama mánaðar, en þó komi til frádráttar 8 dagar, þar eð ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 8. desember 1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens, kr. 400.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, James Daniel Ellis, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í sex mánuði frá 8. júní 1956 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens cand. jur., kr. 400.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1956.

Nr. 91/1955. **Baldur Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Jens Árnasyni (Lárus Jóhannesson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, Ármann Snævarr prófessor og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skuldamál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1955 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins benda eigi til þess, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að verk það, sem hann krefst greiðslu fyrir, væri eigi unnið í þágu áfrýjanda, sem um það hafði beðið. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnda, Jens Árnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Jens Árnason vélsmíðameistari, Spítalastíg 5, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. marz 1954, gegn Baldri Guðmundssyni, Laugavegi 18, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjár-

hæð kr. 18.566.35, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 2.333.65.

Þá krefst stefnandi enn fremur, að staðfest verði löghald, sem hann hinn 15. marz 1954 lét leggja á tjónsbætur hjá Samvinnutryggingum, hér í bæ, eign stefnda, til tryggingar kröfunum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Enn fremur hefur stefndi krafizt þess, að felld verði úr gildi framangreind löghaldsgerð.

Stefnandi, sem rekur vélsmíðaverkstæði, hefur skýrt svo frá málavöxtum, að um nokkurt skeið hafi hann annazt ýmsar vélsmíðaviðgerðir og lagt efni til þeirra fyrir stefnda, en stefndi sá þá um útgerð vélbátanna „Blakkness" og „Brimness". Stefnufjárhæðin er fyrir slíka vinnu og efni á árinu 1952 og 1953. Einn lið stefnufjárhæðarinnar, kr. 381.03, kveður stefnandi vera fyrir viðgerð á miðstöðvarkatli fyrir bróður stefnda, Helga Guðmundsson, en stefndi hafi, er hann bað um framkvæmd á því verki, tjáð honum, að hann (stefndi) myndi greiða viðgerðarkostnaðinn. Stefndi hafi jafnan beðið um verkin í eigin nafni vegna fyrrgreindra vélbáta. Stefndi kveðst margítrekað hafa reynt að fá skuldina greidda, en án árangurs.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki framkvæmt umrædd verk fyrir sig, og sé hann því ekki réttur aðili máls þessa. Kveður hann umrædda vélbáta hafa verið eign Vesturness h/f, og eigi stefnandi því kröfu á það fyrirtæki. Stefndi kveðst aðeins hafa verið starfsmaður fyrirtækisins, er umræddar viðgerðir fóru fram, og beðið sem slíkur um þær. Að því er varðar viðgerð á miðstöðvarkatlinum, þá hafi stefnanda verið það greinilega ljóst, að það verk var unnið fyrir Helga Guðmundsson, og sé greiðslukrafa fyrir það sér því óviðkomandi.

Því er ómótmælt, að stefndi bað stefnanda um vélsmíðaviðgerðir vegna vélbátanna „Brimness" og „Blakkness" svo og um viðgerð á miðstöðvarkatli fyrir Helga Guðmundsson. Ekki hefur stefndi fært sönnur á það, að hann hafi vakið atygli stefnanda á því, fyrir hvern verkin voru framkvæmd, að undanskilinni viðgerðinni fyrir Helga Guðmundsson. Verður því að telja stefnda sem verkbeiðanda bera ábyrgð á greiðslu fyrir verkin vegna margnefndra vélbáta.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 18.185.32 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu, 20. marz 1954, til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.100.00.

Þá ber og að staðfesta löghald það, er stefnandi lét leggja á óútborgað vátryggingarfé v/b „Gizurar hvíta“ hinn 15. marz 1954 hjá Samvinnutryggingum, hér í bæ, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreint löghald staðfestist.

Stefndi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnanda, Jens Árnasyni, kr. 18.185.32 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1956.

Nr. 136/1956. **Sigurbjörn Magnússon**

gegn

Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga

og

Kristjáni Hallssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Sigurðsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 6. október 1956 úrskurði aukadómþings Skagafjarðarsýslu, upp kveðnum 2. s. m. Barst kæran Hæstarétti 23. október 1956. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja Kristjáni Hallssyni verði synjað um að heitfesta framburð sinn. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Kaupfélags Austur-Skagfirðinga.

Af hálfu varnaraðilja Kaupfélags Austur-Skagfirðinga er krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurbjörn Magnússon, greiði varnaraðilja Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Skagafjarðarsýslu 2. október 1956.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur Kaupfélag Austur-Skagfirðinga í Hofsósi höfðað fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 16. júní s.l., gegn Sigurbirni Magnússyni, rafvirkja í Hofsósi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 40.000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 120.350.45 frá 1. janúar 1955 til 19. febrúar sama árs, af kr. 90.350.45 frá þeim degi til 21. marz sama árs, af kr. 60.350.45 frá þeim degi til 20. maí 1955 og af kr. 40.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu gegn greiðslu á kr. 2282.28 án vaxta og málskostnaðar, enda verði stefnandi dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta snýst um sölu stefnanda á rafmagnslagnavörulager, er stefnandi seldi stefnda um áramót 1953–1954. Samið hafði verið um það munnlega milli þáverandi framkvæmdastjóra stefnanda, Kristjáns Hallssonar, og stefnda, að salan skyldi miðuð við kostnaðarverð lagersins, en um það er deilt, hvort það verð, sem stefnandi leggur til grundvallar kröfum sínum, hafi verið kostnaðarverð lagersins, og telur stefndi, að stefnandi hafi miðað við smásöluverð hans. Þá er og um það deilt, við hvaða vörutal lagersins beri að miða, vörutal hans í árslok 1951 eða vörutal hans í árslok 1953.

Kristján Hallsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Stykkishólms, sem var framkvæmdastjóri stefnanda á þeim tíma, er viðskipti

þau, er málið er risið af, fóru fram, en lét af því starfi 1. maí 1955, var leiddur vitni í málinu 25. f. m. og segir í vitnaskýrslu sinni, að samkomulag hafi orðið milli sín og stefnda, að miða verð hins selda vörulagers við jöfnuð „Efnisreiknings rafstöðvar" 1/1 1954, þ. e. jöfnuð reiknings lagersins í efnahagsbók stefnanda 1/1 1954, sem hafi verið nánast kostnaðarverð vörulagers þess, sem seldur var, að fjárhæð kr. 102.561.85, en við það söluverð eru kröfur stefnanda miðaðar, en jöfnuður reiknings þessa er byggður á vörutalningu lagersins í árslok 1951, og er hann þar talinn á smásöluverði ÷ 20% afskrift, að viðbættu kostnaðarverði innkeypts efnis síðar og að frádregnum inn komnum peningum fyrir selt efni af lagernum.

Taldi vitnið vörutalninguna 1951, sem var framkvæmd af stefnda, vera þá einu, sem framkvæmd hafi verið að ósk þess, en síðari vörutalningar hafi farið fram án vitundar og hlutdeildar þess.

Lagður hefur verið fram í málinu reikningur rafmagnsverkstæðis stefnda við stefnanda, dags. 2. janúar 1954, fyrir lagernum, að upphæð kr. 102.561.85, samþykktur af stefnda.

Þá hefur verið lögð fram í málinu viðurkenning, undirrituð af stefnda, dags. 18. maí 1955, þar sem stefndi lýsir því yfir, að viðskiptareikningar hans við stefnanda, sem hann hafði móttekið fyrir reikningsárið 1954, séu réttir. Hefur stefndi viðurkennt að hafa undirritað yfirlýsingu þessa, en kveðst ekki vita, hvenær það var, ekki muna, að hann hafi gert það, en kveðst búast við, að hann hafi undirritað hana á dagsetningardegi hennar, en þá hafi hann verið ölvaður og haldið sig vera að undirrita kvittun vegna annarra viðskipta, og kveðst stefndi hafa neytt áfengis með vitninu, sem hafi veitt áfengi við þetta tækifæri.

Þessu hefur vitnið neitað eindregið, kveður sig ekki hafa neytt áfengis með stefnda þenna dag og kveðst ekki hafa getað merkt það, að stefndi hafi verið undir áfengisáhrifum, þá hann undirritaði viðurkenninguna.

Lögmaður stefnda mótmælti framburði vitnisins sem röngum og vilhöllum og auk þess óstaðfestum.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitnið yrði látið staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Lögmaður stefnda mótmælti því, að vitninu yrði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Lögmaður stefnda reisti mótmæli sín gegn því, að vitninu yrði heimiluð staðfesting framburðar síns fyrir dómi, á því, að það hafi verið framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á

þeim tíma, sem þau viðskipti urðu, sem mál þetta snýst um. Hafi það því borið og beri sem fyrrverandi framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga siðferðilega og fjárhagslega ábyrgð á umræddum viðskiptum.

Lögmaður stefnanda byggir kröfu sína á því, að vitnið hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga fyrir meira en ári síðan, og beri það því hvorki siðferðilega né fjárhagslega ábyrgð á viðskiptum þess, né að það sé svo við mál þetta riðið, að synja beri, að það staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Þótt ljóst sé af því, sem komið hefur fram í máli þessu, að fyrrgreint vitni hefur komið fram sem framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skagfirðinga við kaup þau, sem málið er risið af, verður ekki talið, að vitnið sé svo við málið riðið, að staðfesting vitnaskýrslu þess geti talizt varhugaverð, sbr. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936, enda er ekki sýnt fram á, að vitnið hafi hagsmuna að gæta í sambandi við málið eða úrslit þess. Er og ekki sýnt, að annarra vitna sé kostur um þau atriði, er vitnið kveður kaupin byggð á.

Vitni þessu verður því heimilað að staðfesta framburð sinn í máli þessu frá 25. september s.l. með eiði eða drengskaparheiti.

Því úrskurðast:

Vitninu Kristjáni Hallssyni er heimilt að staðfesta framangreindan framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 63/1956. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Lúðvík Árna Knudsen Eiríkssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Við dómpróf hefur ákærði játað hnupl við uppskipunarvinnu í Reykjavík, en hefur eigi tilgreint nægilega einstaka hluti, er hann hafi stolið, né stund verknaðar, og eigi hafa atvik að slíkum þjófnaði verið í ljós leidd með öðrum hætti. Verður ákærði því eigi dæmdur fyrir þetta ákæruatriði, sbr. 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að fella ákvæði héraðsdómsins um refsingu á hendur ákærða fyrir nefnt hnupl úr gildi.

Að öðru leyti er rétt að staðfesta niðurstöður héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Tómasar Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1956.

Ár 1956, mánudaginn 12. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 789/1956: Ákæruvaldið gegn Lúðvík Árna Knudsen Eiríkssyni, sem tekið var til dóms hinn 10. sama mánaðar.

Ákærður er Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson verkamaður, Hringbraut 43, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Laugardagskvöldið 27. nóvember s.l. ólöglega neytt áfengis í billiardstofu við Klapparstíg hér í bæ, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 20. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember s.l. verið áberandi ölvaður á gangi hér í miðbænum og þá brotizt inn í mjólkurbúð í Garðastræti 17 í þeim tilgangi að stela þaðan fjárverðmætum. Teljast brot þessi varða við 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga, 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 og 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Aðfaranótt laugardagsins 24. desember s.l. farið inn í ólæsta íbúð Geirarðs Siggeirssonar kaupmanns, Brávallagötu 4, hér í bæ, og tekið þaðan af ófrjálsu af náttborði í svefnherbergi kr. 58.400.00, er ákærði sló eign sinni á. Brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Laugardaginn 7. janúar s.l. verið áberandi ölvaður á Hringbraut hér í bænum. Það brot telst varða við 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga og 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

V. Mörg undanfarin ár hnuplað ýmsum varningi, t. d. barnaleikföngum, prjónapeysum og gúmmístígvélum, er hann var við uppskipunarvinnu hér í höfninni. Teljast þessi brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1909 í Reykjavík, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1928 2/3 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 6/12 Kærður fyrir ölvun. Málið afgreitt til dómara.
1929 8/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og 6. og 7. gr. laga nr. 51 frá 1928 með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga.
1930 7/7 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1932 7/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.

1935 7/1 Sætt, 300 kr. sekt fyrir að stýra bifreið og vera undir áhrifum áfengis og hafa ekki öðlazt ökuskírteini.

— 8/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. og 8. gr. laga nr. 51 frá 1928 með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna frá 1869.

— 1/9 Dómur, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 9/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1936 28/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað.

1937 2/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928 sbr. 231. gr., 4. tl., 55. gr., 63. gr. og 40. gr. hinna almennu hegningarlaga.

— 15/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.

— 28/9 Árnessýsla. Dómur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.

1945 29/1 Sátt, 50 kr. sekt, 25 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og rúðubrot.

Samkvæmt eigin játningu ákærða fór hann laugardagskvöldið 26. nóvember s.l. með áfengisflösku inn í knattborðsstofu við Klapparstíg hér í bænum, en þar fer fram veitingasala. Þar dvaldi hann fram yfir lokunartíma eða fram að miðnætti og neytti þar áfengis úr flösku sinni. Varðar þetta við 20. gr., 1. mgr., áfengislaganna nr. 58/1954.

Frá knattborðsstofunni gekk ákærði alldrukkinn um götur bæjarins. Hann leitaði inngöngu í samkomuhúsið Breiðfirðingabúð, en var synjað. Þaðan gekk hann áleiðis heim vestur í bæ, en þegar kom að Garðastræti 17, braut hann rúðu í útidyrahurð mjólkurbúðar Mjólkursamsölunnar, sem í húsinu er, opnaði síðan dyrnar og fór inn í því skyni að stela peningum, sem hann kynni að finna þar. Meðan hann var í búðinni, kom lögreglan að, og var ákærði handtekinn. Hann hafði leitað að peningum og farið í peningaskúffu í því skyni, en enga peninga fundið.

Með því að vera mjög ölvaður á gangi um götur bæjarins og með innbrotinu í mjólkurbúðina hefur ákærði gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 7. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr.,

lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930 og 244. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur greitt kr. 250.00 í skaðabætur fyrir spell í mjólkurbúðinni, svo sem Mjólkursamsalan hafði krafizt.

Aðfaranótt síðastliðins aðfangadags jóla var ákærði ölvaður á leið heim til sín gangandi neðan úr miðbænum. Til þess að stytta sér leið fór hann inn í portið bak við hús við Ljósvallagötu og Brávallagötu. Hann staðnæmdist nálægt bakdyrum Brávallagötu og tók þá eftir því, að þær dyr voru opnar í hálfa gátt. Hann fór þá inn um þessar dyr í þeirri von að hitta einhverja manneskju, fór inn eftir gangi íbúðarinnar og kom þar að opnum dyrum mannlauss svefnherbergis. Sá hann þá peningabunka mikinn á náttborði svefnherbergisins, tók hann og gekk með hann hljóðlega út sömu leið, en skildi eftir nokkrar ávísanir, sem lágu hjá peningunum. Í íbúð þessari bjó Geirarður Siggeirsson, kaupmaður í verzluninni Eros. Hann, kona hans og dætur höfðu komið heim klukkan að ganga tvö um nóttina, og hafði Geirarður með sér þá peninga, sem inn höfðu komið í verzlunina um daginn (Þorláksmessu), en það voru kr. 58.400.00 í peningum og ávísanir að auki, þannig að heildarupphæðin var rétt um kr. 60.000.00. Þegar heim kom, fengu þau sér kaffi, og dætur hjónanna sóttu jólatrésfót niður í kjallara. Til þess þurftu þær að ganga um bakdyrnar, og er talið víst, að þær hafi gengið frá þeim ólokuðum. Síðar fóru þær að sofa, en hjónin fóru að búa um jólagjafir í stofunni. Áður hafði Geirarður lagt peningana og ávísanirnar á náttborð sitt í svefnherberginu, þar sem ljós logaði. Lét hann í grandleysi peningana vera þarna, meðan hann aðstoðaði konu sína við að búa um jólagjafirnar. Þegar hann svo kom inn í svefnherbergið aftur, voru peningarnir horfnir.

Ákærði fór heim til sín með peningana, og kveðst hann morguninn eftir hafa orðið bæði undrandi og hræddur, þegar hann sá þá, og fyrst í stað óglöggt munað, hvernig á þeim stóð. Peningana geymdi hann síðan í herbergi sínu, að svo miklu leyti sem hann eyddi þeim ekki, og þegar rannsóknarlögreglan leitaði í herbergi hans hinn 7. janúar s.l., fundust í jakkavasa ákærða í klæðaskáp kr. 31.800.00. Þegar ákærði var handtekinn sama dag, var hann með á sér kr. 1952.30. Í herbergi hans var lampi, sem hann hafði keypt fyrir hina stolnu peninga, og var honum skilað á búðarverði, kr. 490.00. Komust þannig til skila af þýfinu kr. 34.242.30. Hinum hluta þýfisins hafði ákærði eytt, m. a. til kaupa tveggja útvarpsgrammófóna, grammófónplatna og innrammaðra mynda, og hafði hann gefið sumt af þessu tveimur unglingspilt-

um, sem hann þekkti. Muni þessa tóku Geirarður og meðeigandi hans í verzluninni upp í skaðabætur, en það, sem þá vantaði á fullar bætur, kr. 14.600.00, greiddi fóstri ákærða þeim af sjálfsaflafé ákærða, en fóstri ákærða og móðir hafa haft með höndum fjárhald hans. Þar sem fullar bætur hafa þannig verið greiddar, er engra bóta krafizt vegna þessa brots ákærða.

Með töku peninganna hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar lögreglan handtók ákærða síðdegis hinn 7. janúar s.l. vegna grunar um, að hann hefði framið nefndan þjófnað, var ákærði staddur á Hringbraut skammt frá heimili sínu mjög áberandi ölvaður. Hefur hann með því að vera á almannafæri í slíku ástandi gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 7. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Loks hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi í mörg ár tekið þátt í hnupli við uppskipunarvinnu hér í höfninni. Eigi man hann, hvenær hann byrjaði á þessu. Litlu hefur hann hnuplað í hvert sinn, og hefur hann ýmist tekið munina úr löskuðum umbúðakössum eða beinlínis rofið umbúðakassa til að ná í varning. Minnist hann þess að hafa þannig hnuplað barnaleikföngum, prjónapeysum og gúmmístígvélum. Muni þá, sem hann þannig hefur tekið, hefur hann ýmist notað sjálfur eða gefið, en aldrei selt. Með þessu hnupli hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dr. med. Helgi Tómasson hefur að tilhlutan dómsins rannsakað geðheilbrigði ákærða og komizt að raun um, að hann sé fáviti og geðveill, en ekki geðveikur, og telur hann sennilegt, að refsing honum til handa geti borið nokkurn árangur.

Fyrir framangreind brot og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Hann hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 8. janúar s.l., og ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að draga gæzluvarðhaldstímann með fullri dagatölu frá refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 700.00.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson, sæti fangelsi í eitt ár, en gæzluvarðhald hans frá 8. janúar 1956 til þessa dags komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 64/1956. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Eggert Kristjánssyni
og
Gunnari Kristni Hansen
(Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1955 var ákærða Eggert Kristjánssyni dæmd fangelsisvist 5 mánuði, ævilöng svipting ökuleyfis og greiðsla skaðabóta, að fjárhæð kr. 37.000.00, fyrir töku á bifreiðum ófrjálsri hendi oftsinnis til aksturs, fyrir ölvun við akstur og fyrir stórfellt slys, er hann olli við slíkan akstur. Með hliðsjón af athæfi hans, því er greint var, þykir refsing hans fyrir verknað þann, sem hann nú er sóttur til sakar fyr-

ir, hæfilega ákveðin fangelsi 9 mánuði. Að öðru leyti má staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Kristjánsson sæti fangelsi 9 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærðu, Eggert Kristjánsson og Gunnar Kristinn Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 305—306/1956: Ákæruvaldið gegn Eggert Kristjánssyni og Gunnari Kristni Hansen, sem dómtekið var 1. febrúar s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 26. janúar s.l., gegn Eggert Kristjánssyni verkamanni, Höfðaborg 3, og Gunnari Kristni Hansen verkamanni, Höfðaborg 18, hér í bæ, fyrir að hafa laugardaginn 19. nóvember s.l. í heimildarleysi tekið bifreiðina R 5855, þar sem hún stóð við Hlégarð í Kjós, svo og er málið höfðað gegn ákærða Eggert fyrir að hafa nefnt kvöld og aðfaranótt laugardagsins 20. nóvember s.l. ölvaður og sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt ekið bifreiðinni frá Hlégarði til Reykjavíkur, þaðan til Hafnarfjarðar og aftur til Reykjavíkur, hratt og ógætilega vestur Skothúsveg með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á bifreiðina R 7573 á mótum Skothúsvegar og Suðurgötu. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Eggert fyrir að neyta áfengis við framangreindan akstur svo og fyrir að hverfa brott af slysstaðnum án þess að gera lögmætar ráðstafanir.

Með hinni óheimilu töku bifreiðarinnar R 5855 þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot ákærða Eggerts, sem að framan getur, teljast varða við 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 37. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu skaðabóta. Þá er þess og krafizt, að ákærði Eggert verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Loks er þess krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Eggert er fæddur 10. febrúar 1931 í Grindavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1950 18/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1951 6/2 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir snjókast á fólk.
1952 14/10 Reykjavík. Kærður fyrir ökugjaldsvanskil. Greiddi bætur. Fellt niður.
1953 7/4 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1954 11/5 Keflavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. laga nr. 58/1954.
1955 7/3 Keflavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
— 13/4 Keflavík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
— 28/7 Reykjavík. Sátt 1200 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
— 27/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun á veitingastað.
— 4/10 Reykjavík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur ökuleyfi ævilangt, greiði 37.000,00 kr. skaðabætur fyrir brot á 219., 257. og 259. gr. hegningarlaga, 20., 23., 26. og 27. gr. bifreiðalaga o. fl.
— 29/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Gunnar Kristinn er fæddur 5. marz 1932 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1949 26/1 Reykjavík. Kærður fyrir innbrot. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytis, dags. 12/4 1949, enda

verði kærði háður eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur til 20 ára aldurs og komið burt úr bænum til langdvalar.

— 14/9 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 5 ár. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1950 17/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

— 3/2 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. 1500.00 kr. skaðabætur í sama máli. Brot á 244. gr. hegningarlaga.

— 29/3 Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1951 2/6 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1952 16/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1953 6/2 Reykjavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 117. gr. hegningarlaga.

— 5/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 11/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

1954 6/9 Reykjavík. Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 4/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 22/12 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 5/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 20/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

— 24/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaga.

— 4/3 Reykjavík. Dómur: Fangelsi 3 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 247. og 244. gr. hegningarlaga.

— 18/5 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 4/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. nóvember 1955, kl. 04.00, var tilkynnt á lög-

reglustöðina hér í bæ, að árekstur hefði orðið á gatnamótum Skothúsvegar og Suðurgötu. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Höfðu bifreiðarnar R 5855 og R 7573 rekizt saman á framangreindum gatnamótum. Bifreiðinni R 5855 hafði verið ekið vestur Skothúsveg, en bifreiðinni R 7573 norður Suðurgötu á hægri vegarhelmingi. Framendar bifreiðanna höfðu rekizt saman og skemmdir orðið talsverðar á báðum bifreiðum. Við athugun lögreglumannanna kom í ljós, að hægri framaurhlíf bifreiðarinnar R 7573 var mikið dælduð, vatnskassahlíf beygluð, högghlíf að framan bogin og rispuð, vélarhúsþak dældað, ljósker hægra megin brotið. Skemmdir á bifreiðinni R 5855 höfðu orðið þær, að vinstri framaurhlíf var mikið dælduð, högghlíf laus og beygluð, vélarhúsþak og hlíf dældað og úr skorðum, vatnskassahlíf beygluð, ljósker vinstra megin brotið, vatnskassi hafði gengið inn og sennilega skemmzt, fremri rúða hægra megin á bifreiðinni var brotin, og sennilegt var, að fleiri skemmdir hefðu orðið á henni. Menn þeir, er verið höfðu í bifreiðinni R 5855, ákærðu í máli þessu, þeir Eggert Kristjánsson og Gunnar Kristinn Hansen, voru báðir farnir á brott, er lögreglan kom á vettvang. Eftir stutta leit fannst ákærði Gunnar Kristinn í garði skammt frá árekstrarstaðnum. Var allur framburður hans mjög á reiki, enda var hann að sögn lögreglunnar mjög ölvaður. Kvað hann ákærða Eggert hafa ekið bifreiðinni. Ákærði Gunnar Kristinn hafði hlotið einhver meiðsli. Var gert að þeim á læknavarðstofunni, en síðan var hann færður í fangageymslu lögreglunnar. Ákærði Eggert náðist ekki til yfirheyrslu fyrr en kl. 10.10 daginn eftir. Í ljós kom, að bifreiðin R 5855 hafði verið tekin í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Hlégarð í Mosfellssveit. Hafði eigandi bifreiðarinnar, Friðrik Alexandersson, Laugarnesvegi 78, verið á dansleik á framangreindum stað og skilið bifreiðina eftir. Var hægri framhurð bifreiðarinnar ólæst. Er áreksturinn varð, var myrkur. Færi var þurrt. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað og fast. Samkvæmt uppdrætti af slysstaðnum er bifreiðin R 5855 komin hálf inn í gatnamótin. Er byrjað að sveigja henni áleiðis suður Suðurgötu. Bifreiðin R 7573 er hægra megin á Suðurgötu, aðeins ókomin að gatnamótunum.

Ákærðu hafa skýrt frá því, að þeir hafi drukkið sig ölvaða að kvöldi 19. nóvember s.l. hér í bæ. Um kvöldið kváðust þeir hafa farið í leigubifreið upp að Hlégarði í Mosfellssveit, þar sem þeir hugðust vera á dansleik.

Er uppeftir kom, létu þeir leigubifreiðarstjórann fara á brott. Klukkan var orðin rúmlega 23.30 og búið að loka samkomuhús-

inu. Dvöldu þeir þarna nokkra stund án þess að fá aðgang. Verður nú rakinn framburður ákærðu um það, er gerðist.

Ákærði Eggert hefur skýrt frá því, að þeir hafi nú þurft að komast aftur til Reykjavíkur. Ákærðu gengu að nokkrum bifreiðum til að athuga, hvort þær væru læstar. Reyndist svo vera með allar, þar til þeir komu að bifreiðinni R 5855. Var hún ólæst. Fór ákærði inn í bifreiðina og settist undir stýri. Ákærði Gunnar Kristinn settist við hlið ákærða í framsæti. Ákærði kveðst hafa verið talsvert mikið drukkinn, en þó minna en ákærði Gunnar Kristinn. Ákærði Eggert setti svo hreyfil bifreiðarinnar í gang og ók til Reykjavíkur. Ákærði kvað þá ákærða Gunnar Kristin hafa komið sér saman um töku bifreiðarinnar. Ákærðu neyttu báðir áfengis í bifreiðinni og höfðu lokið við áfengi það, er þeir höfðu meðferðis, er áreksturinn varð. Ákærði Eggert ók nokkuð um Reykjavík, síðan suður í Hafnarfjörð og aftur til Reykjavíkur. Ekkert kom fyrir hann í akstrinum, unz áreksturinn varð á gatnamótum Skothúsvegar og Suðurgötu. Lýsir ákærði svo tildrögum hans, að hann hafi komið akandi vestur Skothúsveg með um 40 km hraða að gatnamótunum. Var ákærði byrjaður að beygja til vinstri, er hann sá bifreiðina R 7573. Hemlaði þá ákærði, en það var þá orðið um seinan, og skullu bifreiðarnar saman. Er ökumaður bifreiðarinnar R 7573 hafði orð á því að kalla á lögregluna, hljóp ákærði brott.

Ákærði Gunnar Kristinn Hansen hefur skýrt frá því, að ákærðu hefðu farið að athuga bifreiðar á staðnum, er þeir komust ekki inn á dansleikinn. Bifreiðin R 5855 var ólæst og fóru ákærðu inn í hana. Á bifreiðinni var að sögn ákærða „fastur sviss", og tókst auðveldlega að koma henni í gang. Ákærði kvaðst gera sér það ljóst, er rannsóknarlögreglan yfirheyrði hann, að þeir hefðu tekið bifreiðina að ófrjálsu. Fyrir dómi breytti hann þessu. Kvaðst hann hafa verið það drukkinn, að honum hafi ekki verið það ljóst, að þeir tóku bifreiðina að ófrjálsu. Ákærði Eggert ók bifreiðinni til Reykjavíkur, síðan suður í Hafnarfjörð og aftur til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst við áreksturinn hafa kastazt á framrúðu, er brotnaði. Síðan kastaðist hann út úr bifreiðinni. Fór hann út um dyrnar á bifreiðinni, að hann sagði, en hurðin mun hafa opnazt, er áreksturinn varð. Ákærði kvaðst hafa reynt að forða sér á braut eftir áreksturinn eða réttara sagt ákærði Eggert að forða honum. Tókst það ekki, og náði lögreglan ákærða.

Vitnið Guðmundur Jónasson, Lækjarbug í Blesugróf, hér í bæ, ökumaður bifreiðarinnar R 7573, hefur skýrt frá því, að hann hafi, rétt áður en áreksturinn varð, komið akandi af Melatorgi inn á

Suðurgötu. Stöðvaði hann þar bifreið sína á eystri vegjaðri eða hægri vegarhelmingi. Vitnið ætlaði svo áfram norður Suðurgötu. Var það nýfarið af stað og var að aka bifreiðinni í áttina yfir á vinstri vegarhelming, er það vissi ekki fyrr til en bifreiðin R 5855 kom á ofsahraða af Skothúsvegi inn í gatnamótin. Vitnið hemlaði, en engum togum skipti, að framendar bifreiðanna skullu saman. Vitnið fór út úr bifreið sinni og sömuleiðis ökumaður bifreiðarinnar R 5855. Var hann greinilega með áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa séð, að maður, er sat í framsæti bifreiðarinnar R 5855, hafði kastazt á framrúðu bifreiðarinnar og hlotið af meiðsli á höfði. Vitnið reyndi að halda ökumanni bifreiðarinnar R 5855 á staðnum, en það tókst ekki. Voru báðir mennirnir farnir á brott, er lögreglan kom á vettvang. Annar mannanna, ákærði Gunnar Kristinn, fannst í garði skammt frá árekstrarstaðnum, en hinn maðurinn, sem var ákærði Eggert, ekki.

Eigandi bifreiðarinnar R 5855, Friðrik Alexandersson, Laugarnesveg 78, hér í bæ, hafði lagt bifreiðinni við Hlégarð í Mosfellssveit, þar sem hann var á dansleik umrædda nótt, eins og áður greinir. Hann hefur gert kröfu til þess, að ákærðu verði refsað fyrir óheimila töku bifreiðarinnar.

Það er nægilega sannað með játningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærðu tóku í umrætt skipti bifreiðina R 5855 í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Hlégarð í Mosfellssveit. Varðar þetta atferli þeirra við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er sannað með játningu ákærða Eggerts og öðrum gögnum málsins, að hann ók bifreiðinni ölvaður og eftir að hafa verið sviptur ökuleyfi ævilangt leið þá, er að framan greinir. Enn fremur er sannað, að ákærði ók bifreiðinni vestur Skothúsveg með ólöglegum hraða og ógætilega. Þykir hann með þessum akstri sínum hafa orðið í öllum verulegum atriðum valdur að árekstri við bifreiðina R 7573. Þá hvarf ákærði á brott af slysstað án þess að gera lögmæltar ráðstafanir. Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 9. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 37. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða Eggerts þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, með því að um ítrekað brot hans er að ræða.

Ákærði hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Gunnars Kristins þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi með hliðsjón af sakavottorði hans.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærðu í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Kristjánsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði Gunnar Kristinn Hansen sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 146/1956. **Ákæruvaldið**

gegn

Friðriki Alexanderssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Birting ákæruskjals. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinum kærða úrskurði hefur verið skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða með kæru 31. október þ. á., sbr. 10. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar, sbr. 124. gr. sömu laga.

Ákærði kom sér úr landi í júnímánuði s.l., og er að sögn nú skipverji á skipi í Canada. Gögn málsins bera hins vegar ekki með sér, hver muni vera dvalarstaður ákærða

erlendis. Birting ákæruskjals á hendur ákærða skal því fram fara með þeim hætti, er getur í 117. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Málflutningslaun talsmanns kæranda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun talsmanns kæranda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Ólafs Jóhannessonar prófessors.

Sé ákæruskjal eigi birt fyrir dómi fer um birtingu þess eftir reglum þeim, er gilda um stefnubirtingu almennt. Skal því ákæruskjal birt fyrir sökunaut sjálfum, ef þess er kostur. Verði því eigi við komið, en þó er kunnugt um lögheimili sökunauts eða dvalarstað hér á landi, á að birta ákæruskjal á lögheimili ákærða, skrifstofu hans eða vinnustofu, ef slíkum starfsstofum er til að dreifa, fyrir þeim, er til sama heimilis teljast, en ef ekki er þeirra kostur, þá fyrir sambýlisfólki hans eða samstarfsfólki á skrifstofu eða vinnustofu, sbr. 4. málsgr. 115. gr. og 116. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 og 1. málsgr. 95. gr. og 2. málsgr. 96. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936. Ákærði var að vísu farinn af landi brott, er ákæruskjal máls þessa var birt, og er nú talinn vera skipsmaður á kanadisku skipi, en við rannsókn málsins hafði hann komið fyrir dóm og tjáð sig um sakaratriði, svo sem segir í hinum kærða úrskurði. Mátti honum vera ljóst, að til ákæru gæti komið. Ákæruskjal var birt á lögheimili ákærða fyrir föður hans. Þegar virtar eru allar aðstæður í máli þessu, verður að telja, að lögleg birting ákæruskjals hafi farið fram.

Ályktarorð mitt er því:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. október 1956.

Ár 1956, mánudaginn 29. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp úrskurður í máli ákæruvaldsins gegn Friðriki Alexanderssyni, en mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar sama dag.

Málsatvik eru þessi:

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 8. ágúst s.l., er Friðrik (Tómas) Alexandersson nemandi, Laugarnesvegi 78, hér í bæ, ákærður fyrir árás á Matthías Eyjólfsson bílstjóra, Smyrilsvegi 28, á dansleik í Breiðfirðingabúð rétt eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags 18. desember 1955 og slá þannig Matthías 2—4 högg í andlitið, að gómur og tvær framtennur brotnuðu, og á neðri vör sprakk fyrir, en brot þetta er talið varða við 218. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Tilkynning um þingfestingu málsins var rituð á ákæruskjal. Samkvæmt því var málið þingfest í sakadómi Reykjavíkur föstudaginn 19. október s.l., kl. 10 árdegis.

Ákæruskjalið með áritaðri tilkynningu um þingfestingu málsins var birt af Davíð Hálfdánarsyni lögreglumanni á lögheimili ákærða, Laugarnesvegi 78 A, fyrir föður ákærða, Alexander A. Guðmundssyni, sem þar býr, og honum jafnframt afhent afrit ákæruskjalsins með áritun ákvörðunar um þingfestingu. Sama dag mætti nefndur Alexander í skrifstofu dómara og kvaðst óska þess fyrir hönd sonar síns, að Sigurður Ólason hrl. yrði skipaður verjandi ákærða í málinu. Er birtingarvottorð og yfirlýsing ákærða rituð á ákæruskjalið, sem lagt hefur verið fram í máli þessu sem dskj. nr. I.

Í samræmi við framanritað var Sigurður Ólason hrl. skipaður verjandi ákærða og honum send afrit dómsskjala. Við þingfestingu málsins var verjandi forfallaður vegna málflutnings í Hæstarétti, en hann sendi dóminum greinargerð eða bókun, sem lögð var fram við þingfestinguna, þingmerkt og tölusett nr. VII.

Gerir verjandi þar þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en honum úrskurðuð þóknun af almannafé fyrir vörn sína eða réttargæzlu.

Rökstyður verjandi frávísunarkröfu með því, að ákæruskjal hafi ekki verið birt á lögformlegan né löglegan hátt. Telur hann, að samkvæmt almennum viðurkenndum réttarfarsreglum í nútímaréttarþjóðfélagi komi ekki til mála að leggja dóm á sakamál,

nema ákæra hafi verið birt fyrir sökunaut sjálfum og/eða á annan hátt eftir lögformlegum reglum.

Telur hann, að það grundvallarskilyrði liggi ekki fyrir í þessu máli, og verði því ekki komizt hjá því að vísa málinu frá dómi að svo stöddu, og vísar hann um þetta atriði til 4. mgr. 115. gr. laga 27/1951 og 76. gr. sömu laga, sem hann telur gera ráð fyrir því, að birting fari fram fyrir sökunaut sjálfum. Sjálfur sé ákærði í Vesturheimi og ekki væntanlegur næstu ár.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951 var dómsmálaráðherra veittur kostur á að tjá sig um frávísunarkröfuna. Í bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. þ. m., telur ráðuneytið, að eigi beri að taka til greina kröfu verjanda um frávísun málsins. Mælir ráðuneytið svo fyrir, að máli skuli fram haldið í samræmi við fyrri fyrirmæli þess. Rökstuðningur ráðuneytisins um, að synja beri frávísunarkröfu, er þannig:

„Í 117. gr. laga 27/1951 um meðferð opinberra mála er heimild til að birta ákæru í Lögbirtingablaði, ef ókunnugt er um dvalarstað ákærða, en mál hans sætir lögsögu íslenzkra dómstóla. Virðist því nægilegt, að ákæra sé birt á lögheimili ákærða, þótt það sé eigi gert fyrir honum sjálfum, enda segir í 116. gr. nefndra laga, að tilkynningar megi birta á sömu stöðum, sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir. Væntanlega er þá nægilegt að afhenda þeim, er ákæruskjal er birt, eftirrit þess, sbr. 96. gr. laga um meðferð einkamála í héraði."

Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Reykjavík, dags. 25. október s.l., hefur ákærði, Friðrik Tómas Alexandersson, f. 24/6 1933, átt lögheimili að Laugarnesvegi 78 A, þegar birting ákæruskjalsins fór fram hinn 11. október, en samkvæmt tilkynningu til manntalsskrifstofunnar frá 9. júní s.l. er ákærði farinn til Canada, þar sem hann mun vera skipsmaður á e/s Lionna, St. John N.B., Canada, en lögheimili er áfram á Laugarnesvegi 78 A. Dómurinn telur það ekki orka tvímælis, að ákæra hafi verið birt á lögheimili ákærða fyrir föður hans, og lítur svo á, að verjandi véfengi ekki þá staðreynd, heldur heimild til birtingar, að ákærða fjarstöddum og af einum lögreglumanni, með þeim hætti, sem að framan er greint.

Samkvæmt 4. mgr. 115. gr. laga 27/1951 lætur dómari birta ákæruskjal „fyrir ákærðum með venjulegum hætti eða fyrir dómi." Ritar hann á ákæruskjal ákvörðun sína um þingfestingu. Í samræmi við 76. gr. og 116. gr. sömu laga eru slíkar tilkynningar nægilega birtar af lögreglumanni eða einum stefnuvotti. Máli

þessu verður því ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að einungis einn lögreglumaður hafi framkvæmt birtinguna né heldur af þeirri ástæðu, að ekki hafi verið birt á réttum stað, sbr. 116. gr. laga 27/1951 og enn fremur 95. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Verður nú vikið að því, hvort nauðsyn hafi borið til, að ákæruskjal væri birt fyrir ákærða sjálfum.

Í 113. gr. laga 27/1951 er berum orðum tekið fram, að kvaðningu samkvæmt þeirri grein beri að birta fyrir sökunaut sjálfum, enda hefur hann þá aldrei fyrr komið fyrir dóm vegna kærunnar og því ekki átt kost á að tjá sig um sakaratriði. Í máli þessu er rannsókn lokið, ákærði hefur tjáð sig um sakaratriði og m. a. viðurkennt að hafa slegið kæranda málsins tvö högg í andlitið, svo sem í ákæruskjali segir. Eru litlar líkur til þess, að hann myndi breyta framburði sínum um sakaratriði nú, enda tæplega við því að búast, að þau standi honum nú skýrar fyrir hugskotssjónum en þá, er hann mætti í dómi við rannsókn málsins 5. janúar s.l.

Það virðist tilætlan löggjafans og enda eðlilegast, að dómur sé látinn ganga í opinberu máli sem fyrst, eftir að rannsókn er lokið og ákærði hefur tjáð sig um sakaratriði, en óheppilegt talið, að mál dragist af þeim sökum einum, að ákærði finnst ekki, eftir að málssókn á hendur honum er ákveðin. Enda er það einsýnt, þegar virt eru ákvæði 117. gr. margnefndra laga, að löggjafinn ætlast til þess, að heimilt sé að reka opinber mál fyrir dómi, þó að sökunautur sé fjarstaddur, en það skilyrði er sett fyrir birtingu á þann hátt, sem í grein þessari er ákveðið, að ákæra verði ekki birt með venjulegum hætti, sakir þess að óvíst er um sökunaut eða dvalarstað hans. Ekki er þó öruggt, að birting ákæru komist ávallt til vitundar sökunauts.

Öllu meiri trygging er fengin fyrir sökunaut, að efni ákæruskjals komist til vitundar hans og að gætt verði hagsmuna hans, þegar birting hefur farið fram á lögheimili hans og fyrir nánasta venzlamanni hans, svo sem gert hefur verið í máli þessu. Telur dómurinn enda rétt í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, að skýra beri orðin „birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti" í 4. mgr. 115. gr. með hliðsjón af 116. gr., þannig að hinar almennu birtingarreglur í lögum 85/1936 um meðferð einkamála í héraði gildi einnig um opinber mál, eftir því sem við á, sbr. einkum 1. mgr. 95. gr. og 96. gr. síðastnefndra laga.

Þykir birting ákæruskjals í máli þessu því hafa verið í samræmi við 4. mgr. 115. gr. og 116. gr. laga 27/1951, og verður frá-

vísunarkrafa sú, er fram hefur komið frá verjanda, eigi til greina tekin.

Um málskostnaðarkröfuna verður fjallað í væntanlegum efnisdómi í máli þessu.

Ályktarorð:

Framkomin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1956.

Nr. 110/1956. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Benedikt Ragnari Sigurðssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. júlí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi og endurupptekið 26. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 8. ágúst 1955 af dómsmálaráðherra, gegn Benedikt Ragnari Sigurðssyni vélstjóra, Faxastíg 41, Vestmannaeyjum, fyrir nauðgun, líkamsárás og húsbrot samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 194. gr., 217. gr. og 231. gr. „Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því að brjótast inn í húsið S í Vestmannaeyjum aðfaranótt 18. júní s.l., ráðast þar á konuna K, fædda 1899, slá hana í andlitið, svo áverki hlauzt af, og nauðga henni."

Ákærist því framangreindur Benedikt Ragnar Sigurðsson til að sæta refsingu samkvæmt 194. gr., 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. nóvember 1934 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1954 21/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þess 18. júní 1955 var ákærði á dansleik í Samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Þegar dansleiknum lauk kl. 2 um nóttina, var ákærði orðinn talsvert ölvaður. Slóst hann þá í för með þremur piltum öðrum, þeim Hauki Gíslasyni, Má Pálssyni og Theodór Ólafssyni, sem allir eiga heima í Vestmannaeyjum, og gengu þeir síðan saman nokkra stund um bæinn. Piltar þessir voru allir undir áhrifum áfengis. Er þeir voru staddir á Bárustíg, hittu þeir konuna K, sem gaf sig á tal við þá félaga. Vitnin Haukur Gíslason vélstjóri og Már Pálsson verkamaður bera, að K hafi verið töluvert ölvuð. K kveðst að vísu hafa verið búin að bragða áfengi, er hún hitti þá félaga, en segist aðeins hafa verið „góðglöð", eins og hún orðar það. Ákærði og vitnið Haukur segja, að K hafi boðið þeim öllum heim til sín í húsið S, en K kveður ákærða og Theodór Ólafsson hafa spurt sig, hvort þeir mættu ekki koma heim með henni. Hversu sem þessu hefur verið varið, lauk viðræðum K og piltanna þarna á götunni með því, að þeir ákærði og vitnið Theodór Ólafsson vélstjóri gengu heim með K, en Már og Haukur gengu í humátt á eftir hinum. Ákærði og Theodór fóru síðan inn með K, en Már og Haukur urðu eftir fyrir utan. Theodór og ákærði sátu síðan á tali við K í eldhúsinu, og gaf K þeim kjöt og kaffi. Sömuleiðis kveða ákærði og Theodór, að K hafi gefið þeim áfengi, er hún átti. Að sögn K voru bæði ákærði og Theodór prúðir í

framkomu. Eftir að ákærði og vitnið höfðu dvalið hjá K í um eina klukkustund, fóru þeir í burtu. Vitnið fór aðeins á undan, en er ákærða dvaldist eftir, fór vitnið Haukur Gíslason inn og náði í ákærða, sem enn var að tala við K. Héldu þeir ákærði og Haukur síðan heim til ákærða. Sóttu þeir þangað áfengisflösku, er ákærði geymdi fyrir mann einn, og fóru með flöskuna til hans. Að svo búnu fóru þeir aftur saman upp í bæ, og hélt hvor heim til sín.

Eftir að ákærði kom heim til sín, segir hann, að sér hafi dottið í hug að fara aftur í húsið S í þeim tilgangi að fá K til þess að hafa við sig samfarir. Hélt ákærði síðan aftur að húsinu S og komst þar inn, en ekki ber þeim saman um það ákærða og K, með hvaða hætti ákærði komst inn í húsið.

K skýrir svo frá, að er ákærði var farinn burtu fyrr um nóttina, hafi hún lokað útidyrunum og gengið síðan til náða. Seinna um nóttina, kl. um 5, að því er K telur, kveðst K hafa vaknað við það, að ákærði var kominn ofan á hana í rúminu og var að reyna að hafa við hana samfarir. Var ákærði þá, að sögn K, kominn úr jakka og utanyfirbuxum. Þegar K vaknaði, kveðst hún hafa æpt upp af hræðslu, en þá sló ákærði hana í andlitið, svo að blæddi undan högginu, og fór blóð bæði í koddann og á vegginn við rúmið. Enn fremur telur K, að ákærði hafi slegið sig annað högg, en kveðst þó ekki vera viss um það. Ákærði reif buxur K og tókst að hafa við hana samfarir, þrátt fyrir það að hún bað ákærða að láta sig í friði og veitti alla þá mótspyrnu, er hún gat. K kveður ákærða hafa hætt samförunum eftir nokkra stund, en kveðst ekki vita, hvort ákærða varð sáðfall. K kveðst hafa verið mjög hrædd við ákærða á eftir, enda býr hún ein í húsinu. Dvaldist ákærða nokkuð í húsinu eftir nefndan atburð, og kveðst K ekki hafa þorað að sýna ákærða andúð á eftir af ótta við, að ákærði gerði henni frekara mein. Hún kveðst hafa reynt að fá ákærða til þess að skýra sér frá, með hvaða hætti hann komst inn í húsið, en ákærði hélt fast við það, að hann hefði komið inn um dyrnar. K kveðst hins vegar vera viss um, að hún læsti útidyrunum, áður en hún fór að sofa, og telur víst, að ákærði hafi komizt inn um stofuglugga, sem opinn var, enda hafi fótaför verið auðsæ í gluggakistunni og á glugganum utanverðum. Skömmu seinna fór ákærði, en spurði K áður, hvort hún ætlaði að kæra sig, og kveðst K ekki hafa þorað annað en svara því neitandi.

Konan K hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Ákærði skýrir svo frá, að er hann kom að húsinu S, hafi hann barið að dyrum, en tekið um leið í hurðarhúninn, og hafi dyrnar

þá opnazt. Telur ákærði, að dyrnar hafi verið hviklæstar og hrokkið upp, er hann reyndi á dyrnar með því að taka í hurðarhúninn. Þegar ákærði kom inn í húsið, sem er lítið einlyft timburhús, kveður hann K hafa staðið á gólfinu og verið að ljúka við að afklæðast. Var K aðeins klædd í undirkjól, buxur og sokka. Ákærði kveðst hafa leitað eftir samförum við konuna, en hún veitti mótspyrnu og vildi ýta ákærða frá sér. Ákærði kveður rúm K hafa verið í litlu herbergi inn af herbergi því, er þau K og ákærði voru stödd í. Ýtti ákærði K að rúminu og hrinti henni upp í það. Síðan reif ákærði buxurnar niður um K, kom getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar og hafði í frammi samræðishreyfingar. Ákærði telur, að sér hafi ekki orðið sáðfall, heldur hafi K tekizt að hrinda honum fram úr rúminu, áður samfarirnar urðu fullkomnar. Ákærði kveðst þó ekki muna þessi atriði greinilega. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið úr jakkanum, en neitar að hafa farið úr buxum. Ekki notaði ákærði verju við samfarirnar. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa slegið konuna í andlitið með hnefanum, en heldur, að hann hafi aðeins slegið konuna þetta eina högg. Ákærði kveðst hafa staldrað aðeins við hjá K á eftir, og hafi hún þegið hjá honum áfengi. Síðan kveðst ákærði hafa farið heim.

Ólafur Halldórsson læknir skoðaði K tveim dögum eftir árásina, og samkvæmt vottorði hans var efri vör konunnar bólgin vinstra megin og stór marblettur vinstra megin á efsta rifi.

Lögregluþjónarnir Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Helgason, er tóku skýrslu af K þann 20. júní, hafa mætt sem vitni í málinu og bera, að K hafi verið bólgin á efri vör og með allstóran marblett ofan við vinstra brjóst. Þeir athuguðu vegsummerki í húsinu S og kveðast hafa séð blóðbletti á kodda í rúmi konunnar og á þilinu ofan við rúmið. Vitnin skoðuðu stofugluggann og segja, að óhreinindi, sandur og möl hafi verið í gluggakistunni, og töldu bæði vitnin sýnilegt, að farið hefði verið inn um gluggann nýlega.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Konan K hefur ekki krafizt þess, að ákærða verði refsað fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga, og verður honum þegar af þeirri ástæðu ekki gerð refsing fyrir brot á nefndu ákvæði. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dómsins að telja.

Konan K hefur ekki krafizt skaðabóta úr hendi ákærða.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1956.

Nr. 142/1956. **Ákæruvaldið**

gegn

Einari Egilssyni

og

Jónasi Thoroddsen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Aðiljasamlag í sakamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu, Einar Egilsson og Jónas Thoroddsen, hafa hinn 17. október 1956 kært til Hæstaréttar samkvæmt 3. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951 úrskurð sakadóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. sama mánaðar, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar.

Af hálfu hinna ákærðu er þess krafizt, að hinum kærða

úrskurði verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi, að því er þá varðar, og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði eftir mati dómsins.

Í kærumáli þessu hefur farið fram munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti um kæru Jónasar Thoroddsens. Var skipaður sækjandi í þeim þætti málsins, en ákærði Jónas flutti málið sjálfur af sinni hendi.

Í hinum kærða úrskurði greinir, hvernig sambandi milli hinna ákærðu Einars og Jónasar og annarra sakborninga aðalmálsins er háttað. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 27/1951 ber undir handhafa ákæruvalds að kveða á um aðiljasamlag í sakamálum. Þykir hann með ákæru í aðalmálinu ekki hafa farið út fyrir takmörk nefnds lagaákvæðis. Á hinn kærði úrskurður því að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, ber að greiða úr ríkissjóði.

Ákærði Jónas Thoroddsen viðhafði í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti óhæfileg ummæli um handhafa ákæruvalds. Ber að víta þau harðlega.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1956.

Ár 1956, mánudaginn 15. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ákæruvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni og fleirum, sem tekið var til úrskurðar eða dóms nú samdægurs.

Málið er þannig til komið, að með bréfi, dags. 27. september 1955, kærði Landsbanki Íslands til sakadómara yfir því, að Stefán Andreas Pálsson kaupmaður, Flókagötu 45, hér í bæ, hefði ekki gert reikningsskil vegna yfirfærðs gjaldeyris (bandarískra dollara) tímabilið 27. nóvember 1953 til 12. júlí 1955. Var hér um að ræða 228.031.50 dollara, er Stefán Andreas hafði fengið yfir-

færða og haft að yfirvarpi, að hann ætlaði að kaupa útgerðarvörur fyrir þá. Við rannsókn málsins upplýstist, að Stefán Andreas hafði selt alla þessa dollara og, að því er hann hermir, nær einvörðungu Grétari Emil Ingvasyni bókara, Hlíðargerði 13, hér í bæ. Grétar Emil kannaðist við að hafa keypt nokkuð af dollurum eða fengið þá til sölu fyrir Stefán Andreas. Leiddu þessar upplýsingar til þess, að nokkrir menn voru dregnir inn í mál þetta vegna kaupa á dollurum, þar á meðal Kristján heildsali Ágústsson, til heimilis á Lynghaga 21, hér í bæ, en hann hafði keypt dollaraávísanir af Grétari Emil, sem Grétar Emil hafði fengið hjá Stefáni Andreasi. Kristján seldi ýmsum mönnum dollara, þar á meðal Einari Egilssyni verzlunarmanni, Hringbraut 43, hér í bæ, en mágur hans, Jónas Thoroddsen borgarfógetafulltrúi, Drápuhlíð 11, hér í bæ, hafði haft milligöngu um útvegun dollara þessara. Var hér um að ræða 2000 dollara í ávísunarformi.

Þann 4. júlí s.l. gaf dómsmálaráðherra út ákæru í máli þessu. Voru þá ákærðir í einu og sama máli auk þeirra Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns Ágústssonar allir þeir, er sannanlega voru taldir hafa átt dollaraviðskipti við menn þessa, þar á meðal fyrrnefndir Einar Egilsson og Jónas Thoroddsen. Ákæran náði til alls 13 manna.

Í skriflegum vörnum, dags. 26. september s.l. og lögðum fram í máli þessu þann dag, var þess krafizt af hálfu þeirra ákærðu Einars Egilssonar og Jónasar Thoroddsens, að málinu yrði vísað frá dómi, að því er þá varðaði, þar eð í ákæru væri um óheimilt aðiljasamlag að ræða. Er því haldið fram með skírskotun til 28. gr. laga nr. 27/1951, að ekkert samband sé á milli ætlaðs gjaldeyrisbrots ákærða Stefáns Andreasar og gjaldeyriskaupa þeirra, er ákærðu Einar og Jónas áttu við ákærða Kristján og þeim eru gefin að sök. Þá var því haldið fram, að það sé algerlega ósannað mál, að dollarar þeir, sem ákærðu Einar og Jónas fengu hjá ákærða Kristjáni, séu hluti af þeim dollurum, er komnir voru frá ákærða Stefáni Andreasi um hendur ákærða Grétars Emils til ákærða Kristjáns. Loks var því hreyft, að málasamsteypa þessi væri ólögleg, vegna þess að kæran feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir í garð ákærðu Einars og Jónasar um, að þeir væru samsekir ákærða Stefáni Andreasi um gjaldeyrissvik og skýrslufalsanir.

Auk frávísunarkröfunnar, er nú hefur verið gerð grein fyrir, var krafizt málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27 frá 1951 var frávísunarkröfunni skotið til Dómsmálaráðuneytisins til umsagnar. Með bréfi, dags. 10. október, tók Dómsmálaráðuneytið það fram, að

það teldi ekki frávísunarkröfu á rökum reista og að aðiljasamlag væri heimilt samkvæmt 28. gr. laga nr. 27/1951. Vísaði ráðuneytið sérstaklega í skýringar við þá grein í sérprentun af lögunum.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 27/1951 skal það vera aðalregla, að ef fleiri menn en einn eru á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, skuli þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum. Enn fremur segir í 2. mgr. 28. gr. sömu laga, að „nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi."

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er um það að ræða, að ákærði Stefán Andreas og ákærði Grétar Emil hafa átt dollaraviðskipti saman, sem talin eru varða við lög, að ákærði Grétar Emil hefur átt sams konar dollaraviðskipti við ákærða Kristján og að ákærði Kristján hefur átt slík viðskipti við ákærðu Einar og Jónas. Vegna þessa sambands hinna ákærðu hver við annan í máli þessu er það álit dómsins, að lögheimilt sé, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 27/1951, að ákæra þá alla í einu lagi, svo sem gert hefur verið. Auk þessa mætti hreyfa því, að samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að dæma um öll ætluð brot ákærða Kristjáns í sama máli, þ. e. bæði vegna dollaraviðskipta hans við Grétar Emil og við ákærðu Einar og Jónas, en ákærði Kristján er ákærður til refsingar fyrir hvort tveggja. Ber þetta því einnig að sama brunni með ákæruna í máli þessu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður fram komin frávísunarkrafa eigi tekin til greina.

Um málskostnaðarkröfuna verður fjallað í væntanlegum efnisdómi í máli þessu.

Ályktarorð:

Framkomin frávísunarkrafa verður eigi tekin til greina.

Föstudaginn 16. nóvember 1956.

Nr. 127/1956. **Ákæruvaldið** (Gústaf Ólafsson hdl.)
gegn
Snorra Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skírlífisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Afskipti ákærða af drengnum L. L. varða að nokkru við 209. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að rétt þykir, að gæzluvarðhald ákærða frá 2. maí 1956 komi að öllu leyti til frádráttar refsivist hans.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi, eftir því sem efni voru til, látið vitni benda á ákærða í hópi fleiri manna, er sannreyna skyldi, hvort þau þekktu hann, sbr. 2. mgr. 2. tl. 35. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að gæzluvarðhald ákærða, Snorra Jónssonar, frá 2. maí 1956 komi að öllu leyti til frádráttar refsivist hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar héraðsdómslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 8. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 8. september, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæj-

arfógeta, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 5/1956: Ákæruvaldið gegn Snorra Jónssyni.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Snorra Jónssyni kaupmanni, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu 20. júlí 1956, og framhaldsákæruskjali, út gefnu 22. ágúst 1956, en dómtekið 4. þ. m.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir að hafa:

I. Veturinn 1955 til 1956 og vorið 1956 í allmörg skipti á heimili sínu og í verzlunarhúsnæði að Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi haft kynferðismök, samræði, við fimm drengi á aldrinum 9—12 ára.

1) Við drenginn Þ. S., fæddan 10. maí 1943, tvívegis haustið 1955 og um jólaleytið það ár.

2) Við drenginn K. Á., fæddan 8. nóvember 1945, um jólaleytið 1955 eða nokkru fyrr.

3) Við drenginn L. L., fæddan 7. júní 1944, a. m. k. þrívegis nauðugan um jólaleytið 1955.

4) Við drenginn G. Þ. S., fæddan 30. október 1945, þrátt fyrir mótmæli hans í nokkur skipti vorið 1956.

5) Við drenginn G. G., fæddan 11. október 1946, í allmörg skipti s.l. vor.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Haustið 1955 og veturinn þar á eftir haft önnur kynferðismök á sama stað og að framan getur við nokkra drengi á aldrinum 9 til 12 ára, þá Þ. S., L. L., G. Þ. S. og G. G., er greinir að framan, svo og við drengina K. H., fæddan 20. maí 1944, og H. F., fæddan 19. nóvember 1944, en mökin voru fólgin í því, að ákærði kyssti drengina, þuklaði þá og nuddaði sér upp við þá aftan frá. Teljast brot þau, er undir þessum tölulið greinir, varða við 2. mgr. 203. gr. nefndra laga.

III. Vorið og sumarið 1955 bæði í Kópavogi og Reykjavík gert tilraun til að hafa kynferðismök við tvo drengi 16 ára gamla, J. G. Á. í Kópavogi og J. M. í Reykjavík, með því að bjóða þeim greiðslu fyrir að fá að hafa slík mök við þá, en brot þessi teljast varða við 2. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Sumarið 1954 í greindri verzlun sært blygðunarsemi tveggja drengja 14 og 15 ára gamalla, H. S. og G. Ó., með því að þukla á nárum þeirra og kynfærum. Brot þessi eru talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

V. Um s.l. áramót á heimili sínu eða í verzluninni að Borgar-

holtsbraut 20 í Kópavogi leyst niður um telpuna G. K., 8 ára gamla, og skoðað hana að neðan, en það brot er talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með framhaldsákæruskjali, út gefnu 22. ágúst 1956, er ákærði ákærður fyrir að hafa:

I. a) Gert tilraun til þess, sennilega á árinu 1954, að hafa kynferðismök í verzluninni að Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi við drenginn Á. Þ., fæddan 17. júní 1941, með því að káfa á honum og reyna að losa um buxur hans, en brot þetta er talið varða við 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að því er þessa háttsemi ákærða varðar, er málið til vara höfðað gegn honum fyrir að hafa sært blygðunarsemi drengsins Á. Þ. Telst það brot varða við 209. gr. nefndra laga.

b) Nokkru síðar en greinir undir Ia að framan, sært blygðunarsemi nefnds drengs, Á. Þ., er þeir voru staddir í strætisvagni, með því að káfa á drengnum, en brot það telst og varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Sumarið 1955 í bifreið hjá nefndri verzlun opnað buxnaklauf drengsins G. F., sem er fæddur 15. júní 1938, og þuklað á getnaðarfærum hans. Er það brot talið varða við 209. gr. nefndra laga.

Í framhaldsákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júlí 1911, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

Í Reykjavík

1946 30/9 Dómur: 6 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 164. gr. hegningarlaga. Vátryggingasvik og skjalafals.

1948 29/1 Dómur Hæstaréttar í sama máli: 8 ára fangelsi fyrir framangreind brot.

Í Hafnarfirði

1953 20/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hjónin S. V. og kona hans komust að því, að sonur S. V., G. Þ. S., fæddur 30. nóvember 1945, hafði meira af sælgæti undir höndum en eðlilegt var eftir þeim peningum, sem þau hjón gáfu honum,

auk þess sem konan varð vör við, að hann hafði vindlinga í fórum sínum. Laugardagskvöldið 28. apríl s.l. var drengurinn lengur úti en hann hafði leyfi til. Er drengurinn kom heim, var hann votur og var háttaður ofan í rúm. Fannst þá í fötum hans 10 króna seðill. Er drengurinn var spurður um seðil þenna, neitaði hann í fyrstu tilveru seðilsins, en sagði síðan, að G. G. (fæddur 11. október 1946) leikbróðir hans ætti hann. G. G. var þá kominn til þeirra feðga, og reyndist hann þá einnig eiga 10 króna seðil. Er gengið hafði verið á G. Þ. S., sögðu drengirnir frá því, að þeir hefðu fengið peningana hjá kaupmanni úti á nesi, sem héti Snorri, og síðar kom í ljós, að er ákærði í máli þessu, en þeir mættu alls ekki segja frá því. Er S. V. spurði son sinn, fyrir hvað hann hefði fengið peningana, kvaðst hann hafa fengið þá fyrir að fara í mjólkurbúð. Er S. V. dró í efa, að peningarnir hefðu verið greiddir fyrir ferð í mjólkurbúð, kveður hann drenginn hafa svarað því til, að hann vissi það ekki og mætti ekkert segja. S. V. leitaði nú upplýsinga um ákærða og kveðst þá hafa komizt að því, að orð lægi á, að hann væri kynvilltur. Samkvæmt framburði S. V. játaði sonur hans fyrir honum eftir nokkra vafninga, að ákærði hefði haft samband við hann um nokkurra vikna skeið og haft mök við hann eða „notað hann", eins og orð féllu. Þá skýrir S. V. frá því, að drengurinn hafi tjáð sér, að ákærði hafi gefið honum og G. G. sælgæti og vindlinga, og einn vindlingapakka kveðst S. V. hafa fundið í felustað samkvæmt ábendingu G. Þ. S. Þá getur S. V. þess, að hann og kona hans hafi um nokkurt skeið, áður en þeir feðgar ræddust við um mál þetta, orðið vör við niðurgang hjá drengnum, og hafi hann stundum verið mjög bráður. S. V. kveðst hafa rætt um mál þetta við G. G. eldra, föður drengsins G. G., en þeir hafi síðan rætt sameiginlega um málið við formann barnaverndarnefndar Kópavogs, séra Gunnar Árnason, hinn 1. maí s.l. Formaður barnaverndarnefndar kærði málið til dómarans 2. maí s.l., og hófst þá rannsókn málsins samdægurs.

Rétt þykir að lýsa málsatvikum að öðru leyti í sömu röð og í ákæruskjölum greinir, þó þannig, að liðir I og II í ákæruskjali frá 20. júlí 1956 eru teknir í einu lagi til að forðast endurtekningar.

A.

I—II. 1. Mök við drenginn Þ. S.

Þ. S. er fæddur 10. maí 1943. Hann hefur skýrt svo frá í dómi, að haustið 1955, eftir að hann kom úr sveitinni, hafi hann komið í búð til ákærða til að kaupa, og hafi ákærði þá fengið hann með

sér inn í baðherbergi í íbúð hans og þuklað rass hans þar. Ekki kveður hann ákærða hafa aðhafzt frekara að sinni og ekki hafi hann þá greitt sér neitt, en áður hafi hann oft gefið sér sælgæti, í eitt skipti mjög mikið, og hafi ákærði þá oft tekið einkennilega í hönd sér, eins og hann klóraði með einum fingri í lófa hans. Nokkru síðar kveðst Þ. S. hafa komið í búð til ákærða til að kaupa fyrir móður sína. Eftir að hann hafði hjálpað ákærða við afgreiðslu samkvæmt beiðni hans, kveður hann ákærða hafa beðið sig að koma með sér í skrifstofuherbergi og leggjast þar á legubekk. Hafi ákærði síðan komið með kremdós og beðið sig að leysa niður buxurnar, en síðan skipað það, er beiðninni var ekki hlýtt strax. Þorði Þ. S. eigi annað en hlýða skipuninni. Kveður Þ. S. ákærða síðan hafa smurt kremi á endaþarm hans (Þ. S.) og síðan stungið getnaðarlim sínum í endaþarm hans og hreyft sig, þangað til að bleyta kom úr getnaðarlimnum. Hann kveður ákærða hafa greitt sér 50 krónur fyrir í þetta skipti og sagt sér að koma aftur, en segja engum frá. Síðan kveðst Þ. S. ekki hafa komið til ákærða fyrr en alllöngu síðar. Tildrög þess hafi verið þau, að hann hafi verið að hjóla nálægt Kronbúðinni á Borgarholtsbraut, er ákærði og maður með honum voru þar á gangi, og bað ákærði Þ. S. þá að koma með sér og sendast. Kveður hann ákærða og hinn manninn hafa farið með sér inn í hús ákærða íbúðarmegin og inn í herbergi Vigfúsar Vals, sonar Kristrúnar sambýliskonu ákærða. Hann kveður ákærða og félaga hans hafa farið út úr herberginu, en félaginn hafi komið litlu síðar og skipað sér að leggjast á legubekk, sem hann hafi ekki þorað annað en hlýða. Síðan hafi ákærði komið í gættina með kremdós og afhent manninum, sem hafi smurt kremi á endaþarm hans. Hafi ókunni maðurinn síðan rekið getnaðarlim sinn í endaþarm hans og hreyft sig þar og skekið. Að þessu loknu kveður Þ. S. ákærða hafa komið inn í herbergið og aðhafzt hið sama. Ekki hefur tekizt að hafa upp á félaga ákærða í þetta skipti. Samkvæmt framburði Þ. S. gaf ákærði honum 50 krónur, en hinn maðurinn 100 krónur. Atburði þessa telur hann hafa skeð fyrir jólin 1955. Við yfirheyrslu á vitninu Þ. S., sem, eins og að framan greinir, er 13 ára að aldri, hafa komið í ljós nokkur atriði, er stuðning geta veitt við mat á sannleiksgildi framburðar þess. Skulu þau nú rakin.

a) Í fyrstu yfirheyrslu á vitninu 7. maí s.l. skýrir það frá því, að í herbergi því, sem ákærði hafi farið með vitnið inn í, er hann og annar maður höfðu mök við það, hafi verið byssa. Er Vigfús Valur Ásgeirsson, sonur sambýliskonu ákærða, var yfirheyrður í dómi, en hann hafði að jafnaði afnot herbergis þessa, kannaðist

hann í fyrstu ekki við, að nein byssa hefði verið þar, en við nánari umhugsun mundi hann, að hann hafði geymt byssu þar fyrir bróður sinn, en hún hafi verið farin úr herberginu 20. nóvember, er hann kom aftur úr ferð austur á land, sem hófst 22. september, en þá hafi byssan verið í herberginu.

b) Við síðari yfirheyrslu á vitninu Þ. S. mundi það, að annar drengur hefði verið með því, er ákærði hitti það á Borgarholtsbraut og fékk það með sér inn, þar sem ákærði samkvæmt framburði vitnisins hafði mök við það og annar maður einnig. Drengur sá, sem vitnið benti á í þessu sambandi, E. B., fæddur 26. marz 1944, hefur staðfest þenna framburð.

c) Við yfirheyrslu á vitninu Þ. S. hinn 16. maí s.l. var því sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8 (nr. 4 í rannsóknarendurriti). Kvaðst vitnið ekki hafa komið í herbergi o, d, i og g, en hafa séð inn í herbergið, sem merkt er g, þegar það gekk inn í herbergið h, herbergi Vigfúsar Vals, er ákærði og hinn maðurinn höfðu báðir samfarir við vitnið í því herbergi. Vitnið kveður eitthvað hafa verið á gólfi herbergisins g, sem líktist steypukögglum, eða eins og höggvið hefði verið upp úr gólfinu. Þá kvað vitnið dúkrúllu hafa verið á gólfinu og þar hafi verið skápar, eins og um eldhús væri að ræða. Herbergið g er eldhús. Ákærði hefur skýrt svo frá, að á árinu 1955 hafi hann gert mikið við eldhúsið, en því hafi ekki verið lokið fyrr en um s.l. jól. Hann kveður gólfdúkaskipti á eldhúsinu hafa farið fram á einum degi, þ. e. gamli dúkurinn hafi ekki verið tekinn af, fyrr en um leið og sá nýi var settur á. Vigfús Valur Ásgeirsson man ekki eftir, að hann hafi unnið við dúklagningu eldhússins, en hann man, að hann vann við dúklagningu svefnherbergis. Vigfús Valur var fjarverandi, eins og greinir í a, frá 22. september 1955 til um 20. nóvember 1955.

d) Í sömu yfirheyrslu gat vitnið skýrt teikninguna á dskj. nr. 8, að svo miklu leyti sem það gat verið húsaskipun kunnugt samkvæmt framburðum sínum, en annað ekki.

e) Vitnið kvað mann nokkurn, sem það þekkti ekki, en síðan hefur hafzt uppi á, hafa séð, er ákærði afhenti því hluta af peningum þeim, sem hann greiddi því fyrir fyrri meiri háttar mökin. Maður þessi, sem hefur komið fyrir dóm, mundi ekki eftir að hafa séð greinda peningaafhendingu.

2. Mök við drenginn K. Á.

K. Á. er fæddur 8. nóvember 1945.

Hann hefur í dómi skýrt svo frá, að einhvern tíma eftir s.l. jól, sem hann síðar leiðrétti, að muni hafa verið fyrir s.l. jól, hafi

hann komið í búð til ákærða í þeim erindum að kaupa lakkrís. Hafi ákærði þá verið einn í búðinni og verið þá í símanum. Kveður hann ákærða hafa sagt sér að koma innfyrir og hafi þeir síðan gengið saman í gegnum skrifstofu, stofu, forstofu og inn í baðherbergi. Þar hafi ákærði skipað sér að leysa niður um sig og leggjast á grúfu á baðherbergisgólfið. Er hann hafi hlýtt því, hafi ákærði smurt kremi á rass hans, lagzt ofan á hann og stungið getnaðarlim sínum í rassinn á honum. Þar hafi hann hreyft sig nokkra stund og bleyta komið úr lim hans. Eftir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur, en áður hafi hann lofað 50 krónum. Önnur mök kveður þetta vitni ákærða ekki hafa haft við sig.

Um sannleiksgildi framburðar vitnisins K. Á. eru þessar upplýsingar:

a) Við síðari yfirheyrslu á vitni þessu hinn 11. júní s.l., var það beðið að lýsa baðherbergi ákærða. Kvaðst vitnið þá ekki muna eftir neinu sérstöku við baðherbergi þetta, þetta hefði verið ósköp venjulegt baðherbergi, nema að á því hefði glugginn verið uppi í þaki. Er vitninu voru sýndar myndirnar á dskj. nr. 9 (dskj. nr. 15 í rannsókn), kannaðist það ekkert við myndina til vinstri, en kannaðist við myndina til hægri sem baðherbergi ákærða og benti þá á, að birtan á myndinni komi úr glugganum í þakinu. Svo sem dskj. nr. 8 ber með sér, er baðherbergið inni í miðju húsi, og því ekki um aðra glugga að ræða en þakglugga.

b) Í sama þinghaldi var þessu vitni sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Sýndi það dómaranum leið þá, sem það kvað þá ákærða hafa farið úr búðinni, gegnum skrifstofuna f, stofuna e og ganginn j inn í baðherbergið. Það kvaðst ekki kannast við herbergin h, g, i, d og c, nema að það hefði séð inn í fremri geymsluna, þar sem ölkassarnir eru merktir 1.

3. Mök við drenginn L. L.

L. L. er fæddur 7. nóvember 1944.

Hann hefur skýrt svo frá í dómi, að ákærði hafi oft gefið sér sælgæti, oft blikkað sig og tekið einkennilega í hönd, þegar hann gaf sælgæti, eins og hann klóraði með einum fingri í lófa þess, sem hann tók í hönd á. Hann kveður ákærða nokkrum sinnum hafa kysst sig í andlitið og tvisvar hafi hann tekið sig inn á skrifstofu og viljað leysa buxur hans, en ekki hafi orðið af neinu þá. Þá hefur L. L. og skýrt frá því, að veturinn 1955—1956, líklega fyrir jól, hafi hann einu sinni komið til ákærða að morgni dags. Hafi ákærði þá farið með hann eða dregið inn á skrifstofu, leyst

þar niður um hann og lagt hann á grúfu á dívan, sett krem á rass hans og rekið getnaðarliminn í endaþarm hans og hreyft sig þar, unz bleyta kom úr getnaðarlim ákærða. Allt þetta kveður L. L. hafa skeð gegn mótþróa hans. Fyrir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur. Er L. L. og ákærði voru samprófaðir 16. maí s.l., hélt L. L. fast við fyrri framburð sinn, sem rakinn hefur verið, en bætti því við, að þetta hefði skeð oftar en í fyrri framburði greindi. Er hann var að því spurður, af hverju hann hefði ekki skýrt frá öllu sem hann vissi í fyrri framburði sínum, kvaðst hann ekki hafa treyst sér til að skýra frá meiru þá. Kvaðst hann halda, að síðari mökin, sem voru tvisvar, að því er hann minnti, hefðu farið fram í skrifstofunni á sama stað og þau hafi farið fram með sama hætti, nema að hann minni, að þau hafi verið framkvæmd standandi í síðari skiptin.

Um sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru ekki neinar sérstakar upplýsingar aðrar en þær, að við samprófun vitnisins og ákærða 16. maí s.l., þótti framkoma vitnisins benda eindregið til, að það ætti mjög erfitt með og væri þvert um geð að segja frá atburðum þessum, þótt það yrði að gera það, úr því sem komið væri.

4. Mök við drenginn G. Þ. S.

G. Þ. S. er fæddur 30. október 1945.

Tildrögum rannsóknar máls þessa er lýst hér að framan, er S. V., faðir G. Þ. S., komst að sambandi hans við ákærða. Er rannsókn máls þessa hófst í sakadómi, skýrði G. Þ. S. frá ferð sinni og G. G., 9 ára leikbróður hans, til ákærða. Samkvæmt framburði G. Þ. S. eru fyrstu mök ákærða við hann þau, að ákærði hafi í ofangreindri ferð þeirra G. Þ. S. og G. G. til hans kysst G. Þ. S. á andlit og munn og tekið í axlir hans og ekið sér til um miðjuna upp við rass hans. Þetta skeði vorið 1956, líklega í aprílmánuði. Er þetta skeði í fyrsta sinn, kveður G. Þ. S. leikbróður sinn hafa beðið úti, á meðan hann var hjá ákærða, en hann hafi farið inn á eftir og sagt síðan, að ákærði hafi gert eins við hann. Þetta telur G. Þ. S. hafa skeð tvisvar, en í þriðju ferðinni til ákærða hafi ákærði leyst niður um hann og haft við hann fullkomin kynvillumök í bakherbergi verzlunarinnar milli ölkassa og miðstöðvarherbergisdyra. Hann kveður ákærða hafa lofað 50 til 100 króna greiðslu fyrir hver mök, en alltaf svikið það, nema í síðasta skiptið hafi hann látið 10 krónur. G. Þ. S. kveður ákærða alltaf, nema tvisvar, hafa smurt smyrslum á endaþarm hans, áður en hann rak getnaðarlim sinn þar inn, en hann telur, að þeir hafi

nokkrum sinnum, líklega 5 sinnum, haft slík mök saman. Öll þessi mök kveður hann hafa verið framkvæmd á sama stað. Hann kveður ákærða hafa þurrkað smyrslin af endaþarmi hans í slopp eða tusku. Atburði þessa kveður hann alltaf hafa skeð á venjulegum verzlunartíma, nema einu sinni eftir lokun. Hafi ákærði alltaf verið einn í búðinni, en hafi einhver komið, hafi ákærði hneppt að sér buxnaklaufinni, sagt sér að bíða og farið fram að afgreiða. Einu sinni kveður G. Þ. S. leikbróður sinn G. G. hafa horft á ákærða að samförum við sig í geymslukompunni (bakherberginu).

Varðandi sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru þessar upplýsingar:

a) Við samprófun vitnisins og ákærða hinn 16. maí s.l. var vitninu sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Þekkti vitnið þar þau herbergi, sem það gat þekkt samkvæmt fyrri framburði þess, en kannaðist ekkert við önnur herbergi, nema stofuna, sem það kveðst hafa séð inn í úr skrifstofunni, en þar áttu fyrstu mökin að hafa átt sér stað samkvæmt framburði vitnisins.

b) Framburður S. V., föður G. Þ. S., um, hvernig hann hafi komizt að sambandi sonar síns og ákærða, peninga og vindlingapakka, sem drengurinn hafði eignazt og gat bent á, vafninga þá, sem á því voru í upphafi, að hann segði föður sínum sögu sína, og upplýsingar S. V. um tíðan og stundum bráðan niðurgang drengsins á því tímabili, sem mök ákærða við hann áttu að eiga sér stað.

c) Framburður drengsins G. G. um, að hann hafi einu sinni horft á, er ákærði stóð fyrir aftan G. Þ. S. niðurleystan, og var þá allt á hreyfingu (sjá næsta kafla).

5. Mök við drenginn G. G.

G. G. er fæddur 11. október 1946.

Frásögn G. G. er mjög á sömu lund og frásögn G. Þ. S., enda hafa þeir samkvæmt framburðum beggja oftast farið saman til ákærða, en hann þá venjulega haft mök við annan þeirra. G. G. kveður fyrstu mök ákærða við sig hafa átt sér stað í fyrstu sameiginlegu ferð þeirra leikbræðra til ákærða, og kveðst hann hafa farið inn, eftir að G. Þ. S. hafði verið þar. Þá kveður hann ákærða hafa kysst sig á munninn og síðan hafa komið aftan að sér og ýtt þar eitthvað á sig. Eftir þetta kveðst G. G. hafa komið nokkrum sinnum til ákærða, og ákærði þá leyst niður um hann og stungið getnaðarlim sínum í rass honum og hreyft sig. Kveður hann ákærða hafa lofað sér 50 króna greiðslu fyrir mökin, en

hann aldrei látið nema 10 krónur. Hann kveður ákærða hafa notað smyrsli og þurrkað þau af á eftir. Oftast kveður G. G. mök ákærða við hann hafa skeð í verzlunartíma fyrir ólæstri búð, en einu sinni hafi ákærði læst. Hann kveður mökin ýmist hafa átt sér stað í skrifstofuherbergi eða geymslukompu. Niðurgang kveðst hann oftast hafa fengið eftir mökin. Vitnið G. G. hefur skýrt frá því, að það hafi horft á ákærða hafa mök við G. Þ. S. í eitt skipti og hafi það þá verið í bakherberginu (c), en ákærði og G. Þ. S. í milliganginum við ölkassana. Kveðst vitnið hafa gengið til hliðar og kíkt.

Um sannleiksgildi framburðar vitnisins G. G. eru þessar upplýsingar:

a) Við samprófun vitnisins og ákærða kveðst ákærði aldrei hafa séð þetta vitni (G. G.). Eftir þá staðhæfingu ákærða var vitninu sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Gat vitnið þá skýrt frá allri húsaskipun í húsi ákærða. Einnig gat vitnið skýrt frá, hvar legubekkur sá stæði í skrifstofu ákærða, sem það taldi ákærða hafa haft mök við sig í.

b) Framburður G. G. um, að ákærði hafi í eitt skipti, er þeir áttu mök saman, látið hann (G. G.) standa uppi á poka bak við geymsluhurðina. Á myndinni til vinstri á dskj. nr. 9 sést í hálffullan poka. Eins og segir í a-lið, kveðst ákærði aldrei hafa séð þetta vitni.

c) Vitnisburður foreldra G. G. um samtöl þeirra við drenginn, eftir að þau fengu grun eða vitneskju um samband hans við ákærða. Samkvæmt framburði móður G. G., K. K., skýrði drengurinn í fyrstu frá kynnum sínum af ákærða, en er að því var komið, að ákærði hafði mök við drengina, kvaðst hann ekki geta sagt meira, en síðan hafi smátt og smátt hafzt meira upp úr honum um atburði, þar til þeim foreldrum hans var ljóst, að um fullkomin homosexuel mök hafði verið að ræða. Samkvæmt framburðum beggja foreldra G. G., var hann í aprílmánuði s. l. nokkrum sinnum með niðurgang. Framburðir þeirra beggja eru samhljóða um, að drengurinn hafi sýnilega haft mikinn viðbjóð á því, sem skeð hefði, og hafi hann af þeirri orsök átt mjög erfitt að skýra frá málavöxtum.

6. Mök við K. H.

K. H. er fæddur 20. maí 1944.

Hann hefur skýrt frá því, að á s. l. hausti (1955) hafi hann komið í verzlun til ákærða eftir lokunartíma og beðið hann að selja sér sælgæti. Hafi ákærði, sem var utanhúss, er þeir hittust,

játað því, en er inn var komið, hafi ákærði gefið honum sælgæti og 5 krónur, en síðan tekið utan um kviðarhol hans og nuggað sér upp við hann að aftanverðu. Kveðst hann hafa fundið fyrir hörðum getnaðarlim ákærða við rasskinn sína, en hvorugur hafi verið niðurleystur.

Um sannleiksgildi framburðar K. H. eru þessar upplýsingar:

a) K. H. kvaðst strax hafa sagt frá atburðinum heima hjá sér og mundi, að þetta hefði skeð, er slátursuða átti sér stað á heimili hans. Systir K. H., G. H., hefur staðfest, að hann hafi skýrt frá þessu heima hjá sér og einnig tímann, sem það hafi skeð á. Félagi K. H., H. V. K., sem talinn er hafa beðið utan verzlunarinnar, er atburður þessi átti sér stað, hefur staðfest það og jafnframt, að K. H. hafi þá þegar, er út kom, sagt frá, að ákærði hefði gefið honum sælgæti og peninga og leitað á hann, en nokkuð ber á milli um orðaskipti, þar sem K. H. telur sig hafa sagt H. K. V., að ákærði hefði tekið sig, en H. K. V. telur K. H. hafa sagt, að ákærði hefði kysst hann.

b) Við samprófun K. H. við ákærða 16. maí s. l. neitaði ákærði að hafa nokkurn tíma séð K. H. Eftir þá neitun ákærða var K. H. sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8, og gat hann þá bent á herbergi þau, sem framburður hans varðaði, en þekkti ekki aðrar vistarverur, nema brauðabúð og geymslu, er hann kvaðst hafa komið í áður hjá fyrri eiganda.

7. Mök við H. F.

H. F. er fæddur 19. nóvember 1944.

Hann kveður ákærða oft hafa kysst sig og gefið sér sælgæti, en einu sinni fyrir jólin 1955 hafi ákærði fengið hann með sér inn í gömlu mjólkurbúðina og tekið höndum utan um kviðarhol hans og nuddað sér upp við rass hans að aftan. Hann kveður þá báða hafa verið í buxum, en kveðst greinilega hafa fundið fyrir hörðum getnaðarlim ákærða. Fyrir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur.

Um sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru engar sérstakar upplýsingar.

Ákærði hefur staðfastlega neitað öllum ásökunum, sem felast í framangreindum framburðum, svo og öllum öðrum framburðum málsins, þar sem hann er borinn þeim sökum, sem í ákæruskjölum greinir. Hann neitar algerlega, að hann sé kynvilltur. Hann kveðst þekkja vitnið Þ. S., en framburðir þess séu tilhæfulaus ósannindi. Framburði K. Á. kveður hann einnig ranga. Hann kveðst kannast við vitnið L. L., en frásögn þess sé tilhæfulaus

lýgi. Hann kveðst kannast við vitnið G. Þ. S., en kveður framburði þess með öllu ósanna. Hann kveðst aldrei hafa séð vitnið G. G. og séu framburðir þess tilhæfulaus lýgi. Hann kveðst ekki kannast við vitnið K. H. og ekki minnast að hafa séð það. Framburðir þess séu tilhæfulaus uppspuni. Vitnið H. F. kveðst ákærði aðeins einu sinni hafa séð og sé framburður þess tilhæfulaus uppspuni að öllu leyti.

Verða nú rakin nokkur atriði, sem fram hafa komið við rannsókn málsins, en ekki snerta beinlínis einstök ákæruatriði.

1. Þeir 5 drengir, sem borið hafa, að ákærði hafi rekið getnaðarlim sinn í endaþarma þeirra, hafa verið skoðaðir af Brynjúlfi Dagssyni héraðslækni. Engin meiðsli í endaþörmum þeirra hafa fundizt. Til að geta gert sér grein fyrir þýðingu læknisvottorða um þetta atriði leitaði dómarinn álits vottorðsgjafa. Samkvæmt upplýsingum hans þurfa engin sýnileg merki að vera á endaþörmum drengja á þessum aldri eftir getnaðarlim fullorðins manns.

2. Kynmök við dýr. Í sakadómi Árnessýslu var hinn 7. maí s. l. framkvæmd rannsókn um meint mök ákærða í máli þessu við dýr, er hann var fangi að Litla Hrauni. Samkvæmt framburði Gísla Gíslasonar, fyrrverandi gæzlumanns að Litla Hrauni, kom hann og Marel Þórarinsson, verkstjóri á vinnuhælinu, að ákærða í fjósi vinnuhælisins vorið 1948, þar sem hann var ataður í kúamykju og reyndi að hylja sig með strigasvuntu. Vitnið kveður Marel, sem kom inn í fjósið rétt á undan vitninu, hafa sagt því, að ákærði hefði staðið við afturenda kvígu og verið að hafa við hana kynmök. Vitnið kveðst hafa farið með ákærða inn í vinnuhælið og hefði ákærði þar viðurkennt að hafa haft kynmök við kvígu í fjósinu. Í dagbók vinnuhælisins 4. júní 1948 er bókað: „Kl. 2 í dag varð ég þess var, að fanginn Snorri Jónsson fór út í fjós frá vinnu sinni, og gekk ég þá á eftir honum og hitti á hann við samfarir við kvígu eina, er þar var inni. Gísli Gíslason gæzlumaður."

Vitnið Marel Þórarinsson verkstjóri skýrir svo frá atburðum, að það hafi farið á eftir ákærða í fjósið og séð í gegnum gat á vegg, hvar ákærði stóð fyrir aftan kvígu og var með tilburði, sem vitnið gat ekki álitið aðra en þá, að hann væri að hafa samfarir eða kynmök við hana eða reyna það. Vitnið Guðmundur Jónatan Guðmundsson, sem var forstjóri vinnuhælisins 1948, hefur komið hér fyrir dóm. Vitnið kveðst ekki hafa verið heima, er umræddur atburður hafi skeð, en hann hafi borið þetta á ákærða, er hann kom heim, og lokað hann síðan inni fyrir til-

tækið. Vitnið kveðst hafa lagt ákveðna spurningu fyrir ákærða og hafi svar hans við henni og önnur hegðun ákærða í sambandi við atvik þetta falið í sér fulla viðurkenningu á, að hann hefði haft mök við kvíguna, þótt ekki hefði verið lögð fyrir hann bein spurning um það.

Við rannsókn málsins hér fyrir dómi hefur ákærði, jafnframt því sem hann hefur neitað öllum ásökunum um mök við drengi, neitað því, að hann væri kynvilltur. Hann hafði, áður en rannsókn sakadóms Árnessýslu var lögð fram hér fyrir dómi, lýst því yfir, að hann teldi mök við dýr kynvillu, en hefur algerlega neitað því, að hafa haft nein mök við dýr sjálfur.

3. Saga St. M., fædds 14. október 1945.

Upplýst hefur verið með eigin játningu drengsins St. M., að eftir að rannsókn máls þessa hófst og eftir að hann frétti, að ákærði væri kominn í fangelsi (gæzluvarðhald), hafi hann búið til sögu um, að faðir hans hefði kært ákærða og fyrir hans tilverknað væri hann nú kominn í fangelsi. Kæra föðurins hafi verið vegna maka ákærða við drenginn. Verjandi ákærða hefur lagt nokkuð upp úr atviki þessu í vörn sinni. Hann kveður þetta atvik sýna, að valt sé að treysta framburðum svo ungra vitna, sem flest vitni máls þessa eru. Rétt þykir af þessu tilefni að bera atvik þetta að nokkru saman við vitnaframburði í málinu. Vitni þau, sem borið hafa um mök ákærða við þau, hafa verið yfirheyrð í sakadómi eftir að hafa hlýtt á alvarlegar áminningarræður dómarans og formanns barnaverndarnefndar, sem jafnframt er sóknarprestur þeirra. Áminningarræðurnar beindust ekki síður að því að fyrirbyggja ýkjur en því gagnstæða. Fyrstu vitnin í málinu, sem áður höfðu verið yfirheyrð alvarlega af foreldrum þeirra, gátu tæpast stunið sögum sínum upp sökum feimni og sýnilegs viðbjóðs á verknaðinum. Saga St. M. er búin til, eftir að rannsókn máls þessa hófst, og hún, ásamt atburðum þeim, sem hún fjallar um, komust í hámæli. Drengurinn segir jafnöldrum sínum söguna, að því er virðist, til að eigna föður sínum heiður af verki, sem drengnum hefur sýnilega þótt nokkurs um vert, en strax og drengurinn kemur í sakadóm og honum hefur verið skýrt frá þýðingu framburðar í dómi, skýrir hann frá því, að sagan sé tilbúin. Verður ekki talið rétt að leiða af atviki þessu neina andsönnun gegn öðrum framburðum vitna í málinu.

4. Í framburðum drengjanna G. G. og G. Þ. S. kom fram, að ákærði hafði þurrkað smyrsli af endaþörmum þeirra í slopp, sem hangið hafði í bakherbergi verzlunarinnar. Þar sem mök ákærða við drengi þessa áttu að hafa farið fram, rétt áður en rannsókn

máls þessa hófst (nokkrum dögum áður), var Rannsóknarstofu Háskólans falið að rannsaka sloppinn. Við þá rannsókn kom í ljós, að á honum var mikið af brúnleitum blettum, misdökkum og misstórum. Margir blettanna reyndust blóðblettir, en aðrir ekki. Hvergi fannst greinilegur saur eða spermatozoa. Niðurstaða rannsóknar þessarar þykir því hvorki staðfesta né hrinda frásögnum vitnanna G. G. og G. Þ. S. um notkun sloppsins til að þurrka af endaþörmum þeirra.

5. Í sambandi við leit að meintum félaga ákærða, er talinn er hafa átt mök við drenginn Þ. S., hefur S. T. verið yfirheyrður. Hann viðurkennir vafningslaust, að hann væri kynvilltur, en kvaðst aldrei hafa haft mök við börn. Hann kvaðst vita, að ákærði í máli þessu væri kynvilltur, þótt þeir hefðu ekki átt mök saman. Hann kveður ákærða hafa sagt sér, að hann væri homosexuel, en aldrei kveðst hann hafa séð til hans við homosexuel mök.

6. Hinn 16. júní s.l. var í sakadómi Kópavogs úrskurðuð geðheilbrigðirannsókn á ákærða. Hann var hinn 19. sama mánaðar lagður inn á Kleppsspítala til rannsóknar, sem framkvæmd var af Þórði Möller lækni. Niðurstaða þeirrar rannsóknar er svohljóðandi:

„Hann er hvorki fáviti né geðveikur, en geðveill og með ótraustar hömlur og jafnvel homosexuel tilhneigingar. Um er að ræða 45 ára gamlan mann, fráskilinn, en búandi með annarri konu fráskilinni. Faðir hans mun hafa komizt eitthvað undir manna hendur. Sjálfur er hann alinn upp, yngstur 8 systkina, á heimili móður sinnar á Grundum í Bolungavík við hið mesta dálæti. 18 ára að aldri flyzt hann ásamt móður sinni og tveimur eldri bræðum til Reykjavíkur, og hann er settur til mennta. Hann lýkur gagnfræðaprófi með sæmilegum árangri eftir hætti, en ekki verður úr frekara námi. Hann er svo í þjónustu annarra næstu árin, en virðist yfirleitt koma sér vil. 1937 stofnar hann iðnfyrirtæki ásamt nokkrum öðrum og gekk sæmilega að sögn. Seldi hann sinn hlut eftir tvö ár og stofnaði annað iðnfyrirtæki með tveimur öðrum og veitti forstöðu saumastofu þess. Mun það hafa gengið mjög vel, en var svo lagt niður eftir stríð af ótta við samkeppni við innfluttar vörur. Við uppgjörið kom í ljós einhver minni háttar fjáróreiða hjá honum, sem þó var ekki gert neitt veður út af og alveg látin niður falla. Gekk hann svo inn í heildsölu með öðrum, innflutningsverzlun, árið 1946. Það ár reyndist hann viðriðinn brunamálið á Akranesi og hlaut dóm fyrir Hæstarétti 2 árum síðar, 1948, fyrir vátryggingasvik og skjalafals, átta ár. Um þetta leyti eða nokkru áður skildi hann við konu sína, sem hann

hafði kvænzt 1940 og átt með tvö börn. Hafa þau ekki talazt við síðan. Á vinnuhælinu að Litla Hrauni þóttu sannast á hann kynmök við dýr, og neitaði hann því ekki, er það var á hann borið, og sætti möglunarlaust innilokun um nokkurn tíma þess vegna. Að öðru leyti virðist hann hafa komið sér vel þar eystra. Sat hann þar af sér helming dómsins, en fékk síðari helminginn eftir gefinn. Eftir það var um 1 ár, sem hann starfaði ekki, en síðan vann hann fyrst í Vestmannaeyjum og síðar á Keflavíkurflugvelli. Í fyrravor kaupir hann svo verzlun í Kópavogi og hefur rekið hana síðan. Hefur hann síðan 1952 búið með fráskilinni konu. Verzlunin gengur allvel. Snorri er nú undir kæru fyrir homosexuel afbrot gegn nokkrum unglingsdrengjum þar syðra, en þverneitar öllum ákærum sem hinni mestu fjarstæðu, telur sig vart hafa séð flesta drengjanna, sem um ræðir, og telur þetta allt persónulega ofsókn. Er ekkert lát á honum í þeim efnum.

Í fari og ferli Snorra rekst maður á ýmislegt, sem bendir til geðveilu og hugsanlega til homosexuel tilhneiginga. Heilarit og hormónrannsóknir styðja þann grun, þó ekki nægi til að því verði slegið föstu, að hann verði talinn homosexuel að eðli til, heldur að maður verði að láta sér nægja að telja hann geðveilan og með lélegar hömlur, einnig að því er við kemur sexuel tilhneigingum.

Ekkert finnst við rannsóknina, er ætti að gera að verkum, að maðurinn teljist ósakhæfur."

7. Auk framburða vitna þeirra, sem greint hefur verið frá, hafa allmargir drengir verið kvaddir fyrir dóm til vitnisburðar, en fram hefur komið, að þeir hafi engin mök átt við ákærða. Ekki þykir ástæða til að rekja framburði þeirra sérstaklega, þar sem afskiptaleysi ákærða af þessum unglingum þykir hvorki sanna til né frá um afskipti hans af öðrum. Rétt er þó að geta sérstaklega framburða 2 sendla ákærða, sem hafa alllengi verið í þjónustu hans, en samkvæmt þeim hefur ákærði aldrei leitað á þá til fylgilags við sig, en báðir telja hann koma einkennilega fram við aðra drengi. Í málinu hafa og komið fram ýmsar upplýsnigar um óvenjulegar tiltektir ákærða, svo sem einkennileg handabönd, blikk, pikk o. fl., sem ekki þykir ástæða til að rekja ýtarlega.

Samkvæmt ákæruskjali 20/7 1956 (I. og II.) er ákærði ákærður:

1. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn Þ. S. tvívegis haustið 1955 og um jólaleytið það ár og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði Þ. S., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, er að framan greinir, þykir þrátt fyrir neitun ákærða ekki varhugavert að telja sannað, að

ákærði hafi haft þau mök við Þ. S., sem greind eru í ákæruskjali, þ. e. að hafa tvívegis haft við hann fullkomin homosexuel mök (í ákæruskjali nefnt samræði) og einu sinni þuklað rass hans. Í ákæruskjali eru síðustu mökin talin hafa átt sér stað um jólaleytið árið 1955. Samkvæmt framburði Þ. S. áttu mökin sér stað fyrir jól 1955, en hvenær man hann ekki. Við samanburð á framburðum Þ. S. og Vigfúsar Vals Ásgeirssonar um byssuna, sem Þ. S. er viss um, að hafi verið í herbergi því, sem brotið hafi verið framið í, virðist þetta hafa skeð eigi síðar en 20. nóvember 1955. Ekki verður talinn vafi á, við hvaða brot sé átt í ákæruskjali, þótt tími sé að öllum líkindum rangt tilgreindur þar. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951 þykir því mega dæma um þetta ákæruatriði, þótt tími geti verið rangt tilgreindur í ákæruskjali. Með hinum fullkomnu homosexuellu mökum við Þ. S. þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

Með þukli sínu á rassi Þ. S. þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við sömu lagagrein. Hann er ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga fyrir háttsemi þessa. Þar sem Þ. S. er undir 14 ára aldri, er brot er framið, þykir samkvæmt heimild 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951 rétt að heimfæra brotið undir 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga.

2. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn K. Á. um jólaleytið 1955 eða nokkru fyrr.

Samkvæmt framburði K. Á., sem að framan er lýst, studdum þeim rökum, sérstökum og almennum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi haft þau mök við K. Á., sem í ákæruskjali er lýst. Með þeim þykir hann hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

3. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn L. L., a. m. k. þrívegis, nauðugan um jólaleytið 1955 og auk þess fyrir að hafa haft við hann önnur kynferðismök.

Samkvæmt framburði L. L., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi nokkrum sinnum kysst L. L. í andlitið og þrisvar sinnum haft við hann fullkomin homosexuel mök (samræði samkvæmt ákæruskjali), þar af í eitt skipti nauðugan. Með athæfi sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga og sbr. 194. gr. sömu laga, að því er þau mök varðar, er L. L. var tekinn nauðugur.

4. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn G. Þ. S. þrátt fyrir mótmæli hans í nokkur skipti vorið 1956 og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði G. Þ. S., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi tvisvar sinnum kysst G. Þ. S. og nuddað sér upp við hann og að hann hafi í nokkur skipti vorið 1956 haft við hann fullkomin homosexuel mök. Með þessu athæfi sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

5. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn G. G. í allmörg skipti s.l. vor og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði G. G., studdum þeim rökum, sem að framan er lýst, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi á s.l. vori einu sinni kysst G. G. og nuddað sér upp við hann og að hann hafi síðar í allmörg skipti haft við hann fullkomin homosexuel mök. Þykir ákærði með þessu athæfi hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

6. fyrir að hafa haustið 1955 haft kynferðismök við drenginn K. H.

Samkvæmt framburði K. H., sem lýst er að framan, studdum öðrum rökum máls þessa, almennum og sérstökum, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði, þrátt fyrir neitun hans, hafi haustið 1955 nuddað sér upp við K. H. Brot þetta þykir varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

7. fyrir að hafa á sama tíma haft kynferðismök við H. F.

Ekki þykir varhugavert að telja sannað af framburði H. F. og almennum rökum, sem fram hafa komið í máli þessu, að ákærði hafi kysst H. F. og nuddað sér upp við hann einu sinni haustið eða veturinn 1955. Brot þessi þykja varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

III. Tilraun til maka við J. G. Á. og J. M.

1. Samkvæmt framburði J. G. Á., sem er fæddur 14. júní 1940, hefur ákærði oft beðið hann að hitta sig og síðast hinn 1. maí s.l. beðið hann að hitta sig í Tjarnarbíói í Reykjavík og koma þar með sér á salerni gegn 200 króna greiðslu. Vitnið J. G. Á. kveður ákærða hafa sagt því, að þeir þyrftu ekki að vera nema 10 mínútur á salerninu, hann ætlaði ekki að gera vitninu neitt illt og

að þetta gerðu margir strákar til að vinna sér inn peninga. Vitnið kveður ákærða áður hafa beðið sig að finna hann einan, en þá hafi hann aldrei lofað meiru en 100 króna greiðslu fyrir. Þá kveður vitnið ákærða tvisvar eða þrisvar hafa reynt að klóra á kynfærum þess. Samkvæmt framburði vitnisins hefur ákærði aldrei sagt því beinlínis, til hvers það ætti að finna hann. Enda þótt vart sé hægt að hugsa sér annan tilgang hjá ákærða með beiðni hans um fund við sig á salerni Tjarnarbíós en kynferðislegan tilgang, verður þó sá vafi, sem á er um tilgang ákærða með beiðnum sínum um fundi með J. G. Á., að koma ákærða til góða og valda sýknun hans af þessu ákæruatriði. Fyrir fálm ákærða að kynfærum vitnisins J. G. Á. hefur ekki verið ákært sérstaklega.

2. Samkvæmt framburði vitnisins J. M., 16 ára, var það sumarið 1955 að kvöldlagi statt í gangi pósthússins í Reykjavík, er maður nokkur, er vitnið ekki þekkti, bauð því í bílferð. Það kveðst vitnið hafa afþakkað. Gekk vitnið síðan á brott, en er það var komið að Aðalstræti, kveður það hinn ókunna mann aftur hafa birzt og beðið vitnið að tala við sig. Töluðust þeir síðan við inni í forstofu húss eins við Veltusund, og kveður vitnið hinn ókunna mann hafa beðið sig að hafa mök við hann. Vitnið kveðst þó hafa neitað þessu, en þá hafi ókunni maðurinn reynt að taka utan um það og varna því útgöngu. Vitnið kveðst þó hafa sloppið og hlaupið beina leið á lögreglustöðina, en ekki tókst að hafa upp á manninum. Nokkrum dögum síðar kveðst vitnið hafa séð ókunna manninn í fyrirtæki því, sem það vann í, og hittist þá svo á, að samstarfsmaður vitnisins, sem það spurði um, hver maðurinn væri, var úr Kópavogi og þekkti manninn, sem er ákærði í máli þessu. Samstarfsmaður vitnisins hefur í dómi staðfest þenna hluta framburðar þess og að vitnið hafi þá strax sagt söguna um viðskipti þess og ákærða.

Ekki þykir varhugavert með hliðsjón af öðrum atriðum máls þessa að telja sannað með síðastgreindum framburðum, að ákærði hafi í ofangreint skipti gert tilraun til maka við J. M. Það athæfi hans þykir varða við 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

IV. Særð blygðunarsemi H. S. og G. Ó.

1. Samkvæmt framburði vitnisins H. S., 16 ára, kveðst það oft hafa komið í búð til ákærða og lengi vel einskis óeðlilegs orðið vart. Sumarið 1954 kveðst vitnið hafa farið í búð til ákærða til að kaupa. Hafi þeir verið tveir einir í mjólkurbúð ákærða, og hafi hann þá reynt að teygja sig yfir afgreiðsluborðið til að þukla á getnaðarlim vitnisins, meðan það stóð fyrir framan borðið og

drakk úr coca cola flösku, er ákærði hafði gefið því. Síðar sama dag kveðst vitnið aftur hafa átt erindi í búð til ákærða, og hafi hann þá aftur reynt að þukla í nára vitnisins. Vitnið D. E. J., 13 ára, sem var sendill hjá ákærða og ber honum vel söguna, hefur staðfest, að H. S. hafi farið til ákærða í umrætt skipti og að ákærði hafi þá læst hurð á herbergi því, er þeir fóru inn í saman. Ekki þykir varhugavert í ljósi annarra staðreynda máls þessa að telja framangreinda háttsemi ákærða sannaða.

2. Samkvæmt framburði vitnisins G. Ó., f. 22. júní 1939, kveðst það sumarið 1954 hafa komið í búð til ákærða. Hafi ákærði þá, eftir að hann hafi læst verzluninni, gefið vitninu súkkulaði, en síðan farið að þukla vitnið og stjaka á nára og maga þess, en jafnframt spurt það, hvar það ætti heima. Fannst vitninu sem ákærða brygði við þær upplýsingar, og taldi vitnið, að það væri vegna þess, að foreldrar þess væru viðskiptamenn ákærða. Varð þá ekki af frekari aðgerðum af hálfu ákærða, en hann óskaði eftir fundi við vitnið síðar. Vitnið kveður ákærða hafa gefið því 5 krónur, um leið og það fór út úr verzluninni. Samkvæmt framangreindum framburði G. Ó., studdum almennum röksemdum máls þessa, þykir ekki varhugavert að telja síðastgreinda háttsemi ákærða sannaða.

Með brotum þeim, sem þessi liður (IV) fjallar um, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 209. gr. hegningarlaganna.

V. Særð blygðunarsemi G. K., 8 ára.

Samkvæmt framburði vitnisins K. V. J. barst því til eyrna upp úr s.l. áramótum, að G. K. dóttir þess hefði farið ein inn í búð ákærða. Vitnið og kona þess, L. H., töluðu við telpuna, og skýrði hún þá frá því, að hún hefði farið til ákærða og leyst þar niður um sig buxurnar, en fyrir það hefði ákærði gefið henni sælgæti. Hafi ákærði síðan skoðað hana að neðan, en ekki gert annað og leyft henni síðan að fara. Móðir telpunnar, L. H., hefur komið fyrir dóm. Hún hefur skýrt á sama hátt frá sögu telpunnar og faðir hennar, K. V. J. L. H. kveðst hafa skoðað telpuna og gengið úr skugga um, að hún hafi ekki orðið fyrir líkamsspjöllum. Telpan hefur ekki komið í dóm, þar sem foreldrar hennar hafa talið yfirheyrslu þýðingarlausa vegna skilningsleysis hennar á því, hvað gerzt hefði.

Ekki þykir fært að sakfella ákærða fyrir þetta ákæruatriði samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þykir ekki hjá því komizt að hafa í huga, að engar aðrar upplýsingar hafa komið fram um misferli ákærða við stúlkubörn.

Ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

B.

I. Tilraun til maka við Á. Þ. og særð blygðunarsemi hans.

Á. Þ. er fæddur 17. júní 1941. Samkvæmt framburði vitnisins Á. Þ. hefur ákærði leitað á vitnið árið 1954. Vitnið kveður ákærða, er það hélt á hænu fyrir hann, hafa byrjað að káfa á vitninu og reynt að losa um buxur þess, en því tekizt að hindra það. Síðar kveður sama vitni ákærða hafa hlammað sér við hlið þess í strætisvagni og byrjað að káfa á því, en það hafi ýtt ákærða frá, og hann þá hætt. Er litið er á framburð vitnisins Á. Þ. í ljósi annarra staðreynda málsins, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi framið athæfi það, sem vitnið lýsir. Þessi brot ákærða þykja bæði varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Særð blygðunarsemi G. F.

G. F. er fæddur 15. júní 1938. Samkvæmt framburði vitnisins G. F. bauð ákærði vitninu upp í bifreið sumarið 1955. Bifreið þessa kveður vitnið hafa staðið kyrra á Urðarbraut rétt við verzlun ákærða. Þarna kveður vitnið þá hafa ræðzt við, en ákærði hafi síðan farið að þukla vitnið, opnað buxnaklauf þess og þuklað á pung og getnaðarlim vitnisins.

Með framangreindri háttsemi, sem þykir nægjanlega sönnuð með eiðfestum framburði G. F., studdum öðrum almennum rökum máls þessa, hefur ákærði gerzt brotlegur við 209. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Refsing ákærða fyrir öll brot þau, sem hann samkvæmt framanrituðu er sakfelldur fyrir, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Ekki þykir vera skilyrði fyrir hendi til að gæzluvarðhaldsvist ákærða, meðan aðalrannsókn málsins stóð yfir frá 2. maí til 16. júní 1956, komi til frádráttar refsingu. Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 16. júní 1956 þykir hins vegar rétt, að komi til frádráttar refsitíma.

Svipta ber ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun hins skipaða sækjanda, Loga Einarssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00, og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., sem jafnframt hefur verið réttargæzlumaður ákærða í gæzluvarðhaldsvist hans, en þau þykja hæfilega ákveðin kr. 4000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans frá 16. júní 1956.

Hann skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 4000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1956.

Nr. 47/1955. **H/f Kveldúlfur** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigurði Karlssyni og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefst hann þess, að skaðabætur þær og málskostnaður, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði hvort tveggja fært niður að miklum mun. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 12. maí 1955 gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. maí 1955. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 482.712.79 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti hefur eigi verið véfengd niðurstaða héraðsdóms um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda vegna slyss þess,

er í málinu greinir. Er því nú einungis ágreiningur um fjárhæð skaðabóta.

Hinn 12. september 1956 athugaði Bergþór Smári læknir heilsufar gagnáfrýjanda af nýju. Telur læknirinn eigi vera efni til að breyta fyrra örorkumati. Er það því óbreytt 38%.

1. Rétt telst að staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að örorkubætur skuli vera ..	kr.	210.000.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón frá slysdegi 25. ágúst 1951 til 24. september 1952 þykja hæfilegar	—	40.000.00
3. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum metast hæfilegar	—	35.000.00
Samtals	kr.	285.000.00
En frá þeirri fjárhæð dragast áður greiddar	—	2.600.00
Alls	kr.	282.400.00

og ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Kveldúlfur, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Karlssyni, kr. 282.400.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Sigurður Karlsson sjómaður, Dyngjuveg 12, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. febrúar 1953, gegn Kveldúlfi h/f, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 482.712.79, með 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til 1. apríl 1952 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi.

Mál þetta hefur verið rekið fyrir bæjarþinginu með samkomulagi aðilja.

Málsatvik eru þau, að þann 25. ágúst 1951 lá b/v Gyllir, eign stefnda, við bryggju á Hjalteyri við Eyjafjörð vegna síldarlöndunar. Að lokinni löndun voru lestuð kol. Þurfti þá að snúa skipinu, til þess að lestað yrði í kolageymslur bakborðsmegin. Var það verk hafið laust eftir kl. 22.30. Dimmt var af nóttu, en ljós á skipinu og á bryggju og sjólaust. Skömmu áður en byrjað var að snúa skipinu, kom 1. vélstjóri þess á stjórnpall til skipstjórans. Telur skipstjórinn, að vélstjórinn hafi verið undir áhrifum áfengis, en þó eigi meira en svo, að hann hafi talið hann færan um að gegna störfum sínum. Er farið var að snúa skipinu, var skipstjórinn á stjórnpalli, en 1. vélstjóri einn á verði í vélarrúmi. Frammi á hvalbak skipsins voru þeir að störfum 1. stýrimaður og 2 hásetar. Var stefnandi annar þeirra. Skipinu var síðan snúið í hæfilegt horf við bryggjuna og tvær landfestar úr stálvír festar í hana. Var aflvél skipsins síðan látin vinna hægt aftur á bak, en eftir hæfilegan tíma kveðst skipstjórinn hafa gefið skipun í vélarrúmið um að stöðva vélina. Er skipið var orðið ferðlítið, urðu menn þeir, sem á hvalbaknum voru, þess varir, að ferðin aftur á bak jókst mjög skyndilega. Kallaði 1. stýrimaður þá til skipstjórans, að skipið færi hart aftur á bak. Í því slitnuðu báðar landfestarnar, og slóst endi annarrar þeirra í stefnanda, og hlaut hann mjög mikil meiðsl.

Skipstjórinn á b/v Gylli hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er hann gaf skipun í vélarrúmið um að stöðva vél skipsins, hafi fyrsti vélstjóri svarað í vélsímann með stöðvun. Þar sem honum hafi virzt sem ekki hefði náðst nægileg ferð á skipið, hafi hann búið sig undir að gefa á ný skipun um hæga ferð aftur á bak, en áður en til þess kæmi, hafi komið aðvörun frá 1. stýrimanni, og í því hafi slysið orðið. Skipsskrúfan muni hafa verið stöðvuð, er hann leit út eftir slysið. Maður einn, er staddur var hjá skipstjóranum á stjórnpalli skipsins í umrætt sinn, kveðst hafa heyrt, er skipstjórinn hringdi í vélarrúmið að stöðva skyldi vélina. Vera kunni, að skipið hafi stöðvazt sem snöggvast, en síðan hafi það verið sett á nokkuð snögga ferð aftur á bak, án þess að ný fyrirskipun hafi verið gefin. Hann hafi séð, að handfang vélsímans stóð þá á stöðvun. Annar maður, er þarna var á stjórnpallinum, kveðst hafa

séð, að handfang vélsímans hafi staðið á stöðvun, er skipið jók ferðina aftur á bak.

Fyrsti stýrimaður skipsins var á hvalbak þess ásamt stefnanda og þriðja manni. Hefur hann skýrt svo frá, að þeir hásetarnir, er þarna voru, hafi haft landfestarnar sína á hvorum vinduöxli og hafi stefnandi verið við stjórnborðsvinduna. Búið hafi verið að taka allan slaka af festunum og skipið orðið svo til ferðlaust, er skyndilega hafi komið á það mikil ferð aftur á bak. Stefnandi hafi þá verið búinn að bregða sinni landfesti þrisvar um vinduöxulinn. Þegar ferð skipsins hafi aukizt, hafi hann misst brögðin af öxlinum. Festin hafi festst á festarhaldi, bolta í þilfari stjórnborðsmegin, og slitnað, en endinn slegizt í stefnanda og meitt hann.

Háseti sá, er var við bakborðsvinduna, hefur skýrt svo frá, að ferð skipsins aftur á bak hafi komið honum algerlega á óvart, en honum hafi tekizt að hlaupa frá, áður en festin slitnaði.

Fyrsti vélstjóri hefur staðhæft, að hann hafi í umrætt sinn framkvæmt skipanir skipstjórans strax og nákvæmlega, án þess að treysta sér til að skýra nákvæmlega frá einstökum skipunum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er skipið var komið þvert af bryggjunni, hafi honum virzt vélin vera stöðvuð augnablik, en síðan sett á mikla ferð aftur á bak. Allt í einu hafi fyrsti stýrimaður kallað, að skipið væri á fullri ferð aftur á bak, og um leið skipað svo fyrir, að hann skyldi setja eitt bragð til viðbótar um vinduöxulinn til að reyna að draga úr ferð skipsins. Kveðst stefnandi þá hafa gripið í landfestina fyrir aftan sig til að draga hana þannig til og reyna að koma bragði á öxulinn. Allt í einu hafi festin kippzt úr höndum honum og slitnað. Hann hafi skynjað, að endinn myndi lenda á honum miðjum, og því hoppað upp. Endinn á festinni hafi slegizt af miklu afli í vinstra læri hans og hent honum út að handriðinu stjórnborðsmegin. Vöðvarnir á lærinu hafi tætzt í sundur og lærleggurinn brotnað þannig, að fóturinn hafi legið þétt upp með vinstri hliðinni. Svo hafi höggið verið mikið, að er hann lenti á handriðinu, hafi brotnað bein í vinstri hendi og allur handleggurinn upp fyrir öxl marizt.

Vegna þessa atburðar var af ákæruvaldsins hálfu höfðað mál gegn fyrsta vélstjóra skipsins. Með dómi Siglingadóms, upp kveðnum 24. maí 1952, var honum refsað fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við vélstjórnina í umrætt sinn. Hins vegar var ekki talið sannað, að orsök fyrrgreinds slyss hafi verið mistök hans við stjórn vélarinnar, og var hann því sýknaður af refsikröfum af því efni. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að skipstjórnarmenn b/v Gyllis eigi alla sök á slysi þessu. Annað hvort hafi skipstjórinn gefið skipun um að auka ferð skipsins aftur á bak eða vélstjórinn hafi aukið ferðina án skipunar, en slíkt hafi verið algerlega óforsvaranlegt, eins og á stóð. Umræddir skipstjórnarmenn hafi verið í þjónustu stefnda í þetta sinn, og beri stefndi því fébótaábyrgð á tjónverkum þeirra. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á ákvæði 13. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914 til rökstuðnings kröfum sínum, en stefndi hafi með sérstakri yfirlýsingu tekið á sig ótakmarkaða ábyrgð á fébótum til stefnanda, ef til kæmi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ósannað sé, að slys þetta hafi orðið fyrir mistök skipstjórnarmanna b/v Gyllis. Í málinu hafi ekkert komið fram, er sanni, að skipstjórinn eigi hér nokkra sök, og 1. vélstjóri hafi einmitt verið sýknaður af refsikröfu, vegna þess að talið hafi verið ósannað, að hann ætti sök á slysinu. Komi því ekki til mála að telja stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi hafi beðið af slysi þessu.

Eins og af framangreindu er ljóst, verður að telja orsök slyss þessa þá, að hraði skipsins aftur á bak jókst skyndilega, en það hlýtur að hafa stafað af því, að vél skipsins hefur verið látin vinna aftur á bak. Það er að vísu ósannað í málinu, hvort skipstjórinn gaf fyrirskipun um slíka hraðaaukningu eða vélstjórinn gerði slíkt án skipunar, en ekki verður séð, að það skipti máli í þessu sambandi. Umrædd hraðaaukning var óforsvaranleg, eins og á stóð, og þar sem hún hlýtur að hafa orðið vegna mistaka skipstjórnarmanna skipsins, verður að telja, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, en ekki verður séð, að stefnandi sjálfur eigi hér nokkra sök.

Stefnandi sundurliðar þannig kröfu sína:

1. Örorkubætur	kr.	393.507.34
2. Bætur fyrir atvinnutjón	—	41.805.45
3. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
	Kr.	485.312.79

Frá þessu fé beri að draga kr. 2600.00, sem stefndi hafi þegar greitt, og kemur þannig fram stefnukrafan, kr. 482.712.79. Stefndi hefur krafizt þess, að við ákvörðun bóta verði beitt ákvæðum 225. gr. siglingalaganna, en í síðasta málslið 1. mgr. hennar segir,

að hvorki bætur fyrir mannsbana af árekstri skipa eða fyrir líkamstjón megi fara fram úr kr. 4200.00.

Stefnandi hefur mótmælt því, að nokkurt tillit beri að taka til ákvæðis þessa, enda sé það úrelt og úr gildi fallið vegna síðari tíma réttarþróunar og réttarvenju og eigi auk þess einungis við, ef slys verður við árekstur skipa.

Þegar siglingalögin voru sett, var það talin almenn regla, að bætur fyrir missi fyrirvinnu bæri því aðeins að dæma, að hinn seki hefði orðið valdur að dauða framfærslumanns með refsiverðum hætti, sbr. hegningarlögin frá 1869, 304. gr. Bótaákvæði 225. gr. siglingalaganna voru því rýmri en hin almenna regla. Síðar hefur réttarþróunin stöðugt gengið í þá átt að rýmka fébótaábyrgð eigenda atvinnutækja. Ákvæði 225. gr. siglingalaganna um, að hvorki bætur fyrir missi fyrirvinnu né líkamstjón megi fara fram úr kr. 4200.00 eru komin óbreytt í lögin úr norrænu siglingalögunum, en þar er miðað við verðgildi peninga um 1890. Síðan hafa orðið stórkostlegar breytingar á verðgildi peninga, og kr. 4200.00 eru harla litlar bætur fyrir missi fyrirvinnu eða líkamstjón. Virðist því eðlilegast að telja ákvæði þetta úrelt orðið og dómstólana ekki við það bundna. Með vísan til þessa og þess, að fyrrgreint ákvæði á aðeins við, ef slys verður af árekstri skipa, verður ekki tillit til þess tekið hér.

Rétt þykir að athuga hvern kröfulið stefnanda fyrir sig.

Um 1. Eins og áður getur, hlaut stefnandi opið brot á vinstra lærlegg auk fleiri meiðsla. Strax eftir slysið mæddi hann mjög blóðrás, en þó tókst fljótlega að stöðva blóðrennslið. Læknir var fenginn frá Akureyri, og kom hann eftir rúma klukkustund. Var gert að meiðslum stefnanda til bráðabirgða og hann síðan fluttur til Akureyrar á sjúkrahús. Rannsókn á sjúkrahúsinu leiddi í ljós, að stefnandi hafði hlotið opið beinbrot á vinstra lærlegg, og stóð efri brotendinn út í gegnum fötin. Allir vöðvar framan á lærinu höfðu kramizt í sundur, og innan við og ofan til við aðalsárið voru smágöt á hörundinu. Allur vinstri handleggur var blár og marinn, og V. handarbaksleggur reyndist brotinn rétt ofan við hnúann. Gert var að meiðslum stefnanda, og lá hann síðan á sjúkrahúsinu um 13 vikna skeið, en fór þá til Reykjavíkur. Lá hann þar á sjúkrahúsi frá 1. desember 1951 til 24. desember 1951. Voru brotin tvisvar brotin upp til að reyna að laga skekkju á brotendunum. Enn lá stefnandi á sjúkrahúsi frá 8. til 21. febrúar 1952. Eftir það hefur stefnandi verið heima, en undir læknishendi. Þann 15. september 1952 skoðaði Bergþór Smári læknir stefnanda og mat

örorku hans. Segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 24. september 1952:

„Skoðun 15. sept. 1952. Vinstri ganglimur: Talsvert vantar af musculus qvadriceps femoris. Er af þeim ástæðum mikil rýrnun á neðsta þriðjung lærsins, einkum utantil, og eru þar mikil ör. Ummál vinstra læris 15 cm ofan efri brúnar hnéskeljar er 35½ cm, en 43 cm á tilsvarandi stað hægra megin. Hreyfing í hnéliðnum (vinstri) er 180/125, það er að segja full rétting (í 180°), en hins vegar beygist liðurinn ekki eðlilega, þar eð heilbrigður maður getur beygt hnéð allt ofan í 30°—35°. Vantar þannig ca 90° í eðlilega beygingu hnéliðarins. Stytting á ganglimnum er ekki mælanleg. Hryggur: Eðlilegur. Við prófun á kröftum í ganglimnum kemur í ljós, að kraftur við réttingu í hnélið (extension) er mikið minnkaður og einnig töluvert minnkaður kraftur við beygingu (flexion). Slasaði gengur dálítið haltur. Vinstri hönd: Missmíði er ekki að finna á miðhandarbeini litlafingurs. Beyging og rétting í fingurliðunum sæmilega góð, en slasaði virðist þó ekki hafa haft fullt vald yfir fingrinum, og kraftur í honum er talsvert minnkaður.

Niðurstaða: Slasaði hefur hlotið allmikil örkuml, er töluvert af lærvöðvum v. megin hefur tætzt burtu og kraftur í ganglimnum þar með mikið minnkaður, og auk þess er til mikils baga, að hreyfing í hnéliðnum sömu megin er miklu minni en eðlilegt er. Auk þess hefur slasaði hlotið minni háttar örkuml á litlafingri vinstri handar.

Þar sem ekki er talið líklegt, að ástand slasaða breytist til batnaðar frá því, sem orðið er, telst tímabært að meta varanlega örorku hans vegna slyssins 25. ágúst 1951, og telst hún hæfilega metin 38%."

Sami læknir skoðaði stefnanda þann 15. júní 1954, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 19. s. m.:

„Skoðun 15. júní 1954: Ástand vinstri ganglims virðist óbreytt frá því, sem lýst er í örorkumatinu frá 24. sept. '52, nema að því leyti að nú beygist hnéð betur eða ofan í 70°, en hins vegar er meiri tilkenning nú í hnéliðnum en áður var.

Hryggur: Talsverð hryggskekkja í mjóbaki og bólga í mjóbaksvöðvum. Kvartar slasaði um tilkenningu, er hann beygir sig niður og réttir úr sér. Vinstri hönd er óbreytt.

Niðurstaða: Í heild sinni má telja, að ástand slasaða sé óbreytt frá því, sem var við nefnt örorkumat. Að vísu er hreyfanleiki hnjáliðarins meiri en áður, en tilkenning í liðnum er meiri og óþægindin í hrygg hafa síður en svo minnkað.

Að þessu athuguðu þykir ekki mögulegt að breyta örorkumatinu frá því, sem áður var ákveðið, og telst örorkan hæfilega metin: 38%."

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, er stefnandi hafi beðið af örorku sinni, miðað við fyrrgreint örorkumat. Hinn sérfróði maður lagði til grundvallar meðalkaup undirmanna á togurum, er hann áætlaði kr. 48.778.20 á árinu 1952. Samkvæmt því taldist honum til, að heildarverðmæti örorkutjóns stefnanda, miðað við 24. september 1952, hefði numið kr. 332.883.00. Reikningur þessi er byggður á 4% ársvöxtum, en ekki tekið tillit til hugsanlegs atvinnuleysis. Taldi hinn sérfróði maður, að hæfilegt myndi vera að lækka fyrrgreinda tölu um 10% til 20% með hliðsjón af því.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið fær stefnandi þannig fram, að hann hefur lagt til grundvallar framangreinda tjónsáætlun, kr. 332.883.00, en bætt þar við kr. 100.000.00, vegna þess að hann kveðst hafa ákveðið, áður en hann meiddist, að fara í stýrimannaskólann og ljúka skipstjórnarnámi. Ef honum hefði auðnazt það, mundu tekjur hans hafa orðið mun hærri en gert sé ráð fyrir í útreikningum tryggingafræðingsins, og eigi hann rétt á að fá það tjón bætt. Frá þessari fjárhæð, kr. 432.883.00, beri hins vegar að draga kr. 39.375.66, er hann hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kemur þannig út kröfufjárhæðin, kr. 393.507.34.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og sérstaklega því, að hægt sé að reikna með því, að stefnandi hefði haft atvinnu sem yfirmaður á skipum og því tekjur sem slíkur.

Stefnandi var tvítugur að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Hann var ókvæntur og hafði engan á framfæri sínu. Samkvæmt skattaframtölum námu vinnutekjur hans árið 1948 kr. 8.151.00, árið 1949 kr. 13.688.00, árið 1950 kr. 16.854.00, árið 1951 kr. 31.813.00, árið 1952 kr. 7.148.00 og árið 1953 kr. 18.917.00. Ekki er annað fram komið en stefnandi hafi verið heilsuhraustur.

Þegar allt það er virt, er að framan hefur verið rakið, svo og annað það, er hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur til stefnanda umfram það, sem þegar hefur verið greitt, samkvæmt þessum kröfulið kr. 210.000.00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir af fé hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a., sem útreikningur tryggingarfræðingsins er miðaður við.

Um 2. Kröfulið þenna fær stefnandi þannig fram, að hann telur, að ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, hefðu atvinnutekjur hans

frá slysdegi til 24. september 1952 numið kr. 51.719.85, ef miðað sé við meðaltekjur undirmanna á togurum þenna tíma. Frá þessari fjárhæð beri að draga kr. 5.796.00, er hann hafi fengið greiddar sem dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 4.118.40, sem hann hafi unnið sér inn á þessu tímabili. Kemur þannig fram krafa hans, kr. 41.805.45.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og bent á, að ef stefnandi hefði farið til náms um haustið 1951, hefði hann ekki haft neinar tekjur allan veturinn.

Þegar allt það er virt, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 32.000.00.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og hvernig þau höfðust við. Þegar það er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 25.000.00.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda alls kr. 267.000.00 (210.000.00 + 32.000.00 + 25.000.00), en frá því ber að draga þær kr. 2.600.00, er stefndi hefur þegar greitt stefnanda.

Stefndi verður því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 264.400.00.

Að því er vexti varðar, þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnanda og talið, að vexti beri aðeins að reikna frá stefnudegi. Eftir málavöxtum öllum þykir verða að ákveða ársvexti 6% og telja þá frá 24. september 1952.

Eftir þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kveldúlfur h/f, greiði stefnanda, Sigurði Karlssyni, kr. 264.400.00 með 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1956.

Nr. 32/1956. **Ákæruvaldið**
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Stefáni Guðlaugi Runólfssyni
(Sigurður Reynir Pétursson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Theodór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að skilorðstími ákveðst 2 ár frá uppsögu héraðsdóms.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að skilorðstími sé 2 ár frá uppsögu héraðsdóms.

Ákærði, Stefán Guðlaugur Runólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 25. ágúst 1955 af Dómsmálaráðuneytinu, gegn Stefáni Guðlaugi Runólfssyni verkstjóra, Skólaveg 8, Vestmannaeyjum, fyrir brot á 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 aðallega, en til vara fyrir brot á 219. gr. sömu laga, „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. maí s.l. ráðizt á Þór Ástþórsson rafvirkja, til heimilis í Vestmannaeyjum, á Vestmannabraut þar með þeim afleiðingum, að Þór öklabrotnaði á vinstra fæti."

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 10. september 1933 og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Laugardagskvöldið 7. maí s. l. var haldinn dansleikur í Samkomuhúsi Vestmannaeyja. Að loknum dansleiknum kl. 2,00 kom til átaka milli Þórs Ástþórssonar rafvirkja og ákærða, Stefáns Guðlaugs Runólfssonar. Í átökum þessum felldi ákærði Þór í götuna og lá ofan á honum nokkra stund. Við fallið kveðst Þór hafa fundið til mikils sársauka í vinstra fæti. Ákærði stóð síðan upp og hélt áfram vestur Vestmannabraut, en félagar Þórs reistu hann á fætur. Þór elti ákærða síðan nokkurn spöl, og tókust þeir á, er Þór náði honum, en voru fljótlega skildir, og fór ákærði síðan burtu. Þór kvartaði mjög um meiðsli í vinstra fæti og gat ekki stigið í fótinn. Lögregluþjónar voru nú komnir á vettvang, og óku þeir Þór upp á lögreglustöð. Var Einar Guttormsson læknir sóttur, og athugaði hann meiðsli Þórs og bjó um fótinn. Samkvæmt vottorði læknisins voru hrumlur framan á ökla vinstri fótar og bólga ofan ytri öklans (malleolus externus sinist.), ca. 8x6 cm að stærð. Röntgenmynd, tekin af vinstri ökla daginn eftir að Þór slasaðist, sýndi skábrot í sperrileggnum (fibula sin.), rétt ofan öklans (malleolus externus sin.). Þá var húðskráma vinstra megin á enni Þórs, ca 6x5 cm að stærð.

Ákærða og vitni greinir allmjög á í framburðum sínum, og skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum.

Þór Ástþórsson skýrir svo frá, að hann hafi verið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja laugardagskvöldið 7. maí s. l. Dansleiknum lauk kl. 2,00, og fór Þór þá út og gekk vestur Vestmannabraut með tveimur félögum sínum, þeim Hilmi Hinrikssyni og Úlfari Guðjónssyni, sem báðir eiga heima í Reykjavík. Hjá húsinu Vestmannabraut 27 mættu þeir félagar manni að nafni Kristbjörn Árnason frá Húsavík, en Þór kveðst hafa kannazt við hann í sjón. Segir Þór, að Kristbjörn hafi farið að senda sér tóninn, og lentu þeir í orðasennu og hreyttu illyrðum hvor til annars. Lauk orðakasti þeirra með því, að þeir fóru að tuskast, en hættu því fljótlega að sögn Þórs. Kveðst Þór hafa

staðið á miðri götunni og verið að tala við Kristbjörn, þegar maður, sem reyndist vera ákærði, hljóp allt í einu upp á bakið á honum, tók hann haustaki og snéri hann síðan niður í götuna. Þegar ákærði hljóp upp á bakið á Þór, kveðst hann hafa hnotið við, og barzt leikurinn yfir að gangstéttinni sunnan megin götunnar, og þar féll hann í götuna við gangstéttarbrúnina. Þór kveður ákærða hafa hent sér ofan á sig um leið og Þór féll, og hélt ákærði honum stöðugt með haustaki. Þór kveðst ekkert viðnám hafa getað veitt, enda hafa fundið strax, að eitthvað var að vinstra fæti hans. Bað Þór ákærða að sleppa sér, þar eð hann væri hræddur um að hafa fótbrotnað, og segir Þór, að ákærði hafi ekki sinnt þessu fyrst í stað, en haldið áfram að þjarma að honum. Félagar Þórs reyndu að taka ákærða ofan af honum, en það tókst ekki. Eftir nokkra stund sleppti ákærði Þór, stóð upp og hélt áfram vestur götuna. Þór kveðst þá hafa risið á fætur og hoppað 2 eða 3 skref, unz hann náði ákærða. Kveðst Þór hafa ætlað að gera upp sakirnar við ákærða. Þegar Þór náði ákærða, segir hann, að ákærði hafi hrint sér, og er Þór ætlaði að bera fyrir sig vinstri fótinn, féll Þór í götuna, en ákærði fór burtu. Þór skýrir svo frá, að þegar ákærði felldi hann í götuna við húsið Vestmannabraut 27, hafi vinstri fótur sinn bögglazt eða snúizt undir sér. Kveðst Þór vera viss um, að hann hafi fótbrotnað við það, að ákærði henti honum til jarðar, enda kveðst hann einmitt hafa fundið til sársauka í fætinum, er hann datt. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið veill í fætinum áður. Er búið hafði verið um meiðsli Þórs, var farið með hann heim. Hann kveðst lengi hafa verið óvinnufær vegna þessara meiðsla. Að eigin sögn var Þór nokkuð undir áhrifum áfengis.

Vitnið Hilmir Hinriksson bifvélavirki, Reykjavík, hefur borið, að það hafi verið á dansleiknum með Þór. Það kveður Þór nokkuð hafa verið undir áhrifum áfengis, en hafa verið rólegan í framkomu. Að dansleiknum loknum gekk vitnið vestur Vestmannabraut með Þór. Vitnið kveður ákærða einnig hafa gengið vestur götuna. Segir vitnið, að ákærði hafi þá allt í einu og án nokkurs tilefnis frá Þór ráðizt aftan að honum óviðbúnum, tekið hann haustaki og skellt honum til jarðar, en við fallið skall annar fótur Þórs í steypta gangstéttarbrúnina. Kveður vitnið ákærða hafa lagzt ofan á Þór og þjarmað frekar að honum án þess að sleppa takinu. Vitnið kveðst hafa reynt ásamt fleirum að taka ákærða frá Þór, og hafi ákærði þá að lokum sleppt honum og farið síðan burt. Vitnið segir, að Þór hafi ekki getað stigið í fótinn.

Vitnið Úlfar Guðjónsson húsgagnabólstrari, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á dansleik með Þór Ástþórssyni. Eftir dansleikinn gekk vitnið vestur Vestmannabraut með Þór. Þar á götunni hittu þeir mann, sem vitnið þekkti ekki. Fóru þeir Þór og maður þessi að talast við. Lauk þeim viðræðum með því, að þeir fóru að rífast, en vitnið gaf deilu þeirra engan gaum. Vitnið segir, að Þór og maður þessi hafi verið staddir milli húsanna Vestmannabraut 25 og 27. Allt í einu kveður vitnið ákærða hafa komið þarna að, ráðizt umsvifalaust á Þór, tekið hann haustaki og skellt honum í götuna. Höfuð Þórs skall í götuna í fallinu. Segir vitnið, að auðséð hafi verið, eftir að Þór féll í götuna, að hann myndi hafa meitt sig mikið á fæti, þar eð hann virtist ekki geta beitt fætinum, og auk þess hafi Þór rekið upp sársaukaóp og sagt, að hann væri fótbrotinn. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki losað takið á Þór, þrátt fyrir beiðni hans og annarra, er þarna voru viðstaddir. Vitnið reyndi ásamt öðrum að taka ákærða ofan af Þór, en þeim tókst það ekki. Að lokum sleppti ákærði takinu af Þór, stóð upp og fór burtu.

Vitnið Hjálmar Þorleifsson rafvirki hefur borið, að það hafi orðið Þór samferða af dansleiknum. Vitnið stanzaði á Vestmannabraut til þess að tala við mann, en Þór hélt áfram vestur götuna. Eftir nokkra stund hélt vitnið áfram og sá þá, hvar Þór lá á götunni móts við húsið Vestmannabraut 27, og var hópur manna umhverfis hann. Einhverjir reistu Þór á fætur, en hann kvartaði um sársauka í öðrum fætinum og hneig niður, þegar hann ætlaði að stíga í fótinn. Vitnið fór þá að ná í bifreið og hitti tvo lögregluþjóna, sem fóru Þór til hjálpar.

Vitnið Helgi Guðlaugsson bifreiðastjóri ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut margnefnda nótt, eftir að dansleiknum lauk. Tók vitnið þá eftir, hvar ákærði og Þór Ástþórsson voru að rísa á fætur, en hópur manna var umhverfis þá. Vitnið segir, að ákærði muni hafa legið ofan á Þór. Nokkru neðar eða fyrir vestan húsið Vestmannabraut 29 segir vitnið, að hafi verið hópur manna, og hljóp Þór þangað, eftir að hann reis á fætur. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa fylgzt með viðureigninni.

Vitnið Engilbert Jóhannsson húsgagnasmiður ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut nefnda nótt. Það kveðst hafa séð álengdar, að tveir menn lágu í rennusteininum sunnan megin götunnar, en margir menn voru umhverfis þá. Er vitnið kom þar að, var verið að reisa Þór á fætur, en hinn maðurinn var farinn, en vitninu var sagt, að það hefði verið ákærði. Þegar búið var að hjálpa Þór á fætur, segir vitnið, að hann hafi gengið um 3 m út

á götuna og til manna, er þar stóðu, og kallað, hvar ákærði væri. Síðan fór vitnið leiðar sinnar.

Vitnið Sigurgeir Kristjánsson lögregluþjónn ber, að það hafi komið að, er Hilmir Hinriksson var ásamt öðrum manni að reisa Þór á fætur á móts við húsið Vestmannabraut 29, nærri eystri enda þess. Fór vitnið svo ásamt Ragnari Helgasyni lögregluþjóni með Þór upp á lögreglustöð, og athugaði læknir þar meiðsli hans, en Þór kvartaði um meiðsli í fæti.

Vitnið Ragnar Helgason lögregluþjónn ber, að það hafi ásamt Sigurgeir Kristjánssyni lögregluþjóni verið að sinna kalli utan úr bæ, er þeir hittu Hjálmar Þorleifsson á götunni, og skýrði hann þeim frá því, að Þór Ástþórsson væri fótbrotinn, og bað Hjálmar lögregluþjónana að koma til aðstoðar. Þegar vitnið kom á vettvang, stóð Þór í annan fótinn á móts við húsið Vestmannabraut 29, en maður studdi hann. Þór skýrði vitninu frá því, að hann væri fótbrotinn af völdum ákærða. Segir vitnið, að Þór hafi liðið mjög illa í fætinum.

Vitnið Sigurgeir Ólafsson skipstjóri ber, að það hafi gengið Vestmannabrautina eftir dansleikinn. Sá vitnið, að á móts við húsið Vestmannabraut 29 voru þeir ákærði og Þór Ástþórsson í einhverju tuski. Kveðst vitnið hafa séð, að ákærði var að dangla með öðrum hnefanum ofan á höfuðið á Þór, og telur, að ákærði hafi einnig haldið í Þór. Vitnið gekk þá til þeirra og fékk ákærða til þess að koma með sér, og fylgdi vitnið ákærða síðan heim á leið.

Vitnið Kristbjörn Árnason sjómaður, Húsavík, skýrir svo frá, að það hafi verið á nefndum dansleik. Eftir dansleikinn hitti vitnið ákærða, og gengu þeir saman einn „rúnt", sem kallað er. Er þeir voru rétt komnir aftur að Samkomuhúsinu, segir vitnið, að Þór Ástþórsson hafi allt í einu ráðizt á vitnið, og tókust þeir þá á vitnið og Þór. Ákærði bað vitnið að láta Þór eiga sig og koma burt með sér. Sleppti vitnið þá Þór, en um leið slangraði hann annarri hendinni til vitnisins, og kom höggið eða strokan framan til á nefið, og fékk vitnið þegar blóðnasir. Vitnið kveður ákærða þá hafa tekið Þór, en það kveðst ekki hafa séð viðureign þeirra, þar sem vitnið fór strax á brott.

Vitnið Finnbogi Friðfinnsson verzlunarmaður ber, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut að loknum dansleiknum ásamt vitninu Sveini Magnússyni. Þegar þeir komu á móts við húsið Vestmannabraut 29, kveðst vitnið hafa séð ákærða fyrir framan nefnt hús á tali við mann. Segist þá vitnið hafa séð, hvar Þór Ástþórsson kom hlaupandi niður Vestmannabraut, og segir vitn-

ið, að hann hafi ætlað að ráðast á ákærða. Þór hafði beygt höfuðið áfram, og sá vitnið, að ákærði sló Þór 3 eða 4 hnefahögg ofan á höfuðið. Sigurgeir Ólafsson kom nú þarna að og skildi þá Þór og ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa séð aðalviðureign þeirra Þórs og ákærða.

Vitnið Sveinn Magnússon ber, að það hafi séð ákærða á tali við mann hjá vestari enda hússins Vestmannbraut 29. Kveðst vitnið þá hafa séð, hvar Þór kom vestur Vestmannabraut á heldur hraðri ferð og fór til ákærða. Segir vitnið, að auðséð hafi verið, að Þór ætlaði að ráðast að ákærða, en áður en af því yrði, kom Sigurgeir Ólafsson til þeirra og kom í veg fyrir handalögmál.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á dansleiknum í Samkomuhúsinu. Hann kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis. Þegar dansleiknum lauk kl. 2,00 um nóttina, kveðst ákærði hafa gengið einn „rúnt" með Kristbirni Árnasyni. Ákærði segir, að á móts við húsið Vestmannabraut 25 hafi verið hópur manna, og þekkti ákærði Þór Ástþórsson í hópnum. Kristbjörn sagðist þurfa að tala við Þór og gekk til hans. Segir ákærði, að þá hafi það ekki skipt neinum togum, að Þór og Kristbjörn lentu í hár saman og fóru að slást. Ákærði kveðst þá hafa farið til þeirra, tekið Kristbjörn og ætlað að fara með hann burtu. Kveður ákærði Þór hafa verið búinn að slá Kristbjörn, svo að hann hafði fengið blóðnasir. Ákærði kveður Þór þá hafa þrifið í Kristbjörn og hafa ætlað að halda átökunum áfram. Segist ákærði þá hafa snúið sér að Þór, gripið í brjóst hans og lagt hann í götuna og sagt um leið við Þór, að hann skyldi jafna um hann, ef Þór léti Kristbjörn ekki í friði. Ákærði lenti ofan á Þór og kveðst hafa legið ofan á honum 1 eða 2 mínútur. Hann kveðst alls ekki hafa tekið haustaki á Þór, en hins vegar hafa haldið honum föstum undir sér. Ákærði segir, að Þór hafi ekkert mælt til sín, og segir, að sér hafi verið ókunnugt um það þá um nóttina, að Þór hefði slasazt, en telur útilokað, að Þór hafi brotnað af hans völdum. Ákærði kveðst fljótlega hafa risið á fætur og haldið áfram vestur Vestmannabraut. Þegar ákærði kveðst hafa verið kominn að húsinu Vestmannabraut 31, segir hann, að Þór hafi komið hlaupandi á eftir sér og ætlað að ráðast á sig. Segir ákærði að vera megi, að hann hafi þá danglað í höfuð Þórs með öðrum hnefanum, en segir, að Sigurgeir Ólafsson hafi gengið á milli, svo að ekki kom til frekari átaka. Ákærði fór síðan burtu með Sigurgeir.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að Þór hafi ekki

fótbrotnað af hans völdum, heldur hljóti það að hafa átt sér stað, eftir að ákærði fór burtu. Ákærði hefur þó ekki bent á nein önnur atvik, sem gætu verið orsök meiðsla Þórs. Rétturinn lítur svo á, að telja verði fullsannað með hinum eiðfesta vitnaframburði, að Þór hafi fótbrotnað, er ákærði felldi hann í götuna, og verði að telja ákærða meiðsli þessi til sakar. Þykir brot þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing sú, er ákærði hefur til unnið, hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Með hliðsjón af því, að ákærða hefur ekki verið refsað áður og að ákærði hugðist koma félaga sínum til hjálpar, er hann taldi hafa orðið fyrir árás, þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldin skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Af hálfu Þórs Ástþórssonar hafa ekki verið hafðar uppi skaðabótakröfur í máli þessu, en Þór hefur áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál á hendur ákærða.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 750.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðlaugur Runólfsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla, að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 750.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1956.

Nr. 145/1956. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Sigurði Arnbjörnssyni

(Benedikt Sigurjónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Þjófnaður og fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem lýst er í héraðsdómi, þykir samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem þar er vitnað til, svo og 72. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða, sviptingu réttinda, bótagreiðslur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi eitt ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar, sviptingu réttinda, bótagreiðslur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Benedikts Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 15. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3766/1956: Ákæruvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali sakadóms Reykjavíkur, dags. í dag, er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Sigurði Arnbjörnssyni sjómanni, Laugavegi 46 A, en nú gæzlufanga í fangahúsinu, hér í bæ, fyrir þjófnað og fjársvik með því að hafa

1) aðfaranótt þriðjudagsins 7. f.m. slegið eign sinni á einkennishúfu vélstjóra í ólæstri káetu í Lagarfossi hér í Reykjavíkurhöfn,
2) hinn 7. f.m. gefið út tékka, að fjárhæð kr. 1500.00, á viðskiptabók sína nr. 6989 í Landsbanka Íslands, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkans og leynt viðtakanda tékkans því,
3) á tímabilinu frá 14. f.m. til 16. f.m. gefið út samtals 5 tékka, einn að fjárhæð kr. 200.00, tvo að fjárhæð kr. 270.00, einn að fjárhæð kr. 350.00 og einn að fjárhæð kr. 380.00, á viðskiptabók sína nr. 383 í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkanna og leynt viðtakendur tékkana því, og
4) hinn 4. þ.m. gefið út tékka, að fjárhæð kr. 680.00, á viðskiptabók sína nr. 1158 í Samvinnusparisjóðnum, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkans og leynt viðtakanda tékkans því.

Brot ákærða, sem greint er í 1) hér að framan, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og brot hans, sem greint er í 2) — 4) hér að framan, telst varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 1940 svo og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. marz 1929 á Hvammstanga, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1945 18/10 Húnavatnssýsla. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölæði.
1948 30/7 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 3/6 Húnavatnssýsla. Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 100 kr. sekt fyrir brot gegn

XXV. kafla hegningarlaganna og 18. gr. laga nr. 33/1935.

1948 6/4 Húnavatnssýsla. Dómur sama réttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. með hliðsjón af 245. gr. hegningarlaganna.

1948 28/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 18/9 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.

1948 20/9 Reykjavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

1949 2/2 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1950 28/1 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.

1950 1/9 Reykjavík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur, kr. 1079.50, í sama máli.

1952 15/3 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.

1952 12/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1952 29/11 Reykjavík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi svo og rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna, áfengislögum og bifreiðalögum.

1953 22/5 Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.

1954 4/6 Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.

1955 8/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1954 26/9 Keflavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1956 7/2 Reykjavík. Dómur, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt þriðjudagsins 7. f.m. fór ákærði um borð í skipið Lagarfoss hér í Reykjavíkurhöfn og sló þá eign sinni á einkennishúfu vélstjóra í ólæstri káetu í skipinu. Hafði hann húfuna á brott með sér og notaði hana, þar til komst upp um brot hans næsta dag.

II.

Hinn 7. f.m. lagði ákærði kr. 50.00 inn á tékkabók í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands, hér í bæ, og fékk afhent tékkhefti. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að innstæða væri eigi til fyrir þeim í bankanum. Ritaði ákærði síðan einn tékka, að fjárhæð kr. 1500.00, á eitt tékkeyðublað í heftinu og fékk fjárhæð hans greidda í afgreiðslu happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hann leyndi viðtakanda tékkans því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkanum.

III.

Hinn 14. f.m. lagði ákærði kr. 100.00 í tékkabók í sparisjóðsdeild Austurbæjarútibús Búnaðarbanka Íslands, hér í bæ, og fékk afhent tékkhefti. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að innstæða væri eigi til fyrir þeim í bankanum. Ritaði ákærði síðan á tímabilinu frá 14. f.m. til 16. f.m. 5 tékka á tékkaeyðublöð í heftinu. Einn tékkinn var að fjárhæð kr. 200.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í verzluninni Kjöt og grænmeti, Snorrabraut 56, hér í bæ. Annar tékkinn var að fjárhæð kr. 350.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í matardeild Sláturfélags Suðurlands, Hafnarstræti 5, hér í bæ. Þriðji tékkinn var að fjárhæð kr. 270.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í vefnaðarvörudeild Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 12, hér í bæ. Fjórði tékkinn var einnig að fjárhæð kr. 270.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda hjá Jónu Fransdóttur, Bergstaðastræti 33, hér í bæ. Fimmti tékkinn var að fjárhæð kr. 380.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í sælgætisverzlun Sigmars Stefáns Péturssonar kaupmanns, Lokastíg 28, hér í bæ. Ákærði fékk tékkana greidda að mestu leyti í reiðufé, en að einhverju leyti í útteknum vörum. Hann leyndi viðtakendur allra tékkanna því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkunum.

IV.

Hinn 4. þ.m. lagði ákærði kr. 500.00 inn á tékkabók í Samvinnusparisjóðnum, hér í bæ, og fékk tékkabók afhenta. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að inn-

stæða væri eigi til fyrir þeim í sparisjóðnum. Ritaði hann síðan einn tékka, að fjárhæð kr. 680.00, á eitt tékkaeyðublað í heftinu og fékk fjárhæð hans greidda í peningum og happdrættismiðum hjá Jóni St. Arnórssyni, umboðsmanni happdrættis Háskóla Íslands, hér í bæ. Ákærði leyndi hann því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkanum.

Andvirði allra framangreindra tékka eyddi ákærði til eigin þarfa.

V.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem greint er í I hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og með atferli sínu, sem greint er í II—IV hér að framan, hefur hann brotið gegn 248. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 11. þ. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna á þessi vist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftirtaldar bótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærða í málinu:

1. Frá happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna kr. 1500.00.
2. Frá Kjöt og grænmeti kr. 200.00.
3. Frá Sláturfélagi Suðurlands kr. 350.00.
4. Frá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 270.00.
5. Frá Jónu Fransdóttur kr. 270.00.
6. Frá Sigmar Stefáni Péturssyni kr. 380.00.
7. Frá Jóni St. Arnórssyni kr. 680.00.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar, og verða þær allar teknar til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 11. september 1956 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opin-

berra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna kr. 1500.00, verzluninni Kjöt og grænmeti kr. 200.00, Sláturfélagi Suðurlands kr. 350.00, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 270.00, Jónu Fransdóttur kr. 270.00, Sigmar Stefáni Péturssyni kr. 380.00 og Jóni St. Arnórssyni kr. 680.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1956.

Nr. 16/1955. **Vilhelmína Guðmundsdóttir**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Sigurði Einarssyni
(Jón N. Sigurðsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal** prófessor.

Skuldamál og skaðabóta.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. og krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 2984.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. október 1953 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hún, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Sundurliðun á kröfu áfrýjanda hér fyrir dómi:

1.	Kostnaður vegna skoðunargerðar á hurð, þ. e. 2. liður gagnsakar í héraði	kr. 200.00
2.	Bætur fyrir drátt á múrhúðun á húsi því, er í málinu greinir, þ. e. 3. liður gagnsakar í héraði	— 3500.00
	Samtals	kr. 3700.00
	Áfrýjandi unir niðurstöðu héraðsdóms um aðalsök í héraði og 1. lið gagnsakar þar. Fjárhæð sú, sem henni var dæmt að greiða í hérað, kemur því til frádráttar	— 715.80
	Mismunur	kr. 2984.20

sem áfrýjandi nú krefst úr hendi stefnda.

Um 1, þ. e. 2. lið gagnsakar í héraði.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms má staðfesta ákvæði hans um þenna lið.

Um 2, þ. e. 3. lið gagnsakar í héraði.

Þá er stefndi seldi áfrýjanda hluta hússins nr. 14 við Öldugötu í Hafnarfirði hinn 10. marz 1950, tókst stefndi á hendur að múrhúða útveggi hússins áfrýjanda að kostnaðarlausu. Stefndi hafði enn eigi framkvæmt múrhúðunina, þá er áfrýjandi seldi húshluta sinn sumarið 1952, og framseldi áfrýjandi því kaupanda hússins kröfu sína á hendur stefnda til þessa verks. Stefndi múrhúðaði húsið síðan og hafði lokið því í ágúst 1953. Áfrýjandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að húsið hefði selzt hærra verði, ef múrhúðun hefði verið lokið, áður en hún seldi. Hvorki er í afsali stefnda til áfrýjanda lofað, að múrhúðun skuli framkvæmd fyrir tiltekinn tíma, né heldur setti áfrýjandi stefnda, svo sannað sé, frest til að inna þetta verk af hendi. Verður krafa áfrýjanda um bætur því eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, er ritað var, og að öðru með skírskotun til héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vilhelmína Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Sigurði Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. maí 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur aðalstefnandi, Sigurður Einarsson verkamaður, Öldugötu 14, hér í bæ, með stefnu, út gefinni 19. marz 1953, höfðað gegn Vilhelmínu Guðmundsdóttur, Hverfisgötu 23C, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 2121.41, með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðalstefnd hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í aðalsök, og með gagnstefnu, út gefinni 28. október 1953, hefur hún höfðað gagnsök gegn aðalstefnanda til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 4448.47, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Við munnlegan flutning málsins hefur aðalstefnandi lækkað stefnukröfu sína í aðalsök í kr. 1682.20, og gagnstefnandi hefur lækkað stefnukröfu sína í gagnsök í kr. 3805.42. Gagnstefndi viðurkenndi kr. 44.42 af þeirri upphæð, en krafðist að öðru leyti sýknu.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 10. marz 1950, seldi aðalstefnandi aðalstefndri íbúð á neðri hæð húss síns Öldugötu 14, hér í bæ. Íbúðin var ómáluð, og vantaði í hana dúka o. fl. Allar endurbætur á íbúðinni skyldi kaupandi gera á sinn kostnað. Húsið var ómúrhúðað að utan, og lofaði seljandi að láta framkvæma múrhúðunina kaupanda að kostnaðarlausu.

Aðalstefnd seldi húsið sumarið 1952, og var þá ekki farið að múrhúða húsið.

Mál þetta er risið út af ýmsum viðskiptum aðalstefnanda og aðalstefndrar. Verður atvikum lýst, um leið og rætt verður um hina einstöku liði stefnukrafnanna í aðalsök og gagnsök.

1. Aðalsök.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar í aðalsök þannig:

1. Eitt tonn af kolum	kr.	500.00
2. Vinna við að kynda kolamiðstöð 18/3-1/4 1951 —		75.00

3. Vinna við eldhúsvaska og skápa	—	84.00
4. Hluti af iðgjaldi til Brunabótafélags Íslands ..	—	78.21
5. Kolastía	—	250.00
6. Vinna við kyndingu olíukyndingar jan.-apr. '52	—	200.00
7. Brennsluolía, 40% af kr. 2335.53	—	934.20
	Alls kr.	2121.41

Verður nú rætt um einstaka kröfuliði.

Ad. 1. Í húsinu Öldugötu 14 var kolakynt miðstöð sameiginleg fyrir allt húsið, þar til um áramótin 1951—1952 að sett var upp olíukynding í staðinn. Meðan kynt var með kolum, var samkomulag um, að íbúar efri hæðar, þar sem aðalstefnandi bjó, og íbúar neðri hæðar, þar sem aðalstefnd bjó, kyntu sinn hálfa mánuðinn hvorir, en íbúar kjallara í viku, og sköffuðu kol sama tíma.

Aðalstefnandi kveðst hafa keypt kol til að kynda miðstöðina á tímabilinu frá því í janúar þar til í apríl fyrir kr. 1372.50, og hefur hann lagt fram innkaupanótur fyrir þeirri upphæð. Heldur hann því fram, að aðalstefndri beri að greiða 40% af þessari upphæð, en krefst þó ekki greiðslu nema á kr. 500.00.

Aðalstefnd hefur krafizt sýknu af þessum kröfulið og neitað réttmæti kröfunnar. Hefur hún skorað á aðalstefnanda að leggja fram allar innkaupanótur yfir kol þann tíma, er aðalstefnd bjó í húsinu, og talið, að ella væri ekki hægt að gera upp kolakaupin. Hefur hún lagt fram innkaupanótur sínar yfir kol á árunum 1950 og 1951, og eru þar á meðal tvær nótur, sem dagsettar eru á tímabili því, sem hér um ræðir, önnur 2. janúar, en hin 1. febrúar. Aðalstefnandi hefur hins vegar ekki lagt fram neinar innkaupanótur nema frá tímabilinu janúar—apríl.

Dómurinn telur með tilvísun til þessa, að aðalstefnandi hafi ekki fært nægar sönnur fyrir þessari kröfu sinni. Ber því að sýkna aðalstefndu, að því er þenna kröfulið varðar.

Ad. 2. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að aðalstefnd hafi neitað að kynda miðstöðina á þessu tímabili, og hafi hann því orðið að kynda hana að hennar hluta.

Aðalstefnd krefst sýknu af þessum kröfulið. Kveður hún það að vísu rétt, að hún hafi ekki kynt þenna tíma, þar sem hún hafi verið á sjúkrahúsi, en segir aðalstefnanda hafa meinað dóttur sinni að kynda. Hún kveðst hafa boðizt til þess að jafna þenna mismun með því að kynda þeim mun lengur næst. Aðalstefnandi hefur mótmælt þessum framburði sem röngum.

Þar sem viðurkennt er í málinu, að aðalstefnd hafi ekki kynt

á þessu tímabili, en hins vegar þykir ekki nægilega sannað gegn mótmælum aðalstefnanda, að aðalstefnd hafi haft til þess gildar afsakanir, telur dómurinn, að aðalstefnanda beri þóknun fyrir þetta starf sitt. Þar sem kröfunni virðist í hóf stillt og hefur ekki út af fyrir sig verið mótmælt sem ósanngjarnlega hárri, þykir verða að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Ad. 3. Aðalstefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir vinnu þessari, og hefur upphæðinni út af fyrir sig ekki verið mótmælt sem of hárri, og viðurkennt er, að hann hafi leyst þetta verk af höndum. Hins vegar hefur aðalstefnd krafizt sýknu á þeim forsendum, að aðalstefnandinn hafi boðizt til að vinna verkið ókeypis og neitað greiðslu fyrir það.

Gegn mótmælum aðalstefnanda þykir þessi viðbára ósönnuð, og ber að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Ad. 4. Þenna kröfulið hefur aðalstefnandinn við munnlegan flutning málsins fellt niður í aðalsök til skuldajafnaðar í gagnsök.

Ad. 5. Aðalstefnandi heldur því fram, að hann hafi látið gera sérstaka kolastíu fyrir aðalstefndu í kjallara hússins og hafi hún lofað að greiða stíuna með kr. 250.00. Aðalstefnd hefur algerlega neitað því, að stía þessi hafi verið gerð fyrir sig, og krefst hún sýknu af þessum kröfulið. Segir hún, að sér hafi aðeins verið boðinn afnotaréttur af henni með öðrum íbúum hússins.

Gegn mótmælum aðalstefndrar þykir aðalstefnandi ekki hafa fært nægar sönnur á réttmæti þessarar kröfu, og ber að sýkna aðalstefndu, að því er þenna kröfulið varðar.

Ad. 6. Aðalstefnandi heldur því fram, að hann hafi annazt einn kyndingu olíukyndingarinnar, eftir að hún var sett í húsið, og telur sanngjarnt, að aðalstefnd greiði sér að sínum hluta þóknun fyrir þetta verk, sem svari kr. 50.00 á mánuði eða kr. 200.00 fyrir allan tímann.

Viðurkennt er af aðalstefndri, að hún kynti ekki miðstöðina umræddan tíma, en hún segir það hafa verið vegna þess, að aðalstefnandi hafi bannað sér og sínu fólki að koma nálægt kyndingunni. Auk þess kveðst hún hafa mótmælt uppsetningu olíukyndingarinnar á sínum tíma. Hefur hún krafizt sýknu af þessum ástæðum.

Gegn mótmælum aðalstefnanda þykja viðbárur aðalstefndrar ekki á rökum reistar, og verður að telja, að aðalstefnanda beri einhver þóknun fyrir þenna starfa sinn. Kröfulið þessum þykir í hóf stillt og hefur ekki verið mótmælt sérstaklega sem ósanngjarnlega háum. Verður hann því tekinn til greina að fullu.

Ad. 7. Aðalstefnandi hefur við munnlegan flutning málsins lækkað þenna kröfulið í kr. 573.68 vegna framlagðra reikninga, sem aðalstefnd hefur greitt. Aðalstefnd krefst algerrar sýknu af þessum kröfulið. Heldur hún því fram, að gera verði upp allan kostnað við upphitun hússins í einu lagi og að ekki sé hægt að gera upp kostnaðinn við olíukaupin, meðan kolakaupin séu óuppgerð, þar sem þessar kröfur séu af sömu rótum runnar.

Ekki verður á þessar röksemdir fallizt. Öll gögn virðast vera fyrir hendi til að ákveða þenna kröfulið, hvað sem kolakaupunum líður. Aðalstefnandinn hefur greitt fyrir olíu samkvæmt innkaupanótum kr. 2335.53, en aðalstefnd kr. 901.50, og hafa aðiljar lagt fram innkaupanótur fyrir þessum upphæðum. Samkvæmt þessu hefur verið brennt olíu fyrir kr. 3237.03 til upphitunar á öllu húsinu, og hafa aðiljar út af fyrir sig ekki mótmælt því, að upphæðir þessar séu réttar.

Lækkun aðalstefnanda á þessum kröfulið við munnlegan flutning málsins virðist á því byggð, að honum beri ekki að greiða nema 40% af þeirri olíu, sem aðalstefnd hefur keypt. Það virðist hins vegar ljóst í máli þessu, að aðalstefnd hafi aldrei átt að greiða meiri olíu en sem svaraði 40% af heildarolíukaupunum, enda ekkert upplýst um, hvort aðalstefnd mundi eiga nokkurn rétt til að krefja íbúa kjallarans um 20% upphæðarinnar. Dómurinn telur því, að upphæð sú, sem aðalstefnd hefur greitt, eigi að koma að fullu til frádráttar hennnar hluta af heildarupphæðinni. Samkvæmt þessu ber aðalstefndri að greiða aðalstefnanda 40% af kr. 3237.03, kr. 1294.81, að frádregnum kr. 901.50, sem hún hefur þegar greitt, eða kr. 393.31 samkvæmt þessum kröfulið.

2. Gagnsök.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Hluti gagnstefnda af brunabótagjaldi, skipulagsgjaldi og matskostnaði	kr.	748.47
2. Reikningur vegna skoðunar á hurð	—	200.00
3. Tjón vegna þess, að húsið var ómúrhúðað, er gagnstefnandi seldi það	—	3500.00

Ad. 1. Gagnstefnandi hefur lagt fram reikninga fyrir kr. 1612.30 (ekki kr. 1612.40, eins og í stefnu greinir), sem hún hefur greitt. Er það brunabótaiðgjald, skipulagsgjald og gjald fyrir mat á húseigninni til brunabóta. Gagnstefndi hefur lagt fram reikninga, að upphæð kr. 1479.22, sem hann hefur greitt. Er það brunabótaiðgjald og skipulagsgjald. Við munnlegan flutning málsins

hafa aðiljar viðurkennt alla þessa reikninga sem rétta, að undanskildu því, að gagnstefndi telur, að hluti af brunabótaiðgjaldi sé tvígreiddur og muni aðalstefnandi eiga eða hafa átt endurkröfurétt á þeirri upphæð frá Brunabótafélaginu. Telur hann sér ekki bera skyldu til að greiða þessa upphæð. Samkvæmt dómsskjölum 29 og 30 er ljóst, að húseignin var tryggð til brunabóta, meðan hún var í smíðum, fyrir tímabilið 15. október 1950 til 15. október 1951. Síðan var eignin virt til brunabóta, og var gefið út nýtt tryggingarskírteini 27. apríl 1951. Var greitt iðgjald einnig samkvæmt þeirri tryggingu fyrir tímabilið 27. apríl til 15. október 1951. Virðist þessi upphæð nema kr. 135.16. Verður að fallast á röksemdafærslu gagnstefnda um þetta atriði.

Aðiljar eru sammála um, að gagnstefnda beri að greiða 51.27% af þessum reikningum, en gagnstefnanda 48.73%. Samkvæmt þessu er upphæð sú, er þeim ber að skipta á milli sín, kr. 1612.30 + 135.16 + 1479.22 eða kr. 2956.36. Koma þá kr. 1515.73 í hlut gagnstefnda, sem ekki hefur greitt nema kr. 1479.22. Ber samkvæmt þessu að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda kr. 36.51 samkvæmt þessum kröfulið, en það virðist reikningslega réttari upphæð en sú, sem gagnstefndi viðurkennir (kr. 44.42), þótt hún sé að vísu aðeins lægri.

Ad. 2. Gagnstefnandi segir kröfu þessa þannig til komna, að gagnstefndi hafi seint á árinu 1950 látið gera hurð fyrir stigauppgang í húsinu Öldugötu 14, er hann hafi síðar orðið að fjarlægja, er gagnstefnandi hafi leitað til fógetaréttar, en vegna skoðunargerðar, er fram fór, varð gagnstefnandi að greiða kr. 200.00. Hefur hún lagt fram skoðunargerð og reikning fyrir þessari upphæð frá matsmönnum.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af þessum lið gagnstefnukröfunnar á þeim forsendum, að uppsetning hurðarinnar hafi verið nauðsynleg, enda hafi hurðin ekki verið fjarlægð, fyrr en eftir að gagnstefnandinn fór úr húsinu. Hann hefur og mótmælt skoðunargerðinni sem óstaðfestri.

Í skoðunargerð matsmanna segir að vísu, að hurðin sé til stórra óþæginda fyrir íbúa á neðri hæð hússins og geti valdið slysum.

Hins vegar eru engin gögn fyrir hendi í máli þessu, er sýni, að gagnstefnandi hafi leitað til fógeta til að fá hurðina fjarlægða, og verður yfirleitt ekki séð, að hún hafi gert neinn reka að því að láta fjarlægja hurðina.

Þar sem ekki verður séð, að gagnstefnandi hafi nokkru sinni hafið neinar aðgerðir gegn gagnstefnda, er byggðust á nefndri

skoðunargerð, þykir verða að sýkna gagnstefnda af þessum lið gagnstefnukröfunnar.

Ad. 3. Gagnstefnandi heldur því fram, að hún hafi beðið fjárhagslegt tjón, vegna þess að ekki var búið að múrhúða húsið að utan, er hún seldi íbúð sína.

Telur hún, að íbúðin hafi verið óútgengilegri af þessum sökum.

Tveir dómkvaddir matsmenn hafa látið uppi álit sitt um þetta efni. Telja þeir í matsgerð sinni, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi og lögð hefur verið fram í málinu, að múrhúðað hús sé söluhæfara en ómúrhúðað, þótt múrhúðun sé lofað. Telja þeir, að gagnstefnandi mundi hafa getað selt íbúðina fyrir kr. 3500.00 hærra verð, ef húsið hefði verið múrhúðað.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af þessum kröfulið og heldur því fram, að gagnstefnandi hafi ekkert fjárhagstjón af þessu beðið. Hefur hann lagt fram vottorð frá kaupanda íbúðarinnar, þar sem hann lýsir yfir því, að hann hefði ekki keypt íbúðina hærra verði, þótt húsið hefði verið múrhúðað.

Ekki er upplýst í máli þessu, að neinar skemmdir hafi orðið á húsi þessu, vegna þess að múrhúðun dróst. Upplýst er, að loforðið um ókeypis múrhúðun fylgdi með í sölunni, og var húsið múrhúðað síðar.

Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að fjárhag gagnstefnda hafi verið þannig varið, að loforð þetta væri ekki tryggt, en það hlýtur að skipta hér aðalmáli. Það er að vísu hugsanlegt, að útlit hússins hefði getað haft einhver sálræn áhrif á einhverja kaupendur, en tæpast er hægt að meta slíkt til fjár. Þess vegna verður ekki talið sannað, að gagnstefnandinn hafi beðið fjárhagstjón af þessum sökum, og ber því að sýkna gagnstefnda af þessum kröfulið.

Við munnlegan flutning málsins hefur gagnstefnandi krafizt þess, að eftirtalin orð í greinargerð málflutningsmanns gagnstefnda verði dæmd dauð og ómerk:

„Telur umbjóðandi minn, að nauðsynlegt hafi verið að setja hurðina upp vegna óreglu og drykkjuláta, sem oft hafi átt sér stað í íbúð gagnstefnanda, svo og vegna þess, að eiginmaður hennar hafi að sögn hennar sjálfrar verið dæmdur fyrir árás á kvenmann, og hafi hann því óttazt, að sín kona væri ekki óhult fyrir honum. Hafi uppsetning hurðarinnar verið neyðarvörn sín og fjölskyldu sinnar."

Dómurinn telur, að ummæli þessi hafi ekki verið nægilega réttlætt, og ber því að taka þessa kröfu gagnstefnanda til greina.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verða úrslit máls þessa í aðalsök og gagnsök þau, að aðalstefnd skuli greiða aðalstefnanda kr. 75.00 + 84.00 + 200.00 + 393.31 + 36.51 eða samtals kr. 715.80, að viðbættum 6% ársvöxtum frá 13. marz 1953 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að aðalstefnd greiði aðalstefnanda kr. 500.00 í málskostnað í aðalsök, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefnd, Vilhelmína Guðmundsdóttir, greiði aðalstefnanda, Sigurði Einarssyni, kr. 715.80 að viðbættum 6% ársvöxtum frá 13. marz 1953 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Aðalstefnd greiði aðalstefnanda kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. nóvember 1956.

Nr. 127/1955. **Landssími Íslands** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Steinunni Magnúsdóttur og gagnsök (Guttormur Erlendsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1955 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. nóvember 1955 áfrýjað málinu með stefnu 17. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr.

66.084.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Einangrunarkúla símastrengs þess, er í málinu getur, átti að sitja á járnkrók í símastaur, og var strengurinn þá 4.5 metra yfir miðju vegar. Nú kveðst vitni tvisvar sumarið 1952 hafa séð, að bílar með háfermi lyftu strengnum af króknum, en strengurinn féll, þá er hann var laus af króknum, niður í rúmlega 3 metra hæð. Af verksummerkjum á slysstaðnum, sem lýst er í héraðsdómi, þykir mega ráða með fullri vissu, að strengurinn var eigi á króknum, þá er bifreið sú, sem Kolbeinn heitinn Jóhannesson gætti sauðfjár á, fór um veginn, að strengurinn lenti á Kolbeini, særði hann í andliti, hálsbraut hann og svipti honum aftur af bifreiðinni og olli þannig dauða hans. Vegna almannaöryggis verður að kosta kapps um, að símastrengir séu svo hátt yfir vegum og svo tryggilega um þá búið, að vegfarendum og meðal þeirra mönnum í aðstöðu Kolbeins heitins stafi eigi hætta af þeim. Ber því að leggja alla skaðabótaábyrgð af nefndu dauðaslysi á aðaláfrýjanda, enda verður Kolbeini heitnum eigi gefin sök á því, þótt hann varaðist eigi símastrenginn.

Sundurliðun á kröfum gagnáfrýjanda.

1.	Kostnaður af útför o. fl.	kr. 9.551.34
2.	Dánarbætur	— 56.533.00
	Samtals kr.	66.084.34

Um 1.	Þessi kröfuliður er viðurkenndur	kr. 9.551.34
Um 2.	Dánarbætur þykja hæfilega ákveðnar	— 45.000.00
	Alls kr.	54.551.34

og ber að dæma aðalátrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma gagnáfrýjanda málskostnað úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Landssími Íslands, greiði gagnáfrýjanda, Steinunni Magnúsdóttur, kr. 54.551.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Steinunn Magnúsdóttir, Eyvík í Grímsnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. október 1953, gegn Landssíma Íslands til greiðslu dánarbóta, að fjárhæð kr. 66.084.34, með 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á kröfum hennar. Í báðum tilvikum hefur hann krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að um haustið 1952 var mikill fjöldi sauðfjár fluttur frá Norðurlandi til Suðurlands. Var féð flutt á bifreiðum, og var bifreiðin R 1825 ein þeirra bifreiða, sem til þess var notuð. Kolbeinn heitinn Jóhannesson, eiginmaður stefnandi, var með bifreiðinni R 1825 og gætti fjárins á palli hennar. Þann 24. september 1952 varð það slys, að Kolbeinn féll af palli bifreiðarinnar og hlaut þau meiðsl, að hann beið þegar bana.

Ökumaður R 1825, sem var tengdasonur Kolbeins heitins, hefur skýrt svo frá, að þeir hafi lagt af stað frá Ófeigsstöðum í Kölduknn um kl. 5.30 umræddan dag og ætlað suður í Árnessýslu. Kolbeinn hafi gætt fjárins á pallinum. Þetta hafi verið önnur ferð þeirra í flutningum þessum. Í brekkunni næst fyrir ofan Fornahvamm í Norðurárdal kveðst ökumaðurinn hafa stöðvað bifreiðina og rætt við Kolbein. Hafi þá verið um það talað, að næsti áfangastaður væri að Hreðavatnsskála. Kveðst ökumaðurinn síðan hafa ekið rakleitt áfram og að Hreðavatnsskála og ekki hafa orðið var við neitt óvanalegt á leiðinni. Hann hafi komið að Hreðavatnsskálanum um kl. 15.00, og hafi þar komið í ljós, að Kolbeinn heitinn var ekki með bifreiðinni. Hafi hann síðan fengið sér far með annarri bifreið til að aka til baka aftur, en er skammt hafi verið komið, hafi hann mætt annarri fjárflutningabifreið,

er hafi komið að norðan, og hafi þeir sagt honum, að þeir hefðu fundið Kolbein örendan á veginum skammt frá Hvammi í Norðurárdal. Þá hafi menn þessir skýrt honum frá því, að símalína liggi þarna yfir veginn, og hafi einangrunarkúla ein verið laus af krók þeim, er átti að bera hana, og hafi línan því hangið lágt yfir veginum og myndi hún hafa valdið slysinu. Voru síðan gerðar ráðstafanir til þess að fá löggæzlumann og lækni á staðinn. Ökumaðurinn hefur talið, að frá Hvammi að Hreðavatnsskála muni vera um 10 km, og hafi hann ekið þá vegalengd á 10 til 15 mínútum. Ökumaðurinn fór síðan á vettvang með löggæzlumanni. Kveður hann, að þar sem símalínan hafi legið yfir veginn, hafi símastaur staðið í vegarbrún. Í 4.5 m hæð frá jörðu hafi verið festur krókur í staurinn, og hafi hann borið einangrunarkúlu, er símastrengurinn hafi verið festur í. Kúlan hafi verið laus á króknum, og ef henni var kippt upp af honum og látin lafa niður, hafi strengurinn verið í um 3 m hæð yfir veginum. Hann hafi síðan ekið bifreiðinni undir strenginn þannig, og hafi þá rétt verið hægt að koma hendinni á milli yfirbyggingar bifreiðarinnar og strengsins. Blóðpollur hafi verið á veginum, þar sem líkið fannst, og hafi það verið 26 m frá símalínunni. Þá hefur ökumaðurinn getið þess, að bóndinn í Hvammi hafi tjáð þeim þarna á staðnum, að menn, er ekið hefðu með háfermi af heyi um veginn þá um sumarið, hafi oft tekið einangrunarkúluna af króknum til að komast undir línuna með ækið. Ökumaðurinn hefur getið þess, að hann hafi ekki tekið eftir símalínu þessari fyrr, hvorki í þessari ferð eða þeirri, er hann fór áður.

Ökumaður fjárflutningabifreiðar einnar, er kom þarna að skömmu síðar, hefur skýrt svo frá, að rétt á móti Hvammi í Norðurárdal hafi bifreið, sem ók á undan honum, verið stöðvuð allt í einu. Hafi hann þegar stöðvað sína bifreið og farið út. Hafi hann þá séð Kolbein heitinn liggja örendan á veginum. Hafi líkið legið á hliðinni og blóðpollur hjá því. Símalína liggi yfir veginn þarna rétt hjá. Hafi einangrunarkúla hrokkið upp af krók þeim, er bar hana, og hafi því símastrengurinn hangið yfir veginum í um eins metra minni hæð en ella. Kveðst maður þessi hafa sett kúluna aftur á krókinn, en svo mikil tognun hafi orðið á strengnum, að hann hafi ekki getað komið kúlunni á réttan stað, nema með því að losa hana af strengnum og færa hana til. Þá hefur maður þessi getið þess, að brot úr gervitönnum Kolbeins heitins hafi legið rétt undir símalínunni og dreifð brot að líkinu, er hann telur hafa verið í um 7 til 8 metra fjarlægð.

Löggæzlumaður, er kom þarna á vettvang skömmu seinna, hefur

skýrt svo frá, að rétt við túnið í Hvammi liggi símalína yfir þjóðveginn. Símastaur sé í annarri vegarbrúninni. Símastrengurinn sé festur á einangrunarkúlu, sem sitji á járnkrók, sem festur hafi verið í staurinn um 4.5 m frá jörðu. Er hann kom á vettvang, hafi einangrunarkúlan verið á króknum, en laus á honum. Hann hafi tekið kúluna niður, og hafi strengurinn þá lafað yfir veginn í um 3 m hæð eða í næstum sömu hæð og þakskýlið, sem var á vörupalli R 1825. Frá símalínunni og að stað þeim, er Kolbeinn heitinn hafi legið eftir slysið, hafi mælzt 28 m.

Starfsmaður stefnda, sem kom á vettvang daginn eftir slysið, hefur skýrt svo frá, að í símalínunni heim að Hvammi séu tveir strengir. Þar sem línan liggi yfir þjóðveginn, séu staurarnir 7 m háir og sé staur alveg í vegarbrúninni. Þegar allt sé í lagi, sé neðri strengurinn 4.5 m yfir miðju vegarins. Við athugun á staðnum hafi komið í ljós, að einangrunarkúla, sem neðri strengurinn var festur í, var laus á járnkrók þeim, er bar hana. Ef einangrunarkúlan fór upp af króknum, féll strengurinn niður, þannig að hæð hans var aðeins 3.10 m yfir miðju vegarins. Maður þessi taldi, að einangrunarkúlan gæti ekki farið af járnkróknum, nema eitthvað lyfti henni upp. Bóndinn í Hvammi hafi hins vegar skýrt svo frá, að það hafi komið fyrir tvisvar eða þrisvar um sumarið að bifreiðum með háfermi hafi verið ekið eftir veginum, þannig að farmurinn hafi rekizt í strenginn, og við það hafi einangrunarkúlan lyfzt upp og farið af króknum. Hafi heimamenn þar sett kúluna aftur á krókinn án þess að tilkynna neitt um það.

Símstöðvarstjórinn í Borgarnesi, sem kom þarna á vettvang daginn eftir slysið, hefur skýrt á sama hátt frá staðháttum. Hann kveðst hafa látið festa einangrunarkúluna tryggilega á krókinn og færa krókinn ofar á staurinn.

Bóndinn í Hvammi kveðst tvisvar þá um sumarið hafa orðið þess var, að bifreiðar, sem voru með háfermi, hafi komið við strenginn og lyft kúlunni af króknum. Kveðst hann hafa lagað þetta, en ekkert sinnt því frekar. Þá kveðst maður þessi hafa ekið þarna um að morgni þess 24. september 1952 og þá fundizt, að strengurinn væri ekki í því lagi, sem hann ætti að vera, án þess að gefa því nánar gaum.

Læknir sá, sem kvaddur var á vettvang eftir slysið, hefur skýrt svo frá, að á líki Kolbeins heitins hafi verið skurður yfir þvert andlitið um efri vör fyrir neðan nefið. Þá hafi verið marsár á hvirfli og greinilegt hálsbrot, er hann taldi vera hina raunverulegu dánarorsök. Taldi læknirinn, að skurðurinn á andlitinu væri

eftir símastrenginn, er hefði svipt Kolbeini heitnum aftur af palli bifreiðarinnar og hálsbrotið hann um leið.

Bifreiðin R 1825 var vöruflutningabifreið af svonefndri Fordgerð, talin smíðuð árið 1947. Er bifreiðin var tekin til fjárflutninganna, var sett skýli á vöruflutningapall hennar. Var skýli þetta úr segldúk, er strengdur var á járnboga. Var bifreiðin skoðuð af bifreiðaeftirlitinu, áður en fjárflutningarnir hófust, og var þá ekkert talið athugavert við hana. Þá var hún skoðuð af bifreiðaeftirlitinu daginn eftir slysið, og segir svo í skýrslu þess: „I. Öll hæð bifreiðarinnar frá jörðu upp á brún tjaldsins, sem hvílir á járnbogum, er liggja þversum yfir bílinn, er 3.04 m, miðað við aftasta bogann, en hann ber hæst. II. Hæðin frá vörupalli upp á efri brún tjaldsins er 1.84 m. III. Hæð skilveggjar, sem er langsum eftir bílpallinum og á miðju hans (þrjú borð upp á rönd, liggja þétt saman), mældist vera 0.50 m. IV. Lengd pallhlutans aftan við aftasta boga, mælt lárétt, 0.70 m."

Af hálfu stefnda hefur verið skýrt svo frá, að venja sé að athuga allar meiri háttar símalínur árlega, en þýðingarminni hliðarlínur þriðja hvert ár. Þann 13. ágúst 1952 hafi verið kvartað um, að símasambandslaust væri við Hvamm í Norðurárdal. Hafi þá verið sendir menn á vettvang, er hafi athugað símalínuna frá aðallínunni heim að Hvammi. Hafi þeir fundið, að annar strengurinn var slitinn við Norðurá. Hafi þeir gert við þetta, en ekkert fundið annað athugavert.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að óforsvaranlegt hafi verið af stefnda að hafa símalínuna svo lágt yfir veginum, að bifreiðar með venjulegu háfermi gætu ekki komizt undir hana án þess að koma við strenginn, en mjög hafi verið auðvelt að hafa strenginn hærra frá jörðu. Þá hafi það verið óforsvaranlegt af stefnda, að láta ekki fylgjast örugglega með því, að einangrunarkúlan væri föst á króknum, sem bar hana, en fram sé komið, að algengt hafi verið, að kúlan færi upp af króknum og strengurinn lafði þannig niður. Af atvikum öllum sé ljóst, að er slysið varð, hafi strengurinn lafað í um 3 m hæð yfir veginum og lent á Kolbeini heitnum. Um sök hafi verið að ræða hjá starfsmönnum stefnda, eins og áður greinir, og beri stefndi því fébótaábyrgð á því tjóni, sem af hafi hlotizt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ósannað sé, að símastrengurinn hafi átt nokkurn þátt í slysi þessu, þar sem ekki sé örugglega sannað, að Kolbeinn heitinn hafi rekizt á hann. Þá hefur stefndi mótmælt því, að þótt svo verði litið á, að Kolbeinn heitinn hefði rekizt á strenginn og fallið af bifreið-

inni við það, þá eigi starfsmenn stefnda þar enga sök á. Símastrengur þessi hafi verið í venjulegri hæð yfir veginum og engin slysahætta átt að vera af honum. Símalína þessi hafi verið athuguð á venjulegan hátt og ekkert verið athugavert við hana. Þótt einangrunarkúlan hefði hrokkið upp af króknum og strengurinn lafað niður af þeim sökum, þá hafi verið nægileg hæð fyrir bifreiðina til að komast undir hann, og þann, er á palli bifreiðarinnar stóð, hafi alls ekki átt að saka. Kolbeinn heitinn hljóti að hafa staðið uppi á skilrúminu á vörupallinum, en slíkt sé algerlega óforsvaranlegt, þegar ekið hafi verið eftir vegi, þar sem símalínur liggi yfir. Hann eigi því alla sök á, hvernig fór. Til vara hefur stefndi talið, að Kolbeinn heitinn eigi að minnsta kosti meginhluta sakar með þessu framferði sínu.

Þegar litið er til skýrslna þeirra, sem að framan hafa verið raktar, sérstaklega þegar litið er til áverka þeirra, er Kolbeinn heitinn hlaut, verður að telja sannað, að slys þetta hafi hlotizt af því, að hann hafi rekizt á umræddan símastreng, er bifreiðinni var ekið þar um. Ef virt er hæð vörupalls bifreiðarinnar og umræddrs skilrúms svo og áverki sá, er Kolbeinn heitinn hlaut á efri vör, er ljóst, að einangrunarkúlan hefur ekki verið á króknum, er slysið varð, heldur hefur vírinn þá lafað niður og verið í rúmlega 3 m hæð yfir veginum, en Kolbeinn heitinn staðið á fyrrgreindu skilrúmi.

Ekki verður fullyrt, að símastrengurinn hafi verið í óforsvaranlega lítilli hæð yfir veginum, er einangrunarkúlan sat á króknum. Það verður hins vegar að telja sannað, að einangrunarkúla þessi hafi verið laus á króknum og farið alloft niður af honum þá um sumarið og strengurinn þá verið í óforsvaranlega lítilli hæð yfir veginum. Ekki verður séð, að þeir starfsmenn stefnda, er athuguðu símalínuna heim að Hvammi þann 14. ágúst 1952, hafi neitt sérstaklega athugað um strengina og festingar þeirra í staurana við veginn, en til þess var sérstök ástæða, þar sem símalínan lá þar yfir mjög fjölfarinn þjóðveg í frekar lítilli hæð.

Þegar þetta allt er virt og það sérstaklega haft í huga, að símalína þessi liggur þarna yfir einn fjölfarnasta þjóðveg landsins, þá verður að telja, að eftirlitsskorti af hendi stefnda verði kennt um slysið, og ber stefndi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa af því beðið.

Það verður að telja ljóst, að Kolbeinn heitinn hafi staðið uppi á skilrúmi því á vörupalli bifreiðarinnar, sem áður getur. Slíkt var óvarlegt. Þykir því eðlilegt að skipta sök á slysi þessu og telja

Kolbein heitinn eiga ⅓ hluta sakar. Samkvæmt því ber stefnda að bæta stefnandi ⅔ hluta tjóns þess, er hún hefur beðið af slysi þessu.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Greftrunarkostnaður o. fl.	kr.	9.551.34
2. Dánarbætur	—	70.033.00
	Kr.	79.584.34

Frá þessu fé hefur stefnandi dregið bætur, er hún hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kemur þannig fram dómkrafa hennar, kr. 66.084.34.

Um 1. Þessi kröfuliður hefur ekki sætt neinum andmælum og verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. Kolbeinn heitinn var 58 ára að aldri, er hann lézt. Bjó hann búi sínu ásamt stefnandi að Eyvík í Grímsnesi. Stefnandi var 67 ára að aldri, er slysið varð. Á vegum þeirra hjóna virðist hafa verið fósturdóttir þeirra, er var 14 ára að aldri. Þá var faðir Kolbeins heitins á lífi, 88 ára gamall.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út fjárhagstjón hennar af fráfalli eiginmanns hennar. Telur hann, að samkvæmt skattframtölum Kolbeins heitins hafi vinnutekjur hans árin 1949 til 1951 numið kr. 22.065.00 til jafnaðar á hverju ári. Hefur hann lagt þessar tölur til grundvallar og gert ráð fyrir, að stefnandi hefði notið hálfra teknanna. Samkvæmt því telur hann, að miðað við lífsmöguleika þeirra hjóna beggja, nemi tjón stefnandi þannig reiknað kr. 70.033.00. Ef hins vegar væri gert ráð fyrir því, að Kolbeinn heitinn hefði haft fyrrgreinda fósturdóttur þeirra hjónanna á framfæri sínu svo og föður sinn að nokkru, þá breytist þessi útreikningur á tjóninu þannig, að tjón stefnandi myndi nema kr. 65.860.00. Þessir útreikningar allir eru miðaðir við 4% ársvexti, dánarlíkur eftir íslenzkri reynslu og líkum fyrir starfsorkumissi í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í málinu hefur stefnandi lagt til grundvallar fyrrgreindan útreikning, miðaðan við fjárhæðina kr. 70.033.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum.

Hér að framan hefur verið getið heimilishaga stefnandi og Kolbeins heitins. Þau hjón virðast hafa verið sæmilega efnum búin, og á skattaframtali Kolbeins heitins var hrein eign þeirra í árslok 1951 talin nema um kr. 131.000.00. Þegar það allt er virt, sem að framan er rakið, svo og annað það, er hér skiptir máli,

þykir hæfilegt að telja tjón stefnandi samkvæmt þessum lið kr. 45.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til þeirra bóta, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnandi vegna slyss þessa hæfilega ákveðið alls kr. 54.551.34, og ber stefnda að greiða ⅔ hluta þess fjár eða kr. 36.307.56 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.600.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Landssími Íslands, greiði stefnandi, Steinunni Magnúsdóttur, kr. 36.307.56 með 6% ársvöxtum frá 24. september 1952 til greiðsludags og kr. 3.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1956.

Nr. 155/1956. **Þrotabú Skjaldar h/f**

gegn

Gesti Fanndal.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Frestbeiðni synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. þ. m. skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í sjó- og verzlunardómi Siglufjarðar sama dag. Kæran barst Hæstarétti 19. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, sóknaraðilja veittur frestur sá, sem krafizt er, og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og

kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, þrotabú h/f Skjaldar, greiði varnaraðilja, Gesti Fanndal, kr. 500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 4. nóvember 1956.

Mál þetta var þingfest hér fyrir rétti 19. janúar s. l., og var málshöfðandi Gestur Fanndal, kaupmaður á Siglufirði, en varnaraðili h/f Skjöldur, Siglufirði. Gerði stefnandi þær kröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 4.509.12 með 7% ársvöxtum frá 14/4 1955 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað og honum verði dæmdur sjóveðréttur í m/s Björgu, SI 96. Stefnandi telur kröfu sína þannig til komna. Á vetrarvertíð 1955 frá 15. janúar til 11. maí hafi Aðalsteinn Friðfinnsson verið 2. vélstjóri, samanber stefnuna, á m/s Björgu SI 96, sem sé eign stefnda. Tekjur stefnda hafi alls verið kr. 20.794.37, og sé ofangreind stefnukrafa ógreiddar eftirstöðvar af þeirri upphæð. Kröfu þessa kveður hann Aðalstein hafa framselt sér 18. desember 1955, samanber áritun á dskj. nr. 2, og telur hann sig hafa öðlazt allan rétt Aðalsteins á hendur stefnda í sambandi við kröfu þessa.

Við þingfestingu málsins 19. janúar s. l. var mætt af hálfu stefnda í málinu, og var honum þá veittur frestur til 27. s. m. til athugunar og greinargerðar. Gjaldþrotaskipti voru úrskurðuð á búi stefnds hlutafélags 25. janúar s. l., og varð búið þá varnaraðili þessa máls. 27. janúar er málinu frestað eftir beiðni stefnanda til 30. s. m., en þá var málinu frestað fyrir beiðni stefnda til 23/2. Hinn 23/2 kemur málið enn fyrir, og óskar stefnandi þá eftir fresti, og var málinu frestað um óákveðinn tíma. Næst er þingað í málinu 31. maí s. l., og úrskurðaði hinn reglulegi dómari þá, að hann viki sæti í málinu, og var þá ekkert annað í því gert. Lá svo málið niðri, þar til 22. september s. l. að setu-

dómari Sigurður M. Helgason þingaði í málinu, og var þá mætt af beggja hálfu, og fær stefndi þá frest í málinu með samþykki gagnaðilja til að leggja málið fyrir skiptafund í þrotabúinu, og var fresturinn þá veittur um óákveðinn tíma, og eftir þann frest var málið fyrst fyrir tekið í dag, og fór þá umboðsmaður stefnda fram á frest, vegna þess að við athugun hafi komið í ljós, að bókhaldi stefnds félags, sem stefnandi hafi verið framkvæmdastjóri fyrir, sé mjög ábótavant og standi fyrir dyrum kritisk endurskoðun á bókhaldinu, og taldi hann því rétt, að málinu yrði frestað, þar til endurskoðuninni væri lokið. Frestveitingu mótmælti umboðsmaður stefnanda með þeim rökum, að stefndi hafi haft frest frá því 19. janúar s. l., án þess að nokkuð kæmi fram af hans hálfu gegn kröfu þessari. Enn fremur vegna þess, að krafa þessi falli undir ákvæði laga um greiðslu verkkaups, og komi gagnkröfur gegn henni því ekki til greina. Var atriði þetta síðan lagt í úrskurð.

Með tilvísun til þess, að nú eru liðnir rúmir 9 mánuðir, frá því að félag stefnda var tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, og búið var þá þegar að höfða mál þetta og engin gögn hafa komið fram af hálfu stefnda og engin slík endurskoðun, er að framan greinir, er hafin, og telja má litlar líkur fyrir, þótt slík endurskoðun fram færi, að hún hefði áhrif á kröfu þá, er í máli þessu greinir, og með tilliti til þess, að krafa þessi er þess eðlis, að gagnkröfu verður eigi við komið til skuldajöfnunar við hana, þykja ekki fram komin nægileg rök til frestveitingar þessarar, og ber því að synja um hana.

Því úrskurðast:

Synjað er um frest þenna.

Föstudaginn 30. nóvember 1956.

Nr. 67/1956. **Ákæruvaldið** (Kristinn Gunnarsson hdl.)
gegn
Kristni Sophusi Pálmasyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki er vitað um aðra sjónarvotta að slysi því, sem í málinu greinir, en telpuna Sigrúnu Hjálmarsdóttur. Skorti hana rúman mánuð á 10 ára aldur, er slysið varð. Hún lýsti því þá þegar fyrir lögreglumönnum á slysstaðnum, að stýrishús bifreiðar þeirrar, sem slysinu olli, hefði verið blátt. Í prófum málsins hélt hún fast við þessa skýrslu sína. Leitt hefur verið í ljós, að hún hefur rétta litaskynjun. Þessi lýsing Sigrúnar kemur ekki heim við lit bifreiðar þeirrar, sem ákærði ók, R 1318, sem var með grænu stýrishúsi. Lýsing Sigrúnar á bifreiðarstjóra bifreiðar þeirrar, sem ók yfir börnin, er að vísu fábrotin, en ekki virðist hún geta átt við ákærða. Þegar þess er einnig gætt, að vitað er um aðrar vörubifreiðar, sem óku eftir Ásvallagötu um sama leyti og slysið varð, auk þess sem fleiri bifreiðar kunna að hafa verið þar á ferð en um er kunnugt, þá brestur sönnun fyrir því, að ákærði hafi orðið valdur að slysinu. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er að ýmsu leyti ábótavant. Taka hefði átt bifreið ákærða þegar í stað úr vörzlum hans til fullkominnar rannsóknar, en það var látið dragast þar til að kvöldi slysdagsins. Rannsókn annarra bifreiða, sem athygli beindist að við eftirgrennslan málsins, virðist og hafa

verið mjög áfátt. Þá var og ástæða til að kveðja fleiri menn vættis en gert var, m. a. fólk það, sem statt var í verzluninni á Ásvallagötu 19, er slysið varð, og kveðja hefði átt móður Sigrúnar Hjálmarsdóttur vættis um, hvað telpan sagði henni um slysið.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar héraðsdómslögmanns og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 5. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1254/1956: Ákæruvaldið gegn Kristni Sophusi Pálmasyni, sem dómtekið var 19. marz s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 15. ágúst 1955, gegn Kristni Sophusi Pálmasyni bifreiðarstjóra, Ásvallagötu 35, hér í bæ, fyrir að hafa laust fyrir klukkan tólf á hádegi þriðjudaginn 22. febrúar 1955 ekið vörubifreiðinni R 1318 snjókeðjulausri þrátt fyrir hálku og án þess að sýna næga aðgæzlu suður Blómvallagötu og vestur Ásvallagötu hér í bæ með þeim afleiðingum, að tveir drengir, Magnús Már Héðinsson, fæddur 9. ágúst 1949, og Stefán Sigurður Hólm, fæddur 2. febrúar 1952, sem voru að leik með sleða sunnan megin Ásvallagötu rétt vestan við mót Blómvallagötu, urðu fyrir bifreiðinni eða undir hjólum hennar og hlutu svo mikla áverka af, að þeir létust. Þykir ákærði með þessum akstri sínum hafa með gáleysi orðið drengjunum að bana.

Teljast brot hans varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. september 1897 á Ísafirði.

Á árunum 1923 til 1955 hefur hann níu sinnum verið sektaður frá 5.00 kr. til 200.00 kr. fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur o. fl.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955, kl. um 11.57, var lögreglunni hér í bæ tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á Ásvallagötu á móts við húsið nr. 19, en það stendur við gatnamót nefndrar götu og Blómvallagötu. Er lögreglan kom á staðinn, var verið að fara með tvo unga drengi, þá Stefán Sigurð Hólm, Ásvallagötu 27, 3 ára að aldri, og Magnús Má Héðinsson, Hringbraut 56, 5 ára að aldri, í sjúkrabifreið á Landsspítalann.

Bifreið sú, sem ekið hafði yfir drengina, þar sem þeir voru á svokölluðum magasleða við gangstéttarbrún Ásvallagötu að sunnan, var farin á brott. Enginn, sem viðstaddur var á slysstaðnum, gat gefið upplýsingar um tildrög slyssins, nema lítil stúlka, Sigrún Hjálmarsdóttir, Sólvallagötu 18. Hélt hún, að bifreiðin, sem var vörubifreið með blátt stýrishús, hefði komið norðan Blómvallagötu og verið beygt vestur Ásvallagötu og ekið yfir drengina, þar sem þeir sátu á sleðanum rétt vestan við gatnamótin. Bifreiðinni var ekið stanzlaust áfram vestur Ásvallagötu. Lögreglumennirnir fóru í nærliggjandi hús í leit að vitnum að slysinu, en það bar engan árangur. Vissi enginn neitt um tildrög slyssins. Mikið blóð var á götunni og í því hvítar flyksur, sem voru úr heila annars drengsins. Var lögreglunni tilkynnt skömmu síðar, að báðir drengirnir hefðu verið látnir, er komið var með þá á spítalann.

Enginn hjólför var hægt að greina í götunni á slysstaðnum samkvæmt frásögn lögreglunnar. Komu ekki fram hjólför, fyrr en ljósmynd hafði verið tekin. Lágu þau yfir sleðann. Nánar um þetta atriði var ekkert hægt að segja. Sleðinn, er drengirnir höfðu verið á, var á syðri jaðri Ásvallagötu rétt við gangstéttarbrún um tvo metra frá gatnamótunum. Var hann allur mölbrotinn. Skammt frá sleðanum var blóðpollur í götunni. Ekkert varð ráðið af ummerkjum á slysstaðnum, um hvaða eða hvers konar bifreið hefði verið að ræða. Er slysið varð, var veður bjart, en blautur snjór var á götunni, sem er malbikuð. Kveður Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, að ísing og nokkur hálka hafi verið þarna á götunni, en eitthvað hafi verið farið að þiðna, sennilega

vegna sólar, og færið verið orðið eins og slabbkennt á stöku stað.

Rannsóknarlögreglan hóf nú rannsókn í málinu og tók að leita að bifreiðinni, sem ekið hafði verið yfir drengina. Enginn sjónarvottur fannst að slysinu, nema Sigrún sú, er að framan greinir. Hélt hún því fram, að hús vörubifreiðarinnar hefði verið blátt að lit, eins og áður greinir, og beindist því rannsóknin einkum að vörubifreiðum með blá hús.

Athygli lögreglunnar beindist þó að bifreiðinni R 1318, er stóð við húsið nr. 35 við Ásvallagötu sunnan megin götunnar og sneri í vestur. Bifreið þessi er vörubifreið, dökkgræn að lit með stýri hægra megin. Bifreiðin er með tvöföldum afturhjólum. Hún er af árgangi 1946 og af „Studebaker" gerð. Var bifreið þessi skoðuð, en þó ekki nákvæmlega fyrr en daginn eftir. Fannst þá hár undir gangbretti vinstra megin á bifreiðinni. Sú rannsókn bar ekki annan árangur en þann, að hárið hefði getað verið af Magnúsi Má, án þess þó að nokkuð væri hægt að fullyrða um það. Voru líkurnar til þess, að hárið væri af höfði hans ekki nógu margar né veigamiklar til þess, að teljandi væri upp úr þeim leggjandi. Ekki fannst annað við rannsóknina, er benti til þess, að bifreiðinni hefði verið ekið yfir drengina. Var náð í ökumann hennar, ákærða í máli þessu, Kristinn Sophus, og var hann spurður um ferðir sínar. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði komið norður Blómvallagötu og beygt til vinstri vestur Ásvallagötu. Ákærði var nú tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrði hann frá því, að hann hefði skömmu fyrir hádegi umræddan dag ekið bifreið sinni heim til sín frá lögreglustöðinni. Ók hann um eftirtaldar götur: Hafnarstræti, Tryggvagötu, Grófina, Vesturgötu, Garðastræti, Sólvallagötu, Blómvallagötu og beygði til hægri vestur Ásvallagötu og staðnæmdist við húsið nr. 35, þar sem hann á heima. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa séð nein börn á leið sinni vestur Ásvallagötu. Hann kvaðst minnast þess að hafa litið á dyrnar á verzlun Péturs Kristjánssonar, sem er á horninu á Ásvallagötu og Blómvallagötu, er hann beygði inn í Ásvallagötu, en ekki orðið var við nein börn né aðra vegfarendur þar. Hann hélt, að hann hefði tekið venjulega beygju þarna, hvorki víða né krappa. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neina ójöfnu á götunni, sem hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir, heyrði ekkert hljóð né varð þess var, að neitt kæmi fyrir. Hann stöðvaði svo á móts við húsið heima hjá sér og fór inn til sín í mat. Er hann var langt kominn að borða, heyrði hann í sírenu sjúkrabifreiðarinnar. Kom þá inn telpa og sagði frá slysinu. Gekk ákærði þá út, og átti þá lögreglan tal við hann. Ákærði skýrði lögreglunni frá því, hvenær

hann hefði ekið um gatnamótin. Hélt hann það hafa verið um korter fyrir kl. 12.00. Ákærði kvað enga umferð hafa verið um gatnamótin. Hann var einn í bifreið sinni, og sólin var honum ekki til óþæginda. Kvað ákærði götuna hafa verið slétta, svo að hann hefði átt að hafa orðið var við það, ef hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir eitthvað. Hann hafði óskipta athygli við aksturinn, og ekkert á götunni eða utan hennar beindi athygli ákærða frá veginum framundan. Frekar kvaðst ákærði ekkert geta um þetta mál sagt, en taldi rétt að skýra frá því, hvenær hann hefði ekið þarna um. Að kvöldi sama dags var ákærði kvaddur aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Kvaðst hann hafa verið að hugsa um það, síðan hann gaf framangreinda skýrslu sína, að koma til rannsóknarlögreglunnar og gefa frekari upplýsingar í máli þessu. Hann skýrði nú frá því, að hann hafi verið á ferð um gatnamótin um það bil 10 mínútum fyrir kl. 12.00 um daginn. Er hann tók beygjuna inn á Ásvallagötu, kvað hann beygjuna hafa orðið of víða, þannig að hann lenti, að hann taldi, upp á syðri gangstéttinni fyrir framan verzlun Péturs Kristjánssonar, sem er í húsinu nr. 19. Ákærði kvaðst hafa fundið, að afturhjólin á bifreið hans vinstra megin lentu á ójöfnu, en hann taldi, að hann hefði ekið upp á gangstéttina, og ók hann því áfram án þess að athuga þetta nánar. Kvað hann sér þykja sterkar líkur til þess, að hann hefði orðið valdur að slysinu. Var nú ákærði kvaddur fyrir dóm, og gaf hann þar skýrslu. Skýrði hann nú svo frá, að klukkan hafi verið nálægt 11.30, er hann var á lögreglustöðinni. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni, er hann hafði lagt í Tryggvagötu, vestur þá götu og numið staðar 1—2 mínútur á benzínstöð B.P. í götunni. Þessu næst ók ákærði Grófina, Vesturgötu, Garðastræti, Sólvallagötu, Blómvallagötu og beygði til hægri vestur Ásvallagötu. Ákærði kvað beygjuna hafa orðið of víða hjá sér, og lenti hann með bifreiðina mjög nálægt syðri gangstétt. Fann hann, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar fór yfir einhverja ójöfnu. Áleit ákærði það vera gangstéttarbrúnina. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við nein börn þarna við gatnamótin. Ákærði ók nú rakleitt heim til sín. Hann áleit, að hann hefði ekið um margnefnd gatnamót kl. 11.50, án þess þó að geta sagt mjög náið um tímann. Er ákærði hafði heyrt um slysið, kvað hann sér strax hafa dottið í hug ójafnan, sem hann ók yfir við hornið. Hélt hann því á slysstaðinn. Kvaðst ákærði hafa gefið sig strax fram við lögregluna og skýrt henni frá því, að hann hefði skömmu áður ekið um gatnamótin. Ákærði kvaðst hafa farið að velta þessu fyrir sér og brotið heilann um þetta allan daginn. Þótti

ákærða að öllu athuguðu sterkar líkur benda til þess, að hann hefði orðið valdur að slysinu. Kvaðst ákærði byggja það á því, að honum fannst hann fara yfir einhverja ójöfnu, er hann ók um slysstaðinn, og að hann tók beygjuna of víða. Mætti vera, að bifreiðin hefði runnið til í beygjunni, en hann tók þó skýrt fram, að hann hefði ekki orðið var við, að bifreiðin rynni óeðlilega til. Ákærði varð ekki var við neinar mannaferðir þarna á gatnamótunum, hvorki varð hann var við börn né fullorðið fólk. Frekar gat ákærði ekki skýrt frá. Síðar í málinu var lagt fram vottorð frá Gunnari Benjamínssyni lækni um geðheilbrigði ákærða eftir slysið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að ákærði hefði á tímabilinu 23/2 1955 til 5/4 1955 verið í djúpu þunglyndi (depressio mentis psych. m. gr.), og væri ekki útilokað að mega álykta, að framburður hans á þessu tímabili hefði verið „ósakbær" (irresponsibel), enda hafi hér verið um geðveiki (psychosis) að ræða. Greinargerð Gunnars Benjamínssonar var send Læknaráði til umsagnar. Ályktun þess var á þá leið, að þar sem algengt væri, að þunglyndir menn ásökuðu sig frekar en afsökuðu og drægju ekki úr ávirðingum sínum eða óhöppum, þá féllist það á, að niðurstaða Gunnars Benjamínssonar gæti átt við rök að styðjast.

Vitnið Sigrún Hjálmarsdóttir, fædd 25. marz 1945, er að framan greinir, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt á horni Blómvallagötu og Ásvallagötu, er framangreint slys varð. Vitnið kvaðst hafa séð, er vörubifreið með bláu húsi kom niður Blómvallagötu frá norðri og beygði inn í Ásvallagötu til vesturs. Vitnið kvaðst hvorki vita né muna, hvað klukkan var, er þetta gerðist. Vitnið kvað tvö börn hafa setið á sleða hinum megin á horninu, á akbrautinni, en rétt við gangstéttina. Vitnið kvað vörubifreiðinni, sem það getur alls ekki lýst nánar og ekkert sagt um skásetningarmerki á, hafa nú verið beygt. Bifreiðinni var alls ekki ekið hart og ekki heldur hægt. Vitnið kvað hjólið á bifreiðinni hafa farið yfir sleðann, og börnin orðið fyrir. Vitninu sýndist einnig framhjólið fara yfir börnin. Vitninu varð svo mikið um þetta, að það tók fyrir augun. Vitnið sá svo bifreiðinni ekið áfram vestur götuna, og virtist því henni ekið þá hraðar en þegar hún var í beygjunni. Vitnið sá ekki, að bifreiðarstjórinn tæki neitt eftir slysinu. Sá vitnið honum ekkert bregða. Hann leit beint áfram, svo lengi sem vitnið sá til. Vitnið sá bifreiðarstjórann ekki greinilega, en eftir því sem það man bezt, var hann frekar unglegur, berhöfðaður og í einhvers konar vinnufötum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt fullorðið fólk né heldur börn þarna nálægt, sem

mundu hafa séð, er slysið varð. Vitninu fannst vörubifreiðin, sem ók þarna á börnin, vera frekar stór og nýleg bifreið. Heldur það, að bifreiðin hafi verið með hliðarskjólborðum. Ekkert var á palli bifreiðarinnar, og hann var frekar hreinn. Vitnið sá vörubifreiðina hverfa vestur götuna, en hljóp þá strax heim til sín. Sagði vitnið móður sinni frá þessu. Örskömmu síðar kom vitnið aftur á staðinn, en þá hafði það heyrt í sjúkrabifreið. Er á staðinn kom, var verið að taka börnin upp í sjúkrabifreið, og var það þá, sem lögreglumaður talaði við vitnið. Vitnið hefur í síðari yfirheyrslu haldið stöðugt við það, að litur bifreiðarinnar, sem ók á börnin, hafi verið dökkblár og ekkert hvikað í þeirri skoðun sinni. Vitnið sá bifreiðina R 1318 og bifreiðarnar R 2644 og R 6710, en tvær þær síðastnefndu eru dökkbláar að lit. Var það spurt um það, hver af bifreiðunum því fyndist líkust þeirri, sem hefði ekið á börnin, benti vitnið helzt á bifreiðina R 2644. Vitnið tók ekki eftir því, hvort bifreiðin, sem ók á börnin, nam staðar á Ásvallagötu nokkurn spöl frá slysstaðnum eða hún hélt áfram, en rétt eftir að börnin urðu fyrir bifreiðinni, var hraði hennar aukinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð aðra vörubifreið um það leyti, sem slysið varð eða rétt eftir það. Vitnið kvaðst hafa séð, er fætur barnanna fóru einhvern veginn upp í loft, er bifreiðin ók yfir þau.

Dr. phil. Símon Jóh. Ágústsson greindarprófaði og athugaði sálfræðilega Sigrúnu Hjálmarsdóttur, er að framan greinir. Kvað hann eftirtekt og minni hennar svara nokkurn veginn til almennrar greindar og mætti telja í góðu meðallagi. Litaskynjun hennar og nefning lita virtust vera fyllilega í meðallagi. Hún var örugg í greiningu allra aðallita og greindi helztu og algengustu tegundir millilita og nefndi réttum nöfnum. Ekki kom í ljós neinn vottur litblindu. Dr. Símon Jóh. Ágústsson benti á, að litaminni væri yfirleitt talsvert óáreiðanlegt, þótt það sé mjög misjafnt. Litaminni Sigrúnar gat hann ekki prófað, nema að litlu leyti, en athuganir bentu til þess, að það víki ekki langt frá meðallagi, væri hvorki frábærlega gott né frábærlega lélegt.

Vitnið Gísli Johnsen Ástþórsson blaðamaður, Sandgerði A við Kaplaskjólsveg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið heim til sín frá vinnustað, sem er Steindórsprent við Tjarnargötu, er framangreint slys varð. Er vitnið kom út úr húsinu, heyrði það, að klukkan á turni dómkirkjunnar sló 11.45. Vitnið gekk, svo sem leið liggur, Suðurgötu, Kirkjugarðsstíg, Sólvallagötu og af henni niður á Blómvallagötu. Vitnið sá ekki til ferða neinnar bifreiðar suður eða niður Blómvallagötu. Vitnið gekk fyrst á eystri

gangstétt Blómvallagötu, fór síðan yfir götuna og frá horni Blómvallagötu og Ásvallagötu og þar út á Ásvallagötuna og stefndi heldur til vesturs. Vitnið var komið örfá skref út í götuna, er stúlkubarn, sem þá var á miðri götunni, kallaði í það og sagði „Sjáðu". Um leið sá vitnið dreng liggja við syðri gangstétt Ásvallagötu rétt vestan gatnamótanna. Hann lá á bakinu og sneri höfði að gangstéttinni, en fætur út á götuna aðeins til austurs. Vitnið áleit fyrst, að drengurinn væri þarna að leik, en er það kom nær, sá það, að höfuð hans var alblóðugt hægra megin. Beið þá vitnið ekki boðanna, en hljóp inn í búðina þarna á horninu og bað um, að hringt yrði á sjúkrabifreið. Vitnið fór fljótt út aftur og breiddi úlpu sína yfir dreng þenna, en sá þá annan dreng nokkru yngri liggja á grúfu um 1—1½ metra vestar, en höfuð hans var einnig ofan í rennusteininum. Allir í verzluninni urðu skelfingu lostnir, en enginn þeirra hafði orðið var við slysið. Vitnið hljóp strax eftir þetta niður á Elliheimili til að ná í lækni, en enginn læknir var þar viðstaddur. Er vitnið kom aftur á staðinn, var klukka þess 11.53, en vitnið hafði sett hana eftir dómkirkjuklukkunni, skömmu áður en það fór af vinnustað. Broti úr mínútu eftir að vitnið kom á slysstaðinn, komu sjúkrabifreið og lögreglubifreið. Vitnið sá enga bifreið í grennd við slysstaðinn, sem líklegt væri, að hefði ekið yfir drengina.

Bifreiðastjórar, sem eiga bláar vörubifreiðar og búa þarna í grenndinni, voru yfirheyrðir í máli þessu. Í ljós kom, að Friðrik Jónsson, Ásvallagötu 24, sem á vörubifreiðina R 2644, sem er blá að lit, hafði ekið um margnefnd gatnamót rétt fyrir hádegi dag þann, sem slysið varð. Kvaðst hann ekki hafa veitt neinu sérstöku athygli, er hann tók beygjuna af Blómvallagötu vestur Ásvallagötu. Börn kvaðst hann ekki hafa séð á gatnamótunum og varð ekki var við, að hann æki yfir neina ójöfnu. Yfirleitt kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt, er benti til þess, að slys hefði orðið.

Vitnið Skúli Björn Ólafs, 15 ára að aldri, til heimilis að Ásvallagötu 24, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið heim til sín á hjálparmótorhjóli laust fyrir klukkan 12 daginn, sem slysið varð. Vitnið hjólaði af Sólvallagötu á Blómvallagötu og síðan vestur Ásvallagötu. Er vitnið beygði af Blómvallagötu, sá það tvo smádrengi, er lágu í götunni sunnanmegin rétt vestan við gatnamótin. Vitnið sá ekki, að þeir hreyfðu sig. Hélt vitnið, að þeir væru að leik þarna, og hjólaði áfram. Er vitnið var komið á móts við húsið nr. 20, stöðvaði það. Fór það að fá eftirþanka af því, að drengir þessir hefðu legið einkennilega hreyfingarlausir.

Ákvað vitnið að snúa við og huga að þeim betur. Þegar vitnið kom aftur þarna að, var maður að breiða úlpu yfir annan drenginn. Var þá komið fleira fólk að. Vitnið kvað manninn, er að framan greinir, hafa farið inn í búðina, en vitnið var þá að nálgast staðinn á hjóli sínu. Er vitnið var komið að, sá það, að vörubifreiðinni R 2644 var ekið niður Blómvallagötu og beygt vestur Ásvallagötu. Vitnið kannast vel við ökumann bifreiðarinnar R 2644, Friðrik Jónsson, er býr í sama húsi og það. Virtist Friðrik ekki taka neitt eftir því, sem gerzt hafði, og ók áfram vestur. Kvaðst vitnið hafa undrazt það nokkuð. Þenna framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði. Nokkrir fleiri menn hafa verið yfirheyrðir í sambandi við slysið, en engar veigamiklar upplýsingar hafa komið fram, framar en nú hefur verið rakið.

Ákærði, Kristinn Sophus, hafði mjög litla sjón á hægra auga, er slysið varð. Hafði blætt inn á glervökvann í auganu, og var sjónin á því tæplega 6/60 partar sjónar. Er maður með slíka sjón ratfær og sér illa smærri hluti, en getur aðeins unnið grófustu vinnu. Framkvæmdi Úlfar Þórðarson sjónmælingu á ákærða um miðjan febrúar 1955. Þann 4. marz eftir slysið framkvæmdi Bergsveinn Ólafsson augnlæknir augnskoðun á ákærða. Við þá skoðun kom í ljós, að sjón án glerja var á hægra auga ákærða þannig, að hann gat talið fingur í 1 metra fjarlægð. Með gleraugum var sjónin sú sama, en ákærði kvaðst oftast nota gleraugu. Á vinstra auga var sjónin 5/15 án glerja og með gleraugum 5/5 ÷ 1 staf (það er tæplega 5/5). Taldi Bergsveinn, að ákærði hefði nálægt 1/60 hluta fullrar sjónar á hægra auga. Bergsveinn kvað ákærða ekki hafa verið færan til bifreiðaaksturs á þeim tíma, sem hann framkvæmdi skoðunina, þegar af þeirri ástæðu að svo stutt er síðan hann missti sjónina á hægra auganu. Það var í janúar 1955 samkvæmt frásögn Úlfars Þórðarsonar læknis. Áleit Bergsveinn, að a. m. k. 6 mánuðir þyrftu að líða, frá því að maður missti sjón á öðru auga, þar til hann teldist hæfur til að aka bifreið.

Við krufningu á líki Stefáns Sigurðar Hólms kom í ljós mikið brot á höfuðkúpu, og mikill hluti heilans var sundurtættur, einkum að aftan og neðanverðu. Er sýnilegt, að barnið hefur hlotið bana samstundis, sennilega vegna þess að bílhjólið hefur ekið yfir höfuð þess, segir í ályktuninni um krufninguna.

Í ályktun um krufningu á líki Magnúsar Más Héðinssonar segir: Við krufningu fundust allmikil hrufl í andliti og á hálsi, og innvortis fannst lifrin sundurtætt á parti og einnig hægra lunga. Öll rif voru brotin hægra megin og upp við hrygg frá 4.

rifi og niður úr og mikið mar meðfram öllum hryggnum vinstra megin í brjóstholinu. Þá fannst einnig mikið mar vinstra megin á hálsinum innan um vöðvana meðfram stóru æðunum. Engin áberandi meiðsli fundust á heila eða kúpubeinum. Á lungunum sáust merki um, að drengurinn hefði andað að sér dálitlu blóði. Af því, sem við krufninguna fannst, virðist mega ráða, að drengurinn hafi dáið fljótlega af miklum áverka á brjóstkassann og kviðarholið, þannig að fjöldi rifja er brotinn, og sum hafa stungizt inn í lungað hægra megin og mikið mar meðfram hryggnum vinstra megin. Enn fremur var vinstra lærbein brotið. Þessar skemmdir hafa fljótt leitt barnið til dauða.

Mjög sterkar líkur þykja framkomnar fyrir því, að ákærði hafi orðið valdur að slysi því, sem að framan hefur verið getið. Er þá fyrst framburður hans sjálfs um að hafa verið á ferð um gatnamótin á þeim tíma, sem slysið verður, og að hann finnur vinstra afturhjól fara yfir eitthvað, er hann kemur inn í Ásvallagötu. Þá styrkir sá framburður vitnisins Sigrúnar þessa skoðun, að hún kvað hafa verið um vörubifreið að ræða með tvöföldum hjólum, sem var ekið sömu leið og ákærði ók.

Þeim framburði Sigrúnar Hjálmarsdóttur, sem þó þykir verða að taka með mikilli varúð, að bifreiðin, sem ók yfir börnin, hafi verið blá, verður ekki hægt að ganga framhjá, og með því að ekki er óhugsandi, að önnur bifreið hafi verið á ferð um svipað leyti og bifreið ákærða um gatnamótin, þykir varhugavert að telja fullsannað, að hann hafi orðið valdur að slysinu. Enn fremur þykir ekki nægilega sannað, að nauðsyn hafi verið að hafa snjókeðjur á bifreiðum á götum bæjarins sakir hálku dag þann, sem slysið varð.

Ber því að sýkna ákærða af ákærunni í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hdl., og skipaðs verjanda, Jóns P. Emils hdl., kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Sophus Pálmason, á að vera sýkn af ákærunni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hdl., og skipaðs verjanda, Jóns P. Emils hdl., kr. 2000.00 til hvors.

Mánudaginn 3. desember 1956.

Nr. 93/1956. **Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis**
(Ragnar Ólafsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1956. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Áfrýjandi gaf ekki ár það, sem um er að tefla, skattyfirvöldum „glögga skýrslu um viðskipti sín við utanfélagsmenn" í skilningi 6. gr. laga nr. 66/1945. Að svo vöxnu máli var niðurjöfnunarnefnd rétt samkvæmt sama lagaákvæði að byggja útsvarsálagninguna á áætlun, og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að nefndin hafi farið út fyrir lögleg mörk við ákvörðun fjárhæðar útsvarsins, ber að staðfesta úrskurð fógeta um framkvæmd lögtaks.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-

sjóðs, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 12. maí 1956.

Gerðarþola, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1955 kr. 136.500.00. Af útsvari þessu hafa verið greiddar kr. 20.000.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 116.500.00. Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða upphæð þessa, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld, kr. 116.500.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarþola samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins.

Gerðarþoli hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins. Jafnframt hefur hann áskilið sér rétt til endurheimtu þess, sem þegar hefur verið greitt upp í umrætt útsvar.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarþoli á því, að hér sé um samvinnufélag að ræða samkvæmt lögum nr. 46/1937, og því gildi um útsvarsskyldu þess ákvæði 2. tölul. II. 6. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör. Samkvæmt því ákvæði sé ekki heimilt að leggja útsvar á eign samvinnufélaga né á tekjur af skiptum við félagsmenn. Hins vegar sé heimilt að leggja útsvar á tekjur af skiptum við utanfélagsmenn og veltuútsvar á utanfélagsviðskipti, þó þannig, að samanlagt veltuútsvar og tekjuútsvar megi aldrei vera hærra en tekjur af utanfélagsmannaviðskiptum. Nú sé útsvarið 1955 miðað við rekstur ársins 1954, en á því ári hafi verið tap á öllum rekstri gerðarþola, bæði á skiptum við utanfélagsmenn og félagsmenn, eins og framtal hans 1955 beri með sér. En það framtal hafi skattstjóri samþykkt athugasemdalaust og gerðarbeiðandi eigi kært það. Af þessum ástæðum telur gerðarþoli, að hann hafi eigi verið útsvarsskyldur 1955, hvorki af veltu, tekjum né eign, og því hafi að lögum verið óheimilt að leggja á hann umrætt útsvar.

Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að starfsmenn hans hafi síðastliðið sumar greitt upp í útsvarið kr. 20.000.00, en hann hafi stöðvað frekari greiðslur, þegar vitað hafi verið um útkomu á rekstri félagsins á árinu 1954 og álit dómstólanna á útsvars-

ákvæðum varðandi samvinnufélög. Telur gerðarþoli því, að í nefndum greiðslum felist engin viðurkenning á útsvarsskyldu gerðarþola, og hefur hann því áskilið sér rétt til að endurkrefja þessar greiðslur.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt öllum kröfum gerðarþola í máli þessu og þeirri fullyrðingu hans með skírskotun til 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna, að óheimilt hafi verið að leggja á gerðarþola umrætt útsvar. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að skattfríðindi samvinnufélaga samkvæmt nefndu lagaákvæði séu eigi skilyrðislaus, heldur sé þar beint tekið fram, að skattgreiðandanum beri að gera sérstaka grein fyrir skiptum sínum við utanfélagsmenn og tekjum sínum af þeim. Þessum frumstæðustu skilyrðum fyrir því að geta notið skattfríðindanna samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna hafi gerðarþoli eigi gert tilraun til að fullnægja og með því hafi hann svipt sig rétti til þeirra. Hafi niðurjöfnunarnefnd því verið heimilt og skylt að áætla tekjur gerðarþola af skiptum við utanfélagsmenn og ákvarða útsvarið í samræmi við það. Hefur gerðarþoli bent á, að samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, hafi viðskipti gerðarþola hér í Reykjavík á umræddu tímabili numið rösklega 30 milljónum króna. Telur hann því, að útsvar það, sem gerðarþola hafi verið gert að greiða, kr. 136.500.00, sé mjög vægilega áætlað, miðað við veltuna.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Það er in confesso í máli þessu, enda í samræmi við upplýsingar frá niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sem réttinum hafa borizt, eftir að mál þetta var tekið til úrskurðar, að hér er aðeins um veltuútsvar á gerðarþola að ræða. Hér kemur því aðeins til álita, hvort heimilt hafi verið eftir atvikum eða eigi að leggja slíkt útsvar á gerðarþola þessu sinni.

Það er enn fremur in confesso í málinu, að gerðarþoli sé samvinnufélag, en um útsvarsskyldur samvinnufélaga gilda ákvæði 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Þar segir svo: „Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlar skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því."

Skoðanir manna hafa verið nokkuð á reiki um það, hvort heimilt væri yfirleitt samkvæmt ofangreindu lagaákvæði að leggja veltuútsvar á skipti samvinnufélaga við utanfélagsmenn, en með dómi (nr. 128/1955) hefur Hæstiréttur komizt að þeirri niður-

stöðu, að það sé heimilt, en að tekju- og veltuútsvar megi þó alls ekki fara fram úr hreinum arði samvinnufélaga af skiptum þeirra við utanfélagsmenn. Hér er því eigi um það deilt, hvort „principielt" hafi mátt leggja á gerðarþola umrætt útsvar, heldur það, hvort gerðarþoli hafi vegna taprekstrar síns á árinu 1954 átt að vera undanþeginn útsvari árið 1955 samkvæmt áðurnefndu ákvæði 6. gr. útsvarslaganna, sbr. ofangreindan hæstaréttardóm, eða ekki.

Samkvæmt skattaframtali gerðarþola, sem fyrir liggur í málinu, er það ljóst, enda eigi vefengt af skattstjóra né gerðarbeiðanda, að verulegur halli hefur verið á heildarrekstri félagsins á árinu 1954. Hins vegar hefur gerðarþoli eigi, hvorki í framlagðri skattskýrslu né í öðrum gögnum málsins, aðgreint skipti sín við félagsmenn og utanfélagsmenn. Verður því ekkert af þeim gögnum ráðið um það, hvort um tekjur, og þá hversu miklar, hafi verið að ræða af skiptum gerðarþola við utanfélagsmenn eða eigi. En enda þótt verulegt tap hafi verið á heildarrekstri gerðarþola, þá leiðir eigi óhjákvæmilega af því, að tap hafi einnig verið á viðskiptum við utanfélagsmenn. Er ýmislegt, sem þar getur komið til greina, svo sem óbrotnari viðskipti við utanfélagsmenn en félagsmenn og því kostnaðarminni, og auk þess má benda á, að félagsmenn njóta ýmissa hlunninda, svo sem endurgreiðslu, miðað við viðskipti sín við félagið, sem utanfélagsmenn njóta eigi, og að ýmsir tapliðir á skattskýrslu gerðarþola virðast tæplega koma utanfélagsviðskiptum við. Skattframtal gerðarþola, sem fyrir liggur í málinu, og önnur málsgögn hans, verða því eigi talin fullnægja þeirri kröfu löggjafans um „glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn", sem fram kemur í 2. tölul. II. 6. gr. útsvarslaganna og sem beinlínis virðist skilyrði þess, að samvinnufélög geti orðið aðnjótandi þeirra skattfríðinda, er í nefndu lagaákvæði greinir. Lítur rétturinn því svo á, að niðurjöfnunarnefnd hafi samkvæmt nýnefndu lagaákvæði verið heimilt að áætla arð af skiptum gerðarþola við utanfélagsmenn og byggja útsvarið á því. Er og eðlilegt vegna skattfríðinda þeirra, sem samvinnufélögum eru veitt í útsvarslögunum, að gerðar séu strangar kröfur um fullnægingu þeirra skilyrða, sem þar eru sett, enda varhugavert að opna skattgreiðendum leið til þess, ef til vill, að hagnast á vanrækslu í þessu efni.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að umrætt útsvar hafi réttilega verið á gerðarþola lagt samkvæmt margnefndu ákvæði útsvarslaganna og að því beri að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir réttinum verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. desember 1956.

Nr. 19/1954. **Kristinn P. Friðriksson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Keflavíkurkaupstað (Ágúst Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1954. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 54.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 48.000.00 frá 1. janúar 1948 til 7. desember 1950 og af kr. 54.500.00 frá þeim degi til greiðsludags, málskostnað í héraði, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Til efnda á samningi aðilja frá 24. febrúar 1947 bar stefnda að láta áfrýjanda í té bifreiðargrind, svo fljótt sem stefnda var unnt og eigi síðar en á árinu 1948. Fyrir atbeina stefnda fékk áfrýjandi síðan bifreiðargrind þá, sem í málinu greinir, og var grindin afhent áfrýjanda kvaðalaus fyrir 5. maí 1948. Þar sem áfrýjandi tók þá við grindinni án áskilnaðar um bætur vegna dráttar á efndum af hendi stefnda, verða áfrýj-

anda eigi dæmdar slíkar bætur í máli þessu. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn P. Friðriksson, greiði stefnda, Keflavíkurkaupstað, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1954.

Mál þetta, er dómtekið var 12. þ. m., hefur Kristinn Friðriksson, Týsgötu 5, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 7. desember 1950, gegn Keflavíkurkaupstað til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 6.500.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar.

Með framhaldsstefnu, út gefinni 10. apríl 1951, gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefnda yrði enn fremur gert að greiða kr. 48.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 18. desember 1951, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að stefnda verði gert að greiða kr. 54.500.00 með 6% ársvöxtum af kr. 48.000.00 frá 1. janúar 1948 til 7. desember 1950 og af kr. 54.500.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 1.000.00, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í ársbyrjun 1947 var stefnanda veitt innflutningsleyfi fyrir bifreiðargrind undir langferðabifreið, en hann hafði þá sérleyfi til fólksflutninga á leiðinni milli Reykjavíkur og Borgarness. Hinn 24. febrúar s. á. gerðu stefnandi og Keflavíkurhreppur með sér samning þess efnis, að stefnandi léti hreppnum í té nefnt leyfi fyrir grindinni, en hún var þá komin til Reykjavíkur og tilbúin til afgreiðslu. Í stað þess skuldbatt hreppurinn sig til að láta stefnanda í té sams konar bifreiðargrind, og skyldi það

vera af fyrsta innflutningsleyfi, sem fengist á því ári. Ef ekkert leyfi fengist á því ári, skyldi það vera fyrsta leyfi á næsta ári (1948). Í byrjun desember 1947 var einni af langferðabifreiðum stefnanda, R 1515, ekið út af, og varð hún fyrir allmiklum skemmdum. Stefnandi kvaðst oft bæði fyrir þenna tíma og eftir hafa óskað þess við forráðamenn hreppsins, að þeir hröðuðu öflun leyfis, svo að þeir gætu afhent honum bifreiðargrind, en þar sem hann hafði ekki fengið nein ákveðin svör, hafi hann ritað hreppnum bréf hinn 10. janúar 1948 og tilkynnt þeim, að hann gæti ekki beðið lengur eftir því, að þeir stæðu við framangreindan samning. Í aprílmánuði s. á. hafi hreppurinn boðizt til þess að láta stefnanda í té grind, en hún hafi verið með einföldu drifi, en ekki tvöföldu, eins og grind sú, er stefnandi hafði látið hreppinn fá. Tók stefnandi þessu, og var honum afhent grindin fyrir 5. maí s. á. Hinn 22. apríl s. á. gerði stefnandi samning við Kaupfélag Borgfirðinga, þar sem hann seldi því langferðabifreið. Í samningnum er það nánar skilgreint svo, að um sé að ræða nýja grind með tvöföldu drifi og hús það, er verið hafi á bifreiðinni R 1515. Skyldi bifreiðin afhent kaupanda eigi síðar en um mánaðamótin maí-júní s. á. Kaupandi skuldbatt sig til þess að taka við bifreiðinni, þótt hún væri einungis með einföldu drifi, en seljandi skyldi, svo fljótt sem kostur væri á, útvega tvöfalt drif og greiða kostnað við skiptin. Hinn 10. júní 1948 ritaði seljandi grindarinnar, Samband íslenzkra samvinnufélaga, stefnanda bréf, þar sem það tilkynnti honum, að eigi mætti taka bifreiðina til notkunar, fyrr en það gæfi leyfi til, þar eð synjað hefði verið um endurnýjun gjaldeyrisleyfis fyrir grindinni. Næsta dag afsalaði stefnandi Kaupfélagi Borgfirðinga bifreiðinni. Í afsali þessu segir m. a. svo: „Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, áskilur sér allan rétt til skaðabóta vegna þess tjóns, er það kann að verða fyrir, þar eð eigi má nota bifreiðina, fyrr en endurnýjun á gjaldeyrisleyfi er fengin, sbr. bréf Sambands íslenzkra samvinnufélaga, dags. 10. júní 1948. Þó skal skaðabótakrafan ekki reiknuð nema frá 10. júní 1948.

Upp í kaupverðið, kr. 95.000.00 — níutíu og fimm þúsund krónur —, hefur kaupandi þegar greitt kr. 33.250.00, en greiðir við undirskrift afsalsins kr. 50.000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 11.750.00, setur seljandi sem tryggingu fyrir væntanlegri skaðabótakröfu kaupanda, sbr. næstu málsgrein á undan.

Þegar dómur er fallinn í málinu, skal kaupandi endurgreiða seljanda það, sem tryggingin kann að vera hærri en dómsniðurstaðan, en sé tryggingin lægri, greiðir seljandi mismuninn. Málið

skal rekið þannig, að enginn óþarfa dráttur verði á því. Mál út af skaðabótakröfu þessari skal rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja til sátta fyrir sáttamenn". Kaupandinn höfðaði síðan mál gegn stefnanda og krafðist skaðabóta, og með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 3. desember 1949, var stefnanda máls þessa gert að greiða Kaupfélagi Borgfirðinga kr. 2.500.00 með 6% ársvöxtum frá 5. október 1948 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að Keflavíkurhreppur hafi vanefnt skuldbindingu sína samkvæmt samningnum frá 24. febrúar 1947 um að láta honum í té bifreiðargrind af fyrsta innflutningsleyfi, er hreppurinn fengi. Telur stefnandi sig hafa beðið allmikið tjón af þessum vanefndum og beri stefndi í máli þessu bótaábyrgð á því tjóni. Stefnandi hefur lagt fram yfirlit yfir tjón þetta (dskj nr. 25). Segir þar svo: „Bætur til Kaupfélags Borgfirðinga skv. dómi í bæjarþingsmálinu nr. 478/1948, Kaupfélag Borgfirðinga gegn Kristni P. Friðrikssyni:

Skaðabætur	kr.	2.500.00		
Vextir 5/10/48-7/12/50	—	325.00		
Málskostnaður til K. B.	—	550.00	kr.	3.375.00
Málskostnaður K. P. F. í því máli			—	927.00
Aukakostnaður vegna tvöfalds drifs (1):				
Innkaupsverð, $110.20 á 16/32	kr.	1.798.46		
Verðtollur, 16½%	—	296.75	—	2.095.21
Tekjumissir 1948—1950 incl. áætlaður kr. 40.000.00 á ári			—	120.000.00
		Samtals	kr.	126.397.21
			S. e. & o.	

1) Auk þess farmgjald, uppskipun, vörutollur etc., sem ég geymi mér rétt til að sýna fram á síðar".

Aðalkröfu sína í málinu byggir stefndi á því, að framangreindur samningur hafi á engan hátt verið vanefndur. Keflavíkurhreppur hafi ekkert innflutningsleyfi fengið eftir 24. febrúar 1947 til þess tíma, er stefnandi fékk grind þá, er hann síðan seldi Kaupfélagi Borgfirðinga. Þar eð þá hafi ekki verið neitt útlit fyrir, að leyfi fengist, en stefnandi talið nauðsynlegt fyrir sig að fá grind, hafi verið horfið að því ráði til þess að greiða úr vandræðum stefnanda að bjóða honum grind, sem hreppurinn.

hafði fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir 5. febrúar 1947, en ekki verið tekin hjá innflytjandanum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Hafi stefnandi veitt grindinni móttöku án nokkurra athugasemda. Grind þessi hafi hins vegar verið með einföldu drifi, og kveðst stefndi því reiðubúinn til þess að greiða þann verðmismun, sem verið hafi á grind með einföldu og tvöföldu drifi, en hann hafi eigi numið meiru en kr. 1.000.00.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að kröfur stefnanda séu allt of háar, og beri því að lækka þær að miklum mun.

Um 1—4. Stefnandi virðist öðrum þræði byggja kröfur sínar samkvæmt liðum þessum á því, að Keflavíkurhreppur hafi tjáð honum, er hann bauð grindina fram í apríl 1948, að gjaldeyrisleyfi fyrir henni hefði ekki verið endurnýjað. Hins vegar hefði hreppurinn möguleika til þess að vera búinn að fá leyfið endurnýjað fyrir 1. júní s. á., og væri stefnanda því óhætt að notfæra sér grindina. Stefndi hefur andmælt þessari staðhæfingu stefnanda. Eins og að framan getur, fékk stefnandi grindina afhenta hjá innflytjanda hennar, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, einhvern tíma fyrir 5. maí 1948, og hinn 8. júní s. á. var andvirði hennar greitt, án þess að seljandinn gerði nokkrar athugasemdir eða legði hömlur á notkun grindarinnar. Verður því ekki annað séð en að umráð yfir grindinni hafi verið þar með algerlega úr höndum seljanda hennar, enda var grindin ásamt húsi því, er verið hafði á R 1515, skráð sem bifreiðin M 300 hinn 11. s. m. án nokkurrar kvaðar. Þrátt fyrir þetta undirritaði stefnandi sama dag afsalið til Kaupfélags Borgfirðinga, þar sem tekið var fram, að ekki mætti nota bifreiðina, fyrr en endurnýjun væri fengin á gjaldeyrisleyfinu. Er ljóst af þessu, að stefnandi gat afsalað bifreiðinni kvaðalausri og þurfti ekki að taka á sig neinar skuldbindingar í því sambandi. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af bótakröfu stefnanda samkvæmt þessum liðum.

Um 5. Í samningi stefnanda og Keflavíkurhrepps 1947 segir m. a. svo: „Til endurgjalds fyrir þetta skuldbindur hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hreppinn til þess að láta Kristni P. Friðriksyni í té sams konar langferðabifreiðargrind ásamt mótor, en óákveðið um merki og tegund, og skal það vera af fyrsta innflutningsleyfi, sem hreppsnefndin fær f. h. hreppsins á þessu ári. Færi nú svo ólíklega, að hreppsnefndin fengi ekki innflutningsleyfi á þessu ári, án þess þó að hún yrði sökuð um það, lofar hreppsnefndin f. h. hreppsins að láta þá innflutningsleyfið það fyrsta á næsta ári, en má þá engan veginn draga að fá sér innflutningsleyfið, nema sem allra stytzt sem verða má". Af þessu orðalagi

samningsins verður að ráða það, að hann taki einungis til leyfa, út gefinna eftir þann tíma. Kemur því leyfi það, sem Keflavíkurhreppur fékk 5. s. m., ekki til athugunar í sambandi við samninginn. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að Keflavíkurhreppur hafi á árinu 1947 eftir 24. febrúar sótt um innflutningsleyfi fyrir bifreiðargrind. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi ekki fyrr en undir lok ársins 1947, eftir að bifreið hans R 1515 skemmdist, óskað þess, að hraðað yrði öflun leyfis til efnda á samningnum frá 24. febrúar. Hins vegar hefur í málinu verið lagt fram endurrit af bréfi, dags. 21. janúar 1948, þar sem Sérleyfisbifreiðar Keflavíkur sækja um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir bifreiðargrind. Telja stefndu, að frumrit bréfs þessa hafi verið sent þáverandi gjaldeyris- og innflutningsyfirvöldum, en af hálfu stefnanda hefur engin afstaða verið tekin til þess, hvort frumrit bréfs þessa hafi verið sent eða ekki.

Í máli þessu hefur komið fyrir dóm skrifstofustjóri nýbyggingarráðs og síðar fjárhagsráðs. Segir í vætti þessa vitnis, að í febrúarmánuði 1947 hafi verið úthlutað nokkrum bifreiðargrindum, og muni það hafa verið fyrir 24. dag mánaðarins. Eftir þessa úthlutun hafi engin leyfi verið veitt fyrir bifreiðargrindum fyrr en á árinu 1951. Vætti þetta hefur engum andmælum sætt af hálfu stefnanda. Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að Keflavíkurhreppur hafi á tímabilinu 24. febrúar 1947 og þar til í apríl 1948 „fest kaup" á gjaldeyris- og innflutningsleyfum, sem öðrum aðiljum hafi verið úthlutuð, og að hreppnum hefði borið samkvæmt samningnum frá 24. febrúar að afhenda stefnanda það fyrsta þessara leyfa. Þegar virt eru ákvæði samningsins, verður hins vegar að telja, að þar hafi einungis verið átt við leyfi, sem hreppnum yrðu úthlutuð af viðkomandi yfirvöldum. Að öllu þessu athuguðu, verður ekki séð, að Keflavíkurhreppur hafi á nokkurn hátt vanefnt framangreindan samning, svo að stefnandi hlyti af því tjón, og verður liður þessi því ekki tekinn til greina.

Um 6. Eins og að framan er getið, var grind sú, er stefnandi fékk, með einföldu drifi í stað tvöfalds, er verið hafði í grind þeirri, er stefnandi lét Keflavíkurhreppi í té. Stefndi hefur lýst því yfir í málinu, að Keflavíkurhreppur hafi alltaf verið fús til að greiða bætur vegna þessa mismunar á drifum, og er fjárhæð aðalkröfu stefnda miðuð við kostnað þann, er verið hefði á afhendingartíma grindarinnar við að skipta um einfalt og tvöfalt drif. Gegn eindregnum andmælum stefnanda er ósannað, að bætur þessar hafi verið boðnar fram, og þykir því rétt að miða

fjárhæð bótanna við núverandi kostnað við þessa breytingu. Er málið var dómtekið, lýstu lögmenn aðilja því yfir, að nú sé kostnaðarverð drifs sem varahluta til bifreiða kr. 40.40, miðað við hvern bandaríkjadollar í innkaupi. Í málinu er upp komið, að verðmismunur á einföldu og tvöföldu drifi er $110.20, og verður fjárhæð þessi samkvæmt framansögðu í íslenzkri mynt kr. 4.452.08. Þá verður að telja, að stefnda beri að greiða stefnanda kostnað við að skipta um drifið. Eru aðiljar sammála um, að sá kostnaður nemi kr. 500.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þessar fjárhæðir, samtals kr. 4.952.08, með vöxtum, sem teljast 6 af hundraði og reiknast frá stefnudegi.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Eftir framangreindum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði þar af í málskostnað kr. 800.00, en kr. 1200.00 greiðist úr ríkissjóði.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði stefnanda, Kristni Friðrikssyni, kr. 4.952.08 með 6% ársvöxtum frá 7. desember 1950 til greiðsludags. Stefndi greiði skipuðum talsmanni stefnanda, Gústaf A. Sveinssyni, kr. 800.00 upp í málssóknarlaun, en málssóknarlaun hans að öðru leyti, kr. 1200.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. desember 1956.

Nr. 203/1954. **Verksmiðjan Vífilfell h/f**
(Kristján Guðlaugsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök (Hermann Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, synjað um framkvæmd lögtaks og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. marz 1955, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefst hann þess, að kveðið verði á um lögtak hjá aðaláfrýjanda fyrir kr. 69.039.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst til 31. desember 1953 og 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, kærði aðaláfrýjandi til Ríkisskattanefndar ákvörðun skattstjórans í Reykjavík um stóreignaskatt sinn. Hinn 10. ágúst 1951 tilkynnti Ríkisskattanefnd aðaláfrýjanda, að kæra hans hefði ekki verið tekin til greina. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 117/1950 mátti skjóta úrskurði Ríkisskattanefndar um þetta efni til dómstóla, enda væri mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðið yrði í reglugerð. Slíkt mál skyldi höfða í síðasta lagi 15. nóv-

ember 1952, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 212/1952. Aðaláfrýjandi hófst aldrei handa um höfðun slíks máls, og hinn 4. janúar 1952 tilkynnti hann Fjármálaráðuneytinu, að hann hefði ákveðið að nota heimild a-liðs 4. gr. laga nr. 59/1950 og afhenda ríkissjóði „útbyggingu við aðalhúsið í Haga" til greiðslu stóreignaskattsins. Lýsti aðaláfrýjandi því jafnframt, að hann væri reiðubúinn til að afsala nefndri eign, þegar þess væri óskað. Hinn 10. s. m. veitti aðaláfrýjandi því næst ríkissjóði fyrirvaralaust afsal fyrir eigninni.

Þegar litið er til framangreindra athafna aðaláfrýjanda, getur sú málsástæða hans ekki komið til álita, að nefndur stóreignaskattur hafi verið ólöglega á lagður, og haggar þar engu, þótt 7. marz 1952 hafi verið skráð á kvittun tollstjórans í Reykjavík fyrir stóreignaskattinum, að greitt hafi verið með fyrirvara.

Aðaláfrýjandi ákvað sjálfur að nota heimild laga nr. 59/1950 og afsalaði ríkissjóði framangreindri eign fyrir það verð, sem lýst er í úrskurði fógeta. Eign þessa hafði aðaláfrýjandi á afsalsdegi ekki átt í 5 ár, sbr. e-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, sem giltu á þeim tíma, er hér skiptir máli, enda högguðu ákvæði laga um stóreignaskatt ekki nefndu ákvæði laganna um ákvörðun tekjuskatts. Sá hagnaður aðaláfrýjanda, sem fram kom við afsal þetta og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, var því tekjuskattsskyldur. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um framkvæmd lögtaks hjá aðaláfrýjanda fyrir kr. 69.039.00 auk vaxta, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr 11.000.00.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Verksmiðjunni Vífilfelli h/f, fyrir kr. 69.039.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst til 31. desember 1953 og 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, tollstjóranum í

Reykjavík f. h. ríkissjóðs, kr. 11.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 27. júlí 1954.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Verksmiðjunni Vífilfelli h/f, fyrir eftirstöðvum álagðra, ógreiddra þinggjalda ársins 1953, að upphæð kr. 134.775.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar. En undir rekstri málsins hefur gerðarþoli greitt kr. 65.736.00, og lækkar lögtakskrafan við það niður í kr. 69.039.00. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi lögtaksins og krafizt úrskurðar fógetadóms um réttmæti hinna umkröfðu gjalda. Málið var tekið fyrir hinn 29. apríl s. l. og hefur síðan verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar hinn 14. þ. m., að afloknum munnlegum málflutningi.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir þinggjöldum ársins 1953 var upp kveðinn hinn 14. september s. l. og birtur í dagblöðum bæjarins.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hið umbeðna lögtak fari fram fyrir kr. 69.039.00 auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og að honum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Gerðarbeiðandi gerir þær réttarkröfur, að neitað verði um framkvæmd hins umbeðna lögtaks og að honum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir: Við niðurjöfnun skatta í Reykjavík á árinu 1953 var gerðarþola gert að greiða þinggjöld, sem hér segir: Tekjuskatt kr. 49.431.00, eignarskatt kr. 3.516.00, tekjuskattsviðauka kr. 16.730.00, stríðsgróðaskatt kr. 66.814.00 og kirkjugarðsgjald kr. 1.800.00, alls kr. 138.291.00, en þar af greiddi hann fyrir s. l. áramót upphæð, sem svarar eignarskatti, kr. 3.516.00, þannig að eftir stóðu, sem í gerðarbeiðninni greinir, kr. 134.775.00. En undir rekstri málsins hefur svo gerðarþoli greitt kr. 65.736.00, eins og áður segir, en það er sú upphæð samkvæmt útreikningi skattstofunnar í Reykjavík, sem skattar gerðarþola hefðu numið, ef framtal hans hefði verið lagt óbreytt til grundvallar sköttunum. En við ákvörðun hinna álögðu skatta lagði skattstofan til grundvallar skattaframtal gerðarþola með þeirri viðbót, að við hreinar tekjur samkvæmt því, kr. 196.822.00, bætti hún við söluhagnaði af útbyggingu við húseignina Haga

í Reykjavík, kr. 99.235.00, auk þess sem hún færði til baka fyrningu af sömu eign, kr. 8.424.00, og fékk þannig út hreinar tekjur gerðarþola kr. 304.481.00 eða kr. 304.450.00 samkvæmt útreikningi hennar. Að frádregnu varasjóðstillagi, kr. 60.896.00, og 5% af hlutafé, kr. 5.000.00, eða kr. 65.900.00 samkvæmt útreikningi skattstofunnar, taldi hún þannig skattskyldar tekjur gerðarþola kr. 238.550.00 og lagði þá upphæð til grundvallar við útreikning ofangreindra skatta. Þessum breytingum hefur gerðarþoli ekki viljað una og hefur því krafizt úrskurðar fógetadóms um réttmæti þeirra, eftir að hafa mótmælt þeim við skattstofuna og síðar kært yfir þeim til yfirskattanefndar og Ríkisskattanefndar, sem báðar úrskurðuðu, að skattarnir skyldu óbreyttir standa.

Undanfari þeirrar skattaálagningar, er hér hefur verið rakin, er sá, að við ákvörðun stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22/1950, lög nr. 59/1950 og lög nr. 117/1950, var gerðarþola gert að greiða kr. 126.992.00 í stóreignaskatt. Til grundvallar þeirri skattálagningu var lagt sexfalt fasteignamat húseignarinnar Haga hér í bæ, er gerðarþoli hafði eignazt hinn 30. desember 1949, en á henni hvílir sú kvöð, að skylt er að rífa hana bæjarsjóði að kostnaðarlausu, ef bæjarstjórn krefst, eftir að leigusamningur lóðar er útrunninn í árslok 1950. Gerðarþoli kærði yfir þessum stóreignaskatti til skattstjórans í Reykjavík og síðar Ríkisskattanefndar og krafðist, að hann yrði niður felldur, en var synjað um það. Ekki verður séð, að hann hafi, er hér var komið málum, gert frekari gangskör að því að fá skattálagningu þessari hnekkt. En með afsali, dags. 10. janúar 1952, afsalar hann hluta af nefndri húseign, 14.75% samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, fyrir kr. 126.992.00, sem greiðslu til ríkissjóðs á hinum álagða stóreignaskatti, sbr. heimild í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 59/1950. Við þessa eignaafhendingu telur skattstofan, að fram hafi komið sá söluhagnaður, sem hún hefur byggt skattahækkun þá á, er mál þetta er einkum af risið.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að með fyrirvaralausu afsali gerðarþola á nefndri húseign til ríkissjóðs sem greiðslu á nefndum stóreignaskatti, sbr. rskj. nr. 5, svo og með því að láta líða framlengdan frest, sem stóreignaskattsgreiðendum var veittur til að höfða mál út af álagningu skattsins, hafi gerðarþoli sætt sig við og samþykkt skattinn og sé því sú hlið málsins endanlega til lykta leidd. En jafnvel þótt svo væri ekki litið á, þá hefði við álagningu skattsins verið í hvívetna farið eftir ákvæðum 12. gr. laga nr. 22/1950, þ. e. farið eftir gildandi fasteigna-

mati umræddrar húseignar sexfölduðu og það eingöngu húsaverði, þar sem lóðarréttindi hafi þá ekki lengur verið fyrir hendi. Annað mat við ákvörðun stóreignaskattsins hafi ekki komið til greina. Gerðarþoli hafi og engan reka gert að því að fá húseignina metna að nýju í tæka tíð, hvorki af dómkvöddum matsmönnum né af fasteignamati Reykjavíkur. Hann hafi fyrst beðið fasteignamat Reykjavíkur um nýtt mat á eigninni, eftir að áðurgreind afhending margnefnds húshluta hefur farið fram og sá hluti hússins hefur verið rifinn. Fasteignamatið hafi þó tekið til athugunar beiðni gerðarþola um endurmat á húseigninni, en matsmenn ekki séð ástæðu til breytinga á matinu, sbr. rskj. nr. 22. Bendi það m. a. til, að við eldra fasteignamat hafi þegar verið tekið tillit til, að skammt var eftir af leigutíma lóðarinnar og óvíst um framlengingu lóðarréttinda. Nú séu hins vegar allar horfur á, að gerðarþoli muni fá full lóðarréttindi fyrir nefnda húseign, sbr. rskj. nr. 25. Hæstaréttardómur nr. 149/1952, sem gerðarþoli hafi haldið fram til stuðnings máli sínu, styðji það á engan hátt. Þar sé undirréttardómur aðeins staðfestur að niðurstöðu til vegna fram komins nýs fasteignamats, en ekki vegna mats þess, er undirréttur hafði byggt á.

Varðandi skatta þá, er hér er krafizt lögtaks fyrir, er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að þeir séu réttilega á lagðir. Afhendingu margnefnds húseignarhluta til greiðslu á stóreignaskattinum verði að jafna til sölu, og með því að gerðarþoli hafi átt húseignina skemur en í 5 ár, verði að skattleggja mismun kaupverðs og afhendingarverðs sem söluhagnað samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131/1935. Gerðarþoli hafi eignazt margnefnda húseign 30. desember 1949. Kostnaðarverð hennar allrar hafi verið kr. 285.580.00, sbr. efnahagsskýrslu meðfylgjandi framtali, rskj. nr. 4, en til frádráttar komi afskrift pr. 31. desember 1951, kr. 97.392.00, og verði þá eftirstöðvar kr. 188.188.00. Samkvæmt áðurgreindu afsali, dags. 10. janúar 1952, hafi svo gerðarþoli afsalað ríkinu til greiðslu á stóreignaskatti, að upphæð kr. 126.992.00, 14.75% af húseigninni. Kostnaðarverð hins afsalaða verði þá 31. desember 1951 14.75% af kr. 188.188.00 eða kr. 27.757.00, en afsalsupphæð, sem áður greinir, kr. 126.992.00. Komi þannig fram hagnaður af eignarafhendingu þessari, að upphæð kr. 99.235.00, sem beri að bæta við hreinar tekjur gerðarþola samkvæmt framtali hans. Enn fremur beri að bæta við hreinar tekjur hans oftalinni fyrningu 1952, kr. 8.424.00, þ. e. 14.75% af kr. 57.116.00, þar eð gerðar-

þoli hafi reiknað fyrningu af allri húseigninni Haga, sbr. rskj. nr. 4, enda þótt hluta hennar, 14.75%, hafi verið afsalað þegar í ársbyrjun 1952, sbr. rskj. nr. 5. Tekjur gerðarþola til skatts verði þá þannig: Hreinar tekjur samkvæmt framtali gerðarþola kr. 196.822.00, söluhagnaður af hluta af húseigninni Haga kr. 99.235.00 og oftalin fyrning af sömu eign kr. 8.424.00, alls kr. 304.450.00 samkvæmt útreikningi skattstofu Reykjavíkur. Til frádráttar komi varasjóðstillag, kr. 60.896.00, og 5% af hlutafé, kr. 5.000.00, alls kr. 65.900.00 samkvæmt útreikningi skattstofunnar. Skattskyldar tekjur gerðarþola verði þannig kr. 238.550.00 og skattur af þeim, sem á rskj. nr. 2 greinir.

Þá er því mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að ákvæði 12. gr. laga nr. 22/1950 víki að nokkru leyti frá gildandi skattalögum, þannig að ákvæði e-liðs 7. gr. laga nr. 6/1935 sbr. 2. gr. laga nr. 131/1935 um 5 ára eignarhald komi ekki til álita í þessu máli. Enn fremur, að margnefndri eignarafhendingu megi jafna til greiðslu úr varasjóði og verði þannig skattfrjáls samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22/1950, en þau ákvæði beri að skilja með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1942. Samkvæmt þeim ákvæðum sé ráðstöfun úr varasjóði til annars en að mæta rekstrarhalla yfirleitt skattskyld, að undanskildu lokaákvæðinu, en undanþága samkvæmt því komi eigi hér til greina, sem ljóst megi verða af rskj. nr. 4.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að álagning stóreignaskatts á gerðarþola á sínum tíma hafi verið ólögleg. Lagt hafi verið til grundvallar gamalt fasteignamat frá 1942 á eign, sem hafi orðið lóðarréttindalaus í árslok 1950 og áður búið 1947 að skerða lóðina verulega. Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 beri að skoða sem meginstarfsreglu fyrir skattayfirvöld, en ekki aðalreglu. Nú sé það og greinilega komið fram í hæstaréttardómi nr. 149/1952, að við ákvörðun stóreignaskatts beri að leggja til grundvallar sannvirði fasteignar, ef leitt sé í ljós, að það sé minna en fasteignamat. Ljóst megi vera, að fasteign, eins og sú, er um ræðir í máli þessu, sem orðin er lóðarréttindalaus og er háð fyrirvaralausri niðurrifskvöð, hljóti að vera að sannvirði miklu minna virði en gamalt fasteignamat á henni frá þeim árum, er hún enn naut lóðarréttinda. Komið hafi og í ljós, að sá hluti eignarinnar, er afhentur var ríkinu til greiðslu á stóreignaskatti þeim, er gerðarþola var gert að greiða af fasteigninni, hafi reynzt einskis virði og aðeins bakað hinum nýja eiganda kostnað við að rífa húshlutann. Enn sé þessi fasteign

lóðarréttindalaus og engar frekari horfur á, að slík réttindi fáist, þrátt fyrir umsögn samvinnunefndar um skipulagsmál, sbr. rskj. nr. 25, sem sé aðeins ráðgefandi nefnd, en bæjarráð eitt geti veitt slík réttindi. Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að hann hafi jafnan mótmælt nefndum stóreignaskatti, og þegar bæði skattstjórinn í Reykjavík og Ríkisskattanefnd hafi synjað um niðurfellingu hans, hafi hann séð sig til neyddan að grípa til þeirrar neyðarráðstöfunar að afhenda ríkissjóði hluta af nefndri fasteign sem greiðslu á stóreignaskattinum. Sú afhending hafi þó verið gerð að geymdum betra rétti, sem allt fram til þessa hafi verið og sé haldið fram, þ. á m. geymdur réttur til að láta fara fram nýtt fasteignamat á eigninni, en ríkissjóður hafi synjað um það fyrir sitt leyti, sbr. rskj. nr. 21.

Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að öll ákvæði 12. gr. laga nr. 22/1950 víki frá gildandi skattalögum og að öll eignaafhending til greiðslu stóreignaskatts sé tvímælalaust skattfrjáls, þannig að hana beri ekki að reikna til tekna hjá hlutaðeigandi félagi, hvorki sem arð til hluthafa né ráðstöfun úr varasjóði, enda sé enginn eðlismunur á afhendingu fasteignar eða greiðslu úr varasjóði og að ákvæði tekjuskattslaga um 5 ára eignarhald gildi eigi heldur hér. Söluhagnaður sá, er skattayfirvöldin nefni svo og byggi umkrafða skatta á, eigi því enga stoð í lögum. Skattheimta byggð á slíkum grundvelli leiði aðeins til löglauss eignarnáms.

Með fyrirvaralausu afsali gerðarþola til ríkissjóðs, rskj. nr. 5, til greiðslu á áðurnefndum stóreignaskatti samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 22/1950, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 59/1950, verður að telja, að gerðarþoli hafi sætt sig við og samþykkt hinn álagða stóreignaskatt og sé það mál þannig endanlega til lykta leitt. Kemur því réttmæti þeirrar skattaálagningar ekki til álita í þessu máli.

Liggur þá næst fyrir að taka til athugunar, hvort við nefnt eignarafsal hafi skapazt skattskyldur hagnaður, sem réttlæti umkrafða skatta í þessu máli.

Í 9. mg. 12. gr. laga nr. 22/1950 eru ákvæði um skatt þann, er félögum er gert að greiða samkvæmt sömu gr. og ákveðinn er með reglum, sem settar eru í 3. mg. sömu gr. þar segir svo: „Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum.“ Og í framhaldi af því segir: „Slík útborgun frá félögum vegna eigenda eða hluthafa telst ekki skattskyld,

hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, er félagið átti í árslok 1949". Ákvæði þetta verður að skilja þannig, að með því sé fyrst og fremst verið að slá því föstu, að slíkar greiðslur skuli ekki skattleggjast sem arður til hluthafa né ráðstöfun úr varasjóði, en í 8. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1942, eru margháttuð ákvæði um, að ráðstafanir úr varasjóði, aðrar en til að mæta rekstrarhalla fyrirtækis, skuli skattlagðar, og verður að hafa þau ákvæði í huga, þegar fyrrgreint ákvæði laga nr. 22/1950 er skýrt. Af hinu tilvitnaða orðalagi 12. gr. laga nr. 22/1950 verður því ekki leidd sú niðurstaða, að hagnaður af eignaafhendingu, sbr. heimild í a-lið 4. gr. laga nr. 59/1950, skuli vera skattfrjáls. Og með því að af öðrum ákvæðum laga nr. 22/1950, laga nr. 59/1950 og laga nr. 117/1950 verður ekkert frekara ráðið um þetta atriði, verður að leita til laga nr. 6/1935 til skilnings á því.

Samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131/1935, telst til skattskyldra tekna ágóði af sölu á fasteign, ef hún hefur verið í eigu skattgreiðanda skemur en í 5 ár. Á þessu ákvæði hafa skattayfirvöldin byggt skatt þann, er gerðarþoli er krafinn um í máli þessu, þar sem þau hafa talið, að margnefndri eignarafhendingu verði að jafna til sölu, en eignina hafi gerðarþoli ómótmælanlega átt skemur en í 5 ár, og beri því að skattleggja gerðarþola um hagnaðinn af eignarafhendingunni.

Rétturinn hefur áður komizt að þeirri niðurstöðu, að með fyrirvaralausu afsali á margnefndum húseignarhluta sem greiðslu á stóreignaskatti, að upphæð kr. 126.992.00, hafi gerðarþoli sætt sig við réttmæti þeirrar skattálagningar. Fyrir liggur í málinu, að kostnaðarverð allrar húseignar þeirrar, er hér um ræðir, var kr. 188.188.00, að frádreginni afskrift pr. 31. desember 1951, en samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna var verðmæti hins afsalaða eignarhluta talið 14.75% af heildareigninni eða kr. 27.757.00, og hefur því gerðarþoli hagnazt um kr. 99.235.00 á því að afhenda nefnda eign sem greiðslu á stóreignaskattsskuld sinni. Enn fremur liggur fyrir í málinu, að gerðarþoli hafði átt hina afsöluðu eign skemur en í 5 ár. Hagnaður sá, sem hér hefur komið fram og tvímælalaust mundi verða skattskyldur, ef um sölu hefði verið að ræða, verður að teljast svo eðlislíkur söluhafnaði, að lögjöfnun verði að teljast heimil frá e-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131/1935, þannig að réttmætt hafi verið að skattleggja þenna hagnað.

Ómótmælt er tekjuhækkun gerðarþola vegna áðurgreindrar oftalinnar fyrningar á hinni afsöluðu eign.

Af framangreindu leiðir, að ekki verður tekin til greina krafa gerðarþola um synjun hins umbeðna lögtaks á þeim grundvelli, að álagning hinna umkröfðu skatta hafi eigi stoð í lögum, og þar sem útreikningur skattanna, sbr. sundurliðun á rskj. nr. 2, er ómótmælt, verður að leggja hann til grundvallar. Eins og í gerðarbeiðni greinir, er lögtaks krafizt fyrir kr. 134.775.00, en undir rekstri málsins hefur verið greitt upp í kröfuna kr. 65.736.00, og verða eftirstöðvar hennar þá kr. 69.039.00.

Niðurstaða réttarins verður sú, að hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 69.039.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 69.039.00.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Föstudaginn 14. desember 1956.

Nr. 123/1956. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Robert Labbeke (Ágúst Fjeldsted).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á stað varðskipsins kl. 06.12 hinn 9. júlí 1956, sett hann á sjóuppdrátt og markað út frá honum stað togarans á sama tíma, og reyndist staður togarans um 1.3 sm fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Þá hefur skólastjórinn markað á sjóuppdráttinn stað dufls þess, sem varðskipið setti út í kjalfari togarans

kl. 06.37, og reyndist sá staður eftir hornamælingum, sem varðskipsmenn framkvæmdu kl. 11.40, kl. 12.50 og kl. 14.07 sama dag, 0.5—0.6 sm utan fiskveiðitakmarkanna. Frá kl. 06.12 til kl. 06.37 sigldi togarinn vestlæga stefnu út frá landi. Fjarlægðin milli hinna mældu staða togarans kl. 06.12 og kl. 06.37 er um 1.8—1.9 sm, og kemur sú vegalengd vel heim við líklegan hraða togarans á þessu tímabili. Sigling varðskipsins frá duflstaðnum kl. 14.45 og til kl. 16.37, þá er varðskipið gerði staðarákvörðun, samrýmist og vel staðarákvörðun duflsins. Samkvæmt því, er rakið var, og að öðru með skírskotun til héraðsdóms er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi getur. Með tilvísun til þessa og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem eigi hefur breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Robert Labbeke, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júlí 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 11. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3280/1956: Ákæruvaldið gegn Robert Labbeke, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Robert Labbeke, til heimilis í 39 Vissers Kaai í Oostende í Belgíu, skipstjóri á togaranum Van Oost, O 296, frá Oostende. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að morgni hins 9. þ. m. vestur af Reykjanesi innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952.

Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. ágúst 1905 í Oostende, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Péturs Jónssonar, skipstjóra á varðskipinu Maríu Júlíu, eru málavextir þessir:

Mánudaginn 9. þ. m. var varðskipið á eftirlitsferð með fiskveiðitakmörkunum norður af Eldey, og var siglingarstefna þess r/v 339°. Kl. 06.00 sást togarinn Van Oost, O 296, á stjórnborða, og stýrði hann austlæga stefnu, en kl. 06.05 snéri hann út um til stjórnborða í vestlæga stefnu. Kl. 06.12 gerðu skipstjóri og I. stýrimaður varðskipsins eftirfarandi ratsjárathugun: Eldey r/v 134°, fjarlægð 10.0 sjómílur, og um leið miðast togarinn r/v 345°, fjarlægð 4.5 sjómílur, og gefur þetta stað togarans 1.2 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Kl. 06.20 var stefnu varðskipsins breytt og haldið að togaranum, og samtímis var skotið lausu skoti. Kl. 06.25 var aftur skotið lausu skoti. Kl. 06.37 var sett út dufl í kjölfar togarans á 134 metra dýpi, og var togarinn þá að veiðum með stjórnborðsvörpu. Kl. 06.39 var farið að bakborðshlið togarans og tveir menn af varðskipinu settir um borð í hann. Kl. 07.18 var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur. Sökum þess hve lágskýjað var, var eigi unnt að gera staðarákvarðanir með sextant, og var ákveðið að bíða, unz birti til. Kl. 11.40 var skyggni orðið gott, og gerðu þá skipstjóri og I. og II. stýrimaður varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun við dufl varðskipsins:

Keilir

$> 23°\ 06'$

Reykjanesviti

$> 25°\ 56'$

Eldey

Kl. 12.50 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við duflið:

Flugvallarviti
> 30° 07'
Reykjanesviti
> 25° 56'
Eldey

Kl. 14.07 var enn gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Flugvallarviti
> 30° 05'
Reykjanesviti
> 25° 56'
Eldey

Gefa þessar mælingar stað duflsins 0.6 sjómílur utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða var boðið að gera staðarákvörðun með sextant við duflið, en hann hafnaði því. Aðspurður kvaðst ákærði hafa stýrt kompásvestur, eftir að hann snéri kl. 06.05, og hefur hann eftir því togað frá landi í rúma hálfa klukkustund. Ákærða var tilkynnt, að skip hans yrði fært til Reykjavíkur til frekari rannsóknar máls hans. Sigldu síðan bæði skipin þangað og komu til hafnar kl. 19.10.

Veður við töku togarans var NV 3—4 vindstig, skúrir fyrst, en síðan skýjað og gott skyggni. Sjólítið.

Þessa skýrslu skipstjórans hafa báðir stýrimenn varðskipsins, þeir Jón Strandberg I. stýrimaður og Guðni Pálsson II. stýrimaður, staðfest, þó þannig að hinn síðarnefndi kom eigi á stjórnpall fyrr en rétt fyrir kl. 06.20 og gat því eigi vottað um það, sem áður gerðist. Mælinguna kl. 06.12 gerðu skipstjóri og I. stýrimaður í sameiningu, og komu togarinn og Eldey glöggt fram í ratsjá varðskipsins, sem athuguð var í gær af dómkvöddum kunnáttumönnum og reyndist vera í góðu lagi. Áttaviti varðskipsins, sem einnig var notaður við þessa mælingu, var athugaður í gær af dómkvöddum kunnáttumanni og reyndist sömuleiðis í góðu lagi. Við þá athugun kom að vísu í ljós smávægileg breyting segulskekkju frá síðustu segulskekkjutöflu skipsins. Hafi sú breyting haft áhrif á mælinguna, hafa þau verið á þann veg, að staður togarans hefur mælzt lítið eitt fjær landi en hann var, en hvort svo var eða eigi, þykir ekki geta orkað á úrslit þessa máls.

Hornamælingarnar þrjár gerðu skipstjórinn og báðir stýrimennirnir í sameiningu, lásu hornin af sextöntunum hver hjá

öðrum, margendurtóku hverja mælingu, og voru mælistaðirnir allir greinilegir.

Fyrst þegar skipstjóri, I. stýrimaður og einn háseti varðskipsins, sá sem var við stýrið, sáu togarann, var hann greinilega stjórnborðsmegin við silgingarstefnu skipsins, r/v 339°, og þegar II. stýrimaður kom á stjórnpall, sá hann togarann á vesturtogi talsvert á stjórnborða við siglingarstefnu varðskipsins. Toghraða togarans telja varðskipsforingjarnir hafa verið eðlilegan og venjulegan.

Ákærði neitar því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann skýrir svo frá, að vörpunni hafi verið kastað, um 1½ kst. áður en hún var innbyrt, og hafi verið togað þann tíma. Kastað hafi verið langt fyrir utan fiskveiðitakmörkin og togað fyrst í norðvestlæga átt. Þegar togarinn hafi verið í um 16½ sjómílu fjarlægð frá Eldey, hafi stefnunni verið breytt í norðaustlæga til austlæga átt. Síðan hafi verið snúið til vesturs og togað í vestur, þar til varðskipið setti út duflið. Eigi athugaði ákærði, hve lengi var togað í hverja stefnu, en hann áleit togarann alltaf vera utan fiskveiðitakmarkanna, vegna þess að fjarlægðin frá Eldey hafi alltaf verið 16—17 sjómílur og dýpið minnst 74 faðmar. Hefur hann sérstaklega lagt á það áherzlu, að vegna dýpisins hafi hann verið öruggur um, að hann væri utan fiskveiðitakmarkanna. Hann kveðst vera kunnugur á þessum slóðum og oft hafa fiskað á þessu dýpi og í þessari fjarlægð frá Eldey án þess að varðskip, sem framhjá hafi farið, gerðu nokkra athugasemd. Hann heldur því fram, að vegna veltings varðskipsins og móðu yfir landinu hafi verið mjög erfitt að gera hornamælingar. Þetta telja varðskipsmenn ekki hafa við rök að styðjast, veltingurinn hafi ekki verið mikill og eigi torveldað mælingarnar, og þegar þær voru gerðar, hafi mælistaðir sést greinilega, svo sem áður segir. Boði varðskipsmanna um að gera sjálfur hornamælingar við duflið hafnaði ákærði, vegna þess, að hann segir, að hann þekki ekki þá staði á landi, sem mældir voru. Toghraða skips síns á þeim tíma, sem hér skiptir máli, segir ákærði hafa verið um 3 sjómílur á klukkustund. Stýrimaður og loftskeytamaður togarans hafa báðir borið vitni í máli þessu, en hvorugur þeirra gerði nokkra staðarákvörðun. Stýrimaðurinn skýrir svo frá, að þegar hann kom á stjórnpall togarans um kl. 08.00 eftir skipsklukkunni, en það tímamark sé þó engan veginn nákvæmt, hafi dýptarmælirinn staðið á 75 föðmum, og nokkru síðar þegar varðskipið setti út duflið, hafi hann séð í ratsjá togarans, að fjarlægðin til Eldeyjar var 15½ sjómíla, og hafi stefnan til Eldeyjar þá verið S a A ½ A. Venju-

legan toghraða togarans segir hann vera 1 sjómílu á 20 mínútum.

Loftskeytamaðurinn kveðst um kl. 08.00 eftir skipsklukkunni hafa verið kallaður upp til þess að lesa á ratsjána, og hafi hún þá sýnt um 16 sjómílna fjarlægð frá Eldey. Hann athugaði fjarlægð duflsins frá Eldey, og var hún 15½ sjómíla.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að ákærði hefur eigi gert neinar öruggar staðarmælingar, heldur treyst á dýpið í sambandi við fjarlægð frá Eldey. Fá þessar athuganir hans og fjarlægðar- og dýptarathuganir stýrimanns og loftskeytamanns togarans eigi hnekkt áðurgreindum eiðfestum staðarmælingum varðskipsmanna, hvorki hornamælingunum við duflið né mælingunni kl. 06.12. Það er og fram komið, að togarinn byrjaði að toga vestlæga stefnu kl. 06.05 og hélt þeirri stefnu með venjulegum toghraða, allt þar til duflið var sett í kjölfar hans kl. 06.37 eða í um hálfa klukkustund. Hafi hann togað með 3ja sjómílna hraða á klst., svo sem ákærði og stýrimaður hans halda fram, hefur hann á þessum tíma togað til vesturs ca 1½ sjómílu. Sé þannig einungis miðað við þetta tog og hinn margmælda stað duflsins, 0.6 sjómílu utan fiskveiðitakmarkanna, hefur togarinn verið innan takmarkanna í upphafi þessa togs. Ber þetta enn að sama brunni um sekt ákærða, og telur dómurinn fram komnar fullar sannanir fyrir því, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, svo sem varðskipsmenn halda fram. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 og með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 596 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allan afla og veiðarfæri togarans, þar með talda dragstrengi, ber að gera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Robert Labbeke, greiði 74.000.00 króna sekt til

Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri togarans Van Oost, O 296, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. desember 1956.

Nr. 86/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Friðriki K. Sigfússyni og gagnsök
(Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Um ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 110/1951.
Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, enda verði þá málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 26. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 141.441.00 ásamt 6% ársvöxtum

frá 15. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00, er renni til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki K. Sigfússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00, er renni til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Friðrik K. Sigfússon, Faxabraut 10, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 4. október f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 141.441.00, auk 6% ársvaxta frá 15. júlí 1953 til greiðsludags. Stefnandi hefur fengið gjafsókn fyrir héraðsdómi samkvæmt bréfi, út gefnu í Dómsmálaráðuneytinu 13. október f. á., og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Um hádegisbil hinn 15. júlí 1953 var stefnandi ásamt tveimur öðrum mönnum, þeim Guðmundi Ólafssyni og Gunnari Albertssyni, við trésmíðavinnu hjá firmanu Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, Keflavíkurflugvelli. Unnu þeir að smíði flekamóta, sem nota átti við uppslátt að sökkli kvikmyndahúss, er verið var að hefja smíði á á flugvellinum. Allir unnu þeir við sama vinnuborð og störfuðu, þegar slys það varð, er síðar verður

greint frá, að smíði sama flekans. Fleki þessi var 4×8 fet að stærð og af sömu gerð og margir aðrir flekar, er þeir félagar smíðuðu. Smíði flekanna var þannig framkvæmd, að fyrst var negldur saman rammi og síðan vatnsheld krossviðarplata, ¾" á þykkt, negld á rammann. Krossviðarplötur þessar voru hornréttar, og var farið þannig að í upphafi, að einn nagli var negldur í gegnum hvert horn hennar og í rammann og ramminn réttur af eftir krossviðarplötunni. Segir Guðmundur, að timbur það, sem þeir félagar unnu úr, hafi verið frekar hart og leiðinlegt til vinnslu, og stefnandi kveður krossviðinn hafa verið mjög harðan. Við smíði fyrrgreinds fleka stóðu þeir stefnandi og Guðmundur við sama horn flekans. Það kemur ekki fram, hvort þeir hafi báðir staðið sama megin við hornið eða sitt hvorum megin, en Guðmundur hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi staðið alveg upp við hlið hans, en þó hafi þeir hvor um sig haft nægilegt svigrúm við vinnuna. Í umrætt skipti voru stefnandi og Guðmundur að rétta af eitt horn rammans eftir krossviðarplötunni, sem á hann skyldi negla. Hélt stefnandi plötunni og rammanum saman, en Guðmundur ætlaði að reka nagla í gegnum horn plötunnar. Heldur stefnandi, að naglinn hafi verið 2½", þar sem um hornnagla hafi verið að ræða. Við áslátt Guðmundar á naglann hrökk naglinn undan hamri Guðmundar og lenti í opnu hægra auga stefnanda. Hvorki stefnandi né Guðmundur voru lærðir trésmiðir, en höfðu báðir stundað trésmíðavinnu um alllangt skeið, áður en slys þetta varð. Þegar slysið var orðið, var stefnandi fluttur til amerísks trúnaðarlæknis vinnuveitanda hans, Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, og hreinsaði læknirinn augað og lét um það umbúðir. Þær umbúðir munu hafa verið teknar frá um það bil viku síðar, og kveðst stefnandi þá lítið sem ekkert hafa séð með auganu. Að ráði þessa sama læknis beið stefnandi tvær til þrjár vikur eftir frekari aðgerðum, þar sem læknirinn mun hafa talið, að sjónin myndi lagast. Svo varð þó ekki, og hinn 7. ágúst 1953 leitaði stefnandi til Kristjáns Sveinssonar augnlæknis, hér í bænum. Við skoðun Kristjáns kom í ljós, að nethimna hægra auga stefnanda hafði rifnað og losnað, og í ágústmánuði gerði læknirinn aðgerð á auganu til þess að reyna að lagfæra þetta, en það tókst ekki.

Í vottorði nefnds læknis, dagsettu 7. maí 1954, segir, að nethimnan á hægra auga stefnanda sé nærri alveg laus frá („nærri total ablatio retinae") og augað sjónlaust að mestu. Telur læknirinn líklegt, að ástand augans haldist óbreytt í framtíðinni, a. m. k. sé ekki von til þess, að ástand þess batni. Hefur tryggingaryfir-

læknir hinn 26. maí 1954 metið varanlega örorku stefnanda af völdum umrædds slyss 20%. Stefnandi hóf vinnu um mánaðamótin september og október 1953, en kaup hafði hann fengið frá vinnuveitanda sínum til 16. ágúst s. á.

Stefnandi heldur því fram, að fyrrnefndur Guðmundur Ólafsson hafi ekki sýnt fulla aðgæzlu í starfi sínu. Hann hafi ekki gætt þess að festa nógu vel nagla þann, er slysið hlauzt af, áður en hann tók að reka hann niður af fullu afli. Nefndum Guðmundi hafi verið ljóst, að timbur það, sem hann var með, hafi verið „frekar hart og leiðinlegt að vinna úr". Hafi honum því borið að sýna sérstaka varúð við að reka í það nagla. Allir, sem einhvern tíma hafa stundað smíðar, hljóti að vita, að nagli geti hrokkið undan hamri, ef smiðurinn haldi ekki um naglann, meðan verið er að festa hann. Telur stefnandi, að Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies sem vinnuveitandi nefnds Guðmundar Ólafssonar beri fébótaábyrgð á framangreindri óaðgæzlu hans við vinnu sína, en stefndi hafi samkvæmt 2. tl. 12. gr. fskj. 2 með lögum nr. 110/1951, sbr. 1. gr. fskj. þessa, tekið á sig ábyrgð á tjóninu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar svo:

1. Örorkubætur	kr.	144.183.00
2. Ferðakostnaður vegna læknishjálpar	—	300.00
3. Gleraugu	—	365.00
4. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	20.000.00
	Kr.	164.848.00

Frá dragast örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 23.407.00, og kemur þá út hin umstefnda upphæð.

Sýknukröfu reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að röngum aðilja sé stefnt. Félag það, Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, sem stefnandi var í vinnu hjá, er slysið varð, eigi varnarþing hér á landi, og beri því að hafa uppi allar kröfur bæði samkvæmt samningum og utan samninga beint gegn félaginu.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að ríkissjóður hafi ekki tekið á sig ábyrgð á slysum sem þessum með ákvæðum 2. tl. 12. gr. fskj. 2 með lögum nr. 110/1951. Í ákvæði þessu standi, að Ísland skuli úrskurða og greiða kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem tjón hlýzt af. Skýrgreininguna á „lið Bandaríkjanna" sé að finna í 1. gr. nefnds fylgiskjals og af skýrgreiningunni megi örugglega ályktа,

að þar sé aðeins átt við hermenn varnarliðsins og beint starfslið hersins, svo sem skrifstofufólk, enda hafi starfsmenn þessir erlent ríkisfang. Firmað Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies sé einkafyrirtæki og annist sem verktaki ýmsar framkvæmdir hér á landi samkvæmt útboði, hliðstætt við Sameinaða verktaka, sem sé íslenzkt fyrirtæki. Félagið eigi, svo sem áður var sagt, varnarþing hérlendis. Telur stefndi með skírskotun til framangreindra raka, að Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies eða starfsmenn þess verði ekki taldir til liðs Bandaríkjanna, sem við sé átt í 1. gr. fyrrgreinds fylgiskjals. Til stuðnings þessu áliti sínu hefur stefndi bent á ákvæði 1. og 2. tl. 7. gr., 1., 3., 9. og 7. tl. b 8. gr. fylgiskjalsins.

Loks heldur stefndi því fram, að jafnvel þó Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies teldist til liðs Bandaríkjanna hér á landi, þá gildi sérregla 2. tl. 12. gr. fylgiskjalsins um bótaábyrgð ríkissjóðs aðeins um þá starfsmenn fyrirtækisins, sem hafi erlent ríkisfang. Slys það, sem um ræðir í málinu, hafi orðið við vinnu hjá fyrirtækinu, sem eingöngu hafi verið unnin af Íslendingum.

Verði sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts hrundið og talið, að málinu sé réttilega beint að ríkissjóði, telur stefndi, að um skaðabótakröfuna gildi almennar reglur skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð. Heldur stefndi því fram, að tæki þau, sem notuð voru við vinnuna, og umbúnaður við hana, hafi verið í góðu lagi og starfsmaður sá, er naglann rak, hafi hagað sér að öllu leyti forsvaranlega við vinnuna, en henni fylgi næsta lítil áhætta. Verði því að telja umrætt slys hreina óhappatilviljun, sem vinnuveitandi beri enga ábyrgð á.

Varakröfu sína um lækkun stefnukröfunnar reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að skipta beri sökinni, ef um sök yrði talið að ræða. Telur hann, að stefnandi hafi sýnt af sér óvarkárni með því að standa of nærri vinnufélaga sínum, er naglann rak. Þá hefur stefndi mótmælt 1. og 4. kröfulið stefnanda sem allt of háum.

Í 1. gr. laga nr. 110/1951 er svo ákveðið, að meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skuli ákvæði hans og viðbætir við hann frá 8. maí 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra hafa lagagildi hér á landi. Var varnarsamningurinn og viðbótarákvæðin prentuð sem fylgiskjöl með nefndum lögum. Eru viðbótarákvæðin hér á eftir auðkennd sem fylgiskjal 2. Í 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2 segir m. a., að Ísland skuli samkvæmt þeim ákvæðum, sem þar fara á eftir, úrskurða og greiða

kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýzt tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar. Þá hljóðar 1. gr. fylgiskjals 2 svo: „Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna" yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum."

Vinnuveitandi þeirra manna, sem starf það unnu, er umrætt slys hlauzt við, Metcalfe, Hamilton, Smith Beck Companies, er ekki skrásett hér á landi, enginn forráðamanna félagsins er búsettur hér, og félagið greiðir hér enga skatta eða skyldur. Félagið rekur hér á landi eingöngu starfsemi í þágu varnarliðs Bandaríkjanna og dvelst því hér aðeins vegna framkvæmda á áðurnefndum varnarsamningi. Verður því að telja, að oft nefnt félag falli undir „lið Bandaríkjanna", svo sem það er skilgreint í 1. gr. fskj. 2. Þau ákvæði 7. og 8. gr. fylgiskjals 2, sem stefndi hefur bent á, eru öll sérákvæði, og verður því ekki af þeim dregin ályktun um það, hverjir almennt skuli teljast til liðs Bandaríkjanna.

Stefnukröfurnar í máli þessu eru fyrst og fremst reistar á því, að starfsmaður í þjónustu Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies hafi með óaðgæzlu valdið oftnefndu slysi og beri því fyrirtækið sem atvinnurekandi ábyrgð á öllu því tjóni, sem af slysinu hlauzt, en stefndi hafi samkvæmt ákvæðum 2. tl. 12. gr. fskj. 2 tekið á sig fébótaábyrgðina. Þar sem nefnt fyrirtæki telst, svo sem áður er sagt, til liðs Bandaríkjanna hér á landi, verður að fallast á þessa röksemdafærslu stefnanda, og verður í þessu sambandi ekki talið skipta máli um ábyrgð stefnda, hvers þjóðernis sá maður er, sem verk hefur unnið á ábyrgð einhvers aðilja í liði Bandaríkjanna. Að því athuguðu, sem hér að framan er greint, hefur krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast, og er því málinu réttilega beint að honum. Verða nú aðrar varnarástæður hans teknar til athugunar.

Það er álit hinna trésmíðafróðu samdómenda, að allalgengt sé við trésmíðar, að naglar hrökkvi undan hamri við áslátt, en venjulega komi það ekki að sök. Þá er það og álit þeirra, að Guðmundur Ólafsson hafi, eftir því sem á stóð og til hagaði í umrætt skipti, ekki sýnt fulla aðgæzlu í starfi sínu við áslátt naglans, sem hrökk í auga stefnanda og oftnefndu slysi olli. Þegar síðastnefnt atriði er virt og það haft í huga, að eftir fyrstgreindu áliti hinna trésmíðafróðu samdómenda virðist hafa verið um

nokkuð hættusamt starf að ræða, þykir stefndi, er kemur í stað atvinnurekanda í þessu máli, eiga að bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem af umræddu slysi hlauzt, enda verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt óaðgætni.

Hinir einstöku kröfuliðir stefnanda verða nú teknir til athugunar:

Um 1. Stefnandi er talinn fæddur 9. apríl 1923, og var hann því rúmlega 30 ára að aldri, er slysið varð.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps stefnanda, miðað við slysdag og 20% örorku. Nemur vinnutekjutapið eftir útreikningi hans kr. 144.183.00, og hefur tryggingafræðingurinn haft til hliðsjónar vinnutekjur stefnanda samkvæmt skattaframtölum frá og með árinu 1950 fram til 16. maí 1953. Grundvöllur útreikningsins er: 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt íslenzkri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í sambandi við útreikninginn getur tryggingafræðingurinn þess, að hann hafi ekki dregið neitt frá fyrir opinberum gjöldum. Þá bendir hann á, að rétt muni að draga frá vinnutekjutapinu örorkubætur þær, sem Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt stefnanda. Hins vegar telur hann, að ekki eigi að koma til frádráttar dagpeningar og fjölskyldubætur, kr. 1.851.50, er stefnandi hafi fengið greitt fyrir tímabilið frá 16. ágúst til 30. september 1953. Loks tekur tryggingafræðingurinn fram, að gera megi ráð fyrir, að stefnandi hefði getað unnið fyrir 5—6 þúsund krónum á tímabilinu 16/8 til 30/9 1953. Telur hann því, að það vanti milli tvö og þrjú þúsund krónur á, að dagpeningar og fjölskyldubætur nægi til að bæta 80% af vinnutekjutapinu á síðastgreindu tímabili. Það athugast, að tryggingafræðingurinn hefur miðað útreikning vinnutekjutaps stefnanda vegna örorku hans við slysdag, en svo sem áður er sagt, fékk stefnandi greitt fullt kaup til 16. ágúst 1953.

Þegar virt eru framangreind atriði svo og annað það, er máli skiptir, og meðal annars höfð hliðsjón af því, að vextir hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a., þykja örorkubætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 115.000.00.

Um 2. og 3. Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæðunum undir þessum liðum, og verða þær því teknar til greina að fullu.

Um 4. Í málinu hafa verið lagðar fram 2 ljósmyndir af stefnanda. Er hann á annarri ljósmyndinni með gleraugu. Sést á ljósmyndum þessum, að hægra auga stefnanda er minna og daufara en vinstra auga hans. Eru þetta auðsjáanleg lýti. Að þessu at-

huguðu og þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga hans, teljast hæfilegar bætur honum til handa samkvæmt þessum lið kr. 10.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 115.000.00 plús kr. 300.00 plús kr. 365.00 plús kr. 10.000.00, samtals kr. 125.665.00 að frádregnum kr. 23.407.00 eða kr. 102.258.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 8.900.00, og ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Baldurssyni hdl., kr. 8.500.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendum Einari B. Kristjánssyni og Ragnari Þórarinssyni húsasmíðameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Friðriki K. Sigfússyni, kr. 102.258.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 8.900.00 í málskostnað, og ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Baldurssyni hdl., kr. 8.500.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 115/1953. **Marteinn M. Skaftfells** (sjálfur)
gegn
Orku h/f (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Krafa um endurgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1953. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 19.867.37 ásamt 6% ársvöxtum

frá 31. ágúst 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Marteinn M. Skaftfells kennari, Hamrahlíð 5, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, með stefnu, út gefinni 9. janúar 1951, gegn Orku h/f, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 20.000.00, með 6% ársvöxtum frá 31. ágúst 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfur sínar í kr. 19.867.37 auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í stefnu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn 11. janúar 1946 pantaði stefnandi máls þessa sænskt timburhús ósamsett hjá stefnda, er flutti inn slík hús. Kveður stefnandi sér hafa verið lofað húsinu fyrir sænskar kr. 13.000.00 f. o. b. í sænskri höfn. Þá hafi hann átt að greiða sérstaklega fyrir nokkrar breytingar, sem hann óskaði eftir að gerðar yrðu á húsinu frá því, sem sýnt var í myndalistum yfir sænsk hús, er hann hafði kynnt sér. Hafi stefnda gert ráð fyrir, að verð hússins yrði um kr. 48.000.00, komins hingað til lands. Er stefnandi gerði pöntun sína, greiddi hann fyrirfram kr. 5000.00 upp í kaupverð hússins.

Hinn 31. ágúst 1946 var hús stefnanda afhent í Gautaborg og mun hafa komið hingað til lands 9. september. Tjáði stefnda stefnanda, að verð hússins yrði alls kr. 67.510.26, og ætti hann því ógoldnar kr. 62.510.26. Stefnandi kvartaði yfir því við stefnda,

að verð þetta væri hærra en átt hefði að vera, og beiddi stefnda af því tilefni hinn sænska seljanda hússins, Niels Westerberg í Kalmar, um sundurliðaðan reikning yfir húsið, en áður hafði það aðeins fengið reikning, þar sem heildarverðið var tilgreint. Vegna verðhækkunarinnar leitaði stefnandi einnig til sænska sendiráðsins í Reykjavík eftir upplýsingum um verðhækkanir á timburhúsum frá verksmiðju þeirri í Svíþjóð, er framleitt hafði hús hans, A/B Standardhus í Hultsfred. A/B Standardhus svaraði fyrirspurn sendiráðsins í símskeyti á þann veg, að hækkun hefði orðið á útflutningsverði, vegna þess að útflutningsgjald hefði hækkað úr kr. 8.50 í kr. 22.50 á rúmmetra, og einnig skipti betri innrétting máli um verð sumra húsa. Að öðru leyti vísaði A/B Standardhus til seljandans, Niels Westerberg. Hinn 15. október 1946 ritaði Niels Westerberg sænska sendiráðinu bréf af þessu tilefni. Var þar rakið fyrrgreint símskeyti frá A/B Standardhus. Jafnframt var þar tekið fram, að samkvæmt upplýsingum frá A/B Standardhus væri reiknað með eftirtöldum hækkunum síðan 2. október 1944, en þann dag mun Niels Westerberg hafa gert íslenzkum kaupendum verðtilboð. Hækkun vegna hækkaðra vinnulauna minnst 5% og vegna verðhækkana efnis að minnsta kosti 13%. Loks hefðu orðið þær hækkanir á útflutningsgjaldi, sem að framan greinir. Bauðst hinn sænski seljandi til að láta í té frekari upplýsingar, ef nauðsynlegt væri.

Hinn 17. marz 1947 greiddi stefnandi eftirstöðvar af verði því, sem stefnda krafði hann fyrir húsið. Jafnframt afhenti stefnda Byggingasamvinnufélagi kennara, sem annaðist greiðsluna fyrir hönd stefnanda, farmskírteinið fyrir húsið svo og efnislista. Stefnandi gerði engan fyrirvara um endurheimtu fjár þess, er hann galt fyrir húsið. Hins vegar kveður hann ástæðuna til þess, að hann greiddi það verð fyrir húsið, sem krafizt var, hafa verið þá, að honum hafi verið heitið nákvæmri sundurliðun á öllum verðútreikningum, og hafi hann gert ráð fyrir, að sér yrði endurgreitt það, sem hann kynni að hafa ofgoldið. Enga slíka sundurliðun hafi hann hins vegar fengið fyrr en í máli þessu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefnda hafi lofað að selja honum hið sænska timburhús á föstu verði, sænskar kr. 13.000.00 f. o. b. í sænskri höfn, enda hafi það verð verið tilgreint í verðlista, merktum 11D, sem hann hafi fengið til athugunar. Hafi honum einungis borið að greiða það verð fyrir húsið, að viðbættum flutningskostnaði hingað til lands og nauðsynlegum gjöldum hér á landi í sambandi við innflutning hússins, auk hæfilegs gjalds fyrir þær smávægilegu breytingar, sem

hafi verið gerðar á húsinu að hans ósk. Hefur stefnandi mótmælt, að sér hafi verið skylt að greiða hærra verð fyrir húsið vegna hækkunar á efni og vinnulaunum, flutningskostnað frá verksmiðju til Gautaborgar eða útflutningsgjald. Þá hefur stefnandi mótmælt staðhæfingu stefnda um það, að hve miklu leyti breytingar á húsinu hafi valdið verðhækkun á því, enda hafi ýmislegt af því, er stefnda telji til breytinga, ekki verið framkvæmt eða ekki átt að greiðast sérstaklega. Loks telur stefnandi, að stefnda hafi verið óheimilt að reikna sér nokkra álagningu, enda hafi ekki verið á það minnzt við samningsgerðina, að stefnda legði neitt á húsið. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu hafi sér einungis borið að greiða stefnda kr. 47.642.89, og hafi hann því ofgreitt stefnda þær kr. 19.867.37, sem hann krefur stefnda um í máli þessu.

Stefnda reisir kröfur sínar á því, að það hafi eigi lofað stefnanda margnefndu húsi fyrir fast verð. Stefnanda hafi verið tjáð, að grunnverð hússins frá verksmiðju væri s. kr. 13.000.00, en fyrirvari hafi verið gerður um hækkun vegna verðbreytinga. Allan kostnað, sem félli á húsið eftir afhendingu frá verksmiðju, svo og verzlunarálagningu stefnda hafi stefnandi átt að greiða sérstaklega auk hækkana á verksmiðjuverði vegna breytinga, sem stefnandi hafi óskað eftir, að gerðar yrðu. Þá hafi hann og átt að greiða útflutningsgjald af húsinu. Hækkanir þær, sem orðið hafi á grunnverði því, sem stefnda hafi gefið upp, stafi einmitt af því, að hækkanir hafi orðið á efni og vinnulaunum í Svíþjóð frá því, sem verið hafi, er verðlisti 11D hafi verið gefinn út árið 1944, auk hækkana vegna breytinga á húsinu frá gerð þess samkvæmt myndalista og efnislýsingu þeirri, sem verðlistinn var miðaður við.

Þá hefur stefnda haldið því fram, að enda þótt talið yrði, að stefnandi hefði átt rétt á að fá hús sitt fyrir lægra verð en af honum hafi verið krafizt, þá hafi hann firrt sig öllum endurkröfurétti, þar eð hann hafi innt greiðslu sína fyrirvaralaust af hendi. Hafi hann þó þá verið búinn að fá hjá sænska sendiráðinu í Reykjavík þær skýringar, sem Niels Westerberg gaf á verðhækkunum í bréfi sínu, dags. 15. október 1946. Þá hafi stefnda og að beiðni stefnanda óskað eftir skýringum hins sænska seljanda á verðhækkuninni. Hafi hann af því tilefni ritað stefnda bréf þessu til skýringar hinn 13. marz 1947, er lagt er fram sem dskj. nr. 8 í máli þessu. Hafi stefnanda verið kynnt það bréf, áður en hann innti greiðslu sína af hendi. Einnig sé á það að

líta, að mjög langur tími hafi liðið, frá því að stefnandi innti greiðslu sína af hendi, unz hann hóf málssókn þessa.

Það er ágreiningslaust, að eftir að hús stefnanda kom hingað til lands 31. ágúst 1946, hafi hann óskað skýringa stefnda á því, hverjar væru ástæður til þess, að verð þess væri hærra en hann taldi, að um hefði verið samið. Stefnandi hefur viðurkennt, að áður en hann greiddi, hafi stefnda tjáð sér, að hækkunin á húsverðinu stafaði af útflutningsgjaldi og hækkun á efni og vinnu. Enn fremur hefur hann viðurkennt að hafa verið búinn að fá afrit af fyrrgreindu bréfi Niels Westerberg til sænska sendiráðsins. Er stefnandi innti greiðslu sína af hendi til stefnda hinn 17. marz 1947, gerði hann engan fyrirvara um rétt sinn til endurheimtu hennar að nokkru eða öllu leyti. Var þó til þess full ástæða, ef hann taldi skýringar þær, sem hann hafði fengið samkvæmt framansögðu, ónógar. Þá er og á það að líta, að mjög langur tími leið, frá því að stefnandi innti greiðslu sína af hendi, unz hann hófst handa um málssókn þessa, enda er sáttakæra í málinu eigi gefin út fyrr en 23. september 1949. Eftir að mál þetta var höfðað, tók stefnandi og við endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af húsi sínu hjá Fjármálaráðuneytinu. Var endurgreiðslan við það miðuð, að innkaupsverð hússins hefði verið sænskar kr. 18.235.00.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið um atvik að greiðslu stefnanda, og að hann gerði þá engan fyrirvara af sinni hendi og jafnframt haft í huga, hversu seint mál þetta er höfðað, þá verður ekki á það fallizt með honum, að hann eigi rétt til endurgreiðslu úr hendi stefnda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Einari B. Kristjánssyni húsasmíðameistara og Tómasi Vigfússyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefnda, Orka h/f, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Marteins M. Skaftfells, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 27/1956. **Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Linde og farms** (Sveinbjörn Jónsson) gegn **Eigendum og áhöfn v/s Hvalfells og gagnsök** (Benedikt Sigurjónsson).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Bjarglaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1956. Krefjast þeir þess, að dæmd fjárhæð samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar, að hvor aðilja verði látinn bera sinn kostnað fyrir héraðsdómi, en að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 6. marz 1956. Krefjast þeir björgunarlauna úr hendi aðaláfrýjenda, að fjárhæð kr. 3.000.000.00, eða til vara annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins, ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1953 til greiðsludags og svo málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefjast þeir og, að þeim verði ákveðinn sjóveðréttur í v/s Linde til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Hinn 26. nóvember 1953, kl. 8,43 að morgni, var v/s Linde frá Tönsberg í Noregi lagt norðaustur af Örfirisey við Reykjavík, utan hafnargarða. V/s Linde er olíuflutningaskip, 15680 smálestir d.w., og talið 153 m á lengd. Legufæri skipsins voru sem hér segir: Sett var út stjórnborðsakkeri með 8 liðum af keðju, um 220 m (legufæri I). Bakborðsfesting að framan var við legufæri, sem fyrir voru á staðnum. Voru það 2 akkeri með festum að dufli. Var stefni skipsins tengt við duflið með 4" vír, sem duflinu fylgdi, og 10" kaðli (legu-

færi II). Að aftan var skipið tengt við tvenn legufæri, sem fyrir voru á staðnum. Frá legufærum þessum lágu strengir að duflum, en í duflin var skipið fest með vír og 10" kaðli í hvort um sig (legufæri III og IV).

Eftir að v/s Linde hafði verið lagt með framangreindum hætti, vissi stefni þess sem næst til norðvesturs. Legufæri I (stjórnborðsakkerið) voru beint norður af stefni skipsins, legufæri II sem næst vestur af stefninu, legufæri III voru beint austur af skut skipsins og legufæri IV beint suður af skutnum. Skipið lá um 480 m út af norðausturtanga Örfiriseyjar. Á 100—120 m breiðu svæði norðaustur af eynni er dýpi undir 5 m um stórstraumsfjöru, en talið er, þar sem smástreymt var um þetta leyti, að þar við megi bæta um 1 m um háfjöru. V/s Linde er talið hafa rist á þessum tíma um 6 m að aftan.

Þegar leið á daginn 26. nóvember, tók að hvessa. Samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands, sem lögð hefur verið fram í Hæstarétti, var veðurfari þannig háttað í Reykjavík kl. 19.00 nefndan dag, að vindátt var 0,2, þ. e. 20 stig austan við norður, meðalvindhraði 6 stig (22 hnútar), en mesti vindur 8 stig (34 hnútar). Lá v/s Linde þá allþvert fyrir vindi. Tók skipið um það leyti að reka í átt til lands og draga stjórnborðsakkerið (legufæri I). Er skipið hafði rekið í þá aðstöðu, að á reyndi bakborðsfestingu að framan (legufæri II), brustu festar þessar. Var þá bakborðsakkeri skipsins látið falla ásamt 2 liðum af keðju (legufæri V). Símað var í land eftir hafnsögumanni, og kom Andrés Sveinbjörnsson hafnsögumaður um borð í skipið kl. 19.35. Hafði skipið þá rekið svo, að duflið á bakborðsfestingu að aftan (legufæri IV) var komið undir bakborðshlið skipsins. Voru þá festar leystar úr dufli þessu. Ákveðið var í samráði við hafnsögumanninn að sima í land eftir aðstoð skipa. Kl. 20.25 náðist samband við v/s Hvalfell, sem statt var á ytri höfninni í Reykjavík, og það beðið um að fara til hjálpar. V/s Hvalfell er togari, 655 rúmlestir brúttó, með 1000 hestafla gufuvél. Þegar hjálparbeiðnin kom, brá v/s Hvalfell þegar við og fór á staðinn. Lagðist það til kuls við v/s Linde og lét bæði akkeri sín falla ásamt 5 liðum af hvorri keðju litið eitt austar

en v/s Linde hafði látið stjórnborðsakkeri sitt falla. Voru síðan báðir togvírar v/s Hvalfells, 3¼" að gildleika, dregnir um borð í v/s Linde með aðstoð hafnsögubáts og þeir festir þar fremst á skipinu. Vél v/s Hvalfells var látin ganga áfram með hægri ferð. Var þessu lokið um kl. 22.30.

Andrés Sveinbjörnsson hafnsögumaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið sameiginleg skoðun sín og skipstjórans á v/s Linde, að rétt væri vegna stórviðris að láta skipið liggja, eins og það var komið, meðan ekkert bilaði. Hann hefur og borið það, að hann haldi, að v/s Linde hafi eitthvað rekið fram að þeim tíma, sem v/s Hvalfell festi í því, en eftir það hafi skipið ekkert rekið. Skipstjórinn á v/s Linde hefur hins vegar talið, að skipið hafi ekkert rekið, eftir að bakborðsakkeri var látið falla.

Samkvæmt skýrslu Veðurstofunnar hélzt vindátt alla nóttina 0.1, eða 10 stig austan við norður. Veðurhæð var og mikil um nóttina, meðalvindur oftast 8 vindstig (30—40 hnútar), en mesti vindur allt að 10 vindstigum. Hvassast var á tímabilinu kl. 02.00—03.20 um nóttina, oftast 10 vindstig í hviðunum (allt að 54 hnútum). V/s Hvalfell lá um nóttina á sama stað, tæpum 300 m norðan við v/s Linde. Var vél v/s Hvalfells stöðugt látin ganga áfram með hægri ferð. Eftir að v/s Linde hætti að reka, var fjarlægð frá stefni þess til lands um 260—270 m, en grynningar, þar sem skipið hefði tekið niðri, voru ekki nema um skipslengd framundan.

Kl. 08.30 næsta morgun, 27. nóvember, er veður hafði lægt mjög, drógu skipin v/s Linde og v/s Hvalfell upp akkeri sín. Kom þá í ljós, að stjórnborðsakkeri v/s Linde hafði krækzt undir olíuleiðslu þá, sem lýst er í héraðsdómi, og dró það hana upp með sér, en hún brotnaði og féll af akkerinu. Eftir þetta togaði v/s Hvalfell v/s Linde frá landi. Sleppti v/s Linde síðan togvírum v/s Hvalfells og sigldi til Skerjafjarðar.

Gagnáfrýjendur töldu hjálp þá, er v/s Hvalfell veitti v/s Linde, björgunaraðgerðir og höfðuðu mál þetta til heimtu björgunarlauna, eins og nánar er lýst í héraðsdómi. Taldi sjódómurinn, að hér hefði verið um björgunarstarf að ræða og dæmdi björgunarlaun.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn. Hinn 8. júlí 1955 ritaði málflytjandi aðaláfrýjenda hafnarstjóra Reykjavíkur og æskti svars hans við 4 tilgreindum spurningum. Þessu svaraði hafnarstjóri með bréfi 11. s. m.

Þá ritaði málflytjandi aðaláfrýjenda hinn 24. júlí 1956 Hjálmari R. Bárðarsyni skipaskoðunarstjóra og æskti svars hans við 5 tilteknum spurningum í sambandi við málið. Svaraði skipaskoðunarstjórinn bréfi þessu hinn 4. nóvember 1956. Þá hefur skipaskoðunarstjórinn með bréfi 13. nóvember 1956 svarað fyrirspurnum málflytjanda gagnáfrýjenda og enn með bréfi 18. s. m. svarað viðbótarspurningum málflytjanda aðaláfrýjenda.

Með bréfi 28. september 1956 æskti málflytjandi aðaláfrýjenda umsagnar Friðriks Ólafssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, um ýmis atriði varðandi mál þetta. Eftir að skólastjórinn hafði haft samband við málflytjendur beggja aðilja, samdi hann álitsgerð, dags. 8. október 1956. Með bréfi 27. s. m. hefur skólastjórinn síðan svarað ýmsum fyrirspurnum málflytjanda gagnáfrýjenda.

Að fyrirlagi Hæstaréttar voru hinn 21. nóvember 1956 dómkvaddir 3 sérfróðir menn, þeir Benedikt Gröndal forstjóri, Ásgeir Sigurðsson skipstjóri og Guðmundur Markússon skipstjóri, til að segja álit sitt um ýmis atriði málsins og niðurstöður þeirra Friðriks Ólafssonar skólastjóra og Hjálmars Bárðarsonar skipaskoðunarstjóra. Sömdu þeir ýtarlega álitsgerð, dags. 30. nóvember 1956.

Þegar athuga skal, hvort v/s Linde hafi í umrætt skipti verið statt í slíkri hættu, sem um ræðir í 229. gr. siglingalaganna nr. 56/1914, verður að meta allar aðstæður, eins og þær litu út fyrir stjórnarmönnum skipsins um kvöldið og nóttina 26.—27. nóvember 1953. Þegar litið er til stærðar skipsins, nálægðar þess við landgrynningar, veðurhæðar og veðuráttar, þá verður að telja ótvírætt, að það hafi verið í yfirvofandi hættu, er það tók að reka að landi. Það var með öllu óvíst, hvort afturfesting skipsins kynni að halda, eftir að það var farið að draga stjórnborðsakkerið og framfesting í legufæri II hafði brostið. Eðlilegt mat á aðstæðum á þessum tíma gerði skipstjórnarmönnum v/s Linde skylt að leita

hjálpar, eins og þeir gerðu. Skiptir ekki máli um þetta, þó að matsmenn telji við eftirfarandi athugun og útreikninga „sennilegt", að afturfestar v/s Linde hefðu haldið skipinu. Þrír hafnsögumenn, sem voru um borð í skipunum um kvöldið og nóttina, hafa allir fyrir dómi lýst því áliti sínu, að v/s Linde hafi verið í hættu statt, og sama er álit hinna sérfróðu samdómsmanna í sjódómi.

Eftir að hættuástand það, sem að framan er lýst, var á komið, var v/s Hvalfell kvatt til hjálpar, og veitti það hana eftir því, sem skipstjórnarmenn v/s Linde töldu að mestu gagni koma. Fallast má á það álit hinna sérfróðu samdómsmanna í sjódómi, að v/s Hvalfell hafi um kvöldið og nóttina togað í v/s Linde að framan með þungu átaki, og að það hafi þannig bæði með akkerum sínum og vélarafli styrkt framfestingu v/s Linde og meðal annars valdið því, að skipið lægi betur í sjó en ella. Þykir sýnt, að v/s Linde hefði komizt í aukna hættu, ef framfestingar hefðu bilað eða farið úr skorðum. Telja verður, að v/s Hvalfell hafi með framangreindum aðgerðum sínum stuðlað að því, að svo varð ekki, enda bendir fyrrgreind vitnaskýrsla Andrésar Sveinbjörnssonar hafnsögumanns í sömu átt. Á það er og að líta, að hefði framfesting v/s Linde bilað eða raskazt meira en orðið var, þá gat það leitt til áhættusamra stjórntaka hjá skipsstjórnarmönnum v/s Linde, þar sem þeir hefðu mátt ugga mjög um afturfestinguna eina, eftir að aðrar festar hefðu bilað, og við þær aðstæður, þar sem ekkert mátti út af bera.

Hinir dómkvöddu matsmenn hafa látið í ljós það álit, að átak v/s Hvalfells hafi ekki haft áhrif á átak v/s Linde á aftari legufæri sín. En þótt við þetta væri miðað, þá haggar það ekki framangreindri niðurstöðu um, að þær aðgerðir v/s Hvalfells, sem áður er lýst, hafi komið v/s Linde að gagni.

Samkvæmt framansögðu þykir mega fallast á þá niðurstöðu sjódómsins, að hjálp sú, sem v/s Hvalfell veitti v/s Linde, hafi verið björgunarstarf í merkingu 229. gr. siglingalaganna. Með tilliti til atriða þeirra, sem áhrif hafa á upphæð björgunarlaunanna og lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilegt að ákveða þau kr. 900.000.00 ásamt vöxtum, eins

og krafizt er. Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 55.000.00. Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í v/s Linde til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Linde og farms, greiði gagnáfrýjendum, eigendum og áhöfn v/s Hvalfells, kr. 900.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 55.000.00. Eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í v/s Linde til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Magnúsar Þ. Torfasonar prófessors.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna í máli þessu. Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, og Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóri ríkisins hafa hvor í sínu lagi gefið álitsgerð í málinu. Þá hafa þeir Benedikt Gröndal verkfræðingur og skipstjórarnir Ásgeir Sigurðsson og Guðmundur Markússon samkvæmt dómkvaðningu 21. nóvember 1956 gefið álitsgerð um málið.

Hinn 26. nóvember 1953 var m/t Linde lagt við festar um 480 metra frá Örfirisey. Skipinu var lagt við stjórnborðsakkeri með 220 metrum af keðju um það bil í norður frá skipinu. Þá var og skipið að framan bundið með 4" vír og 10" trossu í dufl, sem fest var með keðjum við tvö 7 smálesta akkeri í botni. Að aftan var skipið bundið í tvö dufl með vír og 10" trossu í hvort. Var annað duflið stjórnborðsmegin og í austur frá skipinu, en hitt bakborðsmegin og í suður frá skipinu. Kl. 11.45 nefndan dag var hafið að dæla olíu úr skipinu í geyma í Örfirisey. En er á daginn

leið, fór að hvessa af norðlægri átt, og jókst vindurinn smám saman um daginn og næstu nótt upp í 8—10 vindstig. Um kl. 17.25 var dælingu hætt, með því að leka varð vart á olíuleiðslunni frá landi. Nokkru síðar tók skipið að reka, og við það jókst átakið svo á framfestingar skipsins bakborðsmegin, að þær slitnuðu báðar úr duflinu. Létu skipverjar falla bakborðsakkerið með um 55 metrum af keðju. Eftir að það akkeri hreif við, er ósannað, að framenda skipsins hafi rekið. Hér er og rétt að geta þess, að síðar kom í ljós, að stjórnborðsakkerið hafði festst í olíuleiðslunni frá landi, og má ætla, að það hafi átt þátt í að stöðva rek skipsins að framan. Þá er hér var komið, lá skipið við tvö akkeri að framan, og að aftan hvíldi þungi þess allur í festingunum stjórnborðsmegin, en afturfestingin bakborðsmegin var orðin slök og því gagnslaus til að halda, enda var hún látin laus.

Kl. 20.25 var skipstjórinn á b/v Hvalfelli, sem statt var á ytri höfn Reykjavíkur, beðinn að koma m/t Linde til hjálpar, þar sem hætta var talin á því, að skip þetta ræki á land í Örfirisey. B/v Hvalfell lagðist nú við bæði akkeri sín í norður frá framstefni m/t Linde, og farið var með togvíra b/v Hvalfells og þeir festir í framenda m/t Linde. Þá er gengið hafði verið frá festingu togstrengjanna í olíuskipið og slakinn dreginn af þeim, voru um 275 metrar (150 faðmar) á milli skipanna. Var vél b/v Hvalfells síðan látin ganga með hægri ferð alla nóttina, og hélzt m/t Linde til morguns í svipaðri stöðu og það var í, þá er b/v Hvalfell kom á vettvang. Um morguninn 27. nóvember létti m/t Linde akkerum og sigldi með hjálp b/v Hvalfells burt af staðnum.

Þá er litið er til stöðu m/t Linde, þeirrar er lýst var, verður að telja, að skipið hafi verið í hættu statt. Er þá athugamál, hvort b/v Hvalfell hafi bjargað m/t Linde úr hættu.

Kunnáttumenn þeir, sem álit hafa látið uppi í máli þessu, eru á eitt sáttir um það, að m/t Linde gat eigi rekið í strand, meðan festingar þess í stjórnborðsdufli að aftan héldu og duflið var kyrrt á sínum stað. Enn eru kunnáttumennirnir á einu máli um það, að tog b/v Hvalfells í framenda m/t Linde hafi einungis dregið úr þunga þeim, sem hvíldi á

akkerisfestunum að framan, en eigi létt á átaki m/t Linde á afturfestingar stjórnborðsmegin. Þá segja þeir, að átakið á afturfestingarnar hefði eigi aukizt, heldur minnkað, ef skipið hefði rekið meira undan vindi að framan en varð. Loks telja kunnáttumennirnir, að m/t Linde hefði komizt út hjálparlaust, eftir að veður lægði um morguninn 27. nóvember. Að þessu athuguðu og þar sem afturfestingar m/t Linde héldu, unz veður lægði, verður hjálp b/v Hvalfells til handa m/t Linde eigi talin björgun í merkingu 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914, heldur einungis aðstoð.

Kostnaður b/v Hvalfells þykir réttilega metinn í héraðsdómi.

Þá er ákveða skal laun fyrir aðstoð b/v Hvalfells til handa m/t Linde, ber að líta á það, að b/v Hvalfell var mestan hluta hættutímans reiðubúið að veita m/t Linde alla þá hjálp, sem það mátti, ef afturfestingar m/t Linde skyldu slitna, og að geysileg verðmæti voru í húfi. Að öllum atvikum athuguðum þykja laun fyrir aðstoðina ásamt kostnaði hæfilega ákveðin kr. 300.000.00.

Ber að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda eiganda b/v Hvalfells, h/f Mjölni, nefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 á gagnáfrýjandi h/f Mjölnir sjóveðrétt í m/t Linde til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð okkar er:

Aðaláfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda m/t Linde og farms, greiði gagnáfrýjanda h/f Mjölni kr. 300.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1953 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á gagnáfrýjandi h/f Mjölnir sjóveðrétt í m/t Linde til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. desember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Ágúst Fjeldsted hdl., hér í bæ, f. h. h/f Mjölnis, eiganda b/v Hvalfells, RE 282, og áhafnar þess skips höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 23. apríl 1954, gegn Sveinbirni Jónssyni hrl., hér í bænum, f. h. eigenda m/t Linde frá Tönsberg í Noregi svo og f. h. eigenda farms í skipinu til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 3.000.000.00, auk 6% ársvaxta frá 27. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í m/t Linde frá Tönsberg til tryggingar dómkröfunum.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu Vilhjálmi Jónssyni hrl., hér í bæ, f. h. Samvinnutrygginga, vátryggjanda farms þess, sem Olíufélagið h/f átti í m/t Linde, svo og Einari Ásmundssyni hrl. hér í bænum f. h. firmans C. T. Bowring í Englandi, vátryggjanda farms, er h/f Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h/f áttu í nefndu skipi, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur réttargæzlustefndu.

Stefndu hafa krafizt þess, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður verði látinn falla niður.

Réttargæzlustefndi Einar Ásmundsson hefur stutt framangreindar kröfur stefndu. Í greinargerð krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnenda umbjóðendum sínum til handa, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu.

Málavextir eru þessir:

Að morgni fimmtudagsins 26. nóvember 1953 var m/t Linde, sem er olíuflutningaskip, siglt frá olíustöðinni á Laugarnesi að olíustöðinni á Örfirisey. Þangað kom skipið kl. 8.43 og var lagt við stjórnborðsakkeri með 8 liðum úti. Skýrir skipstjóri skipsins svo frá, að hann hafi spurzt fyrir um það hjá hafnsögumanninum, sem með skipinu var, hvers vegna ekki væru notuð tvö akkeri, og hafi hafnsögumaður svarað því til, að það væri ekki leyfilegt þarna. Í þess stað hafi verið sett út dufl (bauja), og var skipið að framan bundið í það með 4" vír, sem duflinu fylgdi, og 10" trossu frá skipinu. Að aftan var skipið bundið í tvö dufl, annað til stjórnborða, en hitt á bakborða með vír og 10" trossu í hvort duflið fyrir sig. Kl. 10.20 var lokið við að leggja skipinu og binda það.

Vitnið Einar Jónasson, er var hafnsögumaður á m/t Linde á siglingu skipsins frá Laugarnesi að Örfirisey og lagði því, er

þangað var komið, skýrir svo frá, að hafnsögumannsskrifstofan hafi fengið teikningu frá eiganda olíustöðvarinnar í Örfirisey, er sýni, hvar og hvernig eigi að leggja skipum þarna. Í hvert skipti, sem leggja eigi skipum, sé farið með dufl frá olíustöðinni og það sett niður, þar sem láta eigi akkeri falla. Svo hafi einnig verið gert, þegar m/t Linde var lagt. Segist vitnið í umrætt skipti hafa farið eftir fyrirmælum og teikningu frá olíustöðinni um lagningu skipsins. Teikningin hafi sýnt aðeins eitt akkeri, og kveðst vitnið hafa tjáð skipstjóra m/t Linde, að skipinu yrði lagt fyrir stjórnborðsakkeri. Skipstjóranum hafi þótt einkennilegt, að skipinu var ekki lagt fyrir tveimur akkerum, en hann hafi ekki óskað eftir því, að svo yrði gert. Gerir vitnið ráð fyrir, að það hefði lagt skipinu fyrir báðum akkerum, ef skipstjórinn hefði sérstaklega óskað þess. Vitnið telur, að m/t Linde hafi verið lagt tryggilega, en það álítur staðinn, þar sem skipið lá, ekki öruggt skipalægi. Eftir að skipinu hafði verið lagt, fór vitnið í land, en kom aftur út í skipið um kl. 11.00 um kvöldið og dvaldist þar aðfaranótt föstudagsins 27. nóvember. Kl. 11.45 var hafin dæling á dieselolíu úr skipinu í olíustöðina í Örfirisey. Þegar kl. var 17.25, varð vart við leka á samskeytum olíuleiðslunnar frá landi og leiðslu skipsins, og samtímis tók dælumaður eftir því, að gagnþrýstingurinn hækkaði. Dælingu var hætt þá þegar og gert við lekann, en þegar dæling hófst að nýju, varð ekki vart við neinn gagnþrýsting, og var þá dælingu strax hætt og símað til olíustöðvarinnar, að olíuleiðslan hlyti að vera biluð, og kom síðar í ljós, að svo var.

Þegar á daginn leið, hvessti á NV, að því er skipstjóri á m/t Linde telur, og gizkar hann á, að vindhraðinn hafi um daginn orðið 8—9 vindstig. Segir í leiðarbók skipsins, að vírinn og trossan frá framenda skipsins hafi slitnað og skipið byrjað að draga stjórnborðsakkerið. Var þá bakborðsakkeri látið falla, og tók það út tvo liði af keðju. Það verður ekki séð á gögnum málsins nákvæmlega, hvenær dagsins þetta var, en skipstjóri m/t Linde kveðst, eftir að það gerðist, hafa símað í land eftir hafnsögumanni, og hafi hann komið út í skipið kl. 19.35. Telur skipstjórinn, að eftir klukkan 19.45 til kl. 20.00 hafi skipið ekkert rekið. Það hafi eftir þenna tíma legið þvert fyrir vindi með stefnið vísandi rétt utan við Örfirisey í ca 470 metra fjarlægð frá landi. Á hléborða við skipið var djúpt vatn og gott svigrúm.

Vitnið Andrés Sveinbjörnsson hafnsögumaður hefur skýrt svo frá, að um kl. 19.00 hafi verið hringt til þess frá olíustöðinni í Örfirisey og því tilkynnt, að m/t Linde væri farið að reka. Bað

vitnið þann, sem hringdi, að hafa tal af skipstjóranum og spyrjast fyrir um, hvort hann óskaði eftir aðstoð, og reyndist það svo. Vitnið gerði síðan dráttarbátnum Magna aðvart, en fór strax sjálft út í skipið á hafnsögubátnum. Er þangað var komið, fór vitnið ásamt skipstjóranum á báða enda skipsins, og athuguðu þeir, hvernig það lá í vírum og keðjum. Sást þá, að bakborðsduflið, sem bundið hafði verið í, var komið undir bakborðshlið skipsins, og voru því festingar losaðar úr því. Lá þá skipið fyrir stjórnborðsakkeri með 8 liðum af keðju úti, bakborðsakkeri með 2 liðum af keðju og vír og trossu, sem fest hafði verið í dufl aftur af skipinu stjórnborðsmegin. Telur vitnið, að skipið hafi þá verið búið að reka um tvær skipslengdir að framan frá staðnum, þar sem því hafði verið lagt, og heldur, að skipið hafi eitthvað rekið fyrst eftir að vitnið kom út í það og einnig um það leyti, sem b/v Hvalfell festi í því, svo sem síðar verður frá sagt. Vitni þetta kveður, að skipstjóri m/t Linde hafi sagt því, að trossan frá framenda skipsins hafi slitnað, en þeir hafi slakað á vírnum, sem lá samhliða henni í duflið, sem tæki þessi voru fest í.Það hafi þá beðið um að taka í vírinn og strengja á honum til þess að létta á akkeriskeðjunum, en að vörmu spori hafi stýrimaður tilkynnt því, að vírinn væri slitinn. Skipstjóri og stýrimaður m/t Linde hafa báðir borið það fyrir dómi, að trossan hafi komið heil upp í skipið, og ályktа þeir, að augað á duflinu, sem trossan var fest í, hafi brotnað. Dómkvaddir menn athuguðu hinn 3. marz 1954 öll dufl, sem olíuskip eru bundin í við Örfiriseyjarstöðina. Virtust þeim allar festingar á duflunum óskemmdar, og þeir sáu ekki merki til þess, að við þær hefði verið gert. Þykir því sennilegast, að umrædd trossa hafi slitnað eða festing hennar í duflið bilað.

Þegar vitnið hafði athugað aðstöðu skipsins, spurði það skipstjórann, hvort hann vildi ekki fá alla þá hjálp, sem unnt væri, t. d. togara til að „liggja framan í skipinu". Svaraði skipstjórinn því til, að hann óskaði helzt eftir því að fá tvo togara til hjálpar. Síðan var símað í land og beðið um aðstoð.

Kl. 20.25 náði forstjóri Olíufélagsins h/f talsambandi við skipstjóra b/v Hvalfells, er var statt á ytri höfninni hér í þann veginn að sigla inn í innri höfnina. Skýrir skipstjóri b/v Hvalfells svo frá, að forstjórinn hafi beðið hann, að ósk umboðsmanns olíuskipsins að fara því til hjálpar, þar sem óttazt væri, að skipið ræki á land í Örfirisey. Þess hafi verið óskað, að b/v Hvalfell festi víra í m/t Linde og næði skipinu með framstefni upp í vind, svo að það gæti dregið upp akkeri sín og komizt frá land-

inu. Skipstjóri Hvalfells segist hafa brugðið strax við og lagzt vindmegin við m/t Linde, en þar sem vindur hafi verið hvass á norðaustan eftir áttavita, veðurhæð um 8—9 vindstig og náttmyrkur, hafi verið erfitt að athafna sig, enda þurft að varast að lenda ekki á duflum, sem þarna eru, eða legufærum þeirra. Í þriðju tilraun hafi þó tekizt að leggja Hvalfelli, þar sem heppilegt þótti, en það var þvert af m/t Linde að framan á stjórnborða, og var Hvalfelli lagt þar fyrir báðum akkerum og fimm liðum af hvorri keðju. Síðan var hafnsögubátur sendur frá m/t Linde með trossu að Hvalfelli, og voru tveir togvírar skipsins festir í hana og dregnir að m/t Linde. Þar tóku skipverjar m/t Linde á móti þeim. Samkvæmt framburði háseta þess, sem sá um festingu víranna, var henni hagað þannig, að fyrst voru sett 4 brögð á hvorn vír utan um festingar „polla" fremst á skipinu, síðan voru vírarnir teknir yfir á annan „polla" og sett bragð á þá og loks lásað yfir.

Áðurnefnt vitni, Andrés Sveinbjörnsson, kveður e/s Magna hafa komið á vettvang, skömmu eftir að það var komið út í m/t Linde. Hafi Magni lagzt hléborðsmegin við skipið nálægt stjórnpalli og fest í það venjulegum bindingum. Telur vitnið, að Magni hafi legið þannig við skipið, að um 45° horn hafi myndazt milli skipanna. Það kveðst ekki vita betur en vél Magna hafi verið í gangi, meðan það var í skipinu, þetta hafi það þó ekki athugað sérstaklega, en skipstjóri m/t Linde hafi óskað þess sérstaklega, að Magni gengi með fullri ferð áfram á bakborðshlið m/t Linde til að létta á stjórnborðsfestum að aftan. Vitnið notaði talstöð Magna til að koma skilaboðum frá sér. Það segist hafa sent skilaboð til b/v Hvalfells með hafnsögubátnum, sem fór að sækja togvírana, þess efnis að strengja á vírunum, þegar búið væri að festa þá, en hafa þá ekki mjög stífa, og muni það hafa ítrekað þetta um talstöðina síðar. Ástæðuna til þess, að vitnið vildi ekki, að vírarnir væru hafðir mjög stífir, kveður það þá, að hætta hafi þá verið á, að þeir slitnuðu eða rykktu upp akkerunum, sem Hvalfell lá við.

Vitni þetta telur, að vindátt hafi verið N-NA og vindhraði 9—10 vindstig. Það kveðst ekki hafa talið vogandi að sleppa skipinu lausu að aftan og láta það vísa upp í vind vegna nálægðar við eyjuna, en brim hafi verið mikið og sjór gengið stöðugt yfir skipið.

Vitnið Kristján Kristjánsson, talstöðvarvörður á e/s Magna, hefur borið það, að eftir að búið var að festa togvírana milli Hvalfells og m/t Linde hafi Andrés hafnsögumaður beðið það fyrir þá orðsendingu frá skipstjóranum á m/t Linde til skip-

stjórans á Hvalfelli „að hífa tott á vírunum og að Hvalfell lægi klárt".

Eftir að búið var að festa togvírunum milli skipanna, kveður skipstjóri Hvalfells, að togað hafi verið í þá og þeir strengdir. Síðan hafi vélin verið látin ganga með hægri ferð áfram og beðið eftir fyrirmælum frá skipstjóra olíuskipsins um að draga það út. Sama veðurhæð hafi haldizt og talsverð kvika hafi verið þarna.

Vitnið Andrés kveður, að það hafi verið sameiginleg skoðun þess og skipstjórans á m/t Linde, að vegna stórviðris væri rétt að láta skipið liggja kyrrt, eftir að togvírar Hvalfells höfðu verið festir í það, meðan ekkert bilaði. Vitni þetta meiddist á fæti, meðan það dvaldist í m/t Linde, og varð því að fara í land, að því er það telur um kl. 24.00, og kom þá Einar Jónasson hafnsögumaður í skipið í þess stað.

Skipstjóri Hvalfells segir, að eftir miðnætti hafi komið boð frá skipstjóra m/t Linde fyrir milligöngu nefnds Einars þess efnis, að Hvalfell skyldi liggja, eins og það hafði lagzt, til morguns, ef ekkert kæmi fyrir, t. d. festingar slitnuðu úr duflinu, en ef svo færi, átti Hvalfell að vera viðbúið að draga olíuskipið frá, strax og skipstjóri þess gæfi merki. Lá Hvalfell þannig alla aðfaranótt hins 27. nóvember með vél skipsins, sem er 1000 hestöfl, í gangi á hægri ferð áfram. Vindur var hvass alla þessa nótt, en skipstjóri Hvalfells telur, að hvassast hafi verið milli kl. 3.00 og 5.00, en þá hafi farið að lægja. Segir hann, að eftir beiðni frá olíuskipinu um talstöð e/s Magna og eftir hljóðmerkjum frá því, sem ákveðin hafi verið fyrirfram, hafi Hvalfell dregið upp akkeri sín kl. 8.30, togað stefni olíuskipsins „út á leið" og síðan sleppt því. Hafi þá olíuskipið verið búið að draga upp akkeri sín og orðið sjálfbjarga.

Þegar Hvalfell hafði sleppt olíuskipinu, tók það að draga inn togvíra sína, en þeir fóru þá í flækju, og varð að höggva frá 25 faðma af öðrum vírnum og 100 faðma af hinum, þar sem hætta var á, að þeir færu í skrúfu skipsins, en fjarlægðin milli skipanna hafi verið 150 faðmar. Hvalfell lagðist að bryggju í Reykjavík kl. 10.20.

Um morguninn þegar m/t Linde dró upp akkeri sín, kom í ljós, þegar stjórnborðsakkerið kom upp úr sjóskorpunni, að olíuleiðslan frá landi hékk á báðum krókum þess. Að fyrirlagi skipstjórans var akkerið látið falla aftur hindrunarlaust í því skyni að losa leiðsluna af akkerinu, en þegar það var dregið upp á ný, var leiðslan enn föst á annarri klónni og brotnaði, í

sömu svifum og akkerið kom upp úr sjó. Kl. 8.55 hafði m/t Linde dregið upp bæði akkerin. Sleppti það þá báðum togvírum Hvalfells, sem hafði dregið stefni þess út um, og hélt til Skerjafjarðar, sem var síðasti affermingarstaður þess hér við land, og var lagzt þar kl. 11.25.

Skipstjóri dráttarbátsins Magna skýrir svo frá, að þegar Magni var kominn út að olíuskipinu, hafi hann lagt honum við það aftarlega með stefni bátsins aftur með skipinu og þannig, að hann hafi myndað 35°—40° horn við olíuskipið með bóginn alltaf fast við það. Síðan hafi hann alla nóttina „keyrt í spring á fullri ferð á vélsímanum", en kveðst ekki geta sagt um gufuþrýsting á vélinni. Með þessum aðgerðum hafi verið ætlunin að létta á afturfestingum olíuskipsins. Þessi framburður skipstjóra Magna er studdur af framburði vitnisins Andrésar Sveinbjörnssonar. Vél Magna hefur 325 hestöfl.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að hér hafi verið um björgun að ræða. B/v Hvalfell hafi með því að halda í olíuskipið frá því um kvöldið 26. nóvember og alla aðfaranótt hins 27. nóvember varnað því, að það slitnaði upp og ræki á land. Telja þeir hina umstefndu fjárhæð hæfileg björgunarlaun til sín.

Stefndu reisa kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hér hafi verið um að ræða aðstoð, en ekki björgun, og vísa því til stuðnings til framburða skipstjóra, I. stýrimanns og háseta á m/t Linde við sjóferðapróf út af atburðinum. Allir þessir menn bera það, að b/v Hvalfell hafi ekkert togað í m/t Linde fyrr en um morguninn 27. nóvember, er Hvalfell dró stefni Linde í stefnu á siglingaleið út. Segja þeir, að vírarnir milli skipanna hafi ekki verið strengdir, heldur slakir alla nóttina, og skírskota skipstjóri og I. stýrimaður í þessu sambandi til þess, að festingu víra b/v Hvalfells á bakka olíuskipsins hafi verið þannig háttað, að það hafi hlotið að sjást, ef strengt hefði verið á þeim. Þá telur skipstjóri m/t Linde, að skip hans hefði getað bjargað sér sjálft án aðstoðar b/v Hvalfells. Er það álit hans, að festingin að aftan hefði haldið skipinu, en jafnvel þó að hún hefði bilað, hefði hann getað náð skipinu út með því að setja á fulla ferð aftur á bak og draga upp akkerin um leið, en vél skipsins var höfð tilbúin til átaka allan þann tíma, er hér skiptir máli, og skipshöfnin reiðubúin til starfa.

Telja stefndu, að hjálp b/v Hvalfells hafi eingöngu verið í því fólgin að liggja viðbúinn til stjórnborða við m/t Linde til frekara

öryggis, ef festingar olíuskipsins kynnu að bila á ný, en til þess hafi ekki komið.

Í öðru lagi reisa stefndu kröfur sínar á því, að þó svo yrði talið, að um björgun hafi verið að ræða, þá hafi hún verið mjög auðveld og tekið stuttan tíma og sé hin umstefnda björgunarlaunakrafa því allt of há.

Þá hafa stefndu hreyft því, að þótt m/t Linde yrði talið hafa verið í bjargleysisástandi umrædda nótt, þá hafi það verið sök eigenda olíustöðvarinnar við Örfirisey, Olíufélagsins h/f, sem hafi gefið hafnaryfirvöldum fyrirmæli um legustað skipsins og lagt því til ótrygg legufæri. Einnig megi saka hafnsögumanninn, sem lagði skipinu, um það, ef skipið varð ósjálfbjarga, en telja verður þessi atriði óviðkomandi stefnendum.

Svo sem áður er sagt, kveðst vitnið Andrés Sveinbjörnsson hafa sent skipstjóranum á b/v Hvalfelli skilaboð um að strengja á vírunum, þegar búið væri að festa þá, en hafa þá ekki of stífa. Þá segir vitnið, að skipstjóri m/t Linde hafi talið skip sitt í mikilli hættu, þegar b/v Hvalfell var beðinn um aðstoð. Sjálft kveðst vitnið hafa talið skipið í hættu. Skipið hafi verið í sjálfheldu þarna og ekki komizt út af eigin rammleik. Þess er og áður getið, að talstöðvarvörðurinn á e/s Magna kveðst hafa flutt þá orðsendingu til skipstjórans á Hvalfelli „að hífa tott á vírunum .... " Í leiðarbók b/v Hvalfells segir, að híft hafi verið í báða vírana og þeir strengdir. Staðfestir skipstjóri Hvalfells þetta við sjóferðaprófið og tekur þar jafnframt fram, að alla nóttina hafi vírarnir verið strengdir þannig, að nokkurt átak hafi allan tímann verið frá Hvalfelli í olíuskipið. Þá kveður skipstjórinn það, að vél skipsins var látin ganga á hægri ferð áfram alla nóttina, hafa verið gert til öryggis því, að skipið drægi ekki akkeri sín heim.

Stýrimaður á b/v Hvalfelli hefur borið það sem vitni, að vírarnir milli skipanna hafi verið strengdir alla umrædda nótt, og telur, að allan þann tíma hafi Hvalfell tekið töluvert í olíuskipið. Vitnið álítur hættu hafa verið á því, að olíuskipið ræki upp um nóttina, ef hjálpar b/v Hvalfells hefði ekki notið við.

Vitnið Einar Jónasson hafnsögumaður, er dvaldist í m/t Linde aðfaranótt föstudagsins frá því um miðnætti, kveðst tvisvar um nóttina hafa farið fram á olíuskipið og þá séð, að vírarnir milli þess og Hvalfells voru nokkuð strengdir, en þó ekki upp úr sjó. Vitni þetta, sem lagði olíuskipinu, gizkar á, að olíuskipið hafi rekið „um tvær lengdir sínar að minnsta kosti frá þeim

stað, sem því var upphaflega lagt á". Vitnið álítur, að um nóttina, þegar hvassast var, hafi skipið verið í hættu statt.

Vitnið Guðbjartur Ólafsson hafnsögumaður, sem um kl. 20.00 fimmtudaginn 26. nóvember var statt í b/v Hvalfelli á ytri höfninni í Reykjavík og ætlaði að fara að sigla skipinu inn í innri höfnina, hefur skýrt svo frá, að um það leyti hafi komið beiðni til skipstjórans á Hvalfelli um að fara m/t Linde til aðstoðar, þar sem skipið væri í mjög mikilli hættu með slitnar festar og flatt fyrir vindi og sjó. Hafi skipstjóri Hvalfells samþykkt að veita alla þá hjálp, sem hann gæti, og síðan haldið skipinu til aðstoðar. Vitnið segir, að þegar báðir togvírar Hvalfells höfðu verið festir í Linde, hafi þeir verið dregnir inn, unz þeir voru „stífir", og þeim hafi verið haldið strengdum alla aðfaranótt föstudagsins. Það kveður, að vindur hafi verið hvass á norðan, misvísandi. Telur vitni þetta, að olíuskipið hafi verið í hættu þarna um nóttina og að skipið hefði haft litla möguleika til að bjarga sér sjálft, ef það hefði slitnað upp. Í þessu sambandi hefur vitnið tekið fram, að stórt dufl (bauja) hafi verið við bakborðshlið olíuskipsins og olíuleiðsla úr landi föst á akkeri þess, en að áliti vitnisins hefði þetta hvort tveggja torveldað athafnamöguleika skipsins.

Það er álit hinna siglingafróðu samdómenda, að eins og festingu víranna í m/t Linde var háttað, þá hafi þeir getað verið strengdir, enda þótt ekki hertist að öllum brögðum á báðum festingarpollunum. Neðstu brögðin á fyrri pollanum hafi getað brugðizt yfir í átakspunkti og þetta hindrað, að efstu sýnilegu brögðin hertust að pollanum, enda séu slíkir vírar, sem þarna var um að ræða, mjög óþjálir. Með þetta í huga þykir með framburðum framannefndra þriggja hafnsögumanna svo og skipstjóra og stýrimanns b/v Hvalfells sannað, að vírarnir milli Hvalfells og Linde hafi verið svo strengdir, að þeir hafi togað í m/t Linde að framan með þungu átaki kvöldið 26. nóvember og alla aðfaranótt 27. s. m., enda þótt miðja víranna lyftist ekki upp úr sjó, en þess var ekki að vænta, þar sem 150 faðmar voru milli skipanna. Þá verður að telja, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að e/s Magni hafi með aðgerðum sínum létt eitthvað á afturfestingum olíuskipsins.

Í málinu kemur fram, að eftir að festingin frá framstefni m/t Linde í duflið að framan hafði bilað, þá rak skipið að framan ca tvær lengdir sínar og dró með sér stjórnborðsakkerið, sem hafði úti átta liði af keðju, þar til bakborðsakkerið var látið falla og hafði tekið út tvo liði af keðju og annað eða bæði akkerin höfðu

fengið einhverja festu. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum stefndu, að skipið hafi rekið eftir það. Þetta gerðist, áður en b/v Hvalfell kom á vettvang, en lokið var við að ganga frá vírum milli skipanna kl. 22.30 á fimmtudagskvöldið.

Af því, sem hér að framan segir, kemur fram, að mönnum ber ekki saman um vindátt. Það skiptir þó ekki máli, þar eð aðiljar eru sammála um, að vindur hafi staðið nokkurn veginn þvert á stjórnborðshlið m/t Linde, eftir að skipið hætti að reka. Um vindhraða er áður talað. Hélzt vindur hvass fram til kl. 5—6 aðfaranótt föstudagsins, en fór þá að lægja. Þegar b/v Hvalfell kom á vettvang, lá m/t Linde að framan fyrir stjórnborðsakkeri með 8 liðum af keðju úti og bakborðsakkeri með 2 liðum af keðju, en að aftan aðeins fyrir festingum í dufl á stjórnborða, sams konar þeim og bilað höfðu að framan. Festingar að aftan í dufl til bakborða höfðu þá verið losaðar, þar sem duflið var komið undir hlið skipsins. Í umrætt skipti var skipið aðeins með um það bil hálffermi og því nokkuð hátt í sjó og tók mikið á sig.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og það, sem gerzt hafði síðari hluta fimmtudagsins 26. nóvember, verður að telja, að hætta hafi verið á því, að m/t Linde kynni að slíta festar sínar eða halda áfram að reka aðfaranótt föstudagsins 27. nóvember og bera að landi, þar sem skipið lá mjög nærri því. Þá verður og að telja allsendis óvíst, ef svo hefði farið, sem hér var sagt, að skipið hefði af eigin rammleik getað forðað sér frá strandi, þar sem vindur var hvass og svigrúm þess til athafna takmarkað og óhægt, eins og á stóð. Vísast um framangreind atriði sérstaklega til framburðar hafnsögumanna Andrésar Sveinbjörnssonar, Guðbjarts Ólafssonar og Einars Jónassonar.

Að þessu athuguðu þykir hjálp sú, sem b/v Hvalfell veitti m/t Linde í umrætt skipti og lýst hefur verið hér að framan, vera björgun í merkingu siglingalaganna.

Umrædd björgun var auðveld, hún tók skamman tíma, og ekki verður talið, að b/v Hvalfell eða skipshöfn þess skips hafi verið lagt í teljandi hættu við björgunina.

Stefnendur hafa lagt fram sundurliðaðan reikning yfir beinan kostnað, sem þeir telja eiganda b/v Hvalfells hafa haft í sambandi við björgunina, svo og tjón, er hann hafi beðið vegna hennar. Nemur reikningsfjárhæðin samtals kr. 46.255.40, og er þar með talið áætlað aflatjón, kr. 20.000.00.

Stefndu hafa ekki andmælt einstökum liðum reiknings þessa, nema aflatjóninu, sem þeir hafa mótmælt sem of háu, og þykir verða að fallast á þau andmæli. Telst aflatjónið hæfilega áætlað

kr. 9000.00, og nemur þá útlagður kostnaður og tjón vegna björgunarinnar kr. 35.255.40.

Að því er varðar verðmæti hinna björguðu hagsmuna, halda stefnendur því fram, að verðmæti m/t Linde, sem er tankskip, byggt í Greenock árið 1951 og 15680 tonn (d.w.), sé £ 800 þúsund og styðjast í því efni við álit tveggja norskra skipamiðlara.

Stefndu hafa andmælt verði þessu sem allt of háu.

Aðiljar eru sammála um, að skipið hafi verið vátryggt fyrir £ 637 þúsund á þeim tíma, er hér skiptir máli. Mat á verðmæti skipsins hefur ekki farið fram. Þykir því rétt að miða verðmæti skipsins við vátryggingarverð þess, og nemur þá verð skipsins í íslenzkum krónum 29.110.900.00, miðað við gengi kr. 45.70 á sterlingspundi.

Af gögnum málsins þykir mega ráða örugglega, að heildarverðmæti farms þess, sem upp úr skipinu kom, eftir að umræddur atburður gerðist, hafi numið kr. 5.057.546.14. Nema hinir björguðu hagsmunir þannig samtals kr. 34.168.446.14.

Þegar framangreind atriði eru virt, hætta sú, sem hinir björguðu hagsmunir voru í, þegar hjálpin var veitt, svo og önnur atriði, er máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnenda hæfilega ákveðin kr. 1.200.000.00, og eru þar í innifalin framangreindur kostnaður og tjón eigenda b/v Hvalfells. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum nefnda fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 30.000.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnenda í m/t Linde frá Tönsberg til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn Jónsson hrl. f. h. eigenda m/t Linde frá Tönsberg og f. h. farmeigenda, greiði stefnanda, Ágústi Fjeldsted hdl. f. h. eiganda b/v Hvalfells, RE 282, og f. h. áhafnar skipsins, kr. 1.200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1953 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í m/t Linde frá Tönsberg til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 165/1956. **Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað,**

gegn

Bjólfi h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar, er háð var hinn 30. f. m. af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt samdómsmönnunum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni Hólm, fór fyrirsvarsmaður varnaraðilja þess á leit, að í máli sóknaraðilja gegn honum yrði ákveðinn skriflegur málflutningur. Þessu andmælti fyrirsvarsmaður sóknaraðilja. Að svo vöxnu máli bar héraðsdómi að kveða á um ágreiningsefni þetta með úrskurði, þar sem greindir væru málsaðiljar, mál það, sem um var að tefla, helztu málsástæður og svo niðurstöður dómsins, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936. Þetta gerði dómurinn ekki, en færði einungis til bókar, að ákveðinn væri skriflegur málflutningur. Þessari ákvörðun dómsins hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru 3. þ. m., er barst Hæstarétti hinn 10. s. m. Krefst hann þess, að munnlegur málflutningur verði ákveðinn í sjó- og verzlunardómsmálinu og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað. Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu dómsathafnar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt því, sem áður greinir, ber að fella hina kærðu dómsathöfn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til uppsögu löglegs úrskurðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er málinu

vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar samkvæmt framangreindu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Ákvörðun sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 30. nóvember 1956.
Dómarinn ákvað skriflegan málflutning.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 158/1955. **Keilir h/f**

gegn

Jósep Jóhannssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Keilir h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 130/1956. **Vigfús Einarsson**

gegn

Sverri Aðalbjörnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vigfús Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 143/1956. **Garðar S. Gíslason**

gegn

Sumarliða Andréssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Garðar S. Gíslason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.